




**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

Can

15 28
16 32
18 22
20
25

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

10

© 1993

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- Coloured covers/
Couverture de couleur
- Covers damaged/
Couverture endommagée
- Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée
- Cover title missing/
Le titre de couverture manque
- Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur
- Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur
- Bound with other material/
Relié avec d'autres documents
- Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure
- Blank leaves added during restoration may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.

- Coloured pages/
Pages de couleur
- Pages damaged/
Pages endommagées
- Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées
- Pages discoloured, stained or foxed/
Pages décolorées, tachetées ou piquées
- Pages detached/
Pages détachées
- Showthrough/
Transparence
- Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression
- Continuous pagination/
Pagination continue
- Includes index(es)/
Comprend un (des) index

Title on header taken from: /
Le titre de l'en-tête provient:

- Title page of issue/
Page de titre de la livraison
- Caption of issue/
Titre de départ de la livraison
- Masthead/
Générique (périodiques) de la livraison

- Additional comments: /
Commentaires supplémentaires:

Text in Icelandic. Page 16 is incorrectly numbered page 61.

This item is filmed at the reduction ratio checked below /
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10X	12X	14X	16X	18X	20X	22X	24X	26X	28X	30X	32X
					✓						

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

u'il
cet
de vue
e
tion
és



32 X

BOL

RAU

Handwritten notes:
10/18

P

BÓKASAFN „LÖGBERGS“

75 *ets.*

RAUDIR DEMANTAR.

EPTIR

JUSTIN McCARTHY.

Arnþjótur B. Olson



Arntjotun B. Olson

RA

Ferða
ega stofn
St. James
sem hafði
sem gefni
klúbbinn,
endlegrar
in rúmgó
að hinu
fðu, að
p frá da
ónanna
eju torg
ennanna
svipur
erforing

J. J. J.
Arnsjötur B. Olsson

RAUDIR DEMANTAR.

I. KAPÍTULI.

FERÐAMENNIRNIR.

Ferðamanna-klúbburinn áleit sig mjög merki-
lega stofnun. Klúbb-húsið var að norðanverðu við
St. James torgið, og var mikið og skrautlegt hús,
sem hafði verið nafntogað á tíð Georganna. Géstir,
sem gefnir voru fyrir bókmenntir, og sem komu á
klúbbinn, ljétu opt í ljósi, að þeir myndu til mikillar
andlegrar sælu þegar þeir sæju hinn breiða gang og
hinn rúmgóðu herbergi klúbbsins, sem prýdd voru
með hinu fagra skrauti aldarinnar sem leið. Deir stað-
festu, að smyndunarafl þeirra veki umliðinn tíma
upp frá dauðum, að þeir sæju blysin loga í höndum
Georganna eins og þau hefðu gert forðum, að þeir
sæju torgið fullt af burðarstólum og vögnum stór-
mennanna, að þeir sæju í breiða stiganum þyrpingar
í svipum framliðinna stjórnvitringa, sendiherra,
erforingja, fyndinna lærdómsmanna, skálda og

konsúla, sem gerðu stjórnar-ár Hannóveringjanna nafntoguð.

Meðlimir klúbbsins sjálfs eyddu sjaldan neinum tíma til slíkra yfirvegana. Þetta var nýr klúbbur, og meðlimir hans voru upp með sjer af því, að hann væri nýr, og höfðu, sem klúbbur, mjög lítið sameiginlegt við kynslóðir þær, sem verið höfðu uppi á undan þeim. Deir sögðu, að nútíðin væri nógu góð handa sjer, og þeir lifðu í og fyrir yfirstandandi tíð og ljету svo mikið til sín taka með framkvæmdir, að klúbburinn var að fá mikið orð á sig. Það var að vísu brjóstmynd af Herodótus til prýðis í bókasalnum og myndir af Hakluyt og Columbus hangdu á veggjunum í reykinga-herberginu, en þetta voru hinir einu af fyrri alda mönnum, sem meðlimir klúbbsins sögðust bera nokkra sjerstaka virðingu fyrir. Því að það voru nútíðar ferðalögin, sem klúbburinn táknaði — þau nútíðar ferða-færi, sem hafa hnytt saman Constantinopel og Paris, sem hafa svo undanarsamlega stytt leiðina á milli Liverpool og New York, milli Englands og Indlands, milli Ameríku og Japan, og sem hefur leitt menn til að áforma hina miklu Efratesdals járnbraut.

Meðlimir ferðamanna-klúbbsins voru menn hins yfirstandandi augnabliks, menn, sem vildu ferðast langt, en um fram allt menn, sem vildu ferðast með miklum hraða; þeir voru praktiskir menn, sem vildu leggja járnbrautir hvervetna, og sem hlógu að og fyrirritu alla sjervitra nöldrunarseggi, sem, eins og

Ma
pó
átt
sjó
um
—
iður
öxu
póli
veg
að u
hug
Eng
snu
lftið
leið,
inn t
að h
Stan
Bake
um g
og Fr
yfir
Mr. J
H
til að
Asfu,
manni,

Mr. Ruskin, andvörpuðu útaf því, að dagar hestapóstvagnanna og klifsöðulsins skuli vera horfnir.

Hugur þeirra og tilfinningar hneigdist meira í áttina til Jules Verne og hinna stórkostlegu hugsjóua hans, hneigdist meira að mönnum, sem fóru umhverfis jörðina á 80 dögum, sem vonuðust optir að geta farið skemmtiferð til tunglsins eða niður í iður jarðarinnar, og sem dreymdi um að geta breytt úxul jarðarinnar svo, að löndin í kringum norðurpólinn yrðu notuð. Dagar meðlimir klúbbsins þess vegna voru ekki á fleygiferð yfir Suður-Ameríku, eða að undirbúa að leggja járnbraut á Persalandi, eða að hugsa um að leggja fleiri lönd í suðurhöfunum undir England, heldur sátu heima í hinu þægilega húsi sínu við St. James torgið, þá hugsuðu þeir mjög lítið um stjórnmálamenn og skáld aldarinnar sem leið, sem einu sinni höfðu glatt sig og drukkíð bikarinn til botns innan hinna sömu veggja. Þeir voru að hugsa um Sir Richard Burton og Mr. H. M. Stanley, ásamt Johnston í Kilimánjaro og Sir Samuel Baker. Meðlimum klúbbsins kom þó ekki saman um gagnsemi jarðganga undir sunni milli Englands og Frakklands eða hvort rjett væri að byggja brú yfir það, og þeir báru lotningu og virðingu fyrir Mr. Pullman.

Hvenær sem ræða var um, að gera út leiðangur til að kanna einhvern landshluta í heitasta parti Asíu, eða til að leita að einhverjum ótraudum ferðamanni, sem fyrst hafði í hinum myrkvasta parti af

hinu myrkva meginlandi (Afríku), þá var það segin saga, að einhverjir meðlimur ferðamanna-klúbbsins voru fremstir í flokki að koma þeim leiðangri á, og þá var reykinga-herbergi klúbbsins gert að nokkurskonar fastri nefndarstofu, þangað til leiðangurinn var kominn í gang. Hið konunglega landafræðisfjelag gat ekki stært sig af að hafa útulli drengi á meðlima-skrá sinni en þá, sem voru á meðlima-skrá ferðamanna-klúbbsins við St. James torgið.

Ferðamanna-klúbburinn var í sannleika ágætt sýnishorn af fjelagsskap þessarar kynslóðar, sem um fram allt langar til að ráfa um, þessa tíma, sem það er einkennilegt við, að menntaðir menn, afkomendur fólks sem um marga mannsaldra hefur verið síðað fólk, eru orðnir eins óeyrnir og hinir umflakkandi arabísku hjarðmenn, rangla um hingað og þangað óþreyjufullir og eiga engan samastað, en virðast þó eiga heima allsstaðar, eins og fúrupjóðin Tartarar (Sigaunar=gypsies). Klúbburinn var miðdepill stórkostlegs nets af ferðalögum, landkönnum og ósúntýra-ferðum. Degar menn sátu í reykinga-herbergi klúbbsins, fannst jafnvel hinum lötustu mönnum að þeir standa í persónulegu sambandi við yztu endimörk jarðarinnar, við Bagdad og Bolivia, Benares og Ballarat. Svo sterk og áfeng voru áhrif klúbbsins á hugi manna, að þeim fannst hverjum um sig, að það vera skylda sín að rísa strax á fætur, brista dupt borgarinnar af fótum sjer og ferðast án afláts dag og nótt til lands Prester Johns eða til hins

landsins, sem er enn fjarlægara, fyrir austan sólina og fyrir vestan tunglið.

En þó að ferðamanna-klúbburinn, sem fjelag, væri útult og meðlimir hans væru á eilífu flugi um þvera og endilanga veröldina, eins og fjandinn væri á hælunum á þeim, og fyrirlitu þá sem kallaðir eru hnattbrokkarar (globe trotters), þá mega menn ekki álfsta, að allir meðlimir klúbbsins væru glæfralegir æfintýra-menn. Klúbburinn var ungur; hafði að eins verið við lífi í eitt ár, sem starfandi fjelag. Fáeinir seigustu ferðamenn heimsins af hinum nýjasta skóla höfðu myndað klúbbinn; en það var ekki hægt að ná í nógu marga af eins seigum ferðamönnum með stuttum fyrirvara, til þess að koma á fót álitlegum klúbb, svo að seigustu ferðamennirnir urðu að miðla ögn til.

„Allt lífið er miðlun“, hafði hinn virðulegi kapteinn John Raven sagt spekingslega, þegar klúbburinn var að myndast. Fáir menn höfðu ferðast meira á hans aldri—því hann var varla miðaldra maður enn—heldur en hinn virðulegi kapteinn John Raven, sem hinir spaugsumu vinir hans kölluðu kaptein Krumma. Hann hafði ekki verið sendimaður drottningarinnar, auka frjettaritari, hermaður drottningarinnar og lukkuriddari til einkis; svo John Raven hafði kynnst veröldinni og síðum hennar mikið áður en hann byrjaði að mynda ferðamanna-klúbbinn. Þegar hann því sagði, að allt lífið væri miðlun, þá voru meðnefndar-menn hans og með-ferður hins

óborna klúbbs honum samþykkir, og miðluðu málum samkvæmt því.

Deir urðu ásáttir um, að það væri auglýst í blöðunum, að menn gætu gerst meðlimir ferðamanna-klúbbsins án þess að hafa kannað Mið-Afriku, eins og t. d. Lovett Cameron, Belooelistan og Ernest Floyer. Í stuttu máli: klúbb-nefndin ákvað, að hver, sem hefði ferðast eitt þúsund mílur burt frá London, væri hæfur til að vera meðlimur klúbbsins og gæti fengið inngöngu í hann, með því móti, að meirihluti eldri meðlima greiddu atkvæði með honum, án þess að borga inngöngueyrir, ef hann að öðru leyti álitist hæfur meðlimur. Dannig var miðlun kaptains Krumma, og hún bar góðan ávæxt. Tala þeirra, sem vildu gerast meðlimir klúbbsins, reyndist mjög mikil, svo að á mjög stuttum tíma var takmarkinu náð, sem í upphafi háfði verið ákveðið hvað snerti tölu stofnenda klúbbsins, og ferðamanna-klúbburinn tók sjer því strax stöðu sem einn hinn allra blómlegasti klúbbur af hinum yngri klúbbum í London.

Gerald Aspen þótti mjög vænt um ferðamanna-klúbbin, sumpart vegna þess, að það var hinn eini klúbbur sem hann tilheyrði, en sjerslagi vegna nafns hans og hugmynda þeirra, sem lágu til grundvallar fyrir honum. Hann var þess vegna mjög þakklátur fyrir miðlunina, sem hann áleit að hann ætti að þakka það, að hann gat orðið meðlimur, því hann áleit sig ekki neinn ferðamaun í raun og veru. Hann

ha
H
E
N
hy
ma
Lo
As
um
an,
ein
ver
my
sje
kon
inu
hafð
þenn
sem
mið
hún
ferða
kapt
ins.
þegar
húnin
og va
sem of

hafði vissulega fullnægt hinum fyrstu skilyrðum. Hann hafði ferðast meir en 1,000 mílur frá London. Ef maður eyðir mánaðar-frí sínu til þess að fara til New York og til baka, til þess ef til vill að fá einhverjar fregnir um týndan föður sinn, þá hefur maður ferðast þýsna mikið meir en 1,000 mílur frá London, og þetta var hið mesta ferðalag Gerald's Aspen. Hann hafði auðvitað ferðast þýsna mikið um á meginlandinu. Hann hafði teymt vissan uggan, alvörugefinn Lún, son ríkismanns eins í London, eins og meðan leiða björn í bandi, sem honum hafði verið trúað fyrir, og fór með honum það sem af hans myndi hafa kallað í langferð. Hann hafði skemmt sjer vel, og verndað húninn sinn frá að lenda í allskonar klípum og haldið löppunum á honum og trygginu á honum frá allskonar óheilnæmu hunangi. Hann hafði fengið svo mikla peninga fyrir að leiða hún þenna, að hann gat farið nefnda ferð til New York, sem hafði algerlega misheppnast hvað snerti augnamið hennar, en hún hafði heppnast að þá leyti, að hún gerði hann hæfan til að verða meðlimur ferðamanna-klúbbsins.

Samt sem áður átti hann ef til vill Krumma kaptæini að pakka, að hann varð meðlimur klúbbsins. Gerald hafði fyrst kynnst John Raven í Prague, þegar hann var á binni minnisstæðu ferð sinni með húninn í bandi, og svo höfðu þeir aptur hittast í Vínu, og varð þá mikil vinátta með þeim, af þeirri tegund, sem opt verður með karlmönnum er hittast í bæjum

erlendis. Svo þegar Gerald Aspen kom aptur til London og byrjaði feril sinn sem blaðamaður, og naut allra hinna miklu gæða, sem metorðagjarn maður getur veitt sjer fyrir 4 guineur (\$20) um vikuna, þá rakst hann á auglýsinguna um ferðamanna-klúbbinn í blöðunum, sem hann varð að lesa, og sá að John Raven var einn í nefndinni. Gerald var þvínær óþekktur maður í London; hann vissi, að það yrði mjög þægilegt fyrir sig að tilheyra einhverjum klúbb; það var nokkuð af þessum ferðaflakks-anda í honum, svo að blóðið rann hraðara í æðum hans þegar hann hugsaði um ferðamanna-klúbbinn. Þar að auki sá hann að það gæti komið fyrir, að hann hitti í þannig klúbb—sem menn frá öllum heimsálfum hittust í—einhvern, sem gæti gefið honum upplýsingar um föður hans, er svo lengi hafði verið týndur. Að minnsta kosti var það ekki ómögulegt. Að fá frjettir af föður sínum hafði um langan tíma verið áhugamál hans, og það voru meiri líkur til, að hann fengi slíkar fregnir í klúbb þessum, en á nokkurn annan hátt. Hann skrifaði Raven þess vegna og skýrði honum frá, hvaða hæfilegleika hann hefði til að verða meðlimur klúbbsins, minnti hann á vináttu þeirra og beið all-óþreyju-fullur eptir niðurstöðunni.

Hann þurfti ekki lengi að biða eptir niðurstöðunni, því hann fjekk brátt brjef frá skrifara klúbbsins, í hverju honum var tilkynnt, að hann hefði náð kosningu sem meðlimur klúbbsins og hann bedinn

að s
og
han
hon
ávis

nær
orði
þan
um
ung
í lei
verð
urin
tilfi
Lon
hvort
dýrn
inn
mikl
hina
einu
gaf f
ráð
Meg
klúb
lega
tímur

að senda hið ákveðna gjald. Gjaldið var 8 guineur, og Gerald fann til samblands af sorg og gleði þegar hann skrifaði banka-ávisanina fyrir þessari, sem honum virtist, afar-miklu upphæð í þvínær óbrúkuðu ávisana-bókina sína.

Allt þetta hafði skeð fyrir löngu síðan—fyrir nærri ári síðan. Gerald fannst nú, að hann vera orðinn gamall meðlimur klúbbsins. Hann kom þangað á hverjum degi, og hófum þótti mjög vænt um klúbbinn. Ungur maður í London, einkum ungur maður sem er uppallinn úti á landinu, sem býr í leigu-herbergjum, á enga ættingja og enga vini, verður eðlilega mjög elskur að klúbb sínum. Klúbburinn þýðir vini og þægindi, og orsakar þægilega tilfinningu um, að maður sje partur af þinni miklu London-veröldu. Hann finnur til þess, að hann er hvorki án vina nje einmana, þegar hann fer inn um dyrnar með vængjahurðunum, sem ganga bæði út og inn hávaðalaust, ræður um stund yfir ótrúlega miklum þægindum, jafnvel óþarflega miklum, fyrir hina litlu upphæð er hann borgar á ári. Það var einu sinni ungur herra-maður, sem het Brown, og gaf föðurbróðir hans honum nokkur mjög nýtsöm ráð þegar hann gerðist meðlimur hins nafntogaða Megatherium-klúbbs; en það er langt síðan, og klúbb-heimurinn í London hefur aukist undrunarlega síðan á þeim dögur.

Það var hagnaður að komast inn í klúbb á þeim tímum; það er enn hagur að komast í góðan klúbb;

en það eru nú til miklu fleiri klúbbar en þá voru, og ungrir lukkuriddarar og framgjarnir, ungrir blaðamenn, eins og t. d. Gerald Aspen, geta nú, án þess að skerða tekjur snar til muna, náð í þau hlunnindi að mega eyða meiri partinum af deginum innan veggja í húsi, sem ungum blaðamönnum, er voru að berjast áfram og upp á við fyrir hálfum öðrum mannsaldri síðan, hefði virzt regluleg konungshöll. Að vísu er ekki rjett að lýsa Gerald Aspen, þegar hjer er komið, eins og blaðamanni sem er að berjast áfram. Hann áleit að hann hefði verið mjög heppinn. Þegar faðir hans hafði horfið út í myrkur útlandanna fyrir mörgum árum síðan, þá hafði hann skilið barn sitt eptir í umsjón móður-systur sinnar, sem var piparmey, og bjó úti á landinu og dó þar. Eptir að hún var dáið fór Gerald til London, og hafði tvöfalt augnamið með því, nefnil. að leita föður sinn uppi og verða ríkur maður.

Þegar hjer var komið sögunni hafði honum tekist hvorugt; en hann var einn holzti maðurinn og hafði ábyrgðarsama stöðu við framjarnt blað eitt.

Blaðið, sem Gerald var viðriðinn, var vikublað af hinum nýja skóla. Það var sýnishorn af framfarasömustu blaðamennsku, eins og ferðamanna-klábburinn var dæmi upp á framfaramestu ferðalög. Gerald hafði nóg að vinna við blaðið, því hann var duglegur, viljugur, vel að sjer og hafði lesið fjærkan allan—hann hafði fengið góða menntun í rölega smábænum úti á landinu—og ritaði ljett og

skem
guine
um vi
áleit p
Hvað
rita í
klúbba
einu b
sýni
bakkar
Ja
faðir b
par eð
þessi e
þó han
haft áh
kosti.
hver tfr
ekki til
hans va
væri ne
ráða ha
Í n
starfi sí
að kyn
að heyj
vænt un
um mar
þykja v
einhver

skemmtilegt mál, og vann vel fyrir hinum sex guineum, sem kaup hans hafði verið hækkað upp í um vikuna, og sem hann, eins og ekki var láandi, áleit þægilegar, eða jafnvel mjög miklar, tekjur. Hvað gat ungur maður óskað sjer betra en það, að rita í blaðið *Catapult*, að tilheyra ferðamanna-klúbbnum, að hafa lítil en þægileg herbergi í húsi einu bakvið Strand, þar sem maður hafði ágætt útsýni yfir skemmtigarðinn á uppbláða Tempsár bakkanum og yfir hið tignarlega fjót?

Já, hvað meira, ef hann að eins hefði vitað, hvar faðir hans var, eða hvað hefði orðið af honum. En þar eð Gerald hafði aldrei þekkt föður sinn, þá gerði þessi eptirgreunslan hoom lífið ekki verulega súrt, þó hann hefði hugann stöðugt á málinu og það hefði haft áhrif á framferði hans í eitt skipti að minnsta kosti. Hann hafði það hugboð, að hann myndi einhver tíma finna föður sinn. Dó það yrði ekki, þá var ekki til neins að vera sorgbitinn. Detta hvarf föður hans var ráðgáta, en hún var ekki þess eðlis, að hann væri neyddur til að offra allri ánægju í lífinu til að ráða hana.

Í millitíðinni var það skylda Geralds, að sinna starfi sínu við blaðið, og leysa það sem best af hendi, að kynna sjer London eins og vígvöll, sem hann ætti að heyja bardaga á alla æfi sína, og láta sjer þykja vænt um ferðamanna-klúbbinn, á sama hátt og hverjum manni, sem töndu dyri, er eiginlegt að láta sjer þykja vænt um einhvern blett innan fjöggra veggja einhversstaðar í heiminum.

Arnljótur B. Olson

II. KAPÍTULI.

LANGFERÐA-MAÐURINN.

Kveld eitt seint í apríl sat Gerald Aspen við borð eitt lítið í ferðamanna-klúbbnum — borð, sem honum þótti sjerslagi vænt um. Það stóð við einn gluggann, og þar eð blæjurnar voru dregnar upp, gat hann horft út í myrkrið fyrir utan og sjeð ummál dimma torgsins, sem smágeislum sló á af ljósum, er brunnu hjer og hvar á því eins og stjörnur, með birtu er líktist ljóma af gímsteini, í hreina loptinu. Dessi apríl mánuður hafði verið kaldur og hráslagalegur, eins og sá mánuður opt er, og það var mjög notalegt að sitja þarna í hlyju, vel lýstu stofunni með mjúku gólfúkunum og lömpum og kertaljósum, sem rauð skyggni voru á, í stofu, sem bjartur kola-eldur brann í til beggja enda á opnum arni, og horfa út í hið óákveðna sambland af myrkri og ljósi, sem nafntogaður málari einn mundi nefna samhljóðan af gull-lit og dimmu, og geta notið fegurðarinnar án þess að verða að pola biturleik loptsins úti fyrir. Gerald kom ósjálfrátt í hug hin gamla, skáldlega saga

um fugl
inn í st
svo út a
semd un
úr dimm
upp á lí
Bor
lega ske
hann va
og í alls
ungu m
fyrir lífr
sinum lí
hærðu la
litinn og
strætín í
ekógana
en nágre
Á
þekktu o
grenninu
vonlausir
fjörgamal
kógum;
var, að
Australfu
betur söku
því nær d
eyðimörku

um fuglinn, sem snöggvas flaug úr vetrar-dimmunni inn í stofu sem var uppljómuð með ljósum, en flaug svo út aptur, og hvernig vitringurinn gerði athugasemd um þetta, og skoðaði hina snögggu ferð fuglsins úr dimmunni gegnum ljósið inn í myrkið sem dæmi upp á líf mannanna.

Borðsalurinn í ferðamanna-klúbbnum var sjerlega skemmtilegt herbergi. Á milli kl. 7 og 9 var hann vanalega nærri fullur af mönnum á öllum aldri og í allskonar myndum, frá hinum nettu, velklæddu ungu mönnum borgarinnar, sem ekki þurftu að vinna fyrir lífinu, og sem sátu þar að veizlu með öðrum sínum líkum áður en þeir fóru á leikhúsið, til hanna hærðu landkönnunar-manna, sem húðin á var eins á litinn og „mahogany“-viður, og sem gengu um strætin í London í klæðum, sem áttu betur við kjarr-skógana á Indlandi eða reirvöxnu árbakkana í Afríku, en nágrennið í kringum Piccadilly.

Á ferðamanna-klúbbinn komu menn, sem þekktu og geðjaðist betur að óbyggðum en að nágrenninu við Piccadilly; menn, sem enn voru ekki vonlausir um, að Leichard kynni að vera á lífi, þó fjörgemall væri orðinn, einhversstaðar inni í frumskógum; menn, sem vissu af eigin reynzlu hvað það var, að villast í gróðrarlausu eyðimörkunum í Austrálu; menn, sem nutu kampavínsins síns enn betur sökum endurminningarinnar um, að hafa verið þvínær dánir úr þorsta í veglausu og vatnslausu eyðimörkunum hinumegin á hnettinum. Þangað

komu menn, sem barist höfðu undir herfönnm helmingsins af öllum þjóðum veraldarinnar. Maður gat, hvaða dag sem var, hlustað á líflagar stætur milli lukkuriddara, sem barist höfðu sinn hverju megin við Gettysburg, í Mexico, í Kritey og á Spáni — sem höfðu verið í liði Sunnanmanna og Norðanmanna, sem höfðu barist með Tyrkjum og Grikkjum, með Carlistum og fyrir borgaraveldinu franska; menn, sem höfðu barist í liði Kínverja, menn, sem voru eins kunnugir á hjöllumum hjá Khartoum og þeir voru á St. James torginu. Þangað komu menn, sem ferðuðust eingöngu í þarfir vísindanna, sem mundu hafa kannað alla Suður-Ameríku til að leita að nýrri fíðrilda-tegund eða nýrri jurtt. Þangað komu menn, sem komu á fót fátægum leiðangrum til að leita að og grafa upp týndar fornborgir eða falda fjársjóðu. Þangað komu aðmenn, sem könnuðu óbyggð lönd, en nutu samt margs sælgætis hinna menntuðu lauda, sem ferðuðust með heilan her af fylgdarmönnum, sem aldrei átu veina máltíð án þess að drekka kampavín með heuni, og sem gerðu sjer það að reglu, að þrúðbúa sig áður en þeir settust að miðdagsverði, þó þeir væru inn í miðri eyðimörkinui Sahara eða uppi á há-egg Chimboraza-hnjúksins. Þangað komu líka menn, sem ferðuðust dag eptir dag án þess að hafa aðra fæðu en hnefaylli sína af döðlum, hinir sparneytnustu ferðamenn.

Gerald hafði í huga sínum skýrt borðstofuna í ferðamanna klúbbum hinn „undarlega skilnaðar-

stað“.
degi -
að her
stökk
sína l
„Kome
E
voru, f
leggja
(í Mið-
Thibet
aðra þv
Me
klúbbum
þá bur
yztu en
Me
eins op
sjer orð
mah og
að yfirlit
þegar þ
eptir mar
í gegnun
vinir þe
hefðu að
þangað t
Dað var
klúbbsins

stað". Það var algengt — kom fyrir á hverjum degi — að menn átu þar saman máltíð, en um það að henni var lóhið leit einhver þeirra á útið sitt, stökk á fætur, kvaddi alla með handabandi og fór sná leið, en vinir hans hrópuðu á eptir honum: „Komdu aptur heill á höf“.

Ef maður hlustaði á ræður þeirra, sem eptir voru, fjekk maður að vita, að hinn nýfarni var að leggja af stað í landkönnunar-ferð til Mánafjallianna (í Mið-Afríku), eða til hinna jarðorpnu borga í Thibet (í Asíu) eða til suður-pólsins, eða einhverja aðra þvífka smáferð.

Menn voru alltaf að þjóta burt frá ferðamanna-klúbbum til að ná í gufulestir, sem áttu að flytja þá burt — einn áfanga á leið þeirra — til hinna yztu endimarka jarðarinnar.

Menn komu líka opt til baka — en ekki alveg eins opt; því meðlimir ferðamanna-klúbbsins unnu sjer orðstýr í Kákasus og í Krím-Tartarsinu, í Burmah og við flaveiðar í Kap-landinu — ennþá dekkri að yfirlit af sólarhitunum, og nokkuð hærðari, en þegar þeir fóru. Þegar þessir menn komu aptur, eptir margra mánaða burtuveru, eptir að hafa gengið í gegnum voðaleg og hættuleg æfintýri, þá tóku vinir þeirra á móti þeim eins rólega eins og þeir hefðu að eins dvalið í Brighton frá því á laugardag þangað til á mánudag, eða verið eina viku í París. Það var augnamið flestra meðlima ferðamanna-klúbbsins í lífinu, að þjóta um jörðina „hlet og kylj-

ur kára, hvíldarlaust, heimilislaust“, eins og Schiller sagði um hermenn Wallensteins.

Sjerhver þeirra hefði orðið forviða, ef nokkur hefði farið að gera dyn með hann þegar hann kom heim úr ferð til Sandvíkur-eyjanna eða til Japan eða Perú. Þeir fóru í glæfraferðir sínar og komu úr þeim aptur alveg eins og ekkert væri, og þó að þeim sumra þeirra hvítuðu í einhverri hrjóstugu eyðimörkinni, eða fínuðu á einhverjum fljótsbotninum inni í miðri Afríku, þá eyddu hinir, sem eptir lifðu, engum tíma í harmatölur yfir því. Veglausa eyðimörkin og ókunnur fljótin voru hæfir hvíldarstaðir fyrir þessa hvíldarlausu menn, hæfðu þeim eins vel og vígvöllurinn hermanninum eða skógurinn veiðimanninum.

Þetta áminnsta apríl kveld, sem Gerald sat við uppáhalds-borðið sitt, var borðstofan óvanalega full af mönnum. Borðsveinarnir voru önnur kafnir. Britinn, sem var mjög vel látinn og á svipinn eins og stjórnvitringur, gekk alvarlegur hingað og þangað og leit eptir, að allt færi í lagi. Flestir þeirra, sem í borðsalnum voru, voru í kveldbúningi, og Gerald var einnig þannig búinn, því hann ætlaði seinni um kveldið að vera við hátíðlega athöfn nokkra, sem fram átti að fara í hóteli einu miklu, og sem hann hafði aðgöngumiða að, er ritstjóra blaðs hans, *Catapult*, hafði verið sendur. Borðin voru mjög hvít og björt og á þeim tindraði ýmiskonar krystals borðbúnaður; á öllum borðunum voru einnig

fögu
einn
um
birt
djúp

unni
tvein
hand
svo þ
einn
þar s
lega
borði

svo h
ánæg
stofun
át vi
sitt, o
hjá h
Hann
von á
nógu
menni
þó þá

*
borða
kl: 6

fögur blóm í fásjeðum, venetiskum slátum — það var einn af hinum fögru síðvenjum á ferðamanna-klúbbnum — en ljósin með rauðu skyggjunum báru þannig birtu, að þau gáfu öllu í borðstofunni viðfeldinn og djúpan lit.

Borðið, sem Gerald sat við, var hið eina í stofnunni sem autt sæti var við. Það var eiginlega ætlað tveimur mönnum að borða við, en var samt notað handa fjórum þegar á lá, en þetta kveld var ekki svo þröngt, að þess þyrfti, svo að það var að eins einn auður stóll við það, og stóð beint á móti Gerald, þar sem hann sat og át miðdagsverð* sinn. Vanalega borðaði einhver klúbb-kunningi hans við sama borðið, en þetta kveld var enginn þeirra viðlátinn svo hann sat þarna einsamall við borðið, en þó mjög ánægður, og renndi augunum við og við yfir borðstofuna, eins og maður sem vaxur er að taka eptir, og át viðhafnarlausu matin sinn og saup rauðavínú sitt, og leit við og við í kveldblaðið, sem lá á borðinu hjá honum. Hann var mjög ánægður þetta kveld. Hann hafði verið önnunum kafinn allan daginn, en átti von á að eiga skemmtilegt kveld, því hann var enn nógu ungur til þess að hafa gaman af að vera í fjölmenni, fólksströum og við opinberar athafnir, jafnvel þó það væri að eins partur af starfi hans að vera

*) Á Englandi er það síður hjá heldra fólki, að borða aðal-máltíð dagsins, miðdagsverð = *dinner*, kl. 6—8 e. m.

staddur við slíkt, og hann ekki sækti þessháttar í skemmtunar-skyni.

Þegar hann var búinn að líta yfir allt kveldblaðið, þegar hann, sem æfður blaðamaður, var búinn að setja á sig allt það, sem hann áleit merkilegt og þess virði, að gera athugasemdir við það, annaðhvort til þess að draga dár að því eða leggja því líbsyrði, þegar hann var búinn að vega með mestu ró og æfðri dómgreind hvað mælti með og móti þessu eða hinu ráðaneytinu eða ráðgjafa-breytingu, sem orðið hafði, og var búinn, eins og ekkert væri, að útkljá málefni hinna ýmsu heimsálfa, Evrópu, Asíu, Afríku, Ameríku og Australíu, þegar hann var búinn að brosa yfir ritgerð, sem fyrstu stafir í nafni uppáhalds rithöfundar hans stóðu ræðanundir, og gretta sig yfir útásetningum, sem ekki voru í samræmi við hans eigin skoðanir. — Þá fanu Gerald til þarfara á frekari andlegri fæðu.

Hann var ekki nærri búinn með matinn sinn, en hann var alveg búinn með blaðið. Svo mundi hann eptir því, að hann hafði í vasanum nokkur brjef, sem hann hafði haft með sér til að lesa í klúbbum og ætlaði að svara í reykinga herberginu þegar hann væri búinn að borða, áður en hann færi í samkvæmið. Hann dró brjefin upp úr vasanum aptan á frakkanum sínum og fór að lesa þau. Flest þeirra voru ekki áriðandi: tilboð um að koma að sjá privat myndasafn, aðgöngumiðar á söngsamkomur, aðgöngumiðar að leikhúsum, aðgöngumiðar að vísindalegum fyrirlestrum.

um.
mað.

lagt
blaðs
skem
þá lje

svo lí
stjóra
honun
hafa á

H
um l
maður
fertug
aldráð
stjóra.

G
mikið
inn“ s
tignarl

„E
enginn
fallegar
alveg e
þjer ka
o. s. frv

AD

um og umræðum um vísindaleg efni. Gerald var maður sem gaf sig við hverju sem var.

Framgjarni blaðamaðurinn hefur, eins og Bacon, lagt alla þekkingu undir sig, og þar eð eigendur blaðsins *Catapult* sáu, að Gerald gat skrifað skemmtilega og skynsamlega um margskonar efni, þá ljetu þeir hann hafa margvísleg ritstörf að annast.

Eitt brjefið vakti samt eptirtekt Gerald's ekki svo lítið. Í því var miði frá lafði Scardale til ritstjóra blaðsins *Catapult*, með hverjum hún bauð honum að koma í heimboð eitt sem hún ætlaði að hafa á menningarskóla sínum í Chelsea.

Ritstjórinn hafði afhent Gerald miðann, og sagt um leið: „Þetta hæfir yður. Þjer eruð ungar maður, en jeg er orðinn fauskur“ — hann var hálfertugur að aldri, en hann áleit það, að þykjast vera aldraður, eiga við og auka virðingu sína sem ritstjóra. „Það hæfir yður, að fara að sjá kvennahóp“.

Gerald ljet í ljósi með mestu hægð, að það væri mikið komið undir því af hverjum „kvennahópurinn“ samanstæði, en ritstjórinn veifaði hendi tignarlega og sagði:

„Þjer þurfið engu að kvíða í því efni. Það er eðginn vafi á, að þær eru flestar ungar og flestar fallugar. Skóli lafði Scardale er undraverð stofnun, alveg eins og það sem lýst er í *The Princess*, sem þjer kannist við, „sætar námsmeyjar með gullið hárt“ o. s. frv. Skrifði einu dálk-um þær í blaðið“.

Að svo mæltu fjekk ritstjórinn Gerald miðann,

og sneri sjer svo með alvörusvip að skrifborðinu og hjelt áfram verki sínu.

Gerald skoðaði nú miðann þarna við miðdagsborðið hálf forvitnislega. Hann hafði náttúrlega heyrt getið um laði Scardale. Allir höfðu heyrt getið um laði Scardale og fyrirtæki hennar — hin ágætu fyrirtæki hennar, eptir því sem sumir álitu hin sjervizkulegu fyrirtæki hennar, eptir því sem aðrir álitu. Miðinn var gefinn út í nafni laði Scardales, sem forseta menningar-kólans, og Fidelíu Locke, sem vara-forseta hans, og handhafa var boðið í eptirmiðdags-heimboð, sem haldið væri í minningu þess að skólinn væri áragamall.

„Fidelía Locke!“ sagði Gerald við sjálfan sig. „Það er ljómandi fallett nafn. Skyldi mérin vera eins fögur og nafnið? Líklega ekki; hún er líklega einhver herfa, með blá gleraugu, hefur hræðilegar skoðanir á lífinu og hefur smekk fyrir pokóttum regnhlífum. Jeg býst annar við, að það verði leiðinlegt heimboð; slík heimboð eru æfinlega leiðinleg. En það má samt búa til ‚handrit‘ fyrir prentarana út af því.“

Gerald reyndi að telja sjálfum sér trú um, að hann skoðaði allan jarðarhnöttinn að eins frá því sjónarmiði; hvað mikið ‚handrit‘ mætti búa til út af honum, að hann skoðaði alla viðburði í veröldinni, frá hrúni konungstættu til fyrsta kveldsins, sem nýtt stjarn er leikið, að eins sem viðburði er alveg rölegur, ólútdrægur og jafnalyndur maður, nefnil.

hann
listfe.

S
vörug
var e
lífsko
leglei
hann
menni
til pes

H
Scard

f-smáu
á Eng
heilan
lærdóm
ungum
Svo fer

væri á
„J
sjálfan

Al
ar-skóla
maður.
rjett inn
um stof
virtist v
maður,
skorið, c

hann sjálfur, setti að skrásetja með meira og minna listfengi í dálkum blaðsins *Catapult*.

Samt sem áður var Gerald nú alls ekki eins alvöruginn eins og hann áleit að hann væri, en hann var einstaklega hraustur piltur, með heilnæmum líffsskóðunum og mjög góðum blaðamennsku-hæfileggleikum. Þó hann teldi sjálfum sjer trú um, að hann hefði fremur ógeð á að fara í heimboðið í menningar-skólanum, þá hlakkaði hann í hjarta sínu til þess.

Hann hafði heyrð heilmskið talað um áform lafði Scardale að koma á fót einskonar Girton eða Vassar í smáum stíl, við hina straumbörðu Tempsá, í Chelsea á Englandi gamla, og hann sá þegar í huga sínum heilan dálk af 'bandriti', fullan af stórkostlegum lærdómi og nöfnum hinna nafnfrægu spekinga, sem ungum mönnum er svo eiginlegt að hafa á vörunum. Svo fengi hann líka að vita, hvornig Fidelia Locke væri ásyndum.

„Já, nafnið er fallett“, sagði hann aptur við sjálfan sig.

Allt í einu drógst athygli Gerald's frá menningar-skólanum og Fidelia Locke við það, að ókunnur maður kom inn í borðstofuna. Aðkomumaður stóð rjett innan við dyrnar og horfði hálf vandræðalega um stofuna, sem var svo full af mönnum, að hvergi virtist vera pláss. Hann var hár og sterkbyggður maður, en þó ekki þjettbyggður; andlitið var stórskorið, og roðinn, sem var því meðfæddur, hafði

með tímanum og af veðri og vindi breyzt í sama lit og er á rauðum múrsteini. Hann hafði mikið og pykkt hár, og í kringum eldrauða andlitið var skegg-rönd, ljósgul að lit, sem glansaði á í birtunni. Komumaður virtist hafa smekk fyrir eins ákveðnum litum í klæðaburði eins og litirnir á andliti hans voru ákveðnir, því hann var í víðum, gulum vað-málsfötum, sem talsvert voru orðin slitin, og í heið-blárri velktri skyrtu, sem hárauða silki-hálsbindið, er einnig var óhreint og slitid, skar af.

Margir af hinum öðrum, er sátu til borðs, litu upp eins og Gerald og störfu undrandi á hinn sjerlega komumann, sem veik stórskorna, góðlega, eldrauða andlitinu við þegar hann var að skygnast eptir auðu sæti við borðin. Britinn kom því nær strax til hans og fór að ráðleggja og leiðbeina honum. Svo sá Gerald að þessi margliti risi kom rambandi inn eptir gólfinu og stefndi þangað, sem hann sat, og fór honum ekki meir en svo að verða um sel. Gerald vissi, að það var ókurteisi að stara á komumanninn, en hið sjerlega útlit hans heillaði hann einhvern veginn svo mikið, að hann horfði alltaf á hann á meðan hann gekk inn eptir gólfinu og þangað til hann stanzaði gagnvart honum. Svo studdi margliti risinn annari afar-stóru höndinni á bríkina á auða stólnum gagnvart Gerald—það var afar-stór hönd, og þegar Gerald leit niður, til að undrast stærð hennar, þá tók hann eptir, að á litlafingrinum, ef rjett var að kalla nokkuð á höndinni lítið, var gull-

Þring
og s
áfram
og áv
" "
því, e
E
en þó
E
stóra,
vingja
hvað
hefði e
hjá sje
meðlin
sjeð ha
neinn a
að Ger
blaðam
eptir ö
sátu við
hálfum
britinn
spurnin
Ko
Gerald
slíkum l
gaman a
súpuna

Þringur með fjarska stórum demanti í, sem tindraði og skein í ljósbirtunni. Guli risinn beygði sig áfram, og opnaði rauða munninn á rauða andlitinu og ávarpaði Gerald með þessum orðum:

„Heyrið þjer, fjelagi, hafði þjer nokkuð á móti því, ef jeg skyldi setjast hjer hjá yður?“

Framburðurinn og orðalagið var amerikanskt, en þó ekki eingöngu amerikanskt, virtist Gerald.

Hann leit snögglega upp frá stóru höndinni og stóra, tindrandi steininum í hringnum og svaraði vingjarnlega, þó dálítið fát væri á honum af því, hvað komumaður ávarpaði hann óvænt, að hann hefði ekki hið minnsta á móti því, að hann settist hjá sjer. Það var auðsjeð, að gulklæddi risinn var meðlimur klúbbsins, þó Gerald hefði aldrei áður sjeð hann þar. Það leit heldur ekki út fyrir, að neinn annar í borðstofunni hefði sjeð hann áður, því að Gerald tók eptir, eins og við var að búast af blaðamanni, sem hefur þann hæfilegleika að taka eptir öllu, sem fram fer í kringum hann, að allir, sem sátu við hin borðin, lækkuðu róminn og töludu í hálfum hljóðum hver við annan undrandi, hvernig britinn gekk frá einu borðinu til annars og svaraði spurningum, sem nærri var hvíslað að honum.

Komumaður hafði sezt við borðið beint á móti Gerald og var farinn að ausa súpu upp í sig með slíkum hraða og háværri ánægju, að Gerald þótti gaman að því. Strax og komumaður var búinn með súpunu tók hann aptur til máls og sagði:

„Hún er alls ekki slæm, súpan sú arna, eða hvað segið þjer um það, fjelagi? Jeg hef lapið verri súpu en þetta á æfinni, og verið þakklátur fyrir“.

Gerald þótti gaman að þessum orðum og fór að verða förvitinn. Geðverri eða tiltektasamafi maður en hann var hefði ef til vill þykkt við eða fallið illa, hvað komumaður gerði sjer dælt og skrafaði mikið og ljét mikið á sjer bera við mat sinn; en Gerald var ætíð, sem blaðamaður, fikinn í að athuga alls konar sýnishorn af mönnum; og þetta sýnishorn virtist fjarska einkennilegt.

Dess vegna sváraði hann og brosti vingjarnlega, um leið og hann að hann álti, að maturinn í ferðamanna-klúbbnum væri býsna góður, og eptir að hafa með þessu áunnið sjer hylli fjelaga síns, fór hann að reyna hann klókindalega með því að spyrja, hvort hann álti ekki að klúbburinn í heild sinni væri góður.

Þegar hjer var komið var komumaður búinn að jeta fullan disk af laxi, og hafði verið svo fljótur að því, að undrum sætti, og svo kom hann hinum alvarlega borðþjón í mestu vandræði með því, að fá honum tóma diskinn og skipa honum að sækja „meira af hinu sama“. Borðþjóninn skjógradi bæði hryggur og reiður yfir til stjórnavitringslega britans, og það leit út fyrir að hann hefði samþykkt þessa óvanalegu klófu, því það var komið með annan disk af fiski handa kemumanni, sem í millitíðinni hafði troðfyllt.

stór
áva

fyrir
Dað

brau
upp
hann
sitt,

er í
litlu

Dar

að þ

um v

fylgt

sem

einh
að bi
komu
gerat
vegn
hann

,
maðu
ingar
segi.

stóra munninn á sjer með brauði, og var að reyna að ávarpa Gerald, gegnum brauðstífluna og segja:

„Sannleikurinn er, herra minn, að þetta er í fyrsta sinn, sem jeg hef rekið nefið inn í þennan kofa. Það er sannleikur, herra minn“.

Þegar komuáður var búinn að segja þetta var brauðið komið ofan í hann og hann farinn að hruga upp í sig stórum bitum af laxi, en hvað mikið sem hann tróð upp í sig lét hann það ekki hindra tak sitt, heldur hjelt áfram og sagði:

„Það, sem er enn undarlegra, er það, að þetta er í fyrsta skipti sem jeg hef komið á þessa blessaða litlu ey ykkar. Jeg leuti í Liverpool í morgun“.

Gerald lét forvitni sína bera kurteisina ofurliða. Þar að auki sá hann á öllum tilburðum komumanns, að það var engin hætt á að hann pykkjist, þó hinum vanalegu kurteisis-reglum væri ekki stranglega fylgt. Hann tók því á sig hið þægilega viðmót sem hann var vanur að hafa þegar hann var að spyrja einhvern stjórnálamann úr spjörunum í því skyni að birta svör hans í blaði sínu *Catapult*, og spurði komumann hvernig á því staði, að hann samt hefði gerst meðlimur ferðamanna-klúbbsins, og hvers vegna að hann kæmi á klúbbin fyrsta kveldið sem hann væri í London.

„Það er nú líka mjög skrtíð“, ávaraði komu-
maður, áu þess að pykkjast hið minnsta viðspurn-
ingar Gerald. „Það skeði nú svona eins og jeg
segi. Jeg var þarna fyrir handan á „veldt“-inu,

og það var það heitasta steikjandi veður, sem jeg hef nokkurn tíma verið úti í“.

Gerald undraði sig á, hvað „veldt“ væri, en hinn margliti komumaður virtist ganga út frá því sem sjálfsögðu, að Gerald vissi það upp á sínar tíu fingur, og hjelt því áfram að jeta og tala með mesta hraða. Þó komumaður ljeti færa sjer af flestum rjettunum tvisvar, þá át hann með svo miklum hraða að hann náði Gerald, sem var úi að jeta kriddsíld og endurbakað brauð.

„Hamingjan veit, að það var heitt“, hjelt komumaður jafnvel; „jafnvel Nóa þótti nóg um, og þoldi hann þó bita býsna vel. Dað var eins og hann hefði alist upp nálægt heita staðnum“.

Komumaður sagði Gerald þetta eins og í trúnaði, eins og hann væri Nóa kunnugur, en ekki þó svo kunnugur, að hann hefði ekki gott af að heyra hlutdrægnislaust álit um hann. En nafnið Nói hafði nú samt ekki önnur áhrif á Gerald en þau, að það vakti hjá honum endurminningu um ofurlstinn, bláklæddan trjemann, með mórauðan hatt, sem átti konur og börn, sem öll voru undra lík hvert öðru. Gerald kinkaði því kolli og komumaður hjelt áfram:

„Já, herra minn, það var heitt, það segi jeg satt. Já, alveg satt. Svo jeg fór inn í tjaldið til að vera þar ögn í skugga og fá mjer eitthvað til að kæla tungu mína með“.

Um leið og komumaður sagði þetta, saup hann

í einum teig stóra kollu af whiskey og sóðavatni, sem hann hafði beðið um, og gaf borðþjóninum bendingu um, að færa sjer aðra kollu af hinu sama.

„Hvar var jeg?“ sagði hann svo, eptir að hafa þurkað sjer um munninn með afar-stórum rauðum vasaklút.

„Í tjaldinu, í skugganum“, sagði Gerald kurteislega.

„Já, náttúrlega, og ætlaði að fá mjer eitthvað til að kæla tungu mína. Jæja, jeg settist niður, og varð rólegur, og mjer varð notalegra, og jeg var einmitt í svoleiðis skapi, að mig langaði til að lesa eitthvað ljett og skemmtilegt, en það var ekki mikið um þessháttar þarna fyrir handan á „veldt“-inu*, það er yður óhætt að veðja skilding um“.

Gerald brosti, og í því brosi lýsti sjer meðaumkun útaf því, hvað fátt væri um bækur á „veldt“-inu.

„Jæja, hið eina, sem jeg gat fundið til að lesa“, hjelt komumaður áfram, „var númer af blaðinu *Daily News*, sem hafði komið upp í landið, þar sem við vorum, utan um te. Dað var tveggja mánaða gamalt, en það var nú ekki kallað svo gamalt á „veldt“-inu. Jæja, herra minn, hið fyrsta, sem jeg rak augun í, var grein um ferðamanna-klúbbinn, sem verið var að

*) „Veldt“ er eitt af þeim orðum, sem önsku-mælendi menn í Suður-Afríku hafa tekið upp úr máli hinna svonefndu Boers. Orðið mun komið úr hollenzku og þýðir mörk — óbyggt eða lítt byggt skóglaut land. Ritstj. Lögb.

stofna í London. Þá sagði jeg við sjálfan mig: „Set, gamli fjelagi, þú hefur ferðast býsna mikið um dagana, svo í því tilliti er ekkert í veginum“. Og svo sagði jeg við sjálfan mig: „Set, gamli fjelagi, það er líklegast að þú skreppir yfir til London einn góðan veðurdag, svo þar er heldur ekkert í veginum“. Svo sagði jeg enn við sjálfan mig: „Set, gamli kunningi, þegar þú kemur til London þá væri það fjöður í fati þínu að tilheyra reglulegum klúbb, fim- um og fallegum“. Svo jeg skrifaði strax þessum náunga, sem var að lofsyngja þessa sýningu, náunga, sem heitir fuglsnafni“.

„Raven“, sagði Gerald.

„Alveg rjett, fjelagi“, sagði komumaður; „þjer hittuð á það undireins. Jæja nú, þegar jeg sá nafnið, þá fór jeg að hugsa margt“.

Um leið og komumaður sagði þetta horfði hann svo fast framan í Gerald, að hann var neyddur til að spyrja: „Hvers vegna?“

„Hvers vegna!“ sagði komumaður. „Af því að einn fjelagi okkar í búðunum þar fyrir handan hafði heitið því nafni, þó kunningjar hans kölluðu hann það ekki. Við kölluðum hann æfulega „Gentleman Jim“, vesalings drenginn, það gerðum við.“

Komumaður andvarpaði og þagnaði dálitla stund.

„Hvers vegna segið þjer: vesalings drenginn?“ spurði Gerald, til þess að sýna hluttekningu.

„Hann var myrtur, ekki fyrir löngu—vesalings gamli Jim—Gentleman Jim“, sagði komumaður.

Hin sorglega endurminning, sem hafði ollað því, að komumaður þagnaði um stund, leið fljótt frá. Hann saup stóran sopa úr kollunni sinni, og hjelt svo áfram sögunni eins og fylgir:

„Jæja, jeg fór til Gentleman Jims og sýndi honum dagblaðs-snepilinn og sagði: „Eruð þið tveir fuglar með sömu fjöðrunum?“ Og hann leit upp og sagði hlæjandi: „Blessaðir verið þjer, það er bróðir minn“. Þá sagði jeg: „Máske þjer vilduð gera svo vel að láta mig hafa meðmælingar-miða til hans“, og svo útskýrði jeg fyrir honum hugmynd mína að verða meðlimur í þessum klúbb. Þá hló hann aptúr og sagði, að hann og bróðir sinn væru ekki neitt sjerlega miklir mátar; en samt lét hann mig hafa brjef til hans eftir nokkra stund, og jeg sendi gamla Raven það hingað yfir um, ásamt brjefi frá sjálfum mjer í hverju jeg sagði honum, að jeg hefði verið býsna mikill ferðalangur um dagana, og mundi vera eins góður og nokkur annar af meðlimum klúbbsins í því efni.“

Gerald gat varla að sjer gert að brosa ekki, því hann hugsaði sjer svipinn á Krumma kapteini þegar hann hefði verið að lesa þennan undarlega pistil. En hann passaði sig að brosa ekki, eða öllu heldur snéri brosinu upp í álvarlega eptirtekt, og hlustaði á sögu ferðamannsins, sem hjelt áfram og sagði:

„Jæja, tíminn leið og beid og, velát-ið beid og

demantarnir bjeldu áfram, sem var hið bezta af öllu saman. Það voru þeir tímar, að mjer fannst að það vera einn tindrandi demantur á móti hverjum vatnsdropa á „veldt“-inu. En einn góðan veðurdag, þegar jeg var búinn að steingleyma öllu saman viðvíkjandi efni brjefsins sem jeg sendi, þá kom brjef, sem alveg rjett var skrifað utan á til Sets Chickering, Oomjanstrek, Blumenveldt, Suður-Afriku. Það var frá Mr. John Raven, og sendi hann í því kæra kveðju til bróður síns, og hann sagði mjer með háleitari orðum en jeg get lýst fyrir yður, að jeg hefði náð kosningu sem meðlimur í ferðamanna-klúbbum, og bað mig að gera svo vel að senda sjer banka-ávísan fyrir inngöngu-eyrirnum. Jæja, jeg gerði svo vel, því Set Chickering gat skrifað eins margar banka-ávísanir og hann vildi fyrir hærri upphæðum en það, vona jeg, án þess að sakna peninganna, eða er ekki svo?.

Hann skaut þessari spurningu til Gerald's í hálf manandi tón, svo Gerald flytti sjer að svara: „Það er enginn vafi á því“, og sagði þetta eins einlæglega og hann gat, svo gulklæddi maðurinn virtist ánægður og hjelt áfram:

„Djer megid veðja upp á það, að jeg fann til mín þann daginn, af að vera orðinn meðlimur í sínum klúbbum í London. Jeg býst við að jeg hafi verið heldur mikið upp með mjer, því við Núi rifumst og það var nærri komið í barsmið milli okkar, sem hefði verið óhollt fyrir Núi“.

rau
inn,
með
óhol
mál

og b
öllu
var a
gims
ekki
komu
Og þ
hepp
sagt

hann
sínum
sem b
spotta
niður
Dálfti
á bord
lýstu f

Ge
lágth
arnir v

Gerald renndi augunum í flýti á hinar miklu, rauðu hendur, er lágu á borðinu, og hvíta demantinn, sem tindraði á einum fingrinum, og hugsaði með sjer, að það væri ekki ólíklegt, að það hefði orðið óhollt fyrir Nóa ef að hann hefði komist í handalög-mál við Mr. Set Chickering.

„Jæja“, hjelt Mr. Chickering áfram, „það leið og beið, og það var all-langur tími sem leið, þegar öllu er á botninn hvolft. Þegar jeg var drengur og var að lesa álfasögur og þessháttar, sem segja frá gimsteinum og þvflumsku, þá hjelt jeg að það væru ekki til eins margir demantar í veröldinni eins og komu upp í hendurnar á okkur þarna á „veldt“-inu. Og þó vorum við ekki hinir eiau. En við vorum heppnastir af öllum, já lang-heppnastir; það get jeg sagt yður. Heyrið mig, hvernig lízt yður á þetta?“

Um leið og Mr. Chickering sagði þetta stakk hann hendinni niður í vasa aptan á gulu buxunum sínum og tók upp úr honum dálftinn segldúks poka, sem bundið var fyrir ofan með spotta. Hann leysti spottann frá með mestu hægð, sneri poka opiu síðan niður og hellti varlega úr honum á hvíta borðdúkinn. Dálftill straumur af demöntum rann úr pokanum, en á borðinu varð hrúga af tindrandi steinum, sem lýstu frá sjer með einskonar silfur-ljóma.

Gerald gat ekki stíllt sig um, að gefa ekki af sjer lágt hljóð af undran yfir því, sem hann sá, því steinarnir voru óvanalega stórir og afbragð að lit og gæð

um, og þeir skinu og tindruðu þarna með svo töfrandi og ríkmannlegu ljósi á dúknum á borðinu.

Mr. Chickering hallaði sjer aptur á bak í stólnum og þótti mjög gaman að undrunar- og aðdáunar-svipnum, sem kom á Gerald.

„Tindra þeir ekki dável?“ spurði hann, og bros ljek um allt stóra, randá andlitið á honum. „Djer sjáið ekki svona muni liggja hjer á borðunum í klúbbum á hverjum degi, fjelagi?“

Gerald játaði með sjálfum sjer, og einnig fyrir stóra mannum, að svo væri. Gerald bar lítið skynbragð á dýrmæti gimsteina—vit hans sem blaðamanns var sjaldan reynt á þann hátt—en hann gat ekki að sjer gert að hugsa með sjer, að ef steinar þessir væru ófalsadir, sem hann hefði enga ástæðu til að efast um, þá hefði hann aldrei sjed neinn mann fara eins skeytingarleysislega með neitt, sem var eins mikils virði.

„Deir eru mjög fagrir“, sagði hann svo.

„Fagrir! Já, það er ekki of mikið sagt“, sagði stóri maðurinn. „En þeir eru ekki hinit fegurstu, sem jeg hef sjed eða farið með, það er langt frá því. Hvád segið þjer um þessa steina?“ sagði hann enn fremur og dró um leið upp úr öðrum vasa annan dálttinn segldúks-poka. Hann leysti ofan af honum og hellti annari dálttilli hrúgur af demöntum á borð-dúkinn, skammt frá hinni fyrri.

„Deir eru enn fallegrir“, sagði hann.

Það var enginn vafi á, að þeir voru það; þeir

voru

Deir v

skinu

maður

þá, þv

og bre

virtist

arnir r

og bar

G

maður

veginn

horfa á

unni v

talsver

og að t

Nálæg

eldhúsi

á borði

engian

lega, st

hefðu e

Ók

en að sl

þessa d

„Je

maður u

talaði m

inleg ma

voru stærri, fegurri og tindruðu enn meir en hinir. Deir voru mjög fallegir þar sem þeir lágu þarna og skínu og tindruðu á hvíta borðduknum, og stóri maðurinn virtist gleðjast eins og barn af að horfa á þá, því hann færði þá til með stóra vísingrinum og og breiddi úr þeim með stóra, rauða lófanum, og virtist hafa eins gaman af að horfa á, hvernig steinarnir náðu ljósinu og köstuðu geislum frá sjer, eins og barn hefur af nýju leikfangi.

Gerald leit í kringum sig órólegur. Ókunni maðurinn dreifði demöntunum um borðið einhvern veginn svo hirðuleysislega, að Gerald þoldi varla að horfa á það. Honum fannst sjálfsagt, að allir í stofunni væru að horfa á þá, og þess vegna ljetti honum talsvert við það að sjá, að stofan var orðin nærri tóm og að flestir, sem verið höfðu að borða, voru farnir. Nálægt hlífinni, sem stóð fyrir framan innganginn í eldhúsið, stóðu nokkrir af borðþjónunum og horfðu á borðið, sem hann sat við, og hvísluðust á. Það var engin vafi á, að þeir voru að tala um hinn einkennilega, stóra komunnann, en Gerald vonaði, að þeir hefðu ekki tekið eftir demöntunum.

Ókunni maðurinn virtist ekki hugsa um annað en að skemmta sjer við áhrifn sem það, að sjá alla þessa demanta, hafði á Gerald.

„Jeg skal segja yður það, fjelagi“, sagði komu- maður um leið og hann hallaðist fram á borðið og talaði með þeirri háttfölegu alvörugefni, sem er eiginleg manni er drukkið hefur fjögur stór glös af

whiskey og sóðavatni, „jég skal segja yður það, að það er undarleg saga í sambandi við demantana þá arna. Það er sannleikur“.

Hann starði á Gerald með einskonar yinanda-
legri festu og eins og hann byggist við, að Gerald
þyndi strax láta í ljósi löngun til að heyra alla sögu
demantanna. Ef hann átti von á því, þá brást sú
von, því Gerald þagði. Hann var að brjóta heilann
um það, hver þessi sjerlegi maður gæti verið.

Sjerlegi maðurinn virtist staðráðinn í að segja
Gerald alla söguna, því hann sagði:

„Jég skal segja yður það, fjelagi, að jég ætla
að segja yður alla söguna um demantana þá arna.
Mjer gæðjast vel að yður. Þjer eruð hvítur maður,
það eruð þjer, og þegar Set Chickering segir það, þá
megið þjer veðja stígvjelasólunum yðar upp á það,
að hann er enginn ólukkans svertingi. Nei, herra
minn“.

Gerald flaug lauslega í hug, að hvað miklu leyti
hið eindregna hól, sem Mr. Set Chickering setti upp
á hann, myndi verða viðurkennt sem verðskuldað af
heiminum í heild sinni og sjerlagi af t. d. ritstjóra
blaðsins *Catapult*. Satt að segja virtist Mr. Set
Chickering rjett sem stóð ekki vera maður, hvers
vitnisburður um lyndisfar annars manns hefði mikla
þýðingu í heiminum. Andlit hans var rauðara en
áður, og stóru augun hans stórðu á Gerald með dá-
litnið yinandalegri aðdáun, og allir tilburðir hans voru
mildast talað sjerlegir. En hvað um það, þá reyndi

Gerald
Mr. Ch

„J
sterkri
það vat
yður al

Þó

endurtó
forvitin
segja h

tilfinnin
þessum
gimstein
London

„V
niður ap
hrógurn
„Eitthva

Mr.

rauðu he
ar, og m
verið í o

„Þá

sem þess
horn. H

alla sögu

Gera

íð 10, sv

purfti að

Gerald að setja á sig þakklætis-svip fyrir það, hvað Mr. Chickering hafði mikið álit á honum.

„Já, herra minn“, endurtók Mr. Chickering með sterkri áherzlu, „þjer eruð hvítur maður, þjer eruð það vafalaust. Hvítur maður; og jeg skal segja yður alla söguna um demantana“.

Þó ekki væri af öðru en því, að Mr. Chickering endurtók hið sama svo opt, þá fór Gerald að verða forvitinn að heyra söguna um demantana. Satt að segja hefði það verið undarlegt, ef að engar sterkar tilfinningar hefðu hreift sjer hjá honum viðskjandi þessum útilegumanni, sem dreifði fyrni af dýrustu gimsteinum um miðdagsmatar-borðið í þessum London klább.

„Væri ekki rjettara að láta steinana þá arra niður aptur?“ sagði Gerald, um leið og hann benti á hrógurnar af hinum ljómandi demöntum á borðinu. „Eitthvað af þeim gæti týnst, eins og þjer vitid“.

Mr. Chickering sópaði þeim saman með stóru, rauðu hendinni eins og þeir væru vanalegir smásteinar, og mokaði þeim svo upp í pokana, sem þeir höfðu verið í og sagði:

„Það er mikið meira til af steinum þessum þar, sem þessir fundust. Þessir steinar eru að eins sýnis-horn. Hlustid bara á mig, og þá skal jeg segja yður alla söguna um þá“.

Gerald leit á úrið sitt. Það var ekki alveg orðið 10, svo það var enn langt þangað til að hann þurfti að fara í samkvæmið, sem hann ætlaði í.

„Gott og vel“, sagði hann, „jég skal með mestu ánægju hlíða á sögu yðar um demantana. En væri ekki betra að fara í annað herbergi, þar sem við getum reykt?“

Mr. Chickering kinkaði kalli til samþykkis þeirri úppástungu og sagði:

„Djer hafid rjett að mæla, fjelagi. Mjer gengur æfinlega betur að tala, ef jég hef tóbak á milli tanna. Hvar er ólukku reykinga-herbergið?“

Hann saup glas sitt alveg til botns um leið og hann sagði þetta, og svo studdi hann stóru, rauðu höndunum á bordið og vóg sig á fætur á þann hátt. Gerald stóð einnig á fætur og vísaði honum veginn.

Hid reglulega reykinga-herbergi klúbbsins var niðri; en það var ofurlítið herbergi, einskonar skot út frá stiganum, miðja vega milli gólfsins niðri og loptsins, er bordsalurinn var á, sem meðlimir klúbbsins máttu einnig reykja í, og þetta litla herbergi var upphalds-staður Gerald's. Hann fór því þangað með hinn nýja vin sinn og ljét hann setjast á þægilegan, stoppaðan bekk, sem lá allt um kring í herberginu eins og „divan“-ar á Austurlöndum, það að færa þeim kaffi og sæt vín, settist svo við hlið Mr. Chickering's og spurði hann að, hvað hann vildi reykja.

Mr. Chickering sagðist vilja reykja það, sem hann kallaði sigarettu, svo Gerald tók upp hylkið, sem hann hafði þær í, rjetti honum það, tók svo eina sjálfur, hallaði sjer aptur á bak, og beið þangað til

Mr. Ch
Hann þ
saug h
af honu
aði ána

„Y
yður?“

Ger

„Da

smekk y

þarna út

um. Lf

Um

stóra þ

hendiani

tók eitth

hjá kaffit

Þett

mant, ein

urntíma s

shilling, o

Gera

Mr. Chickering hafði kveikt í og byrjaði sögu sína. Hann þurfti ekki lengi að biða. Mr. Chickering saug heilmikið af reyk niður í lungun, spýtti sumu af honum út um nasirnar í löngum straum, andvarpaði ánægjulega og byrjaði sögu sína.

III. KAPÍTULI.

UNDARLEG SAGA.

„Yður geðjafist að demöntunum, sem jeg sýndi yður?“ sagði Mr. Chickering.

Gerald kinkaði kolli.

„Það sýnir smekk yðar, ungi maður; sýnir smekk yðar. En það eru til enn falletgri steinar þarna úti á „veldt“-inu, það er yður óhætt að veðja um. Lítið þjer bara á.“

Um leið og komumaður sagði þetta stakk hann stóra þumalfingrinn og víisifingrinum á hægri hendiani niður í einn vasann á gula vestinu sínu og tók eitthvað upp úr honum, sem hann lagði á borðið hjá kaffibollunum.

Þetta eitthvað, sem hann tók upp, var stór demant, einn hinn allra stærsti, sem Gerald hafði nokkur tíma sjeð. Hann var eins stór um sig og enskur shilling, og undarlegur eldur virtist brenna úr honum Gerald varð svo forviða, að hann hrópaði upp

yfir sig af undrun og sagði síðan: „Hvílíkur dásamlegur steinn!“

„Það er satt, fjelagi“, sagði Mr. Chickering um leið og hann hallaði sjer aptur á bak í bekknum og hafði gaman af undrun kunningja síns. „Þetta er dyrdlegur steinn, hann er það; á því er enginn vafi. En samt vantar mikið á, að það sje kongur demantanna okkar. Við finnum stærri steina þarna yfir á „veldt“-ínu, sagði Mr. Chickering og benti með höfðinu aptur á bak eins og að „veldt“-ið væri einhversstaðar í nánd við St. James torgið—t. d. einhversstaðar á Jermyn stræti.

Gerald tók steininn upp og ljét í lófa sinn. Hann var ekki æfður gimsteina slípari, en það þurfti engan æfðan gimsteina slípara til að sjá, þegar í bragði, að demant þessi var óvanalega fagur og óvanalega dýrmætur.

„Ef þjer hafði marga fleiri demanta slíka og þessi er“, sagði Gerald brosandí, „þá hljótið þjer að vera samílega ríkur maður“.

Mr. Chickering hallaði sjer aptur á bak í bekknum og skellihló, en sagði s: o: „Já, þjer segið satt; jeg býat við að jeg sje allvel fjáður. Það er nóg handa mörgum þarna fyrir handan“—hann benti aptur með höfðinu í áttina til St. James torgsins, eins og „veldt“-ið væri þar. „Það er nóg þar yfir frá handa miklu fleiri, en við vorum. Náman sá var ekki upp unnin í hasti, get jeg sagt þúur með vissu“.

Gerald rjetti honum demantinn, sem hann hafði

haldið
hafði
fagur
gerði
„Ef je
um“, h
kvatt
áttí og
E
hann a
stein-d
„I
heppni
„I
Mr. Ch
Sv
kefð.
viljun,
milljón
hafði sv
anir, va
um vil
álitíð si
í raun-
blaðið
fmyndu
inum, h
Rö
Óþægile

haldið á í lófanum á meðan þeir voru að tala; hann hafði verið að dást að því, hvað hann var þungur og fagur og verið að hugsa um, hvaða fjarska mun það gerði manni að eiga nokkra svipaða steina. „Ef jeg bara ætti fullar lúkur mínar af svona steinum“, hugsaði hann með sjálfum sjer, „þá gæti jeg kvatt blaðið *Catapult*, og gæti sagt: Húrra, í vestur átt! og farið í ferð kringum jörðina“.—


En þó að hann hugsaði svona með sjer, þá sagði hann að eins, um leið og hann ljét hinn tindrandi stein detta niður í lófa Mr. Chickering's:

„Djer og vinir yðar hljóta að vera mjög heppnir“.

„Dað er eptir því sem það er skodað“, svaraði Mr. Chickering.

Svo þöggðu þeir báðir um hríð og reyktu í ákefð. Gerald var að hugsa um hina undarlegu tilviljun, sem hafði gert hinn gulklædda vin hans að milljóna-eiganda, þar sem hann sjálfur (Gerald), sem hafði svo mikið yndi af að eyða peningum í skemmtanir, var þræll blaðsins *Catapult* fyrir sex guineum um vikuna. Dennen sama morgun hafði Gerald álitid sig heppinn pilt, sem fengi gott kaup—eins og í raun og veru var, og honum þótti mjög vænt um blaðið *Catapult*. En það, að sjá þessa tindrandi ímyndun-andæfa í rauða lófanum á Gerald's handinum, hafði truflað huga hans.

Rödd Mr. Chickering's vakti Gerald af þessum óþægilegu hugsunum.



„Hið skrifnasta er“, sagði Mr. Chickering, „að sumir þeirra vita ekki að þeir eru heppnir“.

„Sumir vinir yðar vita ekki að þeir eru heppnir?“, sagði Gerald, sem var farinn að verða forvitinn viðvíkjandi Mr. Chickering og vinum hans.

„Deir eru nú ekki vinir mínir enn“, sagði Mr. Chickering, „en jeg vona að þeir verði það þegar þeir fá að vita, hvað jeg hef að segja þeim. Meun koma ekki á hverjum degi frá Suður-Afríku og segja við menn: „Hjerna er dáltilt auður handa yður í demöntum“. Eða hvað segið þjer um það?“

Gerald neyddist til að játa, að slíkt skeði ekki á hverjum sólarhring. Satt að segja hafði slíkt ekki komið fyrir hann fram að þessum degi. Hann óskaði þó að svo yrði.

Mr. Chickering hló datt að þessu spaugi. Hann horfði góðlyndislega á Gerald um stund og sagði svo:

„Jeg vilði óska, að slíkt kæmi fyrir yður, því mjer geðjast svo vel að yður, fjelagi. Það er ekki að vita, að mjer geðjist að hinum, þegar jeg finn þá“.

„Degar þjer finnið þá?“ át Gerald optir. „Er yður alvara, að þjer þurfið að leita að mönnum í þessu skyni?“

„Þjer eigið kollgátuna, fjelagi. Það er einmitt það, sem jeg verð að gera. Set Chickering verður að snuðra allstaðar þangað til hann finnur vissar manneskjur, sem hann hafði ekki einu sinni heyrt.

get
ald

sinn
úts
hon
orð
hly

því
seg
um
og
að

leið
Ger
þyk

vera
hans
vel.
fjelt
rjett

hefu
áhrif
verð
nein

getið um fyr en fyrir ári síðan, og sem hann hefur aldrei á æfi sinni sjeð. Er það nógu hátt?“

Gerald áleit það sannarlega hátt; of hátt fyrir sinn skilning. Mr. Chickering ljét því svo lítið að útskýra málið. Hann var nú orðinn svo mjúkur, að honum var eðlilegt að segja sögu, og Gerald var orðinn nógu forvitinn til að geta setið þarna og hlýtt á hann.

„Málinu er svona varið“, byrjaði Mr. Chickering því: „Hugsið yður vissa menn, sem hittast og segja við sjálfa sig og sín á meðal, „þið og jeg skulum vera fjelagar og breyta svikalaust hver við annan, og skipta jafnt á milli okkar! Hugsið yður þetta til að byrja með“.

Mr. Chickering leit bænaraugum á Gerald um leið og hann kom fram með þessa uppástungu. Gerald kinkaði kolli til merkis um, að hann samþykkti að hugsa sjer þetta.

„Gott og vel“, sagði Mr. Chickering, og virtist vera upp með sjer af þessu merki um, að tilheyrandi hans var reiðubúinn að hlýða á sögu hans; „gott og vel. Setjum svo ennfremur, að sumir af þessum fjelögum segi við aðra af þessum fjelögum: „Alveg rjett, kunningi“, í hvert skipti“.—

Mr. Chickering stanzaði eins og ræðumaður, sem hefur sagt tilheyrendum sínum eitthvað fjarska áhrifamikið, eiuhvern sannleika, sem kemur allri veröldinni í hreifingu. En Gerald komst ekki í neina hreifingu og varð ekki hið minnsta forviða, en

hann vildi ekki láta sýnast að sjer væri sama, svo hann kinkaði kelli og sagði: „Auðvitad“.

„Og það er auðvitad“, sagði Mr. Chickering gládlega. „Sumir af þessum fjelögum sögðu við aðra af þessum fjelögum: „Heyrið þjer, herra, okkur er alveg sama, hvort við fáum mikið eða lítið úr þessari námu. En það er til fólk í veröldinni, sem okkur er fjandi mikið annara um en fjandans gömlu skrokkana & sjálfum okkur, og setjum því svo, að við komum því svoleiðis fyrir“. Og því var komið svoleiðis fyrir.“—

„Hvernig svoleiðis?“ spurði Gerald, sem ósjálf-rátt tók upp talsátt hins nýja vinar síns, þegar hann staldraði við í sögu sinni.

„Hann nú, svoleiðis“, svaraði Mr. Chickering. „Fjelagi númer 1 sagði, „jég kærir mig ekki mikið um peninga fyrir sjálfan mig, en það er unglings stúlka í London, mörg þúsund mílar hjeðan, sem peningar kynnu að gera lífið ánægjulegra. Hennar vegna vona jeg að verða ríkur“. Þetta var það sem fjelagi númer 1 sagði“.

„Já, og það var honum líka til mikils heiðurs“, sagði Gerald, því Mr. Chickering hafði stanzað og svipurinn á eldrauða-andlitinu hans virtist benda á að hann álti, að Gerald ætti að segja eitthvað.

„Dað er alveg rjett, kunningi, alveg rjett“, hjelt Mr. Chickering áfram optlr þessa athugasemd Gerald. „Fjelagi nr. 1 var góður dröngur, það var hann. Vesalings gamli fjelagi. Da stóð fjelagi nr.

2 á fætur—og hvað sagði fjelagi nr. 2 um málið? Hana nú, nr. 2 sagði: „Jæja, jeg kæri mig heldur ekki mikið um peninga, ef því er að skipta, þó mjer stæði það á fjandi miklu einu sinni, að hafa ekki peninga“, sagði hann. „En jeg á dreng þarna yfir í London, allar þessar þúsundir mílna hjedan“, sagði hann, og mjer þætti vænt um að hann fengi peninga“, sagði fjelagi nr. 2.“

Mr. Chickering stanzadi, og Gerald sagði eitt hvað til hróss þessum nr. 2. Chickering hjelt svo sögu sinni áfram og sagði:

„Dá kom fjelagi nr. 3 með sína athugasemd. Dað var Núi—það var Núi Bland. „Jæja“, sagði Núi Bland, „jeg get ekki verið með nein látalæti og segja, að mjer þyki ekki vænt um peninga, mjer þykir vænt um þá—og honum þótti það líka, ópokkanum. „En jeg á líka strák í London, ef til þess kemur, og jeg þoni að ábyrgjast, að honum þykir vænt um peninga, ef hann líkist nokkuð föður sínum“. Og milli okkar sagt, kunningi, þá er hann pokkalegur unglingur ef hann er líkur föður sínum, það er allt og sumt sem jeg hef um hann að segja. Hann var illmenni frá því fyrsta, hann Núi Bland.“

Gerald var farið að syfja ofurlítið. Rödd komu-mánnansins virtist hafa svæfandi áhrif á hann, og hann var farinn að láta augun aptur ósjálfrátt. En það var eithvað svo áhrifamikið í rödd Mr. Chickeringa þegar hann var að fordæma Núi Bland, að Gerald hrökk saman og rankaði við sjer.

„Já, herra minn, Núi Bland var reglulegasta prælmenni, það var hann“, sagði Mr. Chickering. „Þjer undrið yður ef til vill á því, hvers vegna við þá höfðum nokkur mök við hann?“ bætti Mr. Chickering við og starði spyrjendi á Gerald.

Gerald ljét í ljósi, að sjer hefði einmitt komið sú spurning í hug.

„Hvers vegna höfðum við þá nokkur mök við hann?“ endurtók Mr. Chickering. „Vegna þess, að við gátum ekki að því gert; það var ástæðan fyrir því. Það var hann sem fyrst datt í hug, að við skyldum fá námu-leyfið; en af því hann átti ekki eitt cent til í eigu sinni, þá leitaði hann til okkar fimm, fjelaganna“.

„Ó, þið voruð fimm í fjelagi“, sagði Gerald, af því hann sá að Mr. Chickering ætlaðist til, að hann segði eitthvað.

„Já, andvitað vörum við fimm. Einn okkar var Gentleman Jim, sem jeg hef sagt yður frá. Annar var—en það gerir nú ekkert til í þetta sinn hver hann var. Hann var kunningi Gentleman Jims; en hann fór burt áður en við fundum öln, eins og menn ségja. Gentleman Jim setti nafn bróður síns inn í fjelagið, og kunningi hans setti nafn systur sinnar í það, svo þarna vorum við öll í fjelagi, eins og þjer sjáid, og allir samningar voru gerðir hreinir og beinir og þægilegir“.

Gerald notaði tímann, sem leið á milli hinna ymsu staðhæfinga Mr. Chickerings, til þess að reyna

að b
honn
hann
að ta

sjer
hjálp
asta
stutt,

orðin
nú að
sögu,
hans,

hver
þessu
máske
virði þ
söttve
vinsin
þegar
þorir
leggis
minn“

M
hann s
gæti á
þvi ho

að búa til mynd af Mr. Nóa Bland í huga sínum, en honum heppnaðist sú tilraun ekki vel, því áður en hann var búinn að því, var Mr. Chickering byrjaður að tala aptur.

„Jæja“, hjelt hann áfram, og bar rödd hans með sjer að hin mörgu glöps, sem hann hafði druddið, hjálpuðu honum ekki til að gera söguna sem skýrasta eða áheyrilegasta, „til þess að gera langt mál stutt, þá rjeðum við málinu til lykta svona“.

Það var auðheyrt, að hugur M. Chickering's var orðinn á undan tungu hans, og að það, sem hann var nú að segja Gerald, var það, sem kom á eptir langri sögu, er hafði að eins flogið í gegnum hinn æsta heila hans, en sem hann hafði ekki sagt með orðum.

„Við komum okkur saman um, að vinna saman, hver fyrir annan og allir fyrir alla, eins og eitt af þessum fjandans „Tontine“-fjelögum, sem þjer hafði máské heyrt getið um. Líf manns er ekki mikils virði þarna yfir á „veldt“-inu þegar tekið er tillit til sóttveikinnar og svertingjanna, eldvatsins (brennivínsins) og slysa sem orsakast af skotvopnum; og þegar maður kemur undan ábreiðunni að morgni, þorir maður ekki að veðja aleigu sinni um, að maður leggist undir hana aptur að kveldi. Nei, herra minn“.

Mr. Chickering andvarpaði pungan um leið og hann sagði þetta. Gerald datt í hug, að hið sama gæti átt við fleiri staði en „veldt“-ið, en hann þagði, því honum fannst, að hann vera búinn að fá nóg af

sögu Mr. Chickering, og óttadist, að ef hann gæfi nokkurt orð fram í hana, þá myndi það tefja fyrir að hún tæki enda.

„Jæja“, hjelt Mr. Chickering áfram, „við komum okkur saman um, að við skyldum allir eiga jafnan hlut í námunni, og ef einhver okkar dytti úr sögunni, sem vel gat komið fyrir hvaða dag sem var, eins og þjer vitið fjelagi, þá átti hans hlutur að skiptast jafnt milli hinna, nema að hann ætti erfingja, sem hann óskaði að fengi sinn hlut. Jeg á nú ekkert barn sjálfur, af þeirri gildu og góðu ástæðu, að jeg hef aldrei giptst, og jeg á heldur enga ættingja, svo jeg viti; en hinir fjelagarnir áttu allir börn eða ættingja, hver einasti af þeim; einn átti son, annar átti dóttur, hinn þriðji átti bróðir, og hinn fjórði systir, og Núi Bland átti fallegan þiu.—Því fallegur hlýtur hann að vera ef hann er líkur Nóa, á því er enginn minnsti vafi“.

Mr. Chickering stanzadi enn einu sinni, og eptir að hafa drukkið glas sitt til botns, horfði hann í gaupnir sjer um hrið og virtist vera að hugsa um líðna viðburði, sem skað höfðu á veldt-inn. Dað var auðsjeð að sagan, sem hann var að segja Aspen, hjelt alltaf áfram í huga hans á meðan hann þagði og að þegar hann tók aptur til máls, þá byrjadi hann ekki þar, sem hann hafði hætt að tala, heldur þar, sem hugur hans var kominn; þegar hann tók aptur til máls. Hann varp nú óndinni þungan, festi hja nokkud blóðsprengdu augu sín á Gerald og sagði:

„fyr eð
þessun
veðja
hefði n
Bland,
fjandir
„E
bágt m
hugnas
tæki ep
„J
mionstr
,skunk
á milli
sem sty
var þes
og þjer
hann va
eins óhl
sjeð—o
yður óh
„O
hann sá
út um m
„Já
ú, þeir
„Ge
e'ki laus

„Jæja, við hrökkjum allir upp af klökkunum fyrða áðar; en jeg tók mjög nærri mjer að sjá þessum tveimur fjelögum á bak, það megid þjör vedja um. Ef það hefði nú verið Núi Bland, þá hefði mjer verið fjandans sama, en það var ekki Núi Bland, alls ekki. Það var samt allt Nóa að kenna— fjandinn haf hann!“

„Er það mögulegt?“ sagði Gerld. Hann átti bágnt með að fylgja sögu-præðinum, en hann vildi hugnast Mr. Chickering með því að sýna, að hann tæki eptir sögu hans.

„Já, heira minn“, svaraði Mr. Chickering, „að minnsta kosti állt jeg, að svo væri. Það var hann, skunkurinn sá arna, sem kom af stað bardaganum á milli Warblers gamla og vinar Gentleman Jims, sem stytta vesalings Warbler gamla stundir. Það var þess vegna, að vinur Jims skildi við okkur, eins og þjör vitið. Hann áleit að við hefðum ama af, að hann væri hjá okkur eptir það. Það var nú samt eins óhlutdrægur bardagi og jeg hef nokkurn tíma sjeð—og jeg hef sjeð nokkra um dagana, það er yður óhætt að vedja um“.

„Og hvað varð um Nóa“, spurði Gerald, því hann sá að Mr. Chickering var aptur farinn að rangla út um móa endurminninganna.

„Já, já“, sagði Mr. Chickering, „auðvitað. Hans úú, þeir hengdu hann náttúrlega“.

„Gerðu þeir það?“ spurði Gerald, og það var ekki láust við að hann yrði forviða á því, hve sorg-

lega snögg urðu æflok manns þessa, sem hann var orðinn forvitinn að fá að heyra meira um. „Hverjir gerðu það?“

„Piltarnir í búðunum, auðvitað“, svaradi Mr. Chickering. „Þetta var ekkert vafamál; hann skaut vesalings Gentleman Jim. Ef það hefði ekki verið næg sönnun, að Kínverji einn sá hann gera það, þá passaði kúlan alveg í pístólu Nóa, og engin pístóla var til í búðunum af sömu tegund og hans. Hann skaut hann í bakið eins og fjandans heigull, sem hann líka var. Svo þeir hengdu hann eptir að mál hans hafði verið rannsakað frammi fyrir Lynch* dómara; og það var honum líka máttulegt, því ég ált, að hann hafi gefið hinum fjelaganum eitur; og hann hefði drepið mig líka, ef hann hefði fengið nógan tíma til þess.“

„Hvers vegna mundi hann hafa gert það?“ spurði Gerald.

„Hvers vegna? Af því hann vildi eignast námunu einsamall, eigingjarni þjófurinn sá arna“, svaradi Mr. Chickering.

„Hann hefur verið dánumaður þessi Nói Bland“, tautaði Gerald.

„Dánumaður! Já, hann var meira en það, hann

*) Að hengja án vanalegs dóms og laga er nefnt „lynching“, og dregur nafn af manni einum í Bandaríkjunum, er hjet Lynch, sem glæpamenn voru færðir til, og sem hann da m li, án þess að taka mikið tillit til laganna. Hann var því n-fundur Lynch dómari. Ritstj. Lögb.

var afbragð, hann var—reglulegt afbragð. Jeg hef þekkt bysna mikil þrælmenni um dagana, í Frisco (San Francisco) og annarsstaðar; en ef maður vill heyra nefndan á nafn hinn reglulegasta, gegnum-sýrðasta fant, þá hjet hann Núi Bland. En hann dó án þess að kveinka sjer. Eptir að dómur var kveðinn upp yfir honum bað hann um tíma til að skrifa brjef, og hann fjekk einum afkviðdómendum það, til að koma á póstin, eins rólegur eins og ekkert væri; og svo sendu þeir hann yfir í eilífðina“.

„Þetta er undarleg saga“, sagði Gerald. Það virtist sannarlega vera harðyðgisleg saga um blóðs-úthellingar og fjársjóð, glæpaverk og ólögleg lög. Sagan var ef til vill ekki í sem beztu samhengi, en það kom til af aðferðinni, sem Mr. Chickering hafði við að segja sögu sína.

„Eptir það tók aði jeg búðinni“, sagði Mr. Chickering. „Náman var nærfi upp unnin, en jeg seldi hana samt fyrir hátt verð. Við höfðum komið öllum demöntum okkar í óhulta geymslu á stjórnar-bankanum í Cape Town, og það var líka fallegur auður. Og þar eð jeg var einmana í veröldinni, eins og maður segir, þá áleit jeg, að rjettast væri fyrir mig að koma hingað yfir til Englands og leita hina rjettu erfingja uppi. Jeg býst við, að þegar jeg finn þá og segi þeim frjettirnar, sem jeg hef að segja, að þeir álti sig regluleg lúkkubörn. Og allt saman er reglulega útbúið í skriflegum gerningi, sem lögfræðingur hefur búið út, og peningarnir eiga að útbýtast næsta nýár“.

„Hinn 1. janúar næstkomandi?“ spurði Gerald.
„Djer mælið rjett“, sagði Mr. Chickering. „Við
köllum þann dag nýár.“

Gerald hafði veður af, að eitt af lukkubörnunum
væri Krummi kaptéinn. Hann var í þann veginn
að minnast á það, þegar Mr. Chickering reis á fætur
og andvarpaði.

Það var ekki að undra, þó að umhugsanin um
aðra eins fortíð skyldi vekja söknuð hjá Mr. Chickering,
og það var auðsjeð, að hann hafði enga hugmynd um,
að það væru neinar eyður í sögu hans.

„Jæja“, sagði hann, „beztu vinir verða að skilja,
hvort sem þeir eru þarna yfir á veldt-inu eða
hjerna í Babilon, og jeg býst við að jeg verði að
bjóða yður góða nótt, ungi herra“.

Hann rjetti út miklu, rauðu hendina, sem stóri,
hvíti demantinn skein á, og Gerald reis á fætur og
rjetti líka út hendina, til að taka í hendina á Mr.
Chickering, þegar hann allt í einu dró hana að sjer
og stakk henni í brjóstvasa, sem var innan á frakka
hans.

„Ungi maður“, sagði hann með alvörugefni, sem
hinn einbeitti vilji hans að yfirbuga sljólelkann, sem
hin mörgu glöfs, er hann hafði drukkið, gerði enn
háttðlegri, „ungi maður, mjer geðjast vel að yður;
og þegar Set Chickering segir, að honum geðjast vel
að einhverjum, þá meinar hann það, hvert einasta
orð af því, og ef til vill dálftið meira, það er yður
óhætt að veðja um. Og þegar mjer geðjast vel að

ein
nú a
fjela

nú k
í geg
ætlad
rak
horfð

mesta
yður,

ing, o
nýja

því h

Geral

sem f

par a

S

Mr. C

G

„

geymi

mikils

hættu

hirðul

staupi

í kvel

einhverjum, þá ber jeg traust til hans, og jeg ætla
nú að treysta yður. Viljið þjer gera mjer greiða,
fjölagi?"

Gerald starði á hann undrandi. Hvað skyldi
nú koma? Eitt augnablik flaug sú ógöfuga hugsun
í gegnum höfuð Gerald's, að þessi ókunni maður
ætlaði að biðja hann um furlstið peningalán, en hann
rak þá hugsun jafnskjótt burt. Mr. Chickering
horfði spyrjandi augum á hann.

„Auðvitað“, sagði Gerald. „Mjer skal vera
mesta ánægja í því, ef jeg get gert yður greiða—
yður, sem eruð ókunnur maður í ókunnun landi.“

„Dað er drengilegt af yður“, sagði Mr. Chickering,
og það var auðsjeð, að svar Gerald's gaf honum
nýja hvöt til að segja það, sem honum bjó í brjósti,
því hann dró hendina upp úr vasa sínum og sýndi
Gerald mjög þykkt peningaveski úr brúnu leðri,
sem fest var saman með spennu, var og sterku bandi
þar að auki bundið utan um það.

„Sjáið þjer veskið að tarna, herra minn?“ sagði
Mr. Chickering.

Gerald kinkaði kalli.

„Jæja, jeg vil að þjer takið við veski þessu og
geymið það fyrir mig þangað til á morgun. Dað er
mikils til of dymætt til þess, að jeg eigi það á
hættu að týna því, og jeg veit að jeg er fremur
hirdulaus þegar jeg er búinn að fá mjer dältið í
staupinu; og jeg hef fengið mjer dältið í staupinu
í kveld, því neita jeg ekki; jeg er líka ókunnugur í

bæ þessum, en ætla mjer að ganga dálftið um hann og sjá, hvernig drykkjustofurnar, stúlkurnar og allt í heild sinni lítur út, svo það getur verið betra að hafa ekki veskið að tarna á sjer. Svo ef yður er það ekki á móti, fjelagi, þá takið við veskinu og geymið það þangað til á morgun, að jeg kem eptir því? Eða komið þjer ekki hingað inn daglega?“

„Jú, jeg kem hjer á hverjum degi“, svaraði Gerald, „og ef þjer óskið þess, þá skal jeg auðvitað geyma veskið; en gætuð þjer ekki. boðið einhvern annan fyrir það—eiganda hótelsins, sem þjer gistið á, eða brytann hjer á klúbbnum—“

Mr. Chickering hristi höfuðið og sagðe einbeittlega:

„Nei, herra minn. Þjer eruð maðurinn, sem jeg má treysta; jeg sje það þá yður. Hjerna er veskið“.

Um leið og Mr. Chickering sagði þetta rjetti hann Gerald veskið, sem hann tók hikandi við.

Gerald leit hálf vandræðalega á Mr. Chickering og sagði svo:

„Viljið þjer ekki að jeg fari út með yður. Jeg hef verk að vinna kl. 11, en þangað til—“

Mr. Chickering veifaði hendinni til merkis um að hann vildi það ekki, og sagði svo:

„Alls ekki, fjelagi, alls ekki, en jeg þakka yú samt fyrir boðið. Mjer þykir gaman að slarka um ókunna bæi, en jeg vil helst vera einsamall. Jeg hef slarkað í gegnum lífið einsamall hingað og tí

er ekki c
en þjer e
skulum
aður en l

Að s

þrýsti he
sinni, um
hana sun
sat eptir
hendinni,
Chickering
og þar tó
stórt gún
fór út í n
hafði þar
horfði á e

„Hef

þetta vesl

líka átt að

Gera

stóð þar r

við sjálfar

„Han

virðist ver

sig sjálfur

en London

geti verið

Gera

inöunum e

ollum hlut

er ekki orðinn leiður á því enn. Nei, herra minn; en þjer eruð góður drengur, það eruð þjer, og við skulum taka okkur reglulegan eldhúsdag saman áður en langt líður“.

Áð svo mæltu greip hann hönd Gerald's, og þrýsti henni svo fast með hinni járnsterku hönd sinni, um leið og hann kvaddi, að hann nærri kreysti hana sundur, og þrammaði svo leiðar sinnar. Gerald sat eptir orðlaus á bekknun, með veskið í vinstri hendinni, og horfði á eptir manningum, sem fór. Mr. Chickering þrammaði ofan stigan, niður í garðinn, og þar tók hann einkennilegi, gulklæddi risi afar stórt göngumál, sem hann hafði skilið þar eptir; og fór út í náttmyrkrið, en hópur af þjónum, er komið hafði þar saman til að sjá þennan einkennilega gest, horfði á eptir honum.

„Hefði jeg annars átt að taka að mjer að geyma þetta veski“, sagði Gerald við sjálfan sig. „Hefði jeg líka átt að láta hann fara út einsamlan?“

Gerald stóð upp, gekk fram að stiganum og stóð þar nokkur augnablik hugsandi, og sagði svo við sjálfan sig:

„Hann hefur drukkið þýsna mikið, en hann virðist vera vanur við það og vanur við að sjá um sig sjálfur, og það á hættulegri stöðum í veröldinni en London er, jafnvel að nóttu til—þó borg þessi geti verið nógu viðsjárverð, það veit hamingjan“.

Gerald bar þá virðingu fyrir London sem blaðamönnum er gjarnt til, og áleit borgina fremsta í öllum hlutum.

Sam var hann eitthvað órólegur. Hann stakk veskinu í hrjóstvasa innan á frakka sínum og hljóp niður stigann, hálf ráðinn í að elta Mr. Chickering til að fá nákvæmari upplýsingar hjá honum—um hvað, var honum varla ljóst. Hann fór í yfirfrakka sinn í snatri og fór út fyrir dyrnar. Það sáust engar stjórnur á himninum, en samt var ekki þykkt loft; það var það sem sjómenn kalla hreina, dimma nótt. Hann stóð á tröppunum framan við klúbbinn. Ljettir vagnar fóru með hraða í ýmsar áttir, og lamparnir á þeim glóðu eins og augun í undarlegum ófreskjum í einhverjum huldum kjarrskógi. Það fóru ekki margir framhjá á fæti, en enginn þeirra, sem sáust á gangi, hafði risavext Mr. Chickering. Gerald gekk spölkorni til vinstri með allmiklum hraða, og svo sneri hann til baka og gekk kippkorni til hægri bandar. En það var árangurslaust. Dó uminn sem hann beið um, óráðinn í hvað hann skyldi gera, væri stuttur, þá var hann nógu langur til þess, að Mr. Chickering var horfinn sjónum. Okunni maðurinn var horfinn út í London geiminn.

Arnjotur B. Olsen

IV. KAÐITULL.

Í FORDYRINU.

Á meðan Gerald stóð í fordyri klúbbsins, kom vagn akandi þangað og stanzadi. Hurðinni á vagn-

inum v
Gerald
teinn,
vagninu
honum
konur—
nær sat
Gerald
tilfinnin
björt og
hina kon
var eldri

Rav

Yngri k
inum, fyl
dyrunum
að Gerald
fegurð he
Gerald; s
sem hún

„Það
gera lykk
heim“, sag

„Alls
að hinna
gerðum er
ekki mikla
„Hver
minnið er
mannlega.

inum var lokið upp og út úr honum kom maður. Gerald þekkti strax manninn. Það var Raven kapteinn. Hann stóð ofurlitla stund við opnu dyrnar á vagninum og var að tala við tvær hefðarkonur, sem í honum sátu. Gerald sá glögg, að þær voru hefðarkonur—tvær hefðarkonur. Önnur þeirra, sú sem nær sat dyrunum, var mjög ung og mjög falleg. Gerald fjekk einhverja óvanalega hrifandi, gleðilega tilfinningu um, að andlitið væri mjög fingert, augun björt og hárið mikið, mjúkt og bjart. Hann sá ekki hina konuna eins glögg, en það var auðsjeð að hún var eldri.

Raven kapteinn var að tala við eldri konuna. Yngri konan hafði litið í gegnum gluggann á vagninum, fyrst á klúbbinn og svo á Gerald, sem stóð í dyrunum á honum, og það var við þetta augnatilliti að Gerald hafði fengið þessa hrifandi tilfinningu um fegurð hennar. Svo sneri unga konan andlitinu frá Gerald; svo hann að eins sá á vangann á henni þar sem hún sat, vafin innan í hvíta, mjúka yfirtreyju.

„Það var sannarlega mjög vel gert af yður, að gera lykkju á leið yðar með mig og koma mjær heim“, sagði Raven kapteinn við eldri konuna.

„Alls ekki“, sagði hún, og Gerald geðjaðist vel að hinni ákveðnu en góðlegu rödd hennar. „Við gerðum enga lykkju á leið okkar. Þjer gleymið ekki mikla deginum?“

„Hvernig gæti jeg gleymt honum á meðan minnið er við tyði“, svaraði Raven kapteinn þrúðmannlega.

„Við munum snúa yður á vora skoðun með tímanum“, sagði eldri konan.

„Jeg er hálf snúinn nú þegar“, sagði kapteinninn.

„Að minnsta kosti skuluð þjer fá að sjá, að kvennfólk getur gert suma hluti eins vel eins og karlmenn. Þjer skuluð sýna honum hvað það er að skilmast, eða viljið þjer ekki gera það, góða mín?“ sagði eldri konan við hina yngri.

Raven kapteinn sneri sjer að ungu konunni og sagði:

„Það verður sannarlega gaman“.

Unga konan hló mjög viðfeldnislega og sagði með sjerlega þýðri rödd: „Bíðið við þangað til þjer sjáið það, Raven kapteinn. Gerið yður ekki of skjótar vonir“.

„Jeg skal gera mjer vonir, en ekki of skjótar. Svo þakka jeg fyrir mig. Góða nótt“.—

Raven kapteinn lokaði vagnhurðinni, tók ofan hattinn, konurnar hneiðu sig og vagninn ók burt með hraða í áttina til King strætis. Þegar Raven sneri sjer við sá hann Gerald, heilsaði honum glaðlega og sagði: „Sælir verið þjer Aspen, drengurinn minn góði. Hvernig líður yður?“

„Mjer líður vel“, svaraði Gerald. „En heyrir þjer mig—get þjer fengið að tala við yður?“

„Auðvitað, góði kunningi, auðvitað“, svaraði Raven. „Jeg vona að það gangi ekkert að í klábbnum. Eru nokkrar kvartanir? Nokkrar áfrýjanir til nefndarinnar?“

Gerald

„Nei, þ

langar þar

„Gott

Tófrandi k

„Já“,

„Hvað

hljótið að þ

þeirra geti

Deir s

studdi ann

horfði, með

uppgerðar

eins og þan

þar sem hj

eptir torgin

Gerald

riddaralega

„Hvað

Gerald. „J

„Kæri

þessi hefðar

hin var hin

Gerald

„Hvað

Raven

og sagði:

„Ó, þjer

Miss Fidelis

Gerald hló, og sagði:

„Nei, það gengur ekkert að í klúbbsnm. Mig langar bara til að tala uokkur orð við yður.“

„Gott og vel. Sáuð þjer konurnar í vagninum? Töfrandi konur!“ sagði Raven.

„Já“, sagði Gerald. „Hverjar eru þær?“

„Hvað! Dekkið þjer þær ekki? Ó, þjer hljótið að þekkja þær. Þjer hljótið að hafa heyrt þeirra getið, þó—þjer blaðamaðurinn.“

Þeir stóðu enn í fordyri klúbbsins. Gerald studdi annari hendinni á vængjahurðina, en Raven horfði, með svip sem lýsti blendingi af alvöru og uppgerðar tilfinningum, í áttina til King strætis, eins og hann sæi í huga sínum slóð af gullnum eldi þar sem hjólin á hinum hverfandi vagni höfðu runnið. eptir torginu.

Gerald gat ekki að sjer gert að hlæja að ástariddaralega svipnum á háðsama klúbbs-ritaranum.

„Hvað þjer eruð þó spaugilegur, Raven“, sagði Gerald. „Hverjar eru þær annars?“

„Kæri drengur“, sagði Raven háttilega, „önnur þessi hefðarkona var hin töfrandi lafði Scardale, en hin var hin enn meir töfrandi Miss Locke.“

Gerald nærri hrökk saman af undrun.

„Hvað—Fidelía?“ spurði hann.

Raven kapteinn horfði á hann einkennilega og sagði:

„Ó, þjer hafði þá heyrt hennar getið? Það var Miss Fidelía Locke.“

„Jeg heyrði hennar getið rjett af tilviljun“, sagði Gerald í fytli. „Nafn hennar var á heimboðs-
seðli, sem jeg fjekk—rjett á vanalegan hátt, sem blaðamaður—til að vera við athöfn nokkra á ein-
hverjum skóla, sem lafði Scardale—jeg hef náttúr-
lega heyrt getið um lafði Scardale—er fyrir framan
um, og nafn Miss Locke var á seðlinum“.

Raven kapteinn kinkaði kelli og sagði:

„Það á að verða stórkostleg athöfn. Það á að
fara að kenna heiminum hvernig hann á að ganga
útaf hinni gömlu braut sinni, byst jeg við. Kæra
lafði Scardale. Hún er eins góð og velviljuð kona
og nokkurn tíma hefur dregið anda, og hún hefði
verið eins ánægð eins og hún er góð, ef hún hefði að
sins giptst góðum manni. En það eru nú ekki
margir menn í veröldinni, sem hafa þá syki“, bætti
hann við hlæjandi.

„Og hvað segir þjer um Miss Locke“, sagði
Gerald.

„Ó, Miss Locke er töfrandi yngismær, og lafði
Scardale er leiðtogi hennar, ráðanautur og vinur.
Hún er óttalega vel að sjer og óttalega nymóðins í
skoðunum, og lafði Scardale heldur ósköpin öll uppá
hana—og það gera margir fleiri en lafði Scardale“.
Þetta sagði Raven kapteinn á þess að hlæja um
leið.

„Og hún er falleg“, sagði Gerald, eins og hann
væri að svara eigin hugsunum sínum. Og ef hann
hefði haldið áfram eins og hann byrjaði, þá hefði

hann ba
hefur ek

„E
ljómand
í veröld
lífið líkt

Rav
urlöndur
um sjer
brúka or

„En
hafi ekki
mig um-

kapteinn

„Ne

„Dá

sjálf“, sa
opinni; og
fór úr yfir

kapteinni
á austurle
kvennleg

„Við
bergið“, s

Deir

llt um kr
af nafntög
að þar var
ust þar ni

hann bætt við, „og hún brúkar ekki gleraugu og hefur ekki pokótta regnhlíf, þegar til kemur“.

„Fallegr! Jeg hefði nú sagt þá. Hún er bara ljómandi fögur. Jeg vildi óska, að allt kvennfólk þú í veröldinni væri eins fallegrt og hún er. Þá væri lífið líkt hinum sjöunda himni, það veit Allah!“

Raván kapteinn hafði ferðast æði mikið, á Austurlöndum og þótti vænt um þau, og skemmti sjálf um sjer og kunningjum sínum stundum með því að brúka orðfæri Múhammedana.

„En hvað sem því líður, þá byst jeg við að það hafi ekki verið það, sem þjer ætluðu að tala við mig um—fegurð Miss Fidelíu Locke?“ sagði Raven kapteinn.

„Nei, vissulega ekki“, svaraði Gerald.

„Þá skulum við fara inn og tala um málið sjálft“, sagði Raven, um leið og hann ytti hurðinni opinni, og svo fóru þeir báðir inn í ganginn. Raven fór úr yfirfrakkannum—hann var úr lóðskinnum, því kapteinninn þóttist vera eins viðkvæmur fyrir kulda, á austurlenzka vísu, eins og hann var hvað snertir kvennlega fegurð.

„Við skulum fara inn í morgunverðar herbergi“, sagði Raven. „Það er líklega enginn þar“.

Deir fóru því inn í það herbergi, sem var prýtt allt um kring á veggjunum með ágætum myndum af nafntögnum ferðamönnum. Það hitust svo á, að þar var enginn maður, svo Raven og Aspten settust þar niður, og Raven fór strax að reykJa.

„Jæja“, sagði Raven, „komið þjer með það, sem þjer ætlið að segja; hvað er það?“

„Hafið þjer nokkurn tíma heyrt getið um mann, sem heitir Set Chickering?“ sagði Gerald.

„Set Chickering!“ Raven kaptéinn bljes stórt reykjarský út í loftið og hugsaði sig um á meðan það var að eyðast, „Set Chickering, Set Chickering? Já, að minnsta kosti—nei, jeg þekki hann ekki neitt; en maður einn, sem náði kosningu sem meðlimur klúbbsins fyrir nokkru síðan, hjet þessu nafni. Hvað vitið þjer um hann?“

„Ekki mikið; en hann var hjer í kveld“, sagði Gerald.

„Fari hann nú gráskjóttur! Hvaðan kom hann?“ sagði Raven.

Á meðan þeir voru að tala saman stóð Raven og hallaði sjer upp að hyllunni ofan við arninn og horfði niður fyrir sig á Gerald, sem sat á hæginda-stól og horfði því upp fyrir sig á Raven. Gerald gat ekki annað en borið þá saman í huga sínum Raven kaptéin og manninn, sem þeir voru að tala um, manninn, sem hafði skilið við hann fyrir fáum mínútum síðan.

Raven var mjög hár og grannur. Kolsvarta hárið á honum var klippt stutt, og svarta yfirskeggið var nett og vaxbórið; augun voru svört og glampandi. Húðin var nærri eins dökk og á Spánverja, og gaf honum þann svip er Frakkar nefna *ðheilla-voenlegt úllit*. Hann var mjög umhyggjusamlega

klæð
unda
ofdir
kenn
spila
sem
hans,
vill s
varla
hann
glæf
Chiel
nokk
:
hann
sama
hang
En h
heilm
bróðu
”
Raver
”
að br
sagði
”
og an
„Okku
það li

klæddur og hafði við sig eitthvað það er virtist vera undarlegt sambland af fimleik, hæglátum styrk og ofdirfsku, sem minnti á sambland af kennara sem kennir kvennfólki að ríða og snyrtilegum Mississippi spilamanni. En samt heyrði maður á hverju orði sem hann talaði, og sá á hverri einustu hreifingu hans, að hann var tígin maður. Það mátti ef til vill segja, að hann væri glæframaður, og hann hefði varla sjálfur neitað, að svo væri, en hvað um það, hann var þó undir öllum kringumstæðum tígin glæframaður. Já, hann var undarlega ólíkur Set Chickering, og það var skriftið, að það skyldi vera nokkurt samband milli þeirra.

„Jæja“ sagði Gerald, „það lítur út fyrir, að hann hafi komið frá Suður-Afríku. Hann sat við sama borðið og jeg og sagði mjer langa, ósamanhangandi sögu, sem jeg botnaði ekki almennilega í. En hún var mest um demanta-námu, og hann hafði heilmikið af demöntum á sjer, og hann talaði um bróður yðar—“

„Já, jeg á bróðir einhversstaðar þar ytra“, greip Raven fram í.

„Jeg er hræddur um, af nokkru sem hann sagði, að bróðir yðar sje ekki lengur í tölu hinna lifandi“, sagði Gerald.

„Ó, er vesalings gamli Jim dáinn“, sagði Raven og andvarpaði, en ypti svo ögn öxlum og bætti við: „Okkur þótti ekki mjög vænt hverjum um annan; það liggur í ættinni. Jeg býst við að það sje bágt

en það er ekki hægt við því að gera, eða hvað segið þjer?“

„Mjer er ómögulegt að segja um þetta með vissu“, hjelt Gerald áfram. „Honum kann að hafa skjátlást eða jeg máske misskilið hann. Sagan var mjög ósamanhangandi; og allt endaði með því, að hann drakk meira en gott var fyrir hann. Svo vildi hann fara út, og hann lagði að mjer að geyma veski eitt fyrir sig. Það leit út fyrir, að hann hafi bundið einskonar vinskáp við mig.“

„Mjer þykir það ekki undarlegt“, sagði Raven góðlátlega. Honum þótti sjálfum vænt um Gerald. Honum, sem hafði sjeð svo mikið af heiminum og háttum hans, þótti vænt um og geðjaðist vel að þessum unga, duglega og eldfjöruga manni, sem þekkti hvorutveggja svo lítið, og maður, sem var eins gamall í hettunni og Krummi kapteinn, hafði gaman af, hvað þessi ungi maður þóttist æfulega viss í sinni sök. „Jæja, hvað svo?“

„Jæja, jeg tók við veskinu, en jeg er ekki viss um, að það hafi verið rjett af mjer. Jeg fór út á eptir honum og ætlaði að fá honum veskið, en hann var horfinn, og í þeim svifum komuð þjer. Heyrið þjer, Raven, álítið þjer ekki, að úr því þjer eruð ritari klúbbsins að jeg ætti að fá yður þetta veski til geymslu?“

Raven hló, og sagði svo:

„Nei, þakka yður fyrir, góðurinn minn. Jeg er ekki sá einfeldningur að taka uppá mig neina

abyrg
tekið

það þ
Hvar

„
“

Raven

„
morgu

Gerald

„Djer þ

morgu
og tala

líka til

Ge

minnas

erfði ein

ad gera

gæti að

hann (

öllum k

láta Rav

erfingi
því um
„Ja
taka yður
við mig“
„Nei

„Abyrgð, sem jeg get komist hjá. Nei, þjer hafð tekið við veskinu, og það er best fyrir yður að geyma það þangað til þjer getið skilað honum því áptur. Hvar heldur hann til?“

„Hann gat þess ekki“, svaraði Gerald.

„Mælti hann sjer ekki nóst við yður“, spurði Raven.

„Ójú, hann sagðist koma hingað í klúbbinn á morgun og heimta þá veski sitt hjá mjer“, svaraði Gerald.

„Gott og vel, þarna er það“, sagði Raven.

„Þjer þurfið að eins að geyma veskið þangað til á morgun. Jeg skal passa mig að vera þá staddur hjer og tala við þennan Mr. Set Chickering. Mig langar líka til að vita vissu mína um Jim.“

Gerald var kominn á fremsta hlunn með að minnast á það við Raven, að mögulegt væri að hann erfði eitthvað af demöntunum, en svo áleit hann betra að gera það ekki. Hann hugsaði með sjer, að skeð gæti að saga Set Chickering væri ekki sönn, eða að hann (Gerald) hefði misskilið Chickering. Undir öllum kringumstæðum áleit hann tilgangslaut að láta Ravan smynda sjer of snemma, að hann væri erfingi að nokkru af demöntunum. Gerald þagði því um þetta efni.

„Jæja“, sagði Raven. „hvað ætlið þjer nú að taka yður fyrir hendur? Komið og spilið ‚billiards‘ við mig.“

„Nei, þakka yður fyrir“, svaraði Gerald. „Jeg

þarf að fara til að vera við þessa athöfn—ljómandi
sýning—Metropole—. Djer féið að sjá lýsingu af því
öllu í *Catapult*“.

„Ef svo er“, sagði Raven, „þá ætla jeg ekki að
ómaka mig á að fara þangað. Það væri rangt af
mjer að skemma gamanið, sem jeg hef af að lesa
hina ljómandi lýsingu yðar á því, sem gerist, með
því að sjá sjálfur hve leiðinlegt og ómerkilegt það
er í raun og veru“.

„Það er vel gert af yður“, sagði Gerald. „Jæja,
jeg fer mína leið. Góða nótt“.

„Góða nótt“, sagði Raven.

Þegar þeir buðu hver öðrum góða nótt, voru
þeir komnir út í ganginn. Raven fór svo upp stig-
ann og þangað, sem billiard-stofan var, en Gerald
fór í yfirfrakka sinn og lagði af stað þangað, sem
hann var boðinn.

V. KAPÍTULI.

ÞAD SEM SKEÐI Í ST. JAMES STRÆTI.

St. James stræti hlýtur að verða stöðug gleð
uppspretta fyri þá, sem í alvöru elska London
Samland það af fornleik og nýleik, sem á sjer þ
stað, orsakar þeim, er elskar London, sömu töfran
tilfinningu um stöðugleik og varanleik og ge
Rómaborg svo töfrandi. Því eins og saga Róm
borgar hefur í stórum stýl haldið áfram slitring

laust s
(og m
merkil

St, Jan

götu þ

nú fyr

tveimu

alls fj

þess,

þess l

London

Chelsen

aldir, s

höfuðst

stræti r

er það

fjelags

og synd

Tö

eru mei

einman

ekki he

myndir

í grafh

ungmen

Grikkja

leikhrin

seturs R

hefur fa

laust síðan Rómulus stókk yfir leirveggi borgarinnar (og maður gæti sagt að saga hennar hefði orðið merkilegri eptir því sem aldinnar liðu), þannig virðist St. James stræti hafa hið sama töfrandi lífsafl. Í götu þessari eru klúbbar, sem hjetu sama nafni og nú fyrir nærri tveimur öldum síðan. Fyrir nærri tveimur öldum síðan var St. James stræti miðdepill alls fjelagslífs, alls þess, sem laut að pólitík, alls þess, sem var glæsilegt og fyndið — og þegar til þess kom — alls þess sem var syndsamlegt í London-heiminum. Þær tvær aldir, sem hafa gert Chelsea og Hamstead að parti af London, þær tvær aldir, sem hafa gert borg Önnu að hinum mesta höfuðstað í heiminum, hafa ekki breytt St. James stræti mikið. Þó það sje nokkuð breytt í útliti, þá er það að miklu leyti hið sama í anda — miðdepill alls fjelagslífs, alls þess sem er pólitískt, skfuandi, fyndið og syndsamlegt í London-heiminum.

Tölum um reimleika! Í engum stað í veröldinni eru meiri reimleikar en í St. James strætinu: ekki í einmanalega Karnak, ekki í rústum Acropolis og ekki heldur í Coliseum. Maður getur búið sjer til myndir í huga sínum af Egýptalandi af múmfunum í grafhvelvingum konunganna, sjeð í huga sínum ungmennin og meyjarnar í Parþeoninum á hátíðum Grikkja, og sjeð mannþyrpinguna í hinum yfirgefna leikhring (amphitheatre) í skugga hins mikla keisarsæturs Rómaborgar. Þetta er allt rústir; veröldin hefur farið framhá því; þessir staðir eru best fallnir

til að sitja á þeim og særa upp vofur fornaldarinnar. En St. James stræti, með öllu sínu lífi, mannþyrpingum og hreifingu nótt og dag, með sínum tignarlegu byggingum, með sínum endalausum og sífreyttum fólksstraum, já, St. James stræti er þeim, sem gefinn er fyrir að láta sig dreyma um liðna tíma, eins draugalegur staður eins og nokkrar musterisrústir í Egyptalandi, Grikklandi eða Ítalíu. Sá, sem þannig lætur sig dreyma, getur sjóð í huga sínum, ef hann stendur við gluggann á einhverjum klúbbum í St. James stræti, alla hina nafntoguðu menn sex undanfariandi kynslóða fara fram hjá—St. John og Swift, Harley og Hervey, Johnson og Goldsmith, hinn ófyrirleitna Richard Savage, Fox hinn meiri, og Pitt hinn minni og Walpole, sem ritaði brjef, og hinn vonda „Q“ og hinn góða Richardson, hinn mikla Burke og Beau Brummel, og D'Orsay og Byron. Hvíllkur her—hvíllkar endurminningar! Súlurnar í Karnak, Apenu-hæð og Coliseum-hringurinn geta ekki sært upp undrunarverðari vofur en koma fram í huga manns við það, að horfa á þetta fjölsfarna bjarta, líflega London stræti.

Engar slíkar hugsanir komu samt í heila M. Chickering, þar sem hann þrænaði inn í St. James stræti nokkrum mínútum eptir að hann kvæð Gerald. Hann hafði ef til vill heyrt getið um St. James stræti, en ef svo var, þá vakti það engar sjónstakar hugsanir hjá honum, að hann kom í þetta stræti. Hann hafði gengið yfir York stræti og in

í Jermy
fremur
röðina
á Jermy
var Pic
James
klukkan
tungl
litla stu
Hann ha
þyldi by
og ekki
hann stó
syfjaði.
ljós tilf
honum t
hægri, að
var og d
Hvað ser
gekk í ha
Park).

Hva
þá hafði
hve sögu
um allt, s
sem geng
—og sem
skap við.

En þ

í Jermyn stræti og gekk all-bratt áfram, þó með fremur ójöfnum skrefum, þangað til hann kom inn í rúðina á St. James stræti. Hann stanzadi á horninu á Jermyn stræti og litaðist um. Til hægri handar var Piccadilly, allt upplýst, en vinstra megin St. James Park, dimmur og drungalegur, nema hvað klukkan mikla á hallarturninum leit út eins og tungl í dimmuni. Mr. Chickering stóð þarna ofurlitla stund, óráðinn í hvaða leið hann skyldi fara. Hann hafði drukkið æði mikið, og þó höfuð hans pyldi býsa mikið vín, þá var hann dálftið ruglaður og ekki laust við að hann svimaði, og á meðan að hann stóð þarna við, geispaði hann eins og hann syfjaði. Það má vera, að það hafi verið einhver óljós tilfinning um, að hann væri slæptur, sem kom honum til að beygja til vinstri handar, heldur en til hægri, að ganga heldur í þá áttinni, sem fáferðugt var og dimmt, en þangað, sem hávaði og birta var. Hvað sem um það var, þá beygði hann til vinstri og gekk í hægðum sínum niður til garðsins (St. James Park).

Hvað sem hann kann að hafa haft meðvitund um, þá hafði hann að líkindum enga hugmynd um það, hve söguríkt svæðið var, sem hann var staddur á— um allt, sem það gat minnt á, og um allar þær vofur sem gengið höfðu eptir þessu stræti á undan honum— og sem hann átti svo bráðlega að komast í fjelagskap við.

En þó engar slíkar vel við eigandi hugsanir

kæmu í hinn æsta heila Mr. Chickerings, þá dönsuðu þær notalega í heilanum á öðrum manni, sem einnig var á gangi. Nærri á sama augnabliki og Mr. Chickering beygði úr Jermyn stræti inn í St. James stræti, kom annar maður úr áttinni frá Piccadilly og beygði inn á St. James stræti, og gekk í hægðum sínum niður eptir því vinstra megin. Hann var maður sem stundum var gefinn fyrir hugleiðingar, og þó þessar hugleiðingar væru fremur sjálfsagðar, þá höfðu þær að minnsta kosti komið svo opt í hug hans áður, í ýmsum afkimum veraldarinnar, og voru því svo hversdagslegar að þær urðu tignarlegri við kringumstæðurnar, sem orsökuðu þær. Í þetta skipti virtist manni þessum St. James stræti ókunnuglega en eyðimörkin og einkenningalegra en Siberíu þar sem hann labbaði í hægðum sínum eptir því og reykti vindil sinn, og skemmti sjer við að hugsa um örlög St. James strætis, og hafði það að gamni, að særa vofur þeirra St. Johns og Fox upp í hug sínum til að vera förunautar hans.

Allt í einu sleppti hann þessum tignarlegum vofum úr huga sínum. Hann sá stóran, gulklæddan mann þrættu spölkorn á undan sjer. Það var eitthvað það við göngulagið og búninginn, sem vakti athygli hans. Hann stanzaði sem snöggvæð einn og mönnum, sem labba í hægðum sínum, og gjarnt þegar þeir sjá eitthvað þrættu og gegglega, sem vekur athygli þeirra.

Honum kom vaxtarlag mannsins, sem á undan

var, kunnur
ins vakti
það? Hv
hann kan
minni á þ
komið fyr
heimsins
og í einm
það árang
sig: „Ja
kemst jeg
sjer á ept
urinn.

„Það
hafði hann
stanzadi á
út fyrir að
fötonum, s
áður, hafði
hefði svelg
„Dett
sig. „Ha

því þær er
heima og l
heimilis í

Maðu
nú aptur á
hugaði hva
lega og va

var, kunnuglega fyrir; jafnvel sniðið á fötum manns-
ins vakti endurminningar hjá honum. Hvað var
það? Hver var það? Hann efadist ekki um, að
hann kannaðist við vaxtarlagið. Hann hafði gott
minni á þessháttar, en hann gat ekki á augnablikinu
komið fyrir sig, hver maðurinn var. Í hvaða hluta
heimsins hafði hann kynnst manni svona í vextinum
og í einmitt svona fötum? Hann braut heilann um
það árangurslaust. En svo sagði hann við sjálfan
sig: „Jæja, jeg skal elta hann og ná honum; þá
kemst jeg að hver hann er“. Og svo hraðaði hann
sjer á eftir honum. En í sama veffangi hvarf mað-
urinn.

„Það eru vindbólur á landi eins og á vatni“,
hafði hann upp með sjálfum sjer um leið og hann
stanzaði aptur, „og þetta er ein þeirra“. Það leit
út fyrir að svo væri. Stórvaxni maðurinn í gulu
fötunum, sem hann hafði sjóð nokkrum augnablikum
áður, hafði horfið eins algerlega eins og þó jörðin
hefði svelgt hann í sig.

„Þetta er býsna skritið“, tautaði hann við sjálfan
sig. „Hann gat ekki hafa farið inn í neina búðina,
því þær eru allar lokaðar. Máske hann eigi hjer
heima og bafi farið inn í húsið, sem hann er til
heimilis í“.

Maðurinn, sem tautaði þetta við sjálfan sig, fór
nú aptur að labba hægt, en hjelt þó áfram og at-
hugaði hvert hús, sem hann gekk framhjá, for-
lega og var að reyna að gizka sjer til, í hverju þeirr

sem á und

þessi einkennilegi maður mundi eiga heima. Allt í einu stanzaði hann. Hann hafði, alveg mót von sinni, komið að auðu bili í gegnum húsaröðina; hann stóð við mynnið á mjóum gangi, sem lá út frá St. James strætinu. Gangurinn var mjög mjór, því mynni hans var ekki breiðara en vanalegar dyr. Það var mjög dimmt í ganginum, þó það virtist vera ljósglæta í innri enda hans.

Maðurinn, sem var að athuga þetta, blistraði lágt við sjálfan sig og tautaði svo:

„Jæja, jeg hjelt að jeg væri bysna kunnugur í St. James stræti, en jeg man ekki eptir, að hafa sjeð þennan gang áður. Maður lærir svo lengi sem maður lifir, það veit hamingjan! Að hugsa sjer, að jeg hef ferðast um allan hnöttinn, og rek mig nú í fyrsta skipti á þennan gang, út frá stræti sem jeg er kunnugastur allra stræta, og sem líklega var þó þar, sem hann er, á dögum Önnu drottningar“.

Hann saug vindil sinn með mestu ákefð í nokkur augnablik og tautaði svo við sjálfan sig: „Skyldi þá maðurinn, sem jeg var að elta, hafa skotist þarna inn“.

Á meðan hann var að tauta þetta þóttist hann heyra óglóggmátt mannamál inni í myrkrinu í ganginum—og jafnvel að eitthvað dytti þar inni.

„Skyldi nokkuð ganga á þarna inni“, sagði hann við sjálfan sig. „Jeg er forvitinn að náttúrunni, svo þú vita um það“.

Alveg í sömu svifunum, og rjett þegar hann

erlaði in
var maður
sem rak s
elta gul
ur, en ha
sá, sem ra
leið og
bak, gaf l
reiðu eða
bölvi. H
um, er ha
við birtun
með mikið
verkamenn
það var all
er ljósið sl
svo snögg
næsta aug
eins og fæt
inu í áttina
áður en ma
búinn að á

„Jæja“
hlálegt hát
því er engi
hanu líka s

Hann st
hann var að
hann aptur

ætlaði inn í ganginn, rakst eitthvað á hann. Það var maður, er kom hlaupandi innan úr ganginum, sem rak sig á hann. Maðurinn, sem hafði verið að elta gulklædda manninn, var sterkur og sterkbyggður, en hann hröklaðist samt til af árekstrinum, og sá, sem rak sig á hann, hröklaðist einnig til. Um leið og hinu hlaupandi maður hröklaðist aptur á bak, gaf hann af sjer hljóð, sem líktist meir urri í reiðu eða hræddu villidyri, en manns rödd, jafnvel bölví. Hann sneri sjer sem snöggvast að manninum, er hann hafði rekið sig á, sem sá hann glögg við birtuna af gasljósinu. Hann var skeggjaður, með mikið úfið hár, og hafði samkyns hatt á höfði og verkamenn vanalega hafa. Hárið var rauðleitt— það var allt sem hann sá á þessum fáu augnablikum, er ljósið skein á manninn, sem hafði rekið sig á hann svo snögglega, og auðsjáanlega alveg óvart. Á næsta augnabliki sneri maðurinn sjer við, og fýði eins og fætur togudu, hávaðalaust, niður eptir strætinu í áttina til St. James garðsins, og var horfinn áður en maðurinn, sem hann hafði rekið sig á, var búinn að átta sig aptur almennilega.

„Jæja“, sagði hann við sjálfan sig, „þetta er hlálegt háttalag. Það var fjandans asi á honum, á því er enginn vafi. Hvíllt andlit! Af hverju varð hann líka svona felmtaður?“

Hann stóð enn þarna við innganginn, og á meðan hann var að tauta þetta þetta við sjálfan sig náði hann aptur andanum til fulls, sem hann hafði nærri

misst við áreksturinn. Strax og hann náði sjer aptur tók hann þá ákvörðun, að fara inn í ganginn, sem hann hafði undrað sig svo mikið á að skyldi vera þarna, og skoða hann. Hann gekk varlega inn eftir honum. Gangurinn var dimmur, mjór og óhreinn og lá á milli tveggja húsa, og endaði í ofurlitlu ferhyrnu svæði eða garði, sem myndadist af bakparti nokkurra húsa. Það var hlálegt, óþriflegt svæði, og undarlegt að það skyldi vera þarna fast við St. James stræti.

Ferhyrningurinn var ekki stærri en svo, að vanalegt hús hefði komist fyrir í honum. Bökin á húsunum í kring inniluktu hann alveg, nema þar sem mjóli inngangurinn frá strætinu var. Bakpartarnir á óþriflegum húsum, í þjettbyggðum svæðum í stórbæjum, eru sjaldan skemmtileg sjón, en manni þessum virtist bakpartarnir á húsunum í kringum ferhyrning þennan sjerlega óyndislegir og gluggarnir á húsveggjunum vera einhvern veginn ófrýnilegir útlits. Upp yfir sást í lopt, og einstöku stjörnur tindruðu þar. Loftið var þungt og óþægilegt þarna inni, svo mannum faust hann eiga erfitt með að anda.

„Hvílíkt óhræsis skot er þetta ekki“, sagði hann við sjálfan sig, þar sem hann stóð þarna innst í gauginum og horfði í kringum sig. „Skyldi hinn undarlegi náungi, sem jeg var að elta, geta með nokkrum móti átt hjer heima. Ef svo er, þá ófunda jeg hann ekki af bústaðnum, sem hann hefur valið sjer“.

„E
ferhyr
einn ge
að segj
til mun

„M
maðurin
áfram l
sem haf

„Jeg í
blettur
væri til

Um
undir hi
ferhyrni
en ekki
með dra
gegnum
viðurken
sömu an
enn drau
einu hor
er hefði
eitthvað
húkti þar
veggnum

„Sky
urinn við
lauk ekk

„Hann gekk varlega áfram dálftið lengra, því ferhyrningurinn var illa lýstur upp. Þar var að eins einn gaslampi á einum veggnum, og var varla hægt að segja að hann lýsti þennan óyndislega stað upp til muna.

„Menn tala um sjáanlegt myrkur“, tautaði maðurinn við sjálfan sig um leið og hann fetaði sig áfram lengra og lengra, rekin til þess af forvitninni, sem hafði komið honum til að fara inn í ganginn. „Jeg ímynda mér, að þetta sje hinn verst lýsti blettur í veröldinni. Þetta er staður, sem hentugur væri til að skera mann á háls!“

Um leið og hann sagði þetta stanzaði hann undir hinum eina gaslampa, sem var þarna inni í ferhyrningnum. Birtan af lampanum var lítið betri en ekki neitt og virtist fylla þennan myrkva stað með draugalegum skuggum, svo það fór hrollur í gegnum manninn, og hann virtist þannig ósjálfrátt viðurkenna hin niðurdragandi áhrif þessa staðar. Í sömu andrænni tók hann eptir skugga, aem var enn draugalegri en hinir aðrir—skugga, sem var í einu horninu á ferhyrningnum og sem líktist manni, er hefði otlíð þar útaf. Það var ekki skuggi; það var eitthvað ápreifanlegra; það var manns-líkani, sem húkti þar eins og í hrúgu og sneri andlitinu upp að veggnum.

„Skyldi hann verra dauða drukkinn?“ sagði maðurinn við sjálfan sig. „Drukkinn—eða—“. Hann lauk ekki við setninguna, heldur beygði sig niður

og snerti á líkamannum. Líkaminn veltist svo um við það, að hann var snertur, að andlitid sneri að ljóstyrnni. Það var auðsjeð að maðurinn var þrændur; það var enginn vafi á því. En það var ekki undranin yfir því, að rekast þarna á dauðan mann, sem olli því að sinnandinn rjetti sig snögglega upp og rak upp undrunaróp. Hann kannaðist við andlitid, þekkti það mjög vel.

„Það er þá Set Chickering!“ hrópaði hann upp yfir sig.

VI. KAPÍTULI.

MR. RATT GUNDY.

Lík Mr. Set Chickering's lá þarna í litla steinlagða ferhyrningnum, fáeina faðma—fáein spor—frá hinu mikla lífi og hreifingu, sem á sjer stað í vestur-enda London—fáein spor frá klúbbunum, leiguvögnunum, vögnum ríkisfólksins; fáein spor frá kveldveizlunum, þjónum og blysdrengjum, uppljómuðum drykkjustofum og vindlabúðum, lögregluþjónum og kvennfólki sem sópaði gangstjettirnar með pílsu minum. Líkið hefði getað legið þarna lengi, ef at-
hygli lögreglunnar hefði ekki verið dregið að því með háu og hvellu hljóði, en virtist koma úr einni þessari pípu sem lögregluhljóði sjálft opt blæs á. Hljóðið heyrðist hvað eptir annað, og varð alltaf

hærra o
andi inn
liggjand
ofur rólf

„M
id“, sag
legur og
þess af
fyrir mi
og hljóð

„D
eins og
var ekki
voru, að
morð.

„Sá,
svaraði
verið að
skorkviki
skoðuðu
var enn v
stirðna, e
Hann haf
í London
klukkutí

Rjett
umsjónar
ljóta saga
vissu af h

herra og hvellara. Tveir lögreglupjónar komu blaupandi inn í litla ferhyrninginn. Þar sáu þeir mann liggjandi á jörðunni og mann standa þar rjett hjá, ofur rólega.

„Mjér þykir vænt um, að þið hafið loksins komið“, sagði maðurinn, sem stóð yfir líkinu mjög rólegur og velti vindlinum sínum milli tannanna, til þess að koma honum betur fyrir. „Dað var heppni fyrir mig, að jeg lærði að nota flögurna á mjér eins og hljóðspíu. Hjer kefur verið drepinn maður“.

„Drepinn!“ hrópuðu báðir lögreglupjónarnir eins og með einum munn, en samt ekki hátt. Dað var ekki hyggilegt, að draga athygli allra, sem á ferð voru, að því, að hjer hefði verið framið svívirðilegt morð.

„Á, hann er eins dauður eins og söltuð síld“, svarði maðurinn, eins rólega eins og hann hefði verið að segja frá að rotta hefði verið drepin eða skorkvikindi verið undir fæti. Lögreglupjónarnir skoðuðu líkið og að eins lyptu höfðina upp. Líkið var enn volgt og limirnir voru að eins byrjaðir að stírðna, en vesalings Set Chickering var örendur. Hann hafði verið myrtur fyrsta kveldið sem hann var í London. Hann hafði að eins verið í bænum sex klukkutíma.

Rjett í þessum svifunum kom lögregluliðs umsjónarmaður einn að, og var honum sögð öll þessi ljóta saga í fáum orðum—alít sem undirmenn hans vissu af henni. Eins og eðlilegt var, litu þeir allir á

ókunna manninn, sem stóð þarna eins rólegur og áður.

Lögregluliðs-umsjónarmaðurinn varð ekkert forviða. Þeir menn verða sjaldan forviða á neinu. Mord eru framin svo opt í London, að jafnvel þeir lögregluliðs-yfirmenn, sem minnsta reynslu hafa haft, verða ekki hissa þegar slíkt kemur fyrir, og þessi yfirmaður hafði einmitt haft all-mikla reynslu.

Hann gaf skipanir sínar fljótt og læglátlega. Það var um að gera, að vekja ekki eptirtekt að nauðsynjalausu. Tveir lögregluþjónar voru strax settir á vörð við innganginn í ferhyrninginn, til þess að varna því að menn kæmu þar inn fyrir forvitnis sakir. Fólk var þegar farið að stanza og hópur að myndast úti fyrir. En lögregluþjónarnir voru svo hyggna, að tvístra hópunum strax, hiudruðu að menn hópuðust þar saman og neitudu að svara nokkrum spurningum, svo að þeir, sem framhjá gengu, sáu, að það var engar frjettir að fá og fóru því brátt leiðar sinnar, og engir néma verstu slæpingarnir voru að flækjast í grennd við innganginn. Læknirinn og börurnar, sem umsjónarmaðurinn hafði sent eptir, kom bráðlega, hjerum þil á sama augnablikinu. Læknirinn lýsti yfir því, að maðurinn væri steindauður, og svo var lík Sets Chickering látið á börurnar og flutt á næstu lögreglu stöðvar, og eins og vant er fylgdi dálftill hópur af fólki á eptir.

Á meðan beðið var, hafði umsjónarmaðurinn verið að tala við ókunna manninn, sem sagði honum

í mj
á þv
fund

þekk
urinn

þessu
legu
sjálf

í rau
Mjer
Chick
er, að
hjern

„mjö
ist til
skýrin
þarna

ókun
segja,
af þei
þið s
stendu
skýra
orð H

í mjög fáum orðum, og eins rólegur og áður, hvernig á því stóð, að hann var þarna og hvernig hann hefði fundið líkið.

„Hið spaugilegasta af öllu saman er, að jeg þekkti vesalings manninn vel“, sagði Ókunri maðurinn.

„Jeg get nú ekki sjeð, hvað er spaugilegt í þessu, herra minn“, sagði umsjónarmaðurinn alvarlegur. „Þjer verðið að gera einhverja grein fyrir sjálfum yður“.

„Jæja, þegar jeg segi spaugilegt, þá meina jeg í rauninni ekki spaugilegt; eins og þjer getið nærri. Mjer þykir mjög mikið fyrir, að vesalings Set Chickering skyldi fara svona. Það sem jeg meina er, að þetta sje sjerlegt, að jeg skyldi standa einmitt hjerna og hann skyldi liggja einmitt þarna“.

„Það er sjerstaklegt“, sagði umsjónarmaðurinn, „mjög sjerstaklegt! Svo sjerstaklegt, að jeg neyðist til að heimta af yður, að þjer gefið mjer einhverja skýringu yfir það, hvernig á því stendur, að hann er þarna og þjer hjerna“.

„Hvað það snertir, að hann er þarna“, svaraði Ókunni maðurinn, „þá þykir mjer fyrir að verða að segja, að jeg hef ekki minnstu hugmynd um það—af þeirri ástæðu, að jeg veit ekki meira um það en þið sjálfir. En hvað því viðvískur, hvernig á því stendur að jeg er hjer, þá er eins lítt vandí að skýra það eins og að ljúga—jeg held að þetta sjeu orð Hamlets“.

„Orð hans eru enginn vitnisburður í þessu máli“, sagði umsjónarmaðurinn birstur. Þetta mál er ekki til að gera að gamni sínu útaf því“.

„Jeg smynda mjer að jeg hafi ljóslega sýnt, að jeg áleit þetta ekkert gamanspil“, sagði Ókunni maðurinn, „með því, að jeg stóð hjer og hjelt áfram að blístra svo hátt, að það hefði mátt sprengja lungun í mjer—og hvar voruð þið, lögregluþjónarnir, allt af á meðan, jeg vil fá að vita það? Á gangi um St. James stræti, býst jeg við—eins og nokkrar líkur væru til, að nokkur yrði myrtur þar“.

Umsjónarmaðurinn sneiddi hjá þessari spurningu. Hann hafði í fyrstu fengið ljótan grun viðvíkjandi Ókunna manningum, en hann varð að játa það með sjálfum sjer, að ef hann af einhverri ástæðu hefði viljað komast burt, án þess að eptir sjer yrði tekið, þá hefði honum verið hægt að gera það í fyrstu. Ókunni maðurinn var fallegur maður, vel klæddur, með mikið svart yfirskegg og langt hár, eins og menn opt hafa á ferðalögum í óbyggðum, og mikið ógreitt skegg. Hann var ekki hár vexti, en mjög sterklegur og snarlegur, og hin svörtu tindrandi augu hans lýstu því, að hann var reglulegur ofurhugi, sem, allt til samans, gerði það að verkum, að honum var veitt eptirtekt hvar sem hann var staddur. Það var auðsætt, að hvað sem hinn Ókunni maður hafði verið að hafast að, þá var enginn asi á honum.

„Þetta er hinn hlálegasti viðburður, sem jeg

man e

í

í einu

„

mjer t

við Ó

nokku

„

„Djer

þjer v

fara þ

þyrpin

mannb

eptir S

mjer.

sje þa

ópægi

U

Hann

manni,

hann y

þeir út

inngar

eptir, e

flækjas

Óku t

datt í h

hefði v

hann a

man eptir“, sagði Ókunni maðurinn með áherzlu.

Í þessum svifunum komu búrurnar og læknirinn í einu, og lík Chickerings var borið burt.

„Jeg verð að gera yður það ónæði að fara með mjer á lögreglustöðvarnar“, sagði umsjónarmaðurinn við Ókunna maninn. „Jeg verð að spyrja yður nokkurra spurninga enn“.

„Með mestu ánægju“, svaraði Ókunni maðurinn.

„Djer megid spyrja mig eins margra spurninga og þjer viljið. En ef yður er sama, þá vil jeg heldur fara þangað í leiguvagni, en ganga. Það er líklega þyrping af fólki þarna úti fyrir, og þar eð jeg er ómannblendinn maður, þá vildi jeg síður ganga ofan eptir St. James stræti með hóp af fólki á hælunum á mjer. Dó auðvitað með því móti að eins, að yður sje það jafn kært—því jeg hef gengið í gegnum óþægilegra en það um dagana“.

Umsjónarmaðurinn sagði að sjer væri sama. Hann skýrði þar að auki fyrir hinum rólega, Ókunna manni, að hann þyrfti ekki að álfta sig í haldi, en hann yrði að svara nokkrum spurningum. Svo fóru þeir út úr ganginum; þyrpingin, sem verið hafði við innganginn, var horfin að mestu og hafði fylgt líkinu eptir, en það voru samt einir tveir eða þrír menn að flækjast þar enn, svo þeir tveir fóru inn í vagn og Óku til lögreglustöðvanna. Umsjónarmanninum datt í hug eitt augnablik, að ef Ókunni maðurinn hefði verið nokkuð riðinn við glæpin, þá kynni hann að reyna að komast frá sjer; en hann virtist

svo rólegur og kæríngarlaus, að umsjónarmaðurinn sleppti þeirri hugsau strax aptur. Degar á stöðvarnar kom byrjæði umsjónarmaðurinn aptur að spyrja hann og sagði:

„Viljið þjer gera svo vel að segja mjer nafn yðar?“

„Ratt Gundy er nafn mitt“, svaraði hinn tafarlaust.

„Ratt er hlálegt skírnamafn“, sagði umsjónarmaðurinn, og var auðsjeð á honum að hann trúði því ekki meir en svo.

„Jæja, herra umsjónarmaður, jeg tek sjálfan yður til vitnis um, að jeg sagði ekki að jeg væri kristinn. Jeg get verið Gyðingur, jeg gæti verið Múhameðstrúarmaður—jeg get verið Búddisti—jeg get verið áhangandi frú Blavatsky—jeg get verið einn af meðlimum þess úrvalsflokks, sem dyrkar við West Central skrin Ágúst's sáluga Comte—“

„Jæja, jeg þekki hann ekki eða þau“, sagði umsjónarmaðurinn. „Jeg spurði yður bara að nafni—“

„Og nú hef jeg sagt yður það“, sagði ókunni maðurinn.

„Jæja, viljið þjer hafa það upp aptur“, sagði umsjónarmaðurinn.

„Með mestu ánægju — Ratt Gundy“, sagði ókunni maðurinn.

„Ratt Gundy. Hvernig stafið þjer Ratt“, spurði umsjónarmaðurinn.

„Með einu ,t' umfram það, sem er í nafni hús-

plágunn
þjer?
vandráð
var ekki

„N

„Je

sje. En

nafn, se

nafn mit

„Dj

sagði un

„M

ekki mö

megið ei

Djer haf

Jeg held

þjer mu

við bank

heiðarleg

ganga í

svara hv

mjer“.

„Ge

komið fr

umsjónar

„Jeg

hefðuð g

*) R

plágunnar*—eða pólitískra liðhlaupa. Ratt—skiljið þjer? En það væri nú kannske rjettara að ljetta vandræðum af yður með því, að segja yður, að jeg var ekki skirður Ratt. Ratt er stytt af Randolph“.

„Nú, þjer heitið pá Randolph?“

„Jeg vil nú ekki beinlínis halda því fram, að svo sje. En Randolph er nafn mitt nú sem stendur—nafn, sem jeg kys mjer að ganga undir. Dað er nafn mitt eins sannarlega og Gundy er nafn mitt“.

„Djer gangið eptir því undir ýmsum nöfnum?“ sagði umsjónarmaðurinn.

„Mismunandi nöfn í mismunandi löndum—en ekki mörg í allt“, sagði Ókunni maðurinn. „En þjer megið eins vel hætta þessu, herra umsjónarmaður. Djer hafið aldrei mikið upp úr nafaabreytingu minni. Jeg held til á Berkley Hotel í St. James stræti, og þjer munuð komast að raun um, að reikningur minn við bankann er býsna hár, og jeg get fengið nóga heiðarlega, ef ekki dyggðuga, húsráðendur til að ganga í ábyrgð fyrir, að jeg mæti fyrir rjetti til að svara hvaða kæru, sem kann að vera komið með gegn mjer“.

„Gerið svo vel að athuga það, að jeg hef ekki komið fram með neina kæru gegn yður“, sagði umsjónarmaðurinn.

„Jeg hefði ekki orðið neitt forviða, þó þjer hefðuð gert það, herra umsjónarmaður“, sagði Mr.

*) Rat þýðir rotta, og rottur eru kallaðar húsplága.

Gundy, „því jeg hef verið kærður svo opt í öllum álfum heimsins. Jeg hef verið í klónum á Lynch dómara; og það vantaði ekki mikið á að hann hengdi mig, herra umsjónarmaður—jég þarf ekki að taka fram, að jeg var saklaus—og jeg hef einnig verið í dómara-sætinu sjálfur. Skirrist ekki við að ákæra mig, ef þjer hafði nokkra kæru gegn mjer. Jeg skal ekki taka það illa upp“.

„Jeg er ekki að færa neina ákæru fram gegn yður“, sagði umsjónarmaðurinn ópolinmóðlega. „Tíminn fer Mr.—hvað þjer heitið—Grundy“.

„Já, jeg verð að fara líka“, sagði hinn óauðmykti, ókuoni maður. „Jeg nefni mig Gundy, ef yður þóknast — þó það geri nú reyndar ekki mikið til“.

„Jeg vildi biðja yður að aðstoða rjettvísina allt hvað þjer getið með því, að segja mjer allt, sem þjer vitið, um dauða manns þessa“, sagði umsjónarmaðurinn.

„Um vesalings kæra, gamla Set Chickering?“ sagði Mr. Gundy. „Jeg er því miður hræddur um, að jeg viti mjög lítið í þessu efni. Vesalings, kæri, gamli Set! Jeg þekkti hann vel í Suður-Afríku, og jeg kom hingað til London nú í kveld, og hið fyrsta, sem fyrir mig kemur, eða nærri hið fyrsta, er það, að nærri detta um lík Sets Chickering hjer í vestur enda bæjarins! Hverjum skyldi þá Chick gamli hafa skilið eptir alla peningana sína?“

„Það kemur mjer ekkert við“, sagði umsjónar-

maðuri
hindra
efninu.

„E
sjónarm
gamli C
stökum
skipta þ

Um
forviða,

„Er
og þjer
tæki—og
sig, þá
þjer hafi
fyrsta, se
yðar, se
James str

„Dje
sjónarma
sögunni a
vorum fje
saman, se
svo við s
dæi án þe
hans hluti
fjelaga na
af erfingj
kvæði me

maðurinn einbeittlega, til þess ef unnt væri að hindra Mr. Gundy frá, að villast burt frá umtals-efninu.

„En það kemur mér heilmikið við, herra umsjónarmaður, það get jeg sagt yður; því ef að Set gamli Chickering hefur ekki ánað neinum sjerstökum peningana sína, þá á jeg og nokkrir aðrir að skipta þeim á milli okkar“.

Umsjónarmaðurinn sýndi, að hann var að verða forviða, og sagði:

„Er yður alvara að segja mér, að maður þessi og þjer hafið átt saman að sælda með gróða-fyrirtæki—og að ef hann hefur enga erfðaskrá látið eptir sig, þá erfið þjer sumt af peningum hans—og að þjer hafið komið til London nú í kveld, og að hið fyrsta, sem fyrir yður kom, væri að rekast á lík vinar yðar, sem var myrtur í ferhyrningnum við St. James stræti?“

„Þjer hafið hitt naglann á hausinu, herra umsjónarmaður“, sagði Mr. Gundy. „Þjer hafið náð sögunni alveg eins og hún er. Vesalings Set og jeg vorum fjelagar með öðrum, og við áttum mikið fje saman, sem við urðum að skipta á milli okkar allra, svo við sömdum svo með okkur, að ef einhver okkar dæi án þess að láta eptir sig erfðaskrá, þá skyldi hans hluti allur skiptast á milli hiona eptirlifandi fjelaga næstkom. 1. janúar; og jeg hef heyrt, að einn af erfingjunum sje fallett stúlka! Jeg greiði atkvæði með, að við gefum henni þann hluta—

hluta Sets. Hvernig lízt yður á það, herra umsjónarmaður—væri það ekki fallega gert? Mjer er blá alvara, það veit hamingjan!“

„En hvað segið þjer viðvíkjandi líkinu, Mr. Gundy—gerið svo vel að segja mjer allt, sem þjer vitið, því máli viðvíkjandi“, sagði umsjónarmaðurinn.

„Með mestu ánægju“, sagði Mr. Gundy; „mjer þykir bara fyrir, að hafa svo lítið að segja. Jæja, jeg hafði verið á leikhúsinu, og jeg hafði reykt mjer vindil og fengið mjer staup af víni í mestu makindum, og var lagður af stað heim á hótelið. Herra trúr, hvað það var eitthvað sjerlegt við það, að ganga eptir gamla strætinu undir svo nýjum kringumstæðum—“

„Já, Já—kærið yður ekki um það“, sagði umsjónarmaðurinn.

„Gott og vel“, sagði Mr. Gundy, „yður langar náttúrlega ekki til að heyra neitt um það. Jæja, þegar jeg gekk fyrir ganginn, þá kom maður hlaupandi út úr honum og rakst svo hart á mig, að jeg var nærri dottinn. Jeg er nú býsna fastur á fótnum, svo jeg rauk ekki um, en jeg hratt svo duglega við honum, að hann var nærri skollinn um. Jeg beið eptir því að hann áttaði sig, og jeg var viss um, að við myndum berjast, en hann bara flýði. Þá heyrðist mjer að jeg heyra stunur, svo jeg gekk inn í ganginn eða ferhyrninginn, eða hvað þjer nú viljið kalla það, og sá einhvern liggja þar upp við vegg-

inn og h
hyerjar h
sem út h
leit svo á
fyrst, að
og þar na
eins og J
„Eje
urðuð þje
maðurinn
„For
af hinni sj
þann blett
það?—Jæ
þarf mjög
um það.
dagana, og
gagn er að
hann dauð
tíma að de
jeg ekki, h
en það va
deyja á ein
líta rússnes
Menn i
maðurinn h
á ókunna
íjosi þessar
önnur heim

inn og hjelt fyrst að það hefðu átt sjer stað einhyerjar hnippingar útúr drykkjuskap og maðurinn, sem út hljóp, hefði barið hann svo, að hann lá. Jeg leit svo á andlitid á mannaum, sem lá þarna, og sá fyrst, að það var gamli fjelagi minn Set Chickering og þar næst sá jeg, að hann var dauður—eins dauður eins og Júlíus Cæsar!“

„Fjellst þú ekki mjög mikið um þetta, og urðuð þjer ekki mjög forviða?“ spurði umsjónarmaðurinn þýsna alvarlegur.

„Forviða? O, jæja—jú—heldur það, auðvitað, af hinu sjeriegu tilviljun, að jeg skyldi rekast á þann blett einmitt á því augnabliki. Fjellst mjer um það?—Jæja, jeg get varla sagt að svo væri. Dað þarf mjög mikið til þess, að mjer fallist verulega um það. Jeg hef sjeð svo margna menn dreppna um dagana, og ekki mikið veður gert útaf því. Hvaða gagn er að slíku? Þegar einhver er dauður, þá er hann dauður, eins og þjer vitid. Set varð einhvern tíma að deyja, og þegar öllu er á botninn hvólt sje jeg ekki, hvernig hann hefði átt að gera það betur en það varð. Fyrir mitt leyti vildi jeg heldur deyja á einhvern svona snöggan og laglegan hátt, en líta rússnesku innstúazuna morka úr mjer lífið.“

Menn skyldu ekki ímynda sjer, að umsjónarmaðurinn hlustaði með opinn munninn og undrandi á okunnar manninn, á meðan hann var að líta í ljósi þessar skóðanir sínar um lífið og dauðann og önnur heimspekisleg efni. Dvert á móti var um-

sjónarmaðurinn alltaf á meðan að gera djúpar og kænlegar athuganir og draga ályktanir útaf þeim viðvikjandi Mr. Gundy. Umsjónarmaðurinn hafði farið mikið um veröldina sjálfur. Hann hafði verið að elta uppi brezka flóttamenn í Californíu og Suður Afríku, og einnig í Queensland í Australíu. Hann vissi hverskonar menn skapast á slíkum stöðum og hvaða reglum þeir fylgja að því er snertir karlmennsku og drengskap. Hann áleit þess vegna ekki, að Mr. Gundy væri morðum meðmæltur, þó hann ljeti ekki í ljósi að hann fyndi til undruar yfir dauða Chickeringa. En samt sem áður fundust honum allar þessar tilviljanir mjög einkennilegar.

„Þjer voruð þá kunnugur þessum parti af London?“, sagði umsjónarmaðurinn, eins og spurningin væri ekkert ártíðandi.

„Ó, blessaður verið þjer, já—jég er uppallinn hjer í vesturenda London“.

„Já, jeg vissi að þjer voruð London-maður“, sagði umsjónarmaðurinn.

„Einmitt það—dylarnir á London-manninum geta breyzt, en hann getur ekki skipt um skinnið“, sagði Mr. Gundy. „En jeg skammast mín ekki fyrir það, herra umsjónarmaður. Drátt fyrir allar freistingar að gerast annara þjóða borgari, þá hef jeg haldið áfram að vera Englendingur—það legg jeg drengskap minn við að er saatt; hvað föðurland mitt þé hefur nokkurn tíma gert mjer til góða, yrði býsna örðugt fyrir mig að sýna yður“.

Uma
þeirri nið
gortið og
þá væri
prúðmen
grunað að
færður un
þráður til
Englending
höfðu orð
Ballarat o
að það, h
væri að ei
allan grun
viðvikjand
Hann hlýtt
hugsaði u
sagði:

„Hafit
sem rak sig
„Aldr
ferð í heimi
„Þjer
umsjónarm
„Jeg l
saman-mar
væri mögul
hef aldrei s
sagði Mr. C

Umsjónarmaðurinn var fyrir nokkru kominn að þeirri niðurstöðu með sjálfum sjer, að þrátt fyrir gortíð og mælgina og uppgerðar skeytingarleysið, þá væri Mr. Gundy það sem heimurinn kallar þrúðmenni (gentlemaður). Hann hafði þegar í fyrstu grunað að svo væri, en nú var hann að verða sannfærður um það. Það var nú reyndar ekki mikill þráður til leiðbeiningar um mann þenna. Margir Englendingar af góðum ættum og vel uppaldir höfðu orðið miklir viðsjáls gripir í Sacramento, Ballarat og í Cape-nylendunni. Það gat vel verið að það, hve kærulaus maður þessi var í gorti sínu væri að eins bragð til þess, að leiða burt frá sjer allan grun um, að hafa átt nokkurn hlut að máli viðskjandi glæp þeim, sem framinn hafði verið. Hann *hlýtur* að vera eitthvað við glæpinn riðinn, hugsaði umsjónarmaðurinn með sjálfum sjer, en sagði:

„Hafið þjer nokkurn tíma áður sjeð manninn, sem rak sig á yður, Mr. Gundy?“

„Aldrei á minni löngu og misjöfnu pílagrímsferð í heimi þessum“, svaraði Mr. Gundy.

„Djer vitid alls ekki hver hann er?“ sagði umsjónarmaðurinn.

„Jeg læt yður dæma um það sjálfan, sem skynsaman mann, heitra umsjónarmadur, hvernig það væri mögulegt, að jeg vissi hver hann var, fyrst jeg hef aldrei sjeð hann og aldrei heyrt hans geið“, sagði Mr. Gundy.

„Mynduð þjer þekkja hann aptur ef þjer sæjuð hann?“ spurði umsjónarmaðurinn fremur ónotalega.

„Þekkja hann—já—það hefði jeg sagt?“ svaraði Mr. Gundy. „Jeg hef aldrei sjóð neinn mann svo—þó jeg að eins sæi hann í svip—að jeg skyldi ekki þekkja hann aptur þó 20 ár væru liðin. Finnið manninn bara, herra umsjónarmaður, og jeg skal þekkja hann aptur, þó móðir hans þekkti hann ekki.“

„Jæja, við verðum fyrst að finna hann“, sagði umsjónarmaðurinn hugsandi.

„Já—og þjer verðið að ná honum. Hvilfur auli var jeg þó ekki, að taka hann ekki og halda honum í strum þegar jeg hafði tækifæri til þess“, sagði Mr. Gundy.

„Já, það var mikill skaði“, sagði umsjónarmaðurinn þurrlega.

„En hvaða lífandi manni gat dottið í hug, að þó að einhver ræki sig á mann á götunni að kveldi dags, að hann væri nybúinn að myrða fjögura manns?“ sagði Mr. Gundy. „Hæð yðar eða bríggel, herra umsjónarmaður, er þesse veizna ónærgætið—er hið eina ónærgætnislega, sem jeg hef enn orðið var við hjá yður.“

„Gott og vel, þjer verðið að segja lögreglu-
dómaraum og líkskoðunaryfirvaldinu alla þessa sögu“, sagði umsjónarmaðurinn.

„Jæja—mjer er sama; mjer þykir fremur gúman að segja svona undarlega sögu—einkum ef sagan

kemur
geta tró
stað í

Lögreg

þjer ha

„Já

býst jeg

„G

Mr. Gu

„Já

andi, „

Mr.—hv

„Já

Gundy.

mæta, o

umsjón

það eru

Þeir mu

þar herl

og að þ

hótelinu

yður gó

—ef það

að drekl

„N

urinn hu

Mr. Gu

Nei; en

mig á lo

kemur vitrum og æfðum þorskhausum, sem ekki geta trúað því, að undarlegar tilviljanir eigi sjar stað í bobba. Hverjum á jeg að segja söguna? Lügregluanni — eða hinum heiðraða dómara, kallið þjer hann það ekki?“

„Já,“ dómaranum og lfskoðunar-yf linu, býst jeg við“, sagði umsjónarmaðurinn.

„Gott og vel, jeg skal vera við hendina“, sagði Mr. Gundy.


„Jæja“, sagði umsjónarmaðurinn, nokkuð hikandi, „jeg vona að þjer látið ekki bregðast að koma, Mr.—hvað þjer heitið—Gundy?“

„Jeg skal ekki láta það bregðast“, sagði Mr. Gundy. „Segið mjer hvær og hvar jeg á að mæta, og þá skal jeg koma. Heyrið þjer, herra umsjónarmadum, viljið þjer ekki fara með mjer—það eru ekki nema fáein spor—til Berkley Hotel? Þeir munu segja yður þar, að jeg hef fengið mjer þar herbergi, að heiðarlegir menn hafa ábyrgst mig og að þeir geyma heimilið af peningum fyrir mig á hótelinu. Komid með mjer, og þá skal jeg geta yður góðan vindil og hvað sem þjer viljið í staupinu — ef það er ekki orðið öf framórðið til að fá nokkuð að drekka“.




„Nei, pakka yður fyrir“, sagði um sjónarmadurinn hugsandi. „Jeg er viss um, að öllu er óhætt, Mr. Gundy, en jeg má ekki fara hjeðan, sem stendur. Nei; en jeg er viss um, að mjer er óhætt að reiða mig á loford yðar, það er jeg viss um“.







**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

10
18
2.0
2.2
2.5
2.8
3.2
3.6
4.0
4.5
5.0
5.6
6.3
7.1
8.0
9.0
10

10
11
12
15
20
25
31.5
40
50
63
80
100

„Auðvitað mættuð þjer reiða yður á loford mitt, ef jeg hefði gefið yður nokkurt loford“, sagði Mr. Gundy. „Við svikjum ekki loford okkar í þeim plássum, þar sem jeg hef hafst við um nokkurn undanfarinn tíma. Fjelagsskapurinn þar gæti alls ekki staðist, ef við gerðum það. En eins og þjer vitið, þá hef jeg engu lofað yður, herra umsjónarmaður.“

„Það er satt, en jeg veit að þjer ætlið að gera það“, sagði umsjónarmaðurinn með brosi á vörnum, sem lýsti einlægni og transti, en með vantrausti í huganum.

„Þjer hafið rjett að mæla“, sagði Mr. Gundy. „Jeg lofa yður að mæta á morgun á hvaða stund og stað, sem þjer tiltakið, og þjer skuluð ekki komast í nein vandræði út af því, að jeg komi ekki í leitirnar, með því skilyrði samt, að enginn af þessum æfðu og slyngu launmorðingjum hjer í London skeri mig ekki á háls í millitiðinni. Og svo byð jeg yður góða nótt, herra umsjónarmaður.“

Um leið og Mr. Gundy sagði þetta brosti hann vingjarnlega, lypti hattinum ögn upp, rjetti vindilinn milli tannanna og labbaði burt í hægdum sínum.

VII. KAPÍTULI.

FIDELIA LOCKE.

Þegar vagninn, sem lafið Scardale og Miss Locke veru í, ók burt frá ferðamanna-klúbbum og

skildi
hallaði
varpað

„I
unga
spurni

„I
um leið
inlega
grave

„I
Djer
neitað

„G
ekki að
hjartan
sjer dje
því, að

„E
sagði M
„Ó

um Rav
„H

við Rav
með sjá

Ru

þegar h
dale var
virtist h

skildi Raven kaptein eptir úti fyrir dyrunum, þá hallaði eldri konan sjer aptur á bak í sætinu og andvarpaði.

„Eruð þjer preytt, kœra lafði Scardale?“ spurði unga mærin. Spurningin sjálf var hversdagsleg spurning, en röddin lýsti einlægni og vináttu.

„Nei, góða mín“, svaraði lafði Scardale, og tók um leið í hendina á laxkonu sinni. „Nei, jeg er eiginlega ekki preytt. Samkvæmin hennar Mrs. Seagrave eru æfinlega skemmtileg og viðfeldin“.

„Hvers vegna andvarpið þjer þá, góða mín? Þjer andvörpuðuð vafalaust; því getið þjer ekki neitað“, sagði Miss Locke.

„Get jeg ekki neitað því? Jája, jeg ætla þá ekki að neita því“, sagði lafði Scardale og hló svo hjartanlega um leið, að andvarpið virtist ekki eiga sjer djúpar rætur. „Jeg held jeg h-á andvarpað af því, að jeg var að hugsa“.

„Hugsa? Hvað voruð þjer að hugsa um?“, sagði Miss Locke.

„Ó, jeg var að hugsa um ýmislegt, en þó mest um Raven kaptein“, svaraði lafði Scardale.

„Hvaða ástæða er til að andvarpa í sambandi við Raven kaptein? Jeg held hann sje vel ánægður með sjálfan sig“, sagði Miss Locke.

Rödd Miss Locke lýsti svoltilli fyrirlitningu, þegar hún sagði þetta. Hið næma eyra lafði Scardale varð vart við þetta, og einhverra hluta vegna virtist henni þykja vænt um það.

„Það er einmitt af því, að hann er svo ánægður með sjálfan sig, að jeg andvarpa“, sagði lafði Scardale. „Mjer finnst það svo sorglegt, að nokkur maður skuli vera svo áformslaus í lífinu“.

„En Raven kspteinn er ekki áformslaus“, sagði Miss Locke. „Nú sem stendur eru öll áform hans bundin við ferðamanna-klúbbinn, og jeg er viss um, að enginn sé hlutur er á ferðinni í London, að nafn hans sje ekki nefnt í sambandi við það—það er að segja, enginn skemmtilegur hlutur“.

„Ó, já, einmitt það; ekkert skemmtilegt“, sagði lafði Scardale. „Það er einmitt það, sem að er. Hann hefur ekkert alvarlegt áform, ekkert stórt augnamið, enga háleita hugsjón að framkvæma“.

„Kæra lafði Scardale, hvers vegna óskid þjer að hann hefði alla þessa kosti til að bera?“ sagði Miss Locke.

„Nú, af því mjer pykir vænt um hann—mjer pykir mjög vænt um hann—en——“

„Gott og vel“, sagði Miss Locke.

„Jæja“ hjelt lafði Scardale áfram, „mjer þætti mikid fyrir því, góða mín, ef jeg vissi, að þú þætti mjög vænt um hann“.

Fidelia fór að hlæja mjög kátinulega og hláturinn var sjerlega viðfeldinn.

„Þjer þurfd ekkert að óttast, kæra lafði Scardale. Það er engin hættta á, að mjer pyki mjög vænt um Raven ksptein“, sagði hún svo.

„Jæja, Fidelia, en hann er samt maður sem dreg-

ur að
pá þy
Scard

brosid
segja
sem þ
nokku

„
yður g
Scard

„
verud
dale's

miði í
eins og

„E
„E
„C

lafði S

sem mj

Raven

mjer un

óhemja

æfintyr

Un

aði hún

Ko

kominn

ur aðra að sjer, og ef mjer skjátlast ekki því meira, þá þykir honum mjög vænt um yður“, sagði lafði Scardale.

„Það getur vel verið“, sagði Fidelia Locke og brosið á andliti hennar hvarf að mestu. „Satt að segja álit jeg mjög sennilegt að svo sje; en hvað sem því líður, þá er hann ekki maður sem mjer gæti nokkurn tíma þótt mikið vænt um“.

„Og hverskonar maður yrði það að vera, sem yður gæti þótt mjög vænt um, Fidelia?“ spurði lafði Scardale.

„Hann yrði að vera eins og þeir menn, sem þjer voruð að tala um fyrir augnabliki síðan, lafði Scardale“ sagði Fidelia, „maður með áformum, með augnamiði í lífinu og með hugsjónum. Annar eins maður eins og——“

„Eins og hver?“, spurði lafði Scardale.

„Eins og faðir minn var“, sagði Miss Locke.

„Ó, þjer voruð að hugsa um föður yðar“, sagði lafði Scardale. „Jæja, jeg var að hugsa um mann, sem mjer einusinni þótti mjög vænt um, og sem Raven kapteinn æfinlega vekur endurminningu hjá mjer um—vesalings mág minn, Rupert. Hann var óhemja, eins og Raven kapteinn, og gefinn fyrir æfintýri og áformalaus líka.“

Um leið og lafði Scardale sagði þetta, andverpaði hún aptur.

Konurnar þögðu báðar um hríð. Vaguinn var kominn út úr St. James garðinum og var nú kominn

á Buckingham Palace-veginnum og á leiðinni til Chelsea. Báðar höfðu hugann á sorglegum endurminningum. sem þessar stuttu samræður höfðu vakið hjá þeim. Þær töluðu ekkert saman fyrir en vagninn var kominn fram hjá Sir Hans Sloane's Physic-garðiinum og stansaði fyrir framan dyrnar á húsi lafði Scardale's.

Physic-garðurinn í Chelsea er undarlegur blettur, gamaldags í útliti og mikið af gömlum endurminningum er bundið við hann, þó hann sje þarna umkringdur af nýjum húsum, úr rauðum múrsteini, með máluðum glugga-umgjörðum. Chelsea hefur algerlega skipt um ham og er nú búin að fá á sig það snið sem kennt er við Önnu drottningu, en sniðið hefur orðið svo yfirdrifið, að það er meiri Önnu drottningar-svipur á öllum hlutum en nokkurntíma var á dögum Önnu drottningar sjálfrar. Meðfram hium upphlaðna bakka (Thames Embankment) og meðfram götunum, sem liggja út frá honum, eru hvervetna hús úr rauðum múrsteini, sem auglýsa sjálf sig sem gamaldags hús með svo mikilli ósvífni, að maður tekur enn meira eptir því hvað þau eru alveg spány. Physic-garðurinn er þarna eins og einskonar alvarleg og háttföleg mótmæli gegn allri þessari nýbreytni. Trjen og runnarnir og grasið hefur allt gamaldags útlit og ber með sjer skrautlegan hrörnunar-svip. Þar er eitt trje—sodrur-trje frá Lebanon—sem sjest allstaðar frá í þessum hluta bæjarins, eins og nafntogaða trjed, sem allir sjá frá Pincian hæðinni í Rómaborg. Ef maður horfir á

trje þe
er eins
hvert u
eins sj
þökin
sjón m
arafsín
leiðast
hinna s
skýrir f
opt slk
á hina l
upp í fj
yfir hin
yfir haf
allri sín
hefði h
nautn, j
hún áns
lega við
og vern
sína sen
um—og
sorgir ú
þóttz el
af ást.
bar enn
Ekl
garði, in

trje þetta frá einhverri óþrifalegu bakgötunni, sem er eins laus við allt skáldlegt samband eins og eitt-hvert uppfægða strætið í Pimlico, og þó maður að eins sjái hinn efsta topp þess yfir hversdagslegu þökin og reykháfana í kringum það, þá lyptir þessi sjón manni strax upp í ríki fegurðarinnar, fmyndun-araflsins og endurminninganna, og hugsanir manns leiðast burt til Austurlanda og heiðriks himins, til hinna arabísku æfintýra, sem „Dúsund og ein nótt“ skýrir frá, og hinna helgu vatna. Þetta trje hafði opt slík áhrif á Fidelíu Locke. Hún leit aldrei svo á hina breiðu krónu trjesins, þar sem hún lypti sjer upp í fjarlægð, að hugur hennar lyptist ekki upp- yfir hinar hversdagslegu kringumstæður og bæríst yfir hafði til landanna í áttinni þar sem sólin sezt í allri sinni dýrð, og þá var lún ætíð glöð. Samt hefði hún ekki þurft að leita eptir nýrri ánægju eða nautn, því eptir því sem almennt viðgengst, lifði hún ánægjulegu og gagnsömu lífi, sem átti alger-lega við smekk hennar, og hún átti mjög úrlátan vin og verndara—verndara, sem aldrei notaði sjer stöðu sína sem verndari, hvorki gagnvart Fidelíu né öðr-um—og enn sem komið var hafði hún ekki haft nein- ar sorgir út af ástum. Auðvitað höfðu ýmsir karlmenn þóttz elska hana, en hjarta hennar var enn ósnortið af ást. Lífið blasti enn hjart við henni, og skugga- bar enn ekki á framtíð hennar.

Ekki all-langt frá hinum nafntogaða Physic- garði, inn af honum, var annar garður með háum

veggjum í kring, sem engan vegfaranda, sem ekki var því eptirtektasamari, grunadi að væri þar. „Í gamla daga glatt var þar á hjalla“, svo vjer tókum upp orð eptir Wordsworth. Það hafði verið bústaður einhvers stórmennis í Chelsea, og þar var mikilfenglegt íbúðarhús. Íbúðarhúsið og garðurinn, sem því fylgdi, hafði verið mörgum breytingum undirorpið eptir að gamla ættin, sem þar þjó einu sinni, hafði hrötnað og horfið burt að lokum. Húsið hafði síðan verið notað sem latínuskóli fyrir unga menn, fyrir listaverka sýning og síðan fyrir lækninga-stofnuhí handa drykkjumönnum, sem af sjálfsdáðum leituðu sjer þar hælís. Allar þessar stofnanir liðu undir lok, hver á eptir annari, og seinast lá við borð, að þetta svæði yrði brytjað niður í smá húsalódir—og svæðið hefði þá vafalaust orðið pakið með fleiri húsum úr rauðum múrsteini, byggðum í ennpá Önnu-drottningarlegri stíl en átti sjer stað á dögum Önnu drottningar—þegar hin ríka, góðgerðasama lafi Scardale keypti eignina og setti þar á laggirnar stofnun af alveg nýrri tegund, nefnilega einskonar herbúðir til að kenna kvennfólki sjálfstraust og aðrar karlmannlegar dygðir.

Laði Scardale var ekki ekkja. Scardale lávarður var lifandi og hraustur hvað snerti heilsu líkamans. Á meðan laði Scardale var Miss Estropp, einkadóttir hins ríka bankara og mannkærleiksfulla Sir James Estrops, þá fjekk hún ást á hinum unga lávarði ScarJale, manni, sem var að eyða hínu síðasta

af eign
spilamen
aðrar sk
og hann
ákaflega
mönnum
bauðst h
rjetta lei
hennar k
og sagði
neitt áre
maður he
hans bro
„Hann el
fyrir mig
hafði fran
maður til
þau giptu
erfið afar
snemma t
Scardale l
sem hann
hinum ill
yfirgaf ha
kvenman
bróður ma
hún giptis
tók málst
En óhemj

af eignum settar sinnar, sem hægt var að eyða, í spilamennsku, við hesta-veðhlaup, leikhús og ýmsar aðrar skemmtanir. Miss Estropp fjekk ást á honum og hann þóttist hafa fengið ást á henni. Hún hafði ákaflega löngun og tilhneigingu til þess, að snúa mönnum og gera menn að góðum mönnum, og þarna bauðst henni Scardale lávarður til þess að snúa á rjetta leið. Miss Estropp tók þetta að sjer. Faðir hennar kom árangurslaust með mótumæli gegn því, og sagði henni að hann hefði aldrei á æfi sinni vitað neitt áreiðanlegt dæmi uppá það, að lastafullur maður hefði snúist við að fá ríka giptingu. Dóttir hans brosti blíðlega og sagði með óbifandi trausti: „Hann elskar mig og mun þess vegna gera alla hluti fyrir mig“. Þetta voru hinar einu ástæður, sem hún hafði fram að færa, og faðir hennar var of vitur maður til þess að þræta við hana um þetta mál, svö þau giptust, en faðir hennar dó skömmu seinna og hún erfði afarmikinn auð eftir hann. Hann dó mátulega snemma til þess, að sjá ekki hugboð sitt rætast. Scardale lávarður hafði allt það fje út úr konu sinni sem hann gat, og notaði það til þess að svala öllum hinum illu og gömlu girndum sínum, og loksins yfirgaf hann hana og strauk eitthvað burt með annan kvennmann. Laði Scardale þótti mjög vænt um bróður manns síns, sem var að eins drengur þegar hún giptist. Hann var í húsi þeirra í mörg ár, og tók málstað hennar þegar bróðir hans yfirgaf hana. En óhemjuskapurinn hafði í marga liði fylgt Scardale

ættinni, og enginn af ættinni gat framur. umflúið afleiðingarnar af að vera af Scardale-ættinni, en hann gat umflúið mannlegt bül fyrst hann var maður. Dessi ungi bróðir Scardale's lávarðar varð óhemja líka, og nærri ofbauð jafnvel hinni blíðu polinmæði tengdasystur sinnar, og fór síðast burt til einhverra fjarlæggra, lítt byggðra landa og strengdi þess heit áður, að hann skyldi annaðhvort vinna sjer auð fjár sjálfur eða koma aldrei aptur til síðaðra manna. Laði Scardale hafði engar fregnir fengið, hvorki af honum nje manni sínum, í mörg ár. Hún var nú hávaxin, fögur og sküruleg kona, 45 ára að aldri. Hún gaf sig ekkert að samkvæmislífinu, heldur eyddi æfi sínni, ekkjudóm sínum—lífi, sem var erfðara en ef hún hefði verið ekkja—í tilraunum að gera gott í heiminum.

Eins og eðlilegt var fóru tilraunir hennar, að gera gagn, í þá átt að vinna kvennpjóðinni gagn. Aðal ósk hennar var, að ala ungar stúlkur upp þann íg, að þær gætu lifað sómasamlega, án þess að gerra það að hinni einu iðn sinni—skoða það eins og verzlun—að giptast; samt óskaði hún ekki, að þær væru ógiptar alla æfi, heldur að þegar þær giptust, þá gerðu þær það af einhverri ástæðu, en ekki af eintómri nauðsyn á að fá uppeldi sitt. Það hefði mátt segja, að hún sjálf hefði giptast af ástæðu, en ekki af nauðsyninni að hafa uppeldi sitt, og þó hefði hjónabard hennar ekki farið vel. En hún fann samt sem áður til þess, að allt fram að þeim tíma, að hún fjekk sjálf reynslu í hjónabandinu, þá hafði hún æfinlega álitid að hið eina, sem ungar stúlkur gætu geit, væri

að giptast
giptast e
skoðaði
ekkert a
varði.

sín eigin
þeirri mi
alið þann
inni án þ
giptast.

alin í þess
miklu sæ

Laði

landinu, e
stofnaði

stúlkum,
ingar-skó
menninga

mikið. Þ

iðnir, sem

sjer; og þ

ættu að l

eintómt k

áleit, að s

uppræðsl

menn til a

sem kenna

urnar lærð

að keyra

að giptast. Hún hafði æfinlega álitid, að hún yrði að giptast einhverjum; og það var því að kenna, að hún skoðaði þetta sem sjálfsagðan hlut, að hún reyndi ekkert að sporna á móti því að fá ást á Scardale lávarði. Þess vegna hjelt hún því fram, að jafnvel sfn eigin reynzla væri enn eitt dæmi til sönnunar þeirri miklu kenningu, að kvennfólk ætti að vera alið þannig upp, að það gæti komist áfram í veröldinni án þess að vera í raun og veru nauðbeygt til að giptast. Henni fannst, að ef hún hefði verið uppalin í þessari skoðun, þá hefði líf hennar getað orðið miklu sælla.

Lafði Scardale keypti gamla bústaðinn með landinu, er honum fylgdi, nálægt Physic-garðinum og stofnaði þar einskonar iðnaðarfræðis-skóla handa stúlkum, sem einnig var það sem nefna mátti menningar-skóli fyrir lífið. Hann var nefndur Chelseamenningar-skóli, og orðið „menning“ þýddi þar mikið. Þar átti að kenna stúlkum allar listir og iðnir, sem gætu hjálpað þeim til að hafa ofan af fyrir sjer; og það átti einnig að kenna þeim hvernig þær ættu að lifa. Lafði Scardale hafði enga trú á, að eintómt kvennfólk væri kennarar kvennfólks—hún áleit, að slíkt hefði mildast talað veikjandi áhrif á uppfræðslu kvenna. Hún hafði þess vegna karl menn til að kenna allskonar listir og vísindi og menn, sem kenndu skilmingar og allskonar fimleika. Stúlkurnar lærðu að matreiða, að sauma og gera við fót, að keyra vagn og ríða á hestbaki, og jafnvel að

kemba hestum, bursta þá o. s. frv. Námsmeijarnar gerðu öll húsverkin á víxl, og engar vinnukonur voru haldnar. Stúlkur, sem enga tilsógu höfðu áður fengið, voru fyrst settar á bekk með þeim, sem gerðu húsverkin, svo að um leið og verið var að kenna þeim bókmenntir og vísindi, urðu þær að læra að fara í sendiferðir og þjóna við bord. Stúllurnar unnu sig þannig smátt og smátt upp. Það voru engar vinnukonur í skólanum, eða þær voru allar vinnukonur—maður gat sagt hvort sem maður vildi. Sjerhver af stúlkunum hafði lært að vera vinnukona. Skólanum var stjórnað eptir þeirri reglu að allir væru jafnir. Þar voru margar stúlkur sem upprunalega höfðu tilheyrt þeim flokk, sem öll verk varð að gera, en sem nú voru búnar að vinna sig upp í góða stöðu í skólanum og gátu, hvenær sem var, farið út í heiminn eins og hefðarkonur—ef mögulegt var að komast áfram í veröldinni sem hefðarkonur. Það voru nokkrar giptar konur í skólanum, lívverra hjónaband hafði algerlega misheppnast, án þess að það væri þeim að kenna. Grundvallar-reglan, sem borgað var eptir, var mjög einföld. Sjerhver nemandi á skólanum borgaði það, sem hún eða foreldrar hennar gátu borgað. Laði Scardale rjedi því algerlega sjálf, hvaða stúlkur voru teknar á skólann, og fjekkt ekki til að taka neina þá stúlku á hann, hvað sem í bði var, sem ekki voru líkur til að færi har fram, eða að það væri framför fyrir skólaun að þafa hana um tíma. Hún hafði tekið nokkrar stúlk-

ur á skó
sjálf fyr
vesaldar
laði Sca
þeirra.
sleppa n
Mrs. Sca
líkt; en
lýsti tilg
hvortveg
vel til þe
gaf anna
í almenni
vara-forse
Laði
í þá göfu
hún var h
af því, að
Locke va
en hún va
þegar hún
konu, sem
einnig í ra
urðu meiri
voru sama
hennar var
Angu henn
sem benti
skefjum, og

ur á skólann, sem ekkert gátu borgað, og borgaði sjálf fyrir þær—stúlkur, sem hún hafði tekið burt af vesaldar heimilum og frá foreldrum sem drukku; en lafði Scardale sagði hinum stúlkunum aldrei æfisögu þeirra. Hún hafði einu sinni verið að hugsa um, að sleppa nafnbót sinni og kalla sig Systir Soardale, eða Mrs. Scardale, eða Miss Estropp, eða eitthvað þvítum líkt; en hún komst að þeirri niðurstöðu, að það lýsti tilgerð eða sjergæðingskap, en hún fyrirleit hvortveggja. Þar að auki þekkti hún heiminn of vel til þess að vita ekki vel, hve mikinn styrk það gaf annari eins stofnun og þessari stofnun hennar í almennings álitinu, að forseti hennar var greifafnú; vara-forseti stofnunarinnar var Miss Fidelia Locke.

Lafði Scardale hafði útnefnt Miss Fidelíu Looke í þá gúfugu stöðu, að vera vara-forseti, af því, að hún var hluttekningarsöm og fær í sjer, og einnig af því, að æfisaga Miss Locke fjekk á hana. Fidelia Locke var ekki beinlínis föður- og móðurleysingi, en hún var samt í rauninni einmana í veröldinni þegar hún af hendingu kynntist hinni göðgerðasömu konu, sem, þó hún væri ekki beinlínis ekkja, var einnig í raun og veru einmana í veröldinni. Þær urðu meiri mátar með hverjum deginum, sem þær voru saman. Fidelia var 22 ára gömul og andlit hennar var mjög frítt, en nokkuð punglyndislegt. Augu hennar voru djúp og blossuðu stundum upp, sem benti á mikið afli og skap, sem haldið var í skefjum, og varir hennar titruðu þegar hún komst í

geðshræringu. Maður gat vel hafa álitid, að hún væri stúlka sem undir vanalegum kringumstæðum hefði orðið einpykk og býsna ráðrik, ef mótlæti hefði ekki snemma tamið geð hennar og kennt henni þolinmæði.

Eftir að lafði Scardale og Fidelia Locke komu heim, fór Fidelia inn í herbergi lafði Scardale's, til að skrafa ögn við hana eins og hún var vön, þegar þær höfðu verið í samkvæmi.

„Mjer pykir vænt um, að geta talað við yður, Fidelia“, sagði lafði Scardale. „Djer lítið út eins og þjer væruð ekki vel frísk í dag—ekki alveg eins og þjer eigið að yður, virðist mjer. Djer ættuð að fá frí og hvíla yður um hríð, góða mín. Vilduð þjer ekki ferðast eitthvað?“

„Ó, nei, kæra lafði Scardale, jeg er vel frísk“, sagði Fidelia. „Jeg vil ekki fara neitt burtu—að minnsta kosti ekki neitt burt frá yður“.

Lafði Scardale brosti og sagði síðan:

„Mjer pykir nú mjög vænt um, að heyra það. En samt sem áður er jeg hrædd um, að það eigi ekki við yður að vera stöðugt í London. Það er nokkurskonar einsetulíf, að vera hjer á skólanum. Það er öðru máli að gegna með aldrað fólk, sem er orðið nærri útlifað—eins og jeg“.

„Það stendur ekkert í sambandi við það“, sagði Fidelia. „En nú sem stendur er jeg mjög raunmædd“.

„Jeg veit það, barnið mitt“, sagði lafði Scar-

dale blíð
hún væri
hughreys
það.

„Jeg
Fidelia,
raunir me
jeg er ek
kæra lafði
til þess.
huga min

„Jeg
hræddan
knje til að
landi. U
rykögn í
ekki hafa
rak allar h
lætið í hei
Fidelia“.

„Jeg
læti en ryk
sagði þetta
að vinkona
raunum he
of vel til þ
„Það v
augun í y
heldur að r

dale bliflega og strauk um leið kinn hennar eins og hún væri í raun og veru lítið barn, sem það myndi hughreysta og styrkja, að hönd ástvinar þess snerti það.

„Jeg hjelt fyrst þegar jeg kom hingað“, sagði Fidelia, „að jeg myndi geta rekið burt mínar eigin raunir með því, að reyna að lina raunir annara. En jeg er ekki nógu góð til þess að mjer takist það, kæra lafði Scardale—jeg er ekki nógu óeigingjörn til þess. Mínar eigin raunir standa í vegi fylla huga minn“.

„Jeg þekkti einu sinni mjög trúðan og guðhræddan man“, sagði lafði Scardale, „sem fjell á knje til að biðjast fyrir frammi fyrir altari í Ókunnu landi. Um leið og hann kraup niður fór ofurlítill rykögn í auga hans og kvaldi hann, svo hann sagðist ekki hafa getað beðist fyrir. Rykögnin í auga hans rak allar háleitir hugsanir burt úr huga hans. Mót-lætið í heimum hefur þýsna lík áhrif á okkur öll, Fidelia“.

„Jeg vildi óska, að jeg hefði ekkert aunað mót-læti en rykögn í auganu“, sagði Fidelia hrygg. Hún sagði þetta ekki óþolinmóðlega, því hún áleit ekki að vinkona hennar og verndari væri að gera lítið úr raunum hennar. Hún þekkti huganir lafði Scardale's of vel til þess.

„Það væri raunalegt, ef nokkuð skemmdi björtu augun í yður“, sagði lafði Scardale. „Jeg vildi heldur að rykögn færi upp í þau og meiddi þau um

stund, en að þjer grjetuð. Jeg er viss um, að það væri ekki mikill vandi að ná rykðgninni út—en það er ekki eins ljett að taka tárin burt. Jeg hef sjaldan sjeð tár í augum yðar, en þegar þau eru þar, þá er hætt við að þau sjeu þar til lengdar—eða komi aptur og aptur, er jeg hrædd um“.

„Jeg er viss um, að faðir minn er dauður“, sagði Fidelia. „Mig hefur dreymt hann nótt eptir nótt í seinnitíð—og mig hefur alltaf dreymt að hann væri dauður. Ó, hvernig á jeg að geta lifað án hans?“

„Yður þótti mjög vænt um föður yðar, Fidelia?“ sagði lafði Scardale.

„Ó, já, lafði Scardale“, sagði Fidelia. „Jeg hafði allan hugann við hann—og honum þótti svo vænt um mig. Hið eina augnamið, sem hann hafði með að fara burt, var, að græða fje handa mjer. Hefði það ekki verið fyrir mig, þá hefði hann aldrei farið að leita gæfu sinnar í ókunnnum löndum. Hann poldi ekki að sjá mig í fátækt—hann var æfinlega að tala um það; og þó var mjer sama um það—ó, mjer var alveg sama—bara hann væri hjá mjer! Hvað gerði það mjer til, þó við værum fátæk? Það er margt mótlæti miklu þungbærara en fátæktin—“

„Það er satt, Fidelia“, sagði lafði Scardale. Mig hefur aldrei skort peninga og þó hef jeg ekki verið gæfusöm, og allir blutir hafa gengið mjer á móti—“

„Nei, þjer hafði ekki verið gæfusöm, kæra lafði Scardale—í sannleika hafði þjer ekki verið það—“ sagði Fidelia hræð í huga og tók í hönd vinkonu:

sinna
þegar
gert s
mikið

,
Scard
hann

,
hef ek

fólk

unnus

en að

hann s

skemn

fyrir þ

jeg el

annað

hann s

lofa h

um—j

—hann

þá að

með sj

stíðan

deman

mjer re

dragast

ið þeg

góð; rg

sinnar. „Jeg skammast mín að tala um raunir, þegar jeg hugsa um raunir yðar. En þjer getið-gert svo mikið gagn—þjer eruð æfinlega að gera svo mikið gott—allt líf yðar er fullt af góðgerðasemi“.

„Segið mjer af föður yðar, Fidelia“, sagði lafði Scardale. „Hafið þjer nokkra ástæðu til að álíta, að hann sje dauður?“

„Enga aðra en drauma mína—ó, jú, það, að jeg hef ekkert frjett af honum svo lengi. Þjer vitið að fólk sagði, að það væri líkara því að hann væri unnusti minn en faðir minn. Dað þurfti ekki annað, en að jeg festi nýjan blómvönd á fót mín, til þess, að hann athugaði mig eins og jeg væri mynd. Ó, hann skemmdi mig með dálæti. Jeg var ekki framar hæf fyrir þessa veröld; hann elskaði mig svo mikið og jeg elskaði hann svo heitt; og við skemmdum hvert annað með dálæti. Hann sagði mjer aldrei frá, að hann sætlaði burtu—hann vissi, að jeg mundi ekki lofa honum að fara. Jeg mundi hafa hangt utan í honum—jeg mundi hafa bangt utan um hálsion á honum.—hann skyldi aldrei hafa farið burt, eða hann hefði. Þá að minnsta kosti orðið að fara með dóttur sína með sjer! Svo skrifaði hann mjer frá Australíu, og síðan frá Cape-bænum, og sagðist sætla þaðan til demanta-námanna norður í landiuu. Hann skrifaði mjer reglulega og sagðist ekki sætla að láta mig dragast niður í fátækt; og það gladdi hann svo mikið þegar hann frjetti, hvað þjer hefðuð verið mjer-góð; og ekki alls fyrir löngu skrifaði hann mjer, að

hann vonadist eptir að verða bráðum auðugur maður og koma heim aptur með auð—handa mjer—allt átti að vera handa mjer; en síðan hef jeg engar fregnir fengið af honum, og jeg veit að hann hlýtur að vera dauður—já, hann er dauður“.

„Dað er alls ekki ólíklegt“ hugsaði lafði Scardale með sjálfri sjer; en hún vildi ekki láta þá hugsun í ljósi við hina ungu vinkonu sína. „Dað er miklu meira mótlæti til en að menn deyi“, hugsaði hún enn fremur með sjer, en hún sagði það heldur ekki við Fidelíu. Já, lafði Scardale var að hugsa um, að það væri miklu meira mótlæti til en að ástvinir manns dæu. Síðferðisleg hrörnun gæti átt sjer stað, síðferðislegur dauði, hið betra andlega eðli gæti slokknað og lifið, þó það treynist, geti verið lifandi dauði! En hún ljét heldur ekki þessr hugsunar í ljósi við hina ungu vinkonu sína. Satt að segja hafði lafði Scardale ekki búið sjer til eins fagra mynd af Locke kapteini í huga sínum af öllu því, sem hún hafði heyrt um hann á ýmsan hátt, eins og myndina sem hin elskandi dóttir hans dró upp af hörum. Hún hafði heyrt úr öllum áttum, að hann hefði nærri tilbeið þ Fidelíu, en hún hafði líka heyrt, að hann hefði verið skeytingarlaus og óforsjáll maður, sem hefði þjónað lund sinni og aðhafst allskonar heimsku án tillits til afleiðinganna; að hann hefði verið reiðigjarn, afbryðissamur, gefinn fyrir illindi og að honum hefði verið allt tamara en polinmæði. Þess vegna áleit hún alls ekki ólíklegt, að lif hans

hefði e
eins sta

„I
barnið
þess að
sem sk
og vin“

„C
vitið þ
hve vor
ann og
heimili
vera hé
suðræn

„T
Scardal

„D
fram rö
þess ser
að það
að vera
Hið ein
er dauð

Ger
í gamla

hefði endað á voveiflegan og raunalegan hátt á öðrum eins stað og náma-hjeruðunum á „veldt“-inu.

„Þjer megid ekki búast við hinu versta, kæra barnið mitt“, sagði lafði Scardale blöðlega, en án þess að rödd hennar væri of hughreystandi. „Hvað sem skeður, þá vitið þjer, að þjer eigið bæði heimili og vin“.

„Ó, já, jeg veit það vel“, hrópaði Fidelia, „en vitið þjer—nei, þjer getið ekki hugsað yður það—hve vond og vanþakklát jeg er við yður og skaparann og alla? Jeg óska stundum að jeg ætti ekkert heimili þegar jeg hugsa um það, að hann kunnir að vera heimilislaus eða liggja ójarðaður undir hinu suðræna himinbelti“.

„Talið ekki svona, góða mín“, sagði lafði Scardale blöðlega.

„Það er ekki til neins, lafði Scardale, að færa fram röksemdir við mig eða reyna að leida mig til þess sem er viturlagt, rjett og undirgefið. Jeg veit, að það er rjett og viturlagt. Jeg veit, að jeg ætti að vera undirgefin, en jeg get ekki verið undirgefin. Hið eina, sem jeg get kngsað um, er það, að ef hann er dauður, þá ljét hann lífið fyrir mig!“

Arnjotur B. Olson

VIII. KAPÍTULI.

BEJFA-VESKIÐ.

Gerald Aspen átti heima í herbergjum hátt uppi í gamaldags húsi einu neðst við eitt strætið, sem

liggur frá Strand niður að Thames-fjótinu. Leigan fyrir herbergin var lág, því hinn ungi aðstoðarritsjóri við blaðið *Catapult* varð að spara efni sín; en herbergin voru þægileg og hreinleg, og af því þau voru svo hátt uppi í húsinu, þá var útsýnið afbragðs gott. Maður sá þaðan glöggt hvernig fljótið rann á milli hins mikilfenglega, uppladnabakka á aðra hönd og hinna hálf-fínu bryggja hinu megin. Á sumrin, þegar allt var grænt og á veturna, þegar allt var grátt útlits, þótti Gerald æfinlega unun að því, að horfa yfir fljótið úr gluggunum á herbergjum sínum; og á kveldin—sumarkveldin—hafði hann mikla skemmtun af, að opna glugga sína, styðja olbogunum á glugga-þropið en höndunum undir kinnarnar og halla sjer út um gluggana, langt fram á nótt, og ímynda sjer að hann væri eins og hinn skáldlegi lögfræðingur í sögu Jean Paul Richters, með augun í stjörnunum en sálina í hinum bláa himni. Honum þótti líka gaman að því að hugsa sjer, að hann gæti litid niður frá bustinni á hinum háu herbergjum sínum, eins og nokkurskonar Diogenes Tenfeldrockh, niður á hina skringilegu þvögu í veröldinni fyrir neðan hann og athugað hana með hinum rólegu augum óhlutdræga heimspekingsins. Gerald Aspen var enn ungur og óreyndur.

Morguninn eftir að hann hitti hinn sjerlega ókunna mann í ferðamanna-klúbbnum, var orðið framorðið þegar hann vaknaði, og þá fannst honum

hann v
kvæmi
noftog
fögru l
hafði d
verð; o
ur og
og van
kom því
hann n
jafna si
fjögur þ
eins fljó
Degar h
sólskini
hann hin
í rúminu
orðið fra
geta not
inu. „L
hugsaði
við 10.

„Kl
sjálfan s
rúminu f
um það f
tafarlaust
ekki tafa
því að ha
kveldið

hann vera þreyttur enn. Hann hafði farið í samkvæmið—það var dansleikur, sem ríkismaður einn nofntogaður í London hafði til skemmtunar hinum fögru leik konum á Frivolity leikhúsinu—og hann hafði dansað nokkuð og borðað dálftinn kveldverð; og síðan hafði hann gengið heim sezt niður og skrifað lýsingu af dansleiknum og gildinu, og var búinn að því svo snemma, að hann kom því á síðasta næturpóstinu, og að lokum las hann nokkrar blaðsíður af skáldögu einni til að jafna sig með. Klukkan Big Ben var að slá hálf fjögur þegar hann slökkti ljósið hjá sjer og sofnaði, eins fljótt og ungur og óspilltur maður á að sjer. Þegar hann lá nú þarna hálfvakandi og horfði á sólskinið, sem streymdi inn um gluggana, þá heyrði hann hina miklu klukku slá aptur, og hann lá letilega í rúminu og taldi höggin. „Hvað skyldi þó vera orðið framorðið?“, hugsaði hann með sjer og vildi geta notið þægindanna að liggja sem lengst í rúminu. „Klukkan hlýtur að vera langt gengin 10“, hugsaði hann með sjer. En höggin stönzudu ekki við 10. Það bættust 2 högg við.

„Klukkan er þá orðin 12!“ sagði Gerald við sjálfan sig. „Hamingjan veit, að jeg fer seint úr rúminu í dag“, og svo fullvissaði hann sjálfan sig um það í huganum, að hann yrði að fara á fætur tafarlaust og byrja á dagsverki sínu. En hann fór ekki tafarlaust á fætur til að byrja á dagsverkinu, því að hann fór að hugsa um það, sem skeð hafði kveldið áður. Endurmíningarnar voru nokkuð á

ringulreið enn; hin fallegu andlit og fallegu kjólarnir á dansleiknum liðu í gegn um huga hans; en-huga hans laugaði til að komast lengra til baka en til fallegu andlitanna og fallegu kjólanna á dansleiknum; það svifu óglöggt fyrir huga hans tvær endurminningar, sem hann var að reyna að skýra betur fyrir sjer. Loksins tók Önnur þessi endurminning á sig mynd kvennmanns-andlits í opnum glugga á vagni. Það var ljómandi fagurt andlit, sem mjúkt, gullið hár var ofan við eins og kóróna—og tvö björt, þunglyndisleg augu skinu í andlitinu. Þetta andlit hafði sveimað fyrir honum, töfrandi og laðandi, í draumum hans um nóttina og blandast undarlega saman við dansandi fætur og hlējandi andlit, sem gildið kveldinu áður hafði sett í hreifingu í hinum dreymandi heila hans. Degar hann var nú vaknaður, þá andvarpaði hann af löngun eptir að sjá þetta andlit aptur, eins og maður andvarpar, þegar maður vaknar, af söknuði út af einhverri dýrðlegri sýn, sem maður hefur sjeð í ríki draumanna. Svo breyttist andvarpið í bros þegar Gerald mundi eptir því, að hið fagra, þunglyndislega andli var enginn draumur, heldur andlit stúlku—stúlku, sem allar líkur voru til að hann myndi bráðum sjá aptur—andlit Fidelíu Locke.

En það sveimaði Önnur endurminning í huga hans en endurminningin um andlit Fidelíu Locke. Það var endurminning, sem hann var í vandræðum með, um eitthvað, sem ekki var fallett, en samt

sjerleg
striddi
um hv
kveða,
legu e
Allt í
eins flj
fyrir m
samein
gulum
til bor
áður.
sem lá t
klúbbnu
skringil
sjálfum
minna e
kveldver
að skrifa
Catapul
komst að
yfir að b
blettinun
áður, leð
maður ha
„Það
sjálfan sig
búinn að
hann var

sjerlegt og eptirtektavert, og þessi endurminning
 stríddi honum af því að hann gat ekki átt að sig á
 um hvað hún var, gat ekki, ef svo mætti að orði
 kveða, sett saman hina ýmsu parta af hinum breyti-
 legu endurminningum sem voru á flugi í huga hans.
 Allt í einu mundi hann samt eptir öllu saman, og það
 eins fljótt og slíkir hlutir eru vanir að renna upp
 fyrir manni. Skyin hurfu burt og endurminningarnar
 sameinuðu sig, og upp reis í huga hans stór maður í
 gulum fötum, myndin af manningum, sem setið hafði
 til borðs með honum við miðdagsverðinn daginn
 áður. Strax rann hugur hans eptir allri brautinni
 sem lá til þess, sem fyrir hafði komið á ferðamanna-
 klábbnum, og honum fannst þetta æfintýri svo
 skringilegt og svo ótrúlegt, að hann ályktaði með
 sjálfum sjer, að allt saman væri hvorki meira nje-
 minna en eintómur draumur, sem orsakast hefði af
 kveldverðinum sem hann borðaði svo seint og því,
 að skrifa „handrit“ í meir en heilan dálk af blaðinu.
Catapult á eptir. En í sömu andránni og hann
 komst að þessari niðurstöðu renndi hann augunum
 yfir að borðinu og sá, að á því lá alveg á sama
 blettinum og hann hafði lagt það frá sjer kveldinu
 áður, leður-brjefaveskið, sem hinn undarlegi, ókunni
 maður hafði neytt hann til að geyma.

„Það er þá ekki draumur“, sagði Gernld við
 sjálfan sig og varð forviða yfir því, og hann var ekki
 búinn að jafna sig út af þessari uppgötvun þegar
 hann var búinn að klæða sig og bringdi klukkunni

til að biðja húsmóður sína að færa sjer morgunmatinn. Á meðan Gerald beið eptir morgunmatnum gerði hann það, sem hann hafði geymt sjer að gera af einhverjum dutlung, nefnil. að athuga sönnunina fyrir, að sýn hans hefði ekki verið draumur, þangað til hann væri albúinn til að byrja erfiði dagsins. Það var enginn vafi á, að þarna lá sönnunin fyrir því á borðinu, alveg á sama stað og kveldinu áður—hið sama, svarta leður-brjefaveskið, fest saman með silfurspennu og sem Gerald ekki hafði opnað þrátt fyrir forvitina sem eðlilega var í honum að vita, hvað var í veskinu.

Gerald datt í hug söguhetjan í frönsku skáld-sögunni sem dreymdi, að prinsessa frá gamla Egyptalandi heimsækti sig, og sem, þegar hann vaknaði, sá, að hún hafði skilið eptir annan morgunskóinn sinn til að sanna, að sýnin hefði ekki verið hugarburður. En hið stóra, pykka brjefaveski hafði miklu meiri ábyrgð í för með sjer en skór prinsessunnar frá landi pyramidanna, og hann ásetti sjer að skila eigandanum því aptur eins fljótt og hann mögulega gæti.

Rjett um leið og hann sló þessu föstu með sjálfum sjer, kom morgunmaturinn og með honum morgunblöðin. Morgunblöðin voru regluleg fjárhirzla gleðilöggra mögulegleika fyrir þennan unga, framgjarna blaðamann, og þegar hann var búinn að hella tei í bollann sinn, þá fletti hann einu blaðinu sundur með mestu varhyggð og reisti það þannig

upp við
fyrir ha

H
einn á
lettri, e
L

Da
frjettin
þess, en
í huga
greininu
hann va
þegar a
hann va
sjálfan
enn ver
sagan af
maunsin

Það
að maðu
kveldinu
undarleg
hann til
hafði í v
við hann
stundum
felldur ti
hverjum

upp við eitthvað á borðinu, að sem þægilegast væri fyrir hann að lesa það.

Hið fyrsta, sem hann rak augun í, var dálkur einn á aðal frjettastöðunni með fyrirsögn úr stóru letri, er hljóðaði þannig:

LEYNDARDÓMSFULLT MORÐ Í GÆRKVELDI
Í VESTURENDANUM.

Það var auðsjeð, að þetta var merkilegasta frjettin þennan morgun, að minnsta kosti í augum þess, er frjettirnar ritaði; og Gerald, sem ætíð hafði í huga efni fyrir blað sitt *Catapult*, byrjaði að lesa greinina með athygli, en þó skeytingarlaust. En hann var ekki búinn að lesa meir en tvær línur þegar allur hugur hans var tekinn upp af því, er hann var að lesa, og í nokkur augnablik spurði hann sjálfan sig að því forviða, hvort hann myndi ekki enn vera að deyma. Því að morðsaga þessi var sagan af morðinu í St. James stræti, og nafn myrta maunsins var Set Chickering.

Það var enginn vafi á, að því var þannig varið, að maðurinn, sem borðaði við sama borðið og hann kveldinu áður, maðurinn, sem hafði sagt honum hina undarlegu sögu, maðurinn, sem hafði nærri neytt hann til að geyma fyrir sig brjefaveskið er hann nú hafði í vörzlum sínum, maðurinn, sem hafði skilið við hann á St. James torginu fyrir fáum klukkustundum síðan að heita mátti, var dæinn—myrtur, felldur til jarðar á leyndardómsfullan hátt af einhverjum óþekktum manni.

Gerald fannst að hann sundla, því allt þetta var svo undarlegt, svo snöggt, svo hryllilegt. Saman við meðaukunar tilfinningar gagnvart þessum vin hans frá kveldinu áður blandadist óþægileg tilfinning um óbeit á að vera flæktur inn í þetta mál, en um leið vakti það undarlegan áhuga hjá honum, að hann var bendlaður við það. Því hann var bendlaður við málið, og það mikið, var augsynilegt. Þó hann hefði að eins hitt vesalings Set Chickering í svip, og þó þeir hefðu skilið án þess, að hann hefði gert hann að trúnaðarmanni sínum, þá hefði Gerald Aspen álitnið skyldu sína að gefa sig fram og skýra frá öllu, sem hann vissi í málinu.

En kringumstæðurnar voru miklu alvarlegri en það. Darna hafði hann í vörslum sínum part af eignum hins dána manns, og með hið undarlega sögubrot, er hinn látni maður hafði sagt honum, í fersku minni. Það var augljóst, að það var skylda Gerald's Aspen að skýra hlutabæigandi yfirvöldum frá öllu, og það tafarlaust, sem hann vissi viðvíkjandi Set Chickering, og afhenda þeim hið leyndardómsfulla brjefaveski til umsjónar.

Það væri ekki rjett að neita því, að þrátt fyrir hryllinginn, sem var í Gerald útaf mörðinu, þá fann hann til einskonar ánægju yfir, að vera svona mikið bendlaður við St. James leyndardóminn. Maður getur ekki verið einn af aðal foringjunum við *Catapult* án þess að hafa slíkar tilfinningar, og það var eðlilegt. Þú ungur maður, sem var blaðamaður með

lfi og
blað y
London

En

finning
hvernig

í alvarl
gæti ek

veski li
yfirvöld

hugsun
að það v

ert fram
hættuleg

væri ekk
hugsun s

um eins
að hið

brjóstvas
vandlega

hetja.

En þ

fann brje
þá lá nú s

Fátæki þs
ekki meir
voldugur a

í net sitt, c

*) Stöð

lfi og sál, skyldi finna til gleði yfir, að hans eigið blað yrði svona mikið við það mál riðið, sem öll London hlaut nú að vera að tala um.

En þessi gleði tilfinning dofnaði við aðra tilfinningu, sem ekki var eins gleðileg. Gat ekki það, hvernig hann var bendlaður við mállið, komið honum í alvarleg vandræði? Hvernig færi það ef hann gæti ekki skýrt það atriði, að hann hafði brjefaveski hins myrta manns í höndunum, þannig, að yfirvöldin væru ánægð með skýringarnar? Sú hugsun flaug þess vegna í gegnum huga Geralds, að það væri betra fyrir hann sjálfan að gefa sig ekkert fram í sambandi við málið, heldur fleygja hinu hættulega brjefaveski í ána eða eldinn, svo hann væri ekkert við málið riðinn. En hann rak þessa hugsun strax frá sjer. Gerald lauk morgunverð sínum eins ákveðinn og Spartverji, fullvissaði sig um, að hið leyndardómsfulla veski væri vel geymt í brjóstvasa sínum, hnepti yfirfrakka sínum að sjer vandlega og lagði af stað til Scotland Yard* eins og hetja.

En þó Gerald hefði orðið forviða þegar hann fann brjefaveskið hjá sjer og á sögunni um morðið, þá lá nú samt fyrir honum að undrast enn meira. Fátæki flskumadurinn í „Þúsuud og einni rótt“ varð ekki meira forviða þegar hann vissi, að það var völdugur andi í fangelsi í flöskunni, sem hann fjekk í net sitt, en Gerald varð þegar brjefaveskið, sem

*) Stöðvar leyni-lögregluliðsins í London. — RITSTJ.

komist hafði í vörzlur hans á svo sjerlegan hátt, var opnað og innibald þess kom í ljós. Fyrst og fremst var fjarska mikið af mjög dýrmætum demöntum í veskinu, límt niður í teygjuleður á sama hátt og þeir, sem vanir eru að fara með þess háttar fjársjóðu, búa um gimsteina. Þar næst voru í veskinu tvö innsigluð umslög. Í öðru þeirra var staðfest eptirrit af samningnum, sem Set Chickering hafði sagt Gerald frá—samningunum, sem batt meðlimi hins litla fjelags saman í fjelagsskapinn. Í hinu umslaginu var skrá yfir nöfn allra meðlima fjelagsins ásamt nöfnum þeirra, sem auður þeirra hvers um sig ætti að ganga til þann 1. janúar næstkomandi, ef eigendurnir sjálfir (fjelagarnir) væru þá dánir. Gerald til mikillar undrunar var nafn hans sjálfs efst á listanum yfir erfingja þeirra fjelaga. John Aspen var elstur af meðlimum fjelagsins. Hann var vafalaust hinn löngu týndi faðir Gerald's Aspen. John Aspen hafði nefnt Gerald sem hinn eina erfingja sinn ef hann dæi, og John Aspen var nú dáinn, svo Gerald erfði hans hlut af auðnum.

Nöfn fjelaganna, ætt o. s. frv., var nákvæmlega skrifað niður í skjalinu, og útundan nöfnum þeirra, hvers um sig hafði Set Chickering skrifað einhverja athugasemd með ritblyi. Eins og áður er sagt, var nafn Johns Aspen efst á blaði. Útundan því hafði Chickering skrifað þessi orð: „Dauður. Tók of mikla inntöku af klóral í misgáningi“.

Næst á skránni var nafn kaptains Reginalds

Loeke
skrifu
svo k
ekker
sagt a
ætti h
Scarda

Da
voru v
hann v
Fideliu
Og nú!

Dr
George
lávarðar
dauður
í skjalinu
hans, hin

Fjó
undan na
var dags
skjalinu
Joseph B
heima og
pendingu

Fima
undan na
„Horfinn“

Locke. Útundan nafni hans hafði Set Chickering skrifað: „Fjell í prettalausum bardaga fyrir—“ og svo kom að eins stryk, sem gert var með ritblyfi, en ekkert nafn sett í auda bilið. Erfingi auðs hans var sagt að væri Miss Fidelia Locke, sem sagt var að ætti heima í London og væri undir vernd lafði Scardale.

Það má nærri geta hvernig tilfinningar Gerald's voru við þessa uppgötvun! Kveldinu áður hafði hann verið að búa sjer til æskudrauma útaf andliti Fidelíu Locke, sem hann þá hafði sjeð í fyrsta skipti. Og nú!

Þriðja nafnið á skránni var hinn velborni George Percy Raven, annar sonur Wallingtons lávarðar. Útundan nafni hans var skrifað: „Fannst dauður utan við búðirnar; Núi Bland myrti hann“. Í skjalinu var sagt, að erfingi hans væri yngri bróðir hans, hinn velborni John Raven, kaptéinn.

Fjórdða nafnið á skránni var Núi Bland, og útundan nafninu var skrifað: „Lynch“—aður, og við þetta var dagsetning að eins tveggja mánaða gömul. Í skjalinu var sagt, að erfingi hans væri sonur Nóa, Joseph Bland, en ekki var sagt hvar hann ætti heima og ekkert í skjalinu gaf hina allra minnstu pendingu um það.

Fimta nafnið á skránni var Ratt Gundy, og útundan nafni hans hafði Set Chickering skrifað: „Horfinn“, og enginn erfingi var tilnefndur.

Sjötta nafnið var Set Chickering. Ekkert var skrifad útundan því og enginn erfinzi var tilnefndur.

IX. KAPÍTULI.

MENNINGAR-SKÓLINN.

Lafði Scardale hafði verið forsjal í því, að velja sjer stað fyrir menningar-skóla sinn þar sem hún valdi hann. Skólinn var fast við fljótið; hann var fast við Physic-garðinn. Upprunalega hafði bylið, þar sem skólinn var nú, samanstaðið af ýmsum húsum — það er að segja, þar hafði verið gamla, tignarlega byggingin og ýms smærri, nylegri hús í kringum hana. Lafði Scardale hafði verið svo heppin, að geta keypt alla eignina, og hafði svo umbætt og breytt öllu saman, að staðurinn var nú merkilegasta stofnanin í því nágrenni. Hún ljet rífa niður smærri húsin og byggja við gamla, tignarlega húsið. Hún ljet gera einn garð úr hinum ýmsu gördum, og garðinum var þannig komið fyrir, að hann líktist meira stórum trjágarði (park) heldur en vanalegum garði í kringum hús í borgum. Dað var sjerlega átór garður eptir því sem gerist í London, jafnvel eptir því sem gerist í Chelsea, þar sem talsvert er enn eptir af stórum gördum. Og svo var Physic-garðurinn rjett hinumegin við veginn, svo að hinar fríðu

meýja
nóg t
þetta h
var há
mennin
feldinn

En

nokkur

urinn

seinnip

menning

út. Þ

ingar-sk

inn í, og

ein á ky

um á f

var veðr

hafði veð

þægileg

cer hæli

Mr. Will

„fegurð“

maður g

yfir blón

ern bitrir

En

og fyrir

eins nær

tíma kem

meðjar á menningar-skólanum höfðu nóg ferskt lopt, nóg trje og gras að horfa á sjer til ánægju og allt þetta hjálpaðist að til að gera þær heilsugóðar. Það var hár múrveggur allt í kringum garðinn, sem menningar-skólinn var í, er gaf garðinum mjög viðfeldinn og visindalegan, nærri klausturslegan blæ.

En það var samt alveg laust við, að það væri nokkurn tíma nokkuð ómuflegt við staðinn, þó garðurinn væri svona afkráður með múrveggnum, og seinniþart þessa sjerstaka dags, seint í apríl, leit menningar-skólinn og garðurinn mjög skemmtilega út. Því að þennan dag var hátíðarhaldið á menningar-skólanum, sem Gerald Aspen hafði verið boðinn í, og sem laði Scardale hafði minnt Raven kaptain á kveldinu áður þegar þau skildu úti fyrir dyrunum á ferðamanna-klúbbum. Til allrar hamingju var veðrið hið fegursta. Það sem af var mánuðinum hafði veðrið ekki verið þægilegt. Veðrið er sjaldan þægilegt á Englandi í apríl, þrátt fyrir það að Chaucer hælir því og þrátt fyrir að Chancer vorra dags, Mr. William Morris, hælir því og að kvæði hans um „fegurð“ apríl mánaðar er nógu dýrölegt til þess, að maður gleymir að hinir „mjúku vindar, sem blása yfir blómin í góðunum“ eru vanalega af austri og ern bitrir og bitandi.

En þennan dag var veðrið innpælt—nærri eins og fyrirmyndar apríl dagur sætti að vera—ef til vill eins nærri fyrirmyndar apríl degi eins og nokkurn tíma kemur í London. Loptið, sem fram að þessum

tíma hafði alltaf haft vetrarbrag á sjer. hafði nú í fyrsta sinn á vorinu nokkur hlýindi í sjer, hlýindi, sem virtust nú einmitt vera að vekja náttúruna af vetrar dvalanum. Sólin kom upp í heiði þennan morgun og kastaði geislum sínum óspart yfir jörðina, eins og hún væri að bæta upp með þessu snögga ör-læti þoku og súld vetrarins, sem ollir mannanna börnum svo mikil óþægindi. Hinar fínu, rauðu stjörnur mündlublómanna gerðu garðinn dýrðlegan af roða sínum, og blöð blómanna, sem voru að springa út, lögðu sinn mjúka, græna lit til þess, að gera vorlitinn sem bjartastan og fegurstan.

Það var heilmikið líf og hreifing í kringum menningar-skólann þennan apríl eptirmiðdag. Hið mikla hlið stóð opið allan daginn, og skrautvagnar og leiguvagnar komn inn um það, hver á fætur öðrum, og skildu farm sinn eptir í garðinum. Hópur af fólki stóð úti fyrir, nálægt innganginum, og starði á gestina, sem komu, og horfði gegnum opna hliðið inn í hinn forboðna reit fyrir innan og skémmti sjer vel við það, eins og gápandi slæpingar æfinlega gera. Innan við hliðið, í menningar-skólanum sjálfum, var allt á flugi og ferð, því hinir ýmsu gestir, sem boðið hafði verið að skoða skólann á þessu fyrsta afmæli hans, voru á gangi um allt húsið undir leiðsögn hinna víðfeldnu námsmeyja, sem falið hafði verið að sýna gestunum um það. Þegar gestirnir höfðu skoðað allt, sem þar var að sjá, og höfðu satt forvitni sína með því að spyrja allra mögulegra spurninga um

fyrirke
fyrirta
stóra
á móti
ingar
stóð
Ítill
heilsað
mjög
þar og
allt, s
leiðbei

Ei
með s
sem he
hana e
Lafði S
Gerald
Street,

La
getið,
að finna
En það,
inum, h
Fideliu
hennar,
maður þ

„B

fyrirkomulag skólans og hvernig þetta óvanalega fyrirtæki hefði heppnast, þá var þeim öllum fylgt í stóra garðinn bakvið húsið og þar tók lafði Scardale á móti þeim; þar voru tjöld með borðum í og hressingar á þeim fyrir þá, sem vildu. Lafði Scardale stóð í miðjum garðinum og í kringum hana var dálitill hópur af persónulegum vinum hennar. Þar heilsaði hún sjerhverjum gesti eða hóp af gestum mjög alúðlega. Miss Fidelia Locke var hjer og þar og eins og allt í öllu, leit allstaðar eptir, skýrði allt, sem gestina langaði til að fá skýringu um, og leiðbeindi þeim hvervetna.

Ein fríða námsmeyjan kom til lafði Scardale með seðil í hendinni og sagði henni um leið að sá, sem hefði fengið henni seðilinn, óskaði að tala við hana einslega í fáeinar mínútur um áriðandi mál. Lafði Scardale las nafnið á seðlinum, sem var: „Mr. Gerald Aspen, Embankment Chambers, Villiers-Street, Strand & Voyagers' Club, St. Jame's Square“.

Lafði Scardale hafði aldrei heyrt þessa manns getið, en það var æfinlega allskonar ókunnugt fólk að finna hana og hún neitaði aldrei að tala við neinn. En það, að hún sá nafn ferðamanna-klúbbsins á seðlinum, hafði undarleg áhrif á hana í sambandi við ótta Fidelíu fyrir, að eitthvað hefði komið fyrir föður hennar, svo það beit einhvern veginn á hana, að maður þessi færði henni frjettir af föður Fidelíu.

„Bað maður þessi um, að fá að tala við mig

fyrst?— sagði lafði Scardale lágt við meyna, sem fengið hafði henni seðilinn.

„Já, lafði Scardale“, sagði mærin. „Hann spurði, hvort Miss Locke væri hjer—og jeg sagði honum að svo væri; og svo bað hann um að fá að tala við yður. Hann sagðist heldur vilja tala við yður fyrst“.

„Mig grunaði þetta“, sagði lafði Scardale við sjálfa sig. Svo sneri hún sjer að litla hópnun, sem stóð hjá henni, og sagði:

„Jeg kem aptur að fáum mínútum líðnum, vona jeg“, og svo fylgdi hún meynni eptir inn í húsið og inn í lestrarstofu sína, þar sem Gerald beið hennar.

Lafði Scardale var lengur burtu frá vinum sínum úti en hún hafði búist við. Hún kom ekki út í garðinn til þeirra aptur fyr en eptir fjórðung stundar, og þegar hún kom, var hún ekki einsöm. Gerald Aspen var við hlið hennar. Lafði Scardale var mjög alvarleg og sorgbitin í bragði, og það var Gerald líka. Hann var nýbúinn að segja lafði Scardale hina undarlegu sögu, sem hann hafði sjálfur heyrt þennan sama morgun, og lafði Scardale hafði komist að þeirri niðurstöðu, að það væri bezt að hann segði Fideliu söguna sjálfur. Lafði Scardale litaðist um eptir Fideliu, og sá hana hinu megin í garðinum, þar sem hún var að tala við suma af gestunum. Garðurinn var nú orðinn nærri tómur af fólki, því það var farið að verða svalt svo flestallir gesturnir voru komnir inn í húsið eða farnir.

„Biðið hjer augnablik“, sagði lafði Scardale við

Gerald
hratt y
blifleg

„I
G

kvöddu
föru, s
Fidelia

alvarle
harðara
það má

„F
sorgleg
að myk

La
eigin, u
sjer inn

Fid
og sagð

„F
„Já

Scardale

„H
„H

dale, „s
sem han

dögu ste
þjer láta

Gerald, sem hneigði sig þegjandi. Síðan gekk hún hratt yfir garðinn þangað, sem Fidelia stóð, og sagði bliflega við hana:

„Fidelia, mig langar til að tala við þú.“

Gestirnir, sem Fidelia hafði verið að tala við, kvóddu hana og lafði Scardales með handabandi og fóru, svo þær vinkonurnar stóðu einar eftir þarna. Fidelia sá á svip lafði Scardale, að hún hafði einhver alvarleg tíðindi að segja, og hjarta hennar fór að slá harðara, því hún þóttist þess fullviss, að þau snertu það mál, sem henni var íkast í huga.

„Fidelia“, sagði lafði Scardale, „Jeg hef fengið sorglegar frjettir. Jeg ált ekki til neins að reyna að mykja sársaukann af svoleiðis frjettum.“

Lafði Scardale tók báðar hendur Fidelíu í sínar eigin, um leið og hún sagði þetta, og þrýsti henni að sjer innilega.

Fidelia leit til lafði Scardale tár votum augum og sagði:

„Faðir minn! Er hann dáiinn?“

„Já, góða mín, hann er dáiinn“, svaraði lafði Scardale.

„Hvernig vitið þjer það?“ spurði Fidelia.

„Hjer er ungur maður einn“, svaraði lafði Scardale, „sem er nybúinn að segja mjer það. Sagan, sem hann sagði mjer, er mjög undarleg. Eruð þjer nógu sterk til þess að hlusta á hana nú, eða viljið þjer láta það brúa þangað til seinna?“

„Nei, nei!“, svaraði Fidelia í ákveðnum róm; „jég vil helst heyra hana nú strax“.

Lafði Scardale snéri sjer við og benti Gerald að komna. Hann hafði staðið á lengdar og horft á þær, og var að undra sig á hinni undarlegu tilviljun, sem hafði allt í einu komið honum í náið samband við þessar tvær konur; er hann hafði aldrei á æfi sinu sjóð fyr en kveldinu áður. Hann hlyddi bendingu lafði Scardale og kom til þeirra.

„Fidelia“, sagði lafði Scardale, „þetta er Mr. Gerald Aspen, sem færir yður undarlegar og sorglegar frjettir. Mr. Aspen, þetta er Miss Locke“.

Gerald hneigði sig. Honum þótti mærl þessi fögur þegar hún leit brosandí út um vagnluggann í dimmuni kveldið áður, en nú fannst honum hún enn fegurri í hreina aptanljósinu, þó hún væri mjög sorgbitin í bragði.

„Setjist niður, Fidelia, á meðan Mr. Aspen segir yður söguna“, sagði lafði Scardale um leið og hún leiddi hana að bekk, sem stóð undir gömlu álmtrje í garðinum. „Jég ætla að skilja við ykkur í bráðina, en kem strax aptur“.

Að svo mæltu fór lafði Scardale burt frá þeim, til þess að kveðja hina síðustu af gestunum, sem voru að fara. Fidelia leit upp á Gerald og sagði:

„Segið mjer af föður mínum“.

Gerald stóð frammi fyrir Fidelíu, horfði niður á hana og sagði henni alla hina undarlegu sögu: æfintýrið, er hann hafði fengið vitneskju um þennan

sama da
svo leyr
an. H
frá dau
auðnum
atvik, se

Fid
viðvskja

„Je
mæltu s
arlaus ei

„Je
kenni í l

„Je
Fidelia
föður yð

Um
ald hend

ingu. G

Hann be

sínum, sa

hann vild

sjer af g

hafði fen

hennar he

mennska
manna.
honum fa
sinni sam

sama dag af því, sem var í brjefa veskinu, og sem á svo leyndardómsfullan hátt tengdi nöfn þeirra saman. Hann sagði henni frá morði Sets Chickering, frá dauða föður hennar og dauða föður síns, og frá auðnum, sem þau ættu að erfa fyrir hin sjerlegu atvik, sem hann skýrði henni frá.

Fidelia heyrði varla þau fáu orð, sem hann sagði viðvirkjandi auðnum, en sagði:

„Jeg vissi, að faðir minn var dauður“. Að svo mæltu stóð hún á fætur og stóð eins fól og hreifing- arlaus eins og myndastytta frammi fyrir Gerald.

„Jeg þarf ekki að segja yður, hve mjög jeg kenni í brjósti um yður, Miss Locke“, sagði Gerald.

„Jeg kenni líka í brjósti um yður“, sagði Fidelia með tárin í augunum. „Þjer hafð misst föður yðar eins og jeg“.

Um leið og Fidelia sagði þetta rjetti hún Gerald hendina með náttúrlegri, kvennlegri bluttekn- ingu. Gerald prýsti hönd hennar eitt augnablik. Hann hefði gjarnan viljað snerta höndina með vörum sínum, samkvæmt hinum yndislega sið fyrri tíða, en hann vildi forðast, að það gæti virst, að hann notaði sjer af geðshræringu hennar. Hann sá, að fregnin hafði fengið fjarskalega mikið á hana. Hryggð hennar helgaði hana í augum hans. Jafnvel blaða- mennska vorra tíma eyðileggur ekki riddaraskap manna. Hann kenndi sárt í brjósti um hana, og honum fannst það einskonar hræsni, að jafna sorg sinni saman við sorg hennar. Hann hafði aldrei

þekkt föður sinn, sem þar að auki hafði aldrei verið skyldurækin við fjölskyldu sína, og hafði látið son sinn berjast sjálfan áfram í veröldinni, sem best hann gat.

Var það ekki faðir „svarta prinzens“, sem neitaði að senda syni sínum meira herlið og barði því við, að það væri betra að sonur sinn ynni bardagann af eigin rangleik? Mr. Aspen, eldri, leit ef til vill eins hetjulega á föðurskyldu sína. En hvað sem því leið, þá ljét hann son sinn heyja bardagann alveg án nokkurrar föðurhjálp. Það var ef til vill vel meint og hetjuleg stefna, en það var vissulega ekki stefna, sem er líkleg til að vekja kærleika hjá syninum til föðursins.

Þess vegna áleit Gerald í hjarta sínu að það væri ómöglegt, að hann saknaði föður síns eins mikið og Miss Locke saknaði föður síns, og því nærri fyrirvarð hann sig útaf hluttækninguinni, sem hún sýndi af föðurmíssi hans.

„Jeg þekkti föður minn mjög lítið“, sagði hann því hreinskilnislega—en samt neyddi hann sjálfan sig til að segja þetta, því honum fannst það einskonar last um framliðinn mann.

„Faðir minn var æfinlega hjá mjer á meðan hann var heima“, sagði Fidelfa. „Jeg nærri tilbac hann. Jeg verð að biðja guð um styrk til að bera þetta mótlæti! Þjer hafð enn ekki sagt mjer, Mr. Aspen—hún var búin að læra að nefna hann—„úr hverju hann „—hún gat varla komið upp orði—„úr hverju hann dó“.

„E
heyra þ
mikið o
drepid

það fyr
vodafone

Hú
hug til
dauða f

„Je
fjekk a
kemur a
er að seg
rekki mi

„Da
segja yð
Biðið þj

Hún

sig og sk
ætlaði að
óhamingj
hana un.

hnan? E
óviðráðan

gat hafa l
fann hún
fullur þeg
enn hryll
vizkulaus

„Hafið þjer nóg hugrekki, Miss Locke, til að heyra það“, sagði Gerald, og skalf rödd hans eins mikið og hann var eins fólur og hann sjálfur hefði drepíð föður hennar og væri í þann veginn að jata það fyrir henni. „Það sem jeg hef að segja, er vodafonegt“.

Hún hneigði sig til merkis um, að hún hefði hug til að heyra, hvað sem hann hefði að segja um dauða föður hennar, og sagði svo.

„Jeg hafði heyrt hið vodafonegasta þegar jeg fjeck að vita, að faðir minn væri dáinn—að hann kemur aldrei heim til mín aptur. Ekkert, sem hægt er að segja mjer eptir það, getur haft áhrif á hugrekki mitt eða krapta til að þola mótlæti“.

„Það er samt sem áður hræðilegt, að þurfa að segja yður það. Miss Locke, faðir yðar var drepinn. Biðið þjer við—jeg sagði drepinn, ekki myrtur“.

Hún hafði ósjálfrátt hljóðað dálítið up yfir sig og skylt andlitinu með höndunum, eins og hún ætlaði að hlífa því fyrir vængjum einhverrar vondrar óhamingju, sem sæktu að henni og ætluðu að berja hana un. Faðir hennar var dáinn! Hvers vegna dó hnan? Hann hafði ekki fengið neina sótt—engin óviðráðanleg örlög höfðu komið fyrir hann. Hann gat hafa lifað—og einhver hafði drepíð hann! Nú fann hún til þess, að mælir þjánainga hennar var ekki fullur þegar hún hafði frjett lát föður síns. Það var enn hryllilegra að hugsa til þess, að einhver samvirkulaus maður hefði brepið hann. Enskar stúlkur

hugsa um dauðann, jafnvel þegar ræða er um þá, sem þær elska mest, eins og óumflyjanleg forlög, sem komi blíðlega og hægt í viðurvist þeirra, er sitja syrgjandi og polinmóðir við sóttarsæng vina sinna. Þær hugsa ekki um dauðann sem komandi hastarlega—orsakaðan af einhverri grimfri hendi, sem hefði getað hlíft, en gerði það ekki—hastarlegan dauðdaga—með höggum og gapandi sárum—vanhelgað andlát—mannslíf, sem er afskorið sakir dýrlegrar óvináttu og haturs.

„Ó, þetta er hræðilegt!“ sagði hún í lágum róm. „Mjer hafði aldrei komið slíkt til hugar“. Svo sagði hún í verulega grimmum róm og augu hennar tindruðu:

„Mr. Aspen, segið mjer það, og hlífð mjer ekki—segið mjer hver drap föður minn“.

„Jeg hef ekki sagt, að hann hafi verið myrtur“, svaraði Gerald. „Jeg þori ekki að segja það. Jeg vona og treysti því, að það hafi ekki verið“.

„Hann var myrtur!“ hrópaði Fidelia. „Hann var blíður, hann var góðlyndur, hann var of hjarta-góður. Það er ómögulegt, að hann hafi verið drepinn, nema af líviljun, eða þá verið myrtur, myrtur, myrtur! Var það tilviljun? Reynið ekki að afvegaleiða mig með því að segja, að það hafi ekki verið svo“.

„Það var engin tilviljun, Miss Locke“, sagði Gerald. „Eptir því sem jeg veit best, þá missti hann lífið út úr missætti við aðra“.

„E
mann“
góðlynd
hafi ek
n.yrtur

Dr

öllu þess
unni, se
og hetj
skipt un
ákveðin
leyna, að

„Vi

sagði h
sannleiki

Ger

id. Hú

og hún í

sem hann

það álit,

þessum

plássinu,

hlustaði

hann marg

snögglega

framið, í S

Randolph,

„Það

Fidelia, „s

„Faðir minn var aldrei missáttur við neinn mann“, sagði Fidelia; „hann var of göfuglyndur, góðlyndur og blíður til þess. Haldið þjer að jeg hafi ekki þekkt föður minn? Hann hefur verið n.yrtur; segið mjer nú hver myrti hann“.

Drátt fyrir að Gerald var í vandræðum út af öllu þessu, þá gat hann ekki annað en dáðst að stúlku-
unni, sem stóð þarna frammi fyrir honum svo einbeitt og hetjuleg. Það var eins og hún hefði allt í einu skipt um eðli sitt. Hún var orðin sterk, huguð og ákveðin—full af föstum ásetningi, og því er ekki að leyna, að henni var hefnd í huga.

„Við skulum setja okkur niður, Mr. Aspen“, sagði hún þar næst. „Og segið mjer svo allan sannleikann“.

Gerald sagði henni allt, sem hann vissi um málið. Hún veigraði sjer við engu, og hann varð eins og hún í því. Hann sagði henni allar ástæðurnar, sem hann vissi, og skýrði henni frá öllu sem styrkti það álit, að Locke kapteinn hefði fallið í einum af þessum bardögum, sem svo opt eiga sjer stað í plássinu, er hann var í þegar hann dó. Miss Locke hlustaði á ræðu hans þegjandi. Svo spurði hún hann margra spurninga um manninn, sem birtist svo snögglega og óvænt á staðnum þar sem morðið var framið, í St. James stræti—manninn, sem nefndi sig Randolph, eða öllu heldur Ratt, Gundy.

„Það er eitthvað það við þennan mann“, sagði Fidelia, „sem eltir mig eins og vofa. Jeg get ekki

gert grein fyrir því, en það fer hrollur í gegnum mig í hvert skipti sem jeg heyri hann nefndan. Áltíð þjer ekki að hann hafi verið eitthvað riðinn við morðið?“

„Morðið í St. James stræti?“ spurði Gerald.

„Já—þjer viljið ekki kannast við, að neitt ann-
sð morð hafi átt sjer stað—að faðir minn hafi verið
myrtur“, sagði Fidelia.

Hvílka breytingu höfðu ekki fáeinar mínútur
orsakað á henni! Hún talaði nú rólega og stillilega
um dauða föður síns.

„Allir segja, að það væri ekki hin allra minnsta
ástæða til að gruna þennan mann—þennan ókunna
mann—önnur en sú, að hann fannst hjá líkinu þarna
hjá St. James stræti“, sagði Gerald. „Satt að segja
er ekki sanngjarnt að taka svo til orða, að hann hafi
fundist hjá líkinu, því það var hann sem gerði aðvart
og kallaði lögregluliðið þangað“.

„Áltíð þjer að nafnið, sem hann gaf upp, sje
hið rjetta nafn hans?“ spurði Fidelia.

„Nei, jeg er viss um, að það er ekki hans rjetta
nafn“, svaraði Gerald. „Mjög fáir menn ganga
undir sínu rjetta nafni þar í óbyggðunum“.

„Mig langar til að sjá þennan mann“, sagði
Fidelia. „Mig langar til að kynnast honum. Viljið
þjer hjálpa mjer til að ná tali af honum?“

„Jeg skal hjálpa yður í öllu, sem jeg mögulega
get“, svaraði Gerald. „Jeg skal gera allt, sem mjer
er mögulegt, í því efni; en jeg skil ekki, hvers

vegna

M

eini m

mál—a

„Hann

föður n

liti til

að álíta

„A

gera all

„V

sjeð per

Ger

en hann

„Ef

ekki ben

ekki faði

Getið þj

við hann

sagt?“

„Au

við hann

óskid að t

auðvelt fy

„Jeg

Fidelia og

Hvað

að láta h

Ratt Gund

vegna yður langar til að hafa tal af þessum manni“.

Meðal annars af því, Mr. Aspen, að hann er nú eini maðurinn á Englandi, sem veit nokkuð um þetta mál—af eigin reynslu meina jeg“, sagði Fidelia. „Hann hlýtur að geta sagt mjer eitthvað um—um föður minn. Og mig langar til að sjá manninn augliti til auglitis. Jeg mundi vita betur, hvað jeg ætti að álita um allt þetta mál, ef jeg sæi hann“.

„Auðvitað“, sagði Gerald hikandi. „Jeg skal gera allt hvað jeg get“.

„Viljið þjer liðsinna mjer í því, að jeg geti sjð þennan mann“, spurði Fidelia.

Gerald var forviða á ákefð hennar í þessu efni, en hann svaraði: „Ó, já—ef jeg get“.

„Ef þjer getið!“ sagði Fidelia. „Eruð þjer ekki bendlaður inn í þetta mál eins og jeg? Dó ekki faðir yðar þarna fyrir handan eins og faðir minn? Getið þjer ekki farið og sjð þennau mann og talað við hann? Væri það ekki alveg eðlilegt og sjálf-sagt?“

„Auðvitað“, sagði Gerald. „Jeg verð að tala við hann undir öllum kringumstæðum; og ef þjer óskið að tala við hann, þá skal jeg gera það eins auðvelt fyrir yður eins og jeg get“.

„Jeg er yður mjög þakklát fyrir það“, sagði Fidelia og leit niður fyrir sig um leið.

Hvað gekk Gerald til að færast heldur undan að láta hana ná tali af þessum einkennilega Mr Ratt Gundy? Sumpart það, ef til vill, að hann hafði

það á tilfinningunni, að það væri ekki æskilegt, að þessi bjarta og hreina mæð hefði nokkurt samblendi við annan eins veraldarmann og æfintýramann og þennan svonefnda Ratt Gundy. Gerald hafði hitt hann í Scotland Yard, og hann hafði mjög riddaralegar og sjerlegar skoðanir viðvíkjandi kvennfólki og því, að það væri rjett að vernda það frá öllu samblendi við menn, sem ekki væru eins hreinir og mjöðll og lausir við allan ribbaldahátt—skoðanir, sem kvennfólk í heild sinni, ef til vill, hefði ekki æfinlega verið honum þakklátt fyrir. Þar að auki var einskonar afbrýðissemis-tilfinning djúpt niðri í hjarta hans af því, að hann vissi, að Mr. Gundy var mikið fallegur, fjörugur og hugaður maður, sem hafði mjúka rödd, bjart bros og liðugt tungutak, og það var vel lægt að hugsa sjer, að hann kynni að tófra stúlku þessa. Þetta var í fyrsta sinn á æfinni að Gerald hafði talað við Miss Locke, og hann var ekki búinn að tala við hana nema svo sem fjórðung stundar; og samt var honum farið að falla illa, eins og karlmönnum er gjarnt, að hún hefði nokkurt samblendi við aðra karlmenn. Því, sagði hann við sjálfan sig: „Forsjóðin hefur hlotið að hafa haft einhvern tilgang með því, að láta okkur tvö hittast á svona undarlegan hátt“.

„Lofið mjer að bæta einu við“, sagði hann um leið og hann var að fara, og eptir að þau höfðu komið sjer saman um, að hann fyndi hana aptur eð. ljeti hana á annan hátt vita það, sem hann kynni að

kom
að þ
að f
næs

hún.
gleð
því—

henn

um ö
sig.
bæta

stama
hýst v

„ef ma
ekkert

jeg ska
sem lý

ingjan
til þess

fá up
legt, je

ingunu
sem jeg

minni—

komast að frekar í þessu sorglega máli,—„Þjer vitið, að þjer eruð nú rík—að þjer eigið að minnsta kosti að fá mikla upphæð af peningum þann 1. janúar næstkomandi—“

„Já, þjer hafði gert mjer það skiljanlegt“, sagði hún. „Jeg er yður svo þakklát fyrir þá fregn. Það gleður mig svo mikið—jeg fagna svo mikið yfir því—það hreint töfrar mig.“

Um leið og hún sagði þetta tindruðu augu hennar, og undarlegur sigur-eldur brann í þeim.

Gerald varð forvið. „Er hún þá lík svo mörgum öðrum—lík öllum hinum?“ spurði hann sjálfan sig. „Lætur hún einnig peninga hugga sig og bæta sjer upp hvaða missi sem er?“

„Það fær yður mikillar gleði“, sagði hann hálf stamandi. „Jæja, það er auðvitað edlilegt. Jeg býst við að allir hafi mikla gleði af að fá peninga.“

„Auðvitað edlilegt“, tók hún upp eptir honum, „ef maður ætlar að gera eitthvað. Allir segja, að ekkert sje hægt að gera án peninga! Gott og vel, jeg skal brúka peningana til að fá vitneskju um allt, sem lýtur að dauða föður míns, og láta hegna morðingjanum. Ef nauðsynlegt er, skal jeg sjálf ferðast til þessa hjerads, sem demanta-námurnar eru í, og fá upplýsingar—en það verður ekki nauðsynlegt, jeg veit það verður ekki. Jeg skal eyða peningunum hjer. Jeg skal eyða þeim öllum og öllu, sem jeg á—jafnvel seinasta kjólnum mínum—heilsu minni—lífi mínu,— allt þetta skal jeg frá þessu

angnablíki leggja í sölurnar til þess, að uppgötva mörðingja föður míns!“

Hún kvaddi Gerald með viðmóti sem hálfvegis bar með sjer, að hún væri verndari hans. Það var eitthvað mjög tignarlegt og rólegt við hana. Hún skildi við hann með vingjarnlegum hefðarsvip, alveg eins og prinsessa í útlegd myndi hafa gert. Þegar hann kom til hennar og sá hana nokkrum mínútum áður, virtist honum hún að eins vera fögur, fingerð mær, sem sorglegar frjettir gætu slegið til jarðar eins og svípleg haglskúr slær hávaxið, blaktandi blóm til jarðar. Nú virtist hún stillt, sterk og tignarleg, og geta staðið ein og upprjett hvað sem fyrir kæmi. Ásetningur hennar gaf henni kjark og krap. Áform hennar hafði gert hana sterka. Hún var reglulegur kvenn-Orestes. Hún varð að uppgötva sannleikann viðvikjandi dauða föður síns og láta hegna mörðingjanum.

Gerald Aspen hafði heilmikið að hugsa um, þar sem hann sat í litla afkymanum í ferðamanna-klúbbum sama kveldið. Allt útlit lífsins hafði breytt í augum hans, eins og í augum hennar.

X. KAÞITULI.

NÍU DAGA UNDEIÐ.

Líkskoðun er, þegar bezt lætur, niðurbeygjandi

ta var það venju framur undir

kring
á lík
hans f
an ma
í sjálfu
þanga
í engi
bæjari
innar
nafnto
svo hr
þennar
glæpa.

Ad
saga þe
kviðdó
maður
það að
kennari
Chelsea
lýsingar
kveldið,
gangand
í áttina
að fara y
hefði ma
maður, s
virzt ver
sagðist h

kringumstæðunum sem áttu sjer stað þegar skoðanin á líki Sets Chickering og rannsóknin útaf dauða hans fór fram. Hjer var um mann að ræða—ókunnan mann—sem einhver morðingi hafði slegið niður í sjálfu hjarta London, sama kveldið og hann kom þangað—og ekki sleginn niður í neinu skúmaskóti, í engri af þessum ljótu bakgötum í austurenda bæjarins, heldar alveg í miðdepli þess hluta borgarinnar sem fyrirfólkið býr í og í nánd við eitt af nafntoguðustu strætum London. Dað var eitthvað svo hræðilegt, svo dularfullt, svo illmannlegt við þennan glæp, að hann var ekki talinn í röð vanalegra glæpa.

Að eins einn maður gaf sig fram, eptir að morðsaga þessi varð kunn, sem gat gefið líkskoðunar- kvíðómnum nokkrar nýjar upplýsingar. Dað var maður er sagðist heita James Bostock, sem hafði það að atvinnu að kenna skylmingar, og sem var kennari í þeirri grein í menningar-skólanum í Chelsea. Hann gat nú samt ekki gefið miklar upplýsingar. Allt, sem hann bar í málinu, var það, að kveldið, sem morðið var framið, hefði hann komið gangandi frá St. James garðinum og verið á leiðinni í áttina til Piccadilly. Rjett þegar hann hefði verið að fara yfir akveginn milli garðsins og hallarinnar, hefði maður komið hlaupandi og rekið sig á hann—maður, sem hefði hlaupið eins og fætur toguðu og virzt vera í fjárskalegri geðshræringu. Mr. Bostock sagðist hafa sjö andlit manneins mjög glöggt, og

lýsti andlitinu mikið líkt og Mr. Gundy hafði gert. Maðurinn, sem rak sig á Mr. Bostock, hafði mikið rautt hár, eins og maðurinn sem rak sig á Mr. Gundy, og neðri hluti andlitsins var nærri allur hulinn af miklu, rauðu skeggi. En Mr. Bostock bætti einni upplýsingu við, þeirri nefnil., að þegar maðurinn hefði stanzað eitt augnablik, eptir að hann hafði rekið sig á hann, þá hefði hann ausið úr sjer einhverjum orðastrum, eins og í reiði, en hann hefði ekki skilið orðin, því hann þekkti ekki málið, sem þau voru tölud á. Þegar Mr. Bostock var spurður betur úr spjörunum, þá sagði hann að hann væri alveg viss um, að það hefði hvorki verið franska, þýzka, ítalska eða spanska, því hann kynni öll þessi mál allvel, og að það, sem maðurinn hefði sagt, hefði verið nógu mikið til þess, að hann hefði gripið það, ef orðin hefðu verið úr einhverri þeirri tungu, sem hann skildi nokkuð í. Einn maðurinn í kvíðdómnum, sem virtist vera að hugsa um úsbilista, stak uppá því, að maðurinn myndi vera rússneskur. Mr. Bostock samsinnti því, að það gæti vel verið, að hann væri Rússi. Líkkoðunar-embættismaðurinn (coroner) sagði, að það væru mörg önuur fánaleg mál tölud í Evrópu en rússneska, t. d. tyrkneska og gríska. Þá gerði Mr. Gundy þá athugasemd brosandí, að það væru fleiri slík mál til í Evrópu, svo sem magyarska, roumanska, bulgaríska, pólska o. s. frv., að hann ekki nefndi latínu, sem mikið væri tölud í Evrópu. Mr. Bostock sagði: „mjög líklegt“,

en að h
sjáanleg
honum
bættis
fyrir hi
sýnt me

Kv
mordmá
eða einh
mord“.
Gundy—
og hann
sjed Mr.
út úr f
maðurinn
hefði har
hann hef
St. Jam
skygnast
eitthvert
einu hefð
og hefði
farið um
frá sjer m
til hugar
einhverjar
samt farið
húsanna,
ing þar d

en að hann skildi engin þessara mála. Það var auðsáanlega ekkert meira að græða á Mr. Bostock, svo honum var leyft að fara, eptir að líkskoðunar-embættismaðurinn hafði þakkað honum innvirðulega fyrir hina borgaralegu skyldurækni, sem hanu hafði sýnt með því að gefa sig fram.

Kviðdómurinn gat ekki fellt nein annan dóm í morðmáli vesalings Chickering en þann, að „einhver eða einhverjir óþekktir menn hefðu viljandi drygt morð“. Það var ekkert annað að hafa út úr Ratt Gundy—eins og hann kallaði sig—en sömu söguna og hann hafði sagt í upphafi. Hann sagðist hafa sjeð Mr. Chickering rjett eptir að hann hefði komið út úr ferðamanna-klúbnum; honum hefði komið maðurinn kunnuglega fyrir sjónir og þess vegna hefði hann fylgt honum eptir spölkorn, þangað til hann hefði horfið inn í gang einn, sem lægi út frá St. James stræti. Hann sagðist hafa verið að skygnast inn í gang þennan þegar hann heyrði eitthvert hljóð og einskona þrusk þar inni. Allt í einu hefði maður komið hlaupandi út úr ganginum og hefði rekist á sig svo mikið, að hann hefði nærr farið um koll. Ratt sagðist hafa kastað mannum frá sjer með fyrirlitningu, því sjer hafði ekki komið til hugar að neitt alvarlegra væri hjer á ferðum en einhverjar ryskingar út úr drykkjuskap. Hann hefði samt farið inn í ganginn og inn í ferhyrninginn milli húsanna, sem hann lá inn í, og fundið Set Chickering þar dauðan. Ýnsum fannst saga þessi all-

tortryggileg, en það var samt ekki hægt að vefengja hana. Mr. Gundy gat sýnt, að hann átti mikið fje inni á einum helsta bankanum og að hann var búinn að gera ráðstafanir til að dvelja í London um hríð. Það voru alls engar sannanir faanlegar gegn honum. Hann skýrði frá, að hann hefði ekki komið til London í mörg ár, en ætlaði nú að vera þar lengi. Það var því ekkert annað hægt að gera, en að láta hann fara sína leið. Hann sagði líkskoðunar-embættismanninum brosandí, að hann myndi ekki fara í neinar felur fyrst um sinn—að hann ætlaði að skemmta sjer ögn í London.

Frjettaritari frá blaðinu *Catapult* átti tal við Mr. Gundy á Berkley Hotél. Hann var mjög víðfeldinn, og meir en víðfeldinn, við frjettaritarann. Hann hafði flösku af kampavíni og sætan líkör og bjó til afbragðs blöndu úr þessu hvorutveggja. Svo kom hann með dýrðlega Havana-vindla, og hann gerði það að skilyrði fyrir því, að hann lofaði frjettaritaranum að tala við sig, að hann yrði að reykja og drekka. Þar eð frjettaritaranum var annt um hagsmuni blaðs síns, þá samþykkti hann þessi grundvallaratriði í samningunum.

Saga þessi barst fljótt um hina miklu borg. Hún flúg eins og hvalsaga úr einum parti bæjarins í annan. Sagan um fund þinna undraverðu demanta var, útálf fyrir sig, nóg til þess að tala um að minnsta kosti í þrjá af hinum alkunnu níu dögum—sagan um hina undraverðu namu og hinn einkenni-

lega fjel
fjelaga f
minnstu
þar við h
ing—ma
hinar gö
hafði kor
sem gerð
hann my
og engin
hefði af m

Deg
en morðið
sem stóð
vitru lafð
getið?“—
um í Chel
Blöð þau,
voru full a
höfðu my
mikinn ma
Aspen tje
allt frá sín
svo ljett og
sem ekki v
ið um það
En Ge
hann ljet a
ein ástæða

lega fjelags-samning og auðinn, sem erfingjar þeirra fjelaga fengju allt í einu, án þess að hafa haft hina minnstu hugmynd um það fyrirfram. En svo bættist þar við hið dularfulla morð vesalings Sets Chickering—mannsins, sem hefði komið til London með hinar góðu frjettir til erfingjanna, mannsins, sem hafði komið með nöfn erfingjauna og upplýsingarnar sem gerði mögulegt að finna þá. Og þarna var hann myrtur, sama kveldið og hann kom til London, og enginn minnsti votur fannst um, hvað orðið hefði af morðingjanum.

Þegar fólk fjekk ráðrúm til að hugsa um annað en morðið, þá fór það að tala um hina fögru stúlku, sem stóð í sambandi við lafði Scardale—,hina sjer-vitru lafði Scardale, eða hafði þjer ekki heyrt hennar getið?—sögðu menn, stúlkuna á menningarskólanum í Chelsea, sem allt í einu hafði orðið stórrík. Blöð þau, sem sjerstaklega gefa sig við þessháttar, voru full af smágreinum um Fidelíu Locke, og sum höfðu myndir af henni. *Catapult* gerði sjer eins mikinn mat úr öllu þessu og unnt var, því að Gerald Aspen fjekk frjettir hjá sjálfum sjer og skýrði málið allt frá sínu sjónarmiði í afar-löngum greinum og svo ljett og greinilega, að engum tókst eins vel—sem ekki var að furða, því það vissi enginn eins mikið um það og hann.

En Gerald bar margar tilfinningar í brjósti, er hann ljett alls ekki koma í ljós á prenti. Það var ein ástæðan fyrir því, að hann spurði sjálfan sig

frjetta fyrir blaðið *Catapult*, en leyfði ekki fregn-
ritum frá neinu öðru blaði að hafa tal af sjer. Hann
var þannig óhultur gegn allri mála-epitirleitan, og
purfti ekki að færast undan að svara spurningum,
er hann vildi ekki svara.

Það var ein mikilvæg spurning, er hann jafnan
spurði sjálfan sig, og sem hann, enn sem komið var,
ekki gat svo mikið sem getið sjer til hversu svara
skyldi. Hver vissi, að Chickering kom til London
og hver hafði hagnað af dauða Chickeringa? Dví
að halda það, að Chickering hefði að eins orðið
ræningjum að bráð, eða verið myrtur af hendingu,
gat Gerald ekki fengið sig til.

Allt fjeð var í höndum heiðarlegra lögmannna í
Cape-bænum. Það var metið, á blaði með eigin
hendi Sets Chickering, hjerum bil á eina milljón
punda sterling, og reyndist síðar að vera heldur
meira. Við dauða Sets Chickering hafð. sameignin
vaxið með því, að tala hluthafa minnkaði, svo að
hver þeirra, hvort heldur hann var erfingi eða hlut-
hafi, mundi fá í arf eitthvað dálítið yfir tvö hundruð
þúsund pund sterling.

Sagan vakti eðlilega hið mesta athygli í London
í hina vanalegu 9 daga. Allt sem þetta mál snerti,
allt frá hinum einkennilega, undarlega samningi, til
hins dularfulla morðs Sets Chickering og hinnar
óvenjulegu uppgötvunar viðvskjandi erfingjunum,
var svo aðlaðandi fyrir fólk, er hefur yndi af hrifandi
og nýjum viðburðum, að það var að minnsta kosti

einn vikur
af Bluew
lend pólit
og nytt
minnsta
demants-n
Gerals
eingöngu
lega tekin
hlftar þess
þökunum
í tízku-se
anna og
rætt á allar
hömuðust
hinum ósk
sem að öllu
eigin heila
þekking, hv
nje á Cape-

Það va
finna flesta
brjefa-veski
vottur að
ritari ferðam
vinir hans s
fram. Eldri
lávarðar, haf
hvað af honu

einn vikutíma um lítið annað talað eða ritað, en söguna af Bluewater demants-námunni. Innlend og útlend pólitísk, hneyksli í fjelagslífinu, hjónaskilnaður og nýtt leikrit kepptust árangurslaust eptir hinu minnsta viðlíti af hylli almennings. Bluewater demants-náman, morð Sets Chickering, arfur Gerald Aspen og vitnisburður Ratts Gundy var eingöngu á dagskrá, og engin önnur mál voru alvarlega tekin til greina, fyr en menn höfðu notið til hlftar þessara nýjunga. Menn ræðtu þessi mál á þúkunum á fólksflutnings-vögnunum á götunum og í tízku-setustofum, í reykinga-herbergjum klábbanna og út í hornum á kaffisöluhúsum. Það var rætt á allar lundir í öllum dagblöðum, og gáfumenn hömuðust á prenti með allskonar skýringar á öllum hinum óskiljanlegu atvikum við málið, skýringar, sem að öllu leyti höfðu fæðst og proskast í þeirra eigin heila og sem ekki studdust við hina minustu þekkingu, hvorki á persónum þeim, er málið snerti, nje á Cape-nýlendunni, eða jafnvel á demöntum.

Það var auðvitað engum erfðleikum bundið, að finna flesta erfingjana. Gerald Aspen kom fram með brjefa-veskið. Ratt Gundy hafði svo að segja verið vottur að morðinu. Hinn virðulegi John Raven, ritari ferðamanna-klúbbsins, Krummi kapteinn, sem vinir hans stundum nefndu hann, gáfu sig þegar fram. Eldri bróðir hans, yngri sonur Wailingtons lávarðar, hafði horfið fyrir löngu og enginn vissi hvað af honum hafði orðið, enda kærðu sig fáir um

það. Krummi kapteinn áleit, að hann hefði eptirskilið sjer (Krumma) peninga sína, fremur til að erta elsta bróður sinn og föður, en af ást til sín, yngra bróður síns. En samt sem áður höfðu þeir þó verið vinir uppá vissan máta, og var það fremur einkennilegt meðal Raven-ættarinnar, og undir öllum kringumstæðum var Krummi kapteinn mjög glaður yfir því, að komast til erfða eptir hann, þar eð hann var í afar-þröngum kringumstæðum, og því ófús á að deila á þau forlög, er komu þessu svona fyrir.

„Veslings gamli Percy—góði, gamli Percy!“ sagði hann. „Hver skyldi hafa skotið hann? Hroðamenni um þær slóðir, sem hann var á. Hlýtur samt að hafa komið aptan að honum, því Percy var hugaður og hraustmenni. Já, jeg sje eptir Percy, en mjer þykir skolli vænt um, að fá skildingana“.

Og væri Krummi kapteinn glaður, þá var stór hópur manna, er hann skuldaði peninga, ekki síður ánægður.

Ratt Gundy gaf sjálfur upplýsingu. Orðið „horfinn“ þýddi, að hann væri farið burtu. Svo hefði líka verið. Hann hefði gengið í fjelagið, þegar hann var í Cape-nylendunni, hefði lagt sinn part af peningunum í það og gert sinn hluta af verkinu, en síðan orðið þreyttur á öllu saman, og, eins og hann þægilega skýrði frá, hefði hann hætt við allt saman og lagt af stað til Suður-Ameríku, til að taka þátt í ófriði, er um það leyti átti sjer stað í einu af hinum órógjörnu lýðveldum þar. Hann væri einmitt ný-

kominn t
veldinu,
hafði nær
síðustu b
nafnbót.
um, bar h
hann færi
aptur til
water-nám
ekki þessi
gerði slíka

Að sí
engum er
þekkt í L
persónuleg
Fidelíu L

Hinn
Jafet Blan
sem skorad
svar kom.

Fátt u
að hefjast s
legð. Í fy
reyndi ekk
sinni nýju s
höndum; ha
að segja, þó
erfingi að ta
væri orðinn

kominn til Englands, eptir fjölda af æfintýrum í lyðveldinu, er höfðu endað með því, að annar flokkurinn hafði nærri skotið hann, en hinn flokkurinn, sem að síðustu bar sigur úr bytum, veitti honum *generals* nafnbót. Samkvæmt ákvæðum í fjelags-samningnum, bar honum sinn hluti fjársins með rjettu, þótt hann færi í burtu, og hann hefði að líkindum farið aptur til Cape-nylendunnar, til að vita hvað Blue-water-námunni og kunningjum sínum liði, hefði ekki þessi óvænti atburður að höndum borið, er nú gerði slíkan leiðangur ónaudsynlegan.

Að finna dóttur kapteins Locke var heldur engum eröðleikum bundið. Laði Scardale var alþekkt í London, og allir, sem þekktu laði Scardale persónulega, vissu líka um vináttu hennar og Miss Fidelíu Locke.

Hinn eini erfingi, er nú var eptir að finna, var Jafet Bland. Auglýsing var sett í öll dagblöð, þar sem skorað var á hann að gefa sig fram, en ekkert svar kom.

Fátt undarlegra getur mætt ungum manni, en að hefjast skyndilega úr hreinni fátækt, upp í auðlegð. Í fyrstu gerði Gerald sjer ekki grein fyrir, reyndi ekki einu sinni að gera sjer grein fyrir, sinni nýju stöðu. Þetta bar allt svo skyndilega að höndum; hafði komið með svo miklum hraða. Meir að segja, þótt hann væri þannig að óvæntu orðinn erfingi að talsverðum auð, þótt hann, að nafninu til, væri orðinn ráðandi svo mikils fjár, að það hafði

virzt vera jafnlangt fyrir ofan vonir hans og sjálfur „Koh-i-Noor“-inn*, þá voru eigur hans enn ekki beinlínis komnar í heudur hans. Dað voru ýms form, sem varð að fullnægja, laga-skilmálar, sem þurfti að uppfylla, fjöldamörg smávegis nauðsynleg verk, er gera þurfti; og umfram allt: fyrsti dagur næstkomandi janúar mánaðar varð að renna upp, áður en Gerald gæti orðið eigandi að arfi sínum í líkamlegum skilningi, ef svo mætti að orði komast, og frjáls að fara með hann eptir vild sinni. Tíminn mundi að visu brátt líða, og laga-skilyrðin uppfyllt, en samt sem áður gat Gerald ekki fyllilega gert sjer grein fyrir, að hann ætti að verða ríkur maðuri.

Snátt og smátt fór honum samt að verða þetta ljóst. Hann hafði aldrei verið smásálarlegur; hann hafði aldrei leitast við að ná í peninga, eða þau gæði, er peningar geta veitt, á nokkurn ógöfugan hátt. En hann var ungur maður, mjög vel fær um að leita sjer og njóta skemmtana, og horum var fullljóst, að ungur maður, með margar þúsundir um árið, hafði miklu betra tækifæri til að njóta skemmtana, en nngur maður, er hafði að eins fá hundruð um árið til umráða. En Gerald hafði verið mjög nægjusamur, hafði verið næstum því sáll með sín fáu hundruð um árið. Hann vann fyrir þeim sjálfur með því, að gera verk, er honum fjell mjög vel í geð. Hann var einkar stoltur af því, að vera blaða-

*) Koh-i-noor (ljós-fjall) er einn hinn stærsti demant sem til er, og á Victoria drottning hann.—Ritstj. Lögð.

maður,
fjell hi
í geð, e
af. Lit
skapur h
gaumge
mikla sp
allt þett
og fulln

Nú

leyti. A
heppileg
hann ley
haft bæð
hann ekk
ekkert að
spurning
nóttinni,
ekki leng
allt, þessa
sem hafði
hann var
hann, epti

Hann

Schopenha
pult, að m
góðri heila
Hann hafði
hinn nýfu

maður, og fjell mjög vel við *Catapult*, og honum fjell hið óðfluga, breytilega London-líf mjög vel í gegð, er hann, samkvæmt stöðu sinni, sá svo mikið af. Litla bylið hans á Tehmes-bakkanum, fjelagskapur hans við ferðamanna-klúbbinn, staða hans, sem gaumgefinn áhorfandi, er þýddi með lipurð hið mikla spil lífsins, er var spilað allt í kringum hann— allt þetta hafði uppfyllt hans lítilpægu keppigirni, og fullnægt óskum hans.

Nú var allt þetta sannarlega breytt að vissu leyti. Að honum áður fjell verk sitt vel, var mjög heppilegt, því það hafði haft þau áhrif á hann, að hann leysti verkið betur af hendi, og að hann hafði haft bæði yndi og ávinning af því. En nú þurfti hann ekki að vinna fremur en hann vildi; hann hafði ekkert að vinna fyrir. Svo langt, sem hin mikla spurning mannlífsins, hvað fæði á daginn, svefn á nóttinni, og lüt til að hylja sig í, nær, þá þurfti hann ekki lengur að bera kvíðboga fyrir henni. Þetta allt, þessar mikln þarfir maunsins, hafði faðir hans, sem hafði látið hann sigla sinn eigin sjó, frá því hann var barn, búið mjög þægilega í garðinn fyrir hann, eptir því sem Schopenhauer sagði honum.

Hann mundi eptir að hafa einu sinni lesið í Schopenhauer, er hann var að rita grein fyrir *Catapult*, að mannleg hamingja væri að eins komin undir góðri heilsu, fæði og vernd gegn blöytu og kulda. Hann hafði, eptir því, notið þessa alls hingað til, og hinn nýfundni auður hans gat ekki allmjög aukið

hamingju hans, ef hún var öll í þessu innifalin.

„En er þetta allt?“ spurði hann sjálfan sig stöðugt, er hann sat hugsí í herbergi sínu á Thamesbakkanum og hin blágráa reykjarský frá pípu hans streymdu langt út á ána, og hugsanir hans runnu með þeim fram í ókomna tímann og það sem hann kynni að hafa í för með sjer.

Gerald var ekki sá maður, er setti hina líkamlegu hlið lífsins í forsæti. En hann var enginn veraldar-afneitari, og hann var all-fús til, „að láta ekkert vorblóm ganga úr greipum sjer“; en hann var enginn lostaseggur, og þegar hann var að hugsa um notkun auðæfa sinna, datt honum varla, eða jafnvel ekki í hug svölan mannglegra fýsna. Honum datt varla í hug, eða þá að eins sem ómerkilegt atriði í málinu, að nú hefði hann ráð til, að ganga betur klæddur, drekka dýrari vín, lifa eins dýru lífi og mestu sælkerar ferðamanna klúbbsins, að nú hefði hann ráð á mörgum af þeim hlutum, er mundu virðast mjög dýrmætir og einkar þægilegir flestum ungum mönnum, er allt í einu hefðu hafist til meiri auðæfa, en þá hefði nokkru sinni dreymt um.

Gerald var í sannleika of utan við sig af hamingju sinni til þess, að geta myndað nokkra ákveðna stefnu fyrir sitt nýja líf. Það var svo undravert að hugsa sjer, að margt, er hann hafði langað til að gera, og sem hafði virzt jafn ómögulegt og ferð Astolfos til tunglsins, gæti hann nú gert nær sem hann vildi án nokkurrar annarar fyrirhafnar, en að

rita r
 Dað
 þegar
 hluti
 fannst
 sjer y
 óska e
 fengið
 vinna
 fann r
 myndi
 sína og
 ist hon
 ánægj
 um leið
 aði ekk
 ánægð
 í hug,
Catapu
 og min
 einu va
 skellihl

Blá
 brokaful

rita nafn sitt á aflangan pappírs-miða (bánka ávísun).
 Það var þó enn undraverðara að finna til þess, að
 þegar hann nú gat veitt sjer alla þessa æskilegu
 hluti og uppfyllt óskir sínar, hve fátt af þeim honum
 fannst hann þarfnast í bráðinu. Hann hafði óskað
 sjer ýmsra hluta, á óákveðinn hátt, líkt og menn
 óska eptir sólskini þegar regn er; en nú, er hann gat
 fengið þessa hluti, fannst honum að hann vildi varla
 vinna til, að rjetta út hendina eptir þeim. Hann
 fann til þess innst í huga sínum, að þessi skoðun
 myndi breytast; að hann myndi bráðum skilja stöðu
 sína og skilyrðin, er honum fylgdu; en í svipian virt-
 ist honum, að hans gömlu kjör hefðu verið mikið
 ánægjuleg, og að það væri eitthvað bæði ógnandi og
 um leið særandi við þessa arftöku hans. Hann ósk-
 aði ekki eptir að yfirgefa *Catapult*; hann var mjög
 ánægður hjá blaðinu. Og svo datt honum allt í einu
 í hug, að hann gæti, ef hann vildi, orðið eigandi að
Catapult; og hugsunin virtist honum svo skringileg
 og minna svo mjög á óbreyttan hermann, sem allt í
 einu væri gerður að æðsta hershöfðingja, að hann
 skellihið.

XI. KAPITULI.

SAMTAL VIÐ MR. RATT GUNDY.

Bláðið *Moonbeam*, er nýlega hafði risið upp sem
 brokafullur keppinautur við *Catapult*, kom út eitt.

kveld með vel sanda, langa, undraverða skýrslu um viðtal frjettaritarar blaðsins við Mr. Randolph, eða, eins og hann kaus heldur að nefna sig, Ratt Gundy. Fregnrítinin byrjaði skýrslu sína með að segja frá því, að Mr. Gundy hefði flutt sig frá Berkeley Hotel og væri seztur að í glæsilegum herbergjum fyrir ógripta menn í St. James-place, St. James-square. Fregnríti blaðsins *Moonbeam* sagði, að sjer hefði verið vísað inn í eitt af hinum glæsilegu herbergjum í húsinu, og að Beduin-þjónn, er gætti útidyranna, hefði fylgt sjer inn þangað. Því næst var hann fenginn í hendur hinum arabíska þjón Mr. Gundys. Það var tekið á móti honum með mestu kurteisí, og hann var skilinn eptir einsamall um stund og gat því athugað hið skemmtilega safn af blutum, er báru vitni um smekk Mr. Gundys fyrir ferðalagi erlendis, skemmtiveiðum og æfintýrum. Allskonar veiðivopn voru þar, tígur-skinn, krókodíla-húðir, horn af ýmsum dýrum af hjartakynninu, skinn af grá-birni og krókodíls-tennur. Þar var stórt forte-piano og þar var „banjo“, og súmuleiðis „guitar“, er benti á, eins og hinn skáldlegi fregnríti komst að orði, blíðar endurminningar um mildar sumarnætur undir einhverjum gluggsvölum í Madrid eða Seville. Mr. Gundy fjekkst líka sjáanlega eitthvað við málara-íprótiina, sagði fregnrítinn, því veggirnir á herberginu voru skreyttir ákaflega vel gerðum myndum, af ýmsu tagi, er upphafs-stafirnir R. G. stóðu á. Sýnilegt varí það og, sagði hann, að smekkur og hæfilegleik-

ar M
skáp
af n
eptir
sveri
hren
eptir
dy af
hans
mann
ara“.
með
kynn
„til h
kæpte
S
fögrun
dýrma
hendi,
höfðu
Mikils
stoppa
skopna
pandir,
„hinu
veríð að
var álit
stígum,
gáfum

ar Mr. Gundys væri margbreytr, því í forte þino skápnun og á hljóðfærinu sjálfu hefði legið talsvert af nóttablöðum, er höfðu að yfirskrift: „Orð og lag eptir Ratt Gundy“. Á stóru borði lá fagu t heidurs- sverð, með hjöltum sem sett voru gimsteinum og inn- brenndri áskript, með grískum stöfum og orðum eptir endilöngu blaðinu: „Gefið ofursta Ratt Gundy af þjóðvinum Kríteyjar, í þakklætisskyni fyrir hans ágætu þjónustu sem foringja fríviljugra her- manna í ófriði þeirra gegn hinum tyrkneska undirok- ara“. Nálægt sverðinu lá einnar-vönduð skambiss, með drifnu verki úr skýru gulli og áskript er gaf til kynna, að skambissan væri gjöf frá Emin Pasha, „til hans eina sanna vinar og fóstbróðurs í hernáði, kaptéis Ratt Gundy“.

Sumar af myndunum á veggjunum voru af fögnum konum, í útlendum búningi—er allar voru dýrmætari fyrir það, að á þær var ritad með eigin hendi, að þær væru gjöf frá hinum fögnum verum, er höfðu þessa elskulegu drætti, er myndirnar sýdu. Mikils verður hluti af skrauti þessa herbergis voru stoppaðir fuglahamir. Meðal þeirra var afarnikil skopna, sem var 17 fet yfir vængina, er þeir voru pandir, og þetta var fregnritanum sagt, að væri „hinu nafnfrægi Rukh eða Rok, er svo mikið hefur verið að lesa um í *Þúsund og ei* var álitid, að aldrei hefði verið ségum, þangað til kaptéinn Ratt Gundy hafði, með gáfum sínum, dirfsku og dugnadi, uppgötvað, að

hann var sannarlega til, og hvar hann átti heima“.

Hingað var Gerald Aspen kominn að lesa samtalið í *Moonbeam*, og hafði hann lesið það með mestu undran. Hann var að lesa blaðið í hinni alkunnu reykinga kompu ferðamanna-klúbbsins. Þótt undarlegt kunni að virðast, var Ratt Gundy þarna sjálfur hjá honum. Eftir ósk Miss Locke hafði Gerald leitað Mr. Gundy uppi og náð kynningu hans, og hann hafði komið með hann til að borða með sjer miðdagsverð. Þeir höfðu borðað einmitt við sama borðið og veslings Set Chickering borðaði miðdegisverð við. Gundy sat nú í sama stólnum, sem Set Chickering sat í, áður en hann lagði í göngu sína heimleiðis, en sem hann aldrei lauk við. Gerald var ekki byrjaðar að skýra Gundy frá hinum alvarlegu hugleiðingum sínum, þótt hann ætlaði sjer að gera það; en um leið og þeir voru að kveikja í vindlunum sínum, varð honum litið á *Moonbeam* og stóru stafina í yfirskriftinni yfir samtalinu við Mr. Gundy, og hann gat ekki að sjer gert. að lesa svoltið áfram. Síðan leit hann upp nokkuð undrandi.

„Heyrið þjer—þjer munið, að þjer lofuðuð mjer fyrsta samtalinu handa *Catapult*“, mælti Gerald órólega.

Gundy var að reykja stóran, gildan, dýrðlegan, völdugan Havana-vindil, er hann hafði tekið úr vindla-hylki sínu. Nýr glampi skein úr björtu, hauksnóru augunum hans, er hann leit þeim yfir *Moonbeam*, sem Gerald rjetti honum með ádeilusvip.

„Lofaði yður fyrsta samtalinu handa *Catapult*? Jú, vissulega; það gerði jeg. Og þjer skuluð líka fá það, góði vin“, sagð Gundy.

„Já, eu litið þjer á þetta; hvað kallið þjer þetta? —*Þetta í Moonbeam.*“

„*Þetta?* Nú, þetta er allt bull, eins og þjer vitið.“

„Jú, jú; en hvernig náðu þeir í það? Gáfuð þjer þeim heimild fyrir því?“

„Nú, já—uppá vissan máta—já.“

„Hitti nokkur yður frá *Moonbeam*?“

„Jeg get svarið það, kæri vin, að jeg hef ekki sjeð nokkra sál frá *Moonbeam.*“

„Skrifuðu þeir yður?“

„Ó, já,—það gerðu þeir.“

„Hvað báðu þeir yður um?“

„Nú, þeir vildu vissulega fá að tala við mig.“

„Og hverju svöruðuð þjer?“

„Nú, sannleikurinn er, að jeg sagðist hafa of mikið að gera til þess, að geta snúist við því sjálfur, en skrifarinn minn skyldi rita þeim það, er jeg smyndaði mjer að þeir óskuðu eptir.“

„Skrifarinn yðar hefur eptir því ritað þessa skrum-lýsing á yður, herbergjunum yðar, listaverkunum, gjafa-skammhissunum, heiðurs-sverðunum, og öllu og öllu,“ sagði Gerald.

„Nei, nei,—hann skrifaði ekki eina einustu línu af henni. Það er hin gildasta ástæða til, að hann ritaði ekki eina línu af henni“, sagði Gundy.

„Nú,—hvada ástæða?“ sagði Gerald.

„Nú, fyrst og fremst af því, að það er enginn slík persóna til í heiminum. Jeg hef engan skrifara. Langar yður til að vita eitthvað af hinum öðrum mörgu ástæðum, já, Gteljandi ástæðum fyrir því, að skrifari minn gat ekki hafa ritað söguna um þetta, að öllu leyti smyndaða samtali?“

„Nei,“ sagði Gerald hlæjandi, „jeg held, að tilveruleysi hans sje nóg ástæða fyrir mig—þó jeg segi alls ekki, að það mundi samfæra alla okkar þrætuseggi nú á dögum. En hver skrifaði þá lýsinguna?“

„Getið þjer ekki giskað á það?“ sagði Gundy.

„Það er mjer öldungis ómögulegt.“

„Nú, jeg gerði það vitanlega sjálfur. Komst jeg ekki fallega frá því? Rita jeg ekki það, sem þið blaðamennirnir kallið ljóst mál? *Ljóst*—er það ekki rjetta orðið á rjettum stað?“

„Jú, jeg viðurkenni, að ritmáti yðar hefur ein-kennilega kosti,“ svaraði Gerald með nokkurri óánægju. „En þjer lofuðuð mjer sannarlega, að jeg skyldi fá fyrsta tækifærið—og þjer grobbið jafnan af því, að þjer sjeuð maður, sem standið við orð yðar.“

„Það er jeg líka, kæri vin. Það er jeg—og þannig minn jeg ætíð reynast yður. Jeg hef brotið fjölda laga og lögbóka á æfi minni, jeg veit ekki hvað mikið, en aldrei mína eigin lögbók—aldrei mitt eigið loford. Loford hvers manns ætti að vera honum sama og skrifleg skuldbinding, segja menn. Í hamingju-bænum, min skuldbinding er lo;ord mitt.“

”

talið“

”

sem þ

þjer þ

”

”

pau.“

”

beam.“

G

bakka

ur. H

hlátur.

var ekk

Gundy

”K

þjer vin

veru?

jeg haf

hug. M

skáldsö

”E

hlæja.

er ekki

geti stað

skemtun

”H

Öll stú ly

„En hjedanaf get jeg ekki fengið fyrsta viðtalið“, sagði Gerald.

„Dví ekki? Hjer er jeg. Spyrjið mig hvers sem þjer viljið—haldið áfram að spyrja—spyrjið þjer þjer mig bara.“

„En lýsingin á herbergjunum yðar?“

„Gott og vel; spyrjið mig spjörunum úr um þau.“

„Nú, það er þegar búið að lýsa þeim í *Moon-beam*.“

Gundy lagði snöggvast vindilinn sinn á smábakka við hlið sjer, og rak upp glæðlegan skellihlátur. Hann hafði dillandi, skæran, unglingslegan hlátur. Það gerði Gerald gott, að heyra hann. Það var ekki hægt að vantreista manni, er hló þannig. Gundy beinlínis skókst og veltist um í stólnum.

„Kæri vin, þetta er allt of spaugilegt. Hafði þjer virkilega gengið á agnið—virkilega í raun og veru? Jeg hef miklu meira ímyndunaraf, en jeg hafði nokkru sinni vogað að láta mjer detta í hug. Næst skal jeg slá mjer á, að rita spennandi skáldsögu“, sagði Gundy.

„En segið þjer mjer, að hverju þjer eruð að hlæja. Lofið mjer að taka þátt í fögnudinum. Það er ekki allt svo gleðilegt í kringum mann, að maður geti staðið við að missa sinn hluta af nokkurri smáskemtun“, sagði Gerald.

„Hamingjan hjálpi mjer! Skiljið þjer það ekki? Öll sú lýsing er tómur tilbúningur. Allt eptir mig.

hvert einasta orð. Jeg á enga slíkka menjagripi; engin slík vopn; jeg yrki hvorki sönglög nje kvæði, þótt jeg voni að jeg geti sungið dálítið.“

„Og yður hafa aldrei verið gefin þessi sverð og skambissur?“ sagði Gerald.

„Ekkert sverð—engin skambissa.“

Gerald var sem þrumu lostinn.

„Og þjer náðuð ekki þessum stóra fugli?“

„Ó, hættið þjer nú, heyrið þjer, nú farið þjer að fara heldur langt! Þjer ætlið þó ekki að fá mig til að túa því, að það sje mögulegt, að þjer hafið gleypt þennan Rok—Rok Sinbaðs farmanns? Hver skollinn! Jeg hjelt einmitt, að þar hefði jeg farið heldur langt, jafnvel fyrir *Moonbeam*. Jeg þóttist nærri viss um, að þar mundi jeg hafa komið upp um mig; en það varð ekki—nei, það varð ekki af því. Heyrið þjer; jeg smynda mjer, að það hefði dugað fullvel, þó jeg hefði sent það til *Catapult*. Mig langaði mikið til að segja, að jeg hefði náð fuglinum Rok í fjelagi með tveim frægum skemmtiveiðavinum mínum, Sir John Mandeville og hans hávelborinheitum barón Munchausen! Jeg iðrast nú óptir, að jeg gerði það ekki. Jeg smynda mjer, að það hefði ekki gert neitt til?“

„Er yður þá blá alvara að segja, að öll þessi lýsing hafi verið tómur tilbúningur úr yður?“

„Hver einasta lína af því,“ sagði Gundy, og skein út úr honum hæverskleg sjálfsánægja, er virtist lýsa því, að hann hngsaði sem svo: „Í þetta skipti á jeg þó dálítið hrós skilið.“

„E

„N

þetta er
yður? ‘

„J

Gerald
góðu af

„E

„En hv
Nú, þje
beam.

yður, ka
setjið í

fyrirsög
vort na

keppinar

stíga í v
þessa átt

einu, sör

einkarjet

meðal au

tein—of

foringja

komman

„En

þjer sjálf
sem enn

sínum á
sinn hefð
hann hafð

„En því í ósköpunum gerðuð þjer þetta?“

„Nú, skiljið þjer það ekki? Sjáið þjer ekki að þetta er vinabragð, sem góður kunningji er að gera yður?“

„Jeg er fús á, að viðurkenna tilganginn“, sagði Gerald „en mjer er alveg ómögulegt að sjá hinar góðu afeiðingar af þessu“.

„Ekki það? Það er undarlegt!“ sagði Gundy.

„En hvað pið blaðamennirnir eruð skilningslausir! Nú, þjer eruð ekki nokkra vitund betri en *Moonbeam*. Jeg gerði allt þetta náttúrliga til að hjálpa yður, kæri vinur! Skiljið þjer það ekki? Þjer setjið í blað yðar, er kemur út á morgun, grein með fyrisögninni: *Moonbeam* flekaður! Spilað með vort naut-heimska samtíðarblað! Hinn dónalegi keppinautur vor gerir sig aptur að flóni. „Asnar stíga í verði.“ — Þjer segið hvað sem þjer viljið í þessa átt; og svo komið þjer í blaði yðar með hina einu, sönnu, rjettu, áreiðanlegu, staðfestu, skrásettu einkarjettar-útgáfu — öll rjettindi geymd — (þar á meðal auðvitað leikrits-rjettindi) af *samtali* við kaptein—ofursta — þjer gætuð máske sagt herdeildarforingja eða General—Gundy, K. C. B.“ (riddarakommandör af Bath ordrunni).

„En það hlýtur að komast upp, að það voruð þjer sjálfur, sem ljekuð á *Moonbeam*“, sagði Gerald, sem enn þá var nokkuð efablandinn í skoðunum sínum á þessu máli og óskaði, að þessi nýi vinur sinn hefði ekki eins mikla tilhæfingu til giettni og hann hafði.

„Ja, já; einmitt það“, sagði Gundy. „En er ekki einmitt það hið allra spaugilegasta við þetta allt saman? Hvers vegna mætti ekki láta eina lfnu af fyrirsöguninni hljóða svo: ‚Gabbad af Gundy sjálfum! Jeg skal veita yður lið, kunningi. Jeg skal segja, að jeg hafi gert allt þetta af því, að jeg hafi álitid *Moonbeam* gersamlega óverðugan fyrir nokkra alvarlega frjettagrein; en þó að jeg hafi álitid blaðið einfeldning, þá hafi mjer aldrei komid til hugar, að það væri slíkt stór flón, að láta gabba sig með öðru eins og því, er jeg sendi því. Kæri vin, jeg sje í huganum, að hver auka-útgáfan eptir aðra kemur út af *Catapult* út af þessu. Takið þjer nú eptir. Hvernig myndi það líta út að segja í blaði yðar: ‚Gundy ofursti skýrir sjálfur málið. ‚Hvernig Gundy gabbaði vort hlægilega samtíðarblað. ‚Gundy’s eigin sanna skýring. Það ná selja mörg þúsund auka-númer á þann hátt. Meðal annara orða, Aspen, hvers vegna tala blóðin ætíð hvert um annað, sem samtíðarblað vort. Hvers vegna eru þau ekki nefnd einum rjettu nöfnum, eins og mena gera undir vanalegum kringumstæðum?“

Gerald var forviða, en hafði þó gaman af öllu þessu, en hann var ekki alveg viss um, hvert þessi æfintýra-máður, þessi nýji kunningi hans, væri með öllum mjalla. En vist var það, að í allri vanalegri hegðan sinni virtist Gundy bæði með öllu viti og all slægur, þrátt fyrir hans sjerlegu framkomu og skoðunir á ýmsum hlutum.

„Sjaja, nú skulum við þá snúa okkur að þínu

reglulegu
sogið vin
sjálfum s
arstrokun

„Áð
—sam tali
langar mi
fyrir sjálf

„Ein
endilega
fyrir því,

„Nú,
ljettlyndi
þess, að j
fulla máli,
við það—l

„Gott
viljið, og j
góði málsh
byrjið, og
streymiau,
hagræddi s
og tekið þá

„Við s
ar til að he
eða fjelags

Gundy
sjá. Við
er allt af
Englending

reglulega samtali," sagði Gundy, eptir að hann hafði sokið vindil sinn með ákefð um hrið og hlegið með sjálfum sjer á milli þess, að hann bljes frá sjer reykj-arstrokunum.

„Áður en við byrjum á hinu eiginlega samtali—samtalinu, sem á að prentast, eins og þjer vitið—langar mig til að spyrja yður nokkurra spurninga fyrir sjálfan mig," sagði Gerald.

„Einmitt það. Spurningar, sem ekki verba endilega að birtast á prenti, heldur eru útgang fyrir því, að allt sje hrekkjalaust," sagði Gundy.

„Nú," sagði Gerald, og hló að hinu óstöðvandi ljettlyndi fjelaga síns, „ekki beinlínis það, heldur til þess, að jeg sjálfur geti skilið eitthvað í þessu dularfulla máli,—því það er eitthvað hryllilega dularfullt við það—leyndardóminn í öllu málefninu."

„Gott og vel; spyrjið þjer mig hvers; sem þjer viljið, og jeg skal engu ljúga að yður. Hinn gamli, góði málsháttur er breytilegur, eða er ekki svo? Þjer byrjið, og haldið eptir miðju sundinu, eða í miðstreyminu, eins lengi og þjer getið." Mr. Gundy hagræddi sjer þannig, að hann gæti reykt þægilega og tekið þátt í skemmtilegri, langri samræðu.

„Við skulum byrja á byrjuninni. Mig langar til að heyra af ykkur öllum, sem voruð í fjelaginu, eða fjelagsskapnum, hvað sem þið nú kölluðuð það?"

Gundy hló og sagði: „Gott og vel. Látið þjer mig sjá. Við vorum fimm.—Set Chickering, faðir yðar, er allt af hjelt nafni sínu óbreyttu, eins og góðum Englending sómdi, enda var hann það"—

„Já“, svaraði Aspen skyndilega, „hinn næsti?“
 Því sannleikurinn var, að hann var hálf hræddur við, að heyra mikið af föður sínum. Hann kaus helst, að fá svo litlar fregnir honum viðvíkjandi, sem unnt væri. Smásögur af báða lífi á „veldt“-inu gátu verið mikið skemmtandi og hlægilegar, væru þær að eins um föður einhvers anuars, en Gerald bar enn í brjósti svo mikla velsæmistilfinning, að hann langaði ekki til að heyra þær smásögur, er Mr. Gundy kynni að hafa á reiðum höndum um föður sinn sáluga.

„Set Chickering—hann breytti heldur ekki nafni sínu. Jég þarf ekki að segja yður mikið um veslings Set gamla. Þjer sáuð hann að eins einu sinni, en eins og þjer sáuð hann þá, þannig munduð þjer hafa sjeð hann hvað lengi sem þjer hefðuð þekkt hann. Hann var blátt áfram eins og barn og djarfur eins og enskur bolabítur, tryggur vinum sínum fram í dauðann, og kom fram gagnvart óvinum sínum sem heiðarlegur maður; það var ekki ein ögn af svikum eða dropi af lyddublóði í gamla, góða Set.“

„Já—jég get vel trúað því. Jája,—sá næsti?“
 „Það var kapteinu Locke, einnig Englendingur. Við skírðum hann Söngfugl, af því hann sög svo mikið og vel.“ Mr. Gundy sagði þetta með nokkuð háttólegri áherslu.

„Hvernig dó hann?“ spurði Gerald, og fjekk hann hvöt til að spyrja þannig af því, hvernig Gundy minntist á hann.

Gundy hafði látið deyja í vindlinum sínum.

Hann
 hafa
 litinu
 „
 stöðun
 brögð
 skynd
 þving
 vildi e
 „
 hann?
 „L
 með a
 drap h
 þeim, s
 „N
 spurði
 „J
 „Jég ve
 þjófabá
 þóttist
 var hann
 rakti sp
 rjetta
 þekkið
 þjer þek
 demanta
 „V
 „Al

Hann kveikti aptur í honum með eldspytu og virtist hafa allan hugann við það um hríð. Hann sneri andlitinu frá Gerald um leið og hann sagði:

„Eins og margir góðir drengir deyja á slíkum stöðum—drepinn í einvígi. En það voru engin brögð í taflí, munið þjer eptir því,“ bætti hann skyndilega við, „þótt jeg álfti, að hann hafi verið þvingaður úti það—neyddur úti það — því að hann vildi ekki drepa flugu af eigin hvötum.“

„Neyddur til einvígis af manningum, sem drap hann?“

„Nei, hamingjan hjálpi okkur,“ hrópaði Gundy með allmiklum, óvæntum ákafa. „Maðurinn, sem drap hann, var líka rekinn úti það—af manndjöfni þeim, sem nefndur var Núi Bland.“

„Núi Bland! Maðurinn, sem var ‘lynch’-aður?“ spurði Gerald.

„Já; eptir að jeg fór í burtu,“ svaraði Gundy. „Jeg veit ekki, hvar hann er gotinn, eða úr hvaða þjófabæli hann kom; en hann var þarna, og hann þóttist vera hinn fyrsti, er fann demantana. En það var hann ekki; hann laumaðist að eins á eptir og rakti spor sjer færari manna, og kom fram á hinu rjetta augnabliki og heimtaði helminginn. Djer þekkið pesskonar aðferð—að minnsta kosti munduð þjer þekkja hana, ef þjer hefðuð verið í gull- eða demanta-námum.“

„Vorud þið allir Englendingar?“ spurði Gerald.

„Allir nema Set Chickering; og reyndar var

hann af sama holdi og blóði," svaraði Gundy. „Við myndum fjelag til þess, að við, tómir enskotalandi menn, hjeldum saman gegn Afríku-mönnum af öllum tegundum og litum. En þeir verstu af þeim voru reyndar mikið skárri en þetta enska hundspott, Núi Bland.“

„Jæja, þið sömduð um, að vinna saman?“ sagði Gerald.

„Já, við sömdum um, að vinna saman, og halda saman, og skipa öllu jafnt á milli okkar og hafa reglulegan fjelagsskap bæði til sóknar og varnar. Við sömdum svo með okkur, að ef einhver okkar dæi, þá skyldi hans hluti ganga til hvers þess, er hann tilnefndi sem erfingja sinn, og hinir skyldu sjá um, að hinn rjetti erfingi myndist. Ef einhver okkar dæi án þess að tilnefna erfingja, þá skyldi hans hluti skiptast meðal eptirlifandi hluthafa, eða erfingja dauðra hluthafa. Set hafði allar erfðaskrárnar undir höndum, og hann sagði okkur sjálfur, að hann ætti engan ættingja, og að ef hann skyldi hrökkva upp af, ættu peningar hans að skiptast meðal eptirlifandi fjelaga hans. En hverjum hefði dottið í hug, að Set Chickering mundi hrökkva upp af klökkunum á þann hátt, sem varð! Dótt jeg hefði verið forseti lífsábyrgðarfjelags, þá hefði jeg þorað að ábyrgjast líf Sets. En Núi Bland—það var karl sem búast mátti við, að yrði skotinn eða ‚lynch‘-aður, hvenær sem var. Jeg man, svel mjör, eptir því, að Set var einu sinni nærri því búinn að drepa hann!“ Um

leið og
framan

„Já

„H

illu af s

„Jeg vi
gert út

„H

„A

báðar hl

ina úti i

bjá yður

Söngfugl

„Bl

„Da

nád í han

„Og

hvað er u

„Okk

Gundy.

vera ‚gent

fór ekki v

djarft hjar

maður. J

hann söng

okkur marg

við Set Chi

við Set. S

maður en j

leið og Gundy sagði þetta, varð hann aptur svartur í framan.

„Fyrir hvað?“ spurði Gerald.

„Fyrir lygi og svik—fyrir að ljúga og koma illu af stað—fyrir róg og milliburð,“ svaraði Gundy. „Jeg vissi það ekki þá, því annars skyldi jeg hafa gert útaf við hann sjálfur.“

„Hvað vissuð þjer ekki?“ sagði Gerald.

„Að hann var valdur að Óhamingjunni—laug á báðar hliðar—kom Ófriðnum af stað—neyddi mennina útí illindi. Það er eins víst og jeg sit hjerna hjá yður, að Núi Bland hafði blóð veslings kaptains Söngfugls á samvizkunni.“

„Bland er dáinn,“ sagði Gerald.

„Það gladdi mig að heyra, að rjettvísu hafði náð í hann,“ sagði Gundy með óvanalegri alvöru.

„Og þessi maður, er þjer nefnið Söngfugl— hvað er um hann að segja?“

„Okkur þótti öllum vænt um Söngfugl,“ sagði Gundy. „Hann hafði þá ómetanlegu yfirburði, að vera ‚gentle‘-maður. Hann var nokkuð sjerlegur og fór ekki vel með sjálfan sig; en hann hafði gott og djarft hjarta, og hann var, eins og jeg sagði, ‚gentle‘-maður. Jæja—friður sje með hans framliðnu önd— hann söng mörg falleg kvæði fyrir okkur, og sagði okkur marga góða sögu. Hann spjallaði stundum við Set Chickering og stundum við mig — þó optar við Set. Set var alvarlegri og hluttekningarsamari maður en jeg—jeg, *vieux fils de rire et de blaspheme*

—er það ekki orðtakið í frönsku, kirtlasjúku skáld-
sögunni? En hann talaði líka stundum við mig—
um hana“.

„Um hverja?“ spurði Gerald, þótt hann vissi
vel, að það var um Fidelíu.

„Um litlu dótturina sína, sem er hjér á Englandi.
Skotið þjer til, Aspen, mjer fellur vel við yður. Mjer
er farið að þykja vænt um yður—og svei mjer ef
jeg veit, hvort jeg á að telja yður það til gildis, eða
hitt, að mjer fellur vel við yður. Jeg er viss um,
að flestir ættmanna minna mundu líta svo á, að bara
það, að mjer fellur vel við yður, væri nóg til þess,
að eyðileggja mannorð yðar að eilífu. En mjer
fellur nú einu sinni vel við yður, og við getum eins
vel rætt um þetta nú eins og síðar. Það er víðvík-
andi þessari stúlku, að jeg kom til Englands“.

„Djer þekkið hana þá?“ spurði Gerald með
nokkurri undran og fann til einhverrar óskiljanlegr-
ar óánægju út af því, að hann skyldi þekkja hana.

„Dekki hana? Ekki hið minnsta“, sagði Gundy.
„Hvernig í ósköpunum ætti jeg að þekkja hana?
Jeg veit nafn hennar, og jeg veit hvar hún á heima;
en jeg veit ekki hvert hún er tíu ára gömul eða
tuttugu. Jeg kom af því mig langaði til að finna
hana og vera viss um, að hún næði rjetti sínum“.

„Það var vel gert af yður—“ sagði Gerald.

„Var það svo? Bítíð þjer við þangað til þjer
þjer vitið meira“, sagði Gundy.

„A
Gerald.

„Ne
kosti ekk
hafði eng
ur henna

Ger
opinberu

„Mig
mælti Ra

„Jeg
væri í yða

„Hve

„Hve

Hvernig g

ins, sem d

„Það

kynnast he

hana. Jeg

gæti og ef

þjer til. J

sinni samvi

tilfinning fy

vöðalega tí

dauda þess

hundrudu

æf drepit m

fyrir mig en

kæri jeg mig

„Af virðing fyrir minningu föður hennar?“ sagði Gerald.

„Nei; ekki af því“, sagði Gundy. „Að minnsta kosti ekki eingöngu af því. Jeg kom af því, að jeg hafði engan frið—af því það var jeg, sem drap föður hennar“.

Gerald hrökk saman. Detta var sannarlega opinberun.

„Mig langar til að kynnast þessari stúlku“, mælti Ratt. Sú hugsun hefur tekið mig til fanga“.

„Jeg held jeg vildi vera laus við hana ef jeg væri í yðar sporum,“ svaraði Gerald.

„Hvers vegna?“ spurði Gundy.

„Hvernig gætud þjer tekið í höndina á henni? Hvernig gætud þjer rjett henni yður hönd—höndina, sem drap föður hennar?“ sagði Gerald.

„Það er einmitt ástæðan. Mig langar til að kynnast henni. Mig langar til að gera eitthvað fyrir hana. Jeg skyldi fúslega deyja fyrir hana, ef jeg gæti og ef hún hefði eitthvað gott af því. Skoðið þjer til. Jeg er ekki siðgóður maður, ekki einu sinni samvizkusamur. Jeg er fjarskaiega snauður af tilfinning fyrir siðferðislegri ábyrgð; en jeg hef vöðalega tilfinning fyrir ábyrgðinni, sem jeg ber af dauða þessa manns. Jeg hef sjöð menn drepna hundrudum saman á lífsleið minni í Sudur-Amerku, hef drepit menn sjálfur, og hef ekki sett það meira fyrir mig en þó jeg hefði drepit skriðkvikindi. Hvað kæri jeg mig um mann, eða manns-líf, nema því að

eins, að maðurinn sje vinur minn? En um líf þessa manns kæri jeg mig mikið. Það voru engin brögð í tafi við einvígið. Hann var espadur upp á móti mjer af ríðingnum honum Nóa Bland, og jeg varð að drepa hann til að forða lífi mínu. Ef jeg hefði ekki skotið hann, þá hefði hann skotið mig. Eptir hverju er nú að iðrast í þessu máli? Og þó dauðiðrast jeg þess. Jeg vildi jeg gæti notað meðal kvenafólksins við þrautunum og grátið duglega“.

„Gefið mjer hönd yðar, fjelagi“, sagði Aspen; „þjer eruð góður drengur“.

„Jeg held jeg sje það ekki; jeg er kominn af vondu fólki. Það er annars undarlegt: allar konur í ætt minni voru englar, en allir mennirnir djöflar. Jafnvel allar konur, er giptust inn í ætt minni, voru góðar konar, en allir menn vondir. Jæja, mín fyrsta, mín alíva-fyrsta tilfinning af því, er menn kalla samvizku, snertir föður þessarar stúlku. Jeg óska til guðs, að jeg hefði lofað honum að skjóta mig. Jeg óska heitt og innilega, að jeg hefði látið hann skjóta mig! Hvernig stendur á þessari tilfinning minni? Jeg þori að segja að sumir af mönnum þeim, er jeg hef sjeð drepna—já, og drepíð með eigin hendi—hafa líka átt dætur. En jeg veit það ekki. Jeg hef nú þessa stúlku á samvizkunni, og jeg má til að kynnast henni og hjálpa henni allt sem jeg get. Þjer getið gert mig kunnugan henni, getið þjer það ekki?“

„Jeg gæti það ekki. Jeg veit ekki hvers veit“.

Jeg s
þær.
gæti e
föður
um þe
gert þ
staddu
alls eng
svó var
Gu
„D
því, að
meðal g
til baka
hjelt, að
hjálpað n
sýnist þ
Jeg sje
kynnast h
mig dálfti
í huga. J
hins menni
aptur til h
ekki steini
til yðar“.
lega brosi o
„Hvað
hins menni
þjer með þv

Jeg skil tilfinningar yðar, og jeg virði yður fyrir þær. En þjer hafði drepið föður stúlkunnar, og jeg gæti ekki gert yður henni kunnugan sem banamann föður hennar, og jeg gæti heldur ekki komist í gegnum þetta með yður sem þann mann, er ekki hefði gert það. Þarna sjáid þjer, Gundy, hvernig jeg er staddur. Mjer fellur ágætlega við yður—jeg kasta alls engum steini á yður; en því er einhvern veginn svo varið, að jeg get ekki gert þetta.

Gundy andvarpaði þungt og sagði:

„Það er undarlegt, hvernig allir vilja styðja að því, að gera mann vondan, og hve fáir, jafnvel meðal góðra manna, vilja hjálpa honum til að snúa til baka að einhverju því, er gott mætti kalla! Jeg hjelt, að þjer væruð einmitt maðurinn, sem gæti hjálpað mjer til að kynnaþ þessari stúlku, en yður sýnist það athugasvert.—Jæja, látum það svo vera. Jeg sje ráð sjálfur, gamli kunningi—ráð til að kynnaþ henni alveg án yðar hjálpar. Það kostar mig dálftið; jeg verð að hætta við áform, er jeg hafði í huga. Jeg hafði ákveðið, að snúa ekki til baka til hins menntaða heims; nú má jeg til með að snúa aptur til hans—allt yður að kenna. En jeg kasta ekki steini á yður fyrir það, og ber ekki neinn kala til yðar“. Gundy brosti þessu sæta, glada, barnslega brosi og rjetti Gerald höndina.

„Hvað meinið þjer með því, að snúa aptur til hins menntaða heims?“ spurði Gerald. „Meinið þjer með því, að dvelja í London? Þjer verðið að

vera kyr í London, ef yður langar til að sjá hana“. Hann nefndi ekki nafn hennar. Hann var þegar orðinn feiminn við að nefna það.

„Bíðið þjer við, og svo skuluð þjer sjá til,“ sagði Gundy. „Einn greiða verð jeg að biðja yður að gera mjer, vinur minn, og hann er þessi: Maður má gjarnan hafa ýms nöfn á lífsleiðinni, eða er ekki svo? Maður getur haft eitt nafn í London og annað í Suður-Afríku, eða er ekki svo? Jæja. Ef þjer skylduð einhvern tíma mæta mjer, þegar jeg geng undir London-nafni mínu, vilduð þjer þá gera svo vel og gleyma því, að jeg hafi nokkru sinni kallað mig Ratt Gundy, og þá væruð þjer vænn drengur?“

„Heyrið þjer, hvers konar skuggalegur leyndardómur er þetta? Get jeg ekki fengið það helzta af honum handa *Catapult* og það á undan öðrum?“ sagði Gerald.

„Ekki eins ögn af því,“ sagði Gundy; „þetta smá-atriði er gersamlega privat og í trúnaði sagt. Við sjáumst aptur, eins og þeir segja í sjónleikum, og þjer skuluð frjetta af mjer undir öðru nafni —og það verður mitt rjetta nafn. Allt, sem jeg bið yður að gera, er, að láta ekki í ljós neina óskapaundran yfir nafnbreytingunni, heldur bara álfra það sem sjálfsagt, og gleyma Ratt Gundy fyrst um sinn. Ef þjer þarfnist Ratts aptur, getið þjer sent eptir honum nær sem þjer viljið, og hann er sjálfsagður að koma. En, fyrir alla muni, hafið þjer það hugfast, að hvað stúlku þessa snertir má jeg ekki koma

fram se
Gundy
illt og
nú aptu
ingi; hj
öldungi
segist v
gögnun
að staðf
up í ætt

Rat

skildu.
honum fr
bendingu
maður æ
rjettri va
sjálfur fa
ungmenn
aðist. F
Chickerin
orðinn me
Fyrir nok
Locke nek
undarlegu
skyndileg
nokkrum
getið, en
hans—og
Fideliu.

fram sem Ratt Gundy—heldur sem jeg sjálfur. Ratt Gundy drap föður hennar; gott og vel, jeg meina, illt og bölvað; en jeg er ekki Ratt Gundy—jeg er nú aptur jeg sjálfur. Óttist samt ekki, góði kunningi; hjer eru engin svik í tafli. Það er allt saman öldungis hrekkjalaust; að jeg sje sá maður, er jeg segist vera, get jeg sannað með hinum tryggustu gögnum og vitnum. Jeg hef biskup við hendina til að staðfesta það, ef þjer viljið—við eigum einn biskup í ættinni okkar“.

Ratt reis á fætur og hinir tveir ungu menn skildu. Gerald hjelt heim til sín mjög undrandi, og honum fannst eins og hann vera að stíga krókastig í bendingaleik um jólin. Var það í aðsigi, að sjerhver maður ætlaði að verða eitthvað annað, en hann í raun rjettri var, verða að öðrum mauni. Í gær var hann sjálfur *fátækt* ungmenni, nú átti hann að verða *ríkt* ungmenni, og hann vissi naumast, hvornig það aivik- aðist. Fyrir nokkrum dögum kynntist hann Set Chickering í fyrsta sinn, og nú var Set Chickering orðinn mörðingja að bráð, á leyndardómsfullan hátt. Fyrir nokkrum dögum hafði hann ekki heyrt Fidelíu Locké nefnda á nafn; í dag var hann tengdur henni undarlegum fjelagsskapar-böndum, og hann var skyndilega orðinn afar-ástfanginn af henni. Fyrir nokkrum dögum hafði hann ekki heyrt Ratt Gundy's getið, en nú var Ratt Gundy orðinn góður vinur hans—og hann var maðurinn, sem hafði drepið föður Fidelíu. Og nú stóð til, að Ratt Gundy yrði alls

ekki Ratt Gundy lengur, heldur allt annar maður, með öllu ólíkur honum, er Gerald skyldi mæta öldungis að övörum. „Þetta er að verða heldur mikið fyrir mig,“ sagði hinn ungi maður við sjálfan sig, er hann gekk heimleiðis. „Allt líf mitt er að verða ráðgáta. Jeg veit nú ekki með vissu, hvað er verulegt og hvað er aðeins hugarburður. Og allt þetta er öldungis gagnslaust fyrir mig handa *Catapult*— því þó það sje allt saman satt, mundi enginn maður trúa því.“

Um kveldið fór Ratt Gundy til herbergja sinna, borgaði reikninga sína, gaf þjónum sínum góðar gjafir, ljét allan farangurinn, er hann hafði, niður í ferða-kistu sína — hann ferðaðist eins og vanir ferðamenn jafnaðarlega gera; hafði líttinn farangur, og það lítið, sem hann hafði, tók upp lítið pláss — sagðist vera að leggja af stað til Suður-Ameríku, ók á járnbrautar-stöðvarnar og keypti farseðil til Southampton. Samt sem áður steig hann ekki á neitt gúfuskip. Hann dvældi í Southampton að eins eina nótt, en sneri svo aptur til London næsta dag, og hafði honum tekist, á þeim tíma, að gera æði mikla breyting á útliti sínu. Þegar hann kom til London fjekk hann sjer herbergi á *Claridge's Hotel*, og heimsótti því næst skraddara, hattara og skósmíði þá, er beztir voru. Um leið og hann gekk fram hjá stórum spegli sínu ganginum í hótellinu, sa hann sitt eigið andlit í honum og brósti. Það var ekki aðdáun að hans eigin útliti, er orsakaði þetta brot. „Jeg held, að Margrjet mundi ekki

pekkja
að min
Ratt G
lega R
Da
gestur
ferðast
grun á
en að
bróðir h
að hann
var allt
hugarbu
hinu fram
leitadi e
idge's H
ur maður
ir, og *Ca*
honum.
ast á um
hafði ökk
stórkostle
unarlaust
Þessi pers
fyrir Ratt
honum, og
skel og þó

pekkja mig aptur“, sagði hann við sjálfan sig; „og að minnsta kosti mundi hún ekki pekkja mig sem Ratt Gundy, jafnvel þótt hún hefði sjed hinn virðulega Ratt.

Það varð brátt kunnugt á hótelinu, að hinn nýi gestur væri bróðir jarls nokkurs, og að hann hefði ferðast mikið um heiminn. Menn höfðu nokkurn grun á því, að hann hefði verið fremur águr náungi, en að hann væri þó hvergi nærri eins vondur og bróðir hans hefði verið, og sú skoðun útbreiddist þar, að hann hefði komið heim með all-mikla peninga, og var allt þetta, hvort sem það var nú sannleikur eða hugarburður, nælvæmlega fært í letur í dálkunum í hinu framgjarna blaði, *Catapult*. En Gerald Aspen leitaði ekki eptir neinu samtali við gestinn á Claridge's Hotel. Hann var ekki nærri eins skemmtilegur maður og Ratt Gundy. Þótt hann væri jarls-bróðir, og *Catapult* gaf þess vegna ekki mikinn gaum að honum. *Moonbeam* gerði enga tilraun til að keppast á um hann; sannleikurinn var sá, að *Moonbeam* hafði ekki alveg náð sjer aptur eptir áhrifin sem hún stórkostlega gabb, sem Ratt Gundy hafði svo miskunarlaust haft í frammi við blaðið hafði haft á það. Þessi persónubreyting var uppspretta til nýrrar gleði fyrir Ratt Gundy, sem skemmti sjer að öllu, er mætti honum, og sem hafði getað, ef þörf gerðist, búið í hnotuskel og þó alltið sig vera konung vör alheimnum.

Arnjotun B. Olson

XII. KAPÍTULI.

SKILMINGA-MEISTARINN.

Svo lengi sem maðurinn heldur áfram að vera sami maður og hann ein er, svo lengi mun sverðið hafa sitt glæsilega töfravald yfir honum. Það má vera að það sje eitthvað villimannslegt við, að vera ástfanginn í hinum hvítu vopnum, og það getur verið að við með tímanum, verðum vaxnir upp úr því; og víst er um það, að við göngum ekki lengur girtir sverðum; en sverðið er ljómandi verkfæri, og maður nútímans, sem búinn er hinum velsniðnu klæðum hins menntaða heims, er opt eins fykinn í að taka á handfangi þess og hinn ungi Akkilles var, þegar Ulysses fann hann í Seyros í stúlku-kjól.

Sú spurnig ónáðar stundum hinn hugsandi mann, hvernig hinar ókomnu kynslóðir, sem verða orðnar svo ókunnugar sverðaburði þeim sem á vorum dögum er svo altíður, að hann er þeim nærri gleymdur—hvernig munu þær skemmta sjer við hinar glæstu blaðsíður skáldsagna frá þeim tímum, við alla þessa sjónarleiki og sögu-bækur og sögu-sjónarleiki, sem nákvæm þekking á vopnum virðist aðalatriðið til, að menn skilji þær rjett? Allt fram að deginum í gær mætti svo að orði kveða, að heimurinn hefði verið hinn sami. Vaninn hafði haldið sína gömlu braut. „Gentle“-menn hafa borið sverð allt

frá dögum
glæsilega
Gloster
þeir voru
Elisabe
skáldin
Hómer
Cressid
þeirra
mynd u
við gale
nota við
Eit
er hún
skilmín
eins lan
inni á
viðvíkja
skodast
arhring
ið af spa
amlegur
fullkomi
atgerfi s
er lafði
um henn
tíma af
áleit, að
nefna fa

frá dögum Diomedesar til daga Diderots. Hinir glæsilegu skilmingamenn Shakspere's, *Romeo-ar* og *Gloster-ar* hans, voru jafn líkir langöfum vorum og þeir voru mönunum þeim, sem uppi voru á dögum Elisabetar drottningar, er þeir voru búinir til fyrir af skáldinu, eins og þeir mundu hafa verið hetjum Hómers, er koma fram, ummyndaðir, í „Troilus og Cressida.“ En hvernig munu þeir líta út í augum þeirra eptirkomenda vorra, er hafa jafn-óljása hugmynd um vopn eins og þulur þær, er viðhafðar voru við galdra, nema að eins sem verkfæri, er hermennu nota við starf sitt?

Eitthvað svipað þessu datt lafði Scardale í hug, er hún stóð í hinn mikla leikfimis-sal, og horfði á skilninga-kennsluna. Því lafði Scardale var komin eins langt í skoðunum sínum viðvíkjandi nauðsyninni á líkamsæfingum, eins og skoðunum sínum viðvíkjandi andlegri æfingu, og ef hirð hennar mátti skoðast sem dálftill skóli, er víkka skyldi sjóndeildarhring stúlkanna hennar, þá var því samfara mikil af spartverskum hugsunarhætti, viðvíkjandi líkamlegum æfingum. Í augum lafði Scardale's purtti fullkomin kona að vera eins ágætlega búin líkamlegu atgerfi sem andlegum yfirburðum, og sjerhver stúlka, er lafði Scardale hafði áhrif á, skyldi fylgja skoðunum hennar að svo miklu leyti, að hún notaði vissan tíma af deginum til líkamsæfinga. Lafði Scardale áleit, að stúlkur mættu gjarnan læra það, er menn nefna fagra líkams-hveifingar, eða hina hættulegri

leikfimi, er djarfar konur gefa sig nú við og heppnast svo vel, að langömmur vorar mundu hafa undrast yfir — já, hneykslast á. Hún áleit líka að þær mættu dansa — ekkum hina fögru gömlu dansa, „pavanes,“ „minuets“ og „gavottes,“ er veittu förmæçrum vorum fegurð og göfugleik í hreifingum; og ennfremur, að þær mættu læra að skilmast. Það var þess vegna ekkert því til fyrirstöðu, að sjerhver djörf, ung stúlka mætti iðka allar þessar íþróttir, og margar af námsmeyjum lafði Scardale's gerðu það og náðu mikilli fullkomnan í þeim. En ef lafði Scardale áleit nokkra vissa líkams-æfing skara fram úr öllum öðrum þess konar æfingum, þá var það sjálf-sagt skilminga-íþróttin, er hún áleit bezta.

Hún hjelt því fram, og það með rjettu, að skilmingar veittu öllum líkamanum meiri hreifing en þvínær allar aðrar líkams-æfingar, og hún hjelt því fram, að sjerstaklega á Englandi, þar sem engir háðu einvígi, væru skilmingar einmitt eins mikilsverð íþrótt fyrir konur eins og fyrir karla. Þess vegna voru skilmingar einn ákveðinn partur af námi meyjanna hjá lafði Scardale, og kennslu-stundin í skilmingum var ein hin skemmtilegasta stund dagsins fyrir lafði Scardale. Á hverjum degi kom því þau Paul-æfður skilminga-kennari til þess, að kenna meyjnum íþrótt sína í eina klukkustund, og það var mjög fögur sjón, að sjá þá kennslu. Klæði meyjanna áttu bæði aðdánlega vel við æfingar þessar, og um leið fóru þau þeim einkar vel, og hinn stóri salur var mjög

líflægur,
arinn sjá
undirstö
stað í sa
voru kon
vígis-leil
inum vor
lega útva
voru, til
sínar, svo
tæki við
æfinlega
unni stöð
hækkuðun
palli, er
stólar þa
vinum læ
fengu að k
Við þ
ing í háse
með sömu
öllum hlut
veitti hún
því að ker
er snerti k
tekning og
líka svo se
um áþuga,
með meiri á

líflægur staður á meðan kennsla þessi fór fram; kennarinn sjálfur var að segja nýkomnum meyjum til í undirstöðu-atriðum hinnar miklu spróttar á einum stað í salnum, á meðan stúlkur þær er svo langt voru komnar, að þær gátu æft sig sjálfar, háðu einvígis-leik sín á milli á öðrum stað, og á þriðja blettinum voru fáar meyjar, er kennarinn hafði sjerstaklega útvalið sökum þess, hve snjallar og fimar þær voru, til að undirbúa hinar alls óvönu skóla-systur sínar, svo þær hefðu því minna að læra, er kennarinn tæki við þeim. Lafði Scardale kom hjer um bil æfinlega inn í salinn á meðan á skilmingar-kennslunni stóð, og horfði á. Hún sat á eins konar upphækkuðum palli eða svölum í öðrum enda salsins—palli, er tvær eða þrjár tröppur láu upp á, og voru stólar þar uppi handa gestum, er stundum komu, vinum lafði Scardale's eða þá stúlkanna, og sem fengu að horfa á kennsluna.

Við þetta tækifæri sat lafði Scardale sem drottning í háseti uppi á pallinum, og fylgdi kennslunni með sömu alvarlegu eptirtekt og hún ætíð veitti öllum hlutum, sem hún gaf sig við. Satt að segja veitti hún kennslunni meiri eptirtekt en vant var, því að kennarinn var að æfa Fidelíu Locke, og allt, er snerti Fidelíu Locke, vakti ætíð sjerstaka hluttekning og áhuga hjá lafði Scardale. Dað virtist líka svo sem skilminga-kennarinn tæki þátt í þessum áhuga, því það var sjáanlegt, að hann kenndi nú með meiri ástundan og nákvæmara athygli, en hann

var vanur, þegar hann var að koma hinum öðrum námsmeyjum. Hann viðhafði æfinlega mikla nákvæmni í kennslu sinni; hann gerði sjer ætíð far um, að gera allt sem bezt; hann var ætíð polinmóður—eins og sá maður verður að vera, sem tekst á hendur að kenna konum að fara með sverðið; og það hafði ekki dulist jafn skarpskyggni konu og lafði Scardale var, að hann vandadi sig meira, var polinmóðari og gerði sjer far um að gera allt einn betur þegar hann var að kenna Fidelíu Locke, en hann annars gerði. En Fidelía Locke var líka sannarlega mjög framúrskarandi náms-mey. Hún var skarpgáfud og fljót að læra allt, er hún reyndi að læra, og eins var það með skilmingarnar, að hún var nú þegar orðin einna bezt að sjer af öllum þeim, sem skilmingar voru að læra, og hver skilminga-kennari hefði vel mátt vera upp með sjer af skarpleik hennar og fimleik. Skilminga-kennarinn hafði líka sagt á þá leið við lafði Scardale, þegar hún eitt sinn spurði hann um framfarir Fidelíu, og lafði Scardale virtist að það koma fram hjá honum við þetta tækifæri alveg óvanalegur hiti og líf. Því það virtist ekki vera í eðli skilminga-kennarans, að verða hrifinn af neinu.

Hann var einkennilegur maður, þessi skilmiega-kennari. Dýrd ípróttar hans og birta sverðsins virtist ekki hafa áhrif á hann. Hann var hár og grannur, dökkur á brún og brá, ætíð vel rakaður, og það hvíldi jafnan dökkblár skuggi á andliti hans. Hann var ætíð í svörtum klæðum, er fjellu vel að limum

hans, og hann, s út eins heyja e móttatð víska he framgö enn dek eins dök an hinu Bros lje un voru augu Su einhver neinu le hans. D virtist h maður sy mörg sky skólum rópu, að um, þótt framkom ur,“ sagð verða þv varð skil reyndist á er þekkti sá það þeg

hans, og það var eitthvað hlálega jarðarfararlegt við hann, sem var allt annað en upplifgandi. Hann leit út eins og maður, sem ætíð væri reiðubúinn til að heyja einvígi, og sem væri alveg viss um, að drepa mótstæðumann sinn, og það virtist eins og þessi víska hefði sett mjög ákveðinn punglyndis-blæ á alla framgöngu hans, og gert svipinn á klæðnaði hans enn dekkri. Magra, húddökka andlitið hans, er var eins dökkt eins og andlit Sikileyjarbúa, breytti sjaldan hinum stranga alvöru-blæ, sem hvíldi yfir því. Bros ljek sjaldan á hinum punnu vörum hans. Augun voru tinnu-svört—ekki tindrandi svört, eins og augu Suðurlandabúa vanalega eru, heldur var í þeim einhver dinnur, djúpur sorti, sem aldrei gaf að einu leiti til kynna eðli mannsins eður hugsanir hans. Degar lafði Scardale sá hann í fyrsta sinn, virtist henni hann satt að segja hinn óalitlegasti maður sýnum; en hann hafði svo ágæt meðmæli, svo mörg skýrteini og vitnisburðar-brjef frá hinum beztu skólum og skilminga-kennurum á meginlandi Evrópu, að hún gat ekki, með góðu móti, hafnað honum, þótt hann hefði blásvartar kinnar, líkfaralega framkomu og óskemmtileg augu. „Það er því betur,“ sagði hún við sjálfa sig; „stúlkurnar mínar verða því síður ástfangnar í honum.“ Svo hann varð skilminga-kennari á skóla hennar, og hann reyndist ágætur skilminga-kennari. Lafði Scardale, er þekkti talsvert til skilminga, eins og flestra lista, sá það þegar eptir hina fyrstu kennslustund.

Það var mesta kyrrð í skilminga-salnum, að svo miklu leyti sem maður getur viðhaft orðið *kyrrð* um þann stað, sem skilminga-kennsla fer fram á. En hið stöðuga vopnabrák, og hinn stöðugi fótasláttur hafði einskonar samræmi í sjer, eitthvað svæfandi, svo lafði Scardale fann ómótstæðilega svefnfýsi koma yfir sig. Nokkur erindi eptir ungt skáld, er hún stundum hitti, sveimaði óljóslega í huga hennar; skáldið kallar svefn í erindum þessum svefnhöfuga, og orðið svefnhöfugi virtist alltaf að falla í samræmi við vopnabrákið og fótasláttinn, þegar hún allt í einu hrökk upp úr leiðslu-móki sínu við það, að heyra nafn sitt nefnt, kurteislega, en þó nokkuð hátt.

Lafði Scardale hrökk við, og opnaði augun. Ein af þjóuustu-meyjum hennar — lafði Scardale hafði að eins kvennfólk til að þjóna sjer — stóð fyrir framan hana með brjef á bakka. Lafði Scardale brosti og sagði:

„Jeg háttaði fremur seint í gærkveldi, Plimmer“ og jeg held að jeg hafi blundað.“

Hún rjetti út hendina eptir brjefinu.

„Það kom leiguvagn með það rjett núna, lafði mín,“ sagði stúlkan og fór sína leið.

Lafði Scardale hjelt á brjefinu í hendinni stund arkorn. Augu hennar voru ekki nema hálfvakandi enn. Brjefið var rituð á pykkan klúbb-pappír, innsiglað með stóru, rauðu innsigli, og utanáskriptin var rituð með djarslegri karlmanna-hendi. Allt í

einu f
ættar-
kunnu
endurn
F
reyna,
hlíf sk
hrökk
pallinu
að, sem
sjer áfr
var und
Fi
hljóp ti
niður o
eptir he
„K
nokkuð
lit lafði
frjettir?
í augunu
„Ill
á hið spy
nei, nei!
áfram ke
að æfa.
blik. Le
an við Fi
Lafði

einu fann lafði Scardale, að hún var glaðvakandi, að ættur-skjaldmerkið á innsiglinu var henni nauðkunnugt, og að höndin utan á brjefinu vakti margar endurminningar í hjarta hennar.

Fidelía Locke var með mestu kostgæfni að reyna, að koma sverðs-oddinum sínum á leður-brjóst-hlíf skilminga-kennarans, þegar hún allt í einu hrökk saman við að heyra ofur lítið hljóð frá pallinum. Hún ljét sverðið strax síga og leit pang-að, sem lafði Scardale sat. Lafði Scardale hallaði sjer áfram í stólnum, hjelt á brjefi í hendinni, og það var undarlegur svipur á andliti hennar.

Fidelía kastaði þvínæst sverðinu frá sjer og hljóp til lafði Scardale's. Skilminga-kennarinn laut niður og tók upp sverðið, og gekk síðan hægt á eptir henni.

„Kæra lafði Scardale,“ sagði Fidelía, „gengur nokkuð að yður?“ því hún varð óróleg, er hún sá útlit lafði Scardale's. „Hafið þjer fengið nokkrar illar frjettir?“ bætti hún við, því hún sá, að það stóðu tár í augunum á lafði Scardale.

„Illar frjettir?“ sagði lafði Scardale, og leit upp á hið spyrjandi andlit Fidelíu. „Ó, nei, elskan mín, nei, nei! Gerið svo vel, Mr. Bostock, að halda áfram kennslunni, en takið einhverja aðra stúlku til að æfa. Jeg þarf að tala við Miss Locke eitt augnablik. Lesið þjer þetta, elskan mín,“ sagði hún síðan við Fidelíu.

Lafði Scardale rjetti Fidelíu brjefið um leið og

hún sagði þetta, og Fidelia las það á meðan skilmínga-kennarinn fór aptur á sinn stað og kaus sjer aðra námsmey.

Brjefið, er Fidelia las, hljóðaði þannig:

„KÆRA MÍN!—Jeg er aptur kominn í hendur yðar eins og svikinn peningur. En jeg held þó, að jeg sje ekki alveg eins vondur og svikni peningurinn, því jeg álit, að það megi gera eitthvað úr mjer ennpá. Þjer höfðuð alltaf eins konar trú á því, að það væru góðar taugar til í mjer; og þó held jeg, kæra systir, að þjer, fremur öllum öðrum í heiminum, hafið haft úr mjer sjálfsálitíð; það, að þjer gátuð ekkert gert úr mjer, er ljós vottur um, að það var ekkert hægt úr mjer að gera, eða er ekki svo? Sæja, hingað er jeg samt sem áður kominn, og jeg hef orðið ríkur síðan jeg fór—og það upp á ráðvandán hátt, sem er undarlegast af öllu saman— og hve nær sem mín kæra systir vill sjá sinn handónyfta tengdabróður, er eitt sinn var öreigi, en er nú ríkur maður, þá þarf hún ekki annað en að senda boð á Claridge's Hotel og þá kemur hann.

Yðar ónytur, en ætíð elskandi,

RUPERT GRANTON.“

„Ó, Fidelia,“ hrópaði lafði Scardale upp yfir sig með tárin í augunum, „ó, hvað guð er mjer góður—á, hvað jeg er nú ánægð! Rupert tengdabroðir minn er kominn heim til mín aptur.“

Augu hinnar viðkvæmnu konu fylltust tárnum um leið og hún sagði þetta; og satt að segja komu

líka tárin í augunum á stóru Scardale. Hún elskaði hann með öllu ílátur ha um og horfið hann og farið frá frjett ne gleðidag,

Lafði

sitt, og hann íð strax lafði Scardale grjet, og hluttekningu þeim. Með hinna stóru stundinni, Skilmíngaminnsta kom Svo va kennslu-stund dag. Mejj sverðum sínum og flýttu sjer starfa, er hún kennarinn t

líka tárí augun á Fidelíu. Því hún vissi allt um, hvernig á stóð með Rupert Granton — hve innilega lafði Scardale hafði elskað hann — hve mikið hann hafði elskað hana, og hve góður og blíður hann var og með öllu ólíkur manni hennar — en einnig, hve óstyrkilátur hann var, hversu hið illa í ætt hans ríkti í honum og hvernig hann hafði rífið sig burt frá henni, horfið henni sjónum, yfirgefið hinn meintaða heim og farið langt í burtu þangað, sem enginn hafði frjett neitt um hann þangað til nú í dag, þenna gleðidag, þenna vonarinnar og þakklætisins dag!

Lafði Scardale settist skyndilega við ritborð sitt, og hripaði á listinn séðil að eins þessi orð: „Komid strax til mín, hjartkæri bróðir,“ því næst ljét lafði Scardale höfuðið hofga að barmi Fidelíu og grjet, og Fidelíu grjet dálítið líka, bara af einlægri hluttekningu með viðkomu sinni. Engiun tók eptir þeim. Meðjarnar voru svo önnum káfnar að njóta hinna síðustu augnablika, er eptir voru af kennslustundinni, að þær tóku ekki eptir neinu öðru. Skilminga-kennarinn tók aldrei eptir neinu, eða að minnsta kosti virtist hann ekki gera það.

Svo var hringt klukku til þess að láta vita, að kennslustundin væri úti og skilmingum lokið þann dag. Meðjarnar tóku af sjer grísmurnar og stungu sverðum sínum varlega í slíðurnar á veggjunum, og flýttu sjer síðan burtu í allar áttir, hver til þess starfa, er hún átti að ljúka um daginn. Skilminga-kennarinn tafði enn um stund í salnum og var að

fást við útbúnað sinn. Undir vanalegum kringum atæðum kynni lafði Scardale að hafa ímyndað sjer, að hann tefði svona til þess, að geta talað dálítið meira við Fidelíu Locke; er sat hjá henni uppi á pallinum; en nú var hún svo sokkin niður í annað, að henni kom ekkert slíkt í hug.

Plimmer kom aptur, og ruddi sjer braut í gegnum hinn fríða meyjaskara, er var að fara út, og bar hún nú nafspjald á bakka. Á því stóð nafnið: „Rupert Granton.“

„Ó!“ hrópaði lafði Scardale, „jeg skal koma strax.“ En hún þurfti ekki að hreifa sig langt, því Mr. Rupert Granton hafði með mestu rósemi fylgt Plimmer eptir, og stóð nú í hinum enda salsins. Skilminga-kennarinn, er hafði nú lokið umbúnaði sínum, var einmitt að fara út úr dyrunum þegar Rupert Grantou kom inn. Hann hopaði á hæl, leit forvitnislega framan í Mr. Granton og hjelt svo leiðar sinnar. Að nokkrum augnablikum liðnum var Rupert Granton kominn inn í hinn enda salsins og hjelt í hendina á lafði Scardale.

Fidelía stóð á fætur og ætlaði að ganga burt, svo þau gætu verið tvö ein, en lafði Scardale sagði þá:

„Nei, góða min, farið ekki burt. Mjer væri ljúfara að þjer væruð viðstödd hinn fyrsta fund okkar. Ef við óskum síðar, að tala um eitthvað sjerstakt, þá getið þjer farið, ef yður sýnist svo. En jeg vil heldur að þjer sjeuð hjá mjer núna.“

Mr.
kunning
ustu tfa
Þegar
upp til
hennar f
augu he
ekki orð
„Ka
þjer haf
kominn a
aptur —
lafði Scar
um og ky
ástar-áke
„Jeg
Granton.
ur til að k
heiminn
fannst, að
umgangist
systir, og
tækifæri ti
komið apt
sem lítið e
„Ó, ás
sama, hver
að. Jeg s
aldrei fara k

Mr. Rupert Granton var enginn annar en gamli kunningi vor Ratt Gundy, klæddur samkvæmt nýjstu tísku, ný-rakaður og með tvöföld gleraugu. Þegar hann kom til lafði Scardale, er hafði staðið upp til að heilsa honum, tók hann báðar hendur hennar í hendur snar og kyssti þær innilega, leit í augu hennar og kyssti hana svo á ennið, en sagði ekki orð um stund.

„Kæri Rupert—kæraasti bróðir minn—en hvað þjer hafði verið lengi í burtu! Og nú eruð þjer loksins kominn aptur. Jeg hjelt að þjer munduð aldrei koma aptur — jeg bjóst ekki við að sjá yður framar,“ sagði lafði Scardale, og svo lagði hún hendur um háls honum og kyssti hann blíðlega, innilega—nærri því með ástar-ákefð.

„Jeg ætlaði mjer aldrei að koma aptur,“ sagði Granton. „Mjer fannst, að jeg væri ekki nógu góður til að koma aptur. Jeg hafði flækt of mikið um heiminn og gert of marga kynlega hluti, að mjer fannst, að jeg geta ekki látið yður eða þá, sem þjer umgangist, sjá mig aptur. Og satt að segja, kæra systir, og til minnkunar manni, sem þjer féið aldrei tækifæri til að kynnst, þá hefði jeg jafnvel ekki nú komið aptur, ef það hefði ekki verið fyrir ástæðu, sem lítið eða ekkert snertir yður.“

„Ó, ástæðurnar gera ekkert til — það stendur á sama, hvers vegna þjer komuð, fyrst þjer bara komuð. Jeg skal nú halda yður hjá mjer og láta yður aldrei fara burt aptur,“ sagði lafði Scardale.

Fidelia stóð dálftíð frá þeim, og gaf gætur að þessum einkennilega samfundi með dýpsta athygli.

„Jeg held, að jeg hefði aldrei þekkt yður aptur,“ sagði lafði Scardale, um leið og hún leit hlýlega til hins unga mauns. „Dað er líka langur tími síðan að jeg sá yður, og þjer hafði breyttzt mikið, vaxið, og eruð ordinn hraustlegur og sterkur maður. Jeg held samt, að jeg hefði þekkt yður á augunum; en svo hyljið þjer þau með glæraugum. Eruð þjer farinn að tapa sjóninni, kæri Rupert?“

„Sjónin bilar eins og annað, er menn lifa hvarflanda lífi í litthbyggðu landi,“ svaraði Rupert.

„Ást yðar á mjer hefur þó ekki slitnað eða bilað líka?“ sagði hún í kvartandi róm, „ekki einusinni á yðar hvarflandi lífsferli — hafi hann annars verið hvarflandi. Ó, jeg skyldi samt hafa þekkt yður á málrómnnum, elska Rupert! En heyrið þjer—jeg verð að gera yður kunnugan hinn kæru vinkonu minni og embættis-systir, Miss Fidelia Locke, áður en jeg tala eitt orð meira um sjálfa mig.“ Hún tók um hönd Fidelíu og leiddi hana til Ruperts, og Fidelia leit ófeimin á hið glaðlega, fríða andlit hans.

Dað er ekki líklegt að nokkrum, sem þekkt hafði Ratt Gundy, mundi hafa komið til hugar, að hann og Rupert Granton væri einn og sami maður. Hið mikla yfirvararskegg var horfið, haka og kinnar hans voru ný-rakaðar og glæraugun huldu hinn djarflega, bjarta glampa í augum hans. Ratt Gundy var vanur að hafa fremur langt hár og hirða litt um

klæða-
snodk-
ræmi v-
um gl-
niður,
ar hon-
verid“,
lausi fe-
við kon-

Ha

protið e-
ur. H-
hennar
lítið á s-
hans að
Hann sa-
Sudur-A-
þar, og
Mexico;
demanta-

Allt



kominn,
hún sem
upp aptur.
Hinn ný-
all-tíður
kastið. H-
sem heilsa-
því næst

klæðaburð sinn. Rupert Granton var þar á móti snöðklipptur og klæði hans voru nákvæmlega í samræmi við hina nýjustu London-tízku. Jafnvel gegnum gleraugun gat Fidelia þó sjóð, að hann leit niður, er hann sá hana, að ofurlitlum roða sló á kinnar honum, og að hann virtist órólegur. „Getur það verið“, hugsaði hún með sjálfri sjer, „að þessi kærulausi ferðalangur sje feiminn—að hann sje hræddur við konu?“





Hafi svo verið, að Rupert hafi um eitt augnablik protið einurð, þá náði hann sjer sjáanlega fljótt aptur. Hann talaði við mágkonu sína og vinkonu hennar ljettilega og hispurslaust. Hann minntist litið á sitt liðna líf, og það mátti ráða það af orðum hans að hann vildi helst að ekkert væri um það talað. Hann sagði þeim, að síðast hefði hann komið frá Sudur-Amerísku, að hann hefði tekið þátt í uppreisn þar, og að hann hefði áður tekið þátt í uppreisn í Mexico; en hann minntist ekkert á námu-æfintýri eða demanta-hjerð.

Allt í einu var tilkynnt, að annar gestur væri kominn, og er Fidelia heyrði nafn hans nefnt, leit hún sem söggvast niður fyrir sig, en svo leit hún upp aptur, og þá var ánægjusvipur á andliti hennar. Hinn nýkomni maður var Gerald Aspen, sem var all-tíður gestur á menningarskólanum upp á stökastið. Hann fór upp á pallinn til lafði Scardale's sem heilsaði honum með vinsamlegu handabandi; því næst rjetti Fidelia honum hendina, en svo tók





**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

hann eptir Rupert Granton og virtist verða forviða af að sjá hann. Harn þekkti hann ekki aptur, en samt fannst honum einhvern veginn, að hann hafa sjeð manninn sður—að hann ætti að þekkja hann—að látbragð mannsins væri honum nauðakunnugt. En gátan var ráðin þegar lafði Scardale sagði:

„Þetta er ferðalangurinn, bróðir minn, er svo lengi hefur verið týndur; hann er nú kominn aptur til hins menntaða heims og til sinnar elskandi tengdasystur. Leyfið mjer að gera Mr. Rupert Granton yður kunnugan, Mr. Aspen.“

Dá vættust augu þeirra Gerald's og Ruperts Granton, og augnaráði þeirra lá hulin meining og Aspen skildi hvernig í öllu lá.

„Komið og horfið á skilmingarnar,“ sagði lafði Scardale. „Yður þótti einu sinni mjög gaman að skilmingum, Rupert.“

„Já, jeg hef alltaf haft þær dálftið um hönd, þar sem jeg hef getað komið því við,“ sagði Rupert.

„Mjer þykir mjög gaman að skilmingum,“ sagði Aspen.

Svo fóru þeir að horfa á skilmingarnar. Dað leit út fyrir, að Mr. Bostock hefði nærri óafvitandi haldið áfram æfingunum á meðan þau voru að tala saman. Látbragð hans var eins og þess manns sem vildi láta menn skilja, að samtala það, er fram fór kringum hann, kæmi honum ekkert við, En ef einhver af námsmeyjum hans hefði tekið eptir, eða gefið gætur augnaráði hans að öðru ea því, er snerti

skilm
gaut
ist fy
og só
inga-
lega a
gat þ
þeim

A
gekk t
æfinga
bróður

„L
ur,“ sa

H
tekt un

breifing

breytin

skjótlei

leik Bo

Bo

augu sfi

„Já, jeg

Han

ins. Dó

eithvað

Granton

mundi ha

„Jeg

skilmingarnar, þá hefðu þær getað sjóð, hve opt hann gaut augunum upp á pallinn, og hvernig hann virtist fylgja hverri hreifingu Fidelíu Locke með hvössu og sólgnu augnaráði. Bostock var svo góður skilminga-maður, að hann þurfti ekki að gæta nákvæmlega að höggum og lögum námsmeyja sinna. Hann gat því notað augu sín til annara hluta og reunt þeim opt til Fidelíu—og einnig til Gerald's Aspen.

Allur flokkurinn, með lafði Scardale í miðrið, gekk til Bostocks, er nú hafði einmitt lokið einni æfingar-stundinni, og lafði Scardale gerði tengdarbróður sinn Mr. Bostock kunnugan.

„Djer virðist vera undra góður skilminga-maður,“ sagði Granton.

Hann hafði veitt skilmingunum nákvæma eptirtekt um hríð, og með sjálfum sjer borið hinar liðugu hreifingar meyjanna saman við hina sjerlegu tilbreyting frá stinnleik til mjúks, höggormslegs skjótleiks, er kom fram á víxl og einkenndi vopnaleik Bostocks.

Bostock sneri sjer við, festi hin fjörlausu svörtu augu sín á andliti Grantons og sagði ofur rólega: „Já, jeg skilmast dá-vel. Skilmist þjer?“

Hann rak þessa spurning út úr sjer í enda svarsins. Dótt spurningin virtist blátt áfram, þá lá þó eitthvað móðgandi í henni, eitthvað ertandi, er reitti Granton til reiði, á sama hátt og óvænt svipuhögg mundi hafa gert.

„Jeg get gert ofur-lítið að flestum hlutum,“

svaraði hann hlæjandi. Maður, sem hefur verið á jafn mörgum stöðum og jeg hef verið, fær snefil af ýmsum íspróttum, eirs og hann lærir svo sem hálfá tylft af orðasöfnum. Hann verður einskonar þúsund vjela smíður, eins og þjer vitið.“

Bostock ypti ofurlítið öxlum. Dessi litla hreifing lýsti sniduglega, en alls ekki fínlega, fyrirlitning manns, er var meistari í íspróttinni, fyrir byrjandanum í henni. Granton tók eptir þessu og honum rann aptur í skap.

„Jeg vildi óska, að þjer veittuð mjer þá virðingu, prófessor,“ sagði hann, og lagði ofur-litla áherzlu á orðið „prófessor“, „að lofa mjer að skilmast við yður—ef þjer eruð ekki of þreyttur til þess“.

Hann lagði háðslega áherzlu á seinustu orðin, en hin fjörlausu augu Bostocks lifnuðu ekkert við það.

„Jeg er ekki þreyttur,“ sagði hann blátt áfram. „Ef þjer viljið koma inn í herbergið, er þjer kipti klæðum í, þá get jeg lánað yður ýmslegt, sem til skilminga heyrir.“

Þá er hjer var komið, voru námsmeyjarnar allar farnar. Laði Scardale og Fidelia voru einu kvennmenzirnir, sem eptir voru í salnum. Laði Scardale ljét í ljósi, að hana langaði mjög til að sjá Rupert fara með sverð aptur, eptir svo mörg ár. Hún hafði alloft fyrrum sjeð hann skilmast við bróður sinn, og hún mundi eptir því, hve vaskur skilminga-maður hann hafði verið, og henni var forvitni á að sjá hann

sýna
mega
bæði
hann
var öll
vinna
móti s
fór þv
til að

A

öllu se

Sw

pallinu

skilmin

öllu, er

æfð ein

gert, a

ljettlyn

vel í ge

sverðinu

skilming

kunni v

fyrir ein

Granton

höfðu re

hann var

var líka

hann my

skilming

sýna list sína aptur. Fidelia bað um leyfi til, að mega vera viðstödd, og Rupert lét sem sjer væri bæði um og ó með það. En sannleikurinn var, að hann var ekki hið minnsta smeikur við það. Hann var öldungis sannfærður um, að hann myndi yfirvinna Bostock, og honum var það sannarlega ekki á móti skapi, að gera það að Fidelíu áhorfandi. Hann fór því með Bostock inn í herbergið, er hann notaði til að búa sig í, og blístraði ofur lágt um leið.

Að vörmu spori kom Granton aptur, íklæddur öllu sem heyrir til slsku leiks-einvígi.

Svo hófust skilmingarnar. Gerald stóð á litla pallinum hjá lafði Scardale og Fidelíu, og athugaði skilmingarnar með sama áhuga og hann hafði fyrir öllu, er Granton tók pátt í. Granton var honum ætíð eins konar ráðgáta, er hann gat ekki að því gert, að honum fjell maður þessi, hans óvanalega ljettlyndi og undraverðu hæfileikar til ýmsra hluta, vel í geð. Það var auðsjeð, strax og Granton brá sverðinu og byrjaði þennan leik við kennarann, að skilmingar voru eitt af því sem hann (Granton) kunni vel; en það var líka auðsjeð, að minnsta kosti fyrir eins snjalla skilminga-mey og Fidelia var, að Granton var ekki eins viss um sigurinn, þegar þeir höfðu reynt með sjer í nokkur augnablik, eins og hann var þegar þeir byrjuðu bardagan. Og því var líka svo varið. Granton hafði verið viss um, að hann myndi geta sýnt þessum meyjja-kennara, hvað skilmingar í raun og veru væru. Hann hafði vanist

sverði frá því að hann var skólapiltur. Hann hafði sðan borið sverð í mundum á bardagavöllum, þar sem niðurstaðan vissulega þýddi lífshættu, og gat vel haft dauðan í för með sjer, og hann hafði borið hærra blut í þeim fáu tilfellum, sem það var alvarlega áriðandi fyrir hann að bera sigur úr býtum. Hann hafði reynt sig við sjerhvern þann mann í Evrópu, sem var verulega frægur fyrir vopnfimi, og hafði ætíð haldið sínum blut fyrir þeim. Hann hafði verið meðlimur, og það frægur meðlimur, í nafntogudum skilminga-klubb í London, á þeim dögum, þegar hann, að meira eða minna leyti, var álitinn að þryða samkvæmislífið. Hann hafði því ásett sjer, að sækja að Bostock með sömu rósemi og nautavígsmaður sá mundi sýna sem vissi, að hann gengi á móti feigu nauti.

Eptir fáein augnablik hafði hann breytt skoðun sinni. Þeir höfðu að eins reynt að koma nokkrum lögum hver á annan er hann sannfærðist um, að Bostock væri hinn erfiðasti skilminga-maður, sem hann hafði nokkru sinni átt í höggi við, og hann sá brátt, að maðurinn hafði fullkomið vald yfir vopni sínu. Í fyrstu sótti Granton snarlega og með ákafa að Bostock, og reyndi að nota hvert bragðið á fætur öðru—og hann kunni þau æði-mörg—með undra-verðum flýti. En Bostock sló af sjer hvert lag svo fumlaut og óskeikullega, að Granton furðaði. Þótt sverð Bostocks hefði verið stálveggur, þá virtist hann varla hefða getað verið óhultari fyrir innan

hann,
 Dví n
 Grant
 Hann
 hann
 eptir
 ar, og
 að ven
 blik.
 kenna
 á lagi
 og fim
 og sve
 á næst
 gerði t
 þar, er
 brjósth
 G
 hneigði
 ofurlfti
 svipinn
 vel. F
 unni sk
 en dáðs
 alls tilli
 því, að
 Lafði S
 henni fj
 hitt nokk

hann, fyrir öllum árásum Grantons, en hann nú var. Því næst tók Bostock að sækja að Granton, og Granton sá þegar, að leikurinn tók að hallast á sig. Hann varði sig eins einbeittlega um stund og þó hann í raun og veru hefði átt líf sitt að verja, rjett eptir dögum í einum af skemmtigörðum Parísarborgar, og honum tókst, um fá örvæntingarfull augnablik, að verjast Bostock. En það voru að eins fá augnablik. Skyndilega leiptraði sverðs-bláð skilminga kennarans fyrir augum honum, er hann átti sízt von á lagi; því næst sveigði Bostock úlfiðinn snögglega og fimlega, og Granton fannst allt í einu sem hann og sverð hans væri einmana í hinni víðu veröld, og á næsta augnabliki fann hann að sverðlag það, er gerði út um einvígið, snart hann á brjóstið, einmitt þar, er litla, ljósrauða hjartað var saumað á leður-brjósthlífina hans.

Gerald lét sverðið síga, Bostock stanzaði og hneigði sig. Fidelia klappaði lof í lófa, Gerald brosti ofurlítið, og lafði Scardale var all-áhyggjufull á svipinn. Granton tók eptir öllu þessu og skildi það vel. Fidelia hafði klappað lof í lófa af því, að hún unni skilmingum svo mjög, að hún gat ekki annað en dáðst að þeim, er snjallastur var í þeirri ísprótt, án alls tillits til hver það var. Gerald hafði undrast af því, að hann átti ekki von á að Granton yrði undir. Lafði Scardale hafði verið óróleg í svipinn af því, að henni fjell illa að uppáhaldi hennar skyldi misheppnibitt nokkuð, sem hann reyndi. Granton varð að játa

það með sjálfum sjer, að hann var ekki sem ánægð-
astur með málalokin. Hann hafði óskað, að Fidelia
klappaði lofi í löfa fyrir sjer—hann hafði talið víst að
hann fengi það; en endirinn hafði orðið sá, að þessi
Mkfararlegi náungi, sem stóð þarna teinrjettur og
starði með fjörlausu augunum sínum upp á pallinn,
þar sem hin fagra Fidelia sat eins og drottning feg-
urðarinnar í hásepti sínu, fjekk löfa-klappið. En
Granton kom ekki til hugar, að láta neina óánægju
sjást á sjer.

„Djer stóðuð yður vel,“ sagði hann hlæjandi og
rjetti Bostock hendina, en Bostock hneigði sig að
eins þurlega, en tók ekki í hana. „Jeg hjelt, að
jég væri all-snjallur skilminga-maður, en nú hef jeg
hitt jafningja minn, á því er enginn efi. Djer hljóf-
ið að hafa notið kennslu í ágætum skólum.“

Bostock hneigði sig aptur jafn kuldalega og
áður og sagði:

„Ipróttin er þess verð, að leggja talsvert á sig
fyrir hana, og jeg lagði líka all-mikið á mig.“

„Jeg álit, að manni gæti heppnast hvað sem er,
ef menn að eins leggja nóg á sig,“ svaraði Granton,
um leið og hann tók grímuna frá andlitinu og gekk
að pallinum.

Skilminga-kennarinn horfði á eptir honum og
sagði, fremur við sjálfan sig en Granton: „Jeg
vona að svo sje.“

Bos
Fidelia l
„Dj
skal aldr
alið í brj
að koma
Hún
fest á brj
Dótt fing
hans bert,
honum br
ekki eptir
við, til að
þessu af þ
og lafði S
hafði allan
eialæglega
nærri. Gr
undarlega
„Svo þ

XIII. KAPITUL^I.

MISGRIP Á VOPNI.

Bostock gekk á eptir Granton að pallinum. Fidelia laut áfram og sagði:

„Djer stóðuð yður ágætlega, Mr. Bostock. Jeg skal aldrei framar ala þá von, er jeg svo lengi hef alið í brjósti mjer, að jeg yrði einhvern tíma svo fær, að koma sverðslagi á yður.“

Hún benti ljettilega á ljósrauða hjartað, er var fest á brjóst honum, um leið og hún mælti þessi orð. Dótt fingur hennar hefði verið glóandi stál og brjóst hans bert, þá hefði honum varla brugðið meir en honum brá við þessi óvæntu orð. En Fidelia tók ekki eptir því sökum þess, að hún hafði snúið sjer við, til að tala við Gerald; og Gerald tók ekki eptir þessu af því, að hann var að eins, að horfa á Fidelíu; og lafði Scardale tók ekki eptir þessu, því, af að hún hafði allan hugann við tengdabróður sinn og vonaði einlæglega, að hann tæki sjer ekki ósigurinn mjög nærri. Granton var hinn eini sem tók eptir hinum andarlega svip, er kom á andlit Bostock's.

„Svo þetta er yðar veika hlið, góðurinn minn.“

hugsaði Granton með sjálfum sjer. „Nú, jæsa, jeg öfunda yður ekki af dýrðinni, sem þjer hafði áunnið yður í augum hennar. En jeg býst við að þjer munuð komast að raun um, að það verður yður dýrkeypt. Jeg er hræddur um, að þjer eigið punga daga í vændum, minn kæri Bostock, ef jeg skil yður rjett.“

Gerald hafði talað til Fidelíu, og hún hafði snúið sjer að honum með ánægjusvip á andlitinu. Granton, sem allt af gætti í kyrpey að Bostock, tók eptir ánægjusvip Fidelíu og sá, að þunnu varirnar á Bostock virtust verða enn þynnri; þær urðu bara eins og rautt stryk þvert yfir föla andlitið hans.

Bostock sneri sjer skyndilega að Gerald og sagði: „Hvernig þætti yður, að taka yður dálftinn sprett með sverðið, Mr. Aspen?“ Það lá einkennileg tilraun í rödd mannsins til, að vera glæðlegur, næstum því vingjarnlegur, er ljét all-skringilega í eyrunum á Granton.

Gerald svaraði brosandí, og dálftið vandræðalega, að hann væri hræddur um, að hann væri ekki nógu fær skilminga-maður til að reyna sig við slíkan snilling sem Mr. Bostock væri.

Bostock hristi höfuðið og sagði: „Eptir útliti yðar að dæma, ættuð þjer að vera góður skilmingamaður. Mjer skjátlást sjaldan í því efni, en jeg vildi gjarnan vita vissn mína. Komið þjer bara, við skulum skiptast á fáeinum lögum. Jeg býst ekki við, að þjer sigrið mig,“ hjelt hann áfram, og undur óviðkunnanlegir drættir, er áttu að vera bros, komu í

andlit
rjett s
þjer n
”
Scarda
Grant
anum.
með br
líka ep
hann k
snar, og
sjálfan
stundað
vanaleg
lagi á E
hann bi
að Gran
sem han
Hann fó
kom að
Dað
einvíg,
hefur í f
allt snar
allan þar
komast
fæddu ló
minnsta
staðar í s

andlit hans, „en jeg skal geta dæmt um það á eptir,
rjett svona að gamni mínu, hvernig skilminga maður
þjer munið verða.“

„Já, gerið þjer það, Mr. Aspen,“ sagði lafði
Scardale, sem gjarna vildi í hjarta sínu að fleiri en
Granton skyldu bíta ósigur fyrir skilminga-meistar-
anum. Gerald leit til Fidelíu, er virtist hvetja hann
með brosi sínu. Hann þurfti ekki meira. Kanna-
líka eptir allt saman—hver gat um það sagt?—að
hann kyuni að vinna sigur. Hann var ungur og
snar, og með góðri heilsu; hann hafði ætíð álitíð
sjálfan sig mikið góðan skilminga-mann; hann hafði
stundað skilmingar miklu meir en ungir blaðamenn
vanalega gera. Ef honum skyldi takast, að koma
lagi á Bostock, hvllkur sigur væri það ekki! En ef
hann biði ósigur, þá var það engin minnkun, eptir
að Granton hafði beðið ósigur, og það því fremur,
sem hann (Gerald) hafði ekki boðið Bostock á hólm.
Hann fór því vongóður inn í herklæða-búrið, og
kom að vörmu spori búinn til bardaga.

Það er eitthvað sjerlega fjörgandi við skilminga-
einvíg, eitthvað, sem varla nokkur önnur skemmtan
hefur í för með sjer. Því um leið og þær kalla fram
allt snarræði, allan fimleik, allan mjúkleik líkamans
allan þann taugastyrk, er mannum er gefinn, þá
komast þær niður að rótum. Þær vekja hina með-
fæddu löngun til bardaga, sem hver maður hefur að
minnsta kosti eitthvað ofurlítið af, hulið einhvers-
staðar í sjálfum sjer. Jafnvel hnefaleikur, með öllu

sínu aðdráttaralli, vekur ekki eins beinlínis þessa æðri tilhneiging til bardaga, því skilmingar eru svo töfrandi eptirmynd af verulegum bardaga; þær eru hólmganga breyt í skemmtileik, sem leikinn er með því nær verulegum vonum. Þær veita að nokkru leyti hina sömu skemmtan og guðir Norðurlanda nutu í Valhöll, er þeir gátu barist allan síðari hluta dagsins, höggvið og tætt hver annan í sundur eptir vild sinni, en voru svo aptur heilir og ósárir þegar kveldverðar-tími kom. Skilmingar eru þannig bardagi að menn geta gert sjer fulla von um, að komast lifandi úr honum og geta barist aptur næsta dag, án þess að verða fyrir þeirri vansæmd að leggja á flóttu. Þetta er ein af hinum mörgu ástæðum fyrir því, að skilmingar falla almenningi vel í geð og halda áfram í löndum, þar sem mönnum kemur ekki fremur til hugar að nota sverðið til að jafna skoðana-mun, heldur en að fara í burðarstól á klúbbinn sinn.

Skilmingarnar hófust. Gerald hafði fastráðið með sjálfum sjer, að vera sem rólegastur og að eins verjast í byrjun með mestu varúð. Hann sagði við sjálfan sig, að hann skyldi selja líf sitt eins dýrt og hann gæti, og hann gekk út í einvígið eins og sá maður, sem er viss um að biða ósigur, en hefur fast-ráðið, að biða þann ósigur með sæmd.

En sjer til mestu undrunar komst hann að þeirri niðurstæðu, að hann stæði sig betur, já miklu betur, en hann hafði búist við. Hann varðist vel einni eða

tveim
gerði.
væru
stæðile
þegar
verið,
honum
gera at
þó ekk
ist við,
maður
takast a

Á

Bostock
hvernig
af sjer,
þá tók
fyrir sve
hendi Bo
enda sals
siga, hálf
en þó me
eitt eða t
slíðrunn
að Gerald

Gera
er hann v
fljótur Bo
verið afvo
við allt a

tveimur einbeittum atlögum, er skilminga-kennarinn gerði. Getur virtist, að vopnabrögð Bostock's væru í rauninni ekki eins afar-kænleg og ómót-stæðileg eins og honum hafði komið þau fyrir sjónir þegar hann og Granton áttust við. „Getur það verið,“ spurði Gerald sjálfan sig, og hjartað bardist honum í brjósti, um leið og hann byrjaði sjálfur að gera atlögur, sem Bostock að vísu hratt af sjer, en þó ekki með nærri eins miklu afli og hann hafði búist við,—,getur það verið, að jeg sje betri skilmingamaður en Granton? Er mögulegt, að mjer kunni að takast að koma lagi á hinn ósigrandi Bostock?“

Á meðan Gerald var að hugsa um þetta, reyndi Bostock nýtt lag, sem Gerald virtist augskýleigt hvornig slá ætti af sjer, og sem hann sló líka af sjer, en þegar Bostock gerði næstu atlögu, þá tókst Gerald ekki að eins að verja sig fyrir sverðs-oddi hans, heldur sló hann sverðið úr hendi Bostock's og slaug það alla leið yfir í hinn enda salsins. Í sama vefangi ljét Gerald sverð sitt síga, hálf hreykiun yfir, hvað vel honum hafði tókist, en þó með hálf-afsakandi látbragði; en Bostock stókk eitt eða tvö skref aptur á bak, þreif annað sverð úr slíðrunni á veggnum, er þau voru í, og tók að sækja að Gerald enn harðara en áður.

Gerald var dálítið utan við sig bæði af sigrinum, er hann virtist hafa unnið, og svo af því, hve afar-fljótur Bostock var að ná sjer aptur eftir að hafa verið afvopnaður. Honum virtist sem hann ætti nú við allt annan mótstöðumann, og hann var al eg

sannfærður um, að hann væri eins varnarlaus fyrir þessum nýja mótstöðumanni eins og sundmaður er út á æðisgöngnum ósjó. Hann varði sig í dauðans ofbóði, og hann bjóst við á hverju augnabliki að finna sverðs-oddinn koma við brjóstið á sjer, þegar hann sjer til mestu undrunar fann, að eitthvað særði hinn upplypta vinstri handlegg hans þó neðanverðu, líkast því að glóandi stálpráður hefði snortið hann, og um leið sá hann, að Granton hafði gengið á milli þeirra og slegið sverð Bostocks upp og gripið um hægri úlflið sinn með vinstri hendinni. Hvað gekk á? Hvað átti allt þetta að þýða? Hann heyrði, að Granton sagði með mjög alvarlegri rödd:

„Það er eitthvað bogið við sverðið yðar, Mr. Bostock.“

Gerald stóð grafkyr og starði á þá. Bostock, sem virtist, þegar Granton skildi þá að, hafa eitt augnablik tilhneiging til að ráðast á Granton, stóð nú staurrjettur og stífur. Granton, sem hafði aptur sett upp grímunu, horfði beint framan í Bostock.

„Það er eitthvað bogið við sverðið yðar, Mr. Bostock,“ sagði Granton aptur.

Bostock lypti sverðinu upp, en Granton reif það af honum, áður en hann gæti varnað því. Bostock sýndi enga mótstöðu. Dótt Bostock kynni að vera betri skilmingamaður, þá var Granton vafalaust miklu sterkari maður. Þar að auki virtist Bostock ekki sjá neina ástæðu til, að taka afskipti Grantons

neitt
ungis

„petta
íð þje

H

petta.

útúrð

vissu,

skilmir

grímur

manran

hugað

Ge

við. Þ

oddi ski

oddinn,

ald starð

þetta og

því næst

„Ha

Hvernin

yður auð

Mr. Aspe

því þjer s

æstur, að

að brúka.

mig að fás

Andli

neitt óstínt upp. Hann virtist að eins verða öldungis hissa.

„Lítið þjer á, Mr. Aspen,“ sagði Granton, „þetta er fallett verkfæri til að skilnast með! Sjá-ið þjer þetta, Mr. Bostock?“

Rödd Grantons var allgrimm þegar hann sagði þetta. Konurnar báðar, er undruðust þenna óvænta útúrdúr, koma niður af pallinum. Allt, sem þær vissu, var það, að á meðan þær eru að horfa á skilmingarnar hafði Granton skyndilega sett upp grímuna, þrifið sverð sitt og hlaupið á milli einvígs manranna, og stöðvað þá fimlega. Þeim var nú um hugað um að fá skýring yfir, hvað um væri að vera.

Gerald leit á sverðið og sá, hvað Granton átti við. Það var sverð sem hnappurinn, er hafður er á oddi skilminga-sverða, var brotinn af, rjett fyrir ofan oddinn, svo á sverðinu var ósljettur stáloddur. Gerald starði á þetta undrandi. Bostock starði einnig á þetta og svipur hans virtist lýsa hinni mestu undran; því næst sagði hann:

„Hamingjan hjálpi mjer, hvíllkur klaufaskapur! Hvernin gat jeg gert þvílíkt klaufastykki? Jeg bið yður auðmjúklega fyrirgefningar á athugaleysi mínu, Mr. Aspen. En það var í rauninni yður að kenna, því þjer sóttuð svo hart að mjer, að jeg varð svo æstur, að jeg þreif, í misgripum, sverð sem hætt var að brúka. Þjer eruð of fimur skilminga-maður fyrir mig að fást við.“

Andlitið á Bostock var öldungis rólegt á meðan

hann sagði þetta, en rödd hans lýsti dýpstu eptirsjá. Gerald var hræður af sorg hans, og honum þótti vænt um skjallð um fimleik sínu.

„Ó, þetta gerir ekkert til—ekki hið allra minnsta til“ sagði Gerald lágt, en Granton greip hvass fram í fyrir honum og sagði:

„Gerir ekki hið allra minnsta til—gerir ekkert til? Þjer vitið ekki hvað þjer eruð að fara með. Ef þetta sverðslag hefði komist á yður þar sem ætlast var til, þá hefðuð þjer verið fastur á sverðs-oddinum eins og hjeri á steikara-teini. Litið þjer bara á ermína yðar, maður.“

Orð Granton's minntu Gerald á sársauka þann, er hann hafði fundið til, en sem hann hafði gleymt, af geðshræringunni, sem hann hafði verið í þessi síðustu augnaklik. Hann leit á vinstri ermína sína. Treyju-ermin og skyrtan innan undir voru rifin þar, sem sverðs-oddurinn hafði farið í gegnum, en verið rifinn út aptur, þegar Granton sló sverðið til hliðar. Línið og klæðið var vott af blóði, er streymdi úr ljótu sári á holdinu.

„Veslings drengurinn minn!“ hrópaði lafði Scardale. „Ljáið mjer vasa klútinn yðar“, sagði Fidella, „jeg kann dálftið að því, að binda um sár.“

„Þjer hafði náttúrlega hlýtt á fyrirlestra „um hjálp í viðlögum“,“ sagði Granton hlæjandi. „Það er samt bezt að láta mig eiga við þetta, Miss Locke. Jeg hef haft nokkra reynzlu í þessum efnum, og það við verri sár en þetta, en þó ekki verri, það veit ham-

ingja
ið á r
vitið
furu-þ

H
út úr
ur han
tala, o
dags
mikið
Hann
sjálfum
sagðist
stæði, a
sverðin,
sárt þet

Ha
kenni a
afsakanir
Granton
hann kom
bundið v
hafði re
þennan st

„Kæ
Gerald, er
hef hjálpa
sár um da

ingjan, en þetta hefði orðið, ef jeg hefði ekki hlaup-
ið á milli þeirra og verið heppnari en Romeo. Eða
vitið þjer ekki að svona sverð mundi fara í gegnum-
furu-planka.“

Bostock var óspar á afsökunum. Þær streymdu
út úr honum, og hann var ekki ómælskur—þó svip-
ur hans væri með öllu óbreyttur á meðan hann var að
tala, og andlit hans líktist all-mjög andliti á gamal-
dags gosbrunni, sem aldrei breytir útliti, hversu
mikið vatns-flóð sem streymir út af vörum þess.
Hann sagðist aldrei geta fyrirgefið sjálfum
sjálfum sjer þetta skeytingarleysi sitt; hann
sagðist ekki hafa neina hugmynd um hvernig á því
stæði, að slíkt sverð hefði verið þarna innan um hin
sverðin; hann sagðist vona að Gerald skildi, hve
sárt þetta tæki sig o. s. frv.

Handleggur Gerald's tók nú að styrðna og hann
kennið all-mikils sársauka í honum; hann tók þessar
afsakanir Bostocks góðar og gildar og fór ásamt
Granton inn í herbergið, sem þeir skiptu klæðum í;
hann kom brátt út þaðan aptur, og hafði Granton
bundið vasaklút snoturléga um sár hans; Granton
hafði reynt eins haudmjúkur og firgrafimur við
þennan starfa og hin handliprasta kona.

„Kæri drengurinn minn,“ sagði Granton við
Gerald, er var að hæla honum fyrir lipurð hans, „jeg
hef hjálpað til að binda um ýms ljót og fjandi vond
sár um dagana, hjer og hvar í heiminum.“ Hann

þagði ofur-litla stund og sagði svo: „hamingjan veit að jeg hef verið á all-mörgum einkennilegum stöðum og sjæð ýmislegt smá-kynlegt, en jeg held, að jeg hafi aldrei sjæð neitt mikið kynlegra en þetta atvik, að öllu samanlögðu.“

„Drottinn minn góður, þjer haldið þó ekki, að hann hafi gert það viljandi?“ spurði Gerald undrandi og Granton svaraði:

„Ó, auðvitað ekki—en það var kynlegt engu að síður. Jeg vildi ekki hafa þann mann fyrir skilminga-kennara, sem tapaði sjer þannig. Það er einn hlutur viss.“

Það er ekki ómögulegt, að Gerald hefði gengið með meiri ánægju inn á skoðanir Grantons, hefði ekki þetta litla slys, er Bostock var orsök í, beinlínis gert honum greiða. Þetta slys hafði nefnilega haft þá verkun á Fidelíu Locke, að hún varð framúrskarandi meðaumkunaröm, yndisleg og kvennlega blíð í umhyggju síni fyrir honum; og hún spurði hann svo opt og svo þýðlega hvernig honum líði, að Gerald fannst hann líkari særðum kappi, er kæmi heim af orustu-velli til ástmeyjar sinnar, heldur en heiðarlegum, ungum blaðamanni, er hafði af slysi verið rispaðar dálítið á handlegginn. Það vakti mjög þægilega tilfinning, að Fidelía Locke skyldi aumka hann og hafa áhyggju út af honum, og það er, ef til vill, ekki svo undarlegt, að Gerald skyldi ekki geta fengið af sjer að vera mjög reiður við hinn klaufalega skilminga-kennara.

ara, þ
gat.
hafði
og en
gefið
ig sly
aldrei
barn;
úlflið;
að hið
að ná
óafsak
grípa v
ná apt
hefði v
greip s
að af d
skilið e
Hi
eptir að
„D
eptir of
„Sl
Gerald.
„N
meina fy
í Rupert
látur fy

En hvað snerti hinn klaufalega skilminga-kennara, þá hafði hann haft sig burt eins fljótt og hann gat. A meðan Granton var að binda um sár Geralds, hafði hann dvalið eptir hjá lafði Scardale og Fideliiu og endurtekið fyrir þeim alla sína iðrunar-pulu og gefið þeim mikið sennilega skýringu um það, hvernig slysið lafði viljað til. Hann sagði, að vopn hefði aldrei áður verið slegið úr hendi sjer síðan hann var barn; að hinn ungi Mr. Asper hefði reglulegan járn-úlflið; að sverðið hefði þeytt svo langa leið í burtu að hið eina, sem hann hefði haft rænu á, hefði verið, að ná sjer aptur vopni í hönd; að þetta óviljandi og óafsakanlega brot hans móti síðvenjunni, nefnil. að grípa vopn úr sliðrunni í staðinn fyrir að bíða við og ná aptur sverðinu, sem hafði kastast svo langt í burtu, hefði verið orsök in í hinu ólánlega slysi, að hann greip sverð sem hnappurinn hefði, af tilviljun, brotnað af daginn áður, og sem alls ekki hefði átt að vera skilið eptir í skilmingasalnum.

Hinir tveir ungu menn urðu samferða spölkorn, eptir að þeir fóru frá lafði Scardale.

„Þjer komust fallega frá því,“ sagði Granton, eptir ofur-litla þögn.

„Skeynunni?—ó það er enginn hlutur,“ sagði Gerald.

„Nei—jeg meina ekki það,“ sagði hinn; „jeg meina fyrtsa samfundinn við Ratt Gundy, breyttann í Rupert Granton. Jæja—jeg er yður mikið þakk-látur fyrir, hvað þjer tókuð það stillilega. Hvað

hitt málefnið snertir—þá er eitthvað mjög undarlegt við það allt, sem jeg ekki skil.“

„Jeg sje ekkert sjerlega undarlegt við það,“ sagði Gerald.

„Ekki það? Hvaða náungi er þessi Bostock?“ sagði Granton.

„Allt, sem jeg veit um hann, er það, sem þjer sjáið,—og það, að hann kom fram sem vitni við rannsóknina útaf mórði veslings Chickering's,“ sagði Gerald.

„Já, en andlit hans ónáðar mig einhvern veginn; og þó ekki eiginlega andlitið heldur augum.“ Hvar hef jeg sjeð þau augu áður? Jeg held að jeg hafi ekki sjeð manninn fyr, en fyrir rannsóknar-rjettinum, en augu hans hafa áhrif á taugar mínar. Mjer finnst eins og jeg hafi sjeð þessi augu áður, en í öðru andliti. Þetta stöndur fyrir mjer eins og mynd—jeg er vanur að geyma endurminningar í huga mínum í myndum, sjáið þjer, og jeg sje augu Bostocks í andliti annars manns; jeg get að eins ekki komið hinu andlitinu fyrir mig eða munað, hvar jeg hef sjeð það.“ „Jæja, hvernig sem þessu víkur við, þá meg-ið þjer kalla mig aula ef það kemur ekki upp úr köfunum, að æfisaga þessa Bostocks sje eitthvað kynleg og að það, sem eptir er af henni, verði þó enn kynlegra.“

Aspen gat ekki skilið í þessu, svo hann bara hló að því og undraðist með sjálfum sjer yfir því, hvernig eins djarfur og veglyndur maður og Granton gæti

borið
bara f
skilmi

Á
manna,
sínu.
ár alla
höfund
sjeð ma
fólgið
ferðama
hún reu
og sand
gegnum
fljóti, er
fljótinu
og hina
Ilissus-ár
reyna a
einmitt
Karmides
og af ým
ur þetta

borið slíka forðóma í brjósti sínu gegn Bostock, bara fyrir það að Bostock hafði orðið honum ofjarl í skilminga-leik.

XIV. KAPÍTULI.

HÚSIÐ VIÐ ÁNA.

Ár eru óendanlegt gleðiefni hugum þeirra manna, sem hafa ofur-litinn snefil af skáldskap í eðli sínu. „Jeg hef elskað ár og skáld sem kváðu um ár alla æfi mína“ eru minnisstæðotð eptir mikinn rit-höfund einn, er ritaði í óbundnu máli, og sem hafði sjeð margar ár um dagana. Orðið „á“ hefur í sjer fólgið eithvert ósigrandi töfra-af, sem vekur í huga ferðamannsins myndir af hinni gulu Níl-á, þar sem hún reunnur „gegnum hið þögula, gamla Egyptaland og sanda þess eins og einhver dularfull hugsan gegnum draum“; myndir af hiau volduga Mississippi-fljóti, er breytir farveg sínum dags daglega, af Rín-fljótinu á Dýzkalandi, og Rone-fljótinu á Frakklandi og hina helgu Tiber-á; af hinum uppþornaða farveg Ilissus-ár, þar sem apenskar þvottakonur eru að reyna að ná í nægilegt vatn til að skola fót sín í, einmitt á sömu stöðvunum og Sókrates talaði við Karmides; af Dón-á og hinni grunnu Manzanares-á, og af ýmsum öðrum ám; en sem mest er í varið vekur þetta orð myndir í huga enskra ferðamanna af

þeirra eigin kæru Temps-á (Thames). Hið silfur-skæra nafn hennar leiðir fram í huga manns myndir af pílviðar-röðum meðfram skínandi blettum af vatni, er að eins trúfast af árablöðum þeirra, er um ána fara, af grænum völlum, er liggja niður að bakka hennar, af kvíslum, þar sem vatns-rottan horfir forviða á hraðfara, ljetta róðrabáta og mjúkskreiða flatbirðinga vaða inn í hið sefvaxna ríki sitt, af skemmtilegum sveita-gistihúsum, sem eru svo kær dorgurum, af skemmtigörðum, fullum af skrautbúnu fólki, og pollum, er mynpast af flóðgörðum, fullum af allskonar bátum og förum, af vatnsbunum og gufusnekkjum, sem eins og sjóskrámsli trúfla helgi hvíldar árguðsins.

En þótt slíkum yndislegum myndum af árlífinu bregði fyrir í huga þess, er minnist hinnar "blíðu Thames" þeirra Spencers og Collins, þá eru til aðrar myndir af ánni og árlífinu, sem síður eru líkur til, að hann minnist eða vilji minuast. Myndin af Thames-ánni við borgina miklu er ekki eins töfrandi. Þótt hin rómverski svipur á hinum upphlaðna bakka árinna setji einskonar fornaldarlegan tignarbrag á hann á köflum, þá samanstendur nágreinnið við ána mest af rykugum bryggjum, stöfnum af vörugymzlahúsum með mörgum gluggum á, lendingarstöðum fyrir gufuskip, skurða-myntum og plássum til, að lenda flatbotnuðum fluttungabátum á. Þar sem áin breiðkar, er nær Greenwich dregur, og fagnar hinum söltu kossu nafsins, þar á sjer stað eins-

konar
part f
auka f
voru k
hægt e
hinum
bakkan
einmitt
þar sem
er minn
er hún
innan u
bygging
hygli.

Byg
einskona
lengi ón
landi, á p
í árboti
sígíð dál
líkt og p
Pallurinn
um eitt
hefði ætl
hefði orð
renna sjer
unum, eða
Á kofanun
hinar á ba

konar sjóleg fegurð, sumpart verulegleiki, en sumpart smyndun, er gerir mikið að verkum í þá átt að auka fegurð árinna; en það eru til svæði meðfram voru kæra London fljóti, sem eru eins óelskuleg og hægt er að finna nokkursstaðar í veröldinni. Eitt af hinum allra-ljótustu svæðum meðfram allri ánni er á bakkanum hægra megin, hinumegin við Battersea, einmitt þar sem áin rennur inn í borgina, einmitt þar sem hún virðist hafa gersamlega sleppt öllu því er minnir á grænu engin og skógi vöxnu hæðirnar, er hún hefur runnið um. Á þessum eyðilega stað, innan um fúnandi bryggjur og hrörleg hús, stóð bygging nokkur, sem útheimtir vora sjerstöku athygli.

Bygging þessi hafði auðsjáanlega eitt sinn verið einskonar báta-kyli, en nú virtist það hafa verið lengi ónotað. Það stóð úti á ánni, nokkur fet frá landi, á palli, sem stóð á staurum, er reknir voru niður í árbotninn. Öðru megin höfðu sumir staurarnir sígið dálftið niður, svo allt húsið hallaðist dálftið, líkt og þegar hattur hallast á sætkenndum manni. Pallurinn, sem hús þetta stóð á, náði að eins um eitt fet útundan kofanum. Hver sá, sem hefði ætlað sjer að ganga í kring um kofann, hefði orðið að gera það með miklu lagi renna sjer á röð með faðminn útbreiddan mót veggjunum, eða eiga að öðrum kosti á hættu, að falla í ána. Á kofanum voru tvönnar dyr, aðrar á framstafni og hinar á bakstafninum, og einn gluggi var á þeirri

hliðinni er á móti straum vissi, og voru flestar rúðurnar í glugganum úr mórauðum þappfr. Frá kofa þessum lá bryggju-skrífi uppá árbakkann, klummalega sett saman úr plönkum. Við það horn kofans, er undan straum vissi, var festur afar-óhrein og sjerstaklega ógeðslegur skipsbátur. Blettur þessi, með öllum ópverranum og umhirduleysinu, er allstadar lýsti sjer, hafði eitthvert ískeygilegt, jafnvel þrælslegt útlit. Enginn vissi með fullri vissu, hver átti þenna kofa, enda hirti enginn um að grennslast eptir því. Menn sögðu, að húsa-eigandi nokkur, er var orðinn fjáður af leigum þeim, er hann fjekk eptir ýmsa kynlega leigu-bústadi, ætti kofann og hefði leigt hann manni nokkrum rauðskeggjuðum, er byggi þar að öðru hvoru, en sem engan mann þekkti og sem enginn maður þekkti eða virtist vilja kynnast. Þeir, sem bjuggu á árbakkanum, voru ekki forvitnir menn. Þeir höfðu nóg að gera að hugsa um sjálfa sig. Þeir höfðu lítinn tíma og litla þögn til að skipta sjer af högum annara manna.

Einn morgun var íbúi kofa þessa staddur í honum. Dyrnar, er að ánni vissu, voru opnar, og ofurlitinn, fölan bjarma lagði inn í hið sóðalega híbyli, sem var jafn hrörlegt innan sem utan. Húss ráðandi sat við dyrnar og sneri bakinu að veggnum, þannig, að hann gæti notið birtunnar sem bezt—því hann var að lesa—á þess að hann yrði sjæður að utan. Hann var rauðhærður og rauðskeggjuður; það síst ekki mikið af andliti hans milli rauða hársins og

rauða
kennil
eiga v

H
sem ha
bar þes
áður, og
innihald
efni þes
enda, þj
aptur ha
hygli ep
orð. Ep
lítið, bra
vasa sinn
snerist h
gætilega
en nú las
róm. Le
að uppfyl
leysa af h
líka að ge
„Í útl
opt við sjá
prestar da
um sjer. I
lega upphá
kunni hver
Brjefið

rauða skeggsins. En augun hans voru hvöss, ein-
kennileg augu, og þau virtust einhvern veginn ekki
eiga vel við rauða hárið.

Húsráðardinn virtist mikið niður sokkinn í það,
sem hann var að lesa. Hann var að lesa brjef, er
bar þess ljós merki, að það hafði verið lesið all-opt
áður, og þó virtist það, hve kunnugt manningum var
innihald þess, ekki draga neitt úr áhuganum fyrir
efni þess. Því strax og hann hafði lesið brjefið til
enda, byrjaði hann aptur á upphafinu, og las það
aptur hægt og gætilega, renndi augunum með at-
hygli eptir hverri línu og hljóp ekki yfir eitt einasta
orð. Eptir nokkra stund hristi hann sjálfan sig dá-
litið, braut brjefið saman og ætlaði að stinga því í
vasa sinn; en eptir fá augnablik var sem honum
snerist hugur, hann opnaði brjefið aptur, fletti því
gætilega í sundur og tók að lesa það einu sinni enn,
en nú las hann það upphátt, í lágum, jöfnum suðu-
róm. Lestur hans var líkastur því sem hann væri
að uppfylla einvern trúarbragðalegan starfa, eða að
leysa af hendi daglegt skylduverk, eins og hann var
líka að gera.

„Í útlöndum, þar sem jeg hef verið“, sagði hann
opt við sjálfan sig þegar hann sat í sama stað, „lesa
prestar daglega upphátt í bænabók sinni fyrir sjálf-
um sjer. Þetta er bænabókin mín, og jeg les dag-
lega upphátt í henni fyrir sjálfan mig, þótt jeg
kunni hvert orð í henni utan að.“

Brjefið var ekki mjög langt. Það byrjaði á

þessum orðum: „Jafet sonur minn“, og þegar hann las þessi orð, urðu undarlegu augun hans enn undarlegri.

„Jafet sonur minn, — þegar þú færð þetta brjef, mun jeg verða dauður fyrir nokkru. Deir ætla að hengja mig, — fjandinn hafi þá; þeir hafa orðið fyrri til en jeg, því jeg ætlaði mjer að sjá fyrir þeim, — og jeg hef líka sjöð fyrir sumum þeirra, lof sje—. Þú veizt, að mig langaði ætíð til að verða fínn „gentle“-maður einhvern tíma; og mig langaði til að þú yrðir líka „gentle“-maður, Jafet; og það skaltu líka verða, þó mjer ekki auðnist að lifa til að sjá það. Jeg hef áður sagt þjer frá litla demantafjelaginu okkar hjerna. Aðal-skiptin eiga að fara fram næsta nýjárstag, en jeg verð ekki við þau. Jeg mun þá hafa öðru að sinna—fjandinn sjálfur hafi þá. Jæja, nú, því færri sem eru til að skipta á milli, því meira fær hver og einn af hinum eptirlifandi í sinn hlut. Nokkrir þeirra eru nú þegar farnir inn í eilífðina—það stendur á sama hvernig þeir fóru þangað. Jeg bjóst ekki við, að jeg mundi fara til þeirra svo fljótt, en það var sjálfum mjer að kenna, að jeg gaf þeim tækifæri til að fella mig.

En það er ekki til neins að gráta yfir mjóðni, sem búið er að hella niður, nje heldur yfir blóði, sem hellt hefur verið niður. Litla spilið mitt er rjett á góða, Jafet, og nú byrjar þitt spil. Deir hafa unnið að vísu í þetta sian, Jafet; nú verður þú að vinna af þessum spili bráðum. Mundu eptir, að skiptin fara

fram á
unni f
á, meir
þú, þá
um rik
því. C
standu
mjer ein
þá læt
Chicker
verið þe
London
vel hugs
svo, að
hann ger
Hvað hin
ullinn h
sjálfur dj
fjandi gó
hann skau
Jæja
bil allt,
þending e
Þú verður
vinnur, þ
það er h
þeir allir b
minn í bö
við annan t

fram á nýjárs-dag. Sjerhver sá, sem dettur úr sögunni fyrir þann tíma, gerir sameignina, sem skiptast á, meiri. Ef þeir skyldu allir detta úr sögunni nema þú, þá ertu orðinn ríkur maður, Jafet—einn af hinum ríkustu mönnum í veröldinni. Hugsaðu eptir því. Og hugsaðu líka eptir því, að eptir hálfri stundu ætla þeir að hengja mig, og ef þú reynist mjer eins góður vinur eins og jeg hef reynst þjer, þá læturðu einhverja þeirra gjalda þess. Set Chickering ætla þráðum til London; hann hefur verið þeirra verstur mjer til handa frá því fyrsta. London er all-hættulegt leiksvið, Jafet, og það gæti vel hugsast, að Set yrði fyrir skakkafalli. Setjum svo, að þú lítir dálítið eptir honum og sæir um, að hann gerði engan óskunda; hvað segirðu um það? Hvað hina aðra snertir, þá veit jeg ekki, hvert djöfullinn hann Ratt Gundy hefur farið. Hann er sjálfur djöfull, það er hann, en hann gerði mjer fjandi góðan greiða, án þess að hann vissi af, þegar hann skaut heimsku hjartað burt úr honum Locke.

Jæja, Jafet, jeg býst við, að þetta sje hjerum-bil allt, sem jeg þarf að segja þjer. Ofur lítill fjending er alveg nóg fyrir mann eins og þú ert. Þú verður að spila fyrir mikinn vinning, og ef þú vinnur, þá getur þú haft heiminn í hendi þjer; það er hjerum bil það sem það þýðir. — Fari þeir allir bölváðir; ef jeg að eins hefði bissu-hólkinn minn í höndunum mína, þá skyldi jeg láta þá syngja við annan tón, þó þeir gali nú yfir að geta hengt.

mig. Mundu eptir því, Jafet, að þeir hengdu föður þinn—föður þinn, sem var þjer góður, og sem spilaði hátt og hættulegt spil þin vegna. Dú gerir sjálfum þjer mikið gagn og mjer með því, að fækka þeim dálftið; fækkaðu þeim þess vegna, og fari þeir allir bölvaðir, og þú og jeg líka—sem er einmitt það sem presturinn segir að verði endirinn á öllu saman.

Dinn elskandi faðir,

NÓI BLAND.“

Þegar maðurinn hafði lokið við að lesa brjefið upphátt, gaf hann af sjer hljóð, er meira líktist urri úr særðu dýri, en manns-rödd. Því næst braut hann brjefið saman gætilega, ljet það aptur í velkta umslagið, sem frímerki „Cape“-nylendunnar og pósthúss-mark borgarinnar „Cape“ var á, og ljet það svo í brjóstvasa sinn. Eptir það sat hann grafkyrr nokkur augnablik og starði á vegginn gagnvart sjer, eins og öll athygli hans væri rígbundin við hreifingar sólgeislans, er endurskein frá vatninu fyrir utan og dansaði á veggnum. En maðurinn var alls ekki að athuga sólgeislann—var ekki einu sinni að hugsa um hann. Hann var að hugsa um hinn einkennilega sorgarleik, sem átt hafði sjer stað í Suður-Afríku—um hin undarlegu dauðsföll, sem skeðu þar hvert á fætur öðru, um hengingu Nóa Blands án dóms og laga, um hatrið, blóðþorstann og gullþorstann, er gekk svo kynlega í erfðir. Hann var að hugsa um sitt eigið undarlega líf og þrjár þess; um hin bíræfna tálbrögð sín og syndir; um hina

enda
andi
sund
rodin
andi
hans-
en þr
legt c
Dað
verið
Nóa
um að
leysi.
eins og
sem op
um haf
sumum
þau vor
Hann s
andlit þ
fyrir ein
góðlátle
hári, an
fólva ny
fyrir hug
ánægjub
varir har
strax úr
dýrðlega

endalausá eltingaleik eptir peningum, hinn óslökkvandi þorsta eptir valdi. Það var eins og augu hans sundladi, svo honum virtist veggurinn annað veiðiróðinn blóði, en annað veiðir virtist hann hafa glóandi gulls-lit. Andlit frá líðinni tíð risu upp í huga hans—andlit Nóa Blands, grimmdarlegt, fráfælandi, en þrekmikið, andlit, sem bæði var metnaðargirnislegt og dýrslegt, andlit Napoleons gorilla-apanna. Það risu upp fleiri andlit—andlit manna er höfðu verið aðstodarmenn við hina mörgu og svörtu glæpi Nóa Blands; andlit manna, er höfðu orðið honum að bráð, hræðileg andlit, andlit, er lýstu vonleysi. Öll þessi andlit ruddust nú fram í huga hans, eins og þegar mikill mannfjöldi ryðst út um hásdýr, sem opnaðar hafa verið. Um sum af þessum andlitum hafði hann ekki hugsað hið minnsta í mörg ár; sumum hafði hann næri því gleymt; sumum — en þau voru færri — hafði hann óskað að geta gleymt. Hann sat þarna og virti fyrir sjer þessi hugsjónaandlit þangað til þau hurfu öll, eða viku úr vegi fyrir einu einasta andliti, hraustlegu, einfeldnislegu, góðlátlegu andliti, sem sett var í umgjörð af rauðu hári, andlit, sem eitt sinn hafði verið rjótt, en bar nú fólva nýdáins manns. Um leið og þetta andlit leið fyrir huga mannsins í kofanum, kom grimmdarlegt ánægjubros á varir hans, en jafnskjótt og það kom á varir hans, hvarf það aptur, því þetta andlit vjek strax úr vegi fyrir öðru andliti—andliti ungrar og dýrðlega fagurrar konu; og strax og honum datt.

það andlit í hug, spratt hann á fætur, gaf aptur af sjer sama dyrslega hljóðið, sló út handleggjunum og opnadi og kreisti saman hnefana, eins og hann ætlaði að gripa eitthvað, sem hann varla gæti náð til, en væri þó að reyna að draga niður til sín.

„Jeg skal vinna það líka“, tautaði hann við sjálfan sig; „það og alltsaman“. Hann hrísti sig eins og maður, sem er að hrísta af sjer svefn, sneri sjer við, gekk fram í dyrnar og stardí út á ána.

Hann bauð ekki af sjer góðan pokka, þar sem hann stóð þarna í skæru dagsbirtunni. Hver sá, er þá hefði farið fram hjá og sjed hann—hver sá, er hafði glöggst auga fyrir því, er vel átti við—mundi hafa komist að þeirri niðurstöðu, að þetta óskemmtilega nágreppi hefði óhlæst hæfilegan íbúa, þar sem þessi óviðfeldni náungi var. En enginn var þar á leið. Áin var hjerum bil umferðarlaus, nema hvað einstöku flutninga-kassar hreifðust lotilega eptir henni.

Maðurinn gekk gætilega eptir mjóa pall-prepinu, þar til hann kom að horninu þar sem skipsbáturinn lá bundinn. Hann steig í bátinn, löysti festina, er hann var bundinn með, tók árnar og ýtti frá landi. Hann sneri bátinum við og tók að róa andstreymis, hægt í fyrstu, en brátt urðu áratogin svo hröð og hann beitti slíku afli, að báturinn virtist nærri fljúga eptir ánni. Það var harður straumur á móti honum og þjettur mótvindur, en það virtist sem vindur og straumur væru honum ekki til fyrir-

sti
bá
mi
haf

har
nok
eins
hríð
lega
fram
hann
hlað
fram
en ne
ánni
hlað
niður

I
arnar
hægt
húsvé
vegg,
skein
hann.
Á
varir h
vinna e
er eins

stöðu, því hann hjelt jafnt og þjett áfram, knúði bátinu eptir ánni, og sýndi við hvert áratog svo mikla orku og fimleik, að hver háskóla-ræðari mundi hafa haft yndi af að horfa á hann.

Degar hann hafði róið vissa vegalengd, hægði hann skyndilega róðurinn, sneri bátnum við með nokkrum sterkum áratogum og tók svo að róa með eins miklum hraða undan straum. Hann reri um hríð án þess að stanza, og voru áratog hans aðdæmlega jöfn. Hann reri með sama jafna hraðanum fram hjá hinum ljótu, gömlu bryggjum, þangað til hann kom að Battersea-brúnni, þar sem hinn upphlaðni árbakki byrjar. Degar hann var komin fram hjá brúnni, voru áratog hans að vísu eins jöfn, en nokkuð hægri, og hann fór hægra niður eptir ánni þangað til hann kom að þeim parti hins upphlaðna árbakka, þar sem „Physic-garðurinn“ liggur niður að ánni.

Degar hjer var komið, tók hann skyndilega árnar inn og lét bátinn rugga sjer á ánni og berast hægt með straumnum, meðan hann horfði á rauðan húsvegg hægra megin við „Physic“ garðinn—rauðan vegg, er hann gat að eins grillt í, þar sem sólin skein á hann milli trjáanna, er virtust halda vörð um hann.

Á meðan hann horfði á þenna blett, bærðus varir hans og hann tautaði við sjálfan sig: „Að vinna eða tapa, að vinna eða tapa. Að vinna þetta er eins mikils virði og allt hitt. Enn að vinna þetta

og allt hitt—að vinna allt saman—það er hið mikla spili, sem jeg ætla að spila, það er spilið, sem jeg ætla að vinna.“

Hann þagði í nokkur augnablik og lofaði bátnum að berast hægt og hægt með hinum hæglaða straum. Þegar hann var kominn góðan spöl niður fyrir „Physio“-garðinn, og hann sá ekki lengur rauða vegginn, er hann var að hugsa um, greip hann aptur til árana, sneri bátnum við og rori hvíldarlaust og eins hratt og hann gat til baka til hrörlega kofans, er hann hafði kosið sjer fyrir bústað.

Hann batt bát sinn og fór inn í kofann. Þegar hann gekk inn, virtust gúmlu, fánu viðmír skjálfa, og þegar hann fleygði sjer niður í stól einn, nóttaði allur kofinn. Hann sat um stund þegjandi í þungum þönkum og því næst reis hann á fætur, gekk að litlum skáp í einu horninu, og tók þar litla flösku með dökkraudum vökva í. Hann bar flöskuna upp að birtuuni, horfði á hana og brosti ferlega. „Þetta er ekki beinlínis lyf sem gerir höndina styrka og hugann rólegan“, tautaði hann við sjálfan sig. „En mig langar í það í dag“.

Hann hellti nokkru af vökvanum í staup, hjelt á því í hendinni og hjelt áfram að tauta við sjálfan sig:

„Hjer eru völd, ást og auður, allir hlutir, sem menn sækjast eptir, vona eptir og berjast fyrir—fullkominn sigur, fullkomin hefnd—allt þetta er í töfrum þessara dökku dropa“. Hann ypti öxlu,

hló
og
hann
að sj
svo
sjer r
sat þ
dyrna
mynd
upp f

Fl
ina hen
ökunnu
Borrin
líka mi
Sumir
eins og
og hún
ekki óh
minnsta
leikum
vön að s
mælanle

hló kuldahlátur og tautaði svo: „Það er eins gott og veruleglegikinn á meðan það stendur“, sagði hann, og hann talaði eins og hann væri að skopast að sjálfum sje. „Hana þá; verði þjer gott af“, og svo tæmdi hann staupid. Því næst fleygði hann sjer niður á gólfid, hallaði sjer upp að veggnum og sat þar þegjandi, hreifingarlaus, starandi fram í dyrnar, og athugaði með hálfbrostnum augum myndir þær sem lysid, er hann hafði drukkið, vakti upp fyrir honum.

Arnafjotur B. Olson

XV. KAPÍTULI.

FIGURÐAR-JURTIN.

Flest af fólki því, er bjó í Chelsea, þekkti húðina hennar Mrs. Borringer í Queens-götu. Mörgum ókunnugum manni var sýnd húð hennar. Mrs. Borringer var all-merkileg kona. Hún vissi það líka mikið vel og hún var mikið ánægð með það. Sumir vinir hennar sögðu, að andlit hennar væri eins og á hrossi. Hún vissi vel, að þeir sögðu þetta, og hún vissi líka, að lýsingin var að vissu leyti alls ekki óheppileg. En hún kærði sig ekki hið allra minnsta um slíkt. „Hvað kemur það við hæfileg-leikum mínum til að reka atvinnu mína?“ var hún vön að spyrja. Og þessi röksemdafærsla var ótrú-mælanleg. Hvað kom það hæfilegleika Mrs. Borr-

inger við, til að reka vel iðn sína, hvort andlit hennar líktist að meira eður minna leyti hross-andliti?

Aðal-atvinna Mrs. Borringer var, að selja jurtir. Hún var grasfræðingur; hún hafði trú, já ofsatru, á því að með vökva og legi, er pressaður væri úr jurtum, mætti stórmikið lina þrautir mannkynsins, og til þess hafði hún sjálf jurta-búð í Queens-götu í Chelsea, næstum því beint á móti hliðinu, sem gengið var inn um að Chelsea-sjúkrahúsinu. Það var engin sjerstök ástæða fyrir því, að Mrs. Borringer hefði nokkra jurtabúð, hvorki jurtabúð nje búð af öðru tagi, en hún gerði það af sannfæringu, nokkuð á sama hátt og lafði Scardale hjelt menn-ingar-skólann.

„Lafði Scardale ber umhyggju fyrir andlegum þrifum fólks“, sagði Mrs. Borringer, „en jeg ber umhyggju fyrir líkamlegum þrifum þess; það er aðal mismunurinn á okkur“.

Eins og edlilegt var, voru þær lafði Scardale og Mrs. Borringer einkar góðar vinkonur. Lafði Scardale hefði staðið það gersamlega á sama, hvort Mrs. Borringer hefði fengist við verzlun alla æfi eða ekki, eða var komin af fólki, sem engan annan atvinnuveg hafði stundað en reka smá verzlanir. Lafði Scardale var sannarlega frjálslýnd bæði í hugsunarhætti og umgengni, og hún mundi með ánægju hafa umgengist og átt tal við reykháfa breinsunar-mann, ef hann að eins hefði haft eitthvað eptirtektarvert að segja eða hefði einhverja uppástungu fram að bera

viðvik
Mrs. I
virðist
lífssta
jurta,
hin be
að hún
gæti þ
hvatnin

Da
jurtasal
um fylg
stundar
ing við
fæðinga
kynnist
með því
anda sína
jurta nöf
almanaki
legri en s
irnin brú

Í búð
um bil öll
inu, þurru
í syrópi.
hverra dök
og haustið
stönglar af

viðvskjandi umbótum á húsum fátæklinganna. En Mrs. Borringer heyrði ekki til þeim flokki fólks, sem virðist vera fyrirfram ákvarðað til, að gera verzlun að lífsstarfi sínu. Hún hafði trú á lækninga-krafti jurta, og henni virtist, eptir nákvæma umhugsun, að hin bezta aðferð til að útbreiða þessa trú sína væri, að hún sjálf leigði sjer dálitla sölubúð, svo að hún gæti þannig með eptirdæmi sínu og persónulegri hvatningu stuðlað að notkun og sölu jurta.

Það er margur starfi til, sem er leiðinlegri en jurtasala. Jurtasala er mikið hreinlegur starfi, honum fylgir engin vosbúð, engin ólykt, og sá, er hann stundar, kemst mjög þægilega í nákvæma viðkyrning við hin dularfullu öfl náttúrunnar og endurfæðingar-kraft móður vorrar, jarðarinnar. Maður kynnist mörgum og þóknanlegum leyndardómum með því, að athuga jurtir; maður fyllir forðabúr anda síns með allskonar yndislegum og fáheyrðum jurta nöfnum—nöfnum, sem koma fyrir í Smala-almanakinu og sem eru þúsund sinnum skemmtilegri en staurlegu, latnesku nöfnin, er lærðu mennirnir brúka.

Í búð Mrs. Borringer voru til sýnishorn af hjerum bil öllum jurtum, sem til eru undir himinhvolfinu, þurrum, í bindum muldum í böggjum, geymdum í sýrópi. Þar voru þurkaðar „marsh-mallow“-rætur, hverra dökkrauðu krónublöð minna á ágúst-mánuð og haustið í seltu-flóunum. Þar voru hinir úfnu-stönglar af „garden sage“, og trúði Mrs. Borringer

eins óbifanlega á lækninga-kraft þeirrar jurtar eins og Kínverjar gera. Þar voru til gnægðir af „acrid rues“, sem Mithriades áleit að hefði í sjer kraft til að verka gegn eitri, og eru lærðir læknar á sömu skoðun og þessi konungur í Pontus var, er fara þar villir vegar.

Þar voru jurtir með eins kynlegum nöfnum og t. d. Salomons-insigli, meyjjar-skemma og Kristspálmi; þar var „masterwort“ með ilmandi lykt og beiskan smekk—„masterwort“, sem í gamla daga var kunnugt undir nafninu „hið guðdómlega lækni-lyf“, sökum þess hve ágætt það þótti. Þar var „heilagur pistill“, sem þeir, er höfðu trú á honum, í gamla daga nefndu „Benedictus“, sökum hinna ímynduðu, undraverðu eiginlegleika hans.

Þarna í sölubúð Mrs. Borringer vöktu lauf hins göfuga lárviðar engar endurminningar um Apollo, heldur voru að eins skoðuð sem efni til að búa til lárviðarblaða-te úr. Þar voru til blóm af „frúar-kirtli“, sem einnig er kallað „cuckoo“-blóm, og blöð af „ground-ivy“, sem seyðid af er ágætt til margra hluta; og þurkað „pimento“-fræ og þurkað „hemlock“-blöð, sem geymd eru í myrkri, þurkaðar rætur af jóla-rós, eða hinu svarta „hellebore“, þurkað blöð af hinum banvæna „foxglove“ og af hinum óskaðvænni frænda hans, „hedge hyssop“.

Sölubúð Mrs. Borringers var einskonar samandregin veröld fyrir þann, sem vildi kynna sjer jurtafræði. Hann gat ferðast frá einni hyllunni til ann-

arar ap
indann

Þ

dags s

Borrin

minnst

getað á

miðri ö

átt heim

innar á

algerða

blæ á

inger va

Romeo k

tækifæri

í ágætri

sem minn

vill verið

milli þu

jörðinni,

lítið þess

þær á skó

id, er þær

hjálpa til

dularfullu

Fyrir

hátt, því þ

prýða—al

leyndardó

arar aptur að him allra fyrsta morgunbjarma vísindanna.

Dað var hreint kraptaverk, hve mikill gamaldags snyrti-blær var yfir litlu búðinni hennar Mrs. Borringer í Queens-götu. Hún lftist ekki hið minnsta búðum þeim er nú tðkast. Búðin hefði vel getað átt heima í einhverjum smábæ úti á landi á miðri öldinni sem leið; hún hefði næstum því getað átt heima í bogagöngum einhverrar miðaldar-borgarinnar á Ítaliu—nema ef til vill að því leyti, að hin algerða og næstum því fina snyrti sló einkar enskum blæ á gamaldags útlitið herrar. Búð Mrs. Borringer var alls ekki lík lyfjabúð þeirri, er hinn ungi Romeo kom í við eitt eptirmiunilegt og sorglegt tækifæri. Búðin var aðdánlega hrein og allt var í ágætri reglu. Að utan var hún máluð ljósgæn, sem minnti á byrjuu vorsins—og hafði sá litur ef til vill verið valinn til að gera skarpari mismunian milli purkuðu jurtanna og hina grænu jurta á jörðinni, og að nokkru leyti til þess að hugga ofurlítið þessar veslings þurru jurtir með því, að minna þær á skóglendið, engjarnar, heiðarnar og hálendið, er þær höfðu verið hrifnar burt frá, til þess að hjálpa til að lækna hið þjáða mannkyn með hinni dularfullu efna-blöndun, sem af náttúrunni er í þeim.

Fyrir innan gluggana var raðað—á skrautlegan hátt, því það var auðsjeð að áherzla var lögð á að prýða—all-miklu af purkuðum jurtum, bindum af leyodardómslegum kvistum,skrælnuðum blómlauk og

visnum grösnum, og virtist allt þetta einskis vert illgresi í augum þeirra, er skorti þekking á slíkum hlutum. En í augum Mrs. Borringer og þeirra, er vft höfðu á hinni undraverðu sprótt hennar, hafði safn þetta í sjer fölgna djúpa þýðingu og einskona huggun.

Litla búðin var full af skápum, hyllum og lílum skúffum. Þar var og snoturt, lítið búðarborð, er ætíð var al-pakið af böggjum með fræi í og sýnis-hornum af þurkuðum jurtum, kryddjurtum með sterkum ilm, ilmsætum jurtum, stórum hrúgum af blóðbergi, „rue“ og „rosemary“. Búðin var hin einkennilegasta búð, sem maður gat komið inn í, því andrúms-loptið var mjög undarlegt, hálf ilmsætt, hreif á mann og maður fjekk hálfgerða vímu af því. Það var eins og maður kæmi inn í einhverja grafhvelving—austræna grafhvelving, þar sem væri smurður líkami af einum af Faraðunum, gegnumsósaður af hinum sterkustu kryddjurtum og biði eptir að Osiris kallaði hann fram úr fylgsnum grafarinnar; og þó var eitthvað balsamkennt við þetta andrúms lopt, eitthvað styrkjandi og hressandi, líkt og hin hægi vindblær, er leikur hægt meðal furutrjáanna í landi hinna keilumynduðu hæða. Í þessu blandaða andrúms-lopti voru ilmsæt efni frá jurtum, er ekki spretta í neinum jurtagarði á Englandi, af lyfjagrösnum, sem ekki vaxa á neinu hálendi á Englandi.

Lærður grasafraeðingur mundi brátt hafa getið sjer það til af lyktinni, sem menn hefðu getað kom-

ist að ra
hyllunum
margar a
ar, hefðu
skóglend
sólarinnar

Hver
isins og M
grein fyrir
Það var al
Mr. Borrin
sína og hj
Surrey-þor
Ekki þeim
inn fyrir m
blundi í ky
var að pakk
Borringer,
grendinni
hanu, manni
Mrs. Bo
lífsleið sinn
verið við ás
nefnda er all
Að vera
um stöðu sin
frjálsari og v
þess, er heim
landi. En við

ist að raun um með því að skoða það, sem var á sumum
hyllunum og í sumum skúfunum, það nefnilega, að
margar af þurkuðu jurtnum, er nú lágu þar litlaus-
ar, hefðu fullproskast í hinum vaxtarsælu, dimmu
skóglendum í hitabeltinu, eða undir áhrifum hita
sólarrinnar í nálægt miðjarðarlínunni.

Hverjum þeim, er þekkti eitthvað til hitabelt-
isins og Mrs. Borringer, var auðvelt að gera sjer
grein fyrir, hvernig stóð á þessum hitabeltis-jurtum.
Það var allt að þakka Mr. Borringer. Ekki þeim
Mr. Borringer, er hafði gefið Mrs. Borringer hönd
sína og hjarta fyrir mörgum árum, í hinu rólega
Surrey-þorpi, sem var sæðingar-staður þeirra beggja.
Ekki þeim Mr. Borringer, er nú var dauður og graf-
inn fyrir mörgum árum, og svað nú hinum síðasta
blundi í kyrreláta kirkjugarðinum í Chelsea. Það
var að þakka bróður hans, sjómannium—skipstjóra
Borringer, eins og hinir gamaldags vinir hans í
grenndinni við Godalming og Guildford kölluðu
hann, manning, sem stöðugt var í siglingum.

Mrs. Borringer hafði komist í ásta-æfintýri á
lífsleið sinni; og skipstjóri Borringer hafði líka
verið við ásta-æfintýri ridinn á æfinni. Hið síðar
nefnda er alls ekki undravert.

Að vera sjómaður er hið sama og að vera, söku-
um stöðu sinnar, við ásta-æfintýri ridinn. Þeir eru
frjálsari og veröld þeirra er víðáttumeiri en fólk
þess, er heima situr, og sífellt kúrir í rámi sínu á
landi. En við Mrs. Borringer, er seldi jurtir í smá-

búð í Queens-götu — við hana sýndist ekki í fyrstu vera neitt það, er benti á ásta-æfintýri.

En hún hafði samt sem áður haft ásta-æfintýri, og það alls ekki ómerkilegt. Einum mannsaldri áður hafði hún heitið Súsanna Gamell, og var þá mjög blómleg, prýstin, einkar-lagleg, tvítug mærdóttir efnads bónda, sem næstum mátti segja um að væri „gentleman“-bóndi í hinu frjósama, skemmtilega Surrey-hjerði, er liggur neðan undir svonefndum Svínskrygg. Ábylisjörð hans var að eins eina eða tvær mílur frá Góðalming, fast við Bugðuveg. Það getur verið, að búskapur hafi borgað sig betur þá en nú; og víst er það, að hann auðgaði Gamell bónda, því hann átti nóg þeninga á banka, og nóg þeninga til að eyða uppá dóttur sína, sem var einkabarn hans.

Mr. Gamell var ekkjumadur, og hann unni Súsönnu eins innilega og ástríkur faðir getur unnað einkabarni sínu. Enginn hlutur var of góður handa henni, og þannig stóð á því, að Súsanna fjekk miklu betri uppræðingu en dætur jafnvel ríkra stórbænda fengu fyrir þrjátíu árum síðan. En Gamell bóndi var maður hamingjusamur. Bændum þeim, er þjuggu í grennd við hann, ljét ekki búskapurinn eins vel, og meðal þeirra var Borringer bóndi. Bújörð hans bar sig að eins þannig, að hún fæddi og klæddi eigendur sína; en það var líka allt og sumt; og fjölskyldu Borringer's var öðruvísi verið en fjölskyldu Gamell's, því kona Borringer's var á lífi,

hraust
syni.

Da
Annar
það bád
og sem
urðu bád
Gamell
ástfangi
þessir t
hæglátu
og seinn
hugsaði
lærði har
ólkur ho
vel dálfti
fræknasti
í öllum s

Það
hefði fren
en hinum
sjálfstæð
Borringer
lega hátt,
legri örvæ
Það v
sjer fram á
og skýrði
vita, sjer til
ar trúlofuð

hraust og heilsugóð og Borringer bóndi átti tvo syni.

Þessir tveir synir voru þá báðir ungir menn. Annar var nítján ára' en hinn tuttugu; og þeir gerðu það báðir, sem forlöggin höfðu ætlað þeim að gera, og sem vissulega var skylda þeirra að gera—þeir urðu báðir ástfangnir af Súsunu Gamell. Súsanna Gamell gerði einnig skyldu sína með því, að verða ástfangin af öðrum bróðurnum. Þeir voru ólskir, þessir tveir bræður. Andrew, eldri bróðirinn, var hæglatúr, staðfastur og áreiðanlegur, seinn að læra og seinn að hugsa; en það, sem hann hugsaði, það hugsaði hann vandlega, og það, sem hann lærði, það lærði hann vel. Hiram, yngri bróðirinn, var mjög ólskur honum. Hann var fjörugur sveitapiltur, jafnvel dálftið óstýrilátur; hann var fríður sýnum, hinn fræknasti við allar sveita-skemmtanir, og mesta hetja í öllum sveita-veizlum.

Það hefði verið mikið edlilegt, þótt ung stúlka hefði fremur orðið ástfangin af hinum iðjulausa pilti, en hinum starfsama bróður hans; en Súsanna var sjálfstæð þegar í æsku, svo hún fjekk ást á Andrew Borringer, og var hann ánægður yfir því á sían stillilega hátt, en það olli Hiram biturri og mjög verulegri órvænting.

Það var síðla eitt sumarkveld, að Hiram hallaði sjer fram á girding nokkra, er lá að bújörð Gamell's, og skýrði Súsunu frá ást sinni á henni og fjekk að vita, sjer til undrunar og hryggðar, að hún væri þegar trúlofuð Andrew bróður hans.

„Get jeg på enga von gert mjer?“ spurði hann utan við sig af sorg.

„Enga“, svaraði hún.

Svo kvaddi hann hana mjög þhyggjufullur og hryggur.

„Jeg mun ekki sjá yður aptur,“ sagði hann, „að minnsta kosti ekki fyrst um sinn. Hjer get jeg ekki unað mjer eptir þetta, svo jeg ætla að leita hamingjunnar annarsstaðar í veröldinni.“

Hann þrýsti hönd hennar innlega, hljóp burt eptir stígnum, er lá um akrana og engin sem þau höfðu einmitt farið um, og hvarf á bakvið víðarrunna einn. Hún sá hann ekki aptur fyrr en eptir fimmtán ár.

Hiram átti dálítið af peningum, nokkur pund sterling, og hann og þau hurfu burt saman. Hann skildi eptir brjef til bróður síns og sagði honum í því, að hann væri orðinn leiður á að vera á Englandi og ætlaði að reyna hamingju sína í útlöndum. Andrew andvarpaði yfir þessari ferðalangs-náttúru bróður síns, og þegar hann sagði Súsönnu frá þessu, hristi hann höfuðið og undraðist yfir, hvaða ástæðu hann gæti haft til að fara. Súsanna ljest einnig undrast, og virtist ekki geta gefið neinar skýringar í málinu.

Eptir að Andrew hafði látið Súsöngu ást sína í ljósi og hún heitið honum eiginorði, endurtók hann bóndið formlega við Gamell bónda, sem neitaði honum formlega og mjög ótvíræðlega um dóttur

síns. G
þegar ha
armál sr
Súsanna
öðru í lífi
Til a
al lyndis-
að biða“,
og svo b
ráðahags v
augum Ga
um kurteis
ur, þá var
Andrew án
ára; en hún
Dannig
fundust stö
hvert öðru l
sínum með
fornaldarleg
að biða án
Gamell bóndi
eptir eiupyki
hafði svo len
hugi hennar
legan hátt; e
bóndi og var
eins og Andr
hún væri— v
hæfilega leng

sins. Gameli gamli gat verið eins þrjár og mýlasni, þegar hann vildi það viðhafa, og hvað þessi hjúskaparmál snerti, þá virtist hann alveg ósveigjanlegur. Súsanna tók þessari neitan föður síns, eins og öllu öðru í lífinu, með stillingu.

Til allrar hamingju var stilling einnig eitt af aðal lyndis-einkunnum eiskhuga hennar. „Við verðum að biða“, sagði Súsanna; Andrew var á sama máli, og svo biðu þau. Fleiri biðlar komu og leituðu ráðahags við Súsönnu, biðlar, er fundu náð fyrir augum Gamell's gamla; en Súsanna vísaði þeim öllum kurteislega á bug. Væri faðir hennar einþykktur, þá var hún það líka. Hún vildi ekki giptast Andrew án samþykkis föður síns, þótt hún væri 25 ára; en hún vildi heldur ekki eiga neinn annan.

Dannig gekk þetta til í 5 ár. Hún og Andrew fundust stöku sinnum, en ekki mjög oft. Þau unnu hvert öðru hugástum; þau gegndu bæði störfum sínum með polinmæði, er hafði við sig einskonar fornaldarlegan háttíðlegleik. Þau kunnu að biða, og að biða án möglunar. Fimm árum seinna syktist Gamell bóndi, og þar með hann var sjúkur sá hann óþeir eiþykktu sinni og gaf samþykki það, er hann hafði svo lengi neitað um. Bæði Súsanna og elskhugi hennar fögnuðu yfir hamingju sinni á sæmilegan hátt; en áður en þau gátu giptzt, dó Gamell bóndi og var grafinn, og Súsanna var ósveigjanleg— eins og Andrew bæði bjóst við og óskaði óþeir að hún væri— viðvíkjandi því að syrgja föður sinn hæfilega lengi.

Í heilt ár voru þau hjerum bil jafn fjarlæg hvørt öðru og áður; hann var húsbóndi á litlu jörðinni sinni, og hún húsmóðir á stóru bújörðinni sinni. En árið endaði, og með því endaði líka hin polimóða bið þessara eptirdæmisverðn elskenda.

Þau voru gefin saman í kirkjunni í Godalming, og hófuð Raven-ættarinnar var svaramaður brúðarinnar, og Andrew flutti sig af litlu jörðinni sinni yfir á stóru bújörðina, til að verða þar húsbóndi. Hann var húsbóndi að meira en nafninu; en hann rjædist aldrei í nokkurn hlut án þess að ráðfæra sig við konu sína, og hann breytti aldrei á móti ráðum hennar nema einu sinni, þegar hann reið á eptir veiðihundum á hesti, er hún ekki treysti vel, og hesturinn datt, þegar hann var að stökkva yfir girðingu eina, og hann fjell af baki.

Hann náði sjer aldrei aptur eptir þá byltu, og hann dó, svo Súsanna varð ekkja með unga dóttur, er hjet Lydia, tíu árum eptir að þau giptust í Godalming kirkjunni. Ekkjan syrgði hann einlæglega, en hún bar harum sinn í hljóði, annaðist litlu dóttur sína með mestu umhyggju og stjórnaði búinu svo vel, að enginn af hjáum hennar saknaði bústjórnar Andrew's Boringer.

Fimmtán mánuðum eptir dauða Andrew's kom maður að garðshlíðinu og leit inn í garðinn. Hann var svo sólbrunninn, að hann var rauðbrúnn að lit. Í hrokkins, svarta háriu og skeggiu hans sáuust nokkur grá hár; augun voru mjög skær, og á stóru, veður-

teknu h
Borringer
jartum, k
„Gott kv
sama svo
kveldið g
inn og sa
Hann
í öllum he
konar stór
honum höf
gull í Aus
Burmah og
ættið elskuð
þegar hann
num, mílu
til þess að s
Þegar k
sinni, var ha
usta bæði í f
unarflotanum
ur-Ameríku,
fram. Sína
je og hann l
at keypt sje
era skyldi.
n hann var o
illskonar eign
ann væri nóg

teknu handarbökunum voru „tattoo“-myndir. Mrs. Borringer, sem sat í glugganum og var að hæggræða jurtum, kinkaði vingjarnlega kolli til hans og sagði: „Gott kveld, Hiram“, rjett eins og hún hafði sagt hið sama svo mörgum sinnum áður en hann hvarf um kveldið góða bakvið víðarrunuana. Og Hiram kom inn og sagði henni sögu sína.

Hann hafði verið sjómaður; hann hafði verið í öllum heimsálfunum; hann hafði fengist við allskonar störf, sem voru heidarleg en áreymslumikil, og honum höfðu heppnast þau vel. Hann hafði fundið gull í Australíu, silfur í Bella Nevada, roðsteina í Burmah og demanta í Cape-nylendunni. Hann hafði ætíð elskað sjóinn frá því hann var lítill drengur, þegar hann var vanur að röita eptir Portsmouth-vegnum, mflu eptir mflu, án þess að kenna þreymi, bara til þess að sjá stóru skipin og hið mikla, gráa vatn.

Þegar hann strauk burt frá Englandi og sorgsinni, var hann orðinn of gamall til að ganga í þjónustu bæði í konunglega herskipaflotanum og verzlunarflotanum. En hann vann fyrir fari sínu til Suður-Ameríku, og honum tókst að komast þar vel áfram. Smátt og smátt græddist honum nægilegt fjá og hann lærði svo mikið í sjómennsku, að hann gat keypt sjer skip og kúnni að sigla því hvert sem vera skyldi. Nú var hann að eins fertugur að aldri, en hann var orðinn ríkur á sinn hátt og hann átti allskonar eignir í öllum heimsálfunum. En þótt hann væri nógu ríkur til að búa í Park Lane, ef hon-

um svo syndist, þótt hann ætti fje á vöxtum í 6 bönkum, og í hverjum þeirra svo mikið, að það hefði mátt kallast þægilegur auður, þá sá maður æfinlega hvað hann var, og það sem hann vildi vera—skipstjóri. „Jeg er kaupmaður,“ var hann vanur að segja, og hann var hreykinn af því.

En sannleikurinn var, að hann var meira en blátt áfram kaupmaður. Hann var könnunarmaður, bæði á sjó og landi, og hafði gert sig frægan í leiðangri norður í íshaf, er hann fór á eigin kostnað, og hafði áunnit sjer mikið álit meðal ferðalanga veraldarinnar og verið kosinn meðlimur ferðamanna-klúbbsins. Hann hafði verið í Kína, og verið á ferð þar langt inni í landinu, þegar hann frjetti lát bróður síns. En fregnin var hálfis árs gömul þegar hann fjekk hana. Hann lagði af stað heimleidis eins fljótt og hann gat. En það er ekki eins hægt að komast burt úr hjeruðunum þar inni í landinu, á hvaða augnabliki sem maður vill, eins og er að komast til baka t. d. frá París til London. Rætingjar töfðu hann, sóttveiki tafði hann, óreiðanlegir vegvisar töfðu hann. Það tók hann því langan tíma að komast burt úr Kína, og svo þekk langur tími í að komast heim þaðan, svo Mrs. Barringer var búin að vera ekkja í 15 mánuði, þegar Hiram kom að garðhliðinu hennar.

Tilgangur Hiram með að koma heim, var ekki margbrottinn. Hann sagði Mrs. Barringer, að hann elskaði hana enn þá, og að ef hún álitu það ekki rangt, þá vildi hann feginn eiga hana. Hann bentu henni á,

að
En
vel
„en
jeg
skyn
hæfir

hátt,
sjer
eptirs
ekki a
marga
komist
að Lyc
hún he
ára—o
alming,
til New
svo kva
Ski
andi lífi
sigldi þv
verðra st
lenti í L
dóttir he
hægt var
lafði Scar
óskaði ept

að slík hjónabönd væru all-tíð í ýmsum löndum. En Mrs. Borringer gazt ekki að því. „Það getur vel verið, að það tíðkist í öðrum löndum“ sagði hún, „en það er ekki síður hjer, og þótt svo væri, þá vildi jeg það samt ekki“, og var skipstjóri Borringer svo skynsamur, að skoða þessa nokkuð sundurlausu stað-hæfing sem endilegan úrskurð.

Því næst komst hann eptir því, á mikið finan hátt, hvort hún þarfnæðist nokkurs og fjekk að vita sjer til ánægju sem þó var blönduð dálitilli eptirsjá, að hún hafði nóg af öllu og að hann þurfti ekki að hjálpa henni í neinu. En hann gaf henni marga sjaldsjena og dýrmæta hluti, er hann hafði komist yfir á könnunarferðum sínum; hann sagði, að Lydia litla væri eptir mynd móðursinnar, eins og hún hefði verið á hennar aldri—Lydia var þá 10 ára—og loksins, eptir tveggja mánaða dvöl í God- alming, lýsti hann yfir því, að nú yrði hann að fara til New Guinea til þjóðfræðilegra rannsókna. Og svo kvaddi hann og fór sína leið.

Skipstjóri Borringer hjelt áfram hinu umflakk- andi lífi sínu, og fór aptur út á haf á skipi sínu og sigldi því um höfn, til allskonar fjarlæggra og undra- verðra staða; Mrs. Borringer hjelt líka sína leið, og lenti í London. Hún var staðráðin í því, að Lydia dóttir hennar skyldi fá hiua beztu menntun, sem hægt var að fá handa henni, og menningarskóli lafði Scardale's virtist hafa allt það að bjóða, er hún óskaði eptir í þá átt. Lafði Scardale hafði heyr-

getið um Mrs. Borringer, þegar hún eitt sinn stóð lítið eitt við í Holm-raven, og leitaði hana uppi, eins og hún ætíð var vön að gera þegar hún heyrði getið um fólk, sem að einhverju var einkennilegt fólk, með kraptmikilli lund.

Þeim fjell þegar vel hvorri við aðra. Laði Scardale skyrði henni frá skóla-hugmynd sinni, og Mrs. Borringer lofaði hugmyndina. Af þessu leiddi, að þegar menningarskólinn var reglulega byrjaður, þá ákvað Mrs. Borringer að Lyða skyldi verða ein af námsmeyjunum. Hún leigði jörð sína áreiðulegum manni, og eptir að hafa þannig fengið tryggingu fyrir háu og reglulega greiddu afgjaldi, lagði hún London undir sig. En það var ekki eptir skapi Mrs. Borringer að sitja aðgerðalaus, jafnvel í London—og þannig stóð á litlu búðinni. Frá fyrstu æsku hafði hún haft yndi af, að athuga jurtir og lyfjagrös og kynna sjer eiginlegleika þeirra, og nú ásetti hún sjer, að nota þekkingu sína á þeim til einhvers gagns. Litla búðin á Queens-götu var til leigu: Mrs. Borringer leigði húsið eins og það var, bjó með dóttur sinni uppi á loptinu, og breytti neðri partinum í jurtasölu-búð. Gómul kona ein, Elizabet að nafni, er verið hafði hjá henni úti á bújörðinni, og sem hafði svipaðan smekk og vissi margt hið sama um jurtir og húsmóðir hennar, var í búðinni undir umsjón Mrs. Borringer, en Lydia gekk á menntaskólann. Þær voru allar mjög ánægðar með lífið.

men
þang
það,
honur
Dað v
maður
ur inn
að han
glöggt
Ópreyj
Au
beinlín
Hann v
Dað, að
sinum e
þvi, að
götvaði

sinn stóð
uppi, eins
yrði getið
fólk, með

ra. Laði
sinni, og
ssu leiddi,
byrjaður,
verða ein
a áreiðau-
rið trygg-
ldi, lagði
ptir skapi
l í Lond-
rá fyrstu
jurtir og
ra, og nú
á þeim til
tu var til
g það var,
eytti neðri
, Elizabet
újörðinni,
margt hið
búðinni
a gekk á
ánægðar

XVI. KAPÍTULI.

NÝ LEYNDARMÁL.

Tíminn leið áfram, og Gerald var tíður gestur á menningar-skólanum, en þó kom Rupert Granton þangað enn optar. Gerald var farinn að uppgötva það, sem margur maður hafði uppgötvað á undan honum, að auður er engin trygging fyrir hugarró. Það var enginn vafi á, að Gerald Aspen var ríkur maður—að minnsta kosti stóð hann til að verða ríkur innan fárra mánaða; en það var líka enginn vafi á að hann var ekki rólegur. Þvert á móti fann hann glögg, að hann var dag frá degi að verða órólegri, óþreyjusamari og bráðlyndari.

Auðurinn, er hann átti í vændum, var samt ekki beinlínis orsök til þessarar skapbreytingar hans. Hann var aðeins óbeinlínis orsök til breytingarinnar. Það, að hann hafði tilhneigingu til að mögla yfir auð sínum eins og nokkurskonar nýr Timon, kom til af því, að erfðafjeð hafði verið orsök í að hann uppgötvaði í fyrsta sinn, að til væri á hinum byggilega

hluta hnattarins ung mæð ein, er hjett Fidelia. Satt að segja var Gerald Aspen farinn að verða þess var, að hugur hans dvaldi dag frá degi meir og meir við mynd Fidelfu Locke. Það var líka yndisleg mynd að hugsa um, og að því leyti hafði Aspen að minnsta kosti enga ástæðu til að kveina eða kveljast.

En því meir sem Gerald hugsaði um Fidelfu, því betur sannfærðist hann um, að það væri mjög heimskulegt að láta það eptir sjer, að hugsa svona stöðugt um hana; og því betur sem hann sannfærðist um heimsku sína, því kappsamlegar hjelt hann áfram í henni. Hann viðurkenndi hispurslaust fyrir sjálfum sjer, að því optar sem hann sæi Fidelfu, því meir þráði hann að sjá hana; að því meir sem hann hugsaði um hana, þess innðælli virtist sú umhugsan verða, og mynd hennar því yndislegri. „Það er enginn vafi á því,“ sagði hann einn góðan veðurdag við sjálfan sig, þar sem hann gekk hægt eptir veginum er lá heim til hfbýla lafði Scardale's, eptir vegi, sem fætur hans voru orðnir undra kunnugir—, það er enginn vafi á því, að jeg er ástfanginn af Fidelfu Locke. Og það er heldur enginn vafi á því, að jeg mætti alveg eins vel vera ástfanginn af tunglinu upp á það, hvað jeg hefði upp úr því.“

Ályktan Gerald Aspen var röng. Það gerir ætíð hverjum manni gott, að vera ástfanginn af góðri stúlkun, hvert sem hún endurgeldur ást hans eður ekki. En viðvíkjandi snum eigin tilfinningum var hann ekki fjarri hinu sanna. Hann hafði upp á síð.

kast
hana
fegu
hjelt
rjett
til se
teng
fram
í því,
I
Gerald
upp á
lega á
hans.
hann v
um að
væri að
G
sjer, að
ton— h
Gerald
fjarlæg
neitað,
ingskap
vilja ha
ust vera
yfir að fi
til annar
Vesl

kastið sjeð Fidelfu all-opt og því optar sem hann sá hana, því gersamlegar ljét hann sigrast af yndisleik-
fegurðar hennar og hinum styrka anda hennar. „Já,“
hjelt Gerald áfram í huga sínum, „Granton hefur
rjett að mæla. Dað hefur aldrei verið þvílík stúlka
til sem Fidelfa,“ og um leið og honum datt nafn
tengdabróður lafði Scardale's í hug, sortnaði hann í
framan, því hann hafði einmitt snert meginstrenginn
í því, er olli óróleik hans.

Dað var ekki svo mjög hin óendurgoldja ást.
Gerals & Fidelfu Locke, sem olli honum ábyggju
upp á síðkastið; það var miklu fremur hin augsyni-
lega ást Rupert Granton & Fidelfu, sem olli óróleik
hans. Rupert Granton dró engar dulur á það, hvað
hann var hrifinn af Fidelfu og—það sem meira var—
um að gera í þessu efni—það virtist sem Fidelfu
væri aðdáun Grantons mjög geðfeld.

Gerald gat ómögulega dulið það fyrir sjálfum
sjer, að Ratt Gundy—eða öllu heldur Rupert Gran-
ton—hafði náð hylli Fidelfu undrunarlega vel.
Gerald hafði gert allt, sem hann gat, til þess, að
fjarlægja þau hvert öðru; hann hafði blátt áfram
neitað, að eiga nokkurn þátt í því, að glæða kunn-
ingskap þeirra; og nú var svo komið, þvert á móti
vilja hans, að Rupert Granton og Fidelfa Locke virt-
ust vera beztu vinir, er ætíð virtust innilega glöð
yfir að finnast, og virtust ætíð bera fullt traust hvort
til annars.

Veslings Gerald! Dað má segja það honum til

lofa, að þótt það stæði í valdi hans að eyðileggja þetta vinfengi þeirra hvenær sem hann vildi, með því að segja Fideltu hvaða maður tengdabróðir lafði Scardale's var—með því að eins að segja: „Rupert Granton er Ratt Gundy, og Ratt Gundy er maðurinn, sem drap föður yðar samkvæmt hans eigin játning við mig“—þótt það stæði í valdi hans að gera þetta á hvaða angnablíki sem var og eyðileggja þannig á svipstundu allar vonir þess manns, er hann áleit hættulegan samhiðil sinn, þá datt honum aldrei af neinni alvöru í hug, að svíkja Ratt Gundy þannig í tryggðum. Honum sárnaði, sú hugsun, að Rupert Granton virtist vera handgengnari Fideltu en hann sjálfur; hann fann til ákafrar, gagnslausrar reiði, þegar hann sá hana vera að tala alvarlega, glæðlega, af öllum huga við manninn, sem hafði drepið föður hennar, við manninn, sem hann sjálfur hafði lófað, að hjálpa henni til að finna og hegna. En það var ekkert hægt við þessu að gera.

Gerald gat ekki svikið Ratt Gundy, og án þess, að svíkja Ratt Gundy, stóð honum enginn vegur opin til að verka á móti áhrifum Ruperts Granton á Fidelfa Locke.

Lafði Scardale hafði fastráðið einn hlut og hann var sá, að Rupert Granton giptist Fideltu. Hún elskaði stúlkuna innilega; hún mat hana mikils fyrir hið hreina líferni hennar og fyrir hina mörgu, yndislegu og göfugu hæfileikleika hennar. Hún vissi um, eða að minnsta kosti gat sjer til, hvort taumlausu lífi

Rup
leg

ið g
sakl

en a

umv

til þ

við þ

bjóna

lega

færi k

reisa

lokun

væri r

fyrir s

töku k

St

ad það

til of v

ið sann

aptrað

ekki m

stúlkur

og hún

í lífinu,

það þús

fyrir hi

mann ein

Rupert hafði lifað; en samt sem áður óskaði hún innilega, að Fidelfa giptist honum.

Lafði Scardale var ein af þeim konum—opt mikill góðu og gáfudu konum— er álfra, að hrein og saklaus stúlka geti ekki fundið neitt gófugra lífstarf en að taka að sjer einhvern úttaugaðan óreglusegg, umvenda honum og giptast honum. Hún fann ekki til þess, að það væri neitt hryllilegt eða óeðlilegt við það, að fólk með svo óskyldu eðlisfari gengi í hjónaband, og heldur ekki hafði hennar eigin sorglega reynsla sannfært hana um, að þó konan fórnfæri hreinleik sínum og lífi sínu til þess, að endurreisa slíkan mann, þá væri hann óendurreistur að lokum. Hún taldi sjálfri sjer trú um, að Rupert væri mjög ólíkur bróður sínum, og hafði hún rjett fyrir sjer í því; en hún athugaði ekki nægilega hlutöku Fidelfu í þessari hjúskapar tilraun.

Stundum hafði henni reyndar komið til hugar, að það gæti þó skeð, að Fidelfu færi að þykja helst til of vænt um Gerald Aspen; en þótt hún hefði verið sannfærð um, að svo væri, þá mundi það ekki hafa aftrað henni frá þessari giptingar-tilraun. Hún lagði ekki mikið upp úr ásta æfintýrum. Hún áleit, að stúlkur tækju slíkt vanalega ekki mjög alvarlega; og hún áleit, að konur hefðu æðri skyldum að gegna í lífinu, en að elska og vera elskaðar. Henni fannst það þúsund sinnum gófugra verk fyrir stúlku— fyrir hina beztu stúlku—að frelsa og endurreisa mann eins og Rupert Granton, heldur en að gera

mann eins og Gerald Aspen sælan. Henni fannst að hvaða lagleg stúlka, sem var, væri alveg eins góð handa Gerald Aspen eins og Fidelfa, en hún þekkti enga stúlku, aðra en Fidelfu, er gæti haft nokkurt verulegt og varanlegt vald yfir Rupert Granton.

Þess vegna var það, að hún tók að verða dálftið afbryðissöm útaf hinum tíðu heimsóknnum Gerald Aspen þar, og gladdist mjög í hjarta sínu yfir því, hve mikil ánægja Fidelfu var í návist Ruperta Granton. Hún smyridaði sjer, að hún gæti lesið í hjarta Fidelfu—en sanuleikurinn var, að hún gat það ekki.

Fidelfa skemmti sjer ágætlega þegar hún og Rupert Granton voru saman. Hún hefði eytt mestu af æðni innan fjöggra veggja og bundin við sama blettinn, en Granton kom til hennar með einhvern keim af skfnandi stórri, marglitri veröld. Henni gæzt vel að djarfleik hans, að fyrirlitning hans fyrir hinum rígbundnu síðvenjum mannfjélgingsins, að hrein-skilni hans, að hinni hressandi lífsgleði hans og að glæðlyndi hans. Henni þótti gaman að heyra hann syngja, henni fjell vel að heyra hann tala—að tala við hann. Hún gat yfir svo óendanlega frjálslegri og ófeimnari við hann en við Gerald.

Það var ekki mikill aldursmunur á þessum tveimur ungu mönnum, en henni virðist Rupert óendanlega miklu eldri—heyra til annari kynkvísl—vera hjerum bil á sama aldri og faðir hennar. Eins

og f
henn
rótgr
atriði
eittþv

sjer þ
Ruper
nokku
hann c
hans, þ
hefði h
til, að
þessi h
ar hefði

La

sjer að
hún viss
villt í þ
ekki hinc
upp í sta
sál, er fæ
ástríðu,
metorðag
ur mordin

Þess
þegar hún
hvenær se
hygli hún

og faðir hennar—já; þarna var ástæðan, innst í hjarta hennar, er fjötraði hana við Granton, Það var orðin rötgróin sannfæring hennar, eins rötgróin og trúaratriði, að í gegnum Rupert Granton myndi hún fá eitthvað að vita um dauðdaga föður síns.

Hún hafði enga verulega ástæðu til, að ímynda sjer þetta; hún hafði enga ástæðu til að halda, að Rupert hefði verið í demanta-námunum, eða hefði nokkurn tíma sjöð föður hennar; en strax og hún sá hann og fjekk að vita um hið undarlega flökkultf hans, þá var eins og hvíslað væri að henni, að hjer hefði hún fundið manninn, sem mundi hjálpa henni til, að nppgötva morðingja föður hennar. Því stúlka þessi hafði komist að þeirri niðurstöðu, að faðir hennar hefði verið myrtur.

Lafði Scardale þekkti Fideliu vel,—ímyndaði sjer að hún þekkti hennar leynilegustu hugsanir; en hún vissi ekki neitt um allt þetta. Hún fór eins villt í þessu eins og Gerald Aspen. Hún þekkti ekki hina nýju Fidelfu, sem allt í einu hafði vaxið upp í stað binnar fyrri. Hún þekkti ekki hina nýju sál, er fæðst hafði í brjósti stúlkunnar, hina nýju ástríðu, er var sterkari en ást, afbrýðissemi, eður metordagirnd—ástríðuna að koma fram hefnd á hendur morðingja föður hennar.

Þess vegna hló lafði Scardale með sjálfri sjer þegar hún sá gleðina skína úr augum Fidelfu hvenær sem Rupert kom, og með hvað mikilli athygli hún hlustaði á hvert orð, er hann sagði, og hún

sagði við sjálfa sig, að það benti á vaxandi ást, sem, eptir skoðun lafði Scardale's var miklu betri en þessi voðalega ást sem gýs upp allt í einu eins og eldur í sinu, sem blossar strax upp með fullum krapti, en slokknar jafn fljótt aptur og ekkert verður eptir af annað en öskuhrúga. Lafði Scardale þráði þá stund, að Fidelfa kæmi til hennar og sagði henni leyndarmál sitt.

Nú vildi svo til, að einmitt þenna sama dag, á meðan Gerald var á leiðinni til bústaðar lafði Scardale's í hægðum sínum, og var að reyna að finna einhverja boðlega afsökun fyrir, að hann heimsófti hana svo fljótt aptur, þá átti Fidelfa mjög þýðingarmikið tal við Granton. Granton þurfti enga afsökun hvaða dag sem hann kom, eða þó hann kæmi á hverjum degi að finna mágkonu sína; og mágkona hans gaf honum allt það tækifæri sem hann vildi til að tala einslega við Fidelfu. Hún notaði tækifærið þennan dag til þess að koma fram ráðagerð, er hún hafði lengi haft í huga. Hún byrjaði með því, að spyrja hann spjörunum úr um ferðir hans og æfintýri, og að síðustu spurði hún hann, hvert hann hefði nokkurn tíma komið til nokkurra af demantanámunum í Suður-Afríku. Sökum þess, að þetta kom ulveg flatt upp á hann og að hann vissi ekki, hvað hún var að fara, játadi hann, að hann hefði komið þangað.

„Þjer þekkið hina sjerlegu sögu mína,“ sagði hún, „og þjer munuð taka hlutdild í henni vegna lafði Scardale's.“

Granton
 unni,
 er gerð
 Faðir
 bróðir
 kom m
 var drep
 einn ma
 nauð-ku
 jörðinni
 vegna f
 Var hann
 Var það
 Sumir sö
 þjer um þ
 ákefð.
 „Jeg
 hann hika
 „Já,
 allt um þ
 framdi?
 „Ratt
 hrópaði Gr
 eingöngu—
 mikil fjarst
 ing! Það

„Vegna yðar sjálfrar, Miss Loeke,“ sagði Granton.

„Dakka yður fyrir. Jæja, það er ýmislegt í sögunni, sem jeg ekki fæ skilið.“

„Allir sem eitthvað voru riðnir við atburði þá, er gerðust þar ytra, virðast vera dánir—eða týndir. Faðir Mr. Aspen's er dáninn; maðir minn er dáninn; bróðir Raven's kapteins er dáninn; maðurinn, sem kom með alla þessa hræðilegu sögu til Englands, var drepinn kveldið sem hann kom til London; og einn maður enn, er var þar ytra, og var öllu þessu nauð-kunnugur, er horfinn; hann er horfinn burt af jörðinni; enginn veit hvert hann hefur farið. Hvers vegna fór hann burt svona undarlega og skyndilega? Var hann að forða sjer undan hendi rjettvísinnar? Var það hann, sem drap manninn í St. James stræti? Sumir sögðu, að það hefði verið hann. Hvað áltíð þjer um það?“ Hún sagði allt þetta hratt og með ákefð.

„Jeg var hjer ekki þá, eins og þjer vitið,“ sagði hann hikandi.

„Já, jeg veit það, en þjer hljótið að hafa lesið allt um þetta mál. Var það hann, sem morðið framdi? Hvað áltíð þjer um það?“

„Ratt Gundy hafir n yrt veslings Set Chickering!“ hrópaði Granton. „Kæra Miss Loeke, sú hugsun eingöngu—fyrirgefið mjer að jeg segi það—er of mikil fjarstæða. Ratt Gundy að myrða Set Chickering! Það er ómögulegt. Þeir voru beztu vinir.“

Granton hafði ekki gætt sín nægilega, því tilfinningar hans báru hann ofurliða, og hann las þetta í hinum undrandi og tindrandi augum Fidelsa.

„Ó, þjer þekktuð þá þenna mann—þenna Ratt Gundy?“ sagði Fidelsa.

Augun hennar leiptruðu af geðshræringu um leið og hún bar upp þessa spurningu. Granton varð forviða af ákefð hennar. En hann náði sjer þó brátt aptur.

„Já; jeg þekkti Ratt Gundy“ sagði hann. „Jeg hef þekkt þvílíkan fjölda af mönnum um dagana, að jeg man ekki eptir þeim öllum, eða allt er þá snertir; en jeg held að jeg hafi þekkt Ratt Gundy.“

„En þjer hljótið að hafa þekkt hann betur en það—þjer hljótið að muna eptir honum. Hann er maður, sem ekki gleymist svo hæglega“ sagði Fidelsa.

„Hvað er þetta, þekkið þjer hann?“ sagði Granton.

„Nei, jeg sá hann aðrei,“ sagði Fidelsa; „en mig þefur langað mikið til að sjá hann, og jeg bað Mr. Aspen að koma því svo fyrir, að jeg kynntist honum, en hann gærð það ekki—eða vildi ekki gera það; og nú er maðurinn farinn, enginn veit hvert, svo jeg fæ að líkindum aldrei tækifæri til að kynnast honum.“

„Nei,“ sagði Granton alvarlegur. „Þjer munuð aldrei fá tækifæri til að kynnast Ratt Gundy. En því f-ósköpunum langaði yður til að kynnast honum?“

Han
Gund

eins
langa
að vin
Mig l
mig l
það.“

”
ástfang
haft ás
Granton
vil að g
að yður
meinings

”N
byggju,
yður þa
það—je
því jeg
finna har
það nú.“

„En
þetta?“ s

„Hv

„Veg
hvorki í þ
hvorki ka
Granton.

Hann hafði aldrei mikla kvennhylli, veslings Ratt Gundy!“

„Eins og jeg kæri mig um kvennhollan mann— eins og jeg gæti polað kvennhollan mann! Mig langaði til að sjá hann, kynnast honum, gera hann að vini mínum—gera hann að trúnaðarmanni mínum. Mig langaði til að hann yrði ástfanginn af mjer! Já, mig langaði til þess; og mjer skyldi líka hafa tekist það.“

„Hann var maður, sem ekki var gjarnt að verða ástfanginn, og ég held að það hafi aldrei nein kona haft ást á honum—á þann hátt; meina jeg,“ sagði Granton. „En hvers vegna skyldi yður hafa langað vil að gera hann ástfanginn í yður? Djer ætluð- uð yður þó ekki að giptast honum, eða var það meiningin?“

„Nei, það var að eins oitt, sem jeg hafði í hyggju,“ sagði Fidelfa. „Jeg má eins vel segja yður það—jeg hef allt af ætlað mjer að segja yður það—jeg hef allt af ætlað mjer að segja yður það, af því jeg hjelt að þjer kynnuð að hjálpa mjer til að finna hann—og jeg má alveg eins vel segja yður það nú.“

„En hvers vegna ættuð þjer að segja mjer þetta?“ sagði Granton.

„Hvers vegna ekki?“ sagði Fidelfa.

„Vegna þess, að jeg get ekki hjálpað yður— hvorki í því efni nje öðru; enginn fær hjálp hjá mjer, hvorki karl eða konu; til neins sem gott er,“ sagði Granton.

Hann talaði í lágum og djúpum róm. Hann fann á sjer að eitthvað særandi var í vændum, og hann hryllti við því.

„Já, en þetta, sem mig vantar hjálp yðar til, er ekki neitt gott,“ sagði Fidelfa; „það er nokkuð, sem er illt edlis—nokkuð, sem er ljótt. Það er fyrirætlan, sem engin kristin kona ætti að hafa, en sem jeg ber í brjósti, hún er meira að segja orðin samblönduð blöði mínu. Ef lafði Scardale að eins vissi, hve mjög þessi hugsun hefur gagntekið mig, þá myndi hún ekki frammar álitu að jeg væri stúlkan, sem hún hefur elskað og borið umhyggju fyrir. Takið þjer nú eptir, Mr. Granton: Fyrirætlan mín er hefnd—hefnd!“

„Hefnd!“ sagði Granton, og hafði orðið ósjálf-rátt eptir henni. „Hefnd fyrir hvað?“ Hann vissi mikið vel fyrir hvað, þótt hann spyrdi svona.

„Ó, getið þjer ekki gizkað á það? Djer hljótið þó að hafa heyrt söguna—hefnd fyrir morð föður míns.“

„Já, jeg hef heyrt söguna,“ sagði Granton. „Það er að segja, jeg hef heyrt, að hann væri dáinn. En eptir því sem mjer hefur verið horin sagan, þá var hann ekki myrtur; hann fjell í svikalausú einvígi.“

„Svikalausú einvígi!“ hrópaði Fidelfa. „Jeg trúi því ekki. Jeg veit, að hann var myrtur, og jeg vil komast að því hver myrti hann. Það var þess vegna, að mig langaði til að kynnast þessum manni með undarlega nafninu og undarlegu sögunni—þessum Ratt Gundy.“

„Hafið þjer smyndað yður“, spurði Granton, sem var þungt um mál, og horfði ekki framan í hið uppæsta andlit stúlkunnar, heldur niður fyrir sig, „hafið þjer smyndað yður að það væri Ratt Gundy, sem var orsök í dauða föður yðar?“

„Nei, ekki gerði jeg það“, sagði Fidelia, „það er að segja, jeg smyndaði mjer ekkert um það. En jeg vissi—við vissum öll,—blóðin skýrðu okkur frá því—að Ratt Gundy var þarna ytra, þar sem þeir fundu alla demantana, og komust yfir þeunna hræsis auð, sem við eigum að fá. Ratt Gundy var þar.“

„Ratt Gundy var farinn þaðan fyrir löngu. Hann kom hingað frá Suður-Ameríku“, sagði Granton.

„O, þá þekkið þjer eitthvað til hans?“ sagði Fidelia.

Hann hrökk saman. Það leit út fyrir að stúlkun hefði veitt hann í orðum.

„Já, það stóð allt í blóðunum, eins og þjer vitið; en jeg þekkti hann dálftið—einu sinni“, sagði Granton.

„Segið þjer mjer allt, sem þjer vitið um hann—allt, fljótt“, sagði Fidelia. „Byrjið á upphafinu, og talið þjer eins hratt og þjer getið.“

„Djer eruð svo ákóf“, sagði Granton, „að þjer komið mjer í bobba. Hvað viljið þjer fá að vita?“

„Jeg vil fá að vita allt mögulegt viðvíkjandi Ratt Gundy, af því að jeg er viss um, að hann getur

frætt mig um allt, er snertir dauðdaga föður míns“, sagði Fidelia. „Hvers vegna kom hann aldrei hingað? Hvers vegna vildi Mr. Aspen aldrei koma með hann til að heimsækja mig eða hjálpa mjer til að kynnast honum? Eina orsökina gat verið sú, að hann vissi eitthvað viðvíkjandi dauða föður míns, sem þeir hjeldu — Mr. Aspen og hann — að mundi valda mjer of mikils sársauka, ef jeg vissi það. Sársauka! Eins og sársauki gerði nokkuð till Eins og hinn mesti sársauki fyrir dóttur hans væri ekki innifalinn í því að vita, að hann var dauður — dauður — drepinn — myrtur. Jæja, — haldið þjer áfram — segið mjer allt, er snertir þennan mann“.

„Eins og jeg heyrði söguna af vörum Ratt's Gundy „jálf's“, sagði Granton.

„Ó!“, hrópaði Fidelia, og augu hennar leiptu, „þjer heyrðu hann þá segja söguna?“

„Jeg var viðstaddur optar en einu sinni þegar hann sagði söguna“, sagði Granton. „Hann sagði, að faðir yðar hefði fallið í einvígi“.

„Gamla sagan!“ hrópaði Fidelia. „Eins og það gæti verið nóg skýring yfir það, hve dult er farið með þetta. Eins og það gæti verið skýringin yfir hina heimulegu sannfæring mína. Getið þjer hjálpað mjer til, að finna þennan Ratt Gundy?“

„Nei, Miss Locke; það get jeg ekki gert“, svaraði Granton. „Þjer féið aldrei að sjá Ratt Gundy. Veslings gamli Ratt Gundy er dauður“.

„Dauður! Ó, nei; það getur ekki verið“, hróp-

„Fidelia. „Enginn hefur sagt það fyr. Blóðin sögðu öll, að hann væri farinn aptur til Suður-Ameríku“.

„Miss Locke, þjer megið óhætt trúá því, að hvorki þjer nje nokkur önnur lifandi vera mun fram- ar sjá Ratt Gundy“, sagði Granton. „Ratt Gundy er dauður og grafinn, hann hefur farið með sögu sína, hvernig sem hún nú var, og engin mannleg rödd getur kallað hann þaðan aptur“.

„Jeg get ekki skilið þetta—jég ski' yður ekki“, sagði Fidelia. „Er þetta ráðgáta? Eða eruð þjer að spila með mig?“

„Haldið þjer að jég gæti fengið af mjer, að spila með yður viðvskjandi slíkum hlutum!“, hrópaði hann, og lýsti röddin næstum því brennandi mótmælum.

„Æ, nei—nei—þjer munduð ekki gera slíkt—ekki gera slíkt—það var rangt af mjer, að segja annað eins“, sagði Fidelia. „En jég verð ærð út af þessu, og það virðist eitthvað dularfullt við yður, og jafn- vel rödd yðar lætur öðru vísi í eyrum mínum en að- ur. Mr. Granton, fyrir meðaumkvunar sakir—fyrir drottins sakir—fyrir sjálfrar mín sakir—“

„Þetta fær mest af öllu á mig“, greip hann fram í, en hún veitti því varla neina eptirtekt, og hjelt áfram:

„Fyrir sjálfrar mín sakir, segið mjer allt, sem þjer vitið viðvskjandi dauða föður míns“.

„Eins sannarlega og drottinn mun dæma mig“

Miss Locke, þá er allt, sem jeg veit, það, að faðir yðar fjell í einvígi“, sagði Granton. „Þetta er sagan, eins og jeg hef ætíð heyrt hana. Jeg hef aldrei heyrt neina aðra sögu um það. Hann missti lífið í einvígi og manningum, sem drap hann, var jafn ómögulegt að drygja morð og veslings Ratt Gundy eða mjer sjálfum“.

„Hvað hjet maðurinn, sem drap hann—hjet hann ekki Ratt Gundy?“ sagði Fidelia.

Granton dró andann þungt og virtist vera að reyna að búa sig undir einhverja þunga þraut, en sagði svo:

„Nafn mannsins, sem drap föður yðar, var ekki Ratt Gundy.“

„Ó, þá hryggir það mig, að Ratt Gundy er dauður; en að öðru leyti er mjer sama um hann hjédan af. Jeg veit samt, að það er ekki öll sagan.

„Dað er ekki öll sagan,“ sagði Granton.

„Já! Grunaði mig það ekki ætíð?“ sagði Fidelia.

„Dað er ekki öll sagan,“ hjelt Granton áfram.

„Maðurinn, sem var hin eiginlega orsök til dauða föður yðar, var allt annar maður en sá, er skaut kúlunni, sem drap hann. Dað var maðurinn sem kom deilunni af stað, og kom þeim til að berjast upp á líf og dauða—kom deilunni af stað með lýgi, rógi og allskonar djöfullegum vjelabrogðum, gerði þessa tvo menn að fjandönnum, og bældist síðan yfir því, að hann væri maðurinn, sem hefði upphugsað ráðið til þess að þeir berðust og komið öllu af stað.,,

„Segið mjer nafn mannsins, sem gerði þetta,“
sagði Fidelfa.

„Nafn hans var Nõi Bland, og hann er dauður,“
sagði Granton. „Hann var hengdur, án dóms og
laga fyrir glæpi sína—það hefði átt að vera búið að
hengja hann löngu áður.“

„Hann er þá faðir þessa Jafets Bland, eins af
erfingjunum að þessum óheilla, blóðdrifnu peningum,
erfinginn sem ekki finnst,“ sagði Fidelfa.

„Hann er viss að koma í leitirnar“, sagði Granton.
„Ef hann er nokkuð líkur föður sínum, þá líður
ekki á löngu áður en hann krefst peninga sinna.
Þjer megið reida yður á, að hann spreitur upp mitt
á meðal okkar einhvern góðan veðurdag.“

„Ó, hafið þjer ekki hátt!“ nærri hvíslaði Fidelfa
skvndilega að Granton. „Sjáið þjer ekki? Þarna
er prófessor Bostock.“

Prófessor Bostock var kominn inn í salinn og
stóð mjög nálægt þeim. Hann hafði komið inn svo
hávaðalaust, að hvorugt þeirra hafði heyrt fótatak
hans. En hann gekk ætíð hljóðlega. Hann kom
aldrei á neinn stað—hann birtist þar að eins. Hann
var að athuga eitt skilminga-sverðið með mesta at-
hygli. Hann setti sig í skilminga-stellingar og brá
sverðinu nokkrum sinnum; svo stanzadi hann og
sneri sjer að Fidelfu.

„Jeg vona, að jeg geri yður ekki ónæði,“ sagði
hann í auðmjúkum róm, og leit lotningarfullum aug-
um til Fidelfu. Hann virtist vera órólegur, og það
var eitthvað óheilmæmt við svip hans.

„Nei,“ svaraði hún fremur reiðulega. „Djer eig-
ið meira með pennan sal en jeg, eða Mr. Granton.“

„Ó!“ sagði hann og virtist segja með látbragði
sínu: „Ernd þjer svona miskunarlaus við mig!“

Fidelfa ljét sem hún tæki ekki eptir þessu.

„Hvað sem öðru lifur, þá verð jeg að fara,“
sagði Granton. Hann var einkar ánægður yfir, að
fá tækifæri til að komast burtu, og sleppa, þó ekki
væri nema um stund, við frekari spurningar af hendi
Fidelfu.

„Verið þjer sælir,“ sagði hún og rjetti honum
höndina. „Komið brátt aptur.“ Hún leit til hans
bænar-augum, sem hann reyndi að fordást, en Bost-
ock sá það og fmyndaði sjer að hann skildi hvað hún
meinti.

Rupert sagði eitthvað í hálfum hljóðum um, að
hann skyldi koma aptur og flýtti sjer út.

„Djer eruð reið við mig fyrir, að jeg kom inn,“
sagði Bostock.

„Reið; hvaða vitleysa! Hvers vegna ætti jeg
að vera reið?“ sagði Fidelfa.

„Degar tveir ræða saman, er þriðja manni ætíð
ofaukið,“ sagði Bostock.

„Djer virðist vera í heldur illu skapi í dag; Mr.
Bostock og mjer finnst að orð yðar vera dálítið
ókurteis,“ sagði Fidelfa.

„Það er langt frá, að jeg ætlaði að vera ókur-
eis við yður,“ sagði Bostock.

„Það gerir ekkert til,“ sagði Fidelfa og var í
þann veginn að ganga á burt.

Farið þjer ekki alveg strax, Miss Looke,“ sagði hann hlíflega. „Jeg þarf að segja nokkuð við yður.“

Hún sneri sjer að honum og leit á hann undrandi.

„Jeg gat ekki að því gert, að jeg heyrði nokkuð sem yður og manningum, sem hjer var, fór á milli, þegar jeg kom inn,“ sagði Bostock.

„Ó!“, sagði hún og ætlaði að segja eitthvað meira, en hann hindraði það með því að lypta upp hendinni til merkis um, að hann bæði hljóðs, og hjelt áfram:

„Mig langaði ekki til að standa á hleri, eður heyra neitt af samtalinu, en jeg gat ekki að því gert.“

„Ef þjer hafði heyrt eitthvað af samtali okkar,“ sagði hún með fyrirleitningar-svip. „Þá hlýtur yður að vera ljóst að við ræddum um málefni, sem mjer liggmikið á hjarta og ollir mjer sorgar, og það er ekki líklegt, að mig langi til að endurnýja það samtal—“

„Við mig, býst jeg við þjer meinið?“ sagði hann í auðmjúkum róm.

„Við nokkurn mann—við neinn mann,“ sagði Fidelia.

„Mjer kæmi ekki til hugar, að tala um það við yður, nema fyrir þá skuld, að yður virðist vera svannant um, að fá að vita eitthvað um það, sem skeði þarna yfir í þessum demanta-námum.“

Hún gat ekki að sjet gert að hlusta á hvert orð sem talað var um það málefni.

„Já,“ sagði hún í flýti, í nærri höstum róm.
„Hvað vitið þjer um allt það mál?“

„Meira en þjer ímyndið yður, Miss Locke; að minnsta kosti gæti jeg fengið að vita mikið um það,“ sagði Mr. Bostock. „Mr. Granton virðist ekki geta liðsinnt yður mikið því viðvíkjandi. Mr. Aspen vill ekki hjálpa yður í því efni.“

„Ó, þjer hafði þá heyrt svona mikið? Djer hljótið að hafa staðið all-lengi á hleri,“ og lýsti sjer vaxandi fyrirlitning í rödd hennar.

„Jeg bið yður fyrirgefningar; jeg heyrði aðeins fáein síðustu orðin; en jeg vona, að þjer afsakið mig, þótt jeg taki það fram, að þjer töluduð mjög hátt og með ákefð,“ sagði Bostock.

„Jæja, sleppum því; haldið þjer bara áfram,“ hún.

„Mjer datt í hug að þjer, ef til vildi, gæfuð mjer tækifæri til að liðsinna yður í þessu máli, fyrst hvorugur hinna áður nefndu „gentle“-manna vildu gera það.“

Hann leit á hana; augu hans sýndu ekki huga-anir hans framar en vant var. Fidelia leit í augu hans og tók eptir, hve algerlega þau voru laus við allt sem benti á, hvað honum bjó í huga. Það var eins og einhver óþægileg sannfæring læddist inn í huga hennar um það, að þessum augum væri haldið mjög í skefjum, og að þau gætu blossað upp af allskonar geðshræringum ef eigandi þeirra gæfi þeim lausan taum. Hún hafði um tíma verið dálítið óró-

Jeg við
við og

um orðu
hún var
fjell svo
hætta v
gædd g
kom ald
henni yr
að hafa t
hafði sag

„Ef
vitið eitt
það, er b
hún, „þá
að segja n
fyrir mig
augnablik
um það vi
kunnugt

bjelt að h
—ef hann
við Mr. A
kunnugt, s
fullan hátt
með mjer,
jeg. En j
Seardale, þ
að mjer þ

Jeg viðvíkjandi skilmingu-kennaranum. Hann hafði við og við hrósað henni með vel völdum og kurtéismum orðum, sem engin kona, hvað tilfinninganæm sem hún var, gat opinberlega tekið sjer til, en sœm henni fjell svo illa, að henni kom stundum til hugar, að hætta við skilmingu-námið. En stálka þessi var gædd góðum, djörfum og ósyktum anda, og henni kom aldrei til hugar að hver meður sem kynntist henni yrði ástfanginn. Hún iðradist því dættid eptir, að hafa talað svo óþýðlega, og mildaði úr því er hún hafði sagt.

„Ef því er í raun og veru þannig verið, að þjer vitid eitthvað eða getið fengið að vita eitthvað um það, er þar við þarna—ú: frá, Mr. Bostock,“ sagði hún, „þá gætuð þjer ekki gert mjer meiri greiða, en að segja mjer það. En þetta er hræðilegt málefni fyrir mig, og þess vegna vil jeg ekki eyða einu augnabliki í þýðingarlaust tal um það. Jeg átti tal um það við Mr. Granton, eins og yður virðist vera kunnugt af því hann hafði verið þar ytra, og jeg hjelt að hann kynni að segja mjer eitthvað um það—ef hann annars vissi nokkuð. Jeg átti tal um þetta við Mr. Aspen, eins og yður einnig virðist vera kunnugt, sökum þess að hann er á einhvern dulárfullan hátt flæktur inn í alla þessa hræðilegu sögu með mjer, og hann hefur misst föður sinn eins og jeg. En jeg tala varla aldrei um þetta efni við lafði Scardale, því að jeg veit, að hún getur ekkert hjálpað mjer því viðvíkjandi. Jeg skil ekki, hvornig

þjer getið vitað nokkuð um það. Þjer hafð ekki verið í Suður-Afríku?*

„Nei; jeg hef ekki komið til Suður-Afríku eða til demanta-námanna, en jeg þekki samt nokkuð til þeirra,“ sagði Bostock.

„Dað er ekki erfitt að komast til Suður-Afríku nú á tímum, og ef þjer að eins viljið leyfa mjer að fara þangað, þá skal jeg komast eptir öllu, sem þjer óskið að fá að vita——“

„Ef jeg vil leyfa yður að fara, Mr. Bostock? Jeg skil yður ekki. Hvernig get jeg leyft yður að fara, eða hamlað yður frá því?“ sagði Fidelfa.

„Getið þjer ekki skilið mig—er því sannarlega svo varið?“ spurði hann. „Hafið þjer enga hugmynd um það?“

„Ekki hina allra-minnstu hugmynd,“ sagði Fidelfa.

„Er yður þetta full alvara,“ sagði Bostock. „Gætið þjer nú að; þjer eruð ekki lík öðru kvennfólki—þjer leikið ekki með tilfinningar manna—leitist ekki við að kveikja ást hjá karlmönnum á yður.“

Dað kom þykkju-svipur á andlit Fidelfu, og hún sagði:

„Jeg vona, að jeg sje ekki sek í neinu slíku. En jeg skil ekki, hvað slíkt getur komið þessu máli við, eða því, sem við erum að tala um; og jeg sje ekki ljóslega hvers vegna við ætlum að vera að eyða tímanum lengur í nokkurt samtál. Jeg held að jeg verði að fara, Mr. Bostock.“

Hún
Bostock s

„Far

Hann

því skynd

viggirðing

„Jeg

„Við

hún og var

„Jeg

hann. D

sem liggur

vitnið þjer

dögum mfr

keona einf

um að skila

Fideliv

„Er je

klaufalegu

við að dálfti

„Þjer?

þarning.

mfnum á pes

Henni l

þann gerði þ

ði honum r

skilminga ke

þ hún vildi e

eins í settan

Hún var í þann veginn að ganga burt, þegar Bostock sagði í bænarróm.

„Farið þjer ekki alveg strax.“

Hann hjelt enn á skilminga-sverðinu og brá því skyndilega, eins og hann vildi mynda með því víggirðing milli hennar og umheimsins.

„Jeg verð að segja yður nokkuð,“ sagði hann.

„Við erum komin út frá umtalsefninu,“ sagði hún og var óróleg en alls óhrædd.

„Jeg hef ekki vikið frá mínu málefni,“ svaraði hann. „Þetta er annað málefnið af þeim tveimur, sem liggur mjer bæði á heila og hjarta. Miss Locke, vitið þjer hvers vegna jeg sætti mig við að eyða dögum mínum í að þrælka við þennan arga skóla og kenna einföldum, heimskum og klaufalegum stúlkum að skilma-t?“

Fideliu lá við að brosa sem allra snöggvast.

„Er jeg ein af þessum einföldu, he msku og klaufalegu stúlkum,“ spurði hún, og var ekki laust við að dálftil stríðgirni lægi í röddinni.

„Þjer? Ó, jæja, jeg þarf ekki að svara þessari spurning. Vitið þjer hvers vegna jeg eyði dögum mínum á þessum stað,“ sagði Bostock.

Henni lá við að svara, að hún smyndaði sjer að hann gerði það sökum þess, að laði Scardale borgarinn honum mikið góð laun fyrir hans mikið góðu skilminga kennslu, en andlitið hans var svo alvarlegt að hún vildi ekki svara þannig. Hún sagði því að síns í settandi róm:

„Jeg ímynda mér, Mr. Bostock, að þjer hafði yndi af þrótt yðar, sem þjer eruð svo vel að yður í.“

„Það er ekki það,“ sagði hann þurlega. „Haldið þjer að jeg hafi verið skapaður til þess, að eyða lífi mínu sem kennari í kvennaskóla?“

Þessari spurningu gat Fidelia satt að segja ekki svarað. Henni hafði aldrei dottið í hug að gera sjer grein fyrir því. Henni hafði fundist eðlilegt að það væri hægt að fá góðan skilminga-kennara fyrir annan eins skóla og skóla lafði Scardale's, hvort sem hann votti að kenna piltum eða stúlkum. Hún hafði aldrei tekið eptir neinu sjersöku viðvíkjandi Mr. Bostock, nema því, að hann var einkar fimur skilminga maður og að framganga hans var stillileg, hæglat og reglubundin. Hún varð því hálf-ráðalaus þegar spurning, sem aldrei fyr hafði verið lög fyrir hana, var þannig allt í einu borin upp fyrir henni, spurning, sem virtist hafa eitthvað dularfullt á bakvið sig, en þó í hina rúndina snerti almennan hlut, sem engi skýringu þurfti. En hún sá líka að Mr. Bostock lagði þessa spurning fyrir hana í fullri alvöru,

„Mr. Bostock,“ sagði hún alvarlega og kurteislega, „jeg ímynda mér að margir, eða flestir menn verði að ganga þá götu í lífinu, sem alls ekki er í samræmi við smekk þeirra og tilfinningar. Þetta getur vitanlega verið yðar hlutskipti eins og svo margra annara.“

„Er yður alvara með það,“ sagði Bostock, og

engin g
hans lý
hugmyr
þessum

„N

leg og l

—alls e

það—“

„Yð

í fyrir he

„Fy

—já: mj

jeg ætti l

til, að ge

sagði Fid

„En

lýsti djúp

„og þjer /

ástæður m

þess, að

þess, að þj

„Hætt

ið þessu—

„Það

er kominn

jeg elska y

Fidelia

an mann.

andlitinu he

„Þjer l

þjer hafð
að yður í.“
ga. „Hald-
ss, að eyða

segja ekki
að gera sjer
legt að það
a fyrir ann-
hvort sem

Hún hafði
kjandi Mr.
mur skilm-
llileg, hæg-
álf-ráðalaus
íð lög fyrir
fyrir henni,
fullt á bak-
annan hlut,
líka að Mr.
ana í fullri

og kurteis-
lestir menn
ls ekki er í
gar. Detta
mins og svo
Bostock, og

engin geðshræring lýsti sjer í andliti hans þó rödd
hans lýsti djúpri geðshræringu, „að þjer hafð enga
hugmynd um, hvers vegna jeg eyði dögum mínum á
þessum stað?“.“

„Nei, enga aðra hugmynd en þá, sem virðist eðli-
leg og hverjum manni auðsæ, enga aðra hugmynd
—alls enga aðra. Jeg hef aldrei hugsað neitt um
það—“

„Yður kemur það ekkert við?“ greip hann fram-
f fyrir henni hastur í máli.

„Fyrst þjer setjið það svona fram, þá svara jeg
—já: mjer kemur það ekkert við, Mr. Bostock. En
jeg ætti heldur að svara því, að jeg hefði engan rjett
til, að gera mjer neinar getgátur um ástæður yðar“,
sagði Fidelia.

„En það kom yður við,“ sagði hann, og röddin
lýsti djúpri geðshræringu sem haldið var í skefjum,
„og þjer hafð rjett til að gera yður getgátur um
ástæður mínar. Jeg eyði dögum mínum hjer sökum
þess, að þjer eruð hjer. Jeg kom hingað sökum
þess, að þjer eruð hjer—“

„Hættið nú, Mr. Bostock—gerið svo vel—hætt-
ið þessu—“ sagði Fidelia.

„Það er ekki líklegt að jeg hætti nú, fyrst jeg
er kominn svona langt. Jeg hlýt að halda áfram—
jeg elska yður,“ sagði Bostock.

Fidelia fór að halda að hún ætti tal við vitskeri-
an mann. Og þessi hugsun hefur víst komið í ljós á
andlitinu hennar, því Bostock sagði skydilega:

„Þjer haldið, ef til vill, að jeg sje orðinn vit-

laus. Jæja, jeg byst við að svo sje. Sjerhver maður sem fær óstjórnlega ást á kvennmanni, er vitskertur að vissu leyti; og ef svo er, þá er jeg vitlaus, því jeg er ofsalega ástfanginn í yður. En jeg er með fullu viti að öðru leyti, og jeg ætla mjer að hafa mitt mál fram í þessu efni. Jeg á að verða ríkur—já, afar-ríkur; og jeg fæ með því vald; og jeg er ekki sá maður, sem læt nokkurn blut hindra mig; og jeg elska yður, Fidelia Lockel. Segið mjer, getið þjer elskað mig? Þjer megið ekki skoða mig sem fátækan vinnumann á kvenna-skóla; það er ekki fremur köllun mín, en nafn mitt er Bostock. Líf og örlog okkar beggja er samtengt með böndum, sem þjer hafið enga hugmynd um. Segið mjer, getið þjer elskað mig?“

Hann fleygði sverðinu frá sjer, og fjell það glymjandi á gólfid, krosslagði armana, stóð rólegur fyrir framan hana og beið eptir svári.

„Ó, að einhver kæmi inn—námsmey, þjón, einhver,“ hugsaði Fidelia með sjer og leit vandlega í kringum sig í stóra salnum. „Ó, að lafði Scardale kæmi inn!“ Hún vissi ekki hvað hún skyldi segja eða gera. En hún var sannfærð um það með sjálfri sjer, að nú ríði henni á, að vera róleg og sýna enga gedsbræringu.

„Mr. Bostock,“ sagði hún loksins, „þjer megið ekki verða forviða, þótt jeg neiti að taka þjer sem þjer hafið sagt, alvarlega.“

„Þetta er allt mjög alvarlegt efni fyrir mig.“

sagði
einnig
aðra lí
V.

„Þjer
eu jeg
hótanir
er mig,
veitir m
saman v
inn.“

„D
sagði ha
er, og h

„Ne
sama,“
stadar
halda áfr
ónáða la
þessu, lá
vinnendu
vill einhv

Hún
yfir síðust

„Ald
orðið vini
en að þjer
vin. Jeg
ur ekki ep

sagði hann með ófrynilegum svip, „og það mun einnig verða mjög alvarlegt fyrir yður, og fyrir aðra líku.“

Við þetta varð Fidelíu skapfátt og hún sagði: „Þjer hafð hótanir í frammi við mig, Mr. Bostock, en jeg get að eins sagt yður það, að jeg hræðist hótanir yðar ekki hið allra minnsta. Nei, það glæður mig, að þjer hafð haft hótanir við mig, því það veitir mjer rjett til að segja yður, að jeg hef ekkert saman við yður að sælda, og að jeg býð yður byrginn.“

„Þjer skuluð ekki bjóða mjer byrginn lengi,“ sagði hann í urrandi róm. „Þjer vitið ekki hver jeg er, og hvað jeg get gert.“

„Nei, jeg veit það ekki, og mjer stendur líka á sama,“ sagði Fidelía. „Við skulum láta hjer staðar numið, Mr. Bostock. Við verðum að halda áfram að sjást eptir sem áður, því jeg vil ekki ónáða lafði Scardale með fregnum af slíku bulli og þessu, látum oss umgangast blátt áfram eins og samvinnendur hjer á skólanum, þangað til við ef til vill einhvern tíman síðar getum sjest sem vinir.“

Hún reyndi að leggja áfur-lítinn vinsemdar-blæ yfir síðustu orðin, er gaf von um sættir síðar.

„Aldrei,“ svaraði hann. „Við getum aldrei orðið vinir. Jeg kysi heldur, að þjer hötuðuð mig, en að þjer skoduðuð mig að eins sem hálfvolgan vin. Jeg er maður, sem á engan vin, og óska heldur ekki eptir, að eiga þá. Jeg á fjandmenn. Jeg

akapa mjer þá sjálfur, og jeg losa mig við þá eins fljótt og jeg get. Jeg hef orðið að ryðja mjer braut sjálfur í veröldinni og jeg hef gert það og geri það framvegis. Jeg læt engan hlut tálma mjer; og jeg skal líka vinna sigur á yður áður en lykur.“

„Allt þetta ber helst til mikinn keim af leiksviðinu,“ sagði Fidelia, „og jeg hef engan smekk fyrir þess háttar.“

„Haldið þjer enga meðaukvun með manni, sem elskar yður?“ spurði Bostock.

„Jeg hef enga trú á, að hjer sje um nokkra ást að ræða; og sje svo, þá hata jeg slíka ást, og jeg fyrirlit hana,“ sagði Fidelia. „Haldið þjer að nokkur stúlka verði hrædd til—og—og kúguð til að fá ást á hverjum þeim manni, sem telur sjálfum sjer trú um, að hann sje að verða ástfanginn af henni? Heyrið þjer, Mr. Bostock, sleppið nú þessari vitleysu, og látum okkur komast aptur niður í hið algenga.“

„Viljið þjer ekki leyfa mjer að aðstoða yður í að grafa upp allt, er snertir dauða föður yðar?“

„Ó, þegið þjer!“ hrópaði hún. „Látum okkur ekki nefna nafn hans innan um þetta viðbjóðslega tal.“

„Viljið þjer ekki leyfa mjer að hjálpa yður? Jeg get hjálpað yður betur en nokkur annar. Viljið þjer ekki þiggja hjálp mína í þessu efni?“

„Hvorki í þessu efni nje nokkru öðru, fyr en við höfum snúið aptur til hins vanalega ástands. Ó, hamingjunni sje lof!“

eins
að
baki
orðið
Fide
andli
því s
naum
skyn
gerðu
sagt v
„og þá
hafa or
Í
Bostoc
brott.
tók að
gleði, s
hans.
sársauk
að og h
Gerals
yfir sjál

Fidelia sagði síðustu orðin lágt, og dró andann eins og fargi væri lypt af henni. Ástæðan var sú, að ein af þjónustu-stúlkunum kom til hennar með bakka í hendinni og nafnspjald á honum. Það hafði orðið að vera kynlegur gestur, sem ekki hefði verið Fidelíu kærkominn einmitt nú. Röði breiddi sig um andlit hennar um leið og hún tók nafnspjaldið. A því stóð nafnið: Gerald Aspen.

„Vísid Mr. Aspen hingað inn,“ sagði hún og gat naumast dulid fögnuð sinn og sigurhrós.

„Djer hafid ekki orð á þessu?“ tók Bostock skyndilega til máls.

„Jeg segi aldrei eptir,“ svaraði Fidelia í hálfgerðum fyrirlitningar-róm.

„Djer ætlið þá að þegja yfir því, sem jeg hef sagt við yður?“ sagði Bostock.

„Degid um það sjálfur framvegis,“ svaraði hún „og þá megid þjer vera viss um, að jeg skal ekki hafa orð á því.“

Í þessu vetfangi kom Gerald Aspen inn í salinn. Bostock heilsaði honum ólundarlega og hvarf á brott. En Gerald gaf honum engan gaum. Hann tók að eins eptir Fidelsu og hirni augsynilegu gleði, sem skein út úr andlitiu hennar við komu hans. Hún var yfirkomin af geðshræringunni og sársaukanum, sem samtalið við Bostock hafði orsak- að og hin snöggva fróun, sem hún fann til við komu Gerald's, hafði þau áhrif á hana, að hún missti völd yfir sjálfri sjer. Sá maður hefði mátt vera meira en

einfaldur, sem ekki hefði skilið hið fagnandi augnaráð hennar.

„Mjer pykir innilega vænt um, að þjer komuð,“ sagði hún um leið og hún rjetti honum báðar hendurnar með sinni vanalegu tilfinningasemi.

Ó, þú einfaldi Gerald! Hví hafði hann ekki vitað það fyr, að orsökun til þess, að hún var óframfærin við hann, en alveg blátt áfram, kunningleg og vingjarnleg v.ð Rupert Granton, var sú, að hún bar enga þá tilfinning í brjósti gagnvart Rupert Granton, sem gat gert hana feimna í umgengni sinni við hann, en hún bar tilfinningar í brjósti sínu gagnvart Gerald *sjálfum*, sem gerðu hana feimna við hann. Hvernig átti hún að geta verið fullkomlega ófeimin og blátt áfram við hann? Hvernig gat hún vitað hið sanna eðli tilfinninga hans gagnvart sjer? Dað gat verið hætta á, að hún ljeti tilfinningar sínar bera sig of langt—það gat verið hætta á, að hún ljeti hann sjá spil sín; eða með öðrum orðum, létuð hann sjá ást sína; það gat verið hætta á, að hún gæfi honum meira undir fótina en nokkur vel upp alin stúlka ætti að gera fyr, en hún væri fullviss um í huga sínum og hjarta, að ást hennar væri endurgoldin. Dótt Gerald væri blaðamaður, sem umgekkst veraldarfolk, þá var hann fremur feiminn og óframfærinn við kvenufolk í heild sinni, og þessi sjerstaka kona hafði svo mikil áhrif á hann, að hann stundum skalf og roðnaði þegar hún var viðstödd.

„Hefur nokkud komid fyrir?“ spurði hann.
„Hafid þjer orðið hrædd við nokkud?“

„Nei. Jeg var að tala við Mr. Bostock, og hann er undarlegur maður; en það er ekkert.“
 „Viljið þjer koma út og ganga spölkorn með mér hjerna úti?“ spurði hann hikandi.

Arnþjótur B. Olson

XVII. KAPÍTULI.

Í RANELAGH GARDINUM.

„Nei, ekki hjer úti,“ sagði Fidelfa fljótlega, „heldur skulum við fara eitthvað annað, ef þjer viljið. Jeg vil ekki vera á gangi hjer úti núna— jeg veit ekki hvers vegna.“

„Það hefur eitthvað komið fyrir, sem yður hefur verið óþægilegt?“ sagði Geráld.

„Nei, nei! Gerið svo vel og spyrjið mig engra spurninga.“ sagði Fidelfa og varð vandræðaleg og óvarkár—vandræði leiða ætíð til óvarkárna—í áhuga sínum að komast hjá öllum spurningum er snertu Bostock, sem hún hafði mikið meiri geig af en hún vildi viðurkenna, jafnvel fyrir sjálfri sjer. Og enginn sá maður var til í víðri-veröld, sem hún vildi sður draga inn í þetta mál, en einmitt Geráld. Til þess því að komast hjá að segja alla söguna, tók hún á sig uppgerðar dálætisgerfi.

„Ef þjer í rauninni viljið ekki ganga út með mér,“ sagði hún, „þá vil jeg náttúrlega ekki þvinga yður til þess —“

„Ef jeg vil ekki ganga út með yður!“ brópaði Gerald.

„Já; gott og vel, þjer þúfú ekki að afsaka yður.“ sagði Fidelia. „Ef yður þá langar til að koma út með mjer, þá sje jeg ekkert á móti því, að við göngum dálftið um Ranelagh-garðinn. Hafð þjer nokkurn tíma gengið um Ranelagh-garðinn?“

Gerald vissi ekki hverju hann svaraði. Á þessu augnabliki mundi hann ekki, hvort hann hefði nokkurn tíma eða aldrei gengið um Ranelagh garðinn. Og hvað gerði það til. Hann vissi að hann ætlaði nú að fara að ganga um hann með Fidelis Locké, og það var honum fyrir öllu.

Það er sumar kveld — einni stundu fyrir sólsetur—og hann ætlaði sjer að borða miðdagsverð annarstaðar en á klúbb sínum þetta kveld. Hann bjóst eins vel við, að verða of seinn til að mæta hinum gestunum við máltíðina, en hann tók sjer það ekki nærri. Honum fannst sem hann stæði í björtu báli. Hann var sannfærður um, að nú væri hið þýðingarmikla augnablik fyrir hendi. Hann fann með sjálfum sjer, að þessi ganga þeirra um Ranelagh-garðinn hlaut að gera út um forlög hans. Ef hann færi villt í þessu—að Fidelia væri með meira gleðibragði en vant var af einhverju öðru—sem ekkert snerti hann—þá vildi hann fá að vita hvernig hanna sem allra fyrst. Hann vissi, að hann gat aldrei fengið eins gott tækifæri og einmitt nú, til að tala við Fidelis, það var ómögulegt, alveg ómögulegt að hann hefði misstil-

ð g
kon
sá l
ásta
ursl

Ham

var
lonu

spölu
hið f
eða k
er ger
um a
var ek
slíkar
stóð þ
og fög
ungar
þenna
sínum,
þær sa
hafði l
hann v
einum f
sínum,
elskaði

ö gleðina, sem skein úr augum hennar þegar hann kom inn í salinn og hitti hana þar hjá Bostock. Ef sá ljós-glampi þýddi ekki ást—ó, þá hafði hann lesið ásta-ljóð og dreymt dagdrauma til einkis og árangurslaust.

„Forlögin kalla mig,“ sagði hann, með orðum Hamlet's, við sjálfan sig.

Allt þetta flaug honum í hug á meðan Fidelia var að setja upp hattinn, áður en hún gengi með honum út í Ranelagh-garðinn.

Eptir fá augnablik — vegurinn var að eins lítt spölnur—voru þau á gangi saman í garðinum, er ber hið fræga Ranelagh-nafn. Hvorugt þeirra þekkti eða lærði sig um að þekkja munnmæla sögur þær, er gengu um garð þenna. Fidelia þekkti að líkindum alls ekki munnmæla-sögur þessar. En Gerald var ekki í því skapi nú, að hann væri að hugsa um slíkar sögur. Hvað þessa ungu elskendur snerti þá stóð þeim á sama, hvort allir þeir glæsilegu herrar og fögru meyjar, allir þeir ástabralls-mennt og spjátrungar og skrautdrósir, er eitt sinn höfðu fyllt garð þenna með hinum meira eða minna blandna hlátri sínum, höfðu nokkurn tíma verið til eða ekki. Allar þær sagnir og sögur frá ýmsum öldum er Gerald hafði lært, sameinuðust nú í þeirri einu hugsun, að hann væri einn með Fidelíu Locke í ásiðis garð einum í Chelsea, og að hann hafði fastráðið í huga sínum, að segja henni á þessari stund og stað að hann elskaði hana. Hann hafði ákveðið, að hún skyldi

ekki fara út úr garði þessum fyrir en hann hefði skýrt henni frá ást sinni. Hvað sem það kostaði yrði hann að gera það. Dað mætti ekki dragast einum degi lengur. Degar hún gengi til rekkju þetta kveld yrði hún að vita, að hann elskaði hana.

Mundi þetta koma datt upp á hana? hugsaði hann enn fremur. Skyldi henni falla það illa? Skyldi hún mega til að segja honum, að hún gæti ekki endurgoldið ást hans—að hún skyldi ætíð skoða hann sem bróður sinn—og koma með allar þessar sorglegu, niður-brjóttandi, almennu skoðanir? Eins og manni, sem þráði að verða elskhugi stúlku, væri nokkur hugsvöðun í, að hún skoðaði hann sem bróður! Einmitt þessi hugsun flaug í gegnum huga Geralds á þessu augnabliki—alveg sömu hugsun og Bostock hefði nýlega látið í ljós með orðum. „Jeg vildi heldur, að hún segðist hata mig,“ sagði hann við sjálfan sig, „en að hún skoðaði mig sem bróður sinn.“

En var mögulegt, að hún gæti hatað hann? Hún hafði ætíð verið yndislega blátt áfram og vingjarnleg við hann. Nei, hún hataði hann ekki; það var alveg víst. Dað var augskýnt, að henni fjell vel að vera með honum. En konu getur fallið vel, meira að segja einkar vel, við mann án þess, að hafa hina allra minnstu ást á honum, eða hafa nokkra löngun til að giptast honum, og þetta skildi Gerald til hlftar. Honum var jafnvel næst skapi að álfta það illa vita, að hún virtist nú una sjer vel með honum. Ef hún hefði ást á honum fannst honum, að hún mund

naum
voru s
ekki
henni
hún h
hann r
við sj
ætíð g
kljást
aptur t
En
að mále
róm um
urn aum
vissi, að
hann ep
um? N
ekki yrð
inum, er
„Fidelia,
mín?—þá
Honum
þessa óvi
„Sjá
ganga til
„Des
sagði har
hvorki til
„En v

naumast geta verið svona einurðargóð, þegar þau voru saman tvö ein, eins og hún var nú; hún mundi ekki hafa mælst til þess, að hann gengi út með henni; hún mundi ekki hafa sagt svo blátt áfram, að hún hefði verið fegin að hann kom. Dannig hugsaði hann með sjer, kvaldi sjálfan sig og komst í mótsögn við sjálfan sig eins og allir sannir elskendur hafa ætíð gert frá ómuna tíð. En þetta mál varð að útkljást á þessari stund og stað — áður en þau gengu aptur út um garðs-hlíðið.

En samt sem áður gat hann ekki komist strax að málefnum. Þau töluðu saman dræmt og í lágum róm um ýmsa hluti, er lítið snerti þau sjálf eða nokkurn annan. Sólin var að ganga til víðar og Gerald vissi, að Fidelia yrði bráðum að fara heim. Skyldi hann eptir allt sama ekki koma fram ásetningi sínum? Nei, hann fastrjedi með sjálfum sjer, að þó að ekki yrði meira eptir af samverutíma þeirra í garðinum, en að hann að eins hefði tíma til að segja: „Fidelia, ég elska yður — viljið þjer verða konan mín?“ Þá skyldi hann segja það og fá svar hennar. Honum var ómögulegt að byrja annan dag með þessa óvissu vofandi yfir sjer.

„Sjáið þjer ekki,“ sagði hún, „að sólin er að ganga til víðar, og allir eru farnir.“

„Þessir allir voru mjög fáir þegar í byrjun,“ sagði hann fremur vandræðalega, „og það gerir hvorki til nje frá, þótt þeir færu.“

„En við ættum einnig að fara,“ sagði Fidelia.

„Hvers vegna ættum við að gera það,“ sagði Gerald.

„Nú, jeg veit ekki; en jeg ímynda mér, að það eigi bráðum að fara að loka hliðunum, og við megum þó ekki láta loka okkur hjer inni?“ sagði Fidelía.

„Ó, umsjónarmennirnir koma vafalaust og segja okkur til; og hví skyldum við ekki lofa þeim að loka okkur inni?“ sagði hann.

„Og eyða nóttinni á þann hátt að vera að rangla inn í garðinum þeim arna?“ sagði Fidelía.

„Mjer skyldi enginn hlutur vera kærari,“ sagði Gerald.

„Þetta er hlægilegt,“ sagði hún og roðnaði ofur-lítið. „Við mundum fá voðalegt kvef; og hvað mundi lafði Scardale segja um það?“

„Hún mundi segja, að jeg væri mjög hamingjusamur maður,“ sagði Gerald sjálfbyrgingslega.

Fidelía leit til hans undrandi, og hjartað hennar tók að slá tíðara.

„Komið þjer,“ sagði hún einbeittlega, „við verðum að fara.“

„Bíðið þjer við oþurlítið; jeg—jeg—þarf að segja yður nokkuð—Fidelía.“

Hann hafði aldrei nefnt hana með fornafni hennar fyr. Hún dróandann ótt og títt, og móða lagðist á augun hennar. Hún vissi nú hvað var í vændum.

„Er það ekki undarlegt,“ sagði hann með ákefð, því hann var fastráðinn í, að útkljá nú málið, „er það ekki undarlegt, Fidelía, hvernig forlöggin hafa leitt

vegi ok
lög haf
báðum
nokkuð

„J
undarle

„H
um var
aldrei h
ekki he

„O
manta-r

getið“,
lifandi,
veit jeg,

„Já,
hjelt lík
að hann

Han
hann gut
sorg þeir
trú um, a
Gerald fi
sjer nærri
það.

„Jeg
var að hu
saman, og
áður en je

vegi okkar saman—hvernig eins konar dularfull for-
lög hafa vafist utan um okkur bæði og fært okkur
báðum á sama tíma sorg og auðæfi? Er það ekki
nokkuð undravert?“

„Jú, það er satt,“ sagði hún dræmt,—„það er
undarleg saga.“

„Hugsid yður,“ sagði hann, að fyrir 6 mánuð
um var jeg fátækur, ungur blaðamaður, og hafði
aldrei heyrt getið um demanta-námána, og heldur
ekki heyrt yðar getið.“

„O jeg hafði heldur ekki heyrt getið um de-
manta-námána, og jeg hafði heldur ekki heyrt yðar
getið,“ sagði Fidelia. „Jeg hjelt að faðir minn væri
lifandi, og að jeg fengi að sjá hann aptur, en nú
veit jeg, að hann er dáinn.“

„Já,“ greip Gerald skyndilega fram í; „og jeg
hjelt líka að faðir minn væri lifandi, en nú veit jeg
að hann er dáinn.“

Hann flýtti sjer að segja þetta eins mikið og
hann gat, því hann gat ekki látið í veðri vaka, að
sorg þeirra væri jafn þung; hann gat ekki talið sjer
trú um, að hann syrgði föður sinn. Það lá nærri, að
Gerald finndi til afbryðissemi yfir því, hvað hún tók
sjer nærri föður-missirinn—honum nærri því sárnaði
það.

„Jeg meinti það ekki,“ bætti hann við; „jeg
var að hugsa um hvernig vegir okkaa hafa leiddst
saman, og um það, hve þýðingarlaust líf mitt var
áður en jeg kynnist yður, og hve undarlega við höf-

um verið leidd saman og samtengst í sögu þessari, sem engum kæmi til hugar að trúa, ef hún væri ofn inn í skáldsögu. Hefur ekki allt þetta einhverja sjerstaka þýðingu, Fidelia?“

Hún leit upp stórum augum og henni hnykkti við, og sagði:

„Mjer hnykkti við,“ sagði hún, „af því, að þjer svarpið mig með fornafni mínu.“ Eu svo óskaði hún með sjálfri sjer að þessi orð væru ótöluð.

„Eruð þjer reið við mig??“ spurði hann. „Kysuð þjer heldur, að jeg nefndi yður ekki með nafninu yðar?“

„Það gerir ekkert til; en jeg er óvön því, og því varð mjer illt við. Þjer hafid aldrei kallað mig Fidelíu áður,“ sagði hún.

„Maður verður einhvern tíma að byrja á því,“ sagði hann.

„Verður maður—hvers vegna?“, sagði hún.

„Ó, þjer vitið hvers vegna,“ hrópaði hann; „þjer hljótið að vita það mikið vel—sökum þess, að jeg elska yður, Fidelíu—sökum þess, að jeg er ástfanginn af yður, og sökum þess, að jeg óska eptir að þjer verðið konan mín.“

Nú varð augnabliks þögn, og Gerald beið angistarfullur en þegjandi eptir svari. Og þó var hann glaður yfir að hafa talað orðin. Það var nú bútið; nú var það opinbert; það var hugljettir í því.

„Kallið mig ætíð Fidelíu,“ sagði hún.

„Ó, elskan mín,“ hrópaði hann, og lagði armn.

um mið

Þar var

einnig

hringin

sína en

„F

ekki Fi

„Ek

tárin.

lög þö

Síð

henni h

undir áh

oss að m

syngur u

í fyrsta o

ætið verð

Enginn b

töfrandi c

áðinu ang

æa,“ þar

ást sína m

„Svo

um leið og

„Ó, j

þjer, ef m

„Já, j

„Jeg vissi

sæll, Fidel

um mitti hennar, dró hana að sjer og kyssti hana. Þar var enginn áhorfanði nema blessuð sólin, og einnig hún var að hverfa niður undir sjöndeildarhringinn, svo hinn ungi elskhugi gæti kysst ástmeysina enn einu sinni án þess að nokkur sæi.

„Fidelfía,“ hrópaði hann upp—„ætið Fidelfía—en ekki Fidelfía Locke?“

„Ekki ætið,“ sagði hún með brosi, er barðist við tárin. „Bráðum verð jeg ef til vill nefnd Fidelfía“—läng þögn—„Fidelfía Aspen.“

Síðan fóru þau út úr garðinum og hann fylgdi henni heim. „Ó, hafði hugfast, að garðurinn var undir áhrifum töfra.“ Þess vegna biður Edgar Poe oss að minnast garðsins, þar sem elskhuginn, er hann sýngur um, sá hina dularfullu, ógleymanlegu Helenu í fyrsta og síðasta sinn. Þessi Ranelagh-garður mun ætíð verða töfragarður í hugum Geralds og Fidelfíu. Enginn blettur á jörðunni mun þeim finnast eins töfrandi og innuðell, eða vera eins dýrðlegur og hafa sömu angan eins og þessi afskekkti afkymi í „Chelsea,“ þar sem Gerald fjekk djörfung til að opinbera ást sína með orðum.

„Svo þjer þykir þá vænt um mig?“ spurði hann, um leið og þau fóru út úr garðinum.

„Ó, já. Ímyndarðu þjer að jeg hefði ekki sagt þjer, ef mjer þætti ekki vænt um þig?“ sagði hún.

„Já, já, auðvitað,“ svaraði hann vandræðalega. „Jeg vissi varla hvað jeg var að segja—jeg er svo æll, Fidelfía.“

„Og jeg líka,“ sagði hún einlæglega og blátt áfram.

„Jeg geri ráð fyrir að þú hafir vitað, að jeg var ástfanginn af þjer?“ sagði hann, og leit nú í fyrsta sinni einbeittlega á hana síðan hann hafði jatað henni ást sína.

„Ó, já,“ svaraði hún breinskilnislega, en svo leit hún niður fyrir sig og dýpri roði kom í kinnar hennar.

„Hvað lengi hefur þú vitað það?“ spurði hann.

„Jeg get ekki sagt það—æði lengi,“ svaraði hún.

„Og—segðu mjer nú—hvað er langt síðan þú byrjaðir að elska mig,“ sagði hann.

„Jeg veit það ekki; jeg ímynda mjer að það hafi verið um sömu mundir og þjer fó? að þykja vænt um mig,“ svaraði hún.

„En hvað þetta er undarlegt,“ sagði hann og var hugsí. „Við þurfum ekki að ráðfæra okkur við neinn viðvíkjandi öllu þessu. Við eigum enga ættingja, hvorki þú eða jeg. Við erum algerlega frjáls að verja lífi okkar eins og okkur sýnist.“

„Nei,“ sagði hún alvarlega og leit framan í hann, „jeg á föður minn.“

„Fidelfa—föður þinn!“ hrópaði hann.

„Já, jeg má til að uppgötva allt viðvíkjandi honum og dauða hans áður en jeg get giptst þjer Gerald,“ sagði hún.

Vonbrigða-stingur og gleði-titringur fór í gegnum hann við þessi orð. Það voru vonbrigð

fyrir
optir
yndi.

blíður
söm g

óskar
að upp

„E
legt að
„E

mjer.
of farsæ

nokkin
farsæld

skulda
hjálpar
því áhu

ákvörðun
„Ert

spurði ha
„Alv

þá byggis
halda mje

sagði hún
„Jeg

ekki,“ sag
fann hann

fyrir hann að heyra, að nokkuð væri komið undir
 eptirgrenslan um föður hennar—en það var honum
 yndi, að heyra hana í fyrsta sinn kalla sig Gerald.

„Fidelía“, sagði hann í mótmælandi en mjög
 blíðum róm, „þú hefur lofað mjer—þú hefur svo gott
 sem gefið mjer heitorð þitt“.

„Ó, já, Gerald, jeg skal verða konan þín—ef þú
 óskar þess—því jeg elska þig; en við verðum fyrst
 að uppgötva, hvornig faðir minn var drepinn“.

„En setjum svo að okkur skyldi verða ómög-
 legt að uppgötva það?“ sagði hann.

„En við getum það“, sagði hún, „þú hjálpar
 mjer. Ef við giptustum áður, þá kynni jeg að verða
 of farsæl. Jeg kynni að verða svo gersamlega
 nokkin niður í ást mína til þín, og í hina eigingjörnu
 farsæld sjálfrar mín, að jeg gleymdi, hve mikið jeg
 skulda mínum kæra, týnda föður. Jeg veit þú
 hjálpar mjer til að uppgötva þetta—þú munt verða
 því áhugameiri í að aðstoða mig—sakir þessarar
 ákvörðunar minnar“.

„Ertu sannarlega fastráðin í þessu, Fidelía?“
 spurði hann.

„Alveg fastráðin, Gerald; ef jeg væri það ekki,
 þá byggist jeg við og jeg mundi biðja þig um, að
 halda mjer til að uppfylla þessa ákvörðun mína“,
 sagði hún.

„Jeg held, að þú elskir mig í raun og veru alls
 ekki“, sagði hann með ákefð. Á þessari stundu
 fann hann til djúpra vanbrigða.

„Jeg elska þig“, andmælti hún, „af öllu hjarta og öllum mætti mínum. Jeg hef aldrei fundið til hins minnsta snerts af ást áður. En jeg verð að standa við þessa ákvörðun mína, Gerald—og þú verður að styrkja mig í að halda við hana“. Hún leit í augu hans með fallu trúnaðartrausti, um leið og hún sagði þetta.

Margbreytilegar tilfinningar toguðust á í hjarta Gerald's.

Hún elskaði hann—elskaði hann—elskaði engan annan; það var hin fyrsta hugsun hans. Öll hræðsla hans viðvíkjandi Rupert Granton hafði verið alveg ástæðulaus. Dað hefði átt að vera nóg til, að fylla sál hans fögnuði. En þá kom þessi bitra hugsun—hún ætlaði ekki að giptast honum. Því það var það sem þessi ákvörðun hennar þýddi. Hún ætlaði sjer ekki að giptast fyr en hún hefði uppgötvað allt, er snerti dauða föður hennar; og hann, Gerald sjálfur, yrði að hjálpa til að uppgötva þetta. Og hann, Gerald, vissi nú þegar allt sem hægt var að fá að vita um þetta mál, en hann mátti ekki segja henni það. Hann gat ekki samvizku sinnar og sóma vegna ljóstað upp leyndarmáli Ruperts Grantons—nei, hann gat ekki gert það jafnvel til að eignast Fidelíu sem konu. Hann gat ekki beðið Granton að bjarga sjer úr þessum vanda með því að segja honum alla söguna eins og hún var—hann gat ekki beðið Granton að gera sjálfan sig hræðilegan í augum Fidelíu, og að vekja viðbjóð hjá lafði Scardale á sje

með
Fidel
hann
Fidel
með s
sjed,
hann
ásetni
peirri
virðile
rým, p
En hve
Dað va
misskil
ton; en
segja f
hennar.
Ap
skapur
hennar,
komast a
veri bar
neyða st
andi einn
þessu má
voubrið
Dað
aleinir á g
ua Þvoru

með því að meðganga að hann hefði drepið föður
Fideliu. Granton hafði treyst drengskap hans, og
hann gat ekki svikið hann í tryggðum. „Skyldi
Fidelia halda fast við ákvörðun sína?“ hugsaði hann
með sjer. Því miður var hætt við því. Hann hafði
sjóð, að þessi ásetningur var að próast hjá henni, og
hann bjóst ekki við, að hann mundi dofna. Þessi
ásetningur var byggður á tómun misskilningi—á
þeirri sannfæring, að faðir hennar hefði verið svi-
virðilega myrtur. Ef þessari sannfæring yrði út-
rýmt, þá mundi og þessi ásetningur hennar hverfa.
En hvornig var hægt að útrýma þessari sannfæring?
Það var að eins einn maður á lífi, sem gat leiðrjett
misskilning Fidelíu, og sá maður var Rupert Gran-
ton; en það gat hann að eins gert með því móti, að
segja frá, að hann hefði orðið banamaður föður
hennar.

Aptur á móti fannst Gerald að það væri flátt-
skapur af sjer gagnvart Fidelíu og tilfinningum
hennar, ef hann ljétist vera að hjálpa henni til að
komast að öllu, er snerti dauða föður hennar. Það
væri bara að leika ófagran sjónhverfinga-leik, og
neyða stúlkuna, sem hann elskaði, til að vera óafvit-
andi einn af leikendunum. Hvernig sem hann velti
þessu máli fyrir sjer, þá var ekki annað sýnilegt en
vonbrigði, sorg og jafnvel órvænting.

Það var augnabliks þögn. Elskendurnir voru
aleinir á gangi í einu af auðu strætunum í Chelsea.
Þau þvoru þar ein út af fyrir sig. Það gat varla verið

einmanalegra en þarna var. Elskendurnir, sem sagan segir að hafi rekið af sjó á hina þá óbyggðu Madeira-eyju, gátu varla fundið sig fráskildari gláumí lfsins, en þessir elskendur, sem töfðu þarna í einu strætinu á bakka Thames-árinna, og voru þó ekki lengra frá pinghúsinu og Charing Cross járnbrautarstöðvunum en svo, að keyrslukaup með leiguvagni mundi ekki hafa numið meir en 18 pence.

Loks tók Gerald til máls, og lýsti sjer bæði ótti og vandræði í orðum hans. Rosknir lesendur skilja þetta ef til vill betur en hinir yngri, sem tilfinning þessi, ef þeir hafa annars nokkurn tíma haft hana, er of náin til þess að hafa tekið á sig varanlegt gervi. Gerald fann til allrar þessarar fínu og yndislegu feimni, sem grípur hvern ungan mann, þegar inndæl stálka, í fyrsta sinn á æfi hans, leggur honum á herðar ábyrgðina á ókominni æfi sinni. Það er sjaldgæft augnablik. Það er, ef til vill, ekkert sem getur jafnast við það seinna á æfinni.

„Gæti jeg ekki betur astöðað þig í þessu—sem—eiginmaður þinn?“ stamaði hann all-ambögulega.

„Nei,“ sagði hún innilega; „nei, Gerald. Mjer finnst að jeg hafa engan rjett til að vera farsæl, og að maðurinn, sem jeg elska, hafi heldur ekki neinn rjett til að vera farsæll—og þú ert maðurinn, sem jeg elska, Gerald—fyr en jeg hef reynt að gera skyldu mína gagnvart föður mínum—föður mínum, sem var myrtur. Tilfinningar mínar eru eins og stálkdanna í grisku kvæðunum sem þú þekkir, sem

ha
se
fyr
þá
njó
hjá
ger

Gei
ar.
um
kys
á þe

hann

hv
ólíkar
því að
þínand
sinni í
fyrir,
fylla þ
ná ráð
mátt v
hú á e
sína up
sem vit

hafa verið þýdd fyrir okkur í skólanum; stúlkunum, sem urðu að leysa af hendi einhverja alvarlega raun fyrir föður, bróður eða systur, og sem urðu að gera það áður en þær mættu svo mikið sem reyna að njóta farsæltar. Þú lætur þetta eptir mjer; þú hjálpar mjer í þessu máli—þú gerir það—ó, þú gerir það—elskan mín?“

Mikil geðshræring lýsti sjer í rödd hennar. Geisladyrd hinnar hnfgandi sólar ljek á andliti hennar. Þau voru nú nálægt hliðinu á garðinum kringum menningar-skólann. Gerald langaði til að kyssa hana, en hann vildi ekki gera tilraun til þess á þessari stundu og á þessum stað.

„Jeg elska þig—jeg tilbið þig“, var allt, sem hann sagði. „Góða nótt.“

„Góða nótt, Gerald“, sagði Fidelia.

Og þar með skildu þau þetta kveld, og fóru hvert sinn veg og tilfinningar þeirra voru nokkuð ólíkar. Gerald var sannarlega einkar glaður yfir því að Fidelia elskaði hann—að vera laus við allan þínandi efa viðvíkjandi þessari þýðingarmestu von sinni í lífinu. En skilmálarnir, sem Fidelia sett fyrir, að þau mættu njótast, og erfíðleikinn að uppfylla þá, ollu honum, sem var óþolinmóður eptir að ná ráðahag við hana, hugarangurs. Hann hefði mátt vita, að fyrst að stúlkan elskaði hann, þá mundi hún á einhveru hátt gera honum auðvelt að fá ósk sína uppfyllta. Hið eina atriði í áhyggjum hans, sem vit var í, var það, að hann gat ekki verið full-

komlega einlægur við hana, því með því að vera fullkomlega einlægur hefði hann orðið að ljósta npp leyndarmáli. Hvað Fidelíu snerti, þá var hún óend- anlega ánægð, Hún hafði elskað hann frá því þau fyrst sáust; nú vissi hún að hann elskaði hana. Hún gekk út frá—hún áleit það sjálfsgagt,—að hann mundi leggja allt kapp á að koma fram augnamiði hennar, hvað snerti eptirgrenslanir viðvskjandi dauða föður hennar, og myndi gera það að áhugamáli sínu. Hún hafði til að bera alla þessa yndislegu einföldni og takmarkalaus, meðfædda traust, er konur bera til elskhuga sinna, — þá tilfinningu, „að hvað sem jeg vil að hann geri, það langar hann til að gera.“ Hún hafði líka þessa einkennilegu, kvennlegu tilfinning, að hún væri nú búin að fá verndarmann—þessa sælufullu gleði, að hún gæti nú stuðst við styrk- leika, sem væri meiri en hennar eigin styrkur. „Gerald mun gera alla hluti auðvelda fyrir mig“, hugsaði hún með sjer. Þegar hún minntist samtals síns við Bostock þennan sama dag, þá fann hún til þess hve æskilegt var að hafa verndara. Það var ekki laust við að henni stæði enn nokkrir ótti af játningu Bostocks—hinni alveg óvæntu ástajátning hans—ógnunum hans, hinni geigvænlegu yfalsýsing hans, að hann væri í raun og veru annar maður en hann ljetizt vera, og að nafn hans væri allt annað en það, sem hann gekk undir. Henni fannst hún vera nú óhult gegn allri þessari hættu—ef um nokkra hættu væri annars að tala—því Gerald mundi vernda sig.

eis
kla
ski
þá
um
til þ
mik
gru
brjó
mar
ljet
gert,


En samt fannst henni að hún gæti ekki sagt Gerald þá sögu— en sem komið væri. Svo hún hafði líka leyndarmál, sem hún varð að dylja. Dannig skildu þau, þessir einlægu álskendar, að hvort þau hefði ofurlítið á samvirkunni, er hitt mátti ekki vita að svo komnu.



En Fidelia var þó sælli en hann þótt hún segði ekki lafði Scardale frá sælu sinni þetta kveld. Hún var bæði uppburðarlítill og feimin viðvíkjandi því að játa ást sína.

XVIII. KAPITULI.




ATBURÐURINN Á ÁRBAKKANUM.

Mr. Bostock hafði ætíð verið frámunalega kurt-eis við Gerald Aspen síðan hann gerði sig sekan í klaufastykkinu við skilmingarnar. Það virtist sem skilmingakennarinn þættist aldrei geta gert nóg í þá átt, að afmá úr huga Gerald's endurminninguna um þetta óhappstrik. Gerald var allt of góðlyndur til þess, að erfa þetta hið allra minnsta. Hann var mikils til of ótortrygginn til þess, að leyfa nokkrum grun inugöngu í huga sinn eða ala nokkurn grun í brjósti. Hann var mjög hræður yfir þessari takmarkalausni og ónaðsýnlegu iðrun, sem Bostock ljét í ljósi. „Eins og hann hefði getað að þessu gert, aumingja maðurinn,“ sagði Gerald margsinnis





**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

við sjálfan sig. Honum fannst þetta öldungis eins og þegar slys vill til á veiðum, þegar bissa einhvers vinnar manns óvart meidir annan, og maður sjer strax að maðurinn, sem meiddist, finnur minna til en sá, sem alveg óvart olli meiðslinu.

Efi og grunur Ruperts Grantons hafði ekki hin minnstu áhrif á Gerald Aspen. Gerald var farið að falla vel við skilminga-keunnarann, af því að kennarinn hafði óviljandi sært hann, og var svo fjarska aumur út af því.

Gerald bauð Bostock því að borða miðdegisverð með sjer á ferðamanna-klúbbnum, og páði kennarinn það, og var gerður kunnur Krumma kapteini, sem hann gaf sig ákaflega mikið að, af því hann var einn af erfingjunum að hinum mikla demantaráma-aud, sem hann hefði heyrt svo mikið talað um. Svo bauð Krummi kapteinn, sem var góðlyndur og greiðugur, þeim Gerald og Bostock að borða miðdegisverð annað kveld með sjer á ferðamanna-klúbbnum, og þeir tóku tilboðinu og borðuðu og spjö'luðu í góðu gamni.

„Það er mjög skrítið, eins og þjer vitið“, sagði Raven kapteinn við síðari miðdegisverðinn, „að við skulum eiga að verða ríkir á þennan hátt. En heyr-ið þjer, jeg vildi óska, Aspen—gerið þjer það ekki líka?—að við yrðum ríkir—jeg meina, að við fengjum alla peningana, sem við nú eigum—nú strax? Það er hrópleg synd, að þurfa að bíða eptir þeim þangað til 1. janúar næstkomandi. Setjum

svo
ma
vita

sinn
tíðl

leið.
virð
Mr.

Aud
við.
Hjer
glys
bádir
næst
skilm
málef
breyt
hvoru
stafa
stafa
skyldi
veita
honum
D
Raven

svo, að maður dæi í millitíðinni, hvaða gagn hefur maður þá af peningunum, þætti mér gaman að vita“.

„Ekkert nema ánægjuna af, að eptirláta ekkju sinni þá“, sagði hinn alvarlegi skilminga-kennari háttíðlega.

„En jeg á enga konu“, sagði Raven, „og þar af leiðir, að jeg get ekki eptirlátid neina ekkju. Það virðist þó skynsamlega ályktað—eða er ekki svo, Mr. Bostock?“

„Jeg á heldur ekki neina konu“, sagði Gerald.

Mr. Bostock varð allt í einu mjög hljóður. Aðvitað kom þetta mál honum ekki neitt verulega við. Hvernig átti það líka að koma honum við? Hjer voru tveir ungir menn, annar þeirra fjarskalegt gylsmenni, en hinn óskabarn hamingjunnar—og báðir áttu að verða ríkir menn hinn 1. dag janúar næstkomandi—og hvað kom honum, Bostock, fátæka skilminga-kennaranum við menningar-skólann, þeirra málefni við? Hann þagði því—og umtalsefnið breyttist. Vera má, að hann hafi tekið eptir því, að hvorugum þeirra virtist hafa dottið í hug, að ráðstafa eigum sínum eptir sinn dag, ef unnt var að ráðstafa þeim, í því tilfelli að dauða annars hvers þeirra skyldi bera brátt að. En hví skyldi hann annars veita slíku nokkra eptirtekt, og hvað gat það komið honum við?

Þeir bcrðuðu miðdegisverðinn snemma, og Raven þurfti að bregða sjer eitthvað burt. Gerald

vildi koma orðsending—sjálfsagt til lafði Scardale—
 á menningar-skólann. Bostock átti heima skammt
 frá skólanum, Battersea-megin árinna, í skugga
 kirkjunnar, þar sem Bolingbroke er grafinn. Gerald
 stakk því uppá, að þeir skyldu fá sjer leiguvagn og
 aka báðir í honum til menningar-skólans og það
 gerðu þeir, og borgaði Gerald ökumanninum. Ger-
 ald skildi orðsendinguna eptir sjálfur—sjálfsagt til
 lafði Scardale—og hinir ungu menn lögðu síðan af
 stað þaðan gangandi. Dað var yndislegt, stjörnu-
 bjart kveld og mánninn skein á Thames-ána, og leit
 áin, með láglendiou Surrey megin og smátrjánnum á
 Surrey-ströndinni—, út undarlega líkt Nfl-fljótinu.
 Nætur-fegurðin hafði mikil áhrif á Gerald. Bostock
 hafði verið mjög þögull upp á síðkastið.

„Komið þjer Bostock“, sagði Gerald, „jeg ætla
 að fylgja yður á leið yfir um brúna.“

Svo hjeldu þeir yfir brúna saman, þá fóru
 þeir til baka yfir hana, efalaust hrifnir af næturveg-
 urðinni, og, ef til vill, hafði það einnig áhrif á þá, að
 hvor um sig var að hugsa um það, sem að öllum
 líkindum var einnig í huga hins.

Þegar þeir voru aptur komnir Middlesex megin
 árinna, sneri Bostock talinu skyndilega í allt aðra
 og nýja átt. Þeir höfðu verið að tala daginu og
 veginn, um fallega veðrið o. s. frv. Gerald hafði
 sjed Fideliu í hverjum stjörnu-glampa og í tungl-
 bjarmanum á hverri báru á ánni.

„Djer eruð hamingjusamur maður, Mr. Aspen“,
 sagði skilminga-kennarinn raunalegur.

sjálfu
 undr
 prófe
 maðu
 segja.
 hart f
 „
 seinle
 „
 „Dað
 sem m
 „
 nálæg
 yður f
 G
 „
 efni?“
 „S
 ástfang
 hjarta,
 og jeg
 hún lík
 sýni sk
 höfum r
 að viður
 árum, e
 sannarle
 ingju.“

„Er jeg það?“ spurði Gerald, en svaraði svo sjálfum sér glæðlega. „Já, jeg hef sannarlega verið undrunarlega hamingjusamur nú upp á síðkastið, prófessor Bostock. Jeg á í vændum að verða ríkur maður með byrjun næsta árs; en mjer er óhætt að segja, að allt til þessa hef jeg orðið að berjast allhart fyrir lífinu“.

„Ó, en það er ekki einungis það“, sagði Bostock seinlega.

„Ekki einungis það?“ át Gerald eptir honum. „Það er þó æði mikið, eða er ekki svo, fyrir mann, sem má heita vera að eins að byrja lífleid sína?“

„Já, það er æði mikið, en það er ekki allt, eða nálægt því allt“, sagði Bostock. „Þjer hafði áunnið yður fleira en peninga; þjer hafði áunnið yður ást“.

Gerald varð bilt við:

„Hvað eigið þjer við? Því talið þjer um þetta efni?“ sagði hann.

„Sökum þess“, sagði Bostock, „að jeg hef verið ástfanginn sjálfur; sökum þess, að í brjósti mjer er hjarta, til að finna til, og jeg hef augu til að sjá með, og jeg veit hversu forlögin eru yður hliðholl — og hún líka. Reiðist mjer ekki, og álstið ekki að jeg sýni skort á nákvæmni með þessu, Mr. Aspen. Við höfum róið á sama skipi í langan tíma, þótt jeg verði að viðurkenna, að við höfum ekki róið með sömu árum, eins og sagt var í spaugi til forna. Við höfum sannarlega ekki þegið sömu gáfu, þokka og hamingju.“

„Heyrið þjer Bostock“, greip Gerald fram í snögglega og með glæðlyndi æskumannsins, „þjer hafid þó aldrei verið að reyna að fyrirbyggja, að poka kæmist inn?“*

„Fyrirbyggja að poka kæmist inn? Hvaða poka? Jeg skil yður ekki til fullnustu, Mr. Aspen“, sagði Bostock. „Það er engin poka nú; það er fullt tungl og glæða tungla-ljós—lítið á! Jeg er alls ekki snjall í neinu, nema skilmingum. Jeg er mjög gáfnadaufur, eins og þjer vitið. Hvað meinið þjer með þessu, að fyrirbyggja að poka komist inn?“

„Nú, svo jeg segi yður bláberan sannleikan, þá datt mjer í hug að þjer kynnuð ef til vill að hafa drukkið heldur mikið á ferðamanna-klúbbnum“, sagði Aspen.

„Drukkið? Ó, nei, Mr. Aspen“, sagði Bostock; „jeg drekk mjög lítið. Jeg hef ekki efni á að drekka mikið, og hvað“, bætti hann við og brosti vessældarlega, „mundi verða um úlfiðs-afli og tauga-styrk þess skilminga-kennara, sem drykki?“

„Þjer hafid satt að mæla“, sagði Aspen, „og jeg bið yður fyrirgefningar, því mjer er vel kunnugt um, hvað vel þjer skilmist. En mjer fannst samt sem áður, að þjer væruð að tala dálítið út í hött—og um hluti, sem varla kæmu yður við.“

„Já, en mjer koma þessir hlutir við“, sagði Bostock alvarlega, „að miunsta kosti að vissu leyti.

*) Sama og að segja: Þjer hafid þó ekki drukkið yður fullan?

Jeg býs
leið fyrir
sjónarsv
aldrei ha
mönnum
ur að vin
það var
aldrei ge

„Í h
og staðn
sjerlega
um, mað
við mig u

„Dje
yður“, sa
að tala vi
þjer áltið
yður, að j
sem mjer
frá uppha
vinna mitt
Locke.“

„Mjer
vera að tal
Aspen. „
neitt við“.
„Ekki
sneri lófun
fyrirgefning

rald fram í
ansins, „Þjer
rbyggja, að

nn? Hvaða
Mr. Aspen,
það er fullt
er alls ekki
eg er mjög
meinið þjer
ist inn?“
nnleikan, þá
vill að hafa
-klúbbum“,

ði Bostock;
i efni á að
ð og brosti
fl og tauga-
i?“

oen, „og jeg
el kunnugt
fannst samt
út í hött—

við“, sagði
vissu leyti.
ekki drukkið

Jeg byst samt við, að allt mundi hafa farið sömu leið fyrir mjer, þótt þjer hefðuð aldrei komið fram á sjónarsviðið. Jeg smynda mjer, að henni mundi aldrei hafa þótt vænt um mig; og af öllum þeim mönnum, sem jeg hef sjeð, get jeg betur unnað yður að vinna ást hennar, en nokkrum öðrum—fyrst það var eins víst og skapadómur minn, að jeg hefði aldrei getað það.“

„Í hamingju þessum, Mr. Bostock,“ sagði Aspen og staðnæmdist skyndilega og sneri sjer að hinum sjerlega fjelaga sínum. „Hvað eruð þjer að tala um, maður—og því í ósköpunum eruð þjer að tala við mig um þetta?“

„Djer vitið mikið vel um hvað jeg er að tala við yður“, sagði Bostock, „og orsökkin til þess, að jeg er að tala við yður um þetta er sú, að jeg vil ekki, að þjer áltíð mig verri en jeg á skilið, eða smyndið yður, að jeg hataði yður, þótt yður heppnaðist þar, sem mjer öldungis misheppnaðist—og þar sem jeg frá upphafi aldrei hafði hið minnsta tækifæri til, að vinna mitt mál. Jeg er að tala um Miss Fidelíu Locke.“

„Mjer væri kærara, Mr. Bostock, að við ljætum vera að tala um Miss Locke, ef yður þóknast“, sagði Aspen. „Jeg get ekki sjeð, að yður komi hún neitt við.“

„Ekki neitt“, sagði Bostock, ypti öxlum og sneri löfunum út, eins og hann bæði auðmjúklega fyrirgefningar. „Djer hafið rjett að mæla—hún

kemur mjer ekkert við. En jeg neyti þess rjettar, sem sjerhver lifandi maður hefur til að elska hverja þá konu, sem virðist verðskulda ást karlmanns. Svo jeg hef elskað Fidelíu Locke all-lengi. Er jeg glæpamaður fyrir það? Get jeg að því gert? Jeg hef sjeð hana, talað við hana, skilmast við hana á hverjum degi. Er jeg áfellisverður fyrir það, þótt jeg hafi mannlegar tilfinningar, og hún sje dýrdleg stúlka?“

„Jeg áfelli yður vissulega ekki,“ sagði Gerald blíðlega. Þetta kom svo flatt upp á hann og var svo óvænt. Hann hafði aldrei vitað neitt um þetta—aldrei dottið það í hug—áður. Houum virðist skilmingakennarinn standa hjer um þil á sömu tröppu og hárbúnaðar-maðurinn, er kom til þess að jafna hárlokka hiana ungu kvenna á menningarskólanum. En Gerald fanust að sílk einlægui lýtu sjer í orðum veslings kennarans, að hann í almætti sigurs síns og vissuani um sigur sinn, fann til gullugrar meðaumkunar með manni þessum, er ekki hafði einu sinni dríft að freista gæfu sinnar.

„Það gleður mig að heyra þetta af yðar munni,“ svaraði Bostock auðmjúkur. „Jeg vildi gjarna halda yðar góða álit. Jeg vildi gjarna, að þjer fenguð að vita, hve algerlega jeg skil, að jeg hafði alls engan mögulegleika frá því fyrsta til að fá hana—gat aldrei haft neinn mögulegleika—og að þjer gleður mig innilega, að hún gaf yður ást sína, en ekki þessum manni, Granton.“

„Jæja,“
ekkert um
hvort Gran
allt í hu
það hvorki
árt að bin
að það tek
eptir en áð
karlmannle

mannfærður
nafn frammar

„Nei,“
kefð. „Je

nsau. Jeg

Mig langaði
vernig kon

skap, engan
þjer hefði

þokkurs þes
þ jeg veit,

eg sagt yðu
er til haming

ændum, og
amingju yð

erð aptur
ennari. Ó,

sinnt neitt
„Hún?“
„Já, Mis

„Jæja, jeg held við gerðum rjettast í að tala þekkt um þetta efni,“ sagði Gerald. „Jeg veit ekki hvort Granton hefur nokkurn tíma dottið nokkuð allkt í hug. Undir öllum kringumstæðum kemur það hvorki yður nje mjer neitt við. Ef þjer eigið um márt að binda, Mr. Bostock, þá megið þjer trúa því, að það tekur mig sárt, og jeg hef meira álit á yður eptir en áður fyrir það, og fyrir hve drengilega og karlmannlega þjer hafið talað um þetta. En jeg er sannfærður um, að við ættum aldrei að nefna þetta á nafn frammar.“

„Nei, nei, sannarlega ekki,“ sagði Bostock með áskelfð. „Jeg hef nú fullkomlega ljett þessu af hjarta mínu. Jeg hef sagt allt, sem jeg hafið að segja. Mig langaði til að þjer fengjud að vita, að jeg skildi hvernig komið væri, og að jeg bæri engan fjanðskap, engan illan hug til yðar, og að jeg vissi vel, að þjer hefðuð ekki verið þröskuldur milli mín og þokkurs þess, er hefði getað orðið mitt—sökum þess, að jeg veit, að það gat aldrei orðið mitt. Nú hef jeg sagt yður allt saman, Mr. Aspen. Jeg óska yð-
 ar til hamingju með eignir þær, sem þjer eigið í hændum, og sömuleiðis með hina aðra og enn meiri hamingju yðar. Og nú sleppi jeg þessu efni, og erð aptur hinn alvarlegi, nægjusami skilminga-
 mennari. Ó, að eins eitt orð enn: Hefur hún aldrei minnst neitt á þetta við yður?“

„Hún?“ sagði Gerald.

„Já, Miss Locke, náttúrlega,“ sagði Bostock.

„Hún? Blessaðir verið þjer, maður, hvernig hefði hún átt að vita nokkuð um þetta?“ sagði Aspen.

„Já, það er alveg satt,“ sagði Bostock, eins og í þönkum; „hvernig ætti hún að vita það? Það er alveg satt—hvernig ætti hún að vita það?“

Það var nú eitthvað það í rödd Bostock's, sem snart taugar Aspens óþægilega.

„Jeg býst ekki við að þjer hafði nokkurn tíma reynt að skýra henni frá þessu?“ sagði Aspen.

„Mjer datt í hug, að hún hefði ef til vill getið sjer það til,“ sagði Bostock auðmjúkur; „konur eru svo fljótar og fimar á að geta sjer slíka hluti til. Og mjer datt í hug, að hún kynni að hafa sagt yður það; stúlkunum þykir svo gaman að segja mönnunum, sem þær elska, frá mönnunum, sem hafa elskað þær.“

Það var eitthvað í þessu samtali, sem egndi Aspen svo upp, að hann poldi það ekki, þótt hann álití, að orsökkin væri sú, að Bostock kæmi klaufalega orðum að því, sem hann var að segja. Samt sem áður gat hann ekki polað, að nafni Fidelíu væri blandað inn í slíkt tal.

„Til þess að gera skjótan enda á þetta mál, Bostock,“ sagði hann, „þá held jeg að Miss Locke hafi aldrei nefnt yður á nafn við mig.“

Var það þetta, sem Bostock vildi komast eptir? Var það þetta, sem hann hafði verið að leiða talið að? Vildi hann fullvissa sig um, að þessi eina til-

raun ha
Aspens
yrði va
vill svo
hann ur

„H
konum l

„Já
sem Asp

„Þá
skjótleg

sagði Bo

„Já,
irnar þe

hluta“, s
var ætíð

Og svo e
vantar se

Jafet Bla

„Já,
inga-kenn

„Hal
á sínum t

hann er h

ið þjer ve

með að ná

„Þeki
óviðfeldnu

„Nei,

ur, hvernig
etta?“ sagði

sk, eins og í
? Dað er al-

stock's, sem

okkurn tíma

Aspen.

til vill getið

kur; „konur

ika hluti til.

fa sagt yður

ja mönnum-

hafa elskað

sem egndi

, þótt hann

í klaufalega

Samt sem

Fidélú væri

þetta mál,

Miss Locke

omast eptir?

leiða talið

ssi eina til-

raun hans að ná ástum, hefði ekki komið til eyrna
Aspens, svo að Aspen fengi óvildarhug til hans og
yrði var um sig gagnvart honum? Þessu var ef til
vill svo svarað. Hvað sem þessu leið, þá breytti
hann umtalsefninu skyndilega og sagði:

„Hvað skyldi þá hafa orðið af þessum náunga-
honum Ratt Gundy?“

„Já, hvað skyldi hafa orðið af honum“, var allt,
sem Aspen svaraði.

„Dað var kynlegt, að hann skyldi hverfa svona
skjótlega, áður en búíð var að skipta peningunum“,
sagði Bostock.

„Já, en jeg þori að segja, að hann kemur í leit-
irnar þegar sá tími kemur, og gerir tilkall til síns
hluta“, sagði Aspen. „Gætið þjer að því, að hann
var ætíð ferðalangur, og brokkaði um allan höttinn.
Og svo er hann ekki hinn eini af erfingjunum, sem
vantar sem stendur. Hvar skyldi þessi ungi maður,
Jafet Bland, vera?“

„Já, hvar skyldi hann vera?“ endurtók skilm-
inga-kennarinn.

„Haldið þjer ekki að hann muni koma í leitirnar
á sínum tíma?“ spurði Gerald með fyrirleitningu. „Ef
hann er hið allra minnsta líkur föður sínum, þá meg-
ið þjer vera viss um, að hann situr sig ekki úr færi
með að ná í peninga.“

„Þekkið þjer föður hans?“ spurði Bostock í
óviðfeldnum róm.

„Nei, jeg þekkti aldrei föður hans; en Set Chick

ering sagði mjer nákvæmlega af honum og—“, sagði Aspen.

„Og Ratt Gundy?“ spurði Bostock.

„Og Ratt Gundy; já“, sagði Aspen.

„Dessir menn hafa, ef til vill, verið fjandmenn hans,“ sagði Bostock.

„Hvað sem því liður, þá kemur það hvorki yður eða mjer við“, sagði Gerald snögglega, því honum var farið að leiðast samtalið.

„Þjer grunnið Ratt Gundy þá alls ekki“, sagði Bostock.

„Gruna hann um hvað?“ sagði Gerald.

„Um morð Sets Chickering“, svaraði Bostock.

„Og hvaða vitleysa! Hví skyldi jeg gruna hann?“ sagði Gerald.

„Nú þjer vitið, að fólk grunaði hann; hann var einmitt á blettinum, þar sem morðið var framið“, sagði Bostock.

„Já, hann gerði fyrstur aðvart um morðið; hann reyndi að stöðva manninn, sem var að flýja burt. Fjandinn hafi það allt saman, Bostock“, sagði Aspen, því endurminningin um morðið ruddist fram í huga hans. „Þjer sóruð sjálfur fyrir rjetti, að þjer hefðuð sjed einmitt sama manninn og hann lýsti einmitt þetta sama kveld.“

„Það gerði jeg, og jeg sá hann líka“, sagði Bostock. „En það getur hugsast, að hann hafi verið sendur pangad; það getur verið að hann hafi verið keyptur til að gera þetta bragð, og að annar maður

hafi se
það, að
andlit
kveld?

„E
minn k

hjá okk

„R

jeg and

líktist a

inu hjá

andlitur

lórum

verkstæ

af fólk

„Já

„Já

andlit“

„Hy

hittst sv

Hvað ser

mjer, að

mig, og j

hefði þan

honum ef

Við erum

ur okkar,

Já,“

alíkir men

hafi sett hann þarna, til að villa fyrir. Vitið þjer það, að mjer fannst einmitt eins og jeg sæi þetta andlit rjett hjá okkur—yður og mjer—einmitt í kveld?“

„Rjett hjá okkur“, hrópaði Gerald. „Nei, minn kæri Mr. Bostock, yður er að dreyma. Rjett hjá okkur? Hve nær og hvar?“

„Rjett eptir að við komum út úr skólanum, sá jeg andliti bregða fyrir og skjótast fram hjá mjer, er líktist andliti hans, þegar við vorum í dimma stræti-
inu hjá skólanum. Jeg gleymi ekki auðveldlega andlitum“, sagði Bostock. „Vissuð þjer hvar við fórum fram hjá litla eykur-verkstæðinu, sætinda-
verkstæðinu, eða hvað það nú er? Þar kom hópur af fólki út úr því, vinnudrengir og vinnustúlkur—“

„Já, já, jeg sá það—“, sagði Gerald.

„Jæja, í þeim hóp virtist mjer, að jeg sæi þetta andlit“, sagði Bostock.

„Hvada vitleysa“, sagði Gerald; „það hefur hittst svo á, að það hefur verið einhver líkur honum. Hvað sem þessu líður, þá get jeg ekki ímyndað mjer, að hann langi sjerlega til að myrða yður eða mig, og jeg ímynda mjer líka að jafnvel þó hann hefði þann ásetning, þá ættum við að geta varist honum ef hann að eins ræðst ekki aptan að okkur. Við erum karlar, sem erum færir um að verja hendur okkar, þjer og jeg“.

Já,“ svaraði Bostock hryggur í bragði, „en allkir menn sækja vanalega aptan að manni.“

„En hvað í ósköpunum gæti honum gengið til, að ráðast á yður eða mig?“ sagði Gerald.

„Honum gæti ugglaut ekkert gengið til að ráðast á mig“, sagði Bostock. „En setjum svo, að hann vildi losast við yður?“

„Jæja, hvað gott gæti hann haft af því?“ sagði Gerald.

„Dá mundi verða enn einum færra“, sagði Bostock.

„Einum færra?“ sagði Gerald.

„Einum færra af þeim, sem kröfu gera til arftökunnar—einum færra, fyrir utan Set Chickering“, sagði Bostock. „Degar auðnum verður skipt í janúar, þá fengju þeir, sem lifa, þeim mun meira.“

„Mordingiinn fengi meira?“ sagði Gerald. „Hinn dularfulli vinur okkar með hárlubban og rauða skeggið fengi meira?“

„Ó, nei—maðurinn, sem setti hann út, fengi meira—Ratt Gundy, ef til vill—hver veit“, sagði Bostock.

Gerald skelli-hló. „Mr. Bostock“, sagði hann, „þjer hefðuð átt að stunda mína iðn; þjer hefðuð átt að vera blaðamaður. Eða öllu heldur, þjer hefðuð átt að rita spennandi skáldsögur. Jæja, jeg verð að fara heim. Góða nótt; og hugsid nú ekkert meira um þessa ímynduðu hættu.“

„Dað er hættu fyrir yður, en ekki fyrir mig“, sagði Bostock.

„Jeg veit, að þetta er mikið vinsamlegt af yður,

gengið til,

gíð til að
m svo, að

ví? sagði

ra“, sagði

ra til arf-
nickering“,
ript í jan-
eira“.

ald. „Hinn
og rauða

út, fengi
bit“, sagði

gði hann,
hefðuð átt
er hefðuð
g verð að
ert meira

rir mig“,

t af yður,

en það er engin hættu á ferðum fyrir neinn mann. Og svo, góða nótt;“ sagði Gerald.

„Jeg vildi, að þjer leyfðuð mjer að ganga með yður,“ sagði Bostock í undarlega biðjandi róm.

„Dví í ósköpunum ætluð þjer að ganga með mjer?“ sagði Gerald.

„Sökum þess, að það er orðið framorðið og dimmt, og andlit þessa manns ónáðar mig—og honum kæmi aldrei til hugar að ráðast á tvo menn—og jeg hef afar-sterka arma“, sagði Bostock.

„En góði kunningi, þetta er allt of hlægilegt;“ sagði Gerald. „En jeg er yður samt sem áður mikið þakklátur, Bostock,“ hann breytti skyndilega rödd sinni, því hann var hræður yfir hinni vingjarnlegu, þó nokkuð heimskulegu áhyggju Bostocks viðvíkjandi sjer. „Jeg veit að þjer eruð vænn maður, og jeg óska yður hamingju í öllum hlutum, kunningi, nema í því eina, sem jeg get ekki óskað neinum hamingju í nema sjálfum mjer.“ Hann talaði í róm sem lýsti meðaumkun og góðvild, því hann var færrinn að álíta, að hann hefði gert Bostock rangt til í hjarta sínu. En hann vildi ekki heyra það nefnt, að Bostock fylgdi honum lengra, svo þeir buðu hver öðrum góða nótt Chelsea megin við brúna, og skildu þar.

Gerald kveikti í vindli, og labbaði í hægðum sínum eptir uppháðna Thames-ir bakkanum. Hann hugsaði ekki mikið um það, sem Bostock hafði verið að segja honum. Honum þótti skoðun Bostocks

viðvíkjandi Ratt Gundy dálftið broslæg. Þar eð hann vissi, hver Ratt Gundy var, þá var ekki nema eðlilegt, að hann henti gaman að skoðun hans með sjálfum sjer. Hugmyndin, að dularfullur rauðskeggjaður morðingi gengi í kring og dræpi menn eptir föstum reglum, til þess að framfylgja frumreglenni um vaxandi líffrentu viðvíkjandi skipting hins mikla auðs, virtist honum allt of hlægileg, jafnvel fyrir spennandi skáldsögu. Satt að segja dvöldu hugsanir hans mest við ástamál hans og Fidelfu Locke. Það er undravert, hvernig alheimurinn getur hvorfið svo í tilveru unnustu ungs manns, að ekkert annað virðist vera þess vert, að því sje gefinn augnabliks gaumur.

Gerald gekk fram hjá smáhópum af fólki, ungum mönnum og ungum konum, er gekk samsíða, þrjár, fjórir og sex í röð, í óskipulegri fylking, eður stundum í allþjettum röðum, þar sem armar elskhuganna láu utan um mitti, er samþykktu það nauðungarlaust. Margur vegfarandinn gekk á eptir honum og fór fram hjá honum, eða sneri út af leið og fór í einhverja aðra átt. Hann gaf þeim engar gætur. Brátt tók upphlaðni árbakkinn að verða einmanalegri. Eitt augnablik þrengdi sú hugsan sjer undarlega inn á hann, að hann væri nær því aleinn hjer á ferð; hann gat að eins heyrt fótatak eins manns á eptir sjer. En þegar hann gekk fram hjá einum af bekkjunum, virtist honum að hann sæi mann liggja á honum. En þetta er nú reyndar ekk-

ert
sjá
upp

ing
það
á up
sínu
getu
my
um
nokk
Dett
öllur
einhv

alds
ingja
bland
náni
að ha
brosti
hveik

A
eldspy
niður
varið,
niður-
sverðs

ert óvanalegt. Í öllum veðrum, vetur og sumar, sjást menn hvíla alla nóttina á bekkjunum á hinum upphlaðna Thames ár bakka.

Það er sorglegt umhugsunarefni fyrir stjórnfræðingana—þegar þeir hafa tíma til að athuga það—að það skuli vera til karlar og konur, sem gera bekkina á upphlaðna Thames-ár bakkanum að svefnerbergi sínu alla nóttina, bæði sumar og vetur. Og eitt getum vjer verið vissir um, það nefnil, að fólk þetta myndi ekki sofa þar í vetrar-pökunni, vor-næðingunum og nístandi haustuætur-kulda, ef það gæti á nokkurn hátt fengið hlýrri og þægilegri hvíluúrú. Þetta er sannleikur sem stjórnámálamenn verða að öllum líkindum að taka nákvæmlega til slugunar einhvern tíma.

Eitthvað þessu líkt flaug í gegnum huga Gerald's þegar hann sá, eða þóttist sjá, útskúfaða aum-ingjann liggja á bekknum. En önnur hugsun blandaðist saman við þetta, því honum virtist, þegar nániun brá birtu sinni á andlit hins sofanda manns, að hann hefði rauðan hárlubba og rautt skegg. Svo brosti hann að heimsku sinni, og nam staðar til að hveikja í öðrum vindli.

Á sama augnabliki og eldurinn blossaði upp á eldspýttunni, virtist honum sem öðrum blossa slægi niður á hann að baki til. Þessum blossa var þannig varið, að hann gat vel hafa verið elding, sem sló niður—eða hann gat orsakast af hinu snögga, skarpa sverðshöggi, er sóstingur veitir. Honum varð það

að eins snöggvast ljóst, að eitthvað hefði komið fyrir hann—eitthvað hefði komið aptan að honum og slegið hann. Vindillinn fjell úr munninum á honum—eldspýtan fjell snarkandi og glansandi niður á steinlagða strætið; hann snarabíst við, og sá vissulega mann með rautt hár og rautt skegg, er sló til hans hvað eptir annað; hann reyndi að hafa hendur á ofríkismanninum, og fjell svo yfirkominn til jarðar. Því næst heyrði hann glöggt hina kunnugu rödd prófessor Bostocks og að hann hrópaði upp: „Dú morðingi—þú þrælmanni! Nú hef jeg ráð í þig. Nei, jeg skal aldrei sleppa þjer, nema þú drepir mig, eins og þú hefur drepit hann“. Og nú virtist honum að hann skilja allt saman, að Bestock hefði fylgt honum eptir, til þess að halda verndarhendi yfir honum. Hann reyndi til að rísa á fætur, til þess að aðstoda Bestock gegn morðingjanum, sem nú hefði að eins Bestock að eiga við, en þá gagntók hann einhver sjerleg, sæt og sefandi tilfinning—tilfinning um fróun og preytu og hvíld—og honum fannst eitt augnablik—eitt yndislegt augnablik—að hann sæi andlit beygja sig ástúðlega niður að honum ofan úr hinum stirnda himni—og því næst lukust augu hans máttvana aptur, og Bestock, morðinginn, ryskingarnar og hætta, sem Bestock var staddur í, allt var gleymt, og Gerald fjell í ómegin.

V
 er hon
 að han
 var að
 hafði f
 hann h
 að hafa
 hvaða
 „E
 Bostoc
 dauður
 með ha
 lögregl
 þspu l
 falla ni
 kallaði
 sagði:
 „H
 verði á
 verið ge
 svo vilj

Arnþjótur B. Olson

XIX KAPÍTULI.

GERALD TALAR ÓRÁÐ.

Veslings Gerald hafði öldungis rjett fyrir sjer, er honum virtist að hann þekkja rödd Bostocks og að hann hefði komið honum til hjálpar, þegar hann var að missa ráð og rænu eptir högglið, sem hann hafði fengið. Því Bostock stóð yfir honum þar sem hann hafði fallið—og var aleinn. Morðinginn hlaut að hafa sloppið, og Bostock var að rannsaka, fyrir hvaða meidsli Gerald haði orðið.

„Fjandinn sjálfur haf þáð nú allt saman“, sagði Bostock í lágum róm, „þessi náungi er þá ekki dauður enn þá“, og svo gerði hann skjóta hreifingu með hægri hendinni, en heyrði í sama bili hvatlegt lögreglupjóns-fótatak, og hið skerandi hljóð úr einni pípu lögreglu-liðsins. Hann ljét höfuð Gerald's falla niður, og þölvaði um leið í hljóði. Því næst kallaði hann til hins komandi lögreglupjóns og sagði:

„Heyrið þjer, segi jeg, því eruð þjer ekki á verði á þessum upphlaðna árbakká? Hjer hefur verið gerð tilraun til að fremja morð, og hefði ekki svo viljað til, að jeg var hjer nærstaddur, þá hefði

það orðið algert morð. Blístrið þjer aptur eptir floirum af mönnum yðar; þessi veslings piltur er hættulega meiddur“.

„Hver gerði þetta?“ spurði lögregluþjónninn.

„Hvernig í fjandanum ætti jeg að vita það?“ sagði Bostock. „Maður með rautt skegg—ræningi-fimynda jeg mjer. Hann hljóp upp strætið þarna í áttina til Strand. Hann stakk mig í handlegginn; annars hefði jeg getað haldið houum.“

„Var þessi veslings piltur vinur yðar?“ spurði lögregluþjónninn, og lypti höfði Geralds upp mjúklega og gætilega.

„Já, hann var það. Hvert eigum við að fara með hann?“ sagði Bostock.

„Sjálfsagt á Charing Cross sjúkrahúsið. Jeg skal útvega vagn“, sagði lögregluþjónninn.

Nú voru tveir eða þrjár lögregluþjónar komnir til þeirra, og nokkur hópur af nætur-flækingum hafði safnast utan um þá—menn, er sofið höfðu á upphlaðna bakkanum, konur, er sofið höfðu á upphlaðna bakkanum, og börn, er sofið höfðu á upphlaðna bakkanum. Vaginn var fenginn, fjórhjólaur vagn, og Gerald, sem enn var í ómegn, var lagður í hann; og Bostock og lögregluþjónninn fluttu hann til Charing Cross sjúkrahússins.

Gerald var borinn þar inn, og sáralæknir sjúkrahússins skoðaði hann. Hann hafði fengið nokkur þung högg á höfudið, er virtust hafa verið greidd með einhverju vopni, er líktist stuttum lífbjargarstaf úr járn.

„De
fang
stein
mig
finnu
hvað
lífbja
ákefð
að kom
”
þjónn
í byrju
ili. ”
væri ek
áverkar
”Ó
Sá
legginn
sár—ek
þössunar
legt, hva
sitt. Ha
næst hje
lögreglus
upphlaðna
gerð, og
liggjandi
gerður í A

„Skotið þjer til“, sagði Bostock í lágum róm.
 „Degar jeg var búinn að taka rauðhærða manninn
 fangbrögðum, þá heyrði jeg eitthvað detta niður á
 steinstjettina, áður en hann tók upp hnifinu og stakk
 mig með honum. Ef við förum þangað strax aptur,
 finnum við sjálfsagt þennan hlut, sem fjell niður,
 hvað sem það nú var; mjög líklegt að það hafi verið
 lífbjargar-stafur“. Hann talaði með allri þeirri
 ákefð, er sá maður lætur í ljósi, sem umhugað er um,
 að koma morðingja vinar síns í hendur rjettvísinnar.

„Gott og vel. Mr. Bostock“, sagði lögreglu-
 þjónninn í hluttekningar-róm. Bostock hafði strax
 í byrjun skýrt honum frá nafni sínu, stöðu og heim-
 ili. „Við skulum fara þangað að vörmu spori. En
 væri ekki betra fyrir yður, að láta læk'nirinn líta á
 áverkan á handleggnum á yður?“

„Ó, það er enginn hlutur“, sagði Bostock í flyti.
 Sárálæk'nirinn skodaði samt sem áður hand-
 legginn á Bostock og sá, að á honum var all djúpt
 sár—ekki neitt hættulegt, en þó svo, að það þurfti
 þössonar við. Lækninum fannst það dálítið kyn-
 legt, hvað Bostock var öldungis kærulaus um sér-
 sitt. Hann batt um sárið til bráðabyrgðar, og því
 næst hjelt Bostock og lögregluþjónninn á næstu
 lögreglustöð. Á leiðinni leitudu þeir á staðnum á
 uppbláðna bakkanum, þar sem morðtilraunin var
 gerð, og þar fundu þeir líka lítinn lífbjargar-staf,
 liggjandi á steinstjettinni, er leit út fyrir að vera
 gerður í Amerísku, og sem vel var hægt að bera upp.

í erminni. Lögregluþjónninn tók þetta þögula vitni í málinu í vörslur sínar og fór með það á lög-reglu stöðina. Þar sagði Bostock alla sögu sína.

Það var enn ekki líðið langt fram yfir miðnætti. Bostock áleit, að hann gerði rjettast í að finna Rupert Granton, og leggja honum á herðar þá sorglegu skyldu, að segja lafði Scardale og Miss Locke þessa llu fregn. Hann vissi, að Granton kom opt á ferða manna-klúbbinn, og hann hafði heyrt hann sjálfan segja, að hann væri einn af stofnendum hans. Hann hugsaði sjer að leita hans fyrst á klúbbnum, og væri hann ekki þar, þá gæti hann, ef í nauðirnar ræki bringt á Claridge-hótelinu og heimtað að finna Mr Granton. Það var enginn efi í huga hans um það, að Granton væri rjetti maðurinn til að flytja þessa fregn. Eins og nú stóð á, gat Bostock ekki í fregnina sjálfur. Honum var umhugað um, að bæta fyrr sjálfum sjer með hinni hetjulegu hlutdeild, sem hann átti í að frelsa Gerald; og ef hann að eins gæti komið þeirri skoðan inn hjá Granton, að hann hefði frelsað lif Gerald, þá gæti Granton komið lafði Scardale á sömu skoðun—og Fidelíu líka. Granton var því maðurinn, er hann þurfti fyrst að finna og koma á þessa skoðun.

Hamingjan hgaði því svo til, að hann fann Granton á ferðamanna-klúbbnum, þar sem hann var all drekka út miðnættið—lítið annað. Granton kom út til hans með vindil í munnum og reykti. Hann varð sjáanlega forviða yfir, að sjá Bostock, en bældi strax undran sína niður.

Mr. G
ton ku
yður
einn v
F
óákveð
Bostoc
hafði k
þau lei
sljó, og
hans ein
Bostock
ingarlau
um dagi
varan un
borgari o
skaðaði e
verið á m
við annan
verða ald
ljet hann
og beið e
að segja,
„Laur
yðar, Mr.
Bostock.
Þegar

„Jeg vona, að jeg hafi ekki gert yður ónæði, Mr. Granton“, tók Bostock til máls.

„Enginn hlutur gerir mjer ónæði“, sagði Granton kurteislega. „Viljið þjer ekki koma inn og fá yður dálftið af brennivíni og sóðavatni, og reykja einn vindil?“

Frá fyrstu byrjun hafði Granton einhvern óákveðinn ýmigust og vantraust á Bostock. Augu Bostocks höfðu sífellt verið honum ráðgáta. Hvar hafði hann sjöð þessi augu?—og hvers vegna höfðu þau leiptrað svo mjög þá, en voru nú svo dauf og aljóf, og hví stóðu þau ætíð fyrir hugskotssjónum hans eins og þau tilheyrðu öðru andliti? Hví hafði Bostock, sem var snillingur að skilmast, gæðshræringarlaust, gert hin klaufalegu misgrip á sverðunum um daginn? Allar þessar spurningar gerðu Granton varan um sig. Bostock gat verið eins heiðarlegur borgari og hann var góður skilmingamaður, en það skadaði ekki að vera um sig. Granton hafði verið á mörgum stöðum, þar sem líf manns gat legið við annan hvern dag, að vera ætíð var um sig og verða aldrei uppnæmur af nokkrum hlut. Þess vegna ljét hann nú enga undran í ljósi við komu Bostocks, og beið eptir að heyra, hvað Mr. Bostock hefði að segja.

„Launmörðingi hefur rjett nýlega ráðið á vin yðar, Mr. Aspen, á uppbláðna ár-bakkanum,“ sagði Bostock.

Þegar Granton heyrði þetta, yfirgaf rósemi hans

hann hálftrúgnablik, og regluleg undran sást á honum.

„Launmordingi ráðist á hann—á upphlaðna árbakkanum!“ sagði hann. „Meinið þjer ribbald—eða ræningja? Er hann mikið meiddur?“

„Jeg sá um, að hann væri fluttur til Charing Cross-sjúkrahússins. Hann er mikið meiddur. Hann var alveg meðvitundarlaus þegar jeg skildi við hann,“ sagði Bostock.

„Jæja,“ sagði Granton rólega, um leið og hann gekk til klæðaherbergisins til að sækja sjer þunnan yfirfrakka til að fara í. „Jeg ætla að fara og sjá hann. Jeg þekki handlækninn á Charing Cross-sjúkrahúsinu. Jeg er viss um, að hann lofar mjer inn.“

Langar þjer ekki til að heyra hvað skeði?“ spurði Bostock rólegur.

„Nú—jeg held að þjer hafið sagt mjer allt—sem þjer vitið,“ sagði Granton. „Djer álftrúgn, að launmordingi hafi ráðist á hann. Sáuð þjer viðureign þeirra?“

Hin algerða rósemi Grantons var hálfgerð ráðgáta fyrir Bostock, og gerð honum gramt í geði.

„Já, jeg sá hana,“ sagði Bostock Ólundarlega. „Djer virðist ekki hugsa mikið um þetta.“

„Kæri Mr. Bostock, hvaða gagn er að því, að hugsa mikið um nokkurn hlut í annari eins veröld og þessari?“ sagði Granton. „Eini vegurinn er, að reyna að gera eitthvað. Nú ætla jeg strax að fara

að finn
nokku
st ept
litið þj
Bo

lega, þ
þjóst ek
Granton
og einni

„Ó!
Sami ma
Chickeri

„San
„For

sem sjerle
Granton.

þetta kve
tækifærið.

„Við
lega. „E

væri hann

„Forsj
inn, Mr. B

regið mjer
nra viðvsk

„Jeg g
fni. D. S. á

num að den
„Ó, svo

að finna vin minn Aspen, og vita, hvort jeg get nokkuð hjálpað honum. Því næst fer jeg að grænslást eftir, hver þessi dularfulli launmörðingi er. Alltíð þjer í raun og veru, að það sje launmörðingi?"

Bostock sagði sögu sína í fáum orðum og kuldalega, því honum fjell ekki viðmót Grantons, og bjóst ekki við að fá mikla frægð af sögu þeirri, er Granton mundi segja lafði Scardale af atburðinum— og einnig Fideltu.

„Ó!—þessi rauðskeggjaði maður er aptur á ferli? Sami maðurinn og þjer og jeg sáum kveldið sem Set Chickering var myrtur?“ sagði Granton.

„Sami maðurinn,“ sagði Bostock.

„Forlög yðar virðast leiða yður á þá staði, þar sem sjerlegir atburðir ske, Mr. Bostock,“ sagði Granton. „Dað gleður mig, að yður bar að í tíma þetta kveld. Við komum báðir heldur seint við hitt tækifærið.“

„Við gerðum það,“ sagði Bostock hryssingslega. „Ef jeg hefði ekki verið á eftir Mr. Aspen, væri hann ekki lifandi á þessu augnabliki.“

„Forsjónin virðist hafa tekið í taumana í þetta sinn, Mr. Bostock,“ sagði Granton alvarlega. „En—þegid mjer eitthvað þjer nokkra kenningu fram að þessa viðvikjandi öllu þessu.“

„Jeg get ekki annað, en haft kenningu í þessu sinni. Dað á sjer stað eitthvert samsæri gegn erfingjunum að demanta-auðnum—“ sagði Bostock.

„Ó, svo það er kenning yðar,“ sagði Granton.

„Vissulega,“ sagði Bostock.

„Jæja, það hefur verið mín kenning í langan tíma,“ sagði Granton. „Jeg hefði gaman af að vita hvort við höfum báðir komist að sömu niðurstöðu allveg á sama hátt?“

„Er ekki orðið framorðið?“, spurði Bostock. „Væri ekki rjettara fyrir yður að fara og lita eftir Mr. Aspen?“

„Auðvitað; jeg ætla að fara og lita eftir honum; en þjer vitið, að jeg get ekki gert honum hið allra minnsta gagn sem stöndur“, sagði Granton. „Jeg er hvorki hjúkrunar-kona nje lækni, og hann verður vel stundaður á Charing Cross sjúkrahúsinu. En mjer er umhugað um að fá að vita rökin, sem þjer byggid kenningu yðar á í þessu máli, áður en jeg sje hann.“

Deir stöðu nú á klúbb-prepskildinum. Ýmsir leiguvagna-kúskar, er voru í röð fyrir framan klúbbinn, voru að benda þeim og bjóða þeim þjónustu sína.

„Jæja, gætið þjer að,“ sagði Bostock seinlega; eina maður er horfinn—Ratt Gundy. Hvar er hann það langar mig til að vita?“

„Já, einmitt það,“ sagði Granton, án þess að vein breyting kæmi á andlit hans. Hvar er hann, það langar mig til að vita? Og hvar er hinn náunginn—hvad heitir hann nú—Jafet Bland? Hvar er hann, það vildi jeg fá að vita.“ Og um leið og hann sagði þetta, eignegldi hann augun á andlitid á Bostock, eins og Hamlet kemst að orði.

Eost
heyri
maðu
sagði
ingu í
mynda
segja,
erum v
báðir ó
jeg smy
kringun
við höfu
Okkur k
og morð
heila—o
Mr. Bost
„Já,
ur komi s
„Ó, e
sammála u
„Gott
það.“ sagð
„Allu
þju uppru
fynda Ratt

„Jeg veit svo lítið um allt þetta mál,“ sagði Bostock. „Jeg tala hjer að eins um það, sem jeg heyrí sagt.“

„En yðar kennig er, að Ratt Gundy sje hvatamaður að þessum mordum og morðtilraunum?“ sagði Granton.

„Ef hægt er að segja, að jeg hafi nokkra kenningu í þessu efni—ef mjer er annars mögulegt, að mynda mjer nokkra skodan um það—þá mundi jeg segja, já; það er mín skodan.“

„Nú, það er undarlegt,“ sagði Granton. „Hjer erum við nú, tveir sæmilega skynsamir menn, og báðir óviðkomandi þessu spursmáli—og höfum, að jeg fmynda mjer, hjer um bil sömu, eða alveg sömu kringum stæður til að fá upplýsingar um það—og við höfum komist að alveg gagnstæðum ályktunum. Okkur kemur báðum saman um það, að þessi morð og morðtilraunir sje upprunnið í einum og sama heila—okkur kemur saman um það—eða er ekki svo, Mr. Bostock?“

„Já,“ sagði Bostock hikandi, „jeg held, að okkur komi saman um það.“

„Ó, en heyrið þjer nú—erum við gersamlega sammála um það?“ sagði Granton.

„Gott og vel; já—jeg býst við að við sjeum það.“ sagði Bostock.

„Allur munurinn er, að þjer álstið, að vjelráðin þjer upprunnið í heilanum í hauskúpunni á hinum mynda Ratt Gundy?“ sagði Granton.

„Já, það er álit mitt“ sagði Bostock, sem var farinn að verða órólegur og verða ónotalegt af þessu samtali.

„Nú, það er skrítið, er það ekki?“ sagði Granton eins og hann væri hugsandi. „Samkvæmt öllum mínum kenningum viðvíkjandi þessu máli, þá er heilinn, sem vjelræði þetta er upprunið í, í hauskúpunni á hinum týnda Jafet Bland. Jæja, jeg ætla nú að fara að sjá veslings Aspen. Jeg þori að segja, að ef Jafet Bland þessi hvað mín kenning er í þessu máli, þá kynni hann að fá tilhneigingu til að veita mér eptirför, eða láta veita mér eptirför, á upphlaðna árbakkanum eitthvert kveldið. En það yrði gagnslítið fyrir hann. Jeg hef vanið mig á að gæta mín. Jeg mun hlusta eptir tortryggilegu fótataki að baki mér, og komi einhver framan að mér, ímynda jeg mér að jeg geti varið mig. Það getið þjer sjálfsagt líka gert. Og ef yðar kenning er rjett, og ef hún verður mönnum kunn, þá getið þjer verið í alveg sömu hættu fyrir Ratt Gundy eins og jeg væri fyrir Jafet Bland. Það verður gaman að vita, hvor okkar hefur rjett fyrir sjer að lokum, og hvor okkar lifir til að segja þá sögu. Góða nótt, Mr. Bostock. Jeg ætla að fara að líta eptir veslings Aspen.“

„Djer segið lafði Scardale frjettirnar í fyrra málið?“ sagði Bostock.

Bostock fannst að hann vera einhvern veginn ruglaður og „yfir galaður,“ eins og menn sögðu á

dögu
gert
hafði
vissi
snjall
sem r
hver ó
„
snemm
Viljið

„L
„L
inn, „a
það ekk
Eins og
varið m
um.“

ók burt
Bo
um fann
mótstöð
sín, og þ
honum
hefði stá
fyrir hon
hússins, k
lækni spf
sem þekk
fara inn t

sem var
talegt af
gði Grant-
æmt öllum
áli, þá er
d í; í haus-
a, jeg ætla
ri að segja,
er í þessu
il að veita
ör, á upp-
n það yrði
g á að gæta
gu fótataki
an að mjer,
Dað getið
kenning er
á getið þjer
dy eins og
r gaman að
lokum, og
Góða nótt,
ptir veslings
nar í fyrra
vern veginn
onn sögðu á

dögum Elízabetar drottningar, en hann gat ekki gert sjer grein fyrir hvernig því var varið. Hann hafði óákveðna, óljósa hugmynd um, að Granton vissi meira, en hann ljét í ljósi, og hefði verið sjer snjallari. Tilfinningar hans voru eins og manns, sem ráfar í myrkri og veit á óákveðinn hátt, að einhver óvinaher muni mæta sjer.

„Jeg mun segja lífi Scardale frjettirnar snemma í fyrra málið,“ sagði Granton. „Góða nótt. Viljið þjer ekki þiggja vindil? Ekki það?“

„Nei, þakka yður fyrir,“ sagði Bostock.

„Dað er líka skritið,“ sagði Granton alvörugefinn, „að sumir menn geta lifað án vindla. Jeg get það ekki. Jeg finn þá of mikið til mótlætis lífsins. Eins og edlilegt er, er þessu náttúrlega ekki svo varið með aðra menn. Deir eru ómeiddir í herðunum.“ Svo fjekk hann sjer tvíhjóladaðan leiguvagn og ók burt.

Bostock fór sína leið og var í vandræðum. Honum fannst eins og hann hefði verið að skilmast við móttöðumann, sem hann vissi ekki hve mikils mætti sín, og þótt hann hefði ekki beðið ósigur, þá fannst honum samt eins og hann hefði átt við mann er hefði stál-úlalið og að hann ætti ósigur í vændum fyrir honum. Granton ók til „Charing Cross“ sjúkrahússins, bringdi náttklukkunni, og spurði eptir handlækni spítalans, er hann hafði þekkt í fyrri tíð og sem þekkti hann og ætt hans vel. Hann fjekk að fara inn til að sjá sjúklinginn.

„Kemur hann ekki til?“ spurði Granton, með ákefð.

„Jeg held, að hann komi til,“ sagði handlæknirinn; „en hann hefur fengið eitt eða tvö ill högg á höfuðið. Detta er kynlegt málefni að öllu leyti.“

Dar var hjúkrunarkona, er hafði gætur á veslings Gerald, þar sem hann velti úmbundna, blóðstokkna höfðinu sóttveikislega og ónuglega frá einni hlið til annarar.

„Hann hefur dálítið óráð,“ sagði handlæknirinn; „þjer megid ekki reyna að tala við hann.“

„Jeg veit það,“ svaraði Granton. „Jeg hef opt verið í slíkum kringumstæðum sjálfur. „Jeg býst við, að jeg geti ekki gert neitt honum til hjálpar?“

„Ó, nei, alls ekkert. Við skulum sjá um hann eins vel og unnt er,“ sagði læknirinn.

Handlæknirinn skildi rjett á eptir við Granton, til þess að gegna öðrum skylduverkum. Granton og hjúkrunar-konan—hæglát, kurteis, skynsöm kona, sem hafði eitthvað það við sig, að hún ávann sjer traust og hluttekningu Grantons—stöðu við rúmið.

Allt til þessa hafði Gerald legið því nær meðvitundarlaus og alveg þegjandi. Allt í einu tók hann viðbragð og reyndi að rísa upp. Hjúkrunarkonan hjelt honum niðri með styrku, en þó mjög mjúku, handtaki.

„Jeg þarf að segja yður nokkuð,“ sagði Aspen í svo eðlilegum málróf, að Granton áleit eitt augnablik, að hann hefði þekkt sig. En svo kom að eius hróp úr rúminu—hróp innifalið í einu orði.

Granton, með

handlæknir-
þú ill högg á
öllu leyti.“

gætur á ves-
undna, blóð-
lega frá einni

ndlæknirinn;

„“

„Jeg hef opt

„Jeg byst

til hjálpar?“

sjá um hann

við Granton,

m. Granton

kynsöm kona,

ú ávann sjer

ú við rúmið.

því nær með-

í einu tók

Hjúkrunar-

en þó mjög

sagði Aspen

it eitt augna-

kom að eius

örði.

„Fidelfa!“ var þetta hróp.

Granton hrökk við, en færði sig enn nær rúminu.

„Fidelfa,“ sagði sjúklingurinn með lágrí og ónáttúrulegri rödd, ósamanhaugandi orðum, „fadir þinn var ekki myrtur; jeg veit allt um það; jeg veit það sannarlega, en jeg get ekki sagt þjer það. Jeg get ekki hjálpað þjer til að komast eptir neinu, er það snertir. Það er leyndarmál, og maðurinn er vinur minn og vinur þinn, og jeg get ekki sagt frá hvað hann sagði mjer, ekki einu sinni þjer, Fidelfa. Ó, ef þú elskar mig, því skyldir þú þá bíða—því skyldir þú láta mig bíða—þangað til þú hefur komist að þessu? Trúðu mjer til þess, að þjer er fyrir beztu, að fá aldrei að vita það. Reyndu ekki, að komast að þessu, Fidelfa, elskan mín. Láttu það halda áfram að vera leyndarmál; það mundi að eins hrella þig ef þú kæmist að því, og hvað gagn—hvað gagn—hvað gagn? Ef við elskum hvort annað—og það gerum við—það gerum við—þú sagðir mjer sjálf, Fidelfa, að þú elskaðir mig daginn—dagiun—kæra daginn, dýrðlega daginn í Ranelagh-garðinum. Hvert hafa þessir dagar farið. Því göngum við ekki í Ranelagh garðinum núna? Við göngum þar aldrei nú, og það virðist eins og jeg geti ekki gengið. Hvað gengur að mjer. Jeg smynda mjer að það sje af því, að jeg sje þig ekki nú, og þú stendur fast á því, að við megum ekki giptast fyr en við höfum komist að öllu er snertir föður þinn, og þú mátt ekki fá að vita um það—nei, nei, nei. Láttu

það eiga sig, Fidelfa; Láttu það eiga sig; og hvað sem þú svo gerir, þá segðu ekki lafði Scardale eitt einasta orð. Biddu hana ekki um að komast fyrir það. Ó, ef hún kæmist fyrir það, þá mundi það drepa hana!“

„Hefur hann áður haft svona mikið óráð?“ spurði Granton hjúkrunarkonuna í lágum róm; hún var farin að sljetta koddana og lagfæra rúmfötin með liprum og æfðum handtökum, sjálfsagt í þeirri von, að sefa sjúklinginn með því, að leiða hinn hvarfhandi huga hans í aðra átt.

„Að eins síðustu klukkustundina, herra minn“, sagði hún; „og hann segir alltaf það sama upp aptur og aptur“.

„Hafið þjer nokkra hugmynd um, hvað hann er að tala um?“ sagði Granton.

„Nei, herra minn“, sagði hún stillilega, „við gefum því aldrei neinn gaum, sem sjúklingarnir okkar tala um“.

„Jeg ímynda mjer, að það sje bara tómt óráð“, sagði Granton til að reyna hana.

„Jeg ímynda mjer að svo sje, herra minn; sjúklingar tala stöðugt um hluti, er aldrei hafa getað átt sjer stað, og um fólk, sem aldrei hefur getað verið til“, sagði hún.

Sjúklingurinn var nú hættur að stynja og tala, og var fallinn í þungan svefn. Granton fór því að álita, að bezt mundi að hann færi.

„Heyrið þjer, hjúkrunarkona“, sagði hann, „þjer

eruð s
og þje
vesling
mikið

H
vildi se

„A

ton, er

„Jæja,

„J

mikið u

„D

Granton

„Já

Dek

Locke?“

„Un

dale, þeg

„Já,

„Jeg

sagði hún

„Þje

sagði Gra

Hjúk

þessu.

„Jæj

umstæðun

um, koma

„Það er af

eruð skynsöm kona, og kona, sem þekkir heiminn, og þjer skiljið rjett stöðu yðar. Það sem þessi veslings piltur var að segja núna, hefur í sjer fólgið mikið af sönnum viðburðum, sannleika og þýðingu“.

Hjúkrunar-konan kinkaði kolli, eins og hún vildi segja: „Það grunaði mig líka“.

„Auðvitað grunaði yður það líka“, sagði Granton, er strax greip hina ótöluðu hugsun hennar. „Jæja, þekkið þjer lafði Scardale?“

„Já, jeg hef opt sjeð lafði Scardale, og heyrð mikið um hana talað“, sagði hjúkrunarkonan.

„Þjer hafði heyrð hann nefna nafn hennar“, sagði Granton, og leit til Gerald's um leið.

„Já, herra minn, mörgum sinnum“, sagði hún:

Þekkið þjer unga stúlku, sem heitir Fidelia Locke?“ sagði Granton.

„Ungu stúlkuna, sem allt af er með lafði Scardale, þega hún fer eitthvað?“ spurði hún.

„Já, hina sömu ungu stúlku“, sagði Granton.

„Jeg hef sjeð hana tvisvar eða prisvar sinnum“ sagði hún.

„Þjer heyrðuð að hann nefndi nafn hennar?“ sagði Granton.

Hjúkrunarkonan kinkaði kolli til samþykkis þessu.

„Jæja, þessar konur—eða undir öllum kringumstæðum lafði Scardale—munu, að öllum líkindum, koma til að vitja um Mr. Aspen“ sagði Granton.

„Það er afar áriðandi að þær, hvor um sig, heyri ekki

slík orð og hann talaði hjer áðan. Viljið þjer sjá um, að laði Scardale fái ekki að koma til hans—hvert sem Fidelfa Locke er með henni eða ekki—þegar óráð er á honum?“

„Jeg skal sjá um það,“ sagði hjúkrunarkonan með bluttekning. „Jeg mundi hafa sjeð um það, þótt þjer ekki hefðuð nefnt það á nafn. Að eins hjúkrunarkonan, læknirinn og presturinn ættu að heyra það, sem hvort heldur karl eða kona talar í óráði. Mjer fellur illa, herra minn, að þjer skylduð heyra það—þótt þjer sjálfsagt sjeuð vinur hans og þjer takið yður það ekki nærri.“

„Mjer pykir mjög vænt um, að jeg heyrði það,“ sagði Granton. „Dvi einmitt fyrir það að jeg heyrði það, getur verið, að mjer takist að frelsa hann frá miklum vandræðum, og aðra líka. Góða nótt hjúkrunarkona.“

Granton hikaði sig við en tók upp peningapung sinn eins og hann væri í efa, leit á hjúkrunarkonuna og sagði:

„Munduð þjer pykkjast við mig, ef jeg byð yður nokkra peninga? Það væri ekki gert í þjer skyni að móðga. En yður er, ef til vill, ekki um að taka við þeim.“

„Okkur er ekki leyft, að taka við peningum,“ svaraði hún stillilega.

„Jæja, en heyrð þjer“ sagði hann „jeg verð að gefa yður eitthvað. Diggið þetta sem hamingju grip.“ Hann hafði nokkra skínandi smáhluti hang

andi á inni.

fjórblu demönt

„E

sagði h

er það

smíðað

en það

en nú, e

yður og

um sínu

Hjú

„V

„Já

bætt úr

mannleg

„Og nú

nú í fyr

ekki svo

„Það

arkonan.

nafið ósk

það. J

þakklát

Granton,

„Jú,

dale's. C

Viljið þjer sjá
oma til hans—
ni eða ekki—

Hjúkrunarkonan
sjeð um það,
nafn. Að eins
sturinn ættu að
a kona talar í
þ þjer skylduð
þ vinur hans og

eg heyrði það,
að að jeg heyrði
frelsa hann frá
a. Góða nótt

pp peningapung
júkrunarkonuna

ig, ef jeg byð
ekki gert í þv
l vill, ekki um

við peningum,

ann „jeg verð að
sem hamingju
smáhluti hang

andi á úrfesti sinni. Hann losaði einn þeirra af fest-
inni. Það var lítið gull-nisti og í því var líking af
fjórblöðudu smáragrasi, mynduð úr ofur-smáum
demöntum.

„Berið þetta í úrfesti yðar, hjúkrunar-kona“
sagði hann. „Jeg fjekk það í fjarlægum landi—gullið
er þaðan, demantarnir eru þaðan,—og nistið var
smíðað þar. Mjer var gefið það sem heilla-gripur;
en það hefur aldrei fært mjer neina hamingju fyr-
en nú, einmitt augnablikið, sem jeg stóð hjer hjá
yður og heyrði veslings vin minn stynja út vandræð-
um sínum.“

Hjúkrunar-konan hikaði við, og sagði:

„Var það hamingja, herra minn?“

„Já, það var svo, hjúkrunarkona, því nú get jeg
þætt úr öllum vandræðunum—og jeg er hin eina
mannlega vera, sem getur gert það,“ sagði Granton.

„Og nú afhendi jeg yður þá hamingju, er jeg fann
nú í fyrsta sinni. Þjer megið taka við henni, eða er
ekki svo? Það hryggir mig sárlega, ef þjer megið
það ekki.“

„Dakka yður fyrir, herra minn“ sagði hjúkrun-
arkonan. „Jeg skal segja forstöðu-konunni að þjer
nafið óskað, að jeg þægi þetta, og hún mun leyfa
það. Jeg skal ætíð bera það á mjer og vera yður
þakklát fyrir gjöfina. Þjer heitið Mr. Rupert
Granton, eða er ekki svo?“

„Jú, hjúkrunarkona—jeg er mágur lafði Scar-
dale's. Góða nótt. Jeg ætla að koma aptur að sjá

vin minn“. Honum datt eitthvað í hug svo hann staðnæmdist og sagði:

„Finnst yður þetta leiðinlegt líf, hjúkrunar-kona?“

„Ó, nei, herra minn. Jeg hugsa svo mikið um sjúklinga mína“.

„Ef jeg að eins get hjálpað til að frelsa sjúkling frá dauðanum, þá hugsa jeg ekki um annað.“

„Það er alveg rjett,“ sagði Granton; „það er hinn sanni hermanns-andi. Jeg vildi að eins óska, að við allir værum þannig. Sumir eru það ekki, en við reynum það samt stundum.“

Hún þakkaði honum gjöfina með göfuglegri, meðfæddri kurteisí, og gerði hvorki of mikið nje of lítið úr hinni dýrmætu gjöf, og svo fór Granton leið-ar sinnar.

Það var áhyggjufull ganga fyrir hann. Hann hugsaði mikið á leiðinni. Hann hafði líka sannarlega mikið að hugsa um. Hann hafði komist að vandræðum Aspens og Fidelíu, og hann var eini maðurinn, sem gat greitt úr þeim. En það, að greiða úr þeim, þýddi hið sama fyrir hann og að gera sjálf-an sig útlagan frá hinalum menntaða heimi fyrir fullt og allt. Honum kom ekki til hugar, að hika sjer eitt augnablik við það.

„Jeg kom aptur til Englands“, hugsaði hann með sjálfum sjer, „að eins til að reyna, að gera þess-ari stúlku eitthvað gott, og hjelt einhvern veginn að hún væri ofur lítil telpa í barnskjól. Jeg hafði ekki

hina
að ge
haga
jeg s
hún t
færi t
líka.
andi d
Aspe
drengr
ur bla
Hann
heldur
ekki k
Jeg í
baráttu
húgrpr
með.
minnst
upphla
að vagn
eitthva
verð að
sinni e
nema m
mín mj
hef fari
en það e
Hún mu

hina minnstu hugmynd um, hvernig mjer væri unnt að gera henni einhvern greiða. Hana gat ekki vanhagað um peninga; hún mundi verða nógu rík; og jeg sá engan veg til að gefa henni peninga, eða að hún tæki við þeim. Nú fæ jeg hjer allt í einu tækifæri til að verða henni að liði og elskhuga hennar líka. Jeg get leyst alla gátuna fyrir hana viðvikjandi dauða föður hennar, og jeg get hjálpað veslings Aspa úr vandræðum. Hann er sannur og göfugur drengur—hefur eikar-hjarta. Að hugsa sjer að ungur blaðamaður í London skuli vera eins og hann Hann mundi beinlínis hafa sleppt unnustu sinni, heldur en svíkja vin sinn. Góður drengur; jeg skil ekki hvernig slíkir menn geta skapast í London. Jeg smyndaði mjer að það þyrfti hættu, harðrjetti og baráttu og allt þessháttar til að gera menn svona hágprúða. En það er auðsjeð að þess þarf ekki með. Jeg smynda mjer að Aspen hafi aldrei verið í minnsta lífsháska, fyr en við þetta tækifæri þarna á upphlaðna bakkanum, nema ef vera skyldi þeim háskan á vagn keyrði á hann á Hyde Park hornum, eða eitthvað þess háttar kæmi fyrir hann. Jája, jeg verð að yfirgefa London og hinn menntaða heim einu sinni enn. Enginn mun sakna mín mjög mikið, nema mágkona mín; og jafnvel hún mun ekki sakna mín mjög lengi. Enginn mun vita, hvers vegna jeg hef farið burt. Jú, Fidela má til að fá að vita það; en það eru aðrir hlutir, sem hún fær ekki að vita. Hún mun ekki vita til hlýtar hvornig tilfinningar

mínar eru gagnvart henni—mjer þætti ekki gott, ef hún vissi það. Jeg geri ráð fyrir að það mundi að eins þína hana og særa. Lífið er dapurt þegar allt kemur til alls. Jeg geri ráð fyrir, þegar öllu er á botninn hvolft, að jeg hefði gert eins rjett í, að vera kyr í samkvæmislífinu og gera mjer viðtekna háttu að góðu, fylgja hinni ruddu braut og gipta mig suoturri konu og sezt um kyrt. En það er ekki til neins að hugsa um allt þetta nú. Enginn má sköpum renna. Jeg fór mína leið, og nú skal jeg fara mína leið aptur. Jeg kom aptur og læddist eins og skuggi inn í menntaða heiminn í London — og nú mun jeg læðast eins og skuggi út úr honum aptur“.

XX. KAPÍTULI.

„JEG ER RATT GUNDY“.

Morguninn eftir voru þær lafði Scardale og Fidelia á gangi í garði menningar-skólans, áður en hin vanalega kennsla byrjaði. Fidelia hafði verið að ljetta á hjarta sínu fyrir vinkonu sinni. Lafði Scardale hafði hlytt á það, sem Fidelia hafði að segja henni, og ofur-litlum vonbrigðisskugga brá á andlit hennar. Hún gladdist yfir því í hjarta sínu, að Fidelia var sæl,—eða átti í vöndum að verða sæl; hún óskaði að eins, að hún hefði öðlast sæluna á annan hátt. Hún kyssti stólkuna blíðlega og sagði:

„Kæra Fidelfa, þjer vitið það, að allt, sem gerir yður sæla, gerir mig líka sæla. Uppfylling yður eigin óskar er ósk mín í hvívetna! Að eins hafa mjer dálstið brugðist vonir mínar.“

„Brugðist vonir?“ sagði Fidelfa og leit upp stórum augum af undran. „Hvaða vonir—hafa yður brugðist?“

„Nú, nú, ekki með yður barn, auðvitað ekki; en viðvikjandi yður“ sagði lafði Scardale. „Jeg hafði óskað svo einlæglega, að þjer hefðuð getað fengið ást á honum Rupert mínum.“

„En, lafði Scardale, hann gat ekki fengið ást á mjer,“ sagði Fidelfa.

„Ó, jeg veit ekki,“ sagði lafði Scardale. „Jeg trúi því fastlega, að hann hafi verið á hraðri ferð í þá áttina. Þjer munduð hafa gert hann svo farsælan; og þjer hefðuð getað fjötrað hann svo fast við yður og gert hann svo staðfastan, og hann mundi gersamlega hafa bætt fyrir öll sín undanfarin heimskupör.“

„En, lafði Scardale, jeg sje ekki, að jeg hafi nokkra köllun til að taka hann að mjer jafnvel þótt jeg væri þess umkomin. Og eins og þjer vitið, elska jeg Gerald og hann elskar mig, og við getum ekki að því gert—og það gerir allan mismuninn. Þjer megid ekki vera reið við mig, eður við hann—fyrir alla muni ekki við hann.“

„Nei, vissulega er jeg það ekki, og jeg skal elska hann yðar vegna,“ sagði lafði Scardale. „Hann er einstaklega viðkunnanlegur og jeg er viss um, að hann gerir yðu mjög farsæla.“

„Ó, já,“ sagði Fidelfa í hálfum hljóðum með svo rólegri vissu, að lafði Scardale komst við af því.

„Dað er hann, sem er gæfusamur,“ sagði lafði Scardale með undirgefnis brosi.

„Nei, vissulega ekki; það er jeg, sem er gæfusóm,“ greip Fidelfa fram í.

„Ætlið þið að sitja lengi í festum?“ spurði lafði Scardale allt í einu.

„Já, jeg býst við því; já, lengi,“ svaraði Fidelfa niðurlút og með þunghúnum svip.

„Hvers vegna lengi, elskan mín?“ spurði lafði Scardale. „Dið eigið bæði í vændum að verða svo fjarskalega rík með byrjun næsta árs.“

„Dað á ekkert skylt við það, lafði Scardale,“ sagði Fidelfa. „Dað orsakast af dauða veslingsins hans föður míns.“ Hún sagði þetta einbeittlega og án þess að hinn minnsti grátstafur heyrðist í röddinni.

Lafði Scardale leit undarlega til hennar og sagði:

„Dað er all-langt síðan faðir yðar dó, Fidelfa, og menn ætlast ekki til að stúlka slái giptingu sinni á frest í mjög langan tíma, jafnvel vegna dauða foreldris síns. Jeg ímyndaði mjer auðvitað ekki, að þjer ætluðu að giptast daginn eptir morgundaginn eða í næstu viku, eður nokkuð því líkt. Dað sem jeg meinti var, að jeg ált að það sje óheppilegt, að sitja mjög lengi í festum.“

„Hvers vegna það?“ spurði Fidelfa stillilega. „Haldið þjer, að hann verði leiður á mjer, eða jeg á honum? Ef það gæti átt sjer stað, væri þá ekki

betra að við yrðum þess vísari á undan, heldur en eptir giptingunni?“

„Jeg var ekki að hugsa um það,“ sagði lafði Scardale nokkuð fljótlega; því hún minntist þess, að sjálf hefði hún setið mjög stutt í festum, og hefði það ekki komið að miklu haldi—að ef tíminn hefði verið mikið lengri, þá hefði hún, ef til vill, orðið hyggjari, og allt farið betur fyrir henni. „Sannleikurinn er, elskan mín, að þetta er eitt af þessum spakmælum, er vjer heyrum endurtekin svo opt, að vjer förum að álíta þau sammæli og höfum þau eptir eins og þau væru heilagur sannleiki. En jeg sje samt sem áður enga ástæðu til, að þjer ættuð að sitja lengi í festum; og væri jeg eigingjörn, Fidelfa, þá mundi jeg óska að það yrði sem allra lengst, svo jeg gæti haft yður sem lengst hjá mjer. Það verður allt öðru vísi hjér í mínum augum, þegar þjer eruð farin.“

„Ó, lafði Scardale—kærasta vinkona!“ sagði Fidelfa, og tárin, sem ekki höfðu komið í ljós, þegar minnst var á dauða föður hennar, flóðu nú óðum úr augum hennar. „Jeg skal vera hjá yður enn þá og æfinlega—æfinlega—æfinlega.“

Lafði Scardale þrýsti hönd hinnar ástríku stúlku, og þagði um stund.

„En,“ sagði Fidelfa snögglega, „jeg meinti ekki, að það væri vegna dauða föður míns, í þeim skilningi, að trúlofun okkar hljóti að vera löng. Ekki í þeim skilningi.“

„Ekki það? Í hvaða skilningi þá, góða mín?“
sagði lafði Scardale.

„Jeg er hrædd um, að jeg geti ekki útskýrt það fyrir yður; jafnvel ekki yður. Þjer skiljið það, ef til vill, ekki; en jeg finn svo til þess! Jeg get ekki giptst, jeg get ekki orðið sæl, jeg get ekki tekið á móti sælunni, þótt hún stæði mjer til boða, fyr en jeg hef uppgötvað maaninn, sem drap föður minn og dregið hann fyrir lög og dóm.“

Lafði Scardale vjek sjer dálftið frá Fidelfu af undrun. Hún hafði ekki vitað, að þetta gæti legið í eðli Fideliu.

„Góða mín!“ sagði hún blíðlega, en mótmælandi, „hvaða gagn gæti það gert föður yðar eða yður á nokkurn hátt, að draga þenna mann, hver sem hann nú er, fyrir lög og dóm, ef þjer annars getið það? Er ekki sennilegt, að faðir yðar hafi verið drepinn í vanalegum bardaga, í þessum vilta og stjórnlause fjelagsskap þar ytra?“

„Ó, þjer líka, lafði Scardale!“ hrópaði Fidelfa. „Þetta er það sem allir segja—Gerald og mágur yðar og allir.“

„Jæja, kæra barnið mitt, og er ekki sennilegt að Gerald og mágur minn hafi rjett fyrir sjer?“ sagði lafði Scardale. „Það er að minnsta kosti líklegra en að þjer, sem ekki þekkið neitt til slíkra staða og slíks líferniss, hafið rjett fyrir yður!“

„En jeg trúí því ekki! jeg get ekki trúað því,“ sagði Fidelfa. „Faðir minn lenti aldrei í illdeilum;

hann var of blíðlyndur til þess, of góðlyndur og of drenglyndur. Jeg veit að hann var myrtur. Mig dreymdi draum í nótt er leið—ekki fyrir lengra síðan en í nótt sem leið, kæra lafði Scardale—vöðalegan og skelfilegan draum um, að jeg sæi framið morð þannig, að maður læddist aptan að öðrum manni og sló hann til jarðar með einhverjum þungum hlut úr járni.“

„En var það faðir yðar, sem yður dreymdi?“ sagði lafði Scardale.

„Jeg veit það ekki; jeg gat ekki sjeð andlitið. Jeg sá að eins að það var komið aptan að honum og hann sleginn högg,“ sagði Fidelía.

„Jeg get ekki sjeð að það sje mikil leiðbeining í þessum draum, Fidelía,“ sagði lafði Scardale og brosti meðaumkunarlega.

„Mig er allt af að dreyma fæður minn,“ sagði Fidelía átakanlega.

„En þjer verðið að muna eptir öðrum,“ sagði lafði Scardale. „Þjer verðið að muna eptir elskhuga yðar. Hvers vegna skylduð þjer láta hann bíða þangað til þjer hafið gert uppgötvan, sem, ef til vill, er ómöguleg, eða sem, þegar hún er gerð, einmitt kynni að sýna, að yður hefði algerlega skjátlást? Ó kæra Fidelía, lífið er allt of óvísst til að verja þv þannig. Ef þjer elskið unnusta yðar, þá giptis honum eins fljótt og þjer getið, góða mín. Inná skamms getur einhverja óhamingju borið að höndum. Einhver getur vel verið við garðshliðið, sem færir okkur illar frjettir—sorglegar frjettir!“

Um leið og lafið Scardale talaði þessi síðustu orð, sá hún Rupert Granton koma inn í garðinn.

„Rupert kominn um þetta leyti dags!“ sagði lafið Scardale, og bætti svo skyndilega við. „Jeg er viss um, að orð mín eru enginn fyrirboði.“

En þegar Rupert kom nær, var auðsjeð á svip hans, að allt var ekki með felldu, og báðum konunum fannst hjartað í sjer síga niður. Rupert reyndi samt að láta eins lítið sjá á sjer og hægt var og tala eins og hann var vanur.

„Heyrið þið nú, stúlkur,“ sagði hann—hann var vanur upp á síðkastið að ávarpa þessar tvær vinkonur sem „stúlkur“—„jeg vil að þið sjeuð nú hugrakkur og hjálpið til að líta eptir veslings manni einum, sem líður hálf-illa, og æðrast ekki yfir því. Jeg held að það sje nú ekki mjög alvarlegt, þegar allt kemur til alls.“

Fidelfía varð náfól. Hún vissi, að eitthvað hafði komið fyrir Gerald.

Hugrekki lafið Scardale's kom í ljós eins og vant var, þegar mest þurfti á að haldi og hún sagði: „segið okkur það strax eins og það er, kæri Rupert. Jeg hef alla æfi mína hatað, að láta búa mig undir nokkurn hlut.“

„Jæja, það er þetta—Gerald Aspen hefur orðið fyrir illu meiðsli, en svo get jeg glatt ykkur með því, að jeg er viss um, að hann nær sjer aptur.“

„Erud þjer viss um, að hann nær sjer aptur?“ sagði Fidelfía náfól og var óttinn auðsær á svip

her
Ha

sagi
um
sleg
höfu
bráð

on,
heldu

”
Scarde
G
sagði s

”
ekkert
hann v
Deir se

En
það var
í sömu s

„K
Scardale

„Hv

„Da

Granton.
þessum n
bakkannur

þessi síðustu
gardiinn.

lags!“ sagði
við. „Jeg
þóði.“

Þsjeð á svip
áðum konun-
upert reyndi
var og tala

an—hann var
tvær vinkon-
nú hugrakk-
manni einum,
vi. Jeg held
ar allt kemur

litthvað hafði

jós eins og
g hún sagði:
kæri Rupert.
a mig undir

hefur orðið
t ykkur með
aptur.“

„Jeg aptur?“
Þsær á svip

hennar... „Eruð þjer viss um að hann nái sjer?
Hann er þá í hættu staddur?“

„Ekki nú, vona jeg og jeg trúi því fastlega,“
sagði Granton glæðlega. „Það var ráðist aptan að hon-
um á upphlaðna árbakkanum í gærkveldi; hann var
sleginn til jarðar og fjekk nokkur vond högg á
höfuðið; en hann er viss að koma til aptur, og það
bráðlega.“

„Hvar er hann?“ spurðu báðar konurnar í senn.

„Á Charing Cross-þjúkrahúsinu,“ svaraði Grant-
on, „Jeg kom til hans þar í gærkveldi—eða öllu
heldur í morgun.“

„Hvað sagði hann um þetta?“ spurði lafði
Scardale.

Granton hikaði við að svara spurningunni, en
sagði svo:

„Jæja, sannleikurinn er, að hann sagði mjer
ekkert um þetta. Jeg kom til hans rjett eptir að
hann var fluttur þangað, og hann hafði dálftið óráð
Deir segja mjer, að það sje góðs viti.“

Enginn hafði reyndar sagt honum neitt þvílíkt;
það var bara meinlaus skreytni, er honum datt í hug
í sömu andránni.

„Komið þjer með mjer, Fidelfa,“ sagði lafði
Scardale, „við skulum fara og sjá hann.“

„Hver sló hann?“ spurði Fidelfa.

„Það veit enginn enn sem komið er,“ sagði
Granton. „Að líkindum hefur það verið einhver af
þessum misindismöppnum, sem halda til á upphlaðna
bakkanum, eða þá ræningi.“

„Dað er ekki satt.“ hrópaði Fidelia. „Og þjer áltíð ekki neitt slíkt? Ó, jeg sje það á andliti yðar! Dað var morð-tilraun. Dað var sama höndin og sló hann Set Chickering til jarðar.“

„Jæja, ef þjer viljið hafa það svo,“ sagði Granton rólegur, „þá ált jeg það líka. Jeg trúi því staðfastlega, að reglulegt morðnet hafi verið riðið utan um okkur. Jeg er alveg fastráðinn í, að hætta ekki fyr en jeg hef komist að öllum sannleikanum í þessu efni.“

„Jeg skal hjálpa yður,“ hrópaði Fidelia með vaknandi þreki og tindrandi augum. „Jeg veit, að hin sama hönd, sem drap Set Chickering og föður minn, er höndin, sem reyndi að drepa Gerald Aspen.“

Granton brosti þungyndislega og einmanalega.

„Trúid þjer því ekk?“ spurði Fidelia með ákefð.

„Jeg trúi því,“ svaraði Granton alvarlegur, „og jeg er sannfærður um, að maðurinn, sem drap Set Chickering, er sami maðurinn sem sló veslings Aspen til jarðar. Jeg skal uppgötva hver maðurinn er.“

„Vorud það þjer, góði minn, sem fundud Mr. Aspen á upphlaðna árbakkanum?“ spurði lafði Scardale.

„Nei; það var vinur yðar, Bostock, sem fann hann,“ svaraði Granton.

Fidelia hrökk snögglega aptur á bak og greip herdinni um ennið, eins og hún væri k'lf-sofandi og

væri a
Engin
hún m
—hóta

ir, og
frammi
aðra eic
frá sjer
mundi l
að hann

Þessar h
um. He
lafði Sca
sjer, að

Hún varð
„Vilj
bert?“ sp

„Já,
kkur ku

gunningi

num, þá

en það er

ður, þá g
agn. Ha
eta alveg

En í s
ardale; ó

ard að fara

„Og þjer
andliti yðar!
ndin og sló

sagði Grant-
Jeg trúi því
fi verið riðið
u í, að hætta
nnleikanum í

Fidelfa með
Jeg veit, að
ing og föður
drepa Gerald

einmanalega.
Fidelfa með

varlegur, „og
sem drap Set
slings Aspen
ðurinn er.“
funduð Mr.
spurði lafði

ek, sem fann

bak og greip
lf-sofandi og

væri að reyna að núa svefninu úr augunum á sjer.
Engin ákveðin grunsemd kom í huga hennar, en
hún minntist hinna óákveðnu hótunaryrða Bostocks
—hótananna, sem hún hafði sett ofan í við hann fyr-
ir, og fyrirliðið hann fyrir, þegar hann hafði þær í
frammi, þær hótanir sem sje, að það mundi skaða
aðra eins vel og hana sjálfa, ef hún hrynti honum
frá sjer algerlega. Hún mundi eptir því, og hún
mundi líka eptir að hann hefði gefið henni í skyn,
að hann væri ekki alveg það, sem hann sýdist vera.
Þessar hugsanir ollu henni vandræðum og áhyggj-
um. Henni fannst nú, að hún mega til að segja
lafði Scardale frá öllu, sem við hafði borið; hún ásetti
sjer, að segja henni það á leiðinni til spítalans.
Hún varð allt í einu þöggul.

„Viljið þjer fylgja okkur á sjúkra-húsið, Ru-
bert?“ spurði lafði Scardale.

„Já, jeg skal fylgja ykkur þangað og gera
ykkur kunna hand-lækninum þær, sem er góður
kunningi minn. Ef það er ekki á móti spítala-regl-
unum, þá þori jeg að segja að hann lofar okkur inn;
en það er líklega á móti reglunum; og hvað sem því
þur, þá gætuð þið ekki gert veslings Aspen neitt
þagn. Hann verður vel stundaður, það megid þið
era alveg vissar um.“

„sagði lafði Scardale.

En í sömu svifunum komu skilaboð til lafði
Scardale; dagsverk skólans var að byrja, svo hún
að að fara inn í húsið.

„Jeg skal verða til að hálfum klukkutíma liðum,“ sagði hún við Fidelsu áður en hún fór inn.

„Jeg skal þá einnig vera ferðbúin,“ sagði Fidelsa mjög rólega. Hin óvænta fregn og hinar snöggu hugsanir, sem vaknað höfðu hjá henni, hafði orsakað einskonar steingjörfingslega rósemi hjá henni.

Lafði Scardale gekk eins hratt og hún gat eptir stígunum í garðinum og inn í húsið, Fidelía og Granton urðu ein eptir.

„Mjer pykir vænt um, að mágkona mín er farin,“ sagði Granton. „Mig langar til að tala við yður um alvarlegt málefni, Miss Locke.“

„Djer færíð mjer þó ekki meiri illar frjettir,“ sagði hún, og var ekki trútt um, að rödd hennar titraði.

„Jæja, hvort sem frjettirnar eru vondar eða góðar, þá verð jeg að segja þær,“ sagði Granton. „Jeg veit að þessi morð og morðtilraunir eru framfarir í ákveðnu augnamiði; og jeg er smátt og smátt, en áreiðanlega, að mynda mjer kenningu því viðvíkjandi. Próffessor Bostock, sem fann veslings Aspen-gærkveld, hefur líka myndað sjer kenningu um þetta efni.“

Granton sá, að Fidelsu varð hverft við þessi orð.

„Hver er keoning hans?“ spurði hún í veikum um róm.

„Hans kenning er, að maður sá, sem nefnið er Ratt Gundy, hafi stadið á bak við morð Sets Chickens

ing og
framíð
ekki m
en það.

„D
sagði h
Undarle
ægjast
þjá henn
st nú ha

„Já,
Granton,

eg vil el

r. Við
það, s

þá ekki b

em jeg k
gði á me

m yður.
hann va

akar yður
„Ó, já

það heitt
d.“

„Jeg v
þ, sem je

ði tilraun
það vissi

„Ó, en
d,“ sagði i

ing og árásina á Gerald Aspen, ef hann hefur ekki framíð þetta sjálfur," sagði Granton. „Þetta er nú ekki mín kenning. Jeg er dálftíð kunnugri málinu en það.“

„Djer hafíð sjálfur kenningu í þessu efni?“ sagði hún, en henni stóð beigur af að heyrá svarið. Undarlegar og hræðilegar hugsanir höfðu verið að gægjast fram hjá henni, er trúfluðu hana og vöktu hjá henni voðalega óvissu-tilfinningu. Óvissa virtust nú hafa hertekið allt líf hennar.

„Já, jeg hef myndað mjer kenningu," sagði Granton, „og jeg hef ásett mjer að sanna hana. En jeg vil ekki tala mikið um það atriði rjett sem stendur. Við höfum ekki tíma til þess, og það má bíða. En það, sem mig sjerflagi langar til að segja yður, er ekki bíða. Mig langar til að segja yður, og þá sem jeg heyrði í gærkveldi—sem veslings Aspen sagði á meðan óráð var á honum. Hann var að tala um yður. Haun talaði um yður í óráði. Hann hjelt að hann væri að tala við yður. Djer vitið að hann skar yður.“

„Ó, já!“ sagði hún með ákefð, „og hann veit að heitt jeg elska hann—hver sem vill má vita það.“

„Jeg veit það," sagði Granton rólega. „Jæja, þó, sem jeg ætlaði að segja, er það, að hver sem ríði tilraunina til að myrða Aspen í gærkveld, þá þáð vissulega ekki Ratt Gundy.“

„Ó, en þjer þurfið sannarlega ekki að segja mjer það," sagði hún ópolinmóðlega.

„Yður mun verða sagt, að það hafi verið Ratt Gundy, og tilraunir munu verða gerðar til að koma yður til að trúa því,“ sagði Granton.

„Hvernig í ósköpunum ætti jeg að trúa því,“ spurði hún ópolinmóðlega. Henni nærri fannst, að Granton væri að leika sjer að tilfinningum hennar. „Hvernig ætti jeg að trúa því, þar sem jeg veit að maðurinn, sem þar það nafn, er dáinn? Djer sögðuð mjer sjálfur að Ratt Gundy væri dáinn.“

„Já, jeg gerði það, og jeg var þá að tala sannleika, og nærri bókstaflega. Jeg hafði ásett mjer, að Ratt Gundy skyldi verða jarðsettur fyrir fullt og allt—og koma aldrei framur í ljós. Jeg sá ekki, að jeg hefði neitt gagn af honum framur, og þjer ekki heldur, eða nokkur annar; og jeg áleit, að því fyr sem heimurinn væri laus við hann, því betra væri það.“

„Hann er þá á lífi enn?“ sagði Fidelía.

„Já, jeg hef vakið hann upp aptur, yðar vegna,“ sagði Granton.

„Ó, mín vegna?“ sagði Fidelía. Það var eitthvað ofsalegt í látbragði Grantons, sem hún nætti hræddist, þó hún væri stúlka, sem ekki var gjarnan að hræðast.

„Já, yðar vegna,“ endurtók Granton, „Við þjer, að jeg er sannfærður um, að þó Ratt Gundy raun og veru lægi stirnaður í gróf sinni, þá mætti nærri fá hann til að rísa upp úr henni til að rjetta yður hjálparhönd?“

„Darf jeg á hjálparhönd að halda, Mr. Granton—og í hverju tilliti?“ spurði Fidelia. „Og ef jeg þarf þess, hvernig getur sá maður hjálpað mjer?“

„Yður vantar hjálparhönd mjög mikið, sárlega mikið, og hann er eini maðurinn, sem getur rjett yður hana“, sagði Granton. „Heyrið þjer, Miss Locke, þjer ætlið að eyðileggja hamingju tveggja manneskja, en jeg ætla ekki að láta það viðgangast; og heldur ekki Ratt Gundy—ef hann getur hindrað það.“

„Og hvað kem jeg þessum manni—Ratt Gundy—við?“ sagði Fidelia. „Jeg nærri hata að heyra hann nefndan á nafn. Jeg veit ekki hvers vegna. Þjer sögðuð mjer sjálfur, að Ratt Gundy væri ekki nafn mannsins, sem—sem—ó, hvað það er hræðilegt að þurfa að minnst á slíka hluti!—sem myrti föður minn“.

„Fidelia, faðir yðar var ekki myrtur“, sagði Granton. „Hann fjell í því sem við óaldarseggirnir á þeim dögum kölluðum svikalaust einvígi. Hann og hinn maðurinn voru neyddir út í það af svart-hjörtuðu þrælmanni, sem síðan hefur úttekið part, einungis mjög lítinn part, af hegningu þeirri, sem hann átti skilið. Jeg sver yður það, að ekkert morð átti sjer stað—nema ef það, að koma tveimur mönnum, sem ekki voru edlilegir óvinir, til að berjast uppá líf og dauða, er morð; og ef svo er, þá var líka Núi Bland morðinginn, og hann var hengdur án dóms og laga skömmu seinna. Sá morðingi er genginn yður og mjer úr greipum“.

Látbragð Grantons bar með sjer einhvern svo undarlegan göfugleik, að Fidelia var hugfangin af því, þrátt fyrir ópolinmæðina og sársaukann, sem hún fann til. Hin blossandi augu hans og rödd hans lýstu því, að hann var að tala hreinan og beinan sannleika, sem gat ekki annað en sannfært þann, sem sá og heyrði. Hún beið óttaslegin eptir endir þess, er hann ætlaði að segja, því hún fann, að hann ætlaði að segja eitthvað ákveðið og endilegt um það mál, er henni lá á hjarta, og að hún yrði að hlusta á það.

„Djer trúið mjer, Fidelia?“ sagði hann.

„Já, jeg trúi yður“, svaraði hún. Hún var svo niðursokkin í hugsanir sínar, að hún tók naumast eptir því, að hann var farinn að ávarpa hana með skírnarnafni hennar.

„Jeg sagði yður, að nafn mannsins, sem drap föður yðar, væri ekki Ratt Gundy“, hjelt hann áfram.

„Djer gerðuð það“, sagði Fidelia.

„Jeg sagði bókstaflegan sannleika“, sagði Granton. „Nafnið—hið rjetta nafn mannsins—hins óhamingjusamasta, sáriðrandi manns—er drap föður yðar, var ekki Ratt Gurdy, heldur Rupert Granton.“

„Guð hjálpi njer“, hrópaði Fidelia; og hin fyrsta hugsun, sem brauzt fram í sálu hennar, var; „bróðir laði Scardale—bróðir kærustu vinkonu minnar og bezta velgjörara—Rubert Granton drap föður minn!“

„Já, það er eðlilegt, að þjer hrópið upp“, sagði

Gr
yða
um
hep
að e
árun
sem
stend
hryll
aptur
uppi
þjer
hins r
Jeg m
mig a
jeg m
mín í
snerta
yðar—
„L
„Látun
Jeg ge
„O
megið e
sleppi j
aptur—
„Ó
framar.
hvert jeg

Granton. „Það er eðlilegt, að þjer hyljið andlit yðar með höndunum, til þess að útiloka mig frá sjónum yðar. Jeg óska til guðs, að jeg hefði verið svo heppinn, að hann hefði drepið mig, eða öllu heldur, að einhver annar hefði drepið mig fyrir mörgum árum síðan. Jeg hef harmað þann voðalega dag, sem það skeði, ætíð síðan. Andlit hins dauða manns stendur mjer fyrir hugskotssjónum; já, jeg sje að hryllingur fer um yður við þá hugsun. Jeg kom aptur til England's einungis til þess að leita yður uppi og reyna að gera yður eitthvað gott, án þess að þjer vissuð það. Jeg hefði aldrei snúið aptur til hins menntaða heims, hefði ekki þessi ástæða verið. Jeg mundi hafa lofað hinni aumu endurminningu um mig að afmást úr huga veslings systur minnar; já, jeg má vel kalla hana systur mína; hún er systir mín í hjarta og sál. Jeg hefði aldrei látið hana snerta hina blóðstokknu hönd mína, nema vegna yðar—yðar—yðar!“

„Lofid þjer mjer nú að fara“, sagði Fidelia. „Látum frið ríkja milli okkar, og lofid mjer að fara. Jeg get ekki afborið meira.“

„Ofurlítið meira“, sagði hann með ákefð. „Þjer megid ekki neita að hlusta á sögu mína, en svo sleppi jeg yður og þjer skuluð aldrei sjá mig aptur—“

„Ó“, hrópaði hún, „látið þjer mig aldrei sjá yður íramar. Jeg ætla að fara burt—jeg hvorki veit hvort jeg fer nje kæri mig um það. Jeg get ekki

verið lengur hjá lafði Scardale eptir þetta. Jeg hef líka misst hana—misst allt.“

„Djer skuluð ekki fara, Fidelfa“ sagði hann. „Dað skal ekki verða nein nandsyn á því. Jeg er í þann veginn að hverfa aptur út úr hinum menntaða heimi fyrir fullt og allt. Ekkert jarðneskt vald skal geta dregið mig til Englands aptur. Mágkona mín þarf aldrei að vita neitt um þetta. Hún mun að eins álíta, að hinn hlálegi mágur hennar hafi hvorfið aptur til síns fyrra slarkara lífs, og það mun bryggja hana, en hún mun ekki undrast mikið yfir því. Hún mun hafa nóg að starfa að gera gott, svo hún mun ekki hafa tíma til að hugsa of mikið um hann. Fidelfa, það er engin ástæða til, að veslings mágkona mín fái nokkurn tíma að heyra þessa sögu.“

„Hvers vegna sögðuð þjer mjer hana?“ sagði Fidelfa.

„Vegna þess, að jeg sá, að þjer voruð að eyða lífi yðar og lífi vinar míns að ástæðulausu, og jeg gat ekki polað það. Síðan jeg fór að kynnast yður, hef jeg einnig komist að því, að jeg hefði getað haft betra hlutskipti í lífinu en það, að flækjast um veröldina með peningaspils-mönnum og nautahirðum, og úrþvættinu úr herliði Evrópu. Djer ljettuð mig finna til þessa, þótt þjer vissuð ekkert um það, eða hugsuðuð um það, býst jeg við. Jeg hef fengið betra álit á lífinu síðan jeg fór að þekkja yður, og þessa vegna hef jeg sagt yður sögu mína.“

„Lofið mjer nú að fara,“ var allt, sem hún gat sagt.

ta. Jeg hef

sagði hann.

því. Jeg er í

þm menntaða

skt vald skal

lágkona mín

mun að eins

hvorfíð aptur

ryggja hana,

í. Hún mun

mun ekki

nn. Fidelfa,

lágkona mín

hana?“ sagði

orud að eyða

usu, og jeg

rynnast yður,

ði getað haft

fast um ver-

nautahirdum,

ljetoð mig

um það, eða

g hef fengið

þja yður, og

“

lt, sem hún

„Að eins eitt augnablik enn—jeg er Ratt Gundy!“ sagði Granton.

„Eruð þjer Ratt Gundy?“ sagði Fidelfa.

„Dað var nafnið, sem jeg gaf sjálfum mjer þar ytra,“ sagði Granton, og kippti höfðinu til ópolinmóðlega, „þarna út í þessum bölvaða stað. Jeg hef tekið mjer ýms nöfn á æfinni, og maðurinn, sem bar sum þeirra, eptirljet sjer hlálegt mannorð. Ef það er nauðsynlegt að veslings lágkona mín fái að heyr nokkuð af þessu, þá munið eptir því, að það var Ratt Gundy, sem vann verkið. Hún má ekki komast að sannleikanum. Og nú—já, jeg held að þetta sje allt sem jeg verð að segja. Jeg hef eitt verk að vinna áður en jeg fer frá Englandi, en að því búnu fer jeg, og skal ekki koma aptur. Jeg ætla mjer að hafa upp á mannum, sem lagði ráðin á og gerði þessar morð-tilraunir, og jeg smynda mjer að jeg sje þegar búinn að finna slóðina hans. Jeg er einn af erfingjunum, Fidelfa, einmitt eins og þjer. Munið eptir því, að jeg er sá Ratt Gundy í sögunni, og hugleiðið svó, hvort það sje sennilegt, að jeg sje maðurinn, sem reyndi að myrða unnusta yðar?“

„Jeg get ekki trúað því, að þjer sjeud Ratt Gundy,“ hrópaði hún.

„Jeg er Ratt Gundy, eins sannarlega og þjer eruð Fidelfa Locke,“ sagði Granton. „Dað var Ratt Gundy, sem drap föður yðar; og jeg kom aptur til Englands undir nafninu Ratt Gundy, til þess að reyna að bæta yður að einhverju leyti upp yfirsjón

mína og glæp minn gegn yður, þó guð sje mjer til vitnis, að jeg var neyddur út í bardagann og þess háttar væri ekki álitinn mikill glæpur þar ytra.“

„Ó, talið þjer ekki svona!“ sagði Fidelia í bænarróm.

„Gott og vel, jeg skal ekki afsaka mig. Hugsíð eins illt um mig og þjer getið. En munið samt eptir því, Fidelia, að mágkona mín veit ekkert um allt þetta; að þjer og hún og jeg verðum að fara öll saman til Charing Cross-sjúkra-hússins eptir fáar mínútur, og að ef þjer ljetuð í ljósi hina minnstu tortryggni eða kala gagnvart mjer, þá gæti það vakið hugsanir hjá henni, sem við verðum að útiloka frá henni. Þjer ætlið að taka tillit til hennar, Fidelia, eða er ekki svo, og þjer ætlið að hlífa mági hennar hennar vegna?“

„Ó, já,“ sagði Fidelia, „það skal jeg gera af öllum hug og hjarta.“

„Jeg ætla ekki að biðja yður að fyrirgefa mjer,“ sagði Granton. „Það væri að biðja of mikils. Jeg bið yður að eins, að umgangast mig í viðurvist mágkonu minnar eins og ökkert hefði í skorist. Jeg vildi ekki biðja yður að taka í hina blóðstokknu hönd mína nú, hjerna—þar eð við erum alein. Jeg bið yður að taka í hana fyrir síðasakir, þegar við erum með systur minni.“

Það varð augnabliks þögn og tilfinningarnar voru bældar niður. Svo sagði Fidelia einbeittlega:

„Jeg ætla að taka í hönd yðar nú, á þessu augna-

þliki—nú, og æfinlega. Jeg ásaka yður ekki, eða jeg fyrirgef yður, jeg veit ekki hvort heldur; en jeg ætla að taka í höndina á yður.“

Tár komu í hin djarfagu, björtu augu Ruperts Grantons um leið og hann tretti út höndina og tók í hönd hennar. Svo kom laoi Scardale aptur.

„Nú, Fidelía,“ sagði hún „farið og bíðið yður til ferðarinnar.“

XXI. KAPÍTULI.

MAÐURINN MEÐ RAUÐA SKEGGIÐ.

Það fór eins og titringur í gegnum London við hinar nýju frjettir. Fregnin um morð-tilraunina á upphækkaða árbakkanum kom ofurlítið of seint til þess, að morgunblóðin gætu haft langar greinar, með stórum fyrirsögnum, um hana daginn eptir, en næsta útgáfan af þeim flaut í þessari fregn, og það var reglulegt flóð af frjettum um morðtilraunina í kveldblóðunum. Önnur morð-tilraunin til hafði að minnsta kosti verið gerð í sambandi við hinn mikla demantanáma-auð; annar erfinginn til hafði fundist liggjandi í blóði sínu. Gerald hefði verið fluttur á Charing Cross-sjúkrahúsið og hann hefði legið þar langa stund í hinni mestu lífshættu. Sönnunin fyrir morð-tilrauninni væri nú samt mjög ljós og óbrotin. Mr. Bostock — prófessor Bostock, frá menningar-

skólanum hennar lafði Scardale, í Chelsea—gat til allrar hamingju sagt heilmikið um málefnið.

Saga Mr. Bostocks sögðu blöðin að hljófði þannig, að sama kveldið og morð-tilraunin var gerð, hefði hann verið á gangi með Mr. Aspen, og hefðu þeir verið að tala um hitt og þetta; að þeir hefðu farið yfir ána á Battersea-brúnni, og síðan aptur sama veg til baka, og að prófessorinn ætti heima sunnan megin við þessa nýju brú; að Bostock hefði beðið Aspen að vera þaran um sig, að hann (Bostock) hefði sjeð mann með rautt hár og skegg, mjög líkan manni þeim, er hann, Bostock, sá, kveldið sem Set Chickering var myrtur, vera að flækjast í nánd við garðs-bliðið hjá menningar-skólanum. Að þar eð Mr. Aspen væri einbeittur og hugprúður maður, þá hefði hann að eins gert spaug að þessari hættu; að Bostock hefði óskað, að mega fylgja honum heim, en að Aspen hefði ekki viljað heyra það nefnt á nafn. Að hann, Bostock, hefði samt sem áður fylgt honum eptir all-langan veg á upphlaðna árbakkanum, en haldið sig nokkurn spöl á eptir honum, svo að hann ekki tæki eptir honum. Að rjett þegar þeir komu á fáferðugan part á bakkanum, þá hefði honum virst að hann sjá einhvern maun liggja þar á bekk, en að hann hafi ekki gefið þessu mikinn gaum, þar eð hann hefði haft allan hugann við að sjá til Mr. Aspens, þar sem hann gekk á undan honum. Að Aspen hefði stanzað til að kveikja í vindli, og að þá hefði Bostock sjeð manninn á bekknum stökkva

á f
ga
Bo
upp
ekk
aði
Chi
Asp
mor
mor
fram
slepp
ið up
horfi

ock s
eptir
M
hann
legan
það el
gangi
sjersta
hann h
var kom
með M
„H
bætti h
skilna
ómögul

á fætur, hlaupa aptan að Aspen og slá hann, en hann gat ekki sjeð með hverju hann sló hann. Að hann, Bostock, hefði þá hlaupið að manningum og hrópað upp, að hann hefði nú náð honum og að hann skyldi ekki sleppa. Að þetta hefði verið sami rauðskeggj-adi maðurinn og hann hefði sjeð kveldið sem Set Chickering var myrtur. Að það hefði liðið yfir Aspen og hann hnigið niður; að hann, Bostock, og morðinginn hefðu verið í ryskingum um stund; að morðinginn hefði stungið hann með hnífi í hægri framhandlegginn, og þannig neytt hann til að sleppa taki sínu; og að morðinginn hefði síðan hlaupið upp eitt strætið, sem liggur í áttina til Strand, og horfið.

„Jeg er bysna sterkur maður,“ hafði Mr. Bostock sagt, „en morðinginn var sterkari en jeg, og eptir að hann særði mig, gat jeg ekki haldið honum.“

Mr. Bostock hefði sagst hafa sjeð eptir því, að hann var vopnlaus, en hann skýrði það á mjög eðlilegan hátt, að þó hann lifði á sverði sínu, þá væri það ekki síður sinn að bera sverð, þegar hann væri á gangi um hin friðsömu stræti í London; og að þetta sjerstaka kveld hefði hann ekki sjeð, eða álitit að hann hefði sjeð rauðskeggjada manninn fyr en hann var kominn af stað frá menningarskólanum í Chelsea með Mr. Aspen, sem hann ætlaði að ganga út með.

„Ef jeg hefði haft eitthvert vopn í höndum,“ bætti hann við, með hinu hátíðlega sjálfstrausti, sem skilninga-meisara er eiginlegt, þá hefði þetta slys ómögulega getað komið fyrir.

Prófessorinn hefði sjálfur verið særður all-
 iskyggilegu sári á handlegginn með hníf. En það
 hefði þó þegar verið auðsætt, að það sár væri ekki
 bænvænt. Hinn flýjandi morðingi hafði auðsjáan-
 lega að eins haft tíma til að beita vopni sínu í flýti
 og athugalaust. En samt hefði hann komist undan
 og lítil líkindi virtust til, að mögulegt yrði að rekja
 feril hans.

Af öllu þessu varð almenningi ljóst, að það
 hlyti að vera einhver þráður eða fastur ásetningur,
 er gengi í gegnum alla þessa skrá yfir voðaleg morð
 og morð-tilraunir, sem tilheyrði sögunni um demanta-
 námána. Hluthafarnir í þessu mikla gróðafyrirtæki,
 er svo vel hafði heppnast, hefðu skuldbundið sjálfa
 sig til, að skipta fjenu, innan ákveðins tíma, milli
 þeirra í fjelaginu, sem þá yrðu á lífi, og þeirra erf-
 ingja, sem dánir fjelagsmenn kynnu að hafa tilnefnt
 sem erfingja sína.

En þeir höfðu enn fremur bundist þeim skilmála,
 að ef einhver af fjelagsmönnum skyldi deyja, án þess
 að hafa tilnefnt erfingja, þá skyldi hlut hans í fje-
 laginu skipt meðal hinna hluthafanna. Set Chick-
 ering hafði verið drepinn sama kveldið og hann kom
 til London. Hann átti enga erfingja. Peningum
 hans skyldi skipt 1. janúar næstkomandi meðal hinna
 annara, það er að segja, hinna annara eptirlifandi
 erfingja. Það væri ekki tekið fram í samningnum
 milli fjelagsmanna, hvort nokkur af erfingjunum
 mætti kjósa sjer erfingja að sínum hlut, ef hann

sky
 stæ
 eins
 tiln
 verð
 enn
 in y
 allt
 inga
 orðið
 auka
 minn
 Þ
 öllum
 þetta
 kenni
 það.
 tock.
 einlæg
 þvi er
 hærði r
 væri í e
 ferðum.
 lesið he
 sem við
 einn alp
 ur ná, o
 don—M
 Ratt Gu

skyldi snögglega falla frá. Undir öllum kringumstæðum væri mjög ólíklegt, að eins ungum manni eins og Gerald Aspen var, hefði komið til hugar að tilnefna erfingja, ef hann skyldi falla frá, til þess að verða hluttakandi í auð, sem hann sjálfur var ekki enn þá búinn að fá í hendur. Ályktanin, sem dregin yrði af öllu þessu var sú, að einhver, sem skildi allt málefnið til hlftar, og sem væri öldungis skeyt-ingarlaus um meðölin er hann notaði til þess, hefði orðið gagntekinn af þeim hræðilega ásetningi, að auka hlut hinna eptirlifandi erfingja með því, að minnka tölu þeirra.

Ritstjórnar-greinar voru skrifaðar og birtar í öllum blöðunum á hverjum degi til þess að ræða þetta mál til hlftar, til að koma fram með nýjur kenningar, og til að rífa niður eldri kenningar, um það. Ýmsir blaðamenn áttu tal við prófessor Bostock. Hann ljét í ljós skoðanir sínar með mestu einlægni. Hann hafði engan mann grunaðan, að því er hann sagði, en hann gat ekki álitid að rauðhærði maðurinn væri annað en verkfæri, sem notað væri í einhverju djöfullegu samsæri, sem hjer væri á ferðum. Hann leiddi athygli að því sem maður, er lesið hefði alla söguna og sem þekkti marga af þeim, sem við hana voru riðnir, að það væri að minnsta kosti einn alþekktur maður, einn af erfingjunum, fjarlægur nú, og sem hefði skyndilega horfið burt úr London—Mr. Ratt Gundy. Hann hefði heyrt, að Mr. Ratt Gundy hefði farið aptur til Suður-Ameríku, en

á þessum gufuafis- og haf-kappsiglingadögum væri Suður-Ameríka ekki langt í burtu. Að minnsta kosti myndi fregnin um þessa stöðustu morð-tilraun berast fljótt til Suður-Ameríku, og Mr. Gundy mundi frjetta um hina bítæfni árás, sem gerð hefði verið á vin hans, Mr. Aspen; og þá ljeti Mr. Gundy vafalaust eitthvað til sín heyra.

Bláðið *Catapult* skaraði einkum fram úr öðrum blöðum í því, hvað nákvæmlega og með hvað mikilli skarpskyggni, og við mættum gjarnan segja alvörugefni, það skýrði frá samtalinu við Bostock. Var ekki annar til af erfingjunum, spurði hinn ungi frjettaritari fyrir bláðið *Catapult*, sem aldrei hefur spurst uppi—einhver Mr. Jafet Bland? Lá enginn grunur á honum? Alls enginn, að því er hann hafði heyrt, sagði Mr. Bostock hiklaust. Hafði hann (Mr. Bostock) ekki myndað sjer neina kenningu viðvíkjandi þessu máli? Jája, svona að nokkru leyti, sagði Mr. Bostock. Hann sagðist vera fremur gáfnar daufur og seinn á sjer í öllu öðru en því er snertir skilmingar, og að vit sitt og getgátur væru ekki mikils virði; en ef hann væri knúður til að segja álit sitt, þá yrði hann að viðurkenna, að hann hefði myndað sjer kenningu, en sem sjálfsagt væri gersamlega einskis virði. Og þar eð að honum væri lagt að segja álit sitt, þá ljeti hann tilleiðast, eptir að hafa gert mjög lítið úr gáfum sínum, og spyrja, hvort það væri ekki mögulegt, að hinn týndi Jafet Bland, er væri sonur eins af hinum upprunalegu eigendum námunnar, og sem einhverjir af hinum eigendum

hef
djö
í lj
athu
upp
frjet
kom
rjett
ock l
svo.
athug
marg
ómög
þessu
tíma t
A
að ger
stund.
því, að
til hans
Aspen
hetjuleg
vildu ei
sem ága
Menning
áður fyrri
viðvíkjan
og bjugg
kæmi fra

hefðu drepíð, hefði fengið vitneskju um; að eitthvert djöfullegt samsæri væri á ferðum og því ekki komið í ljós eða gefið sig fram, til þess að geta því betur athugað þetta samsæri eða svikabugg og komið því upp; þegar tími væri komin til þess. Hinn áleitni frjettaritari spurði, hvort það hefði ekki verið tími til kominn fyrir nokkru síðan að koma því upp, t. d. frjett áður en Set Chickering var myrtur? Mr. Bostock kvað já við því, og sagði, að það væri líklega svo. Hann (Mr. Bostock) sagðist auðvitað ekki hafa athugað málið mjög nákvæmlega; hann hefði svo margt annað að gera; en samt fyndist sjer ekki ómögulegt að Jafet Bland, ef hann væri á verði í þessu efni, hefði ekki fengið að vita um samsærið í tíma til að hindra, að Set Chickering væri myrtur.

Allt hið dularfulla við þetta mál hafði þau áhrif, að gera Mr. Bostock að einskonar söguhetju um stund. Hann hafði komið fram sem trúur vinur með því, að fylgja Mr. Aspen eptir á lengdar heimleiðis til hans kveldið sem ráðist var á hann, og ef Mr. Aspen hjeldi lífi, þá væri það því að pakka, hve hetjulega prófessor Bostock skarst í leikinu. Allir vildu eignast ljósmyndir af Bostock, og orðstír hans sem ágæts skilminga-manns flaug út um allt landið. Menningar-skólinn varð og langtum nafntogaðri en áður fyrir bragðið. Öll blöðin tóku kenningu hans viðvíkjandi morðinu enn kappsamlegar til umræðu, og bjuggu sig vel undir þá stund, að Jafet Bland kæmi fram í dagsljósið og sjónarsviðið úr myrkrinu,

sem hann nú var huliinn, á hæfilegri stund. Almennings-álitíð virtist hafa sterka tilhneigingu til að gera Jafet Bland að söguhetju fyrirfram, og hafa mjög illan grun á hinum horfna Ratt Gundy. Maðurinn sem hafði horfið þannig viljaði, stóð mjög illa að vígi í almennings-álitinu í samanburði við Jafet Bland, sem einhverra orsaka vegna hafði ekki viljað gefa sig fram eun.

En hvað er að segja um rauðhærða og rauðskeggjaða manninn? Lögregluliðið var á endalausum veiðum eptir hverjum þeim manni, er hafði rautt hár og skegg, og sem mögulegt var að hafa grunaðan. Rauðhærðir og rauðskeggjaðir menn eru mjög algengir í öllum löndum; en jafnvel í öllu þessu uppnámi dirfðist þó lögregluliðið ekki að taka sjerhvern rauðhærðan og rauðskeggjaðan mann, sem það fann fastan, og reyna að beita sakalögum Englands á þá. Ýmsir menn, er bjuggu á árbakk-anum, vöktu athygli á því, að maður með úfið rautt hár og skegg, sem lifði undarlegu láðs og lagar lífi, hefði standum látið sjá sig fyrir ofan Battersea-brúna, en þótt einhver slíkur maður hefði einhvern tíma verið þar, þá sást hann nú hvergi. Á jörðinni og vatninu eru vindbólur, og að líkindum hefur hann verið ein þeirra.

Eptir nokkurn tíma fór Gerald að batna, og frjettaritararnir fundu hann þá einnig að máli. Hann staðfesti vissulega, að svo miklu leyti sem hann hafði getað sjóð og munað, sögu prófessor

Bostoocks. Gerald var alveg viss um það, að maðurinn, sem hann snerist á móti til þess að hafa hendur á, hefði haft rautt skegg. Hann gat ekki gefið mikið meiri upplýsingar, en þetta gat hann að minnsta kosti fullyrt. Hann þekkti ekki manninn; þó hann sæi hann aptur; en hann var alveg viss um, að maðurinn hefði haft rautt skegg. Hann var einnig alveg viss um, að hann hefði heyrt prófessor Bostock hrópa til morðingjans, að hann skyldi ekki sleppa í þetta sinn, og hann var jafn ákveðinn í því að það, að Bostock hefði komið honum til hjálpar, hefði bjargað lífi hans. Hann kvaðst ekki hafa haft hina minnstu hugmynd um, að Bostock hefði fylgt sjer eptir; og að hann hefði ekki haft neins trú á, að sjer væri hin minnsta hætta húin, þegar árásin var gerð á hann; en einmitt á því augnabliki, sem hann heyrði rödd Bostoocks, flaug hin árangurslausu aðvörun Bostoocks í hinn ringlaða huga hans og hann greip það og vissi, að hinn hugrakki vinur hans hefði fylgt honum eptir og frelsað hann úr hættu.

Gerald var nokkuð ör á að láta í ljósi aðdáun sína útaf prófessor Bostock. Sannleikurinn var, að hann var því nær alltaf að hugsa um það, að Bostock hefði frelsað hann handa Fidelíu—að það væri að eins Bostock að þakka, að hann hafði ekki verið drepinn, og að Fidelía mundi angrast, þegar hún heyrði þetta; og hann áleit að Bostock hefði frelsað bæði sig og Fidelíu.

Manni, sem óvanur er öllum sjúkdómum, er

Almenn-
til að gera
nafa mjög
Maðurinn
ög illa að
við Jafet
ekki viljað

og rauð-
r á enda-
, er hafði
r að hafa
aðir menn
invel í öllu
ð ekki að
aðau mann,
sakalögum
á árbakk-
úfið rautt
lagar lífi,
Battersea-
i einhvern
A jörðinni
dum hefur

batna, og
að máli.
leyti sem
a prófessor

hætt við að falla í sjerlegar og undarlegar hugleiðingar, og skoða viðburði, kringumstaður og mögulegaleika eins og hann stæði fjarri og væri að eins áhorfandi. Gerald gat nú hugsað sjer þann mögulegaleik, að hann hefði verið drepið á upphlaðna árbakkanum, og hver varð svo niðurstaðan af þeim mögulegaleika? Engin önnur en sú, að honum fannst að þetta koma sjer sjálfum ekki beinlínis við. Hann dró ekki upp neina mynd af gróf sinni, sem hann hefði hniðið svo úngur í, í einhverjum grafreit í undirborginni; enga mynd af því, ef ætiferill hans hefði verið svo snögglega og grimmilega afskorinn; enga mynd af því, að hann hefði hrapað frá ástum og auðlegð, sem hann átti von á, niður í hie rykugu hýbýli dauðans. Ekkert af þessu rann upp í huga hans. Hann hugsaði að eins um Fidelíu syrgjandi hinn myrta unnusta sinn, og tór komu í augu hans við umhugsunina um tórin í augum hennar. „Drag ekki tóra-blæju fyrir himin þessara björtu augna“, syngur hinn bryggi unnusti í skáldsögunni *Don Quixote*. Veslings Gerald poldi ekki einu sinni að hugsa um, að Fidelía drægi tórablæju fyrir himin hinna björtu augna sinna, jafnvel þó tórin ættu að flóa hans vegna.

Gerald var auðvitað spurður að, hvert hann hefði myndað sjer nokkra kenningu viðvíkjandi morðtilrauninni á upphlaðna árbakkanum. Hann var spurður hvort hann álití, að hún stæði í nokkru sambandi við árásina sem gerð var á Set Chickering, og sem

va
pe
hu
til
þó
inn
ing
pei
gat
ein

Bos
sjál
myr
men
hafð
hlað
bein
stimp
leng
skeg
verkt
hefði
er kr
Nei,
hefði
kröfu
á lífi
þeim

varð honum að bana? Já, ef til vill, sagði hann pessháttar skoðun hefði verið að ryðja sjer til rúms í huga hans. Í fyrstu hefði hann enga tilhneiging haft til að álíta, að sú skoðun hefði við mikið að styðjast, þótt hann hefði opt spurt sjálfan sig að hver maðurinn væri, sem gæti haft hag af að ryðja Set Chicker-ing úr vegi? Og sá sannleikur, að Set var einn af þeim fáu eigendum námunnar, er engan erfingja átti, gat vakið þá hugsun, að ekki væri ómögulegt, að einhver eigingjörn ástæða hefði verið fyrir morðinu.

En þegar það var orðið augljóst, að prófessor Bostock hafði sjeð manninn með rauða skeggið, er sjálsagt hefði verið notaður sem verkfæri til að myrða Set Chicker-ing, fyrir utan garðshliðið hjá menningar-skólanum, og að hann sjálfur, Gerald, hafði sjeð hann, er hann átti líf sitt að verja á upp-hlaðna ár-bakkanum, og að prófessor Bostock hefði beinlínis þekkt hann aptur þá, þegar hann var í stimpingunum við hann, þá var ómögulegt að efast lengur um, að morð-samsæri ætti sjer stað, sem rauð-skegrjafi maðurinn væri þó að eins notaður sem verkfæri við. Mr. Aspen var spurður, hvort hann hefði nokkurn tíma heyrt getið um, að nokkur þeirra, er kröfu gerðu til náma-eignanna, hefði rautt skegg? Nei, hann hafði aldrei heyrt getið um það; en hann hefði heldur aldrei heyrt mikið um hvernig þeir, er kröfu gerðu til arfsins, litu út, hvorki þeir sem væru á lífi nje þeir, sem dánir væru, að undanskildum þeim sem hann hefði þekkt persónulega.

Gerald var ennfremur spurður, hvort hann þekkti mann þann, er nefndist Ratt Gundy? Ó, já sagði Gerald—og varð dálftið Ópolinmóður—hann þekkti Ratt Gundy; og hann sagði að þeir væru blátt áfram að villa fyrir sjálfum sjer sem ímynduðu sjer að Ratt Gundy væri nokkuð riðinn við glæpi þessa. En svo var spurt, hvar Ratt Gundy væri nú? Um það gat Gerald engar upplýsingar gefið. Allt málið drógst því að þeim sannleika, að maðurinn með rauða skeggið, sem sjæst hafði nálægt líki Sets Chickering, hefði reynt að myrða Gerald Aspen, og að bæði Gerald Aspen og Set Chickering væru erfingjar að demanta-náma auðnum.

Það var auðvitað ekkert óeðlilegt, að grunur almennings snerist að hinum týnda Ratt Gundy. Allir mundu eptir því að það var þó hann, sem lögregluliðið fann fyrst hjá hinum þrönda líkama Sets Chickering. Hins vegar var það víst, að maðurinn með rauða skeggið var ekki Ratt Gundy sjálfur. Samkvæmt framburði prófessors Bostocks við lík-skodanina, þá hefði hann sjálfur, Bostock, mætt mannum með rauða skeggið á því augnabliki, sem Ratt Gundy hlaut að hafa verið að tala við lögregluþjónana í litla ferhyrnda svæðinu er liggur út frá St. James stræti. Spursmálið var því á endanum þetta: Hver var maðurinn með rauða skeggið?

Vjer höfum sagt, að prófessor Bostock hafi orðið aðal-söguhetjan um stund. Og það var hann líka á vissan hátt. En hann var það að eins í sama skilo.

ing
sinu
helo
var
sögu
ritst
legu
loptl
umra
hann
mord
í sun
ingu,
konar
ædi sí
til að
eins v
sama t
Það va
væri e
var vis
lega ek
þegar l
Chicke
einn san
komid f
en ekki
sjer, að
fram og

ingi og hetja sem vekur aðdáun manna með hreysti sinni, en alls ekki sem hetja, er dragur að sjer og heldur öllu athygli voru við sig. Í þeim skilningi var maðurinn með rauða skeggid vafalaust aðal-söguhetjan um þessar mundir. Þóttin voru full af ritstjórnargreinum um hann. Mesti fjöldi af breytilegum skoðunum voru settar fram og liðu eins og loftbelgir aptur og fram um hinu heilvolf almennings-umræðanna. Ein stjórnfærnisleg getgátan var, að hann væri bara vitfirringur, sem hefði einskonar morðfysnar-æði. En þessi hugmynd var brátt tætt í sundur sem einskis virði með þeirri sennilegu skyfingu, að það kæmi helst til mikil regla fram í þess konar vitleysu, og að vitfirringur, sem aldrei svalaði æði sínu á öðrum en þeim mönnum, er gerðu kröfu til að hafa hlutdeild í afar-miklum auð, gæti alveg eins vel verið með öllu viti og framið morð sín í sama tilgangi og aðrir morðingjar eru vanir að gera. Það var einnig álitid alveg vafalaust, að morðinginn væri ekki sjálfur einn af samerfingjunum. Hann var vissulega ekki kapteinn Raven; hann var vissulega ekki Ratt Gundy, er svö margir hefðu sjeð þegar líksskoðunin og rannsóknin útaf morði. Sets Chickerings fór fram. Auðvitað var enn ótalinn einn samerfinginn, Jafet Bland, er ekki hafði enn komið fram til að gera kröfu til síns hluta af erfðinni; en ekkert gat verið meiri fjarstæða en að fimynda sjer, að maður, sem ugglaut ætlaði sjer að koma fram og gera kröfu til síns hluta af hinum mikla auð,

mundi, í millibílinu, ganga um kring myrðandi alla samarfa sína, og láta tvo aðra eins menn, og Ratt Gundy og próffessor Bostock voru, sjá sig og þekkja sig.

Eptirvæntingar-áhuginn bættist nú við getgátu áhugann. Hver er maðurinn, sem hefur aðhafst allt þetta? er óneitanlega mjög hrifandi spurning; en hún er samt sem áður ekki alveg eins hrifandi og spurningin: Hvað skyldi hann aðhafast næst? Skyldi hann snögglega láta staðar numið við þessa síðustu misheppnuðu tilraun? Vissulega ekki. Það væri allt of gagnstætt rjettri hugsun og ófullkomið. Það mundi gera það að verkum, að allt starf hans mundi virðast þýðingarlaust og óeðlilegt. Sá maður mætti eins vel hafa alveg látið vera að fremja morð, eins og að hætta við áforin sitt svona á miðri leið. Dess vegna stóð spursmálið svona fyrir almenningi: A hvern skyldi hann ráðast næst?

Af þessu leiddi, að hræðilegasta myndin, sem stóð fyrir hugskotssjónum almennings á þessu tímabili—sem vakti syktu forvitni og óttafullan áhuga—var maðurinn með rauða hárið. Óhlyðin börn voru hrædd til að vera kylrát og síðsöm með því, að ógna þeim með mannum með rauða skeggið. Það voru sungnar tækifærisvísur um hann á söngsöllumunum. Það voru búnaðar til um hann vísur til að syngja á leikhúsunum, þegar leikendurnir voru aptur kallaðir fram á leiksviðið í skrípaleikjum. Það var búinn til hryllilegur heimilis-sjónarleikur um hann og leikinn

á einu leikhúsi í Austur-London. Í auglýsingun-
um um hvað væri í kvöldblöðunum voru ákaflega
feitar línur, sem skýrt var frá með, að það væri sagt,
eða að sá orðrómur gengi—auðvitað voru orðin
„sagt“ eða „orðrómur“ vanalega með smá-letri,—að
„maðurinn með rauða skeggið væri handsamaður.“
Ruddalegir og ófyrirleitnir menn, sem höfðu í
frammi alle konar brekki, reyndu að hræða konur og
börn í afskekktum strætum á kveldin með því, að
hrópa með hárrí röddu að þeir væru maðurinn með
rauða skeggið. Sjá hver maður, sem náttúran hafði
ríkulega skreytt með rauðu skeggi, og sem ekki
þóknadist að fórnfæra því skrauti á stalla þess, sem
nefna mætti almennings-fælmi, mátti búast við að
vera skoðaður sem óvelkominn gestur á „omnibus“-
járnbrautunum. Ef einhver maður, sem var svo
ólánssamur að hafa rautt skegg, kom inn á slíka
almenna staði, mátti hann búast við að heyra marga
pilta hvísla að unnustu sinni: „Darna er maðurinn
með rauða skeggið“. Ýmsir huglitlir rauðskeggj-
aðir veslingar (neyddir til þess af konum sínum, sem
sögðust alls ekki annars geta gengið með þeim á
almannafæri) gengu jafnvel svo langt, að láta klippa
skegg sitt svo, að mjög lítið var eptir af því. En
jafnvel þessi hugleysis-stefna, þessi málamiðlunar-
stefna, þessi þrælslegi ótti við að vekja athygli, kom
ekki réttíð að haldi. Þessir hálfklipptu menn heyrðu
opt einhvern háðfuglinn hvísla að sessunaut sínum—
vanalega stúlku—þegar hann var að fara upp í

„omnibus“ eða neðanjarðar-járnbrautarlest: „Sko til, hann hefur klippt af sjer skeggið“.

Já, maðurinn með rauða skeggið var um þessar mundir maðurinn, sem allir, sem rituðu stuttar blaðagreinir, skrifuðu stuttar blaðagreinir um, sem allir, er ortu og sungu tækifæris-vísur, ortu og sungu vísur um.

Þess mætti geta, að ýmsir efagjarnir menn vildu alls ekki trúa því, að nokkur slíkur maður með rauða skeggið væri til.

Arnjotun B. Olson

XXII. KAPÍTULI.

SJÓMAÐURINN.

Tíminn leið og læknaði meidsli Geralds og dró úr áhuga manna viðvikjandi árásinni á hann. Þegar hjer var komið sögunni gekk Mr. Bostock eptir Queens götu dag einn og staðnæmdist eitt augnablik eins og hikandi fyrir framan búð Mrs. Borringer. Svo opnaði hann dyrnar og gekki inn.

Þegar hann var kominn inn í búðina, stóð hann kyr um stund og leit forvitnislega í kring um sig. Hann renndi hinum daufu, dökku augum sínum hratt yfir hinar löngu hillu-raðir, sem voru fullar af bögglum, er búðið var um með móraudum pappir, yfir hinar óteljandi smá-skúffur, sem undarlegt fræ og heilsusamlegar rætur var geymt í. Dálítið bitr-

tarlest: „Sko

var um þessar
stuttar bláða-
um, sem allir,
rtu og sungu

nir menn vildu
dur með rauða

hon

erals og dró
hann. Þegar
Bostock eptir
t eitt augna-
rs. Borringer.

na, stóð hann
ring um sig.
ugum sínum
oru fullar af
aðum pappír,
undarlegt fræ
Dálítið bit-

an, en kriddsætan ilm lagði um búðina, og nasir hans þöndust út undir ábrifum ilmsins.

Lisbeth, gamla þjónustu-stúlkan hennar Mrs. Borringer, sat fyrir innan búðar-borðið og þrjónaði með mestu rósemd. Þegar Bostock kom inn, leit hún skarplega á hann gegnum gleraugun sín. Hún þekkti hann mikið vel í sjón að sjá.

„Hvað mætti yður þóknast að vilja, Mr. Bostock?“ spurði hún með gamaldags alvörugefni og með sterkri „Surrey“-áherzlu á orðunum.

Mr. Bostock, sem var að setja nákvæmlega á sig allt í búðinni, spurði hvert Mrs. Borringer væri heima. Ef hún væri heima, sagðist hann þurfa að finna hana—tala við hana í fáeinar mínútur, ef hún hefði tíma til þess.

Lisbeth stóð á fætur, stakk þrjónunum í það, sem hún var að þrjóna, og gekk inn eptir búðinni að dyrunum, sem gengið var um inn í ísbúðarherbergin í hásiðu. Hún opnaði hurðina að eins nóg til þess, að komast inn um dyrnar og lokaði henni svo á eptir sjer. Bostock var einn eptir í búðinni.

Strax og hurðin laukst aptur á eptir Lisbeth, fór Bostock að læðast um litlu búðina, opnaði skúffu, eptir skúffu, og gægdist forvitnislega niður í þær, lypti upp böggli eptir böggul í hillunum, og athugaði nákvæmlega hina snoturlega rituðu nafn-míða, er voru ritaðir með hinni fínu snarhönd Mrs. Borringer, og sem sagði til, hvað var í hverjum böggli. Í stórum kassa, er var skipt í mörg hólf, og sem stóð

á hinu langa búðarborði, voru margir fræ-böggjar. Hann tók upp böggul eptir böggul og las nöfnin á þenn; því á þeim voru einnig snotrir nafn-miðar. Á meðan hann var að lesa nöfnin var ekki hægt að sjá á svip hans, að hann yrði nokkurs vísari við það, sem hann las.

Það lá líka bók á búðar-borðinu—þykk, gömul bók, einkennileg, gömul grasafærði frá 17. öld, með mörgum fátánlegum jurtamyndum og fátánlegum lýsingum af þeim. Bostock tók bókina og opnaði hana. Hann var að blaða í bókinni og skoða hverja mynd fyrir sig, þegar Mrs. Borringer kom inn í búðina.

Það var ekkert bros á andliti Mrs. Borringer þessa stundina. Mrs. Borringer var ekkert um Mr. Bostock. Hún gat eiginlega ekki gerð grein fyrir, hvers vegna henni var ekki um hann. Hún hafði ekki heyrt neitt illt um hann; hún vissi ekkert illt um hann. Dau höfðu lítið saman að selda, og það var sannarlega engin gild ástæða fyrir þeirri óbeit, sem hún hafði á honum. En hún var sjer þess ljóslega meðvitandi, að hún reyndi ekki að útrýma þessari óbeit hjá sjálfri sjer, að eins fyrir þá sök, að þessi óbeit mætti virðast dálítið ósanngjörn. Þetta er náttúru-ávísan, sagði hún við sjálfa sig, og þess háttar náttúru ávísan er eins opt rjett eins og rüng, og jafnvel optar rjett. Ef manni geðjact ekki að einhverri manneskju, þá geðjast manni ekki að henni, og það er ekki til neins að deila um það. Þar af leiddi að Mrs. Borringer, sem var praktísk kona,

gerð
á M
kveð
og þ
vör v
ingen
er hn
beth
afsaka
afsaka
fróðle
„
bluti“
inger
hans v
mikil b
in, að g
„S
veröldi
höfum
„D
tock og
heilsa v
samþyk
þess opt
isræði á
að mjer
gagnleg

gerði enga sjerstaka tilraun til að útrýma óbeit sinni á Mr. Bostock, enda var óbeit hennar ekki nógu ákveðin til þess, að orsaka henni nein veruleg ónot, og þegar hann var fjarverandi varð hún alls ekki vör við þessa tilfinningu.

Bostock lagði bókina á borðið þegar Mrs. Borringer kom í búðina og heilsaði henni. Mrs. Borringer hneigði sig kuldalega og settist í sætið sem Lisbeth hafði setið í fyrir innan búðarborðið. Bostock afsakaði, að hann hefði verið að skoða bókina, en afsakaði sig um leið með því, að bókin væri svo fróðleg.

„Djer hljótið að vita mjög marga fróðlega hluti“, sagði Bostock; og horfði stöðugt á Mrs. Borringer með sama undarlega svipleysinu, er andliti hans virtist svo eiginlegt. „Dað hlýtur að vera mikil blessun að finna til þess, að vera þess umkominn, að geta gert svo mikið gagn í veröldinni“

„Sjerhver maður ætti að gera eitthvað gagn í veröldinni“, sagði Mrs. Borringer með áherzlu. „Við höfum verið sett hjer í hana til þess, býst jeg við“.

„Dað er vafalaust, það er vafalaust“, sagði Bostock og veifaði handleggnum eins og hann væri að heilsa við skilmingar. „Jeg er yður gersamlega samþykkur, Mrs. Borringer, gersamlega. Jeg iðrast þess opt mjög mikið, að jeg skyldi ekki læra læknafræði á yngri árum mínum. Jeg fmynda mjer nú að mjer hefði reynst það gagnlegra en skilmingar — gagnlegra bæði fyrir sjálfan mig og aðra.“

„Jæja, ef þjer viljið fyrirgefa mjör, að jeg segi það, þá get jeg í rauninni ekki sjöð, hvaða sjerstakt gagn skilmingar geta verið fyrir nokkurn menn“, sagði Mrs. Borringer.

„Ó, getið þjer það ekki?“ tók Bostock til máls, og kom sár undran fram í rödd hans, en Mrs. Borringer greip fram í fyrir honum og sagði:

„Jeg veit náttúrulega að lafði Scardale hefur mjög mikið álit á skilmingum, og jeg þori að segja, að þær eru mikið góð líkamsæfing; en eru ekkert hollari hreifing en heyviuna, sem jeg vann við þegar jeg var ung stúlka, og jeg er hraustari kona nú, þó jeg sje orðin fimmtug, en þessi dóttir mín, sem þjer eruð að kenna skilmingar, Mr. Bostock“.

„Og hún skilmist líka mjög vel; sannarlega mjög vel“, greip Mr. Bostock fram í.

„Það er nú ekki spursmálið“, sagði Mrs. Borringer. „Það, sem jeg vil fá að vita, er, hvaða gagn sje að því, að vera að kenna hóp af stúlkum, eða hóp af karlmönnum líka, ef því er að skipta, hvernig eigi að handleika sverð-kríli, sem enginn maður notar nokkurn tíma?“

„Menn nota það á meginlandi Evrópu, kára Mrs. Borringer“, sagði Bostock.

„Ó, á meginlandi Evrópu“, svaraði Mrs. Borringer með djúpri fyrirritningu. „Á meginlandi Evrópu geta menn gert sig að öpum og spýtt sig með teinum ef þeir vilja. En hjer í Englandi er það ekki siðvenja, og fyrst það er ekki siðvenja hjer,

ad jeg segi
ada sjerstakt
urn mann“,

ock til mlla,
u Mrs. Borr-

ardale hefur
ori ad segja,
eru ekkert
un við þegar
koma nú, þó
ir min, sem
ock“.

; sannarlega

di Mrs. Borr-
hvada gagn
túlkum, eða
ipta, hvernig
ginn maður

vrópu, kæra

Mrs. Borr-
gjafendi Ev-
ytt og með
æti er það
övenja hjer,

hvada gagn er þá ad því ad látast hafa slíka síðvenju?
Það er það, sem jeg vil fá ad vita?“

Um leið og Mrs. Borringer sagði þetta, horfði
hún á Mr. Bostock með brennandi augnaráði, og
svipur hennar, sem þó var góðlátlegur, lýsti því, ad
hún bauð byrginn, eins og hún væri sannfærð um
ad hún hefði algerlega lagt hann ad velli.

Bostock brosti eins og hann fjellist ekki á skoð-
anir Mrs. Borringer, og veifaði handleggnum, eins
og hann væri ad slá af sjer lag, sem hún væri ad
reyna ad koma á hann.

„Gott og vel“, sagði hann. „Jeg viðurkenni
fúslega, ad þjer eruð heiminum þarfari en jeg. Hjer
eruð þjer umkringðar af jurtum, sem eru ad eins
skaðlausar og græðandi——“

Mrs. Borringer greip fram í fyrir honum og
sagði:

„Það er undir því komið, Mr. Bostock—það er
undir komið. Sumar af þessum jurtum mínum eru
eins baneitraðar og nokkur hlutur getur verið, ef
þær eru ógætilega eða ranglega notaðar.“

„Er það mögulegt?“ sagði Mr. Bostock mjög
undrunarfullur. „Það er þó ákaflega undarlegt;
það er þó mjög merkilegt. Það er þó víst ekkert í
öllum þessum aragrúa af meinlausum böggjum, sem
gæti með nokkru móti gert nokkurri skepu mein“.

Mrs. Borringer brosti kuldalega ad fáfræði
skilminga-kennarans.

„Nú, jæja“, sagði hún, „það er nóg í þessari

búð til að drepa heilan her af flum, ef maður vildi gera það“.

Hún kinkaði kolli með ákefð til Mr. Bostocks um leið og hún sagði þetta.

Mr. Bostock hlustaði á orð Mrs. Borringer með alvarlegri athygli, brosti ofurlítið og sagði: „Til allrar hamingju langar engan til að drepa heilan her af flum, eða jafnvel einn einasta fl; en jeg er viss um það, Mrs. Borringer, að þó einn einasti fill gleypri allt, sem er í búðinni yðar, þá mundi það ekki gera honum hið minnsta mein. Jeg neita ekki, að honum kynni að verða gott af því, en að það gerði honum illt, ó, það er ómögulegt.

Mrs. Borringer tók að verða örg útaf hinni kurteisu vantrú hans. Dessi vantrú hans virtist kasta skugga á krapt jurtanna, sem hún elskaði svo mjög og hafði svo óbifanlega trú á.

„Jeg mundi kenna í brjósti um þann fl, er æti það, sem er í þessari skúffu“, sagði hún um leið og hún sneri sjer ofurlítið við og snerti eina skúffu, er var í iðð af smá-skúffum við vegginn á bak við hana.

Bostock laut fram og las nafn-miðans á skúffunni; á honum stóð: „*Verat Alb*“.

„Hvað þýðir það, Mrs. Borringer?“ sagði Bostock.

„Það er skammstöfun á orðunum *Veratrum Album*, sem er latneska nafnið á hvítu hnerra grasi“, (Hellebore) svaraði Mrs. Borringer. „Það, sem er í

maður vildi

r. Bostocks

ringur með
gði: „Til
heilan hér
jeg er viss
einasti fill
mundi það
neita ekki,
en að það

hinna kur-
tist kasta
svo mjög

fill, er æti
um leið og
skúffu, er
á bak við

skúffunni;

er?“ sagði

Veratrum
orra grasi“,
þ, sem er í

skúffunni, eru þurkaðar rætur af jurtt þessari. Bæði
inntaka í dropatali og dæpt úr þessum þurkuðu röt-
um mundi drepa fill, ef honum væri gæfið nógu mik-
ið af því“.

„Jæja“, sagði Mr. Bostock góðlátlega, „það er
þó satt, að maður lærir svo lengi sem maður lifir.
En hvað það hlýtur að vera skemmtilegt fyrir yður,
að vita svona margt, Mrs. Borringer. Jeg vildi að
ég hefði meiri almenna þekkingu, en jeg hef. Að
skilmingum undanskildum, er jeg ekki víða heima.
Jeg afla mjer að visu ofurlstillar þekkingar hjer og
hvar, þegar jeg er að hröklast um heiminn, en hún
er ekki mikil“.

Mrs. Borringer gæðjaðist ekki að Mr. Bostock,
en samt sem áður var hún upp með sjer af því, að
hann hældi henni fyrir lærdóm. Sannleikurinn var,
að hún var mikið vel að sjer í grasafræði, og hún
mundi hafa álitid Laurence munk, sem getid er í
Romeo og Juliet, hinn viðkunnanlegasta fjelags-
bróður í heiminum. Hún brosti þess vegna og var í
þann veginn að segja eitthvað, þegar útihurðinni, er
var að baki Bostocks, var lokið upp, og Raven kap-
teinn kom inn í búðina. Hann tók hlýlega í hönd
Mrs. Borringer, er reis þegar á fætur til að bjóða
hann velkominn. Hann leit í kringum sig í búðinni,
sá Bostock og kinkaði vingjarnlega kolli til hans.
Það var regla Ravens, að vera ætíð vingjarnlegur
við alla menn. Hann sagði, að með því móti gengju
vjelar lífsins miklu líðugra.

„Góðan daginn, Mrs. Borringer“, sagði hann. „Jeg hef gert þessa ferð sjerstaklega til að heimsækja yður, og því vona jeg, að þjer gefið mjer balla af tei“.

„Með mestu ánægju, kapteinn“, sagði Mrs. Borringer. „Viljið þjer gera svo vel að ganga upp á loft? Jeg skal koma þangað eptir fáar mínútur“.

Raven kapteinn kinkaði kolli og fór upp. Bostock fylgdi honum eptir með augunum, er lýstu eins konar áhuga. Sjerhver sá, er eitthvað þekkti til Chelsea, eða að minnsta kosti þekkti eitthvað til þess fámenna flokks, er hafði umgengni við menn ingar-skólann, vissi, að Raven kapteinn leizt mikið vel á Lydia Borringer.

Fólk, sem ekki þekkti Raven kaptein—fólk, sem ekki þekkti Mrs. Borringer—furðaði sig á vinfengi því, sem var milli sonar Wallingtons lávarðar og dóttur jurtasölu-konunnar. Það var samt ekkert sjerlega furðanlegt við það. Hið hraustlega bændafólk, sem Mrs. Borringer var komin af, hafði ætíð verið í meiti og minni kunningsskap við Ravens-ættina. Bændurnir í Gamellgarth og lávarðarnir af Wallington höfðu verið vörðir langt fram í ættir. Wallington lávarður fadir kapteinsins, hafði verið svaramaður Súsonnu Jarrell, eins og oss er áður kunnugt, þegar hún giftist Andrew Borringer, og var lávarðurinn sjálfur þá nýlega kvongaður í annað sinni.

Í æsku höfðu Ravens-bræðurnir, synir lávarðar-

ins, verið heimagangar á bóndabylinu, og John Raven, slarkaranum, hafði allt af þótt mjög vænt um Lydiu litlu. Honum þótti mjög vænt um Lydiu einnig nú, er hún var ekkert barn lengur, og Mrs. Borringer vissi, að það var hið bezta í fari hans. Hún vissi það sem enginn annar vissi, það nefnil. að Raven hafði bedið stúlkunnar. A allri sinni undarlegu, hrakningsfullu fremur ófögru lífsleið, hafði Raven aldrei kynnst neinni stálku, sem honum þótti eins vænt um og Lydiu.

Bostock var þetta að nokkru kunnugt af almennaróm, af orðum, sem fjellu á menningar skól-
anum, af látbragði Lydiu og af látbaagði Ravens
kapteins. Honum var einnig kunnugt, að þótt það
væri ekki líklegt, að Wallington lávarður mundi
samþykkja þenna ráðahag, þá mundi Krumma kapt-
eini standa svo gersamlega á sama hvort hann væri
honum samþykkur eða ekki. Deir Wallington-fedg-
ar höfðu aldrei haft mjög mikla ást hvor á öðrum og
sannleikurinn var sá, að ef að Wallir ton lávarður
mislíkadi einhver viss stefna, þá var það vanalega
nægileg ástæða fyrir John Raven til að taka einmitt
þá stefnu.

Bostock hafði einnig sjeð það í blöðunum, að
staða Ravens kapteins hafði tekið mikilli breytingu.
Hann hafði áður verið allslaus yngri sonur, og basl-
ast áfram sem bezt hann gat og tekið því með þökk-
um að verða skrifari ferðamanna klúbbsins. En við
frjettir þær, er opinberar urðu við morðið á Set

Chickering, breyttist staða hans gersamlega. Með byrjun næsta árs átti hann í vændum að verða ríkur maður, afar-ríkur maður. Það sem var óalitlegur ráðahagur fyrir nokkru síðan, var nú orðinn álitlegur ráðahagur. Bostock viss að lagt mundi verða að Raven kaptaini; ef til vill, var það efamál, hvort drengskapur Ravens stæðist prófraun þá, sem hinn skyndilega fengni auður huff 77 fór með sjer og af þeirri ástæðu veitti Bostock honum athygli með svo mikilli þolinmæði.

En Raven tók ekki eptir því, að Bostock var að gefa honum gætur; hann hafði enga hugmynd um hvað Bostock var að hugsa um. Raven gat ekki dottið í hug að Bostock væri að hugsa um nokkuð það, er gæti snert hann hið allra minnsta.

„Gott og vel“, sagði Raven, „jeg ætla að fara upp á lopt. Ætlið þjer að koma upp bráðlega?“

„Sjálfsagt“, sagði Mrs. Borringer. „Jeg skal koma rjett strax“.

Þetta var mjög ákveðin bending fyrir Bostock, en hún hafði engin sjáanleg áhrif á hann, því hann sat þar grafkyr eptir sem áður og horfði á Raven.

Raven opnaði hurðina á dyrunum sem gengið var um til stúðarherbergjanna í húsinu, en um leið og hann sneri handfangin leit hann til baka.

„Jeg hef fengið eitt þetta vonda höfuðverks kast aptur“, sagði hann hléjandi, og lá hálfgerð af-sökun í hlátrinum.

Óánægjusvipur kom á Mrs. Borringer og hún ljét óánægju í ljósi með þessum orðum:

„Dið ungu mennirnir! þið ungu mennirnir, þið eruð allir hver öðrum líkir“.

„Nei, alls ekki“, sagði Raven mótmælandi, og leit um leið kurteislega til Bostocks, eins og hann vildi að hann ætti þátt í samtalinu, þar eð hann væri viðstaddur; „við erum ekki allir líkir, erum við það, Mr. Bostock?“

„Jeg veit það sannarlega ekki“, svaraði Bostock alvarlega. „Jeg þekki svo lítið til ungra manna í borginni“.

„Nei, sannarlega ekki, Mrs. Borringer“, hjelt Raven áfram; „en jeg var fremur seint á fótum í fyrri nótt. Orsökkin var kveldverður, sem jeg varð að veita kunningjum, er höfðu heyrt frjettirnar— um peningana, eins og þjer vitið—og sem voru mjög gladdir yfir þeim frjettum, eða sögðust vera gladdir yfir þeim, sem er hjer um bil hið sama í Lond. on-lífinu; og við skemmtum okkur dálítið—ó, allra meinlausasta gaman, en samt sem áður var afleiðingin óhræsis höfuðverkur morgunian eptir“.

„Jæja“, sagði Mrs. Borringer, „hvað viljið þjer að jeg geri?“

Raven hló og sagði: „Djer vitið það. Getið þjer ekki búið eitthvað til handa mjer, eins og þjer gerðuð áður, skoðið þjer til? Jeg hef enga trú á læknum, ekki hina allra minnstu; en þjer þekkið alla slíka hluti, og gætuð gefið mjer duft eða dropa, eða eitthvað, sem mundi gera mig góðan.“

Strangi svipurinn á andliti Mrs. Borringer varð

hlylegri, eins og hún ætíð varð, þegar John Raven hafði talað við hana. „Jæja“, sagði hún. „Jeg skal sjá hvað hægt er að gera. Hlaupið nú upp á loft, og jeg skal búa eitthvað til handa yður“.

Raven hló aptur, kinkaði kolli góðlátlega til Bostocks og gekk út úr búðinni inn í „heimilis-höllina“, eins og hann kallaði hinn hluta hússins. Þegar hurðin lokaðist á eptir honum, sneri Mrs. Borringer sjer aptur að Bostock og sagði:

„Meðal annara orða, Mr. Bostock, þjer hafði enn ekki sagt mjer, hvað erindi yðar er við mig“.

„Jeg bið yður fyrirgefningar“, svaraði Bostock. „Jeg var svo hrifinn af samtali yðar, að jeg gleymdi erindinu í bráðina. Jæja, jeg kom í líkum erindagerðum og Raven kapteinn.“

Mrs. Borringer leit til hans nokkuð undrandi og sagði: „Líðið þjer mikið af höfuðverki? Skemmtið þjer yður dálítið, eins og hann komst að orði?“

Bostock hristi höfuðið og sagði: „Nei, alls ekki; það dygði ekki fyrir mig. Hvernig mundi úlfiður inn á mjer og augun verða við skilmingarnar á morgnana, ef jeg skemmti mjer á kveldin? Nei, nei, Mrs. Borringer; það er ekki það.“ Hann þagnaði aptur, þagði svo lengi, að Mrs. Borringer fannst hún neydd til að minna hann á umtalsefnið með því að spyrja hann nokkuð hvasst:

„Hvað er það þá?“

„Jæja, sannleikurinn er“, sagði Bostock, „að upp á síðkastið hef jeg líðið mikið af svefnleysi.

Dað
vaka
og h

Mrs.

Bosto
andi
hluti,
myrkr

„
legt“

A

verið
er hún
nákvæ
setti þ
ferhyrn

þappfis
penna

„D

hún áfr
hefur þ

Bos

lega les
nafn Ra
staupi af

„U
býst við,

Það er ekki skemmtilegt, Mrs. Borringer, að liggja vakandi á nóttunni, klukkustund eptir klukkustund og heyra klukkuna slá aptur og aptur.“

„Nei, það er alls ekki skemmtilegt“, samsinnti Mrs. Borringer.

„Jeg hef verið þannig upp á síðkastið“, hjelt Bostock áfram. „Ómögulegt að sofa. Leggið vakandi alla nóttina, eða nær því alla nóttina, og sjeð hluti, andlit og allskonar myndir koma fram úr myrkrinu“.

„Hamingjan hjálpi mér, það er mjög óskemmtilegt“, sagði Mrs. Borringer.

Á meðan hún var að hlusta á Bostock, hafði hún verið að setja saman einn eða svo skammta af dupti, er hún tók úr ýmsum skúffum, dupt sem hún vóg nákvæmlega og mældi í rjett hlutföll áður en hún setti þau saman í skamta. Hún ljét þau í lítið ferhyrnt, hvítt pappírs-bláð, braut ferhyrnda, hvíta pappírs-bláðið samsn, ljét það í umslag og tók penna í hönd sjer.

„Þetta er sannarlega mjög óþægilegt“, hjelt hún áfram um leið og hún tók að rita. „Hvað lengi hefur þetta átt sjer stað?“

Bostock, sem gaf gætur að henni, gat auðveldlega lesið það, sem hún var að skrifa. Hún ritaði nafn Ravens kapteins og síðan þessi orð: „Takist í staupi af víni eða vatni um miðdagsverðar-tíma“.

„Um nokkurn tíma“, svaraði Bostock. „Jeg býst við, að jeg sje eitthvað geggjaður—taugaveikl.“

an eða eitthvað pessháttar. Jeg er eins og Raven kapteinn; jeg hef enga trú á læknum. En lafði Scardale ljét svo mikið af þekking yðar, að mjer datt í hug, að þjer kynnuð ef til vill, að geta hjálpað mjer eitthvað í þessu efni“.—

Mrs. Borringer geðjaðist ekki að Mr. Bostock, en hún hafði þá meðaumkvun, er tilheyrir lækni- stöðunni, með öllum, sem lækninga þurftu með, og meðfædda aumkun með öllum, sem voru í vandræð- um. Og ennfremur—því hinir beztu meðal mann- anna eru breyskir—var hún ætíð upp með sjer af því, að menn leituðu til hennar til að láta hana lækna sig með þessum græðandi jurtum, sem hún hafði svo lotningarfulla trú á.

„Jæja“, sagði hún, „jeg þori að segja, að jeg get sett eitthvað saman handa yður, sem mun bæta yður og alls ekki gera yður neinn skaða.“

„Dað væri mjög vel gert af yður“, sagði Bos- tock lágt.

„Alls ekki, alls ekki“, sagði Mrs. Borringer“. „Ef þjer viljið bíða eitt augnablik, þá ætla jeg að bregða mjer upp á lopt og leita ráða í stóru bókinni minni“.

Þessi stóra bók var afar-stór bók í handriti, sem Mrs. Borringer ritaði reglulega og nákvæmlega í alla þekkingu sína samanlagða. Bók þessi var sannarlega mjög merkilegt fræða-forðabúr.

„Dað er enginn asi á mjer“, sagði Bostock kurt- eislaga. „Jeg ætla að bíða, með yðar leyfi“.

„
svarað
inni og
fimm n
Bostoe
gömlu
með me
Mr
sagði:
„E
rjett áð
þjer mu
áhrif“.
Bos
ur, stakk
um, kva
gekk út
mjög um
skein óva
hann kom
ar og ge
var veitin
aðist upp
klæddur í
sjómaður.
it, og eins
mikill sk u
ans.
Bosto

ns og Raven
um. En lafði
ðar, að mjer
þ geta hjálpað

Mr. Bostock,
meyrir læknis-
rftu með, og
u í vandræð-
meðal mann-
með sjer af
að láta hana
um, sem hún

egja, að jeg
em muu bæta
aða.“

“, sagði Bos-

. Borringer“.
ætla jeg að
stóru bókinni

handriti, sem
ákvæmlega í
ók þessi var
búr.

Bostock kurt-
leyfi“.

„Jeg skal ekki verða fimm mínútur í burtu“,
svaraði Mrs. Borringer, og hún sýtti sjer út úr búð-
inni og upp á lopt. Hún var samt sem áður meir en
fimm mínútur í burtu; en þegar hún kom aptur, sat
Bostock þar enn kyr, og var að fletta blöðunum í
gömlu grasafræðinni með hægð og skoða myndirnar
með mestu grandgæfni.

Mrs. Borringer rjetti Bostock lítinn böggul og
sagði:

„Ef þjer takið einn af þessum duft-skömmtum
rjett áður en þjer gangið til rekkju, þá hygg jeg að
þjer munuð verða þess varir, að það hefur sefandi
áhrif“.

Bostock þakkaði henni fyrir. Hann stóð á fæt-
ur, stakk bögglinum í brjóstvasan á frakkanum sínu-
um, kvaddi Mrs. Borringer með handarbandi og
gekk út úr búðinni. Honum hlýtur að hafa verið
mjög umhugað um, að fá sjer svefndropa, því það
skein óvanaleg ánægja út úr andliti hans þegar
hann kom út á strætið. Hann sneri til vinstri hand-
ar og gekk spölkorn í þönkum. Á strætishorninu
var veitinga-hús og við dyrnar stóð maður og hall-
aðist upp að öðrum dýrastafnum. Maðurinn var
klæddur í sjómannaþúning, og leit út fyrir að vera
sjómaður. Húðin á höndum hans var mjög brún að
lit, og eins var húðin á andliti hans, þó á því hvíldi
mikill skuggi af hattinum, er slátti fram yfir augu
hans.

Bostock tók ekki eptir mannum. Hann var of

mjög sökkinn niður í hugsanir sínar til þess, og virtust hugsanirnar vera þægilegar. En maðurinn gaf nákvæmar gætur að Bostock. Undir barðinu á hinum slútandi hatti voru tvö hvöss, dökk augu, er aðgættu nákvæmlega andlitsfall, vaxtarlag og framgöngu Bostocks. Hin hvössu, dökku augu fylgdu Bostock eptir þar sem hann gekk í hægðum sínum fram með viðkunnanlega spítala-garðinum, er einmitt þá var fullur af ungum mönnum, sem voru að leika *cricket*. Hin hvössu, brúnu augu fylgdu Bostock eptir á meðan hann var sýnilegur; en strax og Bostock hvarf, fór sjómaðurinn frá dyrastafnum, sem hann hafði hallast upp við og gekk í áttina sem Bostock hafði komið úr. Hann gekk mjög hægt, svo hann var í þó nokkrar sekúndur að komast að dyrunum á búið Mrs. Borringers. Þessar sekúndur, sem hann var að ganga þessi fáu spor til búðarinnar, var hann auðsjáanlega í djúpum þenkum yfir einhverju, sem hann átti talsvert bágð með að átta sig á. Hann hafði nú hreykt fremra hattbarðinu upp á hvirtil, svo að nú sást andlit hans glöggt, og var það mjög veðurtekið og hafði reglulegan djúpan koparlit, er það hafði fengið af að vera lengi úti í öllum veðrum og af áhrifum sólarinnar í hita beltinu. Hann var meðalmaður á hæð, grannur, en þó mjög hraustlega vaxinn; hann var auðsjáanlega mjög sterkur maður, og það var auðsjeð, að hann var maður, sem gat beitt öllu afli sínu þannig að það notaðist sem best. Maðurinn var ekki fríður í andliti, en andlit

var mjög
fimmtug

Han

leit inn.

urinn gat

Borringer

þessu í la

burðina o

heyrði, að

við, en st

þreyttist s

Hán gek

öndum í

„Veri

þvenær ko

Raven

þkennilega

er fastlega

inn á meða

nnar að ha

ann nú, þeg

la enn skyf

var mjög karlmannlegt, og þó maðurinn væri um fimmtugt, þá voru engar djúpar hrukkur í andlitinu.

Hann stanzadi við dyrnar á jurtasölu-búðinni og leit inn. Hurðin var hálf með gleri í, svo sjómaðurinn gat sjeð í gegnum hana, inn í búðina. Mrs. Borringer var enn í búðinni og var að koma hinu og þessu í lag. Sjómaðurinn sneri handfanginu, opnaði hurðina og fór inn í búðina. Þegar Mrs. Borringer heyrði, að hurðin opnaðist, sneri hún sjer öuglega við, en strax og hún sá hver komumaður var, þá breyttist svipur hennar og gleði-bros kom á andlitid. Hún gekk á móti sjómanninum, tók með báðum höndum í hinar brúnu hendur hans og sagði:

„Verið þjer velkominn, Hiram, velkominn! Hvenær komuð þjer heim úr ferð yðar?“

XXIII. KAPÍTULI.

HIRAM.

Raven kaptéinn hafði gengið í gegnum nokkuð kennilega reynslu. Hann hafði verið að halda sig fastlega fram við stúlku, sem þótti vænt um hann á meðan hann var fátækur, að það væri skylda hennar að halda áfram að láta sjer þykja væut um hann nú, þegar hann væri orðinn ríkur, eða til að hjálpa enn skýlara, nú, þegar allar líkur væru til, að

hann yrði ríkur. Lydia Borringer var mjög ástfangin af Raven kapteini. Á meðan hún var barn að aldri hafði hún skoðað hinn fríða, djærfa unglíng sem einskonar hálf-guð, og þegar hinn fríði unglíngur, eptir nokkur ár í fjarveru, varð aptur á vegi hennar og var orðinn herforingi, með litlum eptirlaunum, sem margt hafði sjæð, og lifað margskonar lífi, þá dáðist hin fullvaxna mæð að hinum fullorðna manni eins mikið og hún, sem barn, hafði dáðst að unglíngnum.

En ást Lydiu á John Raven var hvorki blind nje hugsunarlaus ást. Hún var að eðlisfari mikið snjöll stúlka. Lydia átti umhyggjusemi móður sinnar og menningar-skóla lafði Scardale það að pakka, að hún var mjög vel menntuð stúlka, og að ætterninu undanskildu (bæði hvað fegurð og gott uppeldi snerti) var hún meir en verðug þess, að mægjast við hina gófugu Wallingtons-ætt. Raven hafði tafarlaust orðið ástfanginn af Lydiu—orðið sannarlega, alvarlega og innilega ástfanginn af henni. Hann skýrði henni frá ást síuni eptir lítinn tíma, skýrði henni frá, hvers konar maður hann hefði verið og hvers konar maður hann vonaði að verða, og ætlaði að reyna að verða ef hún að eins vildi hjálpa honum til þess með því, að verða konan hans. Hann stakk upp á því, að þau færu til Ameríku og byrjuðu þar nýtt líf. Lydia komst ekki að neinni niðurstöðu hvað Ameríku-áformið snerti, en hún komst að niðurstöðu viðvíkjandi því, að hún

elskað
hans.

öllu þ
umbug
dóttir
vissi lí
saman

í eðli s
Hún va
forminu
sagði að
veri í h

Og
un þeir
menning
hjelt því
þessu ef
um næst
heimsækj
sæll.

Lydi
rólega og
auki hafð
bæði í an
nökkurn
þessi dök
spanskt bl
fannst á vi
að maður

var mjög ást-
hún var barn
djúfa unglíng
inn fríði ung-
arð aptur á vegi
þ lítlum eptir-
að margskonar
inum fullorðna
hafði dæst að

r hvorki blind
eðlisfari mikið
rjúsemi móður
cardale það að
stúlka, og að
fegurð og gott
erðug þess, að
sætt. Raven
Lydiu—orðið
ástfanginn af
ni eptir lítinn
ar maður hann
ann vonaði að
f hún að eins
þ verða konan
færu til Amer-
komst ekki að
mið snerti, en
i því, að hún

elskaði John Raven og að hún skyldi verða konan hans. Þegar Mrs. Borringer hafði verið skýrt frá öllu þessu, samþykkti hún ráðahaginn eptir nokkra umhugsan. Hún vissi, að í heimsins augum var dóttir hennar ekki sambodin John Raven, en hún vissi líka, að Raven og ættmenni hans höfðu lítið saman að selda, og hún vissi, að John Raven var í eðli sínu vænn maður, þrátt fyrir einþykkni hans. Hún var jafnvel ekki mjög mótfallin Ameríku áforminu, ef það væri að öðru leyti ráðlegt. Hún sagði að það stæði hjer um bil á sama, hvar maður væri í heiminum, og hafði hún það eptir Hiram.

Ög þannig samdist eins og þegjandi um trúlofun þeirra Ravens og Lydiu. Ekkert var gert almenningi kunnugt um þetta mál. Mrs. Borringer hjelt því fram, að ekkert skyldi áltast fastráðið í þessu efni fyr en Lydiu væri 18 ára, sem hún yrði um næstu árslok. En Raven var leyft að koma og heimsækja Lydiu við og við, og hann var mjög sáll.

Lydiu var einnig sáll. Hún var gædd hinu rólega og styrka lyndisfari móður sinnar, en þar að auki hafði hún til að bera svo miklu meiri fegurð bæði í andliti og vaxtarlagi, en Súsanna Gamell gat nokkurn tíma hrósað sjer af. Fegurð Lydiu var þessi dökkva fegurð, fegurð, sem líktist því, að spanskt blóð væri í æðum hennar, og sem stundum fannst á vissum stöðum á Englandi. Sú saga gekk, að maður einn af Borringer-ættinni hefði fyrir löngu

síðan gengið að eiga Tataru konu og það virtist eins og sumt af einkennum Tataru hefði komið fram í Lydiu. Djúpu, svörtu augun hennar höfðu lesið lyndisfar unnusta henna niður í kjölinn og hún var sannfærð um, að hversu óstýrilátur og einþykkur sem hann hafði verið, þá mætti hún treysta honum þegar hann sagði henni, að hann elskaði hana. Hún hafði óljósa meðvitund um, að hún stæði að mörgu leyti hærra sem kona en hann sem karlmaður. Hún var menntuð, en hann þar á móti voðalega illa að sjer; hún var gædd dómgreind og hugsunarkræpti, sem forlögin höfðu gersamlega neitað Krumma kapteini um. En hún elskaði hann og hún vissi, að hún mátti treysta honum, og það var henni nóg.

Þegar fregnin um morð Sets Chickerings barst út, og allar þær opinberanir, sem voru geymdar í vasabókinni, urðu kunnar, þá fann Lydia til sársauka. Þegar Raven kom að heimsækja hana, trylltur af fögnuði, til þess að segja henni hinar góðu frjettir, þá fann hann til þess, að frjettirnar glöddu hana alls ekki. Hún benti honum á það, þegar þau fundust í fyrsta sinni eptir nefndan atburð, með hinni yndislegu alvöru, er var eitt af því, sem var mest töfrandi við hana, að þessi óvænti auður hefði algerlega breytt kringumstæðunum. Það var ekkert á móti því, sagði hún, að Raven giptist Lydiu Borringer á meðan hann var fátækur maður, sem varð að vinna fyrir sjer, og Lydia var stúlka, er átti dálítið af peningum, og sem mundi veðna ágæt eiginakona — hún

viðu
nú s
til að
aptur
út úr
í hinu
opnir
hefði
F
ar, en
„
fangin
eigu m
yður
sanngj
eins fyr
dálítið
keip, sa
„H
mig ekk
meinið f
þá skal
það er að
veginum
það, sem
um út í v
uðu fjela
Og þ
að hún els

viðurkenndi þó svo mikið — fyrir verkamann. En nú stæði allt öðruvísi á, þegar unnusti hennar stæði til að verða stór-rikur maður, sem nú gæti horfið aptur í hóp stórmennisins, er hann hafði dregið sig út úr möglunarlaust, maður, sem nú gæti tekið þátt í hinu mikla alheims-spili, og sem væru fleiri vegir opnir en nokkrum manni af Wallingtons-ættinni hefði áður staðið opnir.

Raven þakkaði Lydiu fyrir hugsunarsemi hennar, en neitaði algerlega að fallast á skoðun hennar.

„Kæra stúlkan mín“, sagði hann, „jeg var ástfanginn af yður þegar jeg átti ekki einn skilding í eigu minni, og þá voruð þjer svo góð að sęja, að yður þætti vænt um mig. Dað væri alls ekki sanngjarn leikur, að snúa nú við mjer bakinu, að eins fyrir þá sök, að svo hittist á, að jeg hef verið dálítið heppinn“. Og þegar Lydia sat við sinn keip, sagði hann loksins:

„Heyrið þjer nú; meinið. Þjer, að þjer elskið mig ekki eptir allt saman? Ef það er það, sem þjer meinið í raun og veru og segið það hreint og beint, þá skal jeg auðvitað ekki ónáða yður framar. En ef það er að eins þessi blessaði auður, sem stendur í veginum, þá sver jeg þess dýran eið, að ef það er það, sem þjer meinið, þá skal jeg þeyta honum öllum út í veður og vind—gefa hann einhverju blessuðu fjelaginu.“

Og þar eð Lydia gat ekki með sanni sagt, að hún elskaði ekki John Raven, og þar eð John

Raven auðsjáanlega meinti það sem hann sagði, þá ljét hún mjög ljúflega undan, og allt hjelt áfram eins og áður hafði verið.

Ofan nefndan dag var Raven sjerstaklega sæll. Á meðan Mrs. Borringer hafði verið niðri í búðinni að afgreiða Bostock, hafði hann verið að tala í ákefð við Lydiu um alla hina miklu hluti, sem þau skyldu framkvæma þegar þau væru gipt. Lydia hafði aldrei ferðast neitt, en John Raven hafði ferðast allmikið, eins og sæmði sjer fyrir ritara og stofnanda ferðamanna-klúbbsins, og honum þótti mjög gaman að lýsa nafntogudum stöðum í útöndum fyrir Lydiu, og draga upp myndir í huga sínum af því, hve ánægjulegt væri að sýna Lydiu þessa staði.

Hún hlustaði á það, er hann sagði, með jafmikilli athygli og Desdemona hlustaði á Othello, og þau skemmtu sjer sjerlega vel við þetta ímyndaða ferðalag sitt.

Raven hafði verið að lýsa fegurð borgarinnar Cairo fyrir Lydiu af mikilli mælsku, og sagði að því búnu: „Drottinn veit, að jeg hafði ekki ímyndað mér að það væru miklar líkur til, að það lægi fyrir okkur að skoða Cairo í sameiningu. En hamingjunnni sje lof, að nú getum við sjeð Cairo, og hverja aðra staði í þessari gömlu, litlu veröld, sem við viljum, og ferðast eins og ríkismenn þar að auki. Það er þó gott!“

Um leið og Raven sagði þetta, hallaði hann sjer aptur á bak og brosti framan í Lydiu, sem brosti

apt
alv
sag
fjar
öfuf

inge
eygi
strax
paut
Hira

þær
Rave
sjóma
næst
sinni.

hinum
hændir

„
sagði l

„L
„Engir

„L
Da

tveir m
minnsta
heppileg
og að h
væri að

aptur framan í hann. En allt í einu varð Raven alvarlegur á svipinn, hallaði sjer áfram í stólnum og sagði hægt og seint: „Drottinn minn góður, þú er fjarskalega heppinn maður! Skyldi þá nokkur úfunda mig mjög mikið af hamingju minni?“

Í sömu andrúnni opnaðist hurðin, og Mrs. Borringer kom inn. Rjett á eptir henni kom inn bjarteygður, húddökkur maður, í sjómanna-búningi, og strax og Lydia sá hann, stökk hún á fætur af stólnum, paut upp um hálsinn á honum og hrópaði: „Ó, Hiram fððurbróðir minn!“

Raven hafði aldrei fyr sjeð Hiram Borringer, þó þær mæðgur hefðu opt sagt honum frá Hiram. Raven hafði verið mjög ungur þegar Hiram gerðist sjómaður, og hafði ekki sjeð hann þegar hann hafði næst áður komið til Euglands úr norðurpóls-ferð sinni. Nú gerðu þær mæðgur Raven kunnugan hinum nafntogaða ferðamanni, sem tók alúðlega í höndina á honum.



„Þjer eruð hamingjusamur maður, herra minn“, sagði Hiram.

„Það er jeg vafalaust“, sagði Raven kapteinn. „Engin kona í veröldinni jafnast á við Lydiu.“





„Það segið þjer satt“, sagði Hiram.

Það var einkennilegt, að eins ólíkir og þessir treir menn voru að öðru leyti, þá kom þeim að minnsta kosti saman um, að það hefði verið mjög heppilegt að Lydia valdi sjer Raven fyrir unnusta, og að hinn mikli auður, sem hann stóð til að erfa, væri að eins auka-atrúði.





**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

18
20
22
25

10
11

Hiram var einmitt nýkominn heim, alveg óvænt, úr sjóferð, sem hann hafði farið af einhverjum dutlung til suður- og vestur-strandarinnar á Afríku. Það höfðu komið brjef frá honum við og við, sem voru dagsett á undarlegum stöðum með undarlegum nöfnum, svo sem frá Grand Canary, Kroo Coasts, Bonny, Old Calabar, Cameroons, Eloby, Gaboon, Black Point, Half Jack og Grand Bassam; brjef hæns komu frá stöðum með svona undarlegum nöfnum— stöðum, sem minntu mann á pálmavið og kryddjurtir, á mikla skóga, þar sem hinir litfögru páfagaukar skrækja eins og þeir sjeu óðir, og þar sem afar-stórir apar, er líkjast mönnum, hanga niður úr greinunum og bulla, frá stöðum, sem minntu á þjettan undirskóg, skínandi aldini og dýrðleg blómstur, á „macaws“ og krókódíla, fíla og allskonar villilanda undur. Öllu slíku var Hiram eins kunnugur eins og Mrs. Borringer var Surray-vegunum, og Lydiu fannst að hún væri eins kunnug þessum stöðum af brjefum Hiram eins og hún hefði sjálf sjeð þá. Hvað Raven snerti, þá var hann ekki, eins og hann sjálfur komst einkennilega að orði, hvalur í landafræði, þó hann væri ritari ferðamanna-klúbbsins. Hann þekkti þá staði sem hann sjálfur hafði komið á, en hann hafði aldrei á ferðalögum sínum komið á suður- og vesturströnd Afríku. Hann hafði því upp byggst mjög af að heyra þær mæðgur lesa brjef Hiram jafnótt og þau komu.

Nú höfðu þeir hittst, og þegar Raven virti

Hiram fyrir sjer, þá geðjafist Raven vel að honum. Hiram bar á sjer þann einkennilega sjálfstrausts- svip, sem þeir menn einungis hafa, sem sjálfir hafa rutt sjer braut í veröldinni og barist áfram í henni í langan aldur. Hann ávann sjer strax traust og til- trú allra manna sem voru þess verðir, að ávinna sjer traust þeirra.

Dau töluðu öll saman um stund, en síðan stóð Raven upp til að fara. Hann varð að fara til baka til ferðamanna-klúbbsins, sem hann, sjer til heiðurs og sóma, hugsaði eins mikið um að þrífist nú, síðan hann stóð til að erfa mörg þúsund pund sterling, eins og hann hafði áður gert á meðan hann hafði ekki upp á neitt annað að treysta sjer til framfæris- en launin, sem klúbburinn galt honum.

Mrs. Borringer afhenti Raven dálítið umslag, nettlega brotið saman með nafni hans skrifuðu á það „Þetta ætti að bæta þenna höfuðverk“, sagði hún með brosi, sem ofurlitil ávítun lá í. „En bezt af öllu er að sneiða sig hjá öllu, sem getur gefið til- efni til slíks höfuðverks“.

Raven hló aptur hálf-afsakandi, stakk umslag- inu í vasa sinn og þakkaði henni fyrir meðalið með mörgum fögrum orðum. Hiram Borringer, sem hafði einnig staðið á fætur þegar Raven stóð upp, sagðist nú ætla að verða honum samferða, og undr- aðist Raven það.

„Jeg þarf að fá mjer ögn af fersku lepti“, sagði hinn harðgerði sjómaður, „og mjer þykir gaman að

alveg óvænt,
verjum dutl-
á Afríku. Það
ð, sem voru
arlegum nöfn-
oasts, Bonny,
boon, Black
brjef hærs
m nöfnum—
ð og krydd-
itfögru páfa-
og þar sem
nga niður úr
innu á þjett-
eg blómstur,
nar villilanda
annugur eins
n, og Lydiu
n stöðum af
sálfi sjoð pá.
ins og hann
alur í landa-
na-klúbbsins.
hafði komið
num komið á
hafði því upp
r lesa brjef
Raven virti

ganga spölkorn með yður, fyrst jeg nú má skoða yður sem einn af fjölskyldunni.“

Raven sagðist auðvitað vera mjög glaður yfir, að fá tækifæri til að kynnast Hiram betur. En með sjálfum sjer var hann að hugsa um, hvort sjómaðurinn mundi ætla að halda yfir sjer ræðu um gott siðferði, eða gefa honum almennar ráðleggingar viðvíkjandi framferði hans á komandi tíð.

Svo kvöddu þeir læðgurnar. En áður en þeir fóru, lofadi Hiram að koma bráðlega aftur, því eins og Mrs. Berringer sagði, var það verstí gallinn á Hiram, að það var ekki að vita hvenær hann sæist aftur, þegar maður missti sjónar á honum á annað borð. Það væri þá eins líklegt að maður vissi ekki fyrri til, en maður fengi að vita að hann væri kominn til Peking eða Peru eða til einhvers annars jafn fjarlegs staðar.

Þegar þeir voru komnir út á strætið stakk Hiram upp á, að þeir skyldu fara niður að fljótinu. Raven fjellst auðvitað á það, svo þeir gengu niður eftir Titestræti, fóru yfir um veginn á upphlaðna árbakkanum, hölluðu sjer fram á steinvegginn fremst á bakkanum og horfðu út á hið skínandi fljót. A leiðinni spjallaði Hiram þægilega við Raven. Hann talaði eins og maður sem er reglulegur heimsborgari, eins og maður sem er algerlega sama, hvort hann er á gangi í Tite-stræti, eða í Hermes-stræti, eða Canal-stræti í New Orleans. En af þrjedikaninni um gott siðferði eða ráðleggingunum, sem Raven átti hálfpartinn von á og var ekki um, varð ekkert.

nú má skoða

og glaður yfir,
betur. En með
voni sjómaður-
u um gott sið-
leggingar við-

En áður en þeir
aptur, því eins
er gallinn á Hi-
hann sæist apt-
n á annað borð.
vissi ekki fyrri
æri kominn til
árs jafn. "ran-

ætið stakk Hi-
ður að fljótinu.
er gengu niður
n á upphlaðna
vegginn fremst
andi fljót. A
Raven. Hann
ur heimsborg-
na, hvort hann
es-stræti, eða
prjedikaninni
sem Raven
værd ekkert.

Útsýnið frá upphlaðna árbakkannum var mjög fallett, og Raven var ekki að flyta sjer svo mikið að komast á ferðamanna-klubbinn, að hann gæti ekki notið hinnar rólegu fegurðar, sem blasti við þeim. Bátar með blóðrauðum seglum bárust hægt fyrir vindblænum. Afarstórir flatbotnaðir bátar, sem einn hraustur maður stýrði með ár, og sem minntu mann á Charon, bárust hægt undan straumnum. Við og við geisauðu stórir gufu-bátar fram hjá, blaðnir af fólki, og stundum fóru litlar gufukænur skrækjandi fram hjá; einstöku sinnum fóru og skemmtibátar, sem róðrarmenn knúðu áfram með jöfnum og sterkum áratogum, fram hjá. Hiram hafði gefið Raven ágæt-an vindil, sem honum þótti góður, svo hann var ánægður með að halla sjer um stund fram á vegginn og tala við Hiram, en hugsu um Lyðfu.

Allt í einu sagði Hiram við Raven, og leit fast á hann með björtu, mórauðu augunum sínum: „Er þessi höfuðverkur yðar fjarskalega prálátur og vondur?“

Raven var reglulegur veraldar-maður, en hann fann þó til þess með gremju, að hann roðnaði við það að Hiram starði á hann. „Þaðna kemur þessi bannsetta prjedikun loksins“, hugsaði hann með sjer. En svo leit hann djarflega á Hiram og sagði:

„Nei, hann er ekki mjög prálátur. Jeg sæ hann ekki mjög opt. Jeg gef honum ekki tækifæri til að áreita mig, ef það er það sem þjer meinið.“

„Nei,“ sagði Hiram seinlega. „Nei, það er

ekki það, sem jeg meina. Það, sem jeg meina, er þetta: Takið þjer ætíð nokkuð af þessu lyfi, sem Súsanna gaf yður rjett fyrir skömmu, þegar þjer fáið höfuðverk.“

Raven hló eins og hann væri sjer einhverrar yfir-sjónar meðvitandi, hristi höfuðið og sagði:

„Svo jeg segi yður eins og er, þá þykir mjer leitt að þurfa að játa, að jeg geri það ekki. Jeg held að jeg hafi ekki mikla trú á meðölum. Þau eru að eins lækna í annari mynd, og jeg ált, að því meir sem maður forðast lækna, því betur sje maður farinn.“

Líram kinkaði kolli. Hann var algerlega samþykkur þessari skoðun. Þetta var Raven kaptaini upphvatning, svo hann hjelt áfram og sagði:

„Sannleikurinn er, að Mrs. Borringer þykir vænt um, að menn sýni áhuga fyrir fræðum hennar og jurtum og öllu þess háttar, og einu sinni þegar jeg hafði höfuðverk, þá gaf hún mjer eitthvað, sem hún sagði að mundi lækna hann. Jæja, jeg tók það ekki inn—jeg tek aldrei inn meðöl; en þegar hún spurði mig, hvernig meðalið hefði reynzt, þá hafði jeg ekki kjark til að segja henni, að jeg hefði gleymt því, svo jeg sagði, „ágætlega“. Og í dag bað jeg hana aptur um dálitið af sama lyfi af því jeg hjelt, að henni þætti vænt um það. Það var ef-laust mjög rangt gert af mjer,“ bætti Raven við iðrunarfullur; „en jeg vil gjarna þóknast Mrs. Borringer.“

Hiram kinkaði aptur kolti samþykkjandi. Dvfnæst sagði hann:

„Fyrst því er þannig varið, þá fmynda jeg mjer, að þjer hafði ekkert á móti að gera mjer greiða?“

„Vissulega ekki,“ svaraði Raven, sem undraðist dálftið yfir, hvað þessi athugasemd virtist vera út í hött. „Mjer er hin mesta ánægja í, ef jeg get á einhvern hátt gert yður greiða.“

„Djer getið gert mjer mjög mikinn greiða, með því“ sagði Hiram, „að láta mig fá þetta dupt, eða hvað sem það nú var, sem Súsanna gaf yður rjett áðan.“

Raven starði á Hiram alveg forviða. Er hinn ágæti Hiram að ganga af vitinu? hugsaði hann með sjer. En hinn ágæti Hiram virtist eins alvarlegur og óvitlaus og nokkur maður gat verið.

„Ó, náttúrlega, með ánægju,“ sagði Raven, og tók umslagði upp úr vasa sínum og rjetti Hiram það.

„Gott og vel, heyrið þjer nú til,“ sagði Hiram.

„Jeg ætla mjer að geyma þetta, ef yður stendur það á sama.“

Raven hafði enga hugmynd um, hvað Hiram var að fara. Hann skildi ekkert í hvers vegna Hiram vildi ná í duptið á þenna hátt, en hann sagði lágt: „Ó, auðvitað.“

„Það er ágætt,“ sagði Hiram. „Og ennfremur, ef yður stendur það á sama, þá skyldi jeg vera yður mikið þakklátur, ef þjer minnst ekki neitt á þetta við Súsönnu—við Mrs. Borringer. Ef hún spyr yð-

ur um það, þá getið þjer sagt, að þjer sjeuð betri—
sagt henni hvað sem yður sýnist; en segið henni ekki
að jeg hafi beðið yður um það. Dað má vera, að
jeg hafi góðar ástæður fyrir þessu, og það má vera, að
jeg hafi ekki góðar ástæður fyrir því, en jeg hef
ástæður, hvernig svo sem þær eru, og jeg mundi
álíta það sjerstakan greiða, ef þjer gerið eins og
jeg vil í þessu efni.“

„Má jeg spyrja——? byrjaði Raven, en Hiram
greip skyndilega fram í fyrir honum og sagði:

„Nei, það er einmitt það, sem þjer megið ekki
gera, þjer megið ekki spyrja. Þjer verðið að ureysta
mjer og taka beiðni minni eins og hún er. Heyrið
nú, játist þjer undir það?“

Raven hugsaði með sjer, að Hiram Borringer
væri hinn sjerlegasti maður, sem hann hefði nokkurn
tíma komist í tæri við, en þar eð hann hafði ekki
stungið upp á, að reyna lyf Mrs. Borringer á sjálfum
sjer, þá kinkaði hann kolli til samþykkis um, að hann
jåtadist undir þetta og sagði: „Dað er sjálfsagt, ef
þjer óskið þess.“

„Jæja, nú,“ sagði Hiram. „Dað er gott. Við
munum verða vinir, þjer og jeg. Og ef yður stend-
ur það á sama, þá ætla jeg nú að kveðja yður. Þjer
munuð koma þýsna opt þarna í búðina, þýst jeg við?
þjer munuð vera þar hjer um bil á hverju kveldi?“

„Já“, svaraði Raven. „Jeg kem þar þýsna opt.
En jeg vona að við sjáustum opt á klúbbnum.“

er sjeuð betri—
segið henni ekki
að má vera, að
það má vera, að
því, en jeg hef
t, og jeg mundi
gerið eins og

Raven, en Hiram
og sagði:

Jeg megið ekki
verðið að ureysta
hún er. Heyrið

Hiram Borringer
hefði nokkurn
mann hafði ekki
rið er á sjálfum
tkis um, að hann
er sjálfsagt, ef

að er gott. Við
g ef yður stend-
þjá yður. Djer
a, býst jeg við?
hverju kveldi?
þar býsna opt
úbbum“.

„A klúbbum?“ Hann virtist ekki grípa, hvað hann átti við í eitt augnablik, en þegar Raven minnti hann á með því að segja á „ferðamannaklúbbum“, þá áttaði hann sig og sagði:

„Jeg er ekki mikið gefinn fyrir klúbba, en jeg ætla að L. ma þangað inn eitthvert kveldið. Djer munuð vera þar hjer um bil á hverju kveldi, býst jeg við?“

„Já, næstum því allt af“, svaraði Raven.

Því næst rjetti Hiram út höndina, eins og til að benda á, að nauðsynlegt væri að samtalinu væri lokið. Raven tók í hönd Hiram, sem þrýsti henni voðalega og svo skildi Hiram Borringer við hann og gekk hægt til baka eptir Tite-stræti. Raven horfði um stund á eptir honum.

„Hann er einkennilegur maður, þessi sjófarandi vinur vor“, sagði Raven við sjálfan sig. „Í sannleika mjög einkennilegur. Mjer þætti gaman að vita, hvers vegna hann vildi endilega fá duptið? Jája, hann virðist vera góður drengur, og honum virðist falla við mig yfir höfuð, svo það er allt saman gott og blessað“.

Eptir þessar heimspekilegu hugleiðingar leit Raven kaptinn í kringum sig, kom auga á leiguvagn, benti honum að koma, og ók hratt áleiðis til ferðamannaklúbbsins með höfuðið fullt af ást og Lydiu.

Á meðan gekk Hiram Borringer í hægðum snu-um eptir Tite-stræti, sokkinn niður í hugsanir sínar.

Hugur hans flaug um fjölda-margar borgir og skoðaði fjölda-mörg andlit frá liðnum tímum, sem liðu fram fyrir hann. A hinni æfintýrafullu lífsleið sinni hafði hann komið í miklu fleiri borgir og þekkt miklu fleiri menn en hinn tyhrausti Odysseifur hafði nokkru sinni gert. Hann hrósaði sjer líka af því, og það með rjettu, að hann gleymdi aldrei andliti, sem hann hafði sjeð; en nú stóð svo á, að þótt hann væri viss í sinni sök hvað andlit eitt snerti, þá gat hann þó ekki algerlega komið fyrir sig, hvar hann hafði sjeð það, gat ekki áttað sig á, hver hin andlitin voru, sem því höfðu verið samtíða og sem hefði hjálpað honum til að ákveða, hvar hann hefði sjeð þetta sjerstaka andlit. Hugur hans ferðaðist bókstaflega kring um hnöttinn á þessu augnabliki. Bæirnir San Francisco, Port Said, Brisbane, Nagasaki, New Orleans, Fez, Gibraltar, Chandnagore, Dublin, Zanzibar og Leith risu upp hver eptir annan í huga hans, að eins til þess að hann ljét þá fara fram hjá án þess að átta sig á þessu máli.

Degar hann kom að strætis-endanum, minnti ítölsk glugga-sólhlíf hann á Ítalíu, og Ítalía minnti hann á staðinn, sem hann var að leita að í huga sínum. „Neapel“, sagði hann, og hann endurtók nafnið hátt. „Neapel, það er einmitt staðurinn, og það er einmitt maðurinn!“ og hann sló saman höndunum af ánægju.

Það stóð leiguvagn við hornið á Tite-stræti. Hiram benti ökumanninum að koma og sagði honum,

un
str
ina
er
han
búð
slag
man
sag

M
var ek
inn að
hann,
hefði
þekkti
viss ur
á man
De
um kve
í þöngu
inger,

um leið og hann fór upp í vagninn, að aka til Bondstrætis, til húss nafnkunns efnafræðings. Alla leiðina var hann að hugsa um Neapel og víska atburði, er þar höfðu gerzt. Þegar hann kom þangað, sem hann ætlaði, fór hann út úr vagninum og gekk inn í búð efnafræðingsins. Hann tók úr vasa sínum umslagið sem Raven hafði fengið honum, rjetti það að manninum, sem kom fram til að sinna honum, og sagði:

„Jeg óska að þjer segið mjer hvað þetta er“.

Arnþjotur B. Olsson

XYIV. KAPÍTULI.

SAMTAL.

Mr. Hiram Borringer var í vandræðum. Það var ekki opt að það kom fyrir veðurtekna sjómanna inn að hann var ráðulaus, en einmitt nú viðurkenndi hann, að hann væri ráðþrota. Honum fannst að hann hefði sjed visst verk framíð, honum fannst, að hann þekkti eitt ákveðið andlit, en hann var ekki öldungis viss um fyrra atriðið, og hann gat ekki munað nafnið á manninum, sem andlitið tilheyrði.

Þegar hann kom aptur til jurtasölu-búðarinnar um kveldið, eptir fund þeirra Ravens, var hann enn í þönkum. Hann sat hjá arninum í húsi Mrs. Borringer, reykjandi—einkaleyfi, sem Hiram var sætð

v-sitt; og meðan hann reykti var hann að hugsa og hugsaði mikið. Allt í einu, eptir nokkra þögn, sem Hiram mundi hafa kallað Janga þögn, sneri hann hinu mórauða andliti sínu að Mrs. Borringer og ljét nokkuð af hugsunum sínum í ljór með eptirfylgjandi orðum:

„Súsanna“, sagði hann, „hver var maðurinn, sem fór út úr búðinni yðar seinni partinn í dag, rjett áður en jeg kom í hana?“

Mrs. Borringer hætti við verk sitt, sem var í því innifalið, að hún var að setja sýnishorn af jurtum í snoturlega útbúð safnbúr af þurkuðum jurtum, og hugsaði sig um. Fyrst í stað gat hún ekki munað eptir, að nokkur hefði sjerstaklega komið inn. Hiram minnti hana á með því að segja:

„Hár. dökkleitur maður, með dauðleg augu.“
 Þessi orð minntu Mrs. Borringer á manninn. „Hvað er þetta, það var hann Mr. Bostock,“ sagði hún.

„Mr. Bostock“, sagði Hiram hugsandi. Nafnið minnti hann ekki á nett sjerstakt „Mr. Bostock! Og hver er þessi Mr. Bostock?“

Lydia sá nú tækifæri til að taka þátt í samtalinu og sagði:

„Mr. Bostock er skilminga-kennarinn við menningar-skólan hennar lafði Scardales, fœðurbróðir minn. Hann kennir mjer að skilmast.“

„Gerir hann það?“ sagði Hiram, og leit til hinnar fríðu frænku sinnar með aðdáan. „Mjer þætti gaman að sjá yður skilmast, góða mfn.“

„Jæja, þjer getið fengið að sjá það hve nær sem þjer viljið, föðurbróðir minn,“ sagði Lydia. „Ef þjer bara látið mig vita hvenær þjer viljið koma, þá skal jeg segja laði Scardale frá því. Dað eru kenndar skilmingar á hverjum degi.“

„Og þjer farið náttúrlega og heimsækið laði Scardale hvort sem er, Hiram,“ sagði Mrs. Borringer, „svo þjer getið gert þetta hvorttveggja í einu, ef yður sýnist svo.“ Hún vissi, að Hiram var maður, sem ekki var auðvelt að fá til að heimsækja fólk, jafnvel þótt jafngóðir vinir ættu í hlut sem laði Scardale.

„Öldungis rjett,“ sagði Hiram, „öldungis rjett.“ En svo snerist hugur hans aptur að hinni uppruna- legu ráðgátu. Hann bljes frá sjer þykkum reykjarmekki, horfði á hvernig reykurinn hvarf smátt og smátt upp á veggnum, en svo sneri hann sjer til Lydsu og sagði: „Hverskonar maður or þessi Bostock?“

Dað var Lydia, sem hann talaði til, en það var Mrs. Borringer sem svaraði.

„Jeg segi fyrir mig,“ sagði hún, „að mjer geðjast hann alls ekki.“

Hiram brosti ofurlíði. Hann þekkti hinar ákveðnu skoðanir Mrs. Borringer. En hann horfði stöðugt á Lydiu og sagði við hana:

„Hvaða álit hafið þjer á Mr. Bostock, kæra Lydia mín.“

Lydia hikaði við svarið. en sagði þó eptir

nokkra þögn: „Jeg álit að hann sje mjög góður skilmingamaður.“

„Já, já“, hjelt hann áfram, „en svo við sleppum skilmingum, sem hann hefur gert að lífsstarfi sínu— og að hann leysir það starf vel af hendi, er að því leyti góð meðmæli með honum—hvers konar maður er hann?“

„Í sannleika að segja, föðurbróðir“, sagði Lydia, „jeg veit það varla. Jeg held að jeg sje næst því að vera á sömu skoðun og móðir mín.“

„Honum lízt þó ekki vel á yður, vona jeg?“ sagði Hiram.

Lydia hló og sagði: „Nei, alls ekki. Jeg fmynda mjer, að Mr. Bostock hafi gefið það sem honum þóknast að kalla hjarta sitt, í aðra átt.“

„Hvert, barn?“ spurði Mrs. Borringer.

„Jæja“, sagði Lydia, „jeg veit það nú náttúrlega ekki, en jeg held, eptir því sem hann stundum horfir á Fidelíu“—

„Hver er Fidelía?“ greip Hiram fram í.

Fidelía er Fidelía Locke, og er mikil vinkona lafði Scardale, og er ein af kennurunum okkar“, svaraði Lydia.

Hiram hugsaði sig um dálitla stund, en sagði síðan:

„Á þessi Mr. Bostock heima á menningarskól-anum?“

Lydia hristi höfuðið og sagði: „Ó, nei, föðurbróðir minn, auðvitað ekki. Hann á heima í Bolinbroke Gardens í Battersea“.

„Að númer 130 Bolingbroke Gardens“, bætti Mrs. Borringer við. Hún var mjög nákvæm í öllum hlutum, hvað lítilfjörlegir sem þeir voru.

„Svo er nú það“, sagði Hiram. Svo þagði hann um hríð, og þegar hann rauf þögnina fór hann að tala um annað efni—um ýmislegt, sem fyrir hann hafði komið á hinum síðustu ferðum hans, þar á meðal sagði hann frá undrunarlegum páfagauk, sem talaði eins og maður og sem hann hafði sjeð í veitingahúsi einu í Lago. Hann masaði þannig í hálfan klukkutíma. „En svo hristi hann öskuna úr þípunni sinni og sagðist álíta að bezt væri fyrir sig að fara heimleiðis.

„Svona snemma?“ sagði Mrs. Borringer undrandi; en Hiram sagðist vera syfjaður, að hann væri þreyttur, að hann hefði haft mikið að gera allan daginn og sjer þætti gaman að vita, hvernig væri að sofa aptur á þurru landi.

„Hvar haldið þjer til?“ spurði Mrs. Borringer. Hún hafði ekki munað eptir að spyrja hann að því fyr. Komu og burtför Hiram þar ætíð svo snögg að, að það truflaði Mrs. Borringer, svo hún var varla með sjálfri sjer.

„Jeg held til skammt burtu hjéðan, Súsanna,“ sagði Hiram. „Jeg held til á Cadogan hóteli í Sloan-stræti. Þjer gætuð nærri kallað til mín þangað ef þjer vilduð finna mig, og það er eins líklegt, að jeg komi hingað í fyrramálið til morgunverðar.“

Að svo mæltu kvaddi Hiram þær meðgur með

kossi og fór ofan. Lydia fór ofan með honum til að loka hurðinni á eptir honum. Þegar hann stóð í dyrunum, klappaði hann Lydiu á kinnina og sagði: „Mjer geðjast vel að unnusta yðar, og svo framarlega sem jeg get sjeð, lítur vel út með lífs-sjöferð ykkar. Súsanna sagði mjer, að hann stæði til að verða mjög ríkur.“

„Já, föðurbróðir minn, hann stendur til að verða óttalega ríkur. Mjer þykir mikið fyrir því.“

„Segið það ekki, góða mín,“ sagði Hiram. „Það má hafa mikið gagn af peningum, þó það megi misbrúka þá; en hvað sem því líður, þá hefði yður ekki vantað fje þó unnusti yðar hefði ekki átt einn penny. Góða nótt, góða mín.“

Svo fór Hiram út í myrkrið, veifaði hendinni til Lydiu og gekk hratt burtu. Lydia horfði á eptir honum um stund, lokaði síðan hurðinni og fór upp á lopt til móður sinnar.

„Jeg held að Hiram hafi áhyggjur útaf einhverju,“ sagði Mrs. Borringer við Lydiu, þegar hún kom inn í herbergið.

Mrs. Borringer hafði rjett fyrir sjer í þessu. Hiram hafði áhyggjur útaf vissu máli, og ef Mrs. Borringer hefði sjeð til hans eptir að hann var farinn, þá hefði hún orðið forviða á atferli hans; því í staðann fyrir að stefna beint til Sloans-strætis og Cadog in hotelsins, þá hjelt hann beint áfram þungað til hann kom að horninu á götunni sem lá til Boling broke Gardens.

Bolingbrøke Gardens er heilstór húshjallur, og eru herbergin í húsi þessu leigð ýmsum. Sum herbergin eru þægileg, og leigan má heita lág. Það eru margir gangar í húsinu, sem farið er eptir til hinna ýmsu hluta hússins. Eptir nokkra leit fann Hiram ganginn, sem lá að þeim hluta hússins er nr. 130 var í.

Hiram gekk upp stiga, eg mátti sjá á því, hvernig hann gekk upp, að hann var fastráðinn í einhverju. Hann varð að ganga upp margar tröppur, því nr. 130 var uppi á efsta lopti. En hann komst upp á endanum og fann númerið á hurðinni — sem var mjó, og litill hamar til að berja til dyra með, og var númerið 130 málað á hurðina með litlum og mjóum stöfum.

Hiram lypti litla dyrahamrinum og barði snárplega á dyr. Strax heyrði hann fótatak inni fyrir, og Bostock sjálfur opnaði dyrnar. Bostock leit með nokkurri undran framan í hinn ókunna mann, er hann sá að eins óljóst við litlu ljóstyruna á lampanum, sem átti að lýsa forstofuna eða innganginn í herbergið. Hiram athugaði með mestu forvitni andlit Bostocks.

„Djer munnd vera Mr. Bostock.“ sagði Hiram.

„Það er nafn mitt,“ svaraði Bostock, er stóð kyr í dyrunum og hamlaði hinum þannig inngöngu.

„Ó, nei, það er ekki satt!“ sagði Hiram við sjálfan sig. En það sem hann sagði hátt, eða svo Bostock heyrði, var: „Getið þjer lofad mjer að tala við yður nokkrar mínútur einslega. Jeg þarf að tala við yður um árfðandi málefni.“

Lagði ljóstýruna af gusti, eða brá Bostock eitt hvað ofurlítið? Hiram var ekki alveg viss um, hvort heldur var. Röðdin var óbreytt og lýsti hinni vanalegu ró, þegar hann sagði: „Það er sjálfsgagt, komið þjer inn.“

Um leið og hann sagði þetta, opnaði hann hurðina til fulls, og gaf gestinum bending um að koma inn. Hiram gekk svo fram hjá honum inn í lítið herbergi, fátæklega búíð, sem Bostock notaði fyrir daglegu stofu. Skilminga-kennarinn bjó hjer alveg út af fyrir sig, í þremur litlum herbergjum. Hann matreiddi sjálfur það sem hann þurfti með, og gæmdu vikakona ein hjelt herbergjunum hans hreinum, og hafði hún sama starfa á hendi fyrir ýmsa aðra, sem lifðu eins óbreyttu, eða fátæklegu lífi og Bostock.

Bostock benti Hiram að setjast á stól. Hann virtist nú ekki undrast hið minnsta hina óvæntu gestkomu eða hvað gesturinn kom síðla dags. Þótt hann hefði búist við komu Hiram og hann hefði verið honum kærkominn gestur, þá hefði Bostock ekki getað látið minni undrun í ljósi við komu hans.

Hiram settist niður, leit fljótlega í kringum sig í herberginu, tók eptir hinum fátæklega herbergisbúnaði, tók eptir fáeinum skilminga-búningum, er hjengu á veggjunum, tók eptir fáeinum bókum í hengi-bókaskáp, tók eptir, að það hafði ekki verið gerð hin minnsta tilraun til að skreyta eða pryða herbergið á nokkurn hátt. Bostock settist ekki niður, heldur stóð, lét aðra höndina hvíla á borðinu

og horfði á hann. Hiram var vanur við að pola að á hann væri horft, en þetta kalda, rólega augnatillit var honum hálfgerð ráðgáta, og erti skap hans dálítið. Bostock tók fyrst til máls og sagði hátsíðlega: „Hverju á jeg að þakka þann heidur, að þjer heimsækið mig?“

Hiram studdi báðum höndum á hnje sjer, hallaði sjer fram og leit beint framan í Bostock og sagði:

„Höfum við ekki hittst áður, fjelagi?“

„Dað er vel mögulegt“, svaraði Bostock kurteislega. „Jeg man það ekki. Jeg hef hitt svo margra menn.“

„Jeg gleymi aldrei andlitum“, sagði Hiram, „þótt jeg gleymi stundum nöfnum. Hitti jeg yður ekki einu sinni í Neapel?“

„Jeg hef náttúrlega komið til Neapel“, sagði Bostock, og var ekki hægt að merkja nokkra undran í röddinni. „Jeg var í Neapel fyrir nokkrum árum og stundaði iðn mína. Men skilmast vel í Neapel.“

„Dað er margt að sjá og heyra í Neapel“, sagði Hiram. Svo þagnaði hann eins og hann væri að hugsa um, hvað hann skyldi segja næst. Bostock notaði sjer þögn hans og sagði: „Dað er mjög sennilegt. En jeg get ekki sjeð, hvað það kemur mjer við.“

„Bíðið þjer við, fjelagi, bíðið þjer við“, sagði Hiram, og veifaði magurri, sterklegri, mórauðri hendi til hans—hendi, sem um álndliðinn var skreytt.

einskonar keðju af tilbúnum bogum, tattóveruðum með bláum lit—, „jeg skal koma að því á sínum tíma.“

„Ó, þjer þurfið ekkert að flýta yður að því,“ sagði Bostock kurteislega, en ofurlitill vottur um vaxandi fjör sást í svörtu augunum hans. Hann hreifði sig til þannig, að hann hallaði sjer upp við litið borð, er stóð við vegginn, og dró skúffuna ofurlitið út með hægð með vinstri hendinni.

„Munið þjer eptir einskonar dans- og drykkju-búð í Neapel, niður við víkina, í versta hluta bæjarins—búð, með illa gerðri vínflösku sem merki á, og með einhverjum lofsyrðum um vín og konur rispað fyrir neðan?“ sagði Hiram.

„Nei,“ sagði Bostock, „jeg man ekki eptir neinum slíkum stað. Starfi minn í Neapel útheimti ekki að jeg kæmi á neinar slíkar stöðvar.“ Hönd hans var nú komin niður í skúffuna, og fingur hans læstust utan um eitthvað, sem var í skúffunni.

„Svo starfi yðar útheimti það ekki?“ sagði Hiram. „Ef til vill ekki—ef til vill ekki! Hafid þjer nokkurn tíma átt bróður, sem hjet öðru nafni en Bostock? Ekki það! Hreifid þjer yður ekki, því þá skýt jeg yður þar sem þjer standið.“ Um leið og Hiram sagði þetta, lypti hann upp hendinni og miðaði marghleypu á Bostock.

Bostock stóð hreifingarlaus. Engin æsing lýsti sjer í rödd hans þegar hann sagði: „Kæri herra, ef þjer eruð ekki vitfirringur þá get jeg ekki

ak
pe
óv
ræ
að
mj
eng

veri
mje
þann
svo

erud

síðan
dryki
var e
voru
betur
inu h
voru i
áflög
kveikt
manni
leggja
sem þj
spitu f
lopti, c

tattóveruðum
því á sínum

yður að því,“
till vottur um
hans. Hann
sjer upp við
skúffuna ofur-
ni.

s- og drykkju-
hluta bæjar-
m merki á, og
konur rispað

ekki eptir nein-
l útheimti ekki
Hönd hans
gur hans læst-
nni.

ekki?“ sagði
l ekki! Hafid
et öðru nafni
er yður ekki,
standið“. Um
upp hendinni

Engin æsing
sagði: „Kæri
get jeg ekki

skilið, hvað þjer meinið með því að spyrja mig
þessara óvanalegu spurninga og hafa þessar
óvanalegu hótanir í frammi. Langar yður til að
ræna mig? Þjer getið sjeð, að það borgar sig ekki
að ræna mig. Langar yður til, að jeg kaupí yður af
mjer? Yður mun ekki heppnast það. Jeg hef
engin leyndarmál, sem jeg þarf að dylja“.

Hiram blístraði. „Þjer eruð maður, sem ekki
verður uppnæmur af smávegis“, sagði hann. „En
mjer datt í hug, að þjer væruð ef til vill að preifa
þarna í skúffunni eptir hnífnum, sem þjer beittuð
svo vel kveldið sem jeg minntist á“.

Bostock yppti öxlum og sagði:

„Hvaða kveld? Jeg veit ekki, um hvað þjer
eruð að tala“.

„Jeg meina kveld eitt fyrir fimm eða sex árum
síðan“, sagði Hiram. „Jeg var staddur í þessari
drykkjubúð; þjer voruð þar líka, eða maður, sem
var eins líkur yður og hann væri bróðir yðar. Þar
voru illdeilur útaf því, að einni stúlkunni þar leitst
betur á svenskan sjómann en yður, og drakk úr staup-
inu hans, en vildi ekki drekka úr yðar staupi. Það
voru illdeilur milli nokkurra sjómanna og þar voru
áflog og ljósin voru slökkt, en þegar ljósin voru
kveikt aptur, stóð hnífur í hálsinum á svenska sjó-
manninum og þjer voruð horfinn. Og jeg skal
leggja eið út á, að þjer köstuduð hnífnum þaðan
sem þjer stóðuð úti í horni, því jeg kveikti á eld-
spítu í mykrinu, og sá andlit yðar og hönd yðar á
lopti, og heyrði manninn stynja“.

Bostock hló ofurlítið og sagði: „Þetta er næstum því allt of hlægilegt. Hvað og hver eruð þjer, að þjer skuluð koma hingað til þess, að fara með annað eins þvaður? Hvað koma drykkju-skaparæfintýri yðar mjer við?“

„Einmitt þetta“, sagði Hiram kuldalega, „að menn þekkjast af framferði sínu, og framferði yðar var þá mjög óviðkunnanlegt, og jeg ímynda mjer að það hafði ekki batnað mikið síðan. Hvað voruð þjer að gera í búðinni hennar Mrs. Borringer seinni partinn í dag?“

„Jeg viðurkenni ekki rjett yðar til að spyrja mig“, svaraði Bostock; „en svarið er svo auðvelt, að það er ekki ómaksins vert, að neita um það. Jeg var í búð Mrs. Borringer seinni partinn í dag tí þess að biðja hana að láta mig fá eitthvert lyf sem svæfði mig.“

„Einmitt það“, sagði Hiram, og dró rú með vinstri hendinni upp úr vasa sínum litinn, hvítan böggul, sem eitthvað var skrifað á.

„Er þetta svefnlyfið?“ spurði Hiram.

Hiram rjetti böggulinn út frá sjer yfir borðið. Bostock hallaði sjer rólega áfram, leit á hann og sagði:

„Jeg sje ekki hvernig það gæti átt sjer stað, að mjer væri ætlað þetta. Jeg sje að það er skrifað utan á böggulinn til Ravens kaptains.“

„Því er þannig varið; þjer hafði aptur rjett að mæla“, sagði Hiram, dró að sjer hendina og ljét bögggu inn aptur í vasa sinn. Nafn Ravens kaptains

er ritað utan á böggulinn, og tilgangurinn var að hann kæmist til hans.“

Bostock yppti öxlum og sagði: „Jeg býst við því. En hvað kemur mjer þetta við?“ Hann hallaði sjer aptur upp að borðinu, en nú hjengu báðar hendur hans niður með síðum hans.

„Jeg býst við að þjer vitið ekki, hvað er í þessum böggli?“ sagði Hiram, og gaf nákvæmlega gætur að svip Bostocks um leið og hann talaði þessi orð.

En hversu nákvæmlega sem hann athugaði svip Bostocks, gat hann ekki sjed hinn minnsta breytingar-skugga á svip hans.

„Hvernig ætti jeg að vita, hvað er í þessum böggli?“ spurði Bostock, og var ekki laust við að rödd hans lýsti ofurlstilli gremju. „Jeg er ekki gæddur neinni ófreskis-gáfu.“

„Vanaleg sjón nægir mjer.“ sagði Hiram byrstur. „Degar þjer voruð í búðinni hennar Mrs Borringer seinni partinn í dag, kom jeg þar að og sá í gegnum gluggan, að þjer voruð að handleikf þenna böggul. Jeg þóttist þekkja andlit yðar, og jeg gat mjer til, að þjer hefðuð ekkert gott í hyggju. Nú er jeg búinn að komast að, að í þessum böggli, sem átti að innihalda meinlaust lyf, er í raun og veru mjög sterkt eitur.“

„Hvað á allt þetta að pyða?“ sagði Bostock þegar Hiram þagnaði. „Er yður alvara að gefa í skyn, að jeg hafi látið þetta sterka eitur í þenna böggul?“

„Dað er einmitt það, sem jeg ætlaði mjer að gefa í skyn“, sagði Hiram.

Bostock skelli-hló—harðan, kætislausan, óviðfeldinn hlátur. „Þjer farið með rugl, tómt rugl. Hvers vegna í ósköpunum sætti mig að langa til að senda Raven kapteini eitur?“

„Dað er einmitt það, sem jeg ekki veit, og einmitt það, sem jeg ætla mjer að komast að“, sagði Hiram.

„Haldið þjer ekki“, sagði Bostock, „að þjer sjeuð heldur en ekki að gera sjálfan yður að flóni— það er að segja, ef þetta er ekki allt saman fyrirfram niðurlagt ráðabrugg, sem er mögulegt? Sje eitur í þessum böggli, þá er það að kenna klaufaskap Mrs. Borringer. Dað er einmitt samkyns klaufaskapur og búast má við að kona, sem er að káka við lyf, mundi gera sig seka í, og ef jeg væri í yðar sporum, þá skyldi jeg ekki hafa orð á þessu. Lögín líta ómildum augum á ólært fólk, sem er að káka með lyf, einkum þegar það gerir önnur eins axarsköpt og að láta úti drepanði eitur í staðinn fyrir meinlaust dupt.“

Hiram söt-roðnaði af reiði og sagði: „Er yður alvara að gefa í skyn, að Mrs. Borringer geti gert annað eins axarskapt og þetta?“

„Jeg er ekki að gefa neitt í skyn“, svaraði Bostock. „Þjer komið til mín með böggul, sem þjer segið að innihaldi eitur. Mjer er kunnugt um, að Mrs. Borringer var að útbúa einhvern böggul

handa Raven kapteini; jeg held einnig, þó jeg pekki ekkert til jurta og eiginlegleika þeirra, að jeg geti sagt einmitt úr hvaða skúffu hún tók duptið, sem hún notaði. Hafi hún gert jafn óhyggilegt axarskapt og það, að láta úti eitur í staðinn fyrir meinlaus lyf, þá hryggir það mig hennar vegna, og jeg leyfi mjer að láta í ljósi, að því fyr sem hún hætti við súna ólöglegu iðn, því betra væri það fyrir hana sjálfa, og vissulega enn betra fyrir slónin, sem setja traust sitt á hana. Og jeg get að minnsta kosti óskað Raven kapteini til hamingju með, að hann slapp svona vel frá þessu“.

J. Hiram var í stökustu vandræðum. Hann áleit hann hefði vissulega sjeð Bostock handleika böggulinn. En tilgáta Bostocks var mjög kænleg, og Hiram vissi vel, hve fúslega menn mundu fallast á þá skoðun, að jurtasölu-kona hefði gert axarskapt. Hann leit niður á gólfíð eitt augnablik í ráðaleysi. Og á því augnabliki stack Bostock hendinni niður í opnu skúffuna, greip upp úr henni marghleypu, miðaði henni á Hiram og sagði:

„Nú er röðin komin að mjer að ráða skilmálunum.“

Hiram horfði á marghleypuna, sem miðað var á hann, og gerði enga tilraun til að hreifa sig eða lypta hendinni upp.

„Jeg hef ekki hina minnstu löngun til að skjóta yður“, sagði Bostock. „En jeg hef fulla löngun til að vernda líf mitt, og fulla löngun til að losast við

návist yðar. Þjer gerid mjer því mikinn greiða með því að fara leiðar yðar og einnig með því, að veita mjer ekki aptur þá virðingu að heimsækja mig“.

Hiram stóð á fætur og stakk marghleyppunni í vasa sinn. „Djer eruð kenn maður, Mr. Bostock“, sagði hann. „Ef til vill helst til kenn. Við skulum nú sjá til.“

Bostock geispaði og sagði þreytulega. „Jeg óska að þjer vilduð fara í burtu. Þessi ráðagerð yðar hefur misheppnast, og yður fellur það eðlilega illa. Góða nótt.“

Hiram gekk fram að hurðinni og opnaði hana. Þar næst sneri hann sjer við, leit framan í Bostock og sagði: „Djer skuluð fá skeyti frá mjer aptur.“

„Jeg vona ekki,“ svaraði Bostock. „Góða nótt.“ Hann sneri baki við gesti sínum kæruleysislega, og Hiram fór út, opnaði gang-hurðina, skelli henni reiðuglega á eptir sjer og fór niður stigan. Hann gat ekki annað en fundið til þess, að honum hefði farist óhönduglega, og var því reiður við sjálfan sig. Hin algerða stilling Bostocks truflaði hann. Hann áleit, að hann hefði vissulega sjeð manninn halda á bögglinum í höndunum, og honum hafði virst, að hann vera að búa um hann aptur. Það, út af fyrir sig, mundi ekki hafa vakið neina undran hjá Hiram, hefði hann ekki, þegar hann leit snöggvast inn í húðina (sem hann hafði læðst að og gægst inn í í þeirri hönd, að sjá Mrs. Borringer þar inni og koma henni að svörum) þótt sannfærður um, að hann

inn greiða með því, að veita þekja mig“.

arghleyppuni í Mr. Bostock“,
i. Við skulum

tulega. „Jeg þessi ráðagerð er það eðlilega

opnaði hana. man í Bostock mjer aptur.“

stock. „Góða n kæruleysisurðina, skellti niður stigan.

ess, að honum þiður við sjálf-truflaði hann.

sjeð manninn; honum hafi ptur. Dað, út

na undran hjá eit snöggvast

og gægst inn í inni og koma um, að hann

þekki manninn, og að hann hefði sjeð hann áður við-riðinn einhverja fálmennsku. Grunur hans hafði komið honum til, að láta rannsaka innihald böggulsins, og við það hafði sannast, að í honum var eitur. En var það mögulegt eptir allt saman, að Mrs. Borringer hefði yfirsjest—Súsönnu, sem bar af flestum öðrum konum? Nei, það var ómögulegt; en hins vegar var í rauninni ómögulegt að sanna neitt upp á Bostock, og Hiram sá, að með því að fara að ráði sínu eins og hann hafði gert, þá hefði hann gengið of langt, og hefði bent mjög kænum og hættulegum mótstöðumanni á, að hann skyldi vera var um sig.

Hiram var því ekki í sem bestu skapi þegar hann fór út úr aðal-dyrnum á byggingunni, sem herbergi Bostocks voru í; hann var ekki í sem bestu skapi, þegar hann hóf göngu sína í áttina til Sloane-strætis. Spurningin var, hvað hann ætti að gera næst. Hann ásetti sjer að hafa vakandi auga á Bostock, að svo miklu leyti sem í hans valdi stæði; en hann gat ekki ráðið það við sig, hvort hann ætti að vara fólk við Bostock eða ekki. Að líkindum yrði viðvörðuninni trúað; en Bostock hafði svar og sennlega skýringu á reiðum höndum, og ef menn tæku þá skýring góða og gilda, mundi hún vissulega valda Súsönnu Borringer mikils angurs. Svo Hiram labbaði í hægðum sínum eptir strætinu með höndurnar í vösunum, og var í fjarskalegum vandræðum.

En Bostock, sem nú var aleinn í litla, fátæklega herberginu, stóð grafskyr eptir að Hiram hafði farið

og taldi spor hans niður stigann. Kæruleysis-svipurinn, sem hafði verið á andliti Bostocks, á meðan á samtalinu stóð, hvarf nú af því eins og gríma hefði fallið af því, en hann varð fullur af áhuga, lífi og fjöri. Alls konar áform flugu sem leypur í gegn um huga hans, en hann sleppti þeim jafnskjótt og þau komu. Allt í einu virtist hann ráða eitthvað við sig og sneri sjer við, til þess að fara inn í svefnherbergi sitt. Um leið og hann gerði það tók hann eptir því, að hann hjelt enn á marghleypunní í hendinni, Hann hló aptur, hinn sama kætislausla hlátur, sem hafði látið svo illa í eyrum Hiram.

„Fjandinn hafi svona vopn“, tautaði hann, um leið og hann ljét marghleypuna aptur í skúffuna, sem hann hafði tekið hana úr. „Bara að þau gæfu ekkert hljóð af sjer!“

Svo fór hann inn í svefnherbergið, og tók þar úr klæðaskáp óhreinan, gráan yfirfrakka. Hann fór í frakkan og setti upp mjúkan slókahatt. Síðan fór hann að dyrunum á framherberginu, opnaði hurðina varlega og leit út. Allt var kyrt. Hann læddist fram í ganginn, ljét hurðina aptur á eptir sjer, og fór síðan mjög hægt niður stigann. Þegar hann kom að neðsta riðinu, stanzaði hann eitt augnablik í myrkrinu. Klukka tók að slá hátt. Við síðasta slagið læddist Bostock út úr aðal-dyrum hússins og gekk bratt í sömu áttina og Hiram Borringer hafði farið í.

Hiram var rjett í þann veginn að fara inn í hó-

telið, sem hann hjelt til á, þegar hann fænn, að einhver snart við öxlinni á honum. Hann leit í kringum sig og sá, sjer til undrúnar, að Bostock stóð við hlið hans.

„Fyrirgefið mjer,“ sagði Bostock, „en jeg gleymdi að minnast á eitt við yður áðan.“

„Jæja,“ sagði Hiram; „hvað er það?“

„Það er einmitt þetta, að þjer hafið komið fram með mjög alvarlega ákæru gegn mjer. Þeirri ákæru hef jeg svarað. Ef þjer ætlið yður að endurtaka þessa ákæru við aðra menn, þá finnst mjer það vera að eins sanngjarnt, að þjer gerðuð mjer aðvart um það fyrirfram, svo að jeg hafi að minnsta kosti tækifæri til að segja þeim það, sem jeg hef sagt yður, svo þjer geti dæmt á milli okkar.“

Hiram horfði fast á Bostock, og Bostock horfði aptur fast á Hiram.

„Jæja,“ sagði Hiram, „það virðist ekki svo ósanngjarnt. Jeg hef yður auðvitað grunaðan.“

„Vegna þess, að þjer fmyndið yður, að jeg sje líkur öðrum manni,“ greip Bostock fram í.

„Það er engin fmyndan,“ sagði Hiram alvarlega. „Það er að eins ekki alveg ómögulegt, að þjer sjeuð ekki sami maðurinn og jeg sá í Neapel, en fjandi eruð þjer líkur honum.“

„Það sannar ekkert,“ sagði Bostock, næstum því í bræði. „Mjer finnst mjög ósanngjarnt, að slíkar sakir sjeu bornar á mig, byggðar á jafn ljelegum, fmynduðum grundvelli. En ef þjer komið

með þessa ákæru gegn mjer, þá komið fram með hana hreint og beint eins og heiðarlegum manni sæmir, svo að jeg gæti mætt henni hreint og beint, eins og heiðarlegum manni sæmir.“

Bostock talaði þessi orð með ákefð, og mesta móðgan lýsti sjer í röddinni. Þetta hafði nokkur áhrif á Hiram. „Jæja,“ sagði Hiram. „Jeg skal lofa yður þessu: Ef jeg ætla mjer að tala um þetta við nokkurn mann, þá skal jeg gera yður aðvart um það fyrirfram, að jeg ætli að gera það.“

Bostock greip hönd hans og þrýsti henni hlýlega.

„Jeg þakka yður fyrir,“ sagði hann. „Jeg þakka yður fyrir; það er allt, sem jeg bið um. Það hryggir mig, að þjer skuluð gruna mig, og mig undrar það sannarlega; en jeg get ekki að því gest. Komið fram með ákæru yðar gegn mjer hvenær sem yður þóknast—jeg skal mæta henni óhræddur. Jeg er fullkomlega fús til, að láta Raven kaptein dæma um þetta sjálfan.“

„Jæja,“ sagði Hiram, „það, sem jeg hef sagt, það hef jeg sagt. Jeg gruna yður, hvort sem það er rjett eða rangt. Jeg skal hafa gætur á yður, og ef jeg sje, að grunur minn er á góðum rökum byggður, þá megið þjer vara yður. En ef jeg tala um þetta við nokkurn mann, þá skal jeg gera yður aðvart um, að jeg ætli að gera það.“

„Jeg bið ekki um meira,“ sagði Bostock, „og jeg vonast ekki eptir minna.“ Rödd hans virtist nú

titra af sársauka og móðgun. „Jeg öfunda yður ekki af yðar grungjarna eðlisfari og því, hvað þjer eruð fljótur á að skapa yður rangar hugmyndir. Þjer ættuð að vera betri mannþekkjari en þetta. Góða nótt.“

Bostock snerist á hæli og gekk hægt í burtu í sömu áttina og hann hafði komið úr. Hiram stóð stundarkorn og horfði á eptir honum, blístraði svo lágt og sagði við sjálfan sig:

„Mjer þætti gaman að vita hvort mjer skjátlast stórkostlega í þessu. Mjer er næst skapi að bregða mjer til Neapel og vita, hvort jeg get uppgötvað nokkuð þar.“

Hiram fór burt frá London þetta sama kveld, eptir að hafa kvatt þær Lydiu og Súsönnu Borringer. Þær voru svo vanar við, að hann kæmi og færi snögglega, að þær undruðust þetta ekki hið minnsta. Deim fannst þessi burtför hans alveg eðlileg, og óskuðu honum góðrar ferðar til Neapel með eins mikilli rósemi og þótt hann hefði sagt þeim, að hann ætlaði að fara með *omnibus* að eins til Putney.

XXV. KAPÍTULI.

MEIRISKILMINGAR.

Dað var álitid að Gerald Aspen myndi verða úr allri hættu eptir fáa daga, og að hann myndi bráð-

lega úr því verða orðinn svo frískur, að hann gæti heimsótt vini sína. Fidelia, sem í fyrstu hafði haft allan hugan á veikindum Gerald's, fjókk nú nokkurt tómi til að hugsa um sínar eigin vandræðalegu kringumstæður. Fyrst, þegar hún frjetti um tilraunina til að myrða Aspen, bættist sú hugsun á raunir hennar, að þetta óhapp væri hegning á hana fyrir þrákelkni hennar í því, að fresta hjónabandi þeirra að eins í því augnamiði, að hann yrði fyrst að uppgötva allt, er snerti dauðdaga föður hennar—sem hana iðraði nú sárlega að hafa gert sjer áhyggju út af að uppgötva.

Henni virtist öll tilveran vera gengin úr lagi. Ekkert virtist víst nema sjálf óvissan. Hún var neydd til að fara á bakvið manninn, sem hún elskaði mest á jörðunni, og sömuleiðis konuna, sem hún elskaði mest á jörðunni. Hún gat ekki sviðið Rupert Granton í tryggðum með því, að segja Gerald Aspen leyndarmál hans; hana grunaði ekki að Gerald fannst, að hann gæti ekki ljóstað því upp fyrir henni; og hún varð náttúrlega að halda því leyndu fyrir lafði Scardale. Hún varð að gera sjer upp vinnjarnlegt og blátt áfram viðmót í umgengni sinni við Granton, svo að lafði Scardale skyldi ekki gruna, að allt væri ekki með felldu. Hún vissi hver hinn eini tilgangur Grantons var með, að dvelja enn í London, og hún kveið hvern einasta dag fyrir, að eitthvað nýtt mundi koma í ljós, einhver nýr hræðilegur viðburður koma fyrir. Hún kveið líka fyrir

þeim degi þegar Granton, eptir að hafa gert upp-
götvan sína, mundi fara úr landi burt og yfirgefa
lafði Scardale fyrir fullt og allt. Hún fann til und-
arlegrar, éttablandinnar efasemi viðvíkjandi Bos-
tock. Umhugsanin um, að hann og Gerald Aspen
væru saman og væru vinir, olli henni hræðslu; en
samt sem áður vissi hún ekki, hvornig hún ætti að
vara Gerald við Bostock án þess að vekja grun,
sem hún virtist ekki hafa neinn rjett til að bera í
brjósti.

Tilfinningar hennar voru líkar tilfinningum
manns, sem allt í einu kæmi inn í einhvern töfra-
heim, þar sem hinar kynlegustu ummyndanir væru
opt að ske, og þar sem lögmálið fyrir orsök og af-
leiðing væri gersamlega frábrugðið því, sem menn
skoða það á plánetu vorri, og þar sem maður aldrei
gæti gízkad á (gangandi út frá því, er hjer þekkest)
hvað að höndum kunni að bera. Sú hugsun tók
stundum að gera vart við sig hjá henni, að ef hún gæti
akki sagt frá öllu saman og með því ljett á huga
stnum, þá mundi byrðin fara að verða of þung fyrir
huga hennar, og yfirbuga sál hennar. Slíkar til-
finningar eru mjög þungar. Hún hugsaði stundum
með sjálfri sjer, að svona byrjaði vitfirring.

Ef einhver annar væri til, sem vissi allt sem hún
vissi—hver svo sem það væri—þá mundi þetta ekki
liggja svona þungt á henni.

Fyrir nokkrum dögum hafði Fidelia neyðst til,
að dylja vissa h'uti fyrir lafði Scardale, af því hún

var hugdeig að skýra henni frá ást sinni á Gerald og ást Geralds á sjer, og hinum einkennilegu skilmálum viðvikjandi trúlofun þeirra. Nú var hún búin að viðurkenna trúlofun sína, en samt varð hún að dylja hana nokkurs eptir sem áður. Laði Scardale mátti aldrei fá að vita það, sem hún (Fidelía) vissi; með öðrum orðum: hún hlaut að hafa eitt leyndarmál, sem hún varð að dylja fyrir velgjörara sínum og vini. „Það er þungbært fyrir mann“, sagði Fidelía við sjálfa sig. „Mann langar til að vera einlægur og hreinskilinn og hafa engin leyndarmál fyrir þeim, sem maður elskar; en kringumstæðurnar leyfa manni ekki að vera eins og maður óskar að vera“.

Þessi undarlega tilfinning gagnvart Bostock—þessi kynlega grunsemd, sem hún vissi þó ekki á hverju var byggð, hreifði sig aptur hjá henni. Gat hún minnst á þetta við laði Scardale? Alls ekki; vissulega ekki. Hún hafði engan rjett til, gat ekki haft neinn rjett til, að hafa áhrif á ókomna æfi manns, sem varð að neyta allrar orku til að hafa sig áfram í heiminum, einungis sökum þess, að hún hafði óákveðinn og órókstuddan grun á honum. Hvað var þessi grunur í raun og veru? Hún gat ekki gert grein fyrir því. Hún gat ekki komið ákveðnum orðum að því. Hjer var þessi skyndilega ástarjárn-ing hans fyrir henni; hjer voru þessar ógnanir hans; og hún hafði ekki gleynt atburðinum við skilmingarnar, og undraninni og vantraustinu, sem Rupert

Granton ljét í ljósi viðvíkjandi Bostock. Ætti hún að tala við Granton og segja honum frá hinni alvarlegu grunsemd sinni? Ó, nei, hún gat ekki gert þann mann að trúnaðarmanni sínum, sem hafði drepið föður hennar. Dau höfðu samið frið sín á millum. Hún vissi nú vel að faðir hennar hafði ekki verið myrtur; en milli dóttur föður hennar og mannsins, sem hefði drepið föður hennar, þótt það jafnvel hefði verið í bragðalausú einvígi, hlaut ætíð að standa eins og málmveggur. Þegar Gerald væri alveg batnað—þegar hann væri orðinn alveg frískur—skyldi hún náttúrlega segja honum allt saman, og ef hann álití ótta hennar hjegiljur einar, nú, jæja, þá yrði hún náttúrlega að skoða þær sem heimsku. En þangað til yrði hún að segja eins og Hamlet: „Berst þú, hjarta mitt, því jeg má ekki mæla“.

Hún varð fegin, þegan hún eitt sinn, síðari hluta dags, sat hjá lafði Scardale, áður en skilminga-æfingarnar hófust, er hún heyrði tilkynnt, að Ravenkapteinn væri kominn þangað að heimsækja þær. Dótt Fidelia elskaði lafði Scardale innilega, þá varð hún nú fegin að geta komist hjá að vera of mikið ein með henni.

Ravenkapteinn kom inn, búinn fallegum gráum sumarklæðum, í hnepptum stígvjelum, og voru leggirnir gráir, en efst á þeim var borði úr spegilfögru kíðlingaskinni. Ravenkapteinn var maður, sem virtist skapaður til að vera í góðum klæðum;

ni á Gerald og
nilegu skilmál-
var hún búinn
t varð hún að
Lafði Scar-
hún (Fidelia)
að hafa eitt
yrir velgjörara
fyrir mann“,
langar til að
engin leyndar-
kringumstæð-
g maður óskar

art Bostock—
sisi þó ekki á
á henni. Gat
e? Alls ekki;
t til, gat ekki
nna æfi manns,
fa sig áfram í
hún hafði óá-
m. Hvað var
gat ekki gert
nið ákveðnum
ega ástarjárn-
ógnanir hans;
við skilming-
sem Rupert

pau sómdu sjer vel á honnm, og sýndust enn fallegrí á honum en öðrum mönnum. Lafði Scardale hafði ætíð gaman af að sjá hann. Hún hefði ekki kært sig um, að sonur hennar eða bróðir væri einmitt eins og hann; en hún afsakadi Raven, því hún vissi, að hann var sannarlegt trúðmenni í raun og veru og að edlisfari, svo hún poldi hgegómaskap hæs og það, sem hún áleit glysgirni hjá honum.

„Jeg er rjett nýlega búinn að vitja um veslings Aspen“, sagði Raven. „Hann er óðum að koma til —og kemst bráðum á fætur aptur, er mjer sagt“.

„Já, það gleður mig stórlega“, sagði lafði Scardale.

„Það gleður yður einnig stórlega, Miss Locke, eða er ekki svo?“, sagði Raven.

„Ó, já, það gleður mig stórlega, Raven kap teinn“, sagði Fidelia.

Raven hafði ekki minnstu hugmynd um, að Gerald Aspen og Fidelia væru trúlofuð. Hann spurði Fidelíu að þessu að eins af því, að honum þótti gaman að tala, og honum þótti gaman að tala við alla, sem í kringum hann voru, og þótti nærri eins gaman að tala við gamlar konur eins og við fallegar, ungar stúlkur.

„Holló, Bostock! Hvernig líður yður?“ sagði Raven þar næst, því skilminga-kennarinn kom inn í salinn rjett í þessum svifunum, og virtist vera í þann veginn að byrja að æfa einhverjar af náma-meyjunum. Þar eð Raven ávarpaði hann þannig,

varð Bostock að koma til hans og taka í hendina, sem hann rjetti honum. Bostock virtist ætíð vera eins umhugað um að komast hjá að tala, eins og Raven virtist umhugað um að tala.

„Djer sýnduð mikla hugþryði um kveldið, Bostock—þarna þegar þjer gerðuð þetta litla stryk—er ekki svo?“, sagði Raven. „Gerði hann það ekki, lafði Scardale—gerði hann það ekki, Miss Locke?“

„Hvada litla stryk eigið þjer við, Raven kapteinn?“ sagði Bostock með háttðlegri rödd, og án þess að augu hans eða svipur lýstu því að hann vissi, hvað Raven átti við.

„Nú, auðvitað þetta litla stryk á upphlaðna árbakkanum. Djer eruð góður drengur! Dað var sannarlega stór heppni fyrir Aspen, að svo hittist á, þú yður bar þar að þegar mest á lá.“

„Dað var engin tilviljun, að jeg var þar“, sagði Bostock. „Jeg fylgdi Aspen eptir af því jeg hjelt, að hann væri í hættu.“

„Dað er rjett“, sagði Raven.

„Við erum öll í þakklætis-skuld við Mr. Bostock“, sagði lafði Scardale hlylega. Henni þótti vænt um, að vesalings skilminga-kennarinn við menningar skólann skyldi hafa reynt að vera hetja, og að honum væri hælt fyrir það.

„En heyrið þjer mig, Bostock“, sagði hinn óbælandi Raven kapteinn, „jeg hefði fmyndað mjer, að þjer munduð hafa haldið þessum rauðskeggjaða pilti. Herra trúr! Jeg held, að ef jeg hefði verið í

yðar sporum, þá hefði jeg haldið eins fast í hann og dauðinn heldur í deyjandi svertingja, eins og þeir sögðu í Ameríku forðum daga.“

„Hann stakk mig í handleggjun, annars hefði jeg reynt að hanga í honum“, sagði Bostock. „Og þar að auki var hann sterkari maður en jeg er.“

„Jæja, hann hafði líka góða fætur! En hvað sem öllu líður, þá komst hann undan, svo það er ekki til neins að tala meira um það.“

„En hann næst auðvitað“, sagði lafði Scardale einbeittlega. „Lögregluliðið mun finna hann.“

„Ó, lögregluliðið!“ sagði Raven með óútmálanlegri fyrirlitningu. „Dví nær það ekki *Jack the Ripper*?*—því nær það aldrei neinum glæpamanni?“

„Jeg ljét lögreglunni í tje alla þá hjálp, sem jeg gat“, sagði Bostock.

„Það gerðuð þjer—og eigið heiður skilið fyrir það í viðbót“, sagði Raven. „En, heyrir þjer, er það ekki skritið, að þjer skylduð vera í nánd í hvortveggju skiptin, þegar þessi rauðskeggjaði piltur var á ferðinni? Í þriðja skiptið munuð þjer ná honum; sjáið til hvort það fer ekki svo. Lafði Scardale, jeg þori að veðja hverju sem er, að vinur okkar Bostock heldur þessum rauðskeggjaða pilti föstum í næsta sinn, þegar hann reynir að myrða einhvern.“

„Hvaða næstu morðtilraun?“ sagði Fidelia, hálf óttaslegin.

*) Hinn alræmði morðvargur, sem myrti og skar sundur margar konur í Whitechapel, í London, fyrir nokkrum árum.—RÍTSTÝ. LÖG.

s fast í hann og
ja, eins og þeir

nd, annars hefði
Bostocð. „Og
en jeg er.“
etur! En hvað
an, svo það er

laðfi Scardale
nna hann“.

með óútmálan-
ekki *Jack the*
glæpamanni?“
þá hjálp, sem

ur skilið fyrir
eyrið þjer, er
í nánd í hvort-
gjaði piltur var
þjer ná henum;
fi Scardale, jeg
okkar Bostock
stum í næsta
vern“.

sagði Fidelia,

rti og skar sund-
fyrir nokkrum

„Það er enginn vafði á, að það verður önn gerð
morb-tilraun, eins og þjer skiljið“, sagði Raven.
„Þessi rauðskeggjaði piltur er einhver maður, sem
hefur ásett sjer að drepa alla þá af erfingjunum,
sem hann getur, fyrir 1. janúar næstkomandi. Jeg
þori að segja, að jeg verð hinn næsti, sem hann
reynir að myrða“, bætti Raven kapteinn við og hló
dátt, eins og ekkert væri spaugilegra og skemmti-
legra en sú tilhugsun, að mörðingi gerði bráðlega
tilraun til að drepa mann:

„Ó, Raven kapteinn!“ hrópaði Fidelia óttafull,
eins og mótmælandi.

„Já, en eins og þjer sjáið, þetta mundi ske á
snum tíma“, sagði Raven. „Fyrst er—“ og svo
stanzaði hann dálftið vandræðalega, því þá mundi
hann eptir Fidelíu; „fyrst var gamli Set Chickering,
og þar næst var Gerald Aspen, og jeg smunda mjer
að jeg ætti að vera hinn næsti í röðinni, því jeg
hýst ekki við, að þessi rauðskeggjaði piltur verði svo
ódrengilegur, að ráðast á yður, Miss Locke“.

„Ó, jeg hef enga trú á allri þessari kenningu
yðar“, greip laðfi Scardale fram í. „Jeg get ekki
trúað því, að neitt slíkt ráðabrukk eigi sjer stað
—að slík óútmálanleg vonska geti átt sjer stað“.

„Hvað er yðar kenning í þessu máli, laðfi Scar-
dale—hvað er yðar kenning?“ sagði Raven.

„Jeg hef enga kenningu viðvíkjandi því; en
jeg trúi ekki, að það hafi verið sami maðurinn, sem
myrti Set Chickering og reyndi að myrða Aspen,

og jeg trúi því ekki, að nokkurt samsæri eigi sjer stað“, sagði lafði Scardale.

„Jæja, en gætið nú að: hjer er vinur okkar Bostock, sem sá sama manninn í bæði skiptin, eða var ekki svo, Mr. Bostock?“ sagði Raven.

„Jeg sá sama manninn í bæði skiptin“, sagði Bostock dræmt.

„En sáuð þjer hann vera að fremja morð í fyrra skiptið?“ spurði lafði Scardale.

„Nei, en hann var skammt frá þeim bletti, sem morðið var framið á, og var að flygja burt“, sagði Bostock.

„Að minnsta kosti var hann að hlaupa eitthvað“, sagði lafði Scardale. Hana langaði ekki til að halda hlífðarskyldi fyrir rauðskeggjaða manninum; henni var að eins ant um að sanna, að ekkert samsæri og ásetningur, að fremja þessi morð, ætti sjer stað, því henni fannst slíkt of mikill glæpur til þess, að nokkrir menn eða maður, hversu lágt sem þeir væru fallnir, gætu gert sig seka í slíku“.

„Ó, herra trúr!“ hrópaði Raven. „Jeg ímynda mjer, að okkur sje óhætt að trúa því, að hann hafi verið að reyna að flyja. Ratt Gundy sá hann líka, og sagði hjerum bil sömu söguna og vinur okkar Bostock.“

„Hvaða maður var annars þessi Ratt Gundy í raun og veru?“ spurði lafði Scardale. Fidelia fann að hún roðnaði við þessi orð, og hún hafði óþægilega meðvitund um, að Bostock hafði nákvæmar gætur á henni.

amsæri eigi sjer
er vinur okkar
æði skiptin, eða
aven.

skiptin“, sagði

fremja morð i

heim bletti, sem
gja burt“, sagði

alaupa eitthvað“,
ði ekki til að
aða manningum;
að ekkert sam-
norð, ætti sjer
glæpur til þess,
lagt sem þeir
u“.

„Jeg smynda
i, að hann hafi
sá hann líka,
g vinur okkar

Ratt Gundy í
Fidelia fann
hafði óþægi-
afði nákvæmar

„Ó, jæja, Ratt Gundy var einn af snáðunum,
sem voru þarna ytra í námunum, eins og þjer vitið“,
sagði Raven. „Hann var mikill kunningi veslings
bróður míns“.

„Í sannleika“, sagði lafði Scardale, og fór að
verða mjög forvitin. „Þjer þekkið þá talsvert til
hans?“

„Mjög lítið, lafði Scardale, annað en það, að
hann var mikill kunningi bróður míns“, sagði Raven.
„Jeg sá hann hjer—um þær mundir að morðið var
framið og rannsóknin útaf því átti sjer stað. Mjer
virtist hann vera mikið viðkunnanlegur maður.
Hann var mjög skrafhreifinn og mikill ofurhugi“.

„Var hann ekki fyrst grunaður um, að vera eitt-
hvað ridinn við morðið?“ spurði lafði Scardale.

„Dað var hann sannarlega“, sagði Bostock al-
varlegur, „mjög mikið grunaður“.

„Ó, en heyið þjer, það var tórn heimaska, eins
og þjer vitið“. „Bróðir minn var ekki mjög vitur
maður, en jeg þori að veðja hverju sem þjer viljið
um það, að hann gaf sig aldrei að neinum manni,
sem hafði það í sjer, að geta framið morð, eða lagt
ráð á um að fremja morð. Nei, nei; jeg þori að
ábyrgjast vesalings gamla Percy í því tilliti, og hans
vegna þori jeg líka að ábyrgjast Ratt Gundy í því
efni. Við af Ravens-ættinni erum ekki vanir að
leggja lag okkar við morðingja og illmennni“.

„Hvar er Ratt Gundy nú?“ spurði Bostock.

„Dað er eins líklegt og nokkuð annað, að þessi

rauðhærði vinur yðar hafi myrt hann“, sagði Raven kuldalega. „Kastað honum í ána einhverstaðar—í Thames-ána að öllum líkindum. Jeg vona að það sje nú samt ekki, því ef búið er að koma honum fyrir, þá mun röðin vera komin að mjer. Mjer finnst það ákaflega hart, lafði Scardale, að hafa verið í afarþröngum kringumstæðum í mörg ár, og vera nú kominn alveg að því, að verða stór-ríkur, en vera þá skyndilega sleginn í rot, áður en jeg fæ tækifæri til að njóta auðsins. Skollinn hafi það; ef þessi rauðhærði Leppalúði vildi að eins gefa mjer eins árs frest, til þess að leika mjer með peningana, þá skyldi jeg ekki kæra mig svo mikið“.

„Yður er auðvitað ekki alvara, Raven kapteinn?“ sagði lafði Scardale.

Fidelía hlustaði á þetta samtál með mestu athygli. Henni fannst—hún gat ekki sagt hvers vegna—sem verið gæti að það, sem talað væri þarna í mesta hugsunarleysi, kynni að geta gefið henni einhverja skýringu viðvíkjandi hinum voðalega leyndardómi, sem virtist vera að leggjast eins og myrkur yfir hana, og suma af þeim sem hún elskaði.

„Jæja, þjer vitið, að þetta lítur allt hjer um bil svona út“, svaraði Raven. „Við skulum sjá til, hvort ekki verður gerð önnur tilraun til að myrða veslings Aspen—eins fljótt og hann kemur til heilsu, veslings pilturinn“.

Fidelíu varð svo hverft við þessi orð, að hún var nærri búin að koma upp um sig—var næstum

“sagði Raven einhverstaðar—í eg vona að það koma honum fyrir. Mjer finnst hafa verið í afar-ár, og vera nú skur, en vera þá gætækifæri til; ef þessi rauð- mjer eins árs peningana, þá

a, Raven kap-

með mestu at- ekki sagt hvers alað væri þarna ta gefið henni num voðalega gjast eins og m hún elskaði.

allt hjer um bil m sjá til, hvort myrða veslings til heilsu, ves-

orð, að hún —var næstum

búin að koma upp um sig með því að reka upp hljóð. „Gerið þjer svo vel, Raven kapteinn, að tala ekki svona“ sagði lafði Scardale í bænarróm.

„Gott og vel, lafði Scardale“ sagði Raven. „Ef til vill verður næsta árásin gerð á mig. Jæja, það verður ekki svo fjarska auðvelt að ráða mig af dögum. Jeg skal vera var um mig, og ef jeg að eins get fest hendur á þessum rauðhærða manni, svei mjer ef jeg skal ekki vita, hvort rauða skeggið skal ekki losna við hann“.

Fidelia leit á Bostock. Var það smyndun? Eða tindraði skyndilega úr augum hans, sem vanalega voru svo sviplaus, samskonar leiptur og Tomas Carlyle kallar „helvítis eld?“

„Djer haldið þá, að rauða skeggið sje dularbúningur?“ spurði lafði Scardale.

„Jeg veit það ekki; mjer datt það svona í hug, meðal annars. Mjer þætti gaman að vita, hvar hann er pilturinn, sem nefndur er Jafet Bland—eini erfinginn, sem alls ekki hefur komið í ljós?“

Fidelia leit aptur stillilega og gætilega til Bostocks. Hann var þá einmitt að vege eitt skilmingasverðið í hendi sinni, og bar sig til eins og hann tæki ekki framar þátt í samtalinu. Hún ásetti sjer allt í einu að draga hann aptur inn í samtalið og sagði því:

„Prófessor Bostock, þjer vitið meira um allt þetta en nokkurt okkar hinna——“

„Fyrirgefðu mjer,“ svaraði hann, „jeg hef sldrei verið í Suður-Afuríku“.

„Nei. Jeg á við morðin og þessar morð-tilraunir hjer í London“, sagði Fidelia. „Þjer hafid vissa kenningu viðvíkjandi þessum týnda Jafet Bland; jeg las eitthvað í blöðunum um það“.

„Jeg hef kenningu“, sagði hann rólega, „jeg hef líklega myndað mjer hana á mjög litlum rökum—nær því engum, gæti jeg sagt. En samt sem áður hef jeg myndað mjer kenningu“.

„Haldið þjer að þessi maður, hann Ratt Gundy, sje dauður?“ sagði Fidelia og athugaði svip Bostocks nákvæmlega.

„Nei, jeg ált ekki, að hann sje dauður“, sagði Bostock.

„Og Mr. Bland—hvað er um hann? Haldið þjer að hann sje dauður?“ spurði Fidelia.

„Nei. Ekki held jeg það“, sagði Bostock. „Jeg smynda mjer, að hann komi í leitirnar á sínum tíma.“

„En hví skyldi hann hafa falið sig svona lengi. Dað virðist engin ástæða vera til þess fyrir hann“, sagði Fidelia.

„Hver getur sagt það, Miss Locke. Dað getur verið, að hann hafi góðar og gildar ástæður til þess“, sagði Bostock.

„Já, jeg hef lesið í blöðunum, að þjer hafid þá skoðun, að hann sje að leika einskonar vaktandi forsjón eða verndar-engil, en sje svo, hefur hann þá ekki verið heldur seinn á sjer í verndar-engils stöðu sínni?“ sagði Fidelia.

þessar morð-til-
lia. „Þjer hafið
mynda Jafet Bland;
“.

ann rólega, „jeg
og litlum rökum
en samt sem áður

ann Ratt Gundy,
þi svip Bostocks

dauður“, sagði

hann? Haldið
Fidelia.

sagði Bostock.
bitirnar á sínum

g svona lengi.
s fyrir hann“,

re. Það getur
tæður til þess“,

þjer hafið þá
r vaktandi for-
efur hann þá
ar-engils stöðu

„Hver getur sagt það?“ sagði Bostock Ólundar-
lega. „Máske hann áltí, að versta morð-tilraunin
sje enn í vændum, og að hann sjái ráð til að koma
í veg fyrir hana.

„En hvað þetta líkist skáldsögu“, sagði Fidelia.
„Hafið þjer nokkra ástæðu til að mynda yður þessa
undarlegu kenningu, Mr. Bostock?“

„Enga—nei, alls enga aðra en vitneskju þá og
kringumstæður, sem við öll þekkjum“, sagði Bos-
tock. „Maðurinn hlýtur að hafa einhverja ástæðu
fyrir, að koma ekki fram og krefjast rjettar síns;
það virðist mjög líklegt, að hann hafi einhverja góða
ástæðu“.

„Máske maðurinn sje í Suður-Afriku“, sagði
Raven.

„Nei“, sagði Bostock. „Að minnsta kosti virt-
ist ekki Set Chiekring og maðurinn, sem kallaði sig
Ratt Gundy, álsta það.“

„Maðurinn, sem kallaði sig Ratt Gundi?“ sagði
Raven. „Hafið þjer nokkra ástæðu til að halda, að
nafn hans hafi ekki verið Ratt Gundy?“

Fidelia horfði eptirvæntingarfull á Bostock í
eitt augnablik, og því næst leit hún á lafði Scardale.

„Jeg hef enga ástæðu til þess“, sagði Bostock
dræmt; „en það er óvanalegt nafn, og menn á öðrum
eins stöðum nefna sig ekki ætíð, eða opt, sínu
rjetta nafni.“

„Á öðrum eins stöðum, Mr. Bostock?“ sagði
Fidelia. „Hvaða stöðum?“

„Þessum fjarlæggu stöðum“, sagði Bostock.

„Nefna menn sig ætíð sínum rjettu nöfnum, þegar þeir eru nær föðurlandi sínu?“ spurði Fidelia.

Augu þeirra mættust, og Fidelia stóðst með mestu rósemd þann efa, vantraust og undrun, er lýsti sjer í augum Bostocks.

„Nei, jeg býst ekki við því“, svaraði Bostock gætilega. „Jeg geri ráð fyrir, að það sje algengt, að menn gangi allsstaðar undir tilbúnum eða fölskum nöfnum“.

„Þegar menn þurfa að dylja eitthvað“, sagði Fidelia.

„Eðlilega—jeg geri ráð fyrir því—þegar menn þurfa að dylja eitthvað“, sagði Bostock.

„Eitthvað ljótt?“ sagði Fidelia.

„Það þarf vitanlega ekki endilega að vera eitthvað ljótt“, sagði Bostock. „Maður gæti líka viljað dylja einhvern mikinn og góðan ásetning, þangað til hinn rjetti tími kæmi til að framkvæma hann—þangað til hinn rjetti tími kæmi“. Bostock endurtók orðin um leið og hann horfði fast og spyrjandi í augu stálkunnar.

„Og segja engum frá því?“ sagði Fidelia.

„Já, og segja engum frá því—í bráðina“, sagði Bostock.

Fidelia og prófessor Bostock höfðu háð margan skilminga-leikinn opinberlega og fyrir allra augum. Nú voru þau að heyja skilminga-leik án þess að áhorfendurnir hefðu nokkra hugmynd um það. En

i Bostock.
 rjettu nöfnum,
 spurði Fidelia.
 lia stófst með
 og undrun, er

varaði Bostock
 að sje algengt,
 um eða fölskum

itthvað“, sagði

—pegar menn
 k.

a að vera eitt-
 æti líka viljað
 tning, þangað
 kvæma hann—
 ostock endur-
 g spyrjandi í

Fidelia
 ráðina“, sagði

u háð margan
 allra augum.
 k án þess að
 um það. En

pau Fidelia og Bostock skyldu vel hver leikurinn var; að minnsta kosti var þeim báðum full-ljóst, að þau voru að reyna fimleik hvers annars. Bostock vissi ekki hvað það kynti að vera, sem Fidelia grun- aði hann um, en hann vissi vafalaust, að hún grunaði hann um eitthvað, og hann vissi, að ein einasta röng hreifing frá hans hlið (í skilminga-leiknum) gæti breytt grunsemd hennar í fullvissu. Fidelia vissi ekki í raun og veru á hvað traustum grundvelli grunur hennar væri byggður, en hún var alltaf að sannfærast meir og meir um það, að grunur hennar væri leiðarljós til mjög mikilvægrar uppgötvunar. Hún athugaði þess vegna sjerhvern glampa í augum Bostocks, eins og hún mundi hafa gert, ef hún hefði verið að há vanalegar skilmingar við hann. Laði Scardale og Raven kaptainn sátu og hlustuðu á við- ræðu þeirra, án þess að hafa minnstu hugmynd um, að nokkuð sjerlegt væri á ferðum. Fidelia pötti mjög vænt um, að þau virtust engan grun hafa. „Jeg vil útkljá þetta einvígi sjálf“, hugsaði hún með sjer. „Jeg hef gengið út í það án þess að ráðgast um það við aðra, og án þess að njóta aðstoð- ar annara; og jeg ætla mjer líka að leiða þetta til lykta án ráða og aðstoðar annara.“

Henni fannst samt sem snöggvast, að nóg væri komið af þessum skilminga-leik. Henni fannst það dygði alls ekki, að vekja athygli annara á leik þeim, er þau háðu sín á milli. Setjum svo, hugsaði hún með sjer, að hún hefði algerlega rangt fyrir

sjer? Setjum svo, að Bostock væri blátt áfram sá, sem hann gæfi sig út fyrir að vera—snjallur skilmínga-kennari við kvennaskóla? Já, en hann hafði sagt henni, að hann væri það *ekki*. Hann hafði látið henni í ljósi ást sína og beðið hennar, og gefið í skyn að minnsta kosti, að hann leitaði ekki ráðshags við hana sakir þess, að hún ætti í vændum að verða rík—að hann ætti meiri auð en hún gæti veitt honum. Þegar væri nú gengið út frá því, að hann væri ekki hreinn og beinn vitfíringur—og hún sá enga ástæðu til að álíta hann vitfíring—þá gáfu þessar staðhæfingar hans henni rjett til að reyna að fá einhverja skýringu um ástæður fyrir, að prófessor Bostock ljét ekkert á sjer bera og hjelt sjer í skefjum. Hún vildi einnig fá að vita, hvers vegna prófessor Bostock, sem var hrein fyrirmynd í umgengni sinni við aðra í daglega lífinu, skyldi hafa ógnað henni, eða þeim, sem henni voru kærir, með sorglegum afleiðingum, ef hún neitaði að gefa bænum hans gaum. Úr öllu þessu gat Fidelia myndað sjer að eins eina kenningu, þá nefnilega, að prófessor Bostock væri Jafet Bland.

Það sem styrkti mjög þessa kenningu var, að Bostock sjálfur hafði lýst yfir því, að sín skoðan væri, að Jafet Bland hjeldi sjer leyndum til þess, að geta framkvæmt einhvern góðan ásetning. Nú hafði hún með fimleik sínum í þessum orða-skílmíngum komið honum til að styrkja þessa hugmynd enn meir, og láta í ljósi að hann áliti, að Jafet Bland hjeldi

sjer leyndum í því skyni að geta, þegar tími væri til þess kominn, komið í veg fyrir eitthvert ráðabrugg, er væri enn voðalegra en nokkurt annað ráðabrugg, sem áður hefði verið reynt að framkvæma. „Einmitt það“, hugsaði hún með sjer með fyrirlitningu, „eitthvert ráðabrugg gegn mjer, kánni einu konu, sem við þetta mál er ridin“; eitthvert ráðabrugg til að nema hana burt, til þess ef til vill að drepa hana, og sem hann, Bland, ætlaði sjer að koma í veg fyrir á síðasta augnabliki, og ávinna sjer með því pakklátsssemi hennar. Lengra komst grunnsemi Fidelíu ekki. Engin svartari hugsun, viðvíkjandi áformum Jafets Blands, hafði rutt sjer til rúms hjá henni.

„Já“, sagði hún eins og í draumi, „maður getur skilið, að þessi maður, Jafet Bland, geti haft einhvern góðan ásetning með því, að halda sjer leyndum. En jeg þekki náttúrlega ekkert til hans, og þjer ekki heldur, Mr. Bostock?“

„Við höfum öll lesið um það, að faðir hans var myrtur“, sagði Bostock sorglegur í bragði. „Það getur verið, að hann hafi í byggju að koma upp um morðingjann“.

„En það var ekki augnamiðið, sem þjer áttuð við“, sagði Fidelía.

„Það gæti verið eitt augnamiðið, minna varðandi augnamið hjá honum“, sagði Bostock.

„En, viðvíkjandi hinu augnamiðinu, myndi hann ekki vilja láta uppi ástæðurnar fyrir hina

augnamidínu?“ sagði Fidelia og horfði á Bostock með hvetjandi augnaráði.

„Mjer þætti líklegt, að hann mundi vilja segja henni það“, sagði Bostock óptir dálitla þögn.

„Henni—segja henni það?“—sagði Fidelia, og sigurgeisli leiptráði úr augum hennar. Hver hafði minnst á kvennmann í þessu samtali.

„Jeg veit eiginlega ekki, hvað þið eruð að tala um“, sagði lafði Scardale.

„Og jeg ekki heldur, það veit hamingjan!“ sagði Raven. „Þið eruð komin langt fram fyrir mig. Þið hafið skapað ykkur allskonar kenningar og skýringar viðvíkjandi þessum Jafet Bland, sem þið hvorugt ykkar hafið sjeð nykkurn tíma á æfinni.“

„Prófessor Bostock og jeg höfum hina sjaldgæfu ímyndunar-gáfu“, sagði Fidelia.

„Hamingjan veit, að þið hafið hana“, sagði Raven. „Þið hafið verið að tala um þennan Jafet Bland, eða hver árinu sem hann nú heitir, eins og þið bæði hefðuð þekkt hann frá barnsæsku.“

„Er annars nokkur slíkur maður til í raun og veru“, sagði lafði Scardale, og efasemd lýsti sjer í orðum hennar.

„Ó, já“, sagði Fidelia mjög einbeittlega, og leit um leið fast á Bostock.

„En Fidelia, góða mín, hvernig vitið þjer það?“ sagði lafði Scardale.

„Maður kemst að ýmsum hlutum“, svaraði Fidelia mjög stillilega. „Djer ættuð að muna að Mr.

Aspen sagði okkur, að Set Chickering var sannfærður um, að þessi Jafet Bland væri til, og að Ratt Gundy áleit það líka“.

„Jeg kærir mig ekki mikið um þennan Jafet Bland“, sagði Raven hlējandi. „Hann getur ekki minnkað okkar hlut af auðnum mjög mikið, Miss Locke, jafnvel þó hann kæmi í leitirnar á hæfilegum tíma; auðurinn er nógur handa honum og okkur líka. Jeg er miklu meira að hugsa um rauðskeggjaða manninn, því það er ekki ólíklegt að við lendum í glímu eitt af þessum dimmu haust-kveldum“.

„Álitið þjer, Mr. Bostock að þessi rauðskeggjaði maður sje til í raun og veru“, spurði Fidelia.

„Auðvitað“, svaraði Bostock. „Jeg hef sjöð hann optar en einu sinni“.

„Dað er ekki það, sem jeg átti við“, sagði Fidelia. „Jeg meinti, hvort þjer álituð, að hann væri það, sem hann sýndist vera, eða hvort að, eins og Raven kaptéinn gaf í skyn, skeggið myndi losna við hann, ef að sterkur maður næði í það?“

„Jeg veit ekki“, sagði Bostock ólúndarlega. „Jeg hef ekki haft tækifæri til að reyna það. Hann virtist ætíð hafa sterka tilhneigingu til að hafa sig burt sem fyrst“.

„Jæja“, sagði Fidelia polinmóðlega, „jeg býst við að þetta komi í ljós á sínum tíma. Við verðum bara að bíða“.

„Við getum líka beðið“, sagði Bostock.

„Við verðum að bíða, það veit hamingjan“, sagði Raven kaptéinn.

Allt í einu sagði Fidelia:—„Mr. Bostock, viljið þjer reyna yður við mig um stund með skilmingasverði? Jeg held að það sje ekki til mikils, að vera að hugsa um þennan Jafet Bland og manninn með rauða skeggið, rjett sem stendur.“

„Mjer er sönn ánægja í því“, sagði Bostock, og augu hans tindruðu um leið og hann fór að búa sig undir einvígið.

Arnjotur B. Olsen

XXVI. KAPÍTULI.

HVER VINNUR?

Raven kapteinn sat hjá lafði Scardale og horfði á skilmingarnar um stund. Fidelia var, eins og áður hefur verið skýrt frá, ljómandi fim að skilmast, og Raven þótti vænt um Fidelíu og þótti gaman að sjá hana skara fram úr öðrum. En hann tafði ekki lengi til að horfa á leikinn. Hann vissi að það var kemið undir þann tíma, sem Lydia var vön að fara af skólanum og halda heim til Mrs. Borringer, móður sinnar, og eptir því hafði hann verið að bíða allan daginn. Hann stóð því brátt á fætur og sagðist verða að fara. Fidelia gaf því Bostock bendingu með skilmingasverðinu og gekk yfir til Ravens, til að kveðja hann. Henni þótti vænt um Raven, af því henni þótti vænt um Lydfu, og hún vissi mjög vel, að Lydfu þótti vænt um Raven. Hún var fjót að sjá menn út, og hún var viss um það með sjálfri

Bostock, viljið
 þú skilminga-
 kils, að vera
 þanninn með

Bostock, og
 að búa sig

hon

e og horfði
 eins og áð-
 skilmast, og
 gaman að
 tafði ekki
 að það var
 þón að fara
 nger, móð-
 þiða allan
 og sagðist
 bendingu
 Ravens, til
 Raven, af
 vissi mjög
 a var fjót
 með sjálfri

sjer frá upphafi, að Raven elskaði Lydfu einlæglega og fólksvalaust, og henni þótti vænt um hann fyrir það og fyrirgef honum þess vegna hin ýmsu brek, sem gefið var í skyn að hann hefði gert sig sekan í á yngri árum sínum. Hann hafði ekki breyzt hið minnsta við það, að hann átti í vændum að verða ríkur maður, og fyrir það þótti henni líka vænt um hann. Hún kvaddi hann því alúðlega með handabandi.

Lafði Scardale var í salnum dálitla stund eptir að Raven fór, en þá fór hún til að sinna einhverjum störfum, er snertu skólann. Á meðan hún var í salnum, hjelt Fidelia áfram að skilmast þolinmóðlega og einbeittlega, en áhugalítið. En þegar lafði Scardale fór, varp hún öndinni eins og einhverju fargi ljetti af henni og sagðist vilja hætta æfingunni.

„Djer virðist ekki hafa hugan á skilmingunum í dag“, sagði Bostock alvarlega.

„Jeg var ekki að hugsa um skilmingar, Mr. Bostock“, sagði hún.

„Jeg sá það glögg“, sagði Bostock.

„Já, jeg hafði hugann við allt annað“, sagði Fidelia.

„Má jeg spyrja hvað það var?“ sagði Bostock, ljæt sverðið síga og beið lotningarfallur eptir svari.

„Við höfum þegar háð dálftinn skilminga-leik, eða er ekki svo?“ sagði Fidelia.

„Jeg býst við að svo sje“, sagði Bostock kaldranalega.

„Vitið þjer það ekki fyrir víst? Getið þjer verið i minnsta vafa um það?“ sagði Fidelia.

„Nei—ekki í minnsta vafa“ sagði Bostock.
„Djer haldið, Miss Locke, að þjer hafið gert einhverja mikilvæga uppgötvun mjer viðvíkjandi?“

„Held? Nei. Jeg held ekkert um það—jeg veit það“, sagði Fidelia.

„Og uppgötvun yðar er——?“ spurði Bostock.

„Eins og þjer vitið það ekki! Uppgötvun mín er, að þjer eruð ekki prófessor Bostock——“

„Jeg sagði yður hreint og beint um daginn, að jeg væri ekki sá, sem jeg ljetist vera“, sagði hann.

„Já; en þjer sögðud mjer ekki hver þjer væruð. Dvi prátt fyrir alla ástajátning yðar, pá báruð þjer þó ekki svo mikið traust til mín, að þjer tryðuð mjer fyrir svo miklu. Djer ljetuð mig hafa fyrir að uppgötva það sjálf. Gott og vel; jeg hef uppgötvað það, og er ekki í neinni þakklætis-skuld við yður fyrir að gera mig að trúnaðarmanni yðar. Það hefði verið betra fyrir yður að trúa mjer fyrir öllu saman, eða pá alls engu. Mr—Bostock! Djer að eins vöktuð forvitni mína, í stað þess að skjóta máli yðar undir drönglyndi mitt. Jeg býst við, að þjer þekkið ekki kvænnfólk mikið“.

„Það er satt“, svaraði Bostock ólundarlega.
„Mjer hefur aldrei þótt mjög vænt um kvænnfólk. Mjer hefur að eins þótt vænt um eina konu á æfi minni——“

„Ó, já, jeg veit það—um mig náttúrlega“, sagði Fidelia með fyrirlitningu, sem hún gerði sjer far um að láta koma í ljós.

? Getið þjer
Fidelia.

sagði Bostock.
hafið gert ein-
svikjandi?“

um það—jæg

urði Bostock.

Uppgötvun mín
k——“

m daginn, að

, sagði hann.

er þjer væruð.

Þá báruð þjer

er tryðuð mjer

fyrir að upp-

hef uppgötvað

kuld við yður

ar. Það hefði

er öllu saman,

Þjer að eins

ótta máli yðar

að þjer þekkið

ólundarlega.

um kvennfólk.

na konu á æfi

náttúrlega“,

n hún gerði

„Já, um yður, náttúrlega“, svaraði hann og bældi niður geðshræringu sína. „Um yður, náttúrlega. Jeg hef elskað yður frá þeim degi, að jeg sá yður í fyrsta skipti“.

„En þjer vilduð ekki þera traust til mín, Mr—Jafet Bland?“

Dökkva andlitið hans varð sótrautt um eitt augnablik, þegar hann heyrði nafnið. Hún starði fast á hann með tindrandi augum. Hún lagði alla sálar-krapta sína fram til, að yfirbuga hann—að temja hann, fá vald yfir honum, og komast að leyndarmáli hans, hvað svo sem það væri.

„Hvernig fór yður að detta í hug, að jeg sje Jafet Bland?“ sagði Bostock.

„Hvernig? Hvernig fer maður að fá hinn rjetta innblástur? Af því ímynda jeg mjer, að slkur innblástur er veittur manni af æðra valdi, sem gerir það til góðs. Jeg veit, að þjer eruð Jafet Bland. Segið að þjer sjeuð það ekki, ef þjer þorið“.

„Jeg er Jafet Bland“, sagði Bostock. „Jeg ætlaði mjer að segja yður allt, fyr eða síðar“.

„Ef þjer hefðuð þekkt kvennfólk hið allra minnsta, þá munduð þjer hafa sagt mjer það fyr, en ekki síðar“, sagði Fidelia. „Þjer hafið ekki sagt mjer neitt. Jeg hef getið mjer alltsaman þetta til, og dregið það allt út úr yður. Jeg hef sigrað yður í þessum skilminga-leik, prófessor Bostock“.

„Það hafið þjer gert“, sagði hann. „Þjer munduð sigrað mig í hverju sem væri. Jeg elska yður

of mjkið—jég er þræll yðar. Hvað ætlið þjer yður að gera við mig?“

„Jég ætla mjer fyrst af öllu að uppgötva allt um hagi yðar“, sagði Fidelia.

„Allt um hagi mína?“ sagði Bostock.

„Já, uppgötva hvers vegna þjer eruð að leika þenna leik—hvers vegna þjer hafið tekið yður rangt nafn—hvers vegna þjer komuð ekki fram og kröfð. ust yðar hluta af þessum vesælu peningum—hvað þjer meinið með öllum þessum hlægilega grimuleik“, sagði Fidelia.

„Fyrst og fremst vegna þess, að jég elska yður“, sagði Bostock.

„Djer hafið sagt mjer það áður“, sagði Fidelia.

„Hvað kemur þessi uppgerðar-ást“—hún átti mjög erfitt með að koma orðinu út, „ást á mjer—“

„Uppgerðar-ást?“ endartók Bostock. „Djer trúið því; þjer vitið, að það er sönn ást, en engin uppgerðar-ást“.

Hún herti áþtur upp hugan og náði valdi yfir sjálfri sjer.

„Jæja, látum það svo vera“, sagði hún. „En, setjum svo, að þjer—í raun og veru—elskið—mig, hvaða gagn getið þjer gert mjer með því, að halda áfram þessum sjónleik? Djer verðið að koma fram sem Jafet Bland að lokum.“

„Það er alveg vafalaust. Jég mun koma fram sem Jafet Bland, þegar jég er í færum að sýna, að Jafet Bland hafi haft fullkomna ástæðu til að taka þá

ad ætlið þjer yður

ad uppgötva allt

Bostock.

þjer eruð ad leika

þ tekið yður rangt

þ ki fram og kröfð.

þ peningum—hvað

þ hlægilega grímu-

þ ad jeg elska yður“,

þ r“, sagði Fidelia.

þ —hún átti mjög

þ á mjer—“

þ Bostock. „Djer

þ nn ást, en engin

þ og náði valdi yfir

þ sagði hún. „En,

þ eru—elskið—mig,

þ með því, ad halda

þ þið ad koma fram

þ mun koma fram

þ rum ad sýna, ad

þ æðu til ad taka þá

stefnu sem hann tók. Jeg hef haft vissan tilgang með öllu, sem jeg hef gert, og sá dagur mun koma ad þjer og allur heimurinn mun viðurkenna, ad jeg hafi gert það sem rjettast var“.

„Getið þjer sagt mjer hver tilgangurinn var?“ spurði hún alveg róleg.

„Ó, þæja; jeg get trúad yður fyrr öllum hlutum“, sagði Bostock. „Jeg setti mjer háleitt takmark—Fidelia. Dað ad minnsta kosti mun mæla með mjer við yður“.

„Gerið svo vel ad láta vera ad kalla mig Fidelia“, sagði hún með einskonar hrylling, sem henni samt sem áður tókst brátt ad yfirbuga, því hún vildi ad hann skildi heldur orð hennar sem látalæti, en sem vott um hreinan viðbjóð.

„Jeg skal gera allt, sem þjer segið mjer ad gera, Miss Locke“, sagði hann auðmjúkur; „en það veitir mjer ánægju ad nefna nafn yðar“.

„Nefnið þjer það þá með sjálfum yður, eins-ega“, svaraði hún. „Jeg get ekki bannað það. En segið þjer mjer nú hvað er þetta háleita takmark yðar, sem þjer segið ad muni mæla með yður við mig?“

„Já, það mun mæla með mjer við yður; það er ad háleita takmark, ad koma fram hefnd á hendur orðingjum föður míns“, sagði Bostock.

Fideliu varð hverft við, og einhver ógledilífinning gekk í gegnum hana. Henni fannst sem þöggvast eins og það ætlaði ad líða yfir sig, eins og

hjartað sjálft sætlaði að stanza. Hjer kom innblástur hjarta sjálfrar hennar fram. Hún hafði fastráðið, á fórnfæra öllu—ást sinni, unnusta sínum og öllu öðru—á altari þessarar vassælu hefndar á morðingja föður hennar, og hjer er nú þessi maður, sem hún er að reyna að fara í kringum, og sem hún álitur, eða minnsta kosti grunar um að vera sekan í hinu svörtustu glæpum, frammi fyrir henni og skýrir henni frá, að hið aðallega knýjandi augnamið hans sje, á koma fram hefnd á hendur morðingjum föður hennar. Skap hennar myktist eitt augnablik gagnvart henni um, og harðnaði ef til vill um leið gagnvart henni sjálfri.

„Já“, sagði hún, „jög sje að við höfum siglt um tíma á sama bát. Þjer hafði verið að reyna að uppgötva morðingja föður yðar; jög hef verið að reyna að uppgötva morðingja föður míns“.

„Jeg veit hver myrti föður yðar“, sagði Bostock.

„Þjer vitið það? Segið þjer mjer hver hann er?“ sagði Fidelia.

„Vitið þjer það ekki?“ spurði Bostock.

„Það getur verið að mig gruni það“, sagði Fidelia. „Segið þjer mjer það stjót“.

„Ratt Gundy er maðurinn, sem drap föður yðar“, sagði Bostock.

„Jeg áleit að svo væri“, sagði Fidelia. „Hver er Ratt Gundy, og hvar er hann?“

Þessi spurning var afar-mikilsverð fyrir Fidelia. Ef þessi Jafet Bland vissi í raun og veru hver Ratt

Hjer kom innblástur Gundy var, þá mundu allar kringumstæður viðvíkjandi skilminga-leik þeirra breytast. Ef þessi maður vissi, að Ratt Gundy væri hinn heitt elskaði mágur lafði Scardale, þá yrði sannarlega erfitt að segja fyrir, hve mikilli eynd og armæðu hann gæti komið til stað.

Svarið kom hjá honum eptir augnabliks-þögn og þungt andartak.

„Jeg veit það ekki“, sagði Bostock. „Það er minn eini þráður í allri sögunni, sem mjer hefur ekki tekið að festa hendur á. En jeg skal klófesta hann þó áður en lýkur“.

Fidelia dró nú langan, þungan andardrátt, ljettandi og svalandi andardrátt. Hún óttaðist Bostock ekki hið allra minnsta, ef hann vissi þetta ekki.

„Álftið þjer“, sagði hún, „að þessi maður, þessi Ratt Gundy, hafi myrt Set Chickering, og sje höfundur Árásarinnar á Mr. Aspen?“

„Jeg ált, að Ratt Gundy sje höfundur og vatamaður að því öllu saman. Jeg ált, að hann hafi farið til Suður-Ameríku í þeim tilgangi að vera ekki viðstaddur, þegar ráðstafanirnar voru gerðar viðvíkjandi þesum demantanáma-málum, þrátt fyrir að þótt hann sjálfur í upphafi stingi uppá, að ráðstafanirnar yrðu gerðar“.

„Hvernig vitið þjer það“, spurði Fidella.

„Faðir minn sagði mjer það—faðir minn skrifði mjer það“, sagði hann í lágum, djúfum róm, og hann bæri lotningu fyrir nafni og miðningu“.

föður síns. Hljómurinn í rödd hans snerti tilfinningar Fidelíu. Dað lá einskonar einlægni í röddinni. Gat ekki verið, að maður þessi bæri í brjósti einlæga lotningu fyrir föður sínum eptir allt saman? Allir höfðu sagt Fidelíu frá ágirnd, samvizkuleysi og illmennsku föður hans; en gat ekki skeð, að hann hefði samt sem áður verið allt annar maður í augum sonar hans? Gat ekki verið að sonurinn hefði myndað sjér háleita skoðan um föðurinn, er hann hafði ekki sjóð í svo mörg ár? Hjarta Fidelíu myktist talvert gagnvart Bland.

„Jæja“, sagði hún pyðlega, „faðir yðar sagði yður, að þessi maður, Ratt Gundy, væri maðurinn, sem stungið hefði uppá þessari undarlegu skipting á þessum aumu peningum. Hvaða ályktan dragið þjer af því?“

„Að eins þessa ályktan: að sjerhver sá, sem rutt væri úr vegi eða dæi, án þess að láta eptir sig erfingja, eptirgjafi hinum sameiginlega sjóði sinn hluta af fjenu“.

„Já, já, jeg veit það; jeg hef heyrt allt um það; jeg er orðin dauð-leið á að heyra það“, sagði Fidelía. „Jæja, haldið þjer áfram“.

„En það væri pyðingarlaust fyrir mig, að halda áfram“, sagði Bostock í bænarróm, „nema jeg væri viss um, að yður væri þetta allt kunnugt“.

„Ó, en jeg vissi náttúrulega allt þetta“, sagði Fidelía. „Hvernig gat yður dottið í hug, að mjer hefði verið unnt að komast hjá að heyra þetta margtuggið upp?“

„Jæja, þjer vitið það. Við vitum með vissu, að Gundy stakk uppá þessu fyrirkomulagi, og rauk síðan til Suður-Ameríku. Þegar hann stakk uppá þessari aðferð, hlýtur hann að hafa haft eitthvert augnamið með því!“

„Já, og þjer áltíð að augnamiðið hafi verið—“, sagði Fidelia.

„Nú, náttúrlega að ryðja einhverjum af erfingjunum úr vegi, og hafa svo þess meiri peninga upplæð til að skipta á milli þeirra erfingjanna, er eptir veru á lífi“, sagði Bostock.

„Ó, þjer áltíð að það hafi verið tilgangurinn?“ sagði Fidelia.

„Getur nokkur hlutur verið líklegri“, spurði Bostock.

„Það er komið undir manningum, sem hlut á að máli“, sagði Fidelia. Hún vildi ekki að hann áltíð að hún væri vantrúuð í þessu efni. Það hefði ekki verið í samræmi við skilminga-leik hennar.

„Jeg ált“, sagði Bostock, „að maður þessi sje stakasta hryðjumenni og afhrak“.

„Ef svo er“, sagði Fidelia, „þá verður kenning þyður auðvitað mikið sennilegri. Jæja, haldið þjer áfram“.

„Eptir að Gundy hafði komið fram með uppásetninguna um fyrirkomulagið á ráðstöfun fjárins, þá rauk hann til Suður-Ameríku, til þess að vera hvergi nálægur. Því næst skytur honum all í einu upp í London, einmitt sama kveldið og Set Chickering

fannst myrtur. Hann stóð hjá líki hins myrta manns. Dað var hann sjálfur, sem gerði lögreglulíðinu aðvart um morðið.“

„Er líklegt, að morðingi gerði slíkt“, spurði Fidelia.

„Já, það mundi hann sjálfsagt gera—slíkur morðingi—morðingi, sem hefði tekið sjer fyrir hendur að koma fram yfirlögðu áformi“, sagði Bostock. „Dað er einmitt það, sem hann mundi gera—hinn beinasti vegur sem unnt væri að fara til þess, að leiða grun manna burt frá sjálfum sjer“.

„En hann var grunaður, þessi Ratt Gundy, var hann það ekki?“ spurði Fidelia.

„Hann var grunaður; en það varð ekkert úr þeim grun, allt vegna þess að það var hann sjálfur, sem gerði lögreglulíðinu aðvart um morð. Hann hefði verið settur í varðhald, ef hann hefði ekki gert það; hann hefði verið dreginn fyrir lög og dóm, ef hann hefði ekki gert það; og hann hefði orðið sannur að sök og hengdur, ef hann hefði ekki gert það“. Ákóf geðshræring skein út úr augum Blands um leið og hann sagði þetta. Fidelia tók eptir því, og hún mundi eptir hvað opt henni hafði dottið í hug, þó nokkuð óljóalega, að hið sviplausa augnaráð prófessor Bostocks kæmi af því, að hann bældi niður með valdi og ásettu ráði eld þann, er að öðrum kosti mundi hafa brunnið úr augum hans.

„Þetta er voðalegt“, sagði Fidelia; og hún fann í sannleika æ meira og meira til þess, hve voðalegt

ins myrta manns.
ögreglulíðinu að.

ði slíkt“, spurði

agt gera—slíkur
þ sjer fyrir hend-
sagði Bostock.
undi gera—hinn
ara til þess, að
jer“.

Ratt Gundy, var

varð ekkert úr
ar hann sjálfur,
m morð. Hann
n hefði ekki gert
ög og dóm, ef
efði orðið sannur
ekki gert það“.
rum Blands um
skæptir því, og
ði dottið í hug,
a augnaráð pró-
nn bældi niður
e að öðrum kosti

ia; og hún fann
, hve voðalegt

allt þetta var. „Haldið þjer áfram, Mr.—Bland“.

„Því næst kom árásin á Mr. Aspen—sem gerð
var að sjálfum mjer ásjaandi, af sama manningum og
drap Set Chickering. Er ekki augskýnilegt, að hjer
er að ræða um ákveðinn ásetning að ryðja sumum
af erfingjunum að auðnum úr vegi í þeim tilgangi
að auðga hina erfingjana?“

„En Mr. Bland, þetta gæti átt við mig—og
yður“, sagði Fidelia.

Það syrti yfir honum um leið og hann spurði:

„Hvernig gæti það átt við yður—og mig?“

„Af því að okkar hluti eykst ef erfingjarnir
fækka“, svaraði Fidelia.

„Ó“, sagði hann og brosti leiðinlega, „en okkur
er ekki dreift við ákærur um morð, eins og á sjer
stað með þennan mann, Ratt Gundy. Jeg hef sagt
yður, að hann er morðingi föður yðar; jeg veit að
hann lagði ráðin til að myrða föður minn.“

„Segið mjer meira“, sagði hún stillilega.

„Jeg hef ekkert meira að segja yður—að svo
stöðdu“, sagði Bland. „En jeg þori að segja, að
jeg hef meira að segja yður áður en langt um líður.
Hönd morðingjans mun ekki láta staðar numið eins
og stendur“.

„Nei, jeg er viss um það“, sagði Fidelia ein-
beittlega, „en það er ekki búíð að segja allt—þjer
getið sagt meira. Jeg veit enn ekki því þjer breytt-
að nafni yðar, og breyttuð yður í skilminga-kennara
við mennin yfar-skólan—stúlkna-skólan, eins og þjer

sjálfur kölluðu hann hjer um daginn, þegar þjer fyrst tóluðu um allt þetta við mig.“

„Getið þjer ekki gízkað á það—vitið þjer það ekki?“ spurði hann með ákefð. „Það var sakir ástar minnar á yður. Faðir minn skrifaði mjer hvað eptir annað, og sagði mjer alla grunsemd sína. Hann sagði mjer, að hann ætti bitra fjandmenn þar ytra. Hann skrifaði mjer rjett áður en hann var myrtur, þegar hann vissi að það átti að myrða hann. Hann sagði mjer, að föður yðar, og hvernig Ratt Gundy drap hann.“

„Geríð svo vel og minnist ekki á það“, sagði Fidelia.

„Jæja, hann sagði mjer frá yður, dóttur og erfingja hins myrta manns—hann beið einmitt sjálfur eptir að verða myrtur—og bað mig að leita að yður, finna yður og sjá um, að yður yrði ekkert mein gert. Jeg fór þegar að spyrja mig fyrir um yður, og mjer tókst auðveldlega að komast að öllu, er yður snerti; jeg sá yður og varð ástfanginn af yður; það er öll sagan! Jeg komst að því, að lafði Scardale vantaði skilminga-kennara, og sá hlutur, sem lætur mjer best í heiminum, er að skilmast. Jeg bauð mig fram sem kennara og settist hjer að, og því meir sem jeg kynntist yður, því innilegar elskaði jeg yður. Hvers vegna er jeg hjer? Til þess að halda verndarhendi yfir yður; til þess að sjá um, að yður sje ekkert mein gert! Höndin sem drap Set Chickering, og sem reyndi að drepa Gerald Aspen—og

inn, þegar þjer
“

—vitið þjer það
að var sakir ástar
i mjer hvað eptir
md sína. Hann
menn þar ytra.
ann var myrtur,
að myrða hann.
; og hvernig

á það“; sagði

r, dóttur og erf-
einmitt sjálfur
að leita að yður,
kkert mein gert.
a yður, og mjer
er yður snerti;
ður; það er öll
Scardale vantaði
sem lætur mjer
Jeg bauð mig
ð, og því meir
gar elskaði jeg
il þess að halda
á um, að yður
drap Set Chick-
rald Aspen—og

mun drepa hann enn“—bætti hann við æðislega—
„sú hönd mun ekki hlífa yður. Milli yðar og þeir-
ar handar stend jeg. Jeg vernda yður á meðan jeg
lifi. Þegar allt svikabruggið kemst upp, og morð-
inginn er kominn í hendur rjettvísinnar, þá dreg jeg
mig í hlje. Jeg óska ekki neinna launa af
yðar hendi. Jeg elska yður. Jeg skal glaður láta
lífð fyrir yður—með miklu meiri ánægju skal jeg
þjarga yður; en þif mitt er yðar eign. Nú þekkið
þjer alla sögu mína. Hún byrjaði með því áformi,
að koma fram hefnd á hendur morðingjum föður
míns; hún endar með þeim ásetningi, að frelsa yður
úr hættu og rjettlæta ást mína á yður, já, jafnvel
þótt mjer ekki auðnist að ná ást yðar“.

Það lýsti sjer slík mælska hjá manningum, að
það gat ekki annað en haft áhrif á Fídeliu. Hún
fann til óákveðins ótta á meðan hann var að tala.
Var hann einlægur? Var hann vitlaus? Var hann
í raun og veru ástfanginn af henni? Ef hann var
það, hvernig átti hún þá að losast við hann? Hún
hafði leitt hann svona langt í vissu augnamiði;
hvernig átti hún nú að fara að því að hrista hann af
sjer aptur? Hún óskaði nú einlæglega, að hún hefði
ekki farið út í þennan andstyggilega skilminga-
leik.“

„Þeyrið þjer nú“, sagði Bostock, „þjer eruð
hugrökk og gáfud stúlka, og þjer hatid og fyrirlit þ
allt hið hversdagslega, eiamitt eins og jeg geri.
Sæðið þjer til: Allt frá æskuárum mínum hef jeg

hatað og fyrirletið allt hið hversdagslega, hjá körlum og konum og í lífinu í heild sinni! Það er nú ein ástæðan fyrir því, að mjer þótti gaman að leika þennan skilminga-kennara leik við þenna kvenna-skóla; allan þann tíma var mjer kunnugt um, að jeg átti mikinn auð í vændum, og allan þann tíma vissi jeg, að jeg var ástfanginn af *yður*. Hamingjan góða, hvað jeg hafði gaman af þessu! Jeg ljek þenna leik—ljek jeg hann ekki vel?—ljek þrúðan og auðmjúkan kennara fyrir þessum stúlkum; og allan þenna tíma brann hjarta mitt af hefnd og ást—ást—ást!—og meðvitundinni um komandi auðæfi! Ó, jeg hafði mesta yndi af því öllu saman“.

Fidelía tók að verða talsvert smeik við anda þann, sem hún hafði sært upp; hún fór jafnvel að efast um, að maðurinn væri með öllu viti. Eún tók jafnvel að efast um, hvort hann væri nú í raun og veru Jafet Bland. Hún vissi, að æfulega þegar eitthvert sjerlega svívirðilegt morð er framið, þá fer einhver maður, sem er algerlega saklaus að öðru en því, að hann hefur fengið sjer dálítið í staupinu og nefur veiklaða skapsmuni, á næstu lögreglu-stöðvar og segist hafa framið morðið. Var ekki mögulegt að orð Fidelíu sjálfar—hennar eigin yfirlýsing um að hún hefði uppgötvað að þessi maður væri Jafet Bland—hefðu komið því inn í ruglaða heilann í honum að trúá því, að hann væri Jafet Bland? Hún ásetti sjer að komast að því strax. Hún hjelt sjer ákaflega vel í stilli, þótt Áreynslan á taugar hennar og sál væri vöðaleg.

„Jeg býst við, að þjer hafði brjefin frá föður þar?“ sagði hún stillilega.

„Já, hvert einasta“, svaraði hann. „Jeg ber eitt þeirra ætíð á mjer. Jeg elska föður minn; við elskuðum hvor annan. Dað getur verið, að hann haf verið öðrum vondur—hvað veit jeg um það? og hvað kæri jeg mig um það? Hann var mjer ætíð góður“.

„Fidelía varð aptur dálítið hrædd. Hafði hún ekki líka sjálf alltaf hugsað þannig um föður sinn? Þegar einhver hafði látið í veðri vaka, að föður hennar hefði að nokkru leyti verið að kenna hvernig fór, hafði hún þá ekki ætíð látið í ljósi þykkju og fyrirliitning?“

„Gæti jeg fengið að sjá eitt af brjefunum hans?“ sagði hún blíðlega.

„Gætuð þjer fengið að sjá eitt af brjefunum hans?“ sagði hann. „Já, vissulega, þjer skuluð fá að sjá allt, sem þjer óskið eptir að sjá. Hjerna“, sagði hann og leitaði fljótlega í brjóstvasa sínum, „hjer er brjefið, sem jeg alltaf ber á mjer. Dað er biblían mín; jeg skil það aldrei við mig; það heldur mjer föstum við áform mitt—það brýnir eggina á hefnd minni. Jeg skal láta leggja það í líkkistuna mína þegar jeg dey—ef jeg verð nokkurn tíma grafinn“, sagði hann og hló æðislega. „Þessi maður—faðir minn—fór út á öræfi til að safna auð handa mjer, og þjer getið verið viss um, að jeg ætla ekki að gleyma því“.

Eigin hugsanir Fidelíu voru hjer aptur settar fram með orðum. Hve opt hafði hún ekki sagt við lafði Scardale, að Locke kaptéinn hefði farið út á öræfi að eins til að safna auð handa henni!

„Hjerna er brjefið“, sagði Bland. „Lesið það; jeg skal gefa yður eptirrit af því, ef þjer viljið“.

Dað var ekki brjefið, sem áður hefur verið getið um og útskýrt. Detta brjef var eldra, og lofaði höfundurinn í því að gera Jafet Bland ríkan, þrátt fyrir alla erfiðleika og alla fjandmenn. Fidelía las brjefið og kostaði það hana afar-mikla áreynslu að sýnast fullkomlega róleg meðan á lestrinum stóð. Dað hafði voðaleg áhrif á hana. Ósigrandi hatur, og—því verður ekki neitað—óslökkvandi ást—tryllingsleg, eigingjörn ást—ást dýrsins til afkvæmis síns, samvirkulaus hefndar-ásetningur—gersamlegt samvirkuleysi hvað meðölin snerti—allt þetta voru einkennin á eðli mannsins, eptir því sem kom í ljós í þessu ófagra brjefi. Einni spurning var nú fullkomlega svarað. Prófessor Bostock var sonur Nóa Blands—var Jafet Bland. En við lestur brjefsins, með ást þess og hatri, flaug henni önnur spurning hug. Hvernig færi, ef þessi Jafet Bland—maðurinn sem nú var að biðja hennar—hvert sem hann nú væri vitskertur eða með öllu viti, væri hvatamaður að morðum þeim, sem þegar hefðu verið framin eða til stæði að fremja? Fidelía efaðist ekki um, að fleiri morð-tilraunir væru enn í vændum. Hvernig get hún komið í veg fyrir þær? Dað var spurningin

sem, jafnvel á meðan hún var að reyna að festa ljóslega í minni snu innihaldið úr brjefum Nóa Blands, flaug í gegnum heila hennar. Hún fjekk syni Nóa Blands aptur brjefið án þess að segja eitt orð.

„Heyrið þjer“, sagði hann, „það er margt sameiginlegt með okkur—“

Fideliu varð sjáanlega hverft við.

„Já—því er svo varið“, hjelt huna áfram. „Djer byrjuðuð með hefnd—jég byrjaði með hefnd; þjer fyrirlítið hversdagslega karla og konur—og það geri jeg líka. Látum okkur ganga í bandalag, fyrst og fremst í þeim tilgangi að koma fram hefnd og njóta stöðna sigursiis! Við verðum rík—þjer og jeg. Djer eruð kona metnaðargjörn og gáfuð, og jeg—þjæja, jeg hef nóga metnaðar-girnd, og, jeg vona, dálitla hæfileika líka. Jeg hef ætíð girnst að mikið bæri á mjer í heiminum. Jeg hef ætíð ásett mjer að gera fjandmenn mína að fótaskör minni. Jeg hef ætíð haft þá trú, að jeg hlyti að verða ríkur; hjálpið mjer nú til að koma fram hefnd og láta bera á mjer í heiminum“.

„Jeg er ekki metnaðargjörn“, sagði Fidelia alvarleg. „Mig langar til að verða farsæl og gera eitt-hvað gott—það er allt og sumt“.

„Nei, nei“, hrópaði hann. „Djer eruð metnaðargjörn. Haldið þjer að jeg sje blindur? Haldið þjer að jeg geti ekki sjed það í augum yðar? Og yður langar til að koma fram hefnd—jég veit það. Heyrið þjer nú, sláist í för með mjer, og við skulum troða heiminn undir fótum vorum“.

„Djor hafid sagt mjer“, sagði Fidelia djarflega, „að þjer—jæja—að þjer elskuðuð mig“. Látbragð hans lysti ópolinmæði. „En þjer hafid aldrei spurt mig um það“, hjelt hún áfram, „allan þennan tíma, hvort mjer gæti—þótt vænt um yður.“

„Jeg veit að þjer elskið mig ekki sem stendur“, sagði hann. „Og hvernig ættuð þjer að geta það? Jeg hef ætíð sjeð yður í yðar sönnu mynd; þjer hafid að eins sjeð mig í dulklæðum vesæls skilm- inga-kennara í kvennaskóla. En yður gæti farið að þykja vænt um mig. Jeg hef dálitlar gáfur og nokkra þekkingu, og jeg hef aldrei hræðst nokkurn hlut, og jeg hef aldrei hogað á hæl fyrir nokkurn hlut. Jeg hef ekki þekkt konur mikið sjálfur, en jeg hef heyrt og lesið að það sje þess konar maður, sem hugrakkri konu gæti geðjast að. Ef þjer viljið taka mjer, þá ætla jeg að treysta á hamingju mína, og jeg skal ætíð vera yður trúr og aldrei hugsa um nokkra aðra konu en yður. Já, jeg veit jeg skyldi gera það; það er lundarlag mitt. Heyrið þjer, viljið þjer að minnsta kosti lofa, að hugsa um þetta mál“.

„Það er ómögulegt, Mr. Bland. Mjer yrði að þykja vænt um karlmann, áður en jeg gæti hugsað um nokkurn hlut viðvíkjandi honum“.

„Yður þykir þó ekki vænt um þenna mann, hann Granton?“ sagði hann reiðuglega, „þetta úr- þvætti höfðingja-stjettarinnar, þenna niðurlægða spjátrung, þetta afhrak og óþokka mannfjelagsins—

Fidelia djarflega,
mig“. Látbragð
afíð aldrei spurt
n þennan tíma,
r.“

„Ekki sem stendur“;
„þer að geta það?
önnu mynd; þjer
n vesæls {skilm-
ður gæti farið að
lálitlar gáfur og
hræðst nokkurn
l fyrir nokkurn
líkið sjálfur, eu
ss konar maður,
Ef þjer viljið
hamingju mína,
aldrei hugsa um
veit jeg skyldi
leyrið þjer, vilji-
hugsa um þetta

„Mjer yrði að
eg gæti hugsað
“.

„þennan penna mann,
lega, „þetta úr-
ana niðurlægða
annfjelagsins—

„Djer verðið að muna eptir því, Mr. Bland, að
Mr. Granton er mágur, og það mjög kær mágur,
bestu vinkonu minnar og velgerara“, sagði Fidelia.
„Jeg vil ekki heyra eitt einasta hnjóðyrði gegn
honum“.

„Gott og vel“, svaraði hann ólundarlega. „Jeg
hef enga löngun til að hnjóða í hann, og á meðan
hann er ekki í vegi fyrir mjer, er honum óhætt. En
þá er þessi hinn ungi náunginn, hann Aspen. Jeg
þori að segja að hann er ástfanginn af yður!“

„Jeg ætla mjer ekki að hlusta á meira af þessu“,
sagði Fidelia. „Jeg hef verið of polinmóð við yður;
en mjer þykir vænt um vini mína og dreg ætíð
þeirra taum, og jeg vil ekki hlusta á neinn þann
mann, er reynir að svívirða þá. Samræðu okkar er
lokið, Mr.—Bland.“

„Henni er ekki lokið“, sagði hann grimmilega.
„Djer sjáið hvernig jeg gat allan þenna tíma látist
vera auðmjúkur og þægur kennari, þrátt fyrir að
hjarta mitt og ásetningur er eins og þjer vitið. Jæja,
þjer hljótið því að sjá, að jeg er ekki auðveldlega
sleginn af laginu. Varið yður á því hvernig fer
fyrir uppáhalds-vinum yðar, ef þjer leyfið þeim að
koma í bága við mig.“ Það var nú ekkert svipleysi
að sjá í hinum tindrandi augum hans.

„Djer hafið ógnað mjer áður“, sagði hún, „og
það voru einmitt þessar ógnanir sem fyrst hjálpuðu
mjer til að uppgötva hver þjer eruð. Ímyndið þjer-
yður, að jeg sjái ekki veg til að vernda sjálfa mig og

vini mína? Setjum svo, að jeg fari nú beint til lafði Scardale og segi henni, að þjer sjeuð ekki skilminga-kennari, að nafn yðar sje ekki Bostock og að þjer sjeuð Jafet Bland í dularbúningi. Setjum svo, að jeg færi til hennar og segi henni það?“ Af ásettu ráði minntist hún ekki á annan og fskygglegri grun, sem hún hafði honum viðvikjandi; þó stúlka þessi væri í æstu og órölegu skapi, þá sá hún þó glöggt hvaða veg hún ætti að halda. Hún vissi, að hún mátti ekki sem stæði láta hann fá neinn grun um, að hún setti hann í huga sínum í nokkurt samband við morð Sets Chickering og árásina á Gerald Aspen. /

Hann brosti og sagði rólega:

„Djer getið ekki gert það.“

„Hvers vegna ekki? hvers vegna get jeg það ekki?“ sagði Fidelia.

„Vegna þess að jeg hef trúað yður fyrir sjálfum mjer; vegna þess að jeg jeg hef sýnt það, sem kalla mætti blint trúnaðartraust á yður—“

„Mjög blint,“ hrópaði hún með fyrirlitningu.

„Nei, ekki svo mjög blint,“ sagði hann. „Jeg þekkti konuna, sem jeg treysti. Því þrátt fyrir það, að jeg þekki konur mjög lítið, eins og þjer hafði sjálf sagt mjer optar en einu sinni, þá veit jeg hvaða konu maður má trúa fyrir leyndarmálum sínum. Jeg hef treyst yður, og þjer manuð ekki svíkja mig í tryggðum.“

„Hvers vegna ætti jeg að vera skyldug til að

varðveita leyndarmál, sem jeg hef sjálf uppgötvað?“ sagði hún. „Jeg sagði yður áður, að ef þjer hefðuð ætlað að treysta mjer, þá hefðuð þjer átt að byrja með því að treysta mjer. Jeg uppgötvaði hver þjer eruð. Hvað neyðir mig til að halda eigin uppgötv-an minni leyndri?“

„Hvað neyðir yður til þess?“ endurtók hann. „Það, sem neyðir yður til þess, er,—að þjer eruð þjer sjálf. Þjer hefðuð aldrei grætt neitt á ágizkun yðar, ef jeg hefði ekki gengist við, að hún væri á einhverjum rökum byggð. Jeg sagði yður hispurslaust allt um hagi mína, og eptir eigin ósk yðar sýndi jeg yður brjef föður míns. Nei; þjer getið ekki svikið mig hjeðan af. Sá tími mun bráðum koma, að jeg segi öllum heiminum sögu mína. En þangað til sá tími kemur veit jeg, að þjer munuð ekki svikja mig, og jeg mun sofa rólega. Þjer munuð hugsa um það, sem jeg hef verið að segja yður, og þjer munuð spyrja sjálfa yður, hvort þjer getið gert nokkuð betra en að ganga í samband við mig—“

Fidelíu varð hverft við og hryllingur fór um hana.

„Já, þjer munuð hugsa um það,“ sagði hann. „Vitið þjer það Fidelía—Miss Locke, meina jeg—að mig skyldi ekki undra, að jeg sje fyrirfram ákvarðaður að verða það, sem þeir kalla í skáldsögunum, forlög yðar?“

„Jeg ætla þjer að skapa mjer forlög mín sjálf,“ sagði Fidelia hátignarlega.

„Jæja. Í bráðina veit jeg, að þjer munuð varðveita leyndarmál mitt. Jeg get sagt yður eitt enn— þjer munuð ekki gleyma mjer. Þjer munuð ekki gleyma mjer alveg, hvorki nótt nje dag, Þjer munuð hugsa um mig og yður mun dreyma um mig—og það er mjer í hag.“

Skilminga-leikurinn var á enda, og Fidelia var ekki viss um, að hún hefði unnið. Í byrjuninni veitti henni vel, en var víst, að henni hefði gengið vel undir hið síðasta?

„Setjist þjer niður fáein augnablik“, sagði hann, „og lofið mjer að segja yður æfistögu mína, vonir mínar og lífs-drauma mína“.

Þau settust bæði niður. Þau höfðu opt áður sezt þannig niður á milli skilminga-atrenanna. Enginn, sem lítið hafði inn eða gengið frá hjá, hefði tekið eptir að nokkuð óvanalegt væri á ferðum.

Hann sat gagnvart henni, og það sást ekki á neinu að hann væri í nokkurri geðshræringu. Af því hann talaði svo ljettilega og stanzlaust, án þess að flyta sjer og án þess að hika sjer, þá hefði maður getað smyndað sjer, að hann væri vanalegur kennari, sem væri að halda ræðu um einhverjar viðurkenndar reglur eða setningar. Engin geðshræring sást nú í andliti hans, og hann sat rólega, nærri því skeytingarleysilega, í sæti sínu. Að eins augu hans lýstu nokkru óvanalegu fjöri, þar sem hann sat þarna.

horfði á andlit stúlkunnar með þessum sviplausa hita, sem olli henni óróleik á móti ósk hennar, á móti vilja hennar að vera ekki fróleg.

Hún var eins og í draumi, þar sem hún sat þarna og hlustaði á hann. Það sem hann hafði sagt henni af æfi sinni, ást sinni og ásetningi, tók á sig gervi og kom fram í huga hennar eins og kerfi af myndum, og garðurinn, með sínum grænu og gullnu litum, hinum síðasta skróða hins hverfandi sumars, virtist vera einskonar tjald á bak við myndirnar, sem komu fram í huga hennar. Henni hafði ekki einusinni geðjast að mannum; henni hafði meira að segja geðjast illa að honum, óttast hann og haft viðbjóð við honum; en samt sem áður fannst henni, þar sem hún hlustaði þarna á hann, að hann draga hana að sjer með einhverju afli, sem henni var ógeðfellt og hún hafði viðbjóð á, afli, sem líktist hinu hræðilega aðdráttarafli höggormanna.

Hann virtist ekki hafa hina minnstu meðvitund um áhrifin, sem hann hafði á hana. Ef hann var sjer þess meðvitandi á nokkurn hátt, þá geymdi hann það algerlega með sjálfum sjer, og ljét ekki í ljósi með neinu, sem hann sagði, nokkra löngun eða áform að hrifa ímyndunarafl hennar, eða nota sjer það. Ef hann hefði verið að segja henni sögu skilminga-listarinnar, þá hefði hann ef til vill synt meira fjör og áhuga með orðum sínum, reynt með meira lagi, en árangursminna, að draga athygli hennar að ræðu sinni.

En Fidelia hafði meiri ásetning með að sitja þarna polinmöðlega og hlusta á ræðu hans en Jafet Bland grunadi. Hún hafði ásett sjer að komast að öllum leyndarmálum þessa undarlega, dularfulla, geðriska, eigingjarna manns. Hún setti jafnvel ekki fyrir sig að leika með hann um stund—að þola að hann ljeti henni í ljósi aðdæan sína—til þess að ná þessu eina, mikla takmarki.

Hún áleit að ætorðagirnd hans, ást hans og allar aðrar vilfúsingar hans pyddu hættu fyrir Ger-ald, og hjarta hennar var fullt af löngun og ásetningi að vernda manninn, sem hún elskaði. Henni fannst, að því meira sem hún fengi að vita um hið sanna edli Blands, því betur mundi hún geta dæmt um hinn verulega ásetning hans, og þess betur mundi hún þess vegna geta varist vjelráðum hans.

Hún sat því þarna og hlustaði á ræðu hans, og lofadi honum að tala eins mikið og hann vildi. Hann var þegar farinn að telja sjálfum sjer trú um, að hann væri að vinna hana yfir á skoðanir sínar, að hann væri að fá hana algerlega á sitt mál, að honum hefði orðið mikið ágengt í þessu efni, að hann hefði úti loks komist svo langt, að hún vildi nú hlusta á það, sem hann hafði að segja, og hann þekkti kvennfólk svo mikið, að óhultasti vegurinn til hjarta þess liggur í flestum tilföllum í gegnum eyru þess.

Það var nú farið að kvölda, og ilmurinn frá garðinum, sem barst inn til þeirra gegnum opna gluggann, varð sætari en áður, en ekki einu takmarki.

Námsmeyjarnar voru að ganga um í hinum enda salsins. Fidelíu varð litð á skilminga-sverð, sem lá á gólfinu, og þá sagði hún eins og ekkert hefði fskorist:

„Jeg verð að fara, prófessor Bostock. Við höfum haft langa skilminga-æfingu í þetta skipti“.

Hann leit upp skyndilega, og ánægju-svipur breiddist yfir andlit hans. Hún hafði kallað hann prófessor Bostock, og talaði um skilminga-kennslu. Hvað þýddi það? Það þýddi eðlilega, að leyndlegt samkomulag væri komið á milli þeirra—að hún viðurkenndi, að nauðsynlegt væri að dylja leyndarmál hans—að hvað snerti þetta samkomulag þeirra, stæðu þau útaf fyrir sig og aðskilin frá öðru fólki. Þessi hugsun veitti hönun einskönar harðhjósulega ánægju. Ef hann hefði að eins vitað, hvað Fidelíu bjó í brjósti á þeirri stundu, þá mundi ánægja hans hafa verið miklu minni.

Svo skildu þau og sáu ekki aftur þetta kveld.

XXVII. KAPÍTULI.

ELSKENDUR.

Næsta morgun vaknaði Fidelía með sætri, sterkri sælu-tilfinningu. Hin fyrsta tilfinning hennar var eintóm sæla—yndisleg sæla. Hvers vegna var hún sæl, jafnvel þetta fyrsta, yndislega augna-

blik? Hún hafði sannarlega við mikið að stríða, og margt að óttast og vera óróleg útaf. Samkomulag það, er hún hafði látið leiðast út í við Jafet Bland, var í sjálfu sjer, nóg til þess að koma henni í vanda og gera hana skelkaða.

Hinn voðalegi grunur, sem hún hafði myndað sjer viðvíkj adi honum, og hinn fífdjarfi ásetningur hennar að uppgötva leyndarmál hans af eigin ramleik og án aðstoðar annara, hlýtur að hafa fyllt hana með tilfinningu um fjarskalega og nærri ópolandi ábyrgð. Allt þetta reis upp í huga hennar helst til fjótt, og kæfði, eins og ísköld regnskúr, hina björtu, hlýju sælutilfinning hennar.

En orsökkin til hinnar fyrstu og sælustu tilfinningar hennar var augljós. Hún átti að fá að sjá Gerald þenna dag, í fyrsta skipti eptir atburðinn á upphlaðna árbakkanum kveldið góða. Hún hafði aldrei farið með lafði Scardale, þegar hún fór á sjúkrahúsið til að vitja Aspens. Lafði Scardale vildi ekki heyra slíkt nefnt, og Fidelia, þótt hún væri ópolinmóð, samþykkti að bæla niður ópolinmæði sína og hafa síðvenjuna í heiðri, svo hún mætti lifa lengi í landinu. Denna morgun átti hann þá að heimsækja hana, og þau áttu nú að fá að sjást í fyrsta skipti eptir hinn langa, sára aðskilnað.

Hún átti að fá að sjá hann aptur. Hún hafði svo margt að segja honum. Hjarta hennar sló títt, fögnuður skein úr augum hennar. Ó! en þá kom þessi hugsun—Dað voru vissir blutir, sem hún mátti

ekki tala um við hann. Það fór hrollur í gegnum hana við þá hugsun, við meðvitundina um, að henni lægi nokkuð á hjarta, sem hún mætti ekki segja Gerald frá.

Fyrst var henni næst skapi, að ásaka sjálfa sig harðlega, að álasa sjálfri sjer sárlega fyrir það, að hún hefði leyft Bland að tala nokkuð við sig einslega, fyrir það, að hún hefði leyft honum að gera hana hluttakandi í leyndarmál hans, fyrir það, að hún hefði jafnvel eitt einasta augnablik hlustað á ástarjátning hans. Þar næst reyndi þessi veslingsstúlka, er var í elskum vanda stödd, að rjettlæta sig fyrir sjálfri sjer. Hvernig gat hún gert að grunsemd sinni. Og hafði hún ekki rjett til að reyna að komast að því, hvort grunsemdin væri á nokkrum rökum byggð eða ekki?

Hún vissi nú þegar með vissu, að hún hefði haft rjett fyrir sjer þegar hana grunaði, eða hún gat sjer til, að prófessor Bostock væri í raun og veru Jafet Bland; og hafði hún ekki rjett til að smynda sjer, að þetta leyndarmál kynni að standa í sambandi við annað leyndarmál, sem gæti haft hættu í-för með sje fyrir líf unnustu hennar? Vissulega væri hver stúlka skyldug til að leggja nokkuð í sölurnar, jafnvel að eiga á hættu að verða misskilin, til þess að vernda líf unnusta síns.

Það gat verið, hugsaði hún með sjer, að Jafet Bland hefði íklæðst þessum dularbúningi af því að hann var ástfanginn af henni, og að hann notaði

hann nú, eins og hann sagði, til þess að vernda hana gegn hættu, og til þess að uppgötva og láta hegna glæp. Um slíkt hafði hún lesið í skáldsögum, og þetta gat átt sjer stað.

En jafnvel þótt Bland starfaði af hinum göfugustu hvötum, þá væri þó öll kenning hans röng, því hann kenndi Ratt Gundy um ráðabruggið að frémja morð og vissi ekki, að Ratt Gundy var Rupert Granton. En hún gat ekki trúað, að Bland hefði nokkurn góðan tilgang. Loksins komst hún á þá sorglegu niðurstöðu, að hún væri, sem staði, komin í slæma klípu, er hún mætti ekki einu sinni reyna að losa sig úr með neinu djörfu og ákveðnu átaki. Hún hafði óljósa hugmynd um, að hin mikla hættu, er vofði yfir Gerald Aspen, stafaði frá Bland, og að hún væri að setja sjálfa sig á milli hættunnar og unnusta síns.

Allt þetta lá nú eins og dimmur skuggi á sálu hennar og lýsti sjer á andliti hennar. Hún mætti unnusta sínum í garðinum—garðinum sem þau höfðu svo opt áður fundist í og gengið saman í. Hún óskaði næstum, að þau hefðu getað fundist í fyrsta sinni í Ranelagh-garðinum; en það gat ekki látið sig gera. Þau hlutu að einnast í fyrsta skipti í viðrvist annara, samkvæmt siðvenju og á menningar-skólanum.

Loksins hittust þau, og hvar sögðu þau svo? „Ó, Gerald“, og „Ó, Fidel“. Þetta og ekkert annað voru þeirra fyrstu orð. Svo varð þögn—þögn, sem kem af of mikilli geðsbræring—þögn ást-

arinnar, sem opt er ómögulegt að koma orðum að tilfinningum sínum.

En til allrar hamingju varir þessi þögn ekki lengi. Elskendurnir fá fljótt málið aptur, og lætur sú ræða vanalega vel í eyrum þess, sem til er talað, hefur í sjer falin áhrif og hljómfegurð, sem er alveg sjerstök fyrir slíka ræðu.

Strax og Gerald leit í augu Fidelíu, sá hann í þeim einhverja þínandi áhyggju. Djúpt niðri, undir yfirborðinu, er tindraði af gleði yfir því að sjá hann, uppgötvaði hann einhvern dimman skugga, líkt og maður stundum sjer niðri á sandbotninum í fljótnum í Austurlöndum, undir hinum skínandi bárum yfirborðsins, gráðugt skrímsli, sem heima á í vatninu.

„Gerald“, sagði hún, „munið þjer hvað jeg sagði yður, þegar við síðast töludum um ást okkar og um giptingu okkar—“

„Jeg man það allt of vel, elskan mín“, sagði hann lágt, og var enn að reyna að lesa leyndardóm-inn úr augum hennar.

„Jeg gerði rangt þá“, sagði hún blíðlega, „og mjer finnst eins og mjer hafi verið hegnt fyrir það síðan. „Ó, jeg hugsandi svo opt um það, þegar þjer voruð milli lífs og dauða. Jeg hef svo opt hugsað um það, ef þjer skylduð hafa dáið, og dáið í þeirri trú, að nokkurt augnamið hefði verið mjer eins dýmætt í lífinu eins og að eiga og varðveita ást yða! Jeg veit nú að tilfinning mín var röng, og að það, að gera yður sælan—ef jeg gæti það, elskan mín,

ef jeg gæti það—ætti að vera starf og gleði lífs míns, en ekki það, að reyna að koma einhverjum ánum syndara í hendur ajettvísinnar. Ó, jeg hef grátið og beðið út af því svo opt! Nú eruð þjer aptur kominn til mín, og þjer eruð heill heilsu, og jeg hugsá nú að eins um að þóknast yður“.

Hann kyssti hana innilega og sagði: „Ástkærasta Fidelia, ósk yðar og löngun var eðlileg; en jeg vissi jafnvel þá, að stefnan var röng; ekki af því að hún orsakaði mjer bið, heldur af því að jeg vissi, að það væri betra fyrir yður að komast ekki að sannleikanum“.

„Já, og jeg veit það nú“, sagði hún í lágum róm. Hann leit aptur í augu hennar. Hún kinkaði kolli með rólegum svip, sem ljét í ljósi eins glögggt og orð hefðu getað gert: „Ó, jeg veit það allt saman“.

„Vitið þjer það í raun og veru, Fidelia?“ sagði hann.

„Jeg veit hvornig faðir minn var drepinn“, sagði hún, og lagði áherslu á orðið „drepinn“ þannig, að Gerald hlaut að skilja hana. Hún hafði aldrei áður talað um að faðir hennar hefði verið *drepinn*. Hún hafði ætíð áður talað um að hann hefði verið *myrtur*.

„Vitið þjer hver drap hann?“ sagði Gerald.

„Jeg veit það“, svaraði hún.

„Fidelia! hver sagði yður þetta?“ sagði Gerald.

„Maðurinn sem drap hann“, svaraði hún.

Gerald vogaði ekki að spyrja fleiri spurninga af Otta fyrir, að hann kynni að opinbera henni allan sannleikann, sem hann jafnvel enn þá hjelt að gæti, ef til vildi, verið undirorpinn einhverjum misskilningi eða ímyndun. Hún skildi auðveldlega ástæðuna fyrir hinni skyndilegu þögn hans.

„Jeg veit það allt saman, Gerald“, sagði hún. „Mr. Granton sagði mjer söguu sjálfur. Það var einvigi: Það var ekki morð; þeir voru neyddir úti það af öðrum manni, og það var Mr. Granton, sem drap föður minn“.

„Jeg vissi það“, sagði Gerald sorglegur í bragði. „En því sagði hann yður þetta? Jeg vonaði, að jeg gæti haldið þessu leyndu fyrir yður til eilíðar.“

„Getið þjer ekki gizkað á, hvers vegna hann sagði mjer það?“ sagði Fidelia.

„Jeg get ekki gizkað á það“, sagði Gerald.

„Af því“, sagði hún, „að hann heyrði til yðar á sjúkrahúsinu í svefni—í óráði—þegar þjer voruð að tala um mig, og heyrði yður segja, að jeg vildi ekki giptast yður fyr en þjer hefðuð hjálpað mjer til að uppgötva allt er snerti dauða föður míns; og svo kom hann til mín og sagði mjer allt saman.“

„Góði, gamli pilturinn—trúlyndi—og göfugi fjelagsbróðirinn!“ hrópaði Gerald með mikilli tilfinningu, sem hann reyndi ekki einu sinni að bæla niður.

„Já, það var göfugmannlega gert; en það var voðalegt. Jeg vil aldrei purfa að sjá hann aptur—

aldrei, aldrei! Jeg fyrirgef honum—já frá^uinnstu rötum hjarta míns og sálar fyrirgef jeg honum, og bið þess, að honum verði fyrirgefið; en jeg vil aldrei þurfa að sjá hann framar. Jeg óttast jafnvel að sjá mína kæru, kæru lafði Scardale.“ Þá, datt henni allt í einu nokkuð í hug og hún sagði: „Gerald, jeg^u bið yður að gera nokkuð fyrir mig—bið yður að lofa mjer nokkru.“

Hún var nú að hverfa frá sumu af sínum fyrri áformum, fylgdi nú augnabliks-tilfinningum sínum.

Hann brosti glaðlega og sagði:

„Hvað skyldi það vera, sem þjer gætuð beðið mig um, og jeg gæti neitað að gera?“

„Jeg vil að þjer giptist mjer og farið með mig burtu hjeðan, og jeg vil að við breytum nöfnum okkar—“

„Þjer skuluð breyta nafni yðar—“ sagði hann.

„Nei, nei; talið ekki ljettúðarlega um þetta. Mjer er þetta hin bláasta alvara, Gerald,“ sagði hún.

„Jeg sje það, elskan mín,“ sagði Gerald.

„Jeg vil að þjer farið með mig í burtu, á einhvern rólegan, fjarlægán stað, þar sem engiun þekkir okkur, og að við breytum^u nöfnum okkar og köllum okkur einhverjum mjög algengum nöfnum—Smith eða Jones eða eitthvað þessháttar, og lifum sælu, rólegu lífi, óhult fyrir allri hættu.“

„Hættu, kærasta Fidelia, hættu—hvaða hættu?“ sagði Gerald.

„Hvaða hættu?“ endurtók hún. „Sömu hættunni

og þjer voruð í á upphlaðna árbakkanum. Var það ekki hætta?“

„En jeg slapp úr henni, eins og þjer vitið“, sagði hann.

„Já, já, í þetta skipti,“ sagði hún; „en í næsta skipti—í þriðja sinni—hver veit hvað opt—munuð þjer ætíð sleppa? Hætta liggur í sjálfu loptinu í kringum“ okkur, einmitt á staðnum sem við stöndum nú á.“

„Fidelía,“ sagði hann alvarlega, og dró andlit hennar að sjer og horfði í augu hennar, „þjer meinið eitthvað visst með öllu þessu. Þjer eruð ekki stúlka, sem talar tilgangslaust og í óráði. Þar að auki sá jeg í augum yðar, strax og jeg leit á yður, að yður liggur eitthvað á hjarta. Segið mjer hvað það er, elskan mín; segið mjer hvers vegna þjer talið um að hætta sje á ferðum, einmitt á þessum stað, sem við stöndum nú á?“

„Jeg get ekki sagt það—jeg þori ekki að segja það!“ svaraði hún átakanlega.

„Getið ekki sagt það; ekki einu sinni sagt mjer það?“ sagði Gerald.

„Ó, nei, nei! Þjer verðið að treysta mjer í þessu efni, Gerald, um lítinn tíma,“ sagði hún. „Jeg skal segja yður allt—allt—allt—þegar við erum komin í burtu og erum úr hættu; en ekki nú, elskan mín, ekki nú. Þjer verðið að treysta mjer.“

Hún leit bænaraugam á hann.

„Treysta yður?“ svaraði hann. „Auðvitað skal

jeg treysta yður. Ef þjer viljið ekki, að jeg spyrji yður neinna spurninga, þá skal jeg auðvitað ekki spyrja yður neins. Þjer skuluð segja mjer allt, sem þjer hafid að segja, þegar þjer getið gert það.“

„Kærasti Gerald, en hvað þjer eruð veglyndur? Fyrir fáum augnablikum síðan var jeg næstum því ófarsæl, og nú hafid þjer gert mig sæla.“

„Ef það, að treysta yður, getur gert yður sæla, Fidelia, þá skuluð þjer aldrei verða ófarsæl með mjer eina einustu klukkustund.“

„Þjer ætlið þá að fara burtu með mig?“ spurði hún ópolinmóðlega.

„Fara burtu! Hvert?“ sagði hann.

„Eitthvað, burtu hjeðan—burt úr London,“ sagði hún. „Við skulum giptast—heimuglega, einhversstaðar—leynilega—undir öllum kringumstæðum; og fara svo í burtu svo sem minnst beri á, og fela okkur þangað til allt þetta er um garð gengið.“

„En, Fidelia, viljið þjer fara í burtu án þess að láta lafði Scardale vita, hvert við förum og hvers vegna við förum burt,“ sagði hann.

„Gætum við ekki skrifað henni brjef og beðið hana að treysta okkur—sagt henni, að við hefðum haft ástæðu til alls, sem við gerðum, og að við skyldum, ef til vill, segja henni allt saman einhvern tíma síðar?“ sagði Fidelia. „Nei, nei“, hjelt hún áfram, „við gætum aldrei sagt henni allt sam- an. Við gætum aldrei sagt henni, að mágur henna.

hafi drepið föður minn. En við gætum sagt henni allt sem snertir okkur sjálf—eptir nokkurn tíma—eptir langan tíma. Hún mun treysta okkur. Jeg þekki hana“, bætti veslings Fidelia við göfuglega. „Hún þekkir mig og nú þekkir hún yður, Gerald“.

„En allur þessi leyndardómur og þessi skyndilegi, leynilegi flótti, eitthvað út í buskann, mundi taka hana mjög sárt, og jeg held að jeg hafi ekki rangt fyrir mjer þó jeg segi, að það mundi verða henni þungt högg, að missa samvist yðar. Vitið þjer að jeg álit, að henni hafi í fyrstu ekki verið mjög mikið um mig gefið, af því að hún sá að jeg lagði leiðir mínar hingað í þeirri von að giptast yður“.

Fidelia leit upp hálf óttaslegin, og hálfgerður hryllingur fór um hana. Hún var að furða sig á hvort hann vissi, hver vilji lafði Scardales hafði verið viðvökjandi henni—að hún skyldi giptast Rupert Granton. Hún mundi ekki hafa kært sig hið allra minnsta um, þó hann vissi það; en það, sem hún bræddist, var, hvort sem hann vissi það eða vissi það ekki, að hann mundi segja eitthvað um það, og þannig tengja nafn hennar, þótt ekki væri nema eitt augnablik, við nafn mannsins, sem hafði drepið föður hennar. Gerald sá nú auðveldlega niður í djúp tilfinninga hennar. Hann vissi vel hver fyrirætlan lafði Scardales hafði verið; en svo þekkti hann líka hina sönnu sögu um einvígið. Nú var hann að hugsa meira um nokkuð annað. Hann var í raun-

inni í miklum vandræðum og óvissu útaf hinni óvæntu og óútskýrðu hræðslu Fidelíu, og hinni sáru þrá hennar að flýja í eitthvert óhult fylgsni.

„Heyrið þjer“, sagði hún ópolinnmóðlega, „þjer verðið að lofa mjer þessu; þjer verðið að lofa mjer að ráða í þetta eina skipti. Verið þjer ekki hræddur, Gerald; jeg skal verða hin eptirgefanlegasta og óheimtufrekasta kona; en nú verðið þjer að lofa mjer að ráða í þessu efni. Þjer ætlið að gera það—ætlið þjer það ekki?“

„En kærasta Fidelía, þjer verðið að vera sanngjörn—“ sagði hann.

„Já, þegar við erum gipt skal jeg vera það“, svaraði hún og brosti ofurlítið. „Ef þjer að eins viljið lofa mjer að vera ósanngjörn núna“.

„En segið mjer eitt—því ættum við að giptast leyndilega, og breyta svo nöfnum okkar og fara og fela okkur einhverstaðar? Hvað höfum við gert fyrir okkur, elskan mín, svo við þurfum að fela okkur svona?“ sagði Gerald.

Mörg önnur góð stúlka en Fidelía, með sama augnamiði, mundi hafa rokið upp við unnusta sinn og lýst hátiðlega yfir því, að hann elskaði sig í raun og veru ekki, þar eð hann vildi ekki gera hina fyrstu bön hennar, og mundi hafa farið að gráta og reynt að hafa sitt fram með sterkri atlögu. Fidelía var satt að segja upp yfir slíkt hafin í allri gæðshræring síni. Hún vissi, að honum hlaut að virðast hún ósanngjörn, og hún vildi heldur vinna með sanngirni og sagði því:

„Vegna hættunnar. Það er hættu á ferðum. Það verður gerð önnur tilraun til að ráða yður af dögum, og setjum svo að sú tilraun heppnaðist? Raven kaptéinn var staddur hjer fyrir nokkrum dögum, og þá sagðist hann búast við að verða hinn næsti, sem ráðist yrði á. Já, hann sagði það, og hann er maður sem hefur nóg hugrekki. Hann sagði líka, að allar þessar árásir væri gerðar samkvæmt ráðabruggi um, að ryðja sumum af erfingjunum að þessum vesæla auð úr vegi—“

„Og ætlar hann að breyta um nafn sitt og fela sig í einhverjum óþekktum afkyma?“ sagði Gerald.

„Nú, jeg verð að játa, að hann sagði það ekki; hann talaði um þetta eins og honum væri alveg sama,“ sagði Fidelia.

„Hvers vegna ætti jeg þá að flyja burt, Fidelia?“ sagði Gerald. „Viljið þjer að jeg sýni minna hugrekki en Raven kaptéinn?“

„Nei,“ sagði hún dræmt; en máské það sje hægt að telja hann á að verða ósanngjarn líka. Raven kaptéinn mun ef til vill láta leiðast af Lydiu, og þjer—eigið mig—“

Hún var svo yndislega barnsleg, saklaus og ástrik—varirnar titrandi og henni vöknadi um augu—að Gerald varð hrifinn í hjarta sínu, af meðaumkun, af sársauka og brennandi ást. Hann reyndi samt enn að láta skynsemina ráða, og sagði:

„Hleyrið þjer nú. Setjum svo að þetta morðsamsæri eigi sjer stað, væri það samt rjett, einkum

af manni eins og mjer, að flyja burt frá hættunni, sem kann að voða yfir sjálfum mjer, og taka engan þátt í að reyna að uppgötva hvað til er í þessu? Það stendur allt öðruvísi á fyrir Raven, ef hann vildi flyja, sem jeg ált ekki minnstu líkur til að hann geri. Ef samsæri á sjer stað, þá var jeg fyrsti maðuriun sem komst á snoðir um það—kveldið sem veslings Set Chickering trúði mjer fyrir brjefaveski sínu og demöntunum—og viljið þjer svo að jeg flýji burt á penna hátt og lofi þeim ef til vill að myrða veslings Raven? Og hvaða gagn væri líka að því fyrir okkur, að fara burt sem stendur? Við yrðum hvort sem er að koma til baka hingað í janúar, til þess að heimta okkar hlut af auðnum; og á tsmabilinu þangað til—“

„En jeg vil ekki að við heimtum okkar hlut af auðnum“, sagði Fidelia. „Hvað kærum við okkur um fjed? Við getum verið sæl án þess. Þjer eruð gáfaður og þjer eruð vel ritfær; og maður, sem er vel ritfær, getur unnið fyrir sjer hvar sem er.“

Gerald gat varla að sjer gert að brosa. Eigin reynzla hans og það, sem hann hafði heyrt og lesið um bókmænnta-markaðinn, virtist ekki koma alveg heim og saman við þessa litfögru vissu hennar um, hve auðvelt væri fyrir hvern þann mann, sem væri vel ritfær, að komast vel áfram. En hann hafði enga sjerlega löngun til að kappræða um þetta atriði á annari eins stundu og þessari. Hann þagði því, og Fidelia hjelt áfram sem fylgir:

urt frá hættunni,
og taka engan
til er í þessu?

Raven, ef hann
nstu líkur til að
þá var jeg fyrsti
það—kveldið sem
fyrir brjefaveski
er svo að jeg flýji
til vill að myrða
æri líka að því
dur? Við yrðum
gað í janúar, til
n; og á tímabil-

n okkar hlut af
örum við okkur
ess. Þjer eruð
maður, sem er
sem er“.

Þ brosa. Eigin
heyrð og lesið
ki koma alveg
ssu hennar um,
ann, sem væri
En hann hafði
um þetta atriði
nn þagði því.

„Jeg skal ekki verða yður mjög kostnaðarsöm
kona, Gerald. Jeg get komist af án nýrra kjóla, og
jeg á heilmikið af allskonar fatnaði—fatnaði, sem
endist mjer í mörg ár—í mörg ár! Og hvað gerir
líka allt þessháttar til, ef menn bara eru ánægðir?“

Gerald flaug góð ástæða í hug, og sagði því:

„En þjer sjáið, að ef við gælum okkur fram í
janúar og fengjum okkar hluta af auðnum, þá væri
ekki framar nein ástæða til að myrða okkur.“

Fidelia greip þessa hugmynd a lopti, sigri-
hrósandi, og sagði:

„Gott og vel; látum svo vera. Við skulum
gíptast—opinberlega ef þjer viljið, og svo skulum
við kunngera, að við höfum farið yfir á meginland
Evrópu—eithvað burtu—og svo skulum við fara til
einhvers ókunnugs staðar og ganga þar undir öðrum
nöfnum, en okkar eigin, þangað til hinn 1. janúar.
Heyrið mig nú, þetta er ekki mikil bön að biðja til-
vonandi eiginmann sinn um, eða er ekki svo?“

„En elakulega Fidelia“, sagði hann, „haldið
þjer að menn, sem gert hefðu samsæri í því skyni að
fremja morð, yrðu í nokkrum vandræðum með að
rekja slöð okkar, þótt við breyttum um nöfn? Sann-
leikurinn er, að því rólegra og minna þekkt sem
fylgsni okkar væri, þess hægra yrði fyrir morðingj-
ana að finna okkur, ef þeir kærdú sig um það. Og
heyrið þjer mig enn fremur, Fidelia, er yður aivara
að segja, að þjer í raun og veru áltíð, að þjer sjeuð
svo almenn stúlka í sjón að sjá, að enginn veitti

yður eptirtekt hvar sem þjer væruð, og að þjer gæt-
uð gengið fyrir einhverja aðra en þjer eruð?“

Roðinn, sem kom í kinnar veslings Fidelíu við
hín síðustu orð unnusta hennar, sýndi, að þessi litli
fagurgali unnusta hennar fór ekki fram hjá henni,
þrátt fyrir óttann og vandræðin, sem hún var í, en
hún sagði:

„Ó, en jeg gæti gert eitthvað til að breyta útliti
mínu. Jeg gæti klippt af mjer hárið, gengið með
blá gleraugu—gert hvað sem væri þessháttar.“

„Og jeg—hvað get jeg gert?“ sagði Gerald.
„Á jeg að fá mjer hárkollu—setja upp græn gler-
augu? Hamingjan hjálpi mjer, hvíllk sjón yrðum
við ekki!“

Fidelía gat ekki að sjer gert að hlæja dálftið.
En svo varð hún strax alvarleg aptur og fannst, að
hún hefði yfirgefið málefni sitt með því að láta hlát-
ur fýsnina fá vald yfir sjer, þó ekki væri nema augna-
blik. Hún sagði því:

„Djer viljið ekki taka þetta mál alvarlega.“

„Djer getið varla tekið það alvarlega sjálf,
elskan mín,“ sagði Gerald.

„Ekki tekið það alvarlega?—að líf yðar er í
hættu, Gerald? Eða vitið þjer ekki, að það er enn í
hættu?“ sagði Fidelía.

„Hlustið nú á það sem jeg segi, Fidelía,“ sagði
Gerald. „Mjer dettar ekki í hug að gera of lítið úr
öllu þessu, þó jeg vilji ekki gera of mikið úr því.
Það er auðsjeð, að það var mikil hætta á ferðum, og

og að þjer gæt-
er eruð? "

ings Fidelíu við
li, að þessi litli
fram hjá henni,
hún var í, en

l að breyta útliti
ið, gengið með
essháttar."

sagði Gerald.
upp græn gler-
lísk sjón yrðum

ð hlæja dálftið.
r og fannst, að
því að láta hlát-
eri nema augna-

alvarlega."
alvarlega sjálf,

ð líf yðar er í
að það er enn í

Fidelía," sagði
gera of lítið úr
mikið úr því.
á ferðum, og

jeg efast ekki um, að samsæri til að fremja morð átti
sjer stað; en þjer vitið hvernig köldu vatni var skvett.
á það, og lögregluliðið hlýtur nú að vera búið að
finna alla þræðina, sem leiða að samsærinu. Hvað
mig snertir er jeg sannfærður um, að ef nokkurt
slíkt samsæri á sjer stað, þá er maðurinn með rauða
skeggið, hver sem hann nú er, að eins verkfæri, sem
notað er, til að koma fram tilgangi samsærisins, og
að aðal glæpamaðurinn er þessi náungi, Jafet Bland,
sem hefur alls ekki gefið sig fram enn. Ef maður
bara gæti náð í hann, þá hefði maður fundið lykílinn
að öllu saman; og þjer megið vera viss um, að það
næst í hann. Annaðhvort verður hann að hætta við
allar fyrirætlanir sínar, eða það næst í hann. Skyldi
hann vera í London? "

Fidelíu varð hverft við þessa síðustu spurningu
og hún roðnaði svo auðsjáanlega, að Gerald hlaut að
taka eptir vandræðum hennar og ótta.

"Hann er þá í London, Fidelía, og þjer vitið
það?" sagði hann.

"Gerald, þjer sögðuð fyrir augnabliki síðan, að
þjer skylduð ekki spyrja mig neinna spurninga,"
sagði Fidelía. "Þjer sögðuð mjer, að þjer skylduð
treysta mjer, að þjer skylduð bera fullt trúnaðar-
traust til mín. Ætlið þjer að ganga á bak orða yðar? "

"Þjer vitið, að jeg ætla ekki að gera það,"
svaraði hann með alvörugefni.

"En þjer virðist vera niðurbeygður. Þjer sýnist
vera órólegur, þjer virðist tortryggja mig. Eigum

við að breyta svona hvert við annað í fyrsta skipti sem við hittumst eptir að—eptir að líf yðar var í hættu? Ó, ef þjer vissuð, hvernig jeg vakti um nætur og hugsaði um yður, og það fyrir yður, og hvað jeg práði að sjá yður á meðan að þjer voruð veikur, og ef þjer vissuð hvernig jeg hef hlakkað til þessa dags, sem eins hins allra sælasta dags á æfi minni, sem dags, er jeg mundi ætíð minnast. Og nú sje—“

„Fidelia,“ sagði Gerald, „jeg þori að segja að flestir skynsamir menn mundu áfella mig fyrir, að láta undan yður í þessu, en jeg treysti yður takmarkalaust, og jeg veit að þjer eigið það skilið. Það er dálítil óþægilegt í fyrstu að reka mig á, að þjer vitið nokkuð sem þjer þurfið að halda leyndu fyrir mjer—“

„Rjett sem stendur—að eins rjett sem stendur,“ greip hún fram í fyrir honum í bænarróma.

„Rjett sem stendur, já, rjett sem stendur,“ sagði hann. „Jeg vildi, að það ætti sjer ekki stað. Jeg vildi að þjer hefðuð ekkert leyndarmál, sem jeg má ekki vita, þó ekki sje nema um eitt augnablik.“

„Ó, og það vildi jeg líka,“ hrópaði Fidella með ákefð. „Jeg óska nú, að jeg hefði aldrei leiðst inn í að þurfa að halda nokkru leyndu. En jeg gat ekki að því gert, og jeg gerði það í góðu skyni, af því jeg veit, að yður er hættu búin, og jeg trúi því fastlega—já, jeg hef þá trú—að jeg geti enn frelsað yður frá hættunni. Látið mig ráða í þetta skipti,

Gerald—í þetta fyrsta skipti, í þetta síðasta skipti—
lofið mjer að gera eins og jeg vil.“

Gerald var mikið trúflaður og í vandræðum yfir þessu. En hann gat ekki efast um ást hennar hann vissi vel, hve skarpar og fljótar gáfur hennar voru; og hann vissi líka, að þrátt fyrir hinar kvennlegu gæðshræringar, ákafa og orðgnótt hennar, þá var hún gædd þvínær sömu gáfu og karlmenn, að því er snerti að beita skynseminni til að álykta rjett. Hann fann, að hann gat ekki annað en treyst henni.


„Hann kyssti hana því blíðlega og sagð:

„Gærið eins og yður sýnist, Fidella mín, og jeg skal trúa yður og treysta til hins síðasta. Jeg skal ekki spyrja yður neins—hvorki nú eða síðar—þangad til sá tími kemur, að yður finnst, að þjer ættuð að segja mjer allt saman. Jeg get beðið.“



Henni fór aptur að aukast hugrekki. Hún brosti hálf þunglyndislega, þrýsti hönd hans og sagði:

„Gerald, þegar jeg var lítill las jeg sögu, sem þá ætíð setti hroll í mig. Það var saga um unga konu. Hún lá vakandi í rúminu eina nótt á meðan maðurinn hennar svaf. Allt í einu kom maður með grímu fyrir andlitinu inn í herbergið, sem dauft ljós logaði í. Hann hafði skambissu í hendinni, og strax og hann opnaði hurðina varð þeim lítið hvert augun á öðru, og þau skildu hvert annað. Svo hvíslaði hann að henni, að það væru fleiri menn með honum og að augin hans væri, að hafa gimsteina





**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

0
1.0
1.25
1.5
1.8
2.0
2.25
2.5
2.8
3.2
3.6
4.0

50
51
52
53
54
55
56
57
58
59
60

henlar og annað fjemætt burt með sjer, að ef hún hreifði sig ekki, þá skyldi hvorki henni nje neinum öðrum gert neitt mein, en ef að hún veki manninn sinn, þá skildi hann drepa hann tafarlaust. Hún áttaði sig strax á þessu. Hún sagði ekki orð og lá grafkyr; hún meira að segja andaði djúpt og reglulega einsog hún svæfi rólega—. Fidelia stanzadi snögglega.

„Haldið áfram, elskan mín“, sagði Gerald.
„Mjer finnst mikið til um söguna, af því yður fannst mikið til um hana þegar þjer voruð barn“.

„Finnst mikið til um söguna“, sagði Fidelia.
„Ó, hún gekk í gegnum mig, töfraði mig og setti æfinlega í mig hrylling. Jæja, en hugsíð yður tilfinningar konunnar—sem var að reyna að láta á engu bæra, reyna að hindra, að maður hennar rumskaðist, á meðan að ræninginn var að leita í herberginu. Loksins lauk ræninginn verki sínu og fór hljóðlega burt með herfang sitt. Hún vakti ekki mann sinn einusinni strax og ræninginn var farinn, heldur lofaði honum að sofa svo klukkutímum skipti eptir það, eða þangað til ræningjarnir væru Ghultir fyrir að þeim yrði náð. Þá loksins vakti hún mann sinn og sagði honum allt saman“.

„Og jeg þori að segja að hann skammaði hana“, sagði Gerald brosandí.

„Jeg veit ekki“, svaraði Fidelia. „Ef jeg hefði verið í sporum konunnar, þá hefði mjer staðið nærri á sama, þó hann hefði gert það. Jeg hefði verið mjer þess meðvitandi, að jeg hefði frelsað líf hans, og það hefði verið mjer nóg“.

þ sjer, að ef hún
henni nje neinum
hún veki manninn
farlaust. Hún áttaði
orð og lá grafkyr;
og reglulega einsog
zaði snögglega.

„, sagði Gerald.
af því yður fannst
þ barn“.

„, sagði Fidelia.
aði mig og setti
hugsid yður til-
reyna að láta á
þur hennar rums-
leita í herberg-
erki sínu og fór.
Hún vakti ekki
nginn var fariinn,
lukkutímum skipti
nir væru Ghultir
vakti hún mann

skammaði hana“,

a. „Ef jeg hefði
mjer staðið nærri
Jeg hefði verið
frelsað líf hans,

„Já“, sagði Gerald, „og yður finnst, að þjer
breytið líkt og hún núna?“

„Já, mjer finnst, að jeg breyta líkt henni núna“
sagði Fidelia blöðlega. „Já, jeg talaði um söguna
við aðrar litlar stúlkur á þeim dögum, og sumar
þeirra sögðu, að konan hefði farið skakkt að, að hún
hefði átt að vekja mann sinn og láta hann berjast
við ræningjann. En jeg hugsaði að eius um, að
hún hafði frelsað manninn sinn—frelsað hann og
varðveitt hann fyrir sig og ást sína—og mjer gat
ekki annað en verið eins sama um, hvað varð af ræn-
ingjunum, eins og hvað varð um demantana. Nú
er jeg búin að segja yður alla söguna, Gerald.
Spyrjið mig ekki um neitt meira núna“.

„Jeg skil meininguna í dæmisögu yðar að
nokkru leyti, á óákveðinn hátt, Fidelia“, sagði Ger-
ald. „Jeg skal ekki spyrja yður um neitt frekar“.

„Jeg þakka yður fyrir það, kærasti Gerald“,
sagði hún. „Jeg vissi, hvernig þjer munduð fara
að. Jeg vissi það vel, vegna þess að þjer treystið
mjer eins og jeg treysti yður. Nú skulum við fara
að tala um aðra hluti“.

Svo töludu þau um aðra hluti, um marga aðra
hluti. Þau gengu aptur á bak og áfram um allan
garðinn, og gerðu með sjer að hittast þar aptur dag-
inn eftir; og þau komu sjer þvínær til fulls saman-
um, að þau skyldu giptast opinberlega mjög bráð-
lega—opinberlega að því leyti, að þau ætluðu ekki
að fara neitt dult með það eða reyna að leynd því

fyrir nokkrum, en að öllu öðru leyti privatlega og án þess að hafa nokkurt gildi, og svo ætluðu þau að láta allt hafa sinn gang að öðru leyti. Fidelia hjelt ekki í bráðina frekar fram tillögu sinni um, að þau ættu að breyta nafni og fela sig einhversstaðar. Hún komst að þeirri niðurstöðu að sjá dálítið betur hvað verða vildi, áður en hún fastrjeði að heimta það. Ef það yrði nauðsynlegt á endanum, þá ætlaði hún ekki að hika sjer við að fara fram á það við Gerald, og hún hafði nú góða von um, að henni mundi heppnast að telja hann á það. Hún ásetti sjer einnig að halda öllu, er snerti giptinguna, mjög heimulegu þangað til að brúðkaupsdagurinn kæmi. Var hún hrædd um, að Jafet Bland mundi taka til einhverra örprifsráða sjálfan brúðkaupsdaginn, ef hann vissi um hann fyrirfram? Það var ef til vill hætt við því—já, það var engiun vað á að það var hætt á því. En það varð að hafa hvað á hættunni, og hún var ekki vonlaus um, að í millitíðinni kynni hún að geta notað sjer ótta, eigingirni, eða hina varasömu slægð Jafets Blands. Allt þetta var að brjótast í gegnum heila hennar jafnvel á meðan hún var á gangi með unnusta sínum.

„Jæja, kærasti Gerald minn“, sagði hún allt einu, „við verðum að fara og tala við lafði Scardale—við megum til með það. Við hljótum að sýnast óttalega, eigingjörn, og að við hugsum að eins um sjálf okkur og eigin sælu okkar og ekkert annað, og þó erum við ekki eigingjörn, kærasti minn—nei, við erum það ekki“

leyti privatlega og
 og svo ætluðu þau
 öðru leyti. Fidelia
 illögu sinni um, að
 sig einhverstaðar.
 að sjá dálítið betur
 fastrjæði að heimta
 endanum, þá ætl-
 fara fram á það við
 von um, að henni
 á það. Hún ásetti
 ti giptinguna, mjög
 upsdagurinn kæmi.
 nd mundi taka til
 rúðkaupsdaginn, ef
 það var ef til vill
 var á að það var
 hvað á hætt-
 a, að í millitíðinni
 ta, eigingirni, eða
 ds. Allt þetta var
 r jafnvel á meðan
 um.
 , sagði hún allt
 við lafði Scardale
 hljótum að sýnast
 gsum að eins um
 g ekkert annað, og
 asti minn—nei, við

Dau fóru að finna lafði Scardale, og sögðu henni
 öll áform sín, að svo miklu leyti sem þau gátu það;
 og lafði Scardale samþykkti fyrirætlanir þeirra
 hjartanlega, og áleit, að ástæðan fyrir, að Fidelia
 vildi halda öllu sem heimulegustu, væri hin við-
 kvæma endurminning hennar um föður hennar og
 óbeit á brúðkaupi sem mikið bæri á. Og próffessor
 Bostock, sem var við skilminga-æfingar í salnum, sá
 þau öll þrjú ganga fyrir gluggann, og tók eptir
 hvernig þau beygðu sig hvert að öðru og voru að
 tala hljóðskraf, hvernig Fidelia leit niður fyrir sig
 og hve hreykinn Gerald var á svipinn. Og Bostock
 sá allt saman út úr þeim, eins ljóslega eins og þau
 hefðu verið opin bók, sem legið hefði fyrir framan
 hann, og hann hugsaði með sjálfum sjer, að hann
 væri ef til vildi eyðilagt sumar fyrirætlanir þeirra
 ann.

Degar Gerald fór, þá var hann sæll og upp með
 fer, en þó í hálfgerðum vandræðum. Hann bar
 takmarkað traust til Fidelu og var viss um með
 sjálfum sjer, að allt sem hún gerði væri fyrir bestu.
 Hann bar jafnvel fullt traust til dómgreindar hennar.
 En samt sem áður lá of mikið af einhverjum leyndar-
 alum í loptinu til þess, að honum gæðjast að því,
 og honum var mjög illa við að ganga eins og í
 þykri og vita þó að hætta var á ferðum. Honum
 þótt það líkast því eins og hann væri í einhverjum
 öngum jarðgöngum, sem varla nein ljósglæta var
 og vissi, að járnbrautarlest hlyti að koma rennandi.

með geysi hraða úr annari hverri áttinni. En vjer verðum að gera honum rjett til. Yfir allar aðrar tilfinningar gnæfði gleðin yfir þeirri vissu, að Fidelia og hann mundu bráðlega giptast. Ef til vill hafði hann mest á móti hugmyndinni um hættu fyrir þá sök, að hann fjekk ekki að taka hlutdeild í henni. „Verð jeg að eins að vera sjerstakur frjettaritari, í málefni sem líf sjálfs míns ef til vill liggur við?“ sagði hann við sjálfan sig, hálfpartinn í gamni og hálfpartinn í alvöru, þegar hann fór frá menningar-skólanum, „og að eins skýra frá því, sem skeð hefur, eptir að bardaganum er lokið, og fæ jeg aldrei að koma fram í fylkingarbroddinn og taka hlutdeild í bardaganum?“

Hann fór á ferðamanna-klúbbinn og reykti og hugsaði djúpt. Hann forðaðist að tala við menn, og hjelt alltaf á útlendu blaði opnu í hendinni og ljézt vera að lesa það með mesta athygli.

„Eruð þjer að hugsa um handrit, gamli kunnungi,“ sagði einn blaðabróðir hans, sem var honum vel kunnugur, um leið og hann gekk fram hjá. Með orðinu ‚handrit‘ meinti hann skrifuð blöð, sem blaðamenn rita fyrir blöð sín og sem eiga að setjast og síðan prentast; það sem lá á bakvið það, sem blaðabróðir hans sagði, var, að Gerald væri að lesa hið útlenda blað í því skyni að fá efni til að rita um, og vildi því helst ekki láta trufla sig.

„Handrit? Ójá,“ svaraði Gerald; „maður er alltaf að hugsa um handrit, oilft handrit. Það hefur

rigt froskum á einum stað—afarstórt stöngulsber
hefur fundist á öðrum stað—eins og þjer kann-
ist við.“

Þetta eru gömul spaugsyrði meðal blaðamanna
—og á bakvið þau liggur, að menn enn búi til sögur
og setji í blöðin á þeim tíma árs sem kallað er
„heimska tímabilið,“ um froška-regn eða um stöngla-
ber, sem kalla mætti hval allra slíkra ávaxta. Þann-
ig losaðist Gerald við kunningja sinn og sneri sjer
aptur að hugsunum sínum, vandræðum sínum, hinum
óákveðna ótta, sælu sinni og hinni sterku ást síni.

Arnþjotur B. Olson

XXVIII. KAPÍTULI.

ÁRÁS UM KVELD.

Rupert Granton kom á menningarskólan þetta
sama kveld, eptir að Gerald Aspen var farinn. Hann
hafði enga sjerstaka löngun til að hitta Fidelsu, en
hann hitti hana hjá lafði Scardale, í einu af hinum
sjersöku herbergjum hennar, og sá maður hefði sann-
arlega verið eptirtektaltill sem ekki hefði sjeð á
þessum tveimur konum, á því, hve ástúðlega þær
eins og hangdu hver við aðra, að eitthvað óvanalegt
hefði komið fyrir, sem gagnatök huga þeirra. Þegar
Granton kom inn, þá sátu konurnar hver hjá annari,
og hjelt lafði Scardale hendinni utan um mitti Fi-

deliu og vafði hana blíðlega að sjer. Koma Ruperts truflaði vinahót þeirra, og Fidelia losaði sig úr faðm-
lagi vinkonu sinnar og roðnaði heil mikið. Náttúru-
ávisan fræddi Rupert um, hvað um væri að vera.

„Þjer verðið að óska henni til hamingju, kæri Rupert,“ sagði lafði Scardale. „Mjer!“ pykir svo vænt um, að þjer skylduð koma einmitt á hentugasta tíma til þess. Því takið þið ekki í hendina hvert á öðru, þið þarna bæði, það vil jeg fá að vita?“ sagði hún ennfremur, eins og hún væri að setja ofan í við þau, þótt með blíðu. Hún vissi mikið vel, hvornig tilfinningar Ruperts voru gagnvart Fidelíu, og hún vildi segja honum tíðindin á sem allra mjúkastan hátt, og sýna honum að hann yrði að taka þessu vel, að minnsta ofan á, og koma fram gagnvart Fidelíu eins og vinur vinar hans. Fidelia hikaði sjer við, dálítið vandræðalega. Hún óskaði einhvern veginn, að hún hefði ekki verið viðstödd þegar Rupert voru sagðar þessar frjettir. Og svo var henni ómögulegt að taka í hönd hans án þess að hika sjer við, og án þess að kulda-hrollur færi um hana. Hún hafði neytt sjálfa sig til þess áður, en það olli henni ætíð sársauka og sorgar; það var hið sama fyrir hana og ryfja upp gamla sorg. Þessi hönd hafði drepíð föður hennar. Rupert hikaði sjer líka við að taka í hönd Fidelíu, því hann vissi vel hvað henni bjó í brjósti. En þau vissu bæði hve afar-nauðsynlegt var, að láta lafði Scardale ekki komast að því sem þau vissu. Lafði Scardale misskildi tilfinningar þeirrar beggja.

„Hún ætlar að fara að gipta sig, Rupert, giptast. Mr. Aspen,“ sagði lafði Scardale, og leit um leið meðaumkunarlega á hann. „Takið í hönd hennar og óskið henni til hamingju.“

Rupert gekk á móti Fidelíu, og hún gekk á móti honum. Hann leit ekki framan í hana. Glugginn var opinn; þetta var snemma á hausti, og þó komið væri kveld, þá var veðrið hlytt og þægilegt og sætan ilm lagði af blómunum í garðinum inn í herbergið. Rupert sá prófessor Bostock standa á gangstígnum úti fyrir glugganum og vera að horfa mjög gaumgæfilega inn í herbergið. Hvorki lafði Scardale nje Fidelía gátu hafa sjeð hann þaðan sem þær voru. Granton tók í hendina á Fidelíu—hún var eins köld eins og marmari—og svo leit hann í augu hennar og óskaði henni til hamingju. Ó! hve einlæglega óskaði hann ekki, að hún yrði hamingjusöm. Hve heitt elskaði hann hana ekki alltaf! Hann sá allt sitt lífna líf líða fram fyrir sig þetta augnablik, og sjerlagi stóð hinn hræðilegi atburður honum fyrir hugskotssjónum, sem endurminningin um gerði honum sve erfitt að snerta hina köldu hendi stúlkunnar! Hve syrgði hann nú ekki, hvernig hann hefði eytt æsku árum sínum, og hversu heitt óskaði hann ekki, að hann hefði lifað öðruvísi líferni. Honum fannst eitt augnablik eins og tár sætla að brjótast fram í augu sín. Hann, hinn útskúfaði meðlimur aðalsins—hann, sem hafði hrakist hingað og þangað án nokkurs augnamiðs, hann, sem var útlagi frá sam-

kvæmislífi föðurlands síns, hann, sem hafði átt í illdeilum og hreðum í New York og New Orleans, í Vera Cruz og í Brasilfu, í Chili, Asfu og Suður-Afríku—hann fann að sjer var að vökna um augu, af því að hann óskaði að stúlkan sem hann elskaði, og sem hann bráðum myndi sjá í síðasta sinn, mætti verða sæl og hamingjusöm með öðrum manni.

Allt þetta skeði á einni sekúndu—á einu augnabliki. Og þegar Rupert sleppti hönd Fidelíu og hann leit af andliti hennar, renndi hann augunum út í gluggann og varð þess var, að prófessor Bostock stóð enn þar úti fyrir. Svo renndi Bostock augunum enn einu sinni inn í herbergið sem snöggvast, og virtist eldur brenna úr þeim, sneri sjer síðan við og fór sína leið. Við þetta augnatillit Bostocks rann nýtt ljós upp fyrir Granton. Þetta augnatillit var eins og vitrun fyrir hann.

Granton lafði ekki lengi eptir þetta. Hann sagði mágkonu sinni einslega, að hann myndi ef til vill koma aptur að finna hana seinna um kveldið. Hann sagði blátt áfram, að hann þyrfti að tala við hana um nokkra hluti. Lafði Scardale smyndaði sjer, að hann ætlaði að spyrja sig einhverra spurninga við víkjandi brúðkaupinu, og henni var umhugað um að tala um það við hann í næði. Hann fór því sína leið, og kom aptur seint um kveldið, eptir að Fidelía var farin inn í svefnherbergi sitt í því skyni að ganga til rekkju. En lafði Scardale til mikillar undrunar minntist hann ekki á Fidelíu, Aspen eða

brúðkaup þeirra. Hún vildi ekki yfa sár hans, svo hún minnst heldur ekki á þetta með einu orði. Hann talaði um allskonar málefni, og spurði hana tveggja eða þriggja spurninga viðvíkjandi því, hvernær hún hefði fyrst þekkt prófessor Bostock. Það var farið að verða framorðið, eptir því hvað snemma var sezt að á skólanum, svo lafði Scardale spurði Granton hvort hann vildi ekki vera þar yfir nóttina. Hann hafði opt gíst þar áður. Hann þáði því boðið með þökkum, en með því skilyrði þó, að hann mætti vera úti í garðinum nokkra stund og reykja sjer þar vindil.

Lafði Scardale samþykkti það umyrðalaust, og svo bauð hún honum góða nótt með kossi; hún fjekk honum einnig lykil að einni úti-hurðinni, áminnti hann um að vera ekki úti of lengi og skildi hann svo einan eptir í herberginu. Henni fannst að hún skilja glögggt, hvers vegna hann vildi helzt vera einmana. Hann mundi vilja vera útaf fyrir sig og hugsa um brúðkaup stúlkunnar, sem hann elskaði, en sem ekki ætlaði að giptast honum.

Rupert ranglaði aptur á bak og áfram um garðinn, og reykti og hugsaði. Hann ranglaði um eins augnamiðslaut eins og vofa. Hann ætlaði að fara burt bráðlega fyrir fullt og allt, og það hafði stefandi áhrif á hið þunglynda geð hans, að rangla þarna um einn um kveld í síðasta sinn.

En hann var einnig að hugsa nm hið leyndar-dómsfulla, sem hefði hangt yfir lífi svo margs fólks

um nokkurn undanfarinn tíma—alltaf síðan hann kom til baka til London—og hann var að hugsa um opinberunina, sem honum fannst að hann hefði fengið við þessa einu eldingu úr augum Bostocks. Hann hafði æfinlega tekið eptir, hve sljó og sviplaus augu Bostocks voru dags daglega. Hann mundi jafnvel eptir, hversu sviplaut augnaráð Bostocks var daginn sem upptíð varð útaf því, að Bostock tók skilminga-sverð sem verju vantaði á oddinn, þegar hann háði skilminga-einvigið við Aspen. Bostock vissi þá auðvitað, að fleiri horfðu á hann, en þetta kveld—þetta sama kveld—þegar hann áleit vafalaust, að enginn veitti honum eptirtékt það augnablikið, þá brann eldur úr angum hans og þau virtust full af eldingum.

„Jeg hef sjóð þessi blossandi augu áður,“ sagði Rupert við sjálfan sig. „Hvar hef jeg sjóð þau?“

Dannig ráfaði hann um garðinn, fullur af allskonar hugsunum, sumum þunglyndislegum, sumum iðrandi fyrir sitt liðna líf, sumum órólegum og kvíðafullum útaf nútíðinni og framtíðinni, þangað til hann loks kom að trjáþyrpingu einni lítilli, á grænum túnbletti, sem hann vissi að var undir og rjett gagnvart glugganum á herbergi Fidelfu, og þar tafði hann um stund. Það var ljós í glugganum á herbergi Fidelíu. Hann horfði á það um hrif eins og í leiðslu, og fannst eins og hann gæti ekki slitið sig burt frá þessum bletti.

„Hve ákaflega er jeg þó ekki ástfanginn af

henni!“ sagði hann við sjálfan sig, og var hálfgerst að gera spaug að sjálfum sjer og tilfinningum sínum. „Það sómir sjer best á minnm aldri og eptir alla mína lífsreynslu!“

Fideliu datt ekki í hug að ganga til rekkju enn sem komið var. Henni fannst, að hún mundi ekki geta sofnað. Það sem sked hafði undanfarna daga hafði gert það að verkum, að hún hafði verið spennst og óróleg, og þessi dagur hafði sjerilagi reynt á hinn andlega styrk hennar. Leyndarmálin, sem hún varð að geyma, voru farin að verða of þung byrði fyrir hana að bera, og henni var farið að verða eins ómögulegt að geyma þau lengur eins ogphythonessunni var að geyma það er hún vissi. En samt sem áður varð hún, sem stóð, að halda nokkru leyndu fyrir Gerald, og hún varð að halda vissum hlutum leyndum fyrir lafði Scardale til daganna enda.

Þegar hún væri gípt Gerald, og þau væru komin burt af Englandi og sezt að á einhverjum afskekktum, rólegum stað, þá, og ekki fyr, ætlaði hún að segja honum alla söguna. Áður en svo væri komið þorði hún ekki að segja honum leyndarmál sitt. Hún var viss um, að enginn hlutur—jafnvel ekki ást hans á henni—myndi hindra hann frá að nota sjer þær upplýsingar, sem hún gæti gefið, til þess að uppgötva höfund glæpanna, og hún taldi sjálfri sjer trú um það hvað eptir annað (og hjarta hennar varð veikt við þá sannfæringu), að hið fyrsta spor, sem hann stígi í þá átt, yrði sama sem merki um að hann skyldi missa lífið.

„Ó, hvað henni var illa við auðinn, sem hafði verið orsök í öllum þessum glæpum, sem sumir hefðu drýgt, og kvölunum, sem sumir höfðu orðið að líða! Bara að Gerald vildi samþykkja að fara burt með hana, þá vonaði hún að geta haldið hlífðarskildi yfir honum, þangað til búið væri að uppgötva leyndardóminn viðvíkjandi morð-samsærinu og morðinginn væri kominn í hendur rjettvísinnar.

Stundum var hún að hugsa um, hvornig færi ef Bland væri rekinn út í örvæntingu með því, að Gerald byrjaði of snemma að grúska í þessu máli, og hann (Bland) rjedið á sig og dræpi sig—hvornig mundi þá fara með veslings Gerald? Umhugsunin um dauða sjálfrar hennar setti titring og hroll í hana og kom tárnum út í augum hennar, ekki vegna hennar sjálfrar, heldur vegna Gerald, sem þá yrði svo einmana! Og hún áleit að Bland yrði vís til að drepa sig, eða gera hvað sem væri. Sannleikurinn var, að ást hennar á Gerald var að gera hana hugdeiga, nærri heigulslega. Ef hún hefði staðið augliti til auglitis við hættuna, þá hefði sál hennar og kynsemi vafalaust náð sjer; en hinn dimmi skuggi af óákveðinni hættu, sem vofði yfir henni, hættu, sem hún mátti ekki leita sjer styrks eða hugsvölunar hjá öðrum í, braut niður taugastyrk hennar, og tilfinningar hennar voru eins og þess, sem eitthvert afleyðandi eitur er að læðast í gegnum og lama kryptana miskunarlaust.

Hún reyndi að lesa, en hún gat ekki fest athygli

við neina bók. Það er sorglegt fyrir rithöfunda, að fá að vita það, en það er engu að síðnr mjög satt, að dálítið persónuleg vandræði eða áhyggjur gera stundum uppáhaldsbók manns ópolandi lagsbróðir.

Þá styrkti Fidelía sig með nægtabúri sinnar eigin listar. Henni var yndi í að yrkja smávvers og búa til lög við þau. Hún gat búið til lagleg smávvers, en hún hafði enga gáfu til að skálda löng eða mikil kvæði. Henni gæðjast bez. Þó því, að láta að eins eina hugsun í ljósi í einu eða tveimur versum og lypta þeirri hugsun upp á vængjum sönglistarinnar. Henni flaug í hug ofurlítið kvæði, sem hún hafði nýlega ort og búið til lag við, og henni fannst einhvern veginn að það lýsa vandræðum hennar sjálfrar einmitt nú; hún söng það því, eða raulaði það, með lágri, sætri rödd við sjálfa sig. Rödd hennar var ekki sterk, en hún var óendanlega fögur, blíð og fín, og tilfinningarnar, er fólust í orðunum sem hún söng, komu fram með hinum finustu litbrigðum, ef svo mætti að orði kveða. Allt tilfinningadjúp hennar virtist koma fram í söng hennar og gera hann ákaflega áhrifamikinn. Hún söng vísurnar að eins fyrir sjálfa sig, og enginn heyrði þær nema hún sjálf.

Orðin áttu við hugsanir hennar einmitt á þessari stundu. Hvað annað yrði endinn á mannsæfinni en dauðinn? Ef Gerald skyldi deyja? Ef hún skyldi deyja? Hún söng vers sín optar en einu sinni, og svo stóð hún á fætur og sagði við sjálfa sig, að hún skyldi hrísta af sjer allan ótta og losa sig við ailan

hugarburð, og ganga með öruggri von og hugrekki gegn öllum hættum og vandræðum, sem henni kynnu að mæta. Söngur hennar hafði í sannleika styrkt hana, jafnvel þó hún vissi það ekki sjálf þessa stundina. Að skoða dauðann eins og hann er í raun og veru, styrkir mann æfinlega.

Fidelía gekk út að glugganum, opnaði hann og fór út á gluggsvalirnar. Það voru mjög fallegar gluggsvalir fyrir utan herbergi hennar, byggðar úr fínu og snotru járnverki, og rjett hjá gluggsvölunum stóð hatt trje. Fidelíu hafði lengi þótt vænt um gluggsvalirnar og trjeð. Henni datt einmitt nú í hug, að ef hún væri nú bara orðin skólatelpa aptur, og væri ekki fullorðin stúlka, sem yrði að ganga í síðum pilsu og haga sjer eins og fullorðnum kvennmanni sæmði, þá gæti hún auðveldlega klifrað frá gluggsvölunum yfir í greinar trjesins, og vaggast sjer í þeim og horft upp í tunglið úr þessari skáldlegu vöggú sinni.

Hún fann til ákafrar löngunar að klifra yfir í trjeð af grindaverkinu utan við gluggsvalirnar, en hún bældi þessa unggæðislegu löngun niður, enda var hún í engu samræmi við tíguleik síðra pilsa. Hún ljét sjer því nægja að horfa á hvernig greinar trjesins vöggudu sjer í kveldblænum, hlusta á hina þunglyndislegu suðu í þeim og síðan horfa á sjóferð mánanans, þar sem hann sigldi á milli sky-eyjanna á himninum.

Eptir nokkra stund fór hún aptur inn í herbergi

sitt og skildi gluggan eptir opinn, og svo setti hún sig í hægindastól og fór aptur að hugsa um hið sama og áður. Hún ásetti sjer, að fara ekki í rekkju fyrir en hún væri orðin syfjuð, því hún var viss um, að ef hún gerði það nú þegar, þá yrði hún andvaka. Degar hún var búin að ráða þetta við sig, hagræddi hún sjer í stólnum—og sofnaði strax!

Hvað lengi svaf hún? Henni fannst, að hún hafa sofð svo klukkutíðum skipti, en í rauninni voru það að eins fáar mínútur. Hún vaknaði við eitt-hvert undarlegt skríðandi, brakandi hljóð rjett fyrir utan gluggan. Hún stökk á fætur og hljóp út að glugganum, eins og ósjálfrátt, til að láta hann aptur—hún vissi ekki hvers vegna—en þá sá hún einhvern dimman líkama bera við himininn úti fyrir glugganum. Þar næst sá hún, að karlmaður klifraði úr greinunum trjesins niður á gluggsvalirnar. Allar sögur, sem Fidelia hafði heyrt um nátt-ræningja, ruddust nú hver um aðra þvera fram í huga hennar; en þrátt fyrir það var hún í sömu andránni að ásetja sjer, að láta ekki óttann yfirbuga sig. Það var of seint að loka glugganum. Maðurinn, hver sem hann var, var þegar kominn á gluggsvalirnar.

„Óttist ekki,“ sagði hann, og þekkti hún röddina glöggt. „Það er vinur yðar, en ekki óvinur, sem hjer er kominn, Miss Locke“.

Maðurinn var prófessor Bostock—Jafet Bland. Fidelia hörfaði frá glugganum og hann kom inn í herbergið.

„Prófessor Bostock—komin þu hingað—um þetta leiti!“ hrópaði Fidelia. „Hvernig komust þú inn? Hvað viljið þú?“

„Jeg komst þannig inn,“ sagði hann, „að jeg klifraði upp trjed og úr því yfir á gluggsvalirnar og fór svo inn um gluggan, sem var opinn. Það var ekki mikill vandi að fara þessa leið.“

„Það verður enn minni vandi fyrir þú að komast út aptur,“ sagði hún, „því þú getið farið út um dyrnar.“ Um leið og hún sagði þetta gekk hún að hurðinni til að opna hana, en þá stökk hann allt í einu á milli hennar og hurðarinnar og sagði:

„Bíði þú við eitt augnablik, Miss Locke. Farið þú hægt—þú þurfið ekkert að óttast.“

„Óttast?“ sagði hún. „Jeg er ekki hið minnsta óttaslegin. Hvað ætti jeg að óttast?“

„Vissulega ekkert,“ sagði hann óviðkunnanlega, „ef þú viljið að eins hlusta á það sem jeg segi.“

„Jeg er ekki hrædd, og jeg ætla mér ekki að gera neinn skilmála,“ sagði hún. „Gerið svo vel að lofa mér að opna hurðina.“

„Setjum svo, að jeg lofi þú ekki að opna hana; hvernig fer þá?“ sagði hann.

„Þá hlýtt jeg að álíta, að þú sjeuð að ganga af vitinu—“ sagði hún.

„Og setjum svo, að jeg sje að ganga af vitinu; hvað svo?“ sagði hann.

að—um þetta
must þjer inn?

hann, „að jeg
ggsvalirnar og
inn. Það var

yður að kom-
ð farið út um
gekk hún að
ek hann allt í
sagði:

Miss Locke.
óttast.“
í hið minnsta

ökunnanlega,
jeg segi.“

mjer ekki að
ið svo vel að

að opna hana;

að ganga af

ga af vitinu;

„Þá bringi jeg eptir hjálp—bæði yðar vegna og
sjálfrar mín vegna,“ sagði hún.

„Mín vegna! Það gleður mig, að þjer segið
mín vegna—“ sagði hann.

„Vegna þess, að ef þjer eruð að ganga af vitinu
—og það, að þjer komið hingað á þenna hátt, gefur
sterkan grun um það—þá veitir ekki af að líta eptir
yður,“ sagði Fidelia og gerði aðra tilraun til að ná í
hurðina. En hann stóð enn á milli hennar og hurð-
arinnar með hörðn brosi á andlitinu.

„Þjer þurfið ekki að hafa neinar áhyggjur útaf
mjer,“ sagði hann. „Jeg er ekki hið minnsta vit-
skertur—að minnsta kosti ekki í þeim skilningi sem
læknar og vitskertra umsjónarmenn leggja í orðið.
Jeg er með öllu viti að öðru en því er snertir ást
mína á yður—“

„Ó“, hrópaði hún, „þetta gengur allt of langt—“

„Þjer skuluð verða að heyra miklu meira en
þetta, Fidelia, áður en jeg fer hjeðan,“ sagði hann.

„Jeg hef sagt yður að kalla mig ekki Fidelia“;
sagði hún og gerði enn eina tilraun til að komast
fram hjá honum til að opna hurðina, eða ná í klukku-
strenginn.

„Jeg lofa yður ekki að komast að hurðinni,“
sagði hann. „Jeg hef ýmislegt að segja við yður,
sem jeg hlýtt að segja! Jeg veit, að þjer ætlið að
gíptast þessum unga blaðasnáp, Aspen.“

Fidelia fann til þess, að reiðin var að verða ótt-
anum yfirstærkari hjá sjer, og sagði:

„Ef Mr. Aspen væri nú hjer staddur, þá þyrð-
uð þjer ekki að fara óvirðulegum orðum um hann.“

Bland gaf þessum orðum hennar engan gaum,
og sagði: „Jeg komst að því í dag, þegar jeg sá
yður og hann og lafði Scardale vera að tala saman
og á ráðstefnu. Enginn sagði mjer það. Jeg get
lesið ýmislegt bókarlaust. Jeg komst líka að öðru í
dag. Jeg hef nú loksins uppgötvað, hver Ratt
Gundy er og hvar hann er niður kominn.“

Fidelia hrökk saman við þessi orð, og sá hinn
skarpskyggni skilmingakennari því strax, að hann
hafði snert hana á viðkvæmum stað.

„Hann var staddur hjer í dag,“ hjelt Bland
áfram. „Jeg vissi það strax og jeg sá hinn fyrir-
mannlega Mr. Rupert Granton rjetta yður hendina.
Jeg sá, hve aumingjalegur og iðrandi hann var, þeg-
ar hann nálgadist yður, og hvernig þjer eins og
dróguð yður til baka, og undranina í augum lafði
Scardales; og jeg tók eptir, hvað þjer og hann flýtt-
uð ykkur að ljúka við að taka hvert í hendina á öðru.
Þegar jeg sá allt þetta, þá rann nýtt ljós upp fyrir
mjer. Jeg hafði reyndar haft óákveðinn grun í
þessu efni, en þetta var regluleg opinberun fyrir
mig! Og, Fidelia, mágur lafði Scardales er maður-
inn, sem drap föður yðar! Hvílik frjett er það ekki
til að segja lafði Scardale! Hvílik vogstöng er það
ekki fyrir mig!“

„Vogstöng við hann?“ sagði Fidelia. „Hann
mun bjóða yður byrginn. Hann hefur sagt mjer
allan sanuleikann í þessu efni.“

ir, þá þyrð-
um hann.“

ngan gaum,
egar jeg sá
tala saman

5. Jeg get
ka að öðru í
hver Ratt

“
og sá hinn
ax, að hann

hjelt Bland
hinn fyrir-
bur hendina.

nn var, þeg-
er eins og
augum lafði

hann flýtt-
dina á öðru.

s upp fyrir
þinn grun í
berun fyrir

er maður-
er það ekki
öng er það

ia. „Hann
sagt mjer

„Ó, hann hefur sagt yður allt saman“, sagði hann. „Hefur hann sagt lafði Scardale það einnig?“

„Áform yðar er þá, að nota þessa vogstöng gagnvart hinni göfuglyndu konu, lafði Scardale,“ sagði hún. „Djer eruð göfugt þrúðmenni, eða hitt þó heldur, Mr. Jafet Bland.“

„Nei, ekki gagnvart henni; hvað kæri jeg mig um hana?“ sagði Bland. „Jeg ætla mjer að nota þessa vogstöng gagnvart yður—nota hana á tilfinningar yðar gagnvart lafði Scardale. Vegna hennar verðið þjer að semja við mig, Fidelia.“

„Nei, jeg geri það ekki einu sinni hennar vegna,“ sagði Fidelia. „Hún myndi fyrirlíta mig ef jeg lyti svo lágt, að ganga inn á nokkra málamíðlan við yður, þó ekki væri nema um eitt augnablik. Lofið mjer að opna hurðina og fara út, eða þjer hafið verra af því á endanum.“

Ef Fidelia hefði vitað, að augu tryggs vinar hjeldu vörð við glugga hennar á þessari sömu stundu, þá hefði hún sannarlega mátt vera hugprúð. En hún sýndi hugþryði þó hún vissi ekki, að nein hjálp væri í nánd. En þó hún sýndi engan ótta, og þó hún fyndi til þess með sjálfri sjer, að hugrekki hennar mundi ekki bila, hvað sem fyrir kæmi, þá gat hún ekki annað en sjeð á svip Blands, að hann var ákveðinn í, að hún skyldi hlusta á allt, sem hann ætlaði að segja, og að hann ætlaði ekki að lofa henni að opna hurðina eða hringja klukkunni. Hún vissi vel, að hann var sterkur og liðugur maður, og að hún yrði að eins sem barn í höndunum á honum.

Sú undarlega hugsun flaug í gegnum huga hennar á þessu augnabliki, að ef Rupert Granton væri þarna staddur, þá mundi hann geta fleygt Bland út um hinn opna glugga. Hún óskaði ekki eptir, að unusti hennar væri þar kominn, jafnvel til að vernda hana. Hún óttaðist afleiðingarnar af því, ef hann og Bland hefðu hittst á annari eins stund og þessari. Hefði hún bara vitað þetta fyrirfram!

„Prófessor Bostock,“ sagði hún hæglátlega, „það er ekki líkt yður, að aðhafast annað eins og þjer eruð nú að aðhafast—að þrengja yður óvænt inn í herbergi stúlku um miðja nótt og heimta, að hún tali við yður. Jeg skal ekki tala við yður.“

„Hvað getið þjer gert?“ sagði hann.

„Jeg skal opna hurðina og fara út; eða jeg skal hringja klukkunni þangað tll einhver kemur—“ sagði hún.

„Það er að segja, ef jeg lofa yður að gera annaðhvort,“ sagði hann.

„Djer ætlið þó ekki að hindra mig frá því með valdi?“ sagði hún.

„Jú, það ætla jeg einmitt að gera,“ sagði hann grimmtóðlega. „En jeg skal halda yður í fanginu, eins og þjer væruð barn—rjett eins og ofurlíftið barn.“

En setjum svo að jeg hljóði upp?“ sagði hún.

„Dá eru mjer tveir vegir opnir,“ sagði hann harðneskjulega. „Annar vegurinn er, að drepa yður, en hinn er að segja, að þjer hafið boðið mjer að koma inn í herbergi yðar.“

Fidelia leit á hann reiðuglega og dýpsta fyrir-
litning lýsti sjer á svip hennar. Svo hló hún og sagði:
„Segið hvað sem þjer viljið. Hver í þessu húsi
myndi trúa orðum yðar, eða annars staðar?“

„Jeg skal segja, að þjer hafið vitað í langan
tíma, að jeg er Jafet Bland, og að þjer hafið haldið
því leyndu fyrir öllum,“ sagði hann. „Jeg skal
segja, að jeg hafi viljað giptast yður, og að þjer haf-
ið einnig haldið því leyndu. Og jeg skal segja, að
þjer hafið boðið mjer að koma inn í herbergi yðar—
til þess að tala um hlutina hjer, nú í kveld. Og hvers
vegna myndu menn ekki trúá því?“

„Við skulum reyna það,“ sagði hún með fyrir-
litningu. „Við skulum bráðum sjá, hvort það er
nokkur í þessu húsi sem efast eitt augnablik um, að
sagan sem jeg segi sje sönn. Lofið mjer að komast
fram hjá yður.“

„Hvers vegna ættum við að verða óvinir,“ sagði
hann og hindraði hana frá að komast að hurðinni.
Hún hefði reynt að brjótast fram að hurðinni ef hana
hefði ekki hryllt við þeirri hugsun, að hann myndi
grípa hana og halda henni í fanginu.

„Við hljótum ætíð að vera óvinir hjeðan af,“
sagði hún reiðuglega.

„Hvers vegna hljótum við að vera það?“ sagði
hann. „Jeg elska yður vitlaust. Já að því leyti er
jeg vitskertur—eins hættulegur eins og nokkur vit-
firringur getur verið. Jeg er ákveðinn í, að þjer
skulud giptast mjer, Fidelia, annaðhvort með rjettu

eða röngu. Sjáid þjer ekki, að það útaf fyrir sig, að jeg finnast hjer í herbergi yðar nú í kveld, getur leitt til þess, að jeg náí takmarki mínu? Menn munu benda á yður með fyrirliitningu ef það kemst í há-mæli, að jeg bafi verið hjer í herbergi yðar í kveld.“

„Þjer eruð heigull, að reyna að hræða kvenn-mann á pennan hátt!“ hrópaði hún. „En þjer getið ekki hrætt mig!“

„Hvað segið þjer um unnusta yðar, hann Mr. Gerald Aspen?“ sagði hann. „Mjer þætti gaman að vita hvað hann segði, ef hann heyrði slíka sögu?“

„Hann myndi segja hið sama og jeg segi, að þjer sjeuð heigull og lygari; og jeg skal segja yður meira, Mr. Jafet Bland—þjer eruð morðingi! Jeg hef grun- að yður í langan tíma; nú þekki jeg yður loks eins og þjer eruð. Jeg lofaði yður að tala við mig að eins til þess, að jeg gæti komist að leyndarmáli yðar. Svo lofið mjer nú að fara, eða drepið mig ef þjer viljið“, sagði Fidelia.

„Jeg vildi heldur drepa yður, en láta yður gipt-ast honum“, sagði Bland. „Það, sem jeg gerði hon- honum (Aspen), gerði jeg af því, að jeg elskaði yð- ur, af því, að jeg var fastráðinn í að þjer skylduð ekki giptast honum. Það er eitt af því sem jeg kom hingað í kveld til að segja yður. Giptist mjer og farið burt með mjer, og þessi maður, Aspen, skal vera óhultur til eilífðar, og getur fengið peninga- sína og skrifað fyrir blóðin, og getur fengið ein- hverja fríða, vanalega stúlku, af því tagi sem vaxa.

taf fyrir sig, að
eld, getur leitt
Menn munu
að kemst í há-
yðar í kveld.“
hræða kvenn-
„En þjer getið

ðar, hann Mr.
ætti gaman að
lfka sögu?“

g segi, að þjer
gja yður meira,
Jeg hef grun-
yður loks eins
a við mig að
ndarmáli yðar.
ð mig ef þjer

áta yður gipt-
jeg gerði hon-
g elskaði yð-
þjer skylðuð
f sem jeg kom
tist mjer og
Aspen, skal
ngið peninga-
fengið ein-
agi sem vaxa.

upp í tylftatali á Englandi, sem eru alveg við hans
hæfi, og sem gæti drukkið óáfengt öl og haft heimsku
börnin þeirra á brjósti. Jeg er ekki maður sem geri
mjer slíkar drósir að góðu. Jeg hef aldrei elskað
aðra stúlku en yður, og ef þjer giptist mjer ekki, þá
skal jeg sjá um, að þjer giptist engum öðrum. Þjer
hafið aldrei áður átt neitt saman að sælda við mann
eins og mig, Fidelia. Þjer verðið að semja við mig;
jeg er sturlaður maður“.

„Dá er jeg líka sturlaður kvennmaður“, sagði
hún. „Jeg geri engan samning við yður. Þjer
megið drepa mig, ef þjer viljið. Þjer getið ekki
slökkt hatur mitt á yður, og þjer getið ekki gert
mig hrædda við yður. Þegið þjer! hlustið á! jeg
heyri fótatak! jeg heyri mannamál—það kemur fólk!
Ó! guði sje lof!“ Og svo rak hún upp hvert hljóðið
á fætur öðru.

Eitt augnablik—í eina sekúndu—áleit hún, að
hann mundi drepa sig. Augu hans blossuðu af reiði,
og hann virtist vera að þreifa eptir vopni. En í
sömu andrúnni var barið á hurðina, tvær raddir hróp-
uðu á Fidelíu og tækifærið var um garð gengið.
Hinum óhamingjusama manni rann mesta reiðin, og
hann fann glöggt til þess með sjálfum sjer, að þar
eð hann hefði hikað sjer eitt augnablik að framfylgja
hótan sinni og drepa hana, þá væri tækifærið farið,
og hann sleppti henni því.

„Opnið hurðina“, sagði hann, „og ségið þeim
eins mikið eða lítið eins og yður sýnist“.

Hún opnaði nú hurðina, og lafði Scardale og Rupert Granton komu æðandi inn í herbergið.

„Frelsið mig frá þessum manni!“ hrópaði Fidelia, sem nú hafði misst allt vald yfir sjálfri sjer.

Rupert stókk til Blands og sló hann grimmelegt högg með hnefanum á milli augnanna, og Bland datt niður á gólfid og lá þar eins og drusla.

„Varið yður, varið yður!“ hrópaði Fidelia; „hann er víis til að fremja morð“.

Rupert stóð grafkyr, alveg rólegur, og beið eptir, að á sig yrði ráðist; en prófessor Bostock reis á fætur eins fljótt og hann gat og gerði enga tilraun til að ráðast á Granton.

„Jeg flýgst ekki á í viðurvist kvennfólks“, sagði Bostock.

„Jeg sá yður stinga mann í viðurvist kvennfólks“, sagði Granton. „Munið þjer ekki eptir skilminga-einvíginu góða?“

„Segið mjer allt um það, hvernig á þessu stendur, Fidelia“, sagði lafði Scardale, sem hafði verið að reyna að sefa og hughreysta vealings stúlkuna. „Hafið vald yfir sjálfum yður, kæri Rupert, og skiptið yður ekkert af þessum manni. Við skulum eiga við mál hans bráðum. Segið okkur alla söguna, Fidelia. Verið kyr þar sem þjer eruð, Mr. Bostock“.

„Nei, jeg held að það sje bezt að jeg fari“, sagði Bland, sem nú var búinn að taka á sig sitt einalega, kalda og stillta látbragð. Jeg sje ekki að þjer sje þjerf hjerna, rjett sem stendur“.

lafði Scardale og herbergið. „Hrópaði Fidelia um sjálfri sjer. Þó hann grinnmagnanna, og Bland drusla. Hrópaði Fidelia;

legur, og beið or Bostock reis þrði enga tilraun st kvennfólks“;

þúrvist kvenn- þjer ekki eptir

g á þessu stend- n hafði verið að lings stúlkuna. upert, og skipt- ð skulum eiga lla sögunu, Fi- Mr. Bostock“.

ad jeg fari“, aka á sig sitt Jeg sje ekki ad

„Hvernig komust þjer hingað“, spurði lafði Scardale reiðuglega. „Hvernig gátuð þjer verið svo ósvifinn, að koma hingað og þrengja yður inn í herbergi ungrar stúlkuna um þetta leyti kveldsins?“

„Við höfum haft margar skilminga-æfingar að undanförunu“, svaraði hann, „og injer fannst æskilegt, að við hefðum eina æfinguna enn—“

Granton hreifði hægri hendina eins og að hann ætlaði að berja, en lafði Scardale tók um handlegginn á honum, til að hindra hann. Þó lafði Scardale væri gáfuð og menntuð kona, þá var hún einföld í aðra rúndina, og hún skildi ekki meininguna, sem löyndist í talshætti Blands.

„Skilminga-æfingu klukkan 11 að kveldi til“, hrópaði hún þess vegna undrandi. „Hvað meinið þjer, Mr. Bostock“.

„Jeg hjelt að það væri rjett af mjer að kenna Miss Locke nokkuð, sem hún ætti að læra, viðvíkjandi vissu fólki, sem hún ætti að þekkja betur“, sagði Bland, og leit um leið grimmúðlega til Grantons, „viðvíkjandi fólki, sem hún ætti að vara sig á. Jeg ætlaði hvorki að móðga hana nje gera henni neitt mein, heldur gera henni greiða, ef hún að eins vildi kannast við það—“

„Hann hefur ekki móðgað mig“, sagði Fidelia skyndilega, því hún óttaðist frekari ryskingar, „nema með því, að koma hingað og neita að fara þegar jeg sagði honum að fara burt“.

„Það er rög móðgun“, sagði Granton.

„Já, auðvitað, það er nóg móðgun“, endurtók lafði Scardale. „Jeg held þjer hljótið að vera að ganga af vitinu, Mr. Bostock“.

„Já, jeg var að ganga af vitinu“, sagði Bland, „en jeg er nú að fá það aptur“.

„Hvernig stóð á, að þjer komuð svona fljótt?“ spurði Fidelia. „Þjer komuð áður en jeg hrópaði upp yfir mig“.

„Rupert barði á hurðina á herbergi mínu og kallaði á mig“, sagði lafði Scardale. „Hann sagði, að hann hefði verið að ráfa um í garðinum, og að hann hefði sjeð einhvern klifra úr trjenu yfir á gluggsvalir yðar, og að hann hefði álitid rjettara að koma til mín og segja mjer frá því, en að klifra sjálfur upp og ef til vill gera yður enn hræddari“.

„Jeg sá hver það var“, sagði Rupert stillilega, „og jeg hjelt, Miss Locke, að þjer vilduð heldur, að jeg kæmi með mágkonu mína með mjer. Annars hefði jeg getað komist inn um gluggan á einu augnabliki; en jeg hjelt að þjer kærðuð yður ekki um, að jeg træði mjer þannig inn á yður og að illdeilur og ryskingar ættu sjer ef til vill stað í herbergi yðar; og þó jeg hefði freistingu til að viðhafa einföldustu aðferðina, þá komst jeg að þeirri niðurstöðu að það væri rjettara af mjer, að koma með lafði Scardale“.

„Það gleður mig, að þið eruð öll svona ánægð og elskuleg“, sagði Bland háðslega. „Jeg skal ekki raska allri ánægju ykkar sem stendur. Það getur verið að jeg geri það seinna. Sem stendur kæri

móðgun“, endurtók
hljótið að vera að

tinu“, sagði Bland,

muð svona fjótt?“
ur en jeg hrópaði

herbergi mínu og
ale. „Hann sagði,
gærðinum, og að
ra úr trjenu yfir á
fði álitid rjettara að
því, en að klifra
r enn hræddari.“

Rupert stillilega,
vilduð heldur, að
að mjer. Annars
ggan á einu augna-
yður ekki um, að
og að illdeilur og
í herbergi yðar,
ðhafa einföldustu
iðurstöðu að það
lafði Scardale.“

öll svona ánægð
„Jeg skal ekki
dur. Það getur
m stendur kæri

jeg mig ekki um, að vera hjer lengur“. Hann var
nú orðinn alveg rólegur, og hið föla andlit hans—
fölt allsstaðar nema rauði bletturinn eptir hnefa
Grantons—var alveg hreifingarlaust. „Góða nótt,
Miss Locke. Það hryggir mig ef jeg hef gert yður
skelkaða. En aðrir blutir hryggja mig samt meira
en það. Góða nótt, lafði Scardale; jeg býst við að
þjer eigið varla von á mjer á morgun?“

„Jeg vona, að jeg sjái yður aldrei framar, Mr.
Bostock“, sagði lafði Scardale einlæglega.

„Nefnið hann ekki Bostock“, greip Granton
fram í fyrir lafði Scardale. „Hann heitir ekki
Bostock. Nafn hans er—“

„Hættið“, sagði Bostock, og hann sagði þetta
svo grimmúðlega, að Granton stanzaði. „Mr. Gran-
ton“, hjelt Bostock áfram, „við höfum báðir gengið
undir nefnum, sem ekki voru okkar eigin nöfn. Á
jeg að segja hvaða öðru nafni þjer hafið gengið
undir?“

„Ó, þegið þjer!“ greip Fidelia fram í, og þá
brosti Bostock.

„Það er máské bezt, að maður geymi það, sem
maður veit, hjá sjálfum sjer í bráðina“, sagði Bostock.
„Það má vera að frám þessum þyki fróðlegt að
heyra það einhvern tíma.“

Granton horfði forviða á Bostock, en um leið
lýsti augnaráð og svipur hans aðdáun fyrir stillingu
hans. Bostock gekk síðan til Grantons og ávarpaði
hann.

„Má jeg fá að tala nokkur orð við yður úti?“ sagði hann lágt, en ekki samt svo lágt, að Fidelia heyrði það ekki og gripi meiningu orðanna. Hún sneri sjer því frá lafði Scardale og að Granton og sagði:

„Farið ekki með honum—jég bið yður, að fara ekki út með honum!“

Bostock leit til hennar og var ekki trútt um, að einkonar bros ljeki á andliti hans. „Dað er ekkert að óttast, Miss Locke, jég fullvissa yður um það“, sagði hann. „Jég er alveg meinlaus, sem stendur. En, auðvitað, ef Mr. Granton er nokkuð hræddur—“

„Jég er ekki hið allra minnsta hræddur við yður“, svaraði Granton stillilega. „Við skulum fara út, í öllum bænum. Jég skal fylgja yður út úr gardinum, og á leiðinni getið þjer sagt mjer það, sem þjer viljið segja við mig“.

Fidelia sneri sjer aptur hálfgrátandi að lafði Scardale, sem vaði hana að sjer. Taugar hennar voru mjög óstyrkar eptir raunir þær, er hún hafði gengið í gegnum. Lafði Scardale reyndi að sefa hana með því. að tala blíðlega við hana, eins og hún væri preytt barn. Granton benti Bostock að fara út úr herberginu á undan sjer. Bostock hneigði sig því fyrir konunum og fór út, og svo fór Granton út á eptir honum og lokaði hurðinni á eptir sjer.

Deir gengu þegjandi eptir hinum þögulu göngum og ofan stigann, þangað til þair komu að framhurðinni. Granton tók slagbrandinn frá hurðinni

orð við yður úti?“
 „Ó lágt, að Fidelia
 og að Granton og

bið yður, að fara

ekki trútt um, að

„Dað er ekkert

essa yður um það“,

aus, sem stendur.

„Kkuð hræddur—“

hræddur við yð-

„Við skulum fara

lgja yður út úr

er sagt mjer það,

grátandi að lafði

Taugar hennar

ær, er hún hafði

e reyndi að sefa

na, eins og hún

ostock að fara út

toek hneigði sig

o fór Granton út

ptir sjer.

m pögulu göng-

e komu að fram-

nn frá hurðinni

og opnaði hana alveg, og svo stóðu þeir þarna í opn-
 um dyrunum í hjarta tunglskininu.

„Jæja“, sagði Granton, „hvað ætlið þjer að tala
 við mig? Hvað sem það er, þá segið það í snatri
 og hafið yður svo burtu hjeðan hið skjótasta“.

„Dað, sem jeg hef að segja yður, er það, að
 þetta gildir einvíg milli yðar og mín upp á líf og
 dauða—“, sagði Bostock.

„Gott og vel“, sagði Granton. „Jeg hef háð
 einvígi áður upp á líf og dauða—og iðrast eptir því.
 Jeg ímynda mjer, að það myndi nú samt ekki
 hryggja mig sjerlega mikið, þó að niðurstaðan yrði
 hin sama í þessu einvígi okkar og hún varð í hinu
 einviginu. Kunnið þjer að berjast — með öðrum
 vopnum en verjulausu skilmingasverði?“

„Djer skuluð komast að raun um, að jeg kann
 það“, sagði Bostock. „Jeg býst við að markið á
 andliti mínu eptir högg yðar sjáist þar fyrst um sinn,
 en jeg mun ekki hugsa um það framar ef mjer tekst
 að gera enda á lífi yðar“.

„Markið á andliti yðar er ljótt“, sagði Granton.
 „Jeg verð að játa, að mjer varð skapfátt af að sjá
 yður inni í herbergi ungrar stúlku, sem bæði jeg og
 mínir hafa hið mesta álit á. Og þjer eruð reglulegt
 þrælmenni, eins og þjer vitið“.

Bostock ypti öxlum og sagði: „Dað er óþarfi að
 eyða tímanum í að kalla hver annan illum nöfnum“.
 Hann var nú eins rólegur eins og hann hefði að eins
 verið að ræða um eitthvert smá-atríði viðvíkjandi

skilmingum. „Það má vera“, hjelt hann áfram, „að jeg sje þrælmennt; en eruð þjer viss um, að þjer sjeuð svo mikið betri en jeg?“

„Hvað meintuð þjer með því, sem þjer sögðuð áðan um hið annað nafn mitt? sagði Granton, án þess að gefa nokkurn gaum að spurningu Bostocks.

„Það sem jeg sagði“, svaraði Bostock. „Jeg veit hvað þjer voruð nefndur þegar þjer drápuð föður stúlkunnar (Fidelíu). En það er líka óþarfi að eyða tíma í að tala um það. Yður mun hugleikið að komast aptur til kvennfólksins, og jeg elska ekki návist yðar svo heitt, að jeg vilji reyna að tefja yður —núna“. Hann lagði sterka áherzlu á síðasta orðið.

Granton brosti ofurlítið. Hann dáðist að ró mannsins. „Hvenær óskið þjer að jeg hitti yður?“ spurði hann svo.

„Mjög bráðan“, svaraði Bostock. „Við hötum hver annan — að minnsta kosti hata jeg yður, sem er nóg hvað augnamið mitt áhrærir. Þjer hafíð slegið mig, og hvaða álit sem þjer annars hafíð á mjer, þá getið þjer ekki neitað mjer um að jafna þá smán við yður. Í hinum villtu löndum, sem þjer hafíð verið í, hafíð þjer fylgt slíkum lögum. Við hljótum að þerjast“.

„Þjer sögðuð það einmitt núna“, sagði Granton, „og jeg samþykki það“.

Viljið þjer lofa mjer því“, sagði Bostock, „að koma hvert þangað sem jeg segi og hvenær sem jeg segi, þegar jeg geri yður orð næstu þrjá daga?“

hann áfram, „að
viss um, að þjer

sem þjer sögðuð
gði Granton, án
ningu Bostocks.
Bostock. „Jeg
gar þjer drápuð
að er líka óparfi
r mun hugleikið
g jeg elska ekki
na að tefja yður
á síðasta orðið.
nn dáðist að ró
jeg hitti yður?“

„Við hötum
jeg yður, sem
ir. Þjer hafið
r annars hafið á
um að jafna þá
dum, sem þjer
lögum. Við

sagði Granton,

Bostock, „að
venær sem jeg
já daga?“

Granton hugsaði sig um í nokkur augnablik, og
Bostock gaf honum nákvæmar gætur á meðan.

„Eruð þjer hikandi?“ spurði Bostock þá.

„Nei“, svaraði Granton, „jeg er ekki hikandi.

En þetta er allt dálftið óvanalegt hjér í London, þó
það gæti vel átt sjer stað úti á „veldt“-inu, eða í
Calamity Camp; og svo hefur maður fleiru að sinna
í London, en í þessum fjörugu plássum sem jeg
nefndi. En hvað sem þvi líður, þá býst jeg við að
mjer sje óhætt að segja já. Jeg skal koma hvert
þangað sem þjer segið og hvenær sem þjer segið,
þegar þjer gerið mjer orð næstu þrjá daga“.

„Gott er það“, sagði Bostock. „Góða nótt“.

Hann bauð góða nótt eins rólega eins og kær-
kominn gestur mundi kveðja aldavin sinn. Hann
gekk í hægðum sínum niður strætið, í áttina til upp-
hlaðna árbakkans, og Granton horfði á eptir honum
þangað til hann hvarf fyrir hornið.

„Þar fer stilltur og hugrakkur fantur“, sagði
Granton við sjálfan sig. „Mjer þætti gaman að vita,
hvernig næsti lífundur okkar verður og hvernig við
skiljum. Já, það gerir nú reyndar ekki mikið til.
Ef hann er fantur, þá er jeg maður sem ekki er
mikil eptirsjón í, þegar öllu er á botninn hvolft“.

Svo lokaði Granton hurðinni og setti slagbrand-
inn fyrir hana aptur, og fór síðan upp á lopt. „Hann
veit allt saman“, sagði hann við sjálfan sig, „og hann
hefur geymt það hjá sjer til að segja mágkonu
minni og hverjum öðrum. Það er enn ein ástæða

fyrir, að jeg ætti að drepa hann ef jeg get—eða láta hann drepa mig.“

Lafði Scardale og Fidelia biðu eptir Granton mjög órólegar. Fidelia hafði enn ekki vogað að segja vinkonu sinni allt, {sem hún vissi um Bostock. Henni fannst, að hún ætti að segja Gerald það fyrst—trúa honum fyrir því og láta hann ráðleggja sjer hvað hún ætti að gera. Hann myndi koma til hennar með morguinum, svo hún tapaði ekki miklum tíma við það. Að segja lafði Scardale það nú í kveld, yrði að eins til að vekja hjá henni ótta að óþörfu. Dað væri ekkert hægt að gera rjett sem stæði, og ekkert væri ólíklegra en að Bland kæmi aptur. Svo myndi Mr. Granton náttúrlega gista par í húsinu um nóttina. En jafnvel sú hugsun vakti ótta hjá henni. Því kom hann ekki aptur? Gat nokkurt slys hafa hent hann—á meðan hann var með þessum hræðilega manni, Bland?

En Rupert kom brátt aptur, og virtist vera í mjög góðu skapi—og allt látbragð hans var orðið breytt.

„Jeg hef fylgt veslings mannum út úr garðinum“, sagði hann. „Hann er eins vitskertur og unnt er að verða“.

„Vitskertur!“ hrópaði lafði Scardale. „Áltíð þjer í raun og veru, að hann sje vitskertur? Ættum við þá ekki að láta láta eptir honum? Er hann hættulegur?“

„O! jæja. Jeg meina, ekkj að hann sje vits kert

ur í þeim skilningi“, svaraði Rupert blátt áfram; „en
jég er mjög hræddur um, að nann sje að ganga af
vitinu. Hann er fullur af óhemjulegum skálda-
grillum —“

„Dað hefði mjer aldrei komið til hugar — það
grunaði mig aldrei“, hrópaði lafði Scardale.

„Og mig ekki heldur“, sagði mágur hennar.
„En hann hefur augsýnilega frjett eitthvað í dag,
sem hefur haft þessi áhrif á hann“, hjelt Granton
áfram og horfði til lafði Scardale, og benti um leið
með höfðinu efurlítið í áttina til Fidelíu, til að draga
athygli lafði Scardales að henni þar sem hún sat þegj-
andi og undraði sig yfir leiknum, sem Rupert var
andsjáanlega að leika.

„Ó!“ sagði lafði Scardale, og kenndi í brjósti
um Bostock. En svo bætti hún strax við: „Hann
ætlar þó ekki að koma hingað aptur?“

„Nei“, sagði Rupert glaðlega. „Hann kemur
ekki hingað aptur. Jég álst að þjer megið vera
þýsna viss um það.“

Svo buðu þau hvert öðru góða nótt rjett á eptir,
og svo lauk þessu ókyrra kvældi.

XXIX. KAPÍTULI.

BÍÐIN.

Daginn eptir viðburðina á menningar-skólanum,
sem skýrt er frá í síðasta kapitula, fjekk Granton

engar fregnir af Bostock. Hann var samt viss um með sjálfum sjer, að Bostock mundi senda til hans, og hann fann til kynlegrar forvitni að vita, hvað hann myndi segja eða gera; það var samkyns forvitni og hann mundi eptir að hafa fundið til sem ungur drengur, þegar hann var að lesa sögu er var í þörtum og sem endaði við einhvern hrifandi viðburð með orðunum: „Framhald í næsta blaði“.

Hvert sem Granton fór um daginn, þá skildi hann eptir nákvæmar leiðbeiningar um, hvar sig yrði að hitta; svo að ef Bostock sendi honum orð, þá væri hægt að koma orðsendingunni til hans tafarlaust. Hann vildi ekki að neinn dráttur yrði á, að hann gæti mætt Bostock, svo að hann hefði ekki hina minnstu ástæðu til að ímynda sjer, að hann vildi komast hjá að mæta honum. En engin orðsending kom frá skilminga-meistararum allan þann dag.

Granton spurði lafði Scardale mjög nákvæmlega um heilsu Fidelíu, þegar hann hitti mágkonu sína morguninn eptir árás Bostocks.

Lafði Scardale sagði honum strax, að ekkert væri að óttast, hvað snerti áhrifin á Fidelíu. „Hín kæra vinstúlka mín er alveg frísk“, sagði hún. „Dað þarf meira til en ósvifni annars eins manns eins og Bostock er, þó hann sje vitskertur, að eyðileggja taugastyrk hennar. Jeg býst við að hann sje vitskertur, eða álstíð þjer það ekki?“

„Ó, já,“ svaraði Rupert. „Hann hlýtur að vera alveg genginn af vitinu, veslings mannskrottinn.“

samt viss um
 senda til hans,
 að vita, hvað
 ankyns forvitni
 til som ungur
 r var í þörtum
 viðburð með

nn, þá skildi
 hvar sig yrði
 onum orð, þá
 ans tafarlaust.
 í á, að hann
 sði ekki hina
 að hann vildi
 n orðsending
 ann dag.

jög nákvæm-
 itti mágkonu

k, að ekkert
 elni. „Hin
 í hún. „Það
 anns eins og
 þ eyðileggja
 hann sje vit-

rtur að vera
 krattinn.“

„Var hann ekki að segja eitthvað um nafn yðar og nafn sitt, eða skyldi jeg bara hafa fmyndað mjer það í æsingunni í gærkveld?“ sagði lafði Scardale.

„Já, hann var að segja eitthvað pessháttar,“ sagði Granton, „og það staðfestir þá skoðun mína, að hann sje ekki með öllum mjalla. Jeg gat pess hálfvegis til, að hans rjetta nafn væri ekki Bostock, og hann reyndi að svara með þeirri vitleysu, að það væri eins varið með mig. En þetta rugl hans hefur enga þýðingu. Jeg býst við að við heyrum þessa náunga aldrei framar getið.“

„Haldið þjer það?“ sagði lafði Scardale.

„Já, það held jeg; að minnsta kosti vona jeg það,“ sagði Granton. „Hann hlýtur að vita, að leikur hans er nú á enda—að hann getur litla eða enga von haft um, að Fidelia vilji hann.“

„Jeg undra mig alls ekki á, að hann skyldi verða ástfanginn af Fidelíu“, sagði lafði Scardale.

„Jeg sje ekki, hvornig nokkur maður gæti komist hjá því“, bætti hún við og andvarpaði ögn um leið.

„Og jeg ekki heldur“, sagði Granton. „Hún er svoléiðis stúlka, að hver maður með heiðarlegu hjarta í brjósti sjer ætti að verða ástfanginn af henni—ef hann væri ekki ástfanginn af einhverri annari stúlku, náttúrlega“, bætti hann við og hló; en hlátur hans var ekki mjög sannfærandi, því hann var ekkert hjartanlegur.

„Þjer voruð þó ekki ástfanginn í annari stúlku, Rupert?“ sagði lafði Scardale fremur rauzalega.

Granton varð dálftið bilt við þessi orð lafði Scardales og sagði: „Jeg? Nei! En hvers vegna spyrjið þjer að því?“

„Þjer virðist hafa sloppið við áhrfin af töfra-afi hennar“, sagði lafði Scardale.

„Jeg? Jeg? Ó, það er líkleg saga“, sagði Granton. „Þjer gleymið, kæra systir, að jeg sagði, að hver maður með heiðarlegt hjarta í brjósti ætti að verða ástfanginn af henni. Jeg er einn af þeim snáðum, sem vildi eiga stálku eins og Fidelia Locke er“.

„Já, jeg hef fmyndað mjer, að þjer væruð einmitt einn af þeim mönnum“, sagði lafði Scardale. „Þjer vitið, Rupert, að mjer geðjast mikið vel að Mr. Aspen“.

„Gerald Aspen er ákaflega góður drengur“, greip Granton fram í.

„Vafalaust, vafalaust“, sagði lafði Scardale. „En það var sá tími að jeg hugsaði, að allt mundi fara öðruvísi“.

Granton hafði stutt sig upp við arinhilluna og horft niður í eldinn. Dó september væri þan ekki liðinn, þá hafði veðráttan verið hráslagaleg, köld og rigningar gengið að undanförunu, og lafði Scardale áleit, að eldur væri hollur í þannig veðráttu. Nú rjetti Granton sig upp og sneri sjer að henni. Augu hans skiuiu, en það gat hafa komið til af því, að hann hafði horft svo fast í eldinn.

„Kæra systir mín“, sagði hann, „það getur ver-

id, að jeg hafi einusinni hugsað líka, að allt færi
öðruvísi; en hafi svo verið, þá varaði það að eins
stutta stund, og nú er það alveg um garð gengið—
sú hugsun dauð og grafín. Við skulum ekki tala
um það framar, kæra mín, ef yður er það ekki á
móti“.

Lafði: Scardale andvarpaði aptur ofurlítið og
þagði.

Granton fór aptur að horfa í eldinn. Hann sá
þar allskonar staði—,veldt“ið og Calamity Camp
(óláns-búðir), Mexico og Siam—og öll hin óbyggðu
og kynlegu hjerð, sem hann hafði verið í, og sem
hann hafði stundum elskað; og hann var að hugsa
um það, fremur biturlega, að maður sem ætti aðra
eins fortíð og hann, væri varla maður sem gæti von-
ast eptir, að ná ástum Fidelíu Locke.

Skömmu seinna sagðist hann verða að fara, að
hann hefði ýmsum hlutum að sinna úti í bæ. Lafði
Scardale bað hann að tefja lengur og tala við Fid-
elfu, sem bráðum mundi koma ofan, svo hann gæti
sjálfur gengið úr skugga um, að æfintýri það, sem
kom fyrir hana kveldinu áður, hefði ekki gert henni
mikið til. En hann neitaði að tefja lengur. Hann
sagðist verða að fara út í bæ til að sinna áriðandi
störfum, og hann sagði að það væri mögulegt, að all-
ur dagurinn gengi í að ljúka þessum störfum. Það
gæti jafnvel verið, að hann yrði á klúbbnum næstu
nótt. Það voru svefnherbergi á klúbbnum, og
Granton gat æfinlega fengið þar svefnherbergi, þó

hann hefði ekki alltaf haft þar herbergi síðan hann hafði náð kosningu sem meðlimur klúbbsins, og honum geðjaldist staðurinn og mennirnir, sem þangað komu, og þótti gaman að fá fregnir frá öllum þórtum veraldarinnar. Hann sagði, að það væri eins og allir vindar bljesu í áttina til ferðamanna-klúbbsins. Hann kvaddi því lafði Scardale með handabandi og fór leið sína út í bæ.

Hann ætlaði sjer ekki að koma aptur — að minnsta kosti ekki í bráðina. Hann hugsaði sjer að vera á ferðamanna-klúbbum þangað til að hann fengi skeyti frá Bostock—þangað til hann væri búinn að afjúka því sem þeim færi á milli, hvernig svo sem það endaði. Ef viðureign þeirra endaði á vissan hátt og allar ábyggjur útaf henni væru umgarð gengnar, þá gæti hann komið aptur á menningar-skólann, notið samvistar lafði Scardales og þess, að sjá Fidelfu, með glaðara geði; en ef viðureignin endaði hina veginn, þá gerði það alls ekkert til. Degar hann því kom á klúbbin, þá sendi hann mágkonu sinni miða og sagði henni í honum, að hann gæti ekki komið að heimsækja hana í einn eða tvo daga, og svo settist hann um kyrt og beið eptir skeyti frá Bostock.

Loksins kom skeytið, að morgni hins annars dags. Degar það kom, sat Granton að morgunverði í borðstofu þeirri á klúbbum, sem áður hefur verið lýst. Hann hafði eitt morgunblaðið reist upp á borðinu til annarar handar. Hann leit í dálka þess

annað veifið, en annað veifið leit hann út á hinn græna ferhyrning, sem húsið stóð við—hann var enn grænn, þó blærinn væri orðinn fúleri og haustlegri.

Granton hafði einmitt lokið við að lesa ritdóm um ferðabók manns eins, sem ferðast hafði í útöndum, og sem hafði orsakað það, að hugur hans fór að dansa um allt yfirborð bæði hinna menntuðu og ómenntuðu hluta veraldarinnar, þegar einn af klúbbsþjónunum færði honum brjef á bakka og sagði honum, að það væri vænst eptir svari.

Utan á brjefið var skrifað með fagurri snarhönd, sem líktist talsvert kvenmannshönd; en Granton var strax viss um með sjálfum sjer, að enginn kvenmaður hefði skrifað utan á brjefið, heldur að það væri brjefið sem hann átti von á. Hann bráut það upp hæglátlega og las það sem fylgir:

„Standið nú við loforð yðar. Mætið mjer aðra nótt, á miðnætti, hjá gamla báthúsinu við Three Cups, hinumegin við Battersea. Það er enginn vandi fyrir yður að finna staðinn, ef þjer farið eptir uppdrættinum hjer fyrir neðan“.

Neðan við línur þessar var heldur laglega gerður uppdráttur af strætunum, sem Granton átti að fara eptir til að komast á þetta undarlega stefnumót. Það var engin undirskript á brjefinu, enda þurfti þess ekki með.

Granton spurði hver hefði komið með brjefið, og þjónninn sagði honum að vanalegur sendimaður hefði komið með það. Granton stóð á fætur og

gekk yfir að skrifborði, er stóð í miðri borðstofunni þar sem fjehirðirinn sat. Granton tók þar pappírsörk og bað um umslag. Hann skrifaði að eins á örkina orðin „all-right“, braut hana saman og ljet í umslagið, sem hann síðan lokaði, en skrifaði ekki utan á, og fjekk þjóninum það síðan til að afhenda sendimanninum. Að því búnu gekk hann aptur hæglátlega að borðinu, sem hann hafði áður setið við, tók dagblað sitt og lauk við að lesa greinina, sem hann hafði verið að lesa.

En þegar hann hafði lokið við að lesa greinina — þegar hann var farinn úr borðstofunni og var settur í litla krókinn, þar sem Gerald Aspen hafði setið og talað við Set Chickering eins og áður hefur verið getið um — þá fóru hugleiðingar hans að verða alvarlegri. Hann fann til þess, að þetta var alvarlegt málefni; honum blandaðist ekki hugur um það. Granton hafði stofnað lífi sínu í hættu hundrad sinnum — útaf kvenmanni, útaf veðmáli, útaf ertni, og stundum bara af ánægjunni, sem hann hafði af að stofna því í hættu. Hann hafði aldrei gert sjer grein fyrir tilfinningum sínum við slík tækifæri, hafði aldrei alvarlega hugsað um, hverjar afleiðingarar gætu orðið. „Jeg met mannslífið lítils“, var hann vanur að segja, „og minnst af öllu mitt eigið líf“. En í seinnitíð hafði hann verið að komast að þeirri niðurstöðu, að mannslífin væru einhvers virði. að jafnvel hans eigið líf væri ekki einkis virði, og hann leit yfir höfuð að tala einhvern veginn öðruvísi á hlutina, en hann hafði áður gert.

Hugur hans sveif ósjálfrátt til baka til liðinna daga, til vissra daga, þegar hann hafði reynt krapta sína og vopnfimi við krapta og vopnfimi annara manna og líf hans lá við hver niðurstaðan varð. Hann minntist þess, meðal annars, þegar hann sem unglingur, fyrir mörgum árum síðan, barðist með sverði við annan ungan spjátrung úr föruneysi spánska sendiherrans, í Fontainebleau, útaf hjarteygðri, smávaxinni leikkonu frá Folies Bergerese-leikhúsinu. Hann mundi eptir, að hann hafði sært mótstöðumann sinn og misst stálkuna, sem varð klökk í huga og hjarta við þjáningar hins stungna Spánverja. Þá var breiðsverða-einvígið, sem hann hafði háð í skóginum hinumegin við ána Neckar, beint á móti Heidelberg, þar sem hann hafði fengið sárið rjett í hársræturnar, sem hann enn gat fundið úrið eptir með því að strjúka hárið upp frá enninu, og þar sem hann hafði höggvið mótstöðumann sinn svo sorglega víða. Svo var skothríðin í hinni þvínær tómu kánetu á gufuskipi einu á Amazon-fljótinu, þegar hann var að safna liði til að koma af stað upp-reisn í San Grenada. Þar næst minntist hann ein-vígisins í greniskóginum nálægt Calamity Camp— ó! og svo var hið óhappasæla rífrildi og bardaginn, er reis útaf því, og sem endaði svo ólánlega úti á „veldi“-inu, þegar Ratt Gundy drap kaptein Söngfugl.

Það var kynlegur æfiferill að líta yfir, en að eins hið síðastnefnda setti hrylling í hann. „Drott-

inn minn!“ sagði hann við sjálfan sig, hugsandi, og tók um leið vindilinn út úr sjer og bljes í eldinn í endanum á honum þangað til að nærri logaði í vlnðlinum, „drottinn minn!, ef þessi fantur dræpi mig, þá gæti það ef til vill álitist einskonar afplánum misgjörða minna“. Þessi hugsun, og orðin sem hann sagði, minnti hann mjög ljóslega á Fidelfu, og minnti hann á að gera hluti, sem honum hafði aldrei áður dottið í hug að gera þegar hann var í þann veginn að ganga út í bardaga upp á líf og dauða. „Jeg er nú rikur maður“, sagði hann ennfremur við sjálfan sig og hló kætislausan hlátur, „og auðnum fylgja skyldur, ekki síður en rjettindi“.

Hann stóð á fætur og ljét sækja leiguvagn, og þegar leiguvagninn kom, þá fór hann inn í hann og skipaði ökumanninum að aka sjer til skrifstofu nafntogaðs lögfræðinga-fjelags. Þegar þangað kom, sendi hann inn miða með nafni sínu á, og þar eð aðal maðurinn í fjelaginu þekkti Granton, þá fjekl hann strax að tala við hann; og svo skýrði hann fyrir honum á fáum mínútum hvað hann vildi láta gera. Hann sagðist vilja láta rita fyrir sig erfðaskrá, og leiðbeiningarnar, sem hann gaf fyrir hvernig hún ætti að vera, voru mjög einfaldar. Þær voru þannig, að ef hann dæi, þá skyldi skipta auðnum, sem hann ætti í vændum, í þrjá jafna parta. Mágkona hans—lafði Scardale—átti að fá einn partinn og verja honum eins og henni sýndist í sambandi við menningarskólan í Chelsea; Fidelia Locke átti að fá

annan partinn, og þriðja partinn átti Gerald Aspen að fá.

Þegar erfðaskráin var fullger—og það tók ekki langan tíma að klára hana—þá pakkaði Granton vini sínum, lögfræðingnum, fyrir og fór út, og fannst eins og hann væri sloppinn úr einhverjum vanda. Ef allt færi sem verst, þá yrði hann þó einhverjum að líði, hugsaði hann með sjer. Þessi orð úr Macbeth suðuðu fyrir eyrum hans: „Ekkert í lífi hans fór honum eins vel og að yfirgefa það“, þangað til hann nærri skellihló. „Þessi náungi væri ekki eins áfram um að drepa mig ef hann vissi, að Gerald Aspen, sem hann hatar, hefði hag af því“, hugsaði hann með sjer. Umhugsunin um Gerald Aspen var eins og spori á hann. „Jeg sæl gera mitt ýtrasta til að láta hann ekki drepa mig“, sagði hann einbeittlega. „Það dugir ekki að láta hann hringla um á jörðunni og geta skaðað Gerald og með því skaða Fideliu“.

Granton kom til baka á klúbbinn og settist inn í rósamt herbergi, sem kallað var lestrarstofa, og sem álitid var að allir ættu að þegja í. Þar skrifaði hann nokkur brjef. Eitt var til Gerald, og var það til-
tölulega stutt. Annað var til lafði Scardale, og var það miklu lengra. Hið þriðja var til Fideliu, og kostaði það hann meiri tíma og umhugsun, að skrifa það, en hin. Það var að vísu stutt brjef, en hvert orð í því kom beint frá hjarta hans; en samt var ekkert í því sem Fideliu mátti ekki vera sama þó

lafði Scardale, Gerald, eða hver annar, sæi. Brjefið var blátt áfram kveðju brjef og heilla-óskir, þess konar fyrirbæn um velfarnan og vellíðan konu, sem menn eins og Granton geta stundum látið í ljósi með orðum.

Hann ljét þessi þrjú brjef í stórt umslag og skrifaði utan á það. „Til kapteins Johns Raven. Opnist að eins ef viss hlutur skeður.“ Hann skrifaði svo stuttan miða til Ravens kapteins og ljét hann, ásamt stóra brjefinu, í umslag, sem hann lokaði og skrifaði utan á til Ravens. Í miðanum bað Granton Raven kaptein að opna umslagið með brjefunum í ef hann sjálfur (Granton) kæmi ekki að fáum dögum liðnum eptir því, og senda brjefin til viðtakenda. Granton afhenti dyraverðinum brjefið og lagði svo fyrir, að hann skyldi afhenda Raven kapteini það snemma morgunin eptir. Hann lagði ríkt á við dyravörðinn, að afhenda Raven kapteini ekki brjefið undir neinum kringumstæðum þetta sama kveld.

Degar Granton var búinn að afjúka öllu þessu þá andvarpaði hann eins og einhverju fargi hefði ljett af honum. Hann hafði ekki starfað svona mikið í langan tíma, og hann brosti með sjálfum sjer þegar hann hugsaði um það. Nú fannst honum að hann mega eyða því sem eptir var af deginum á hvern þann hátt er honum sýndist. „Jeg á nú skilið að fá mjer hvildardag,“ sagði hann við sjálfan sig. „Hvernig á jeg að verja honum?“

Það var nú kominn miðdagsverðar-tími, svo

hann fór upp á lopt og inn í borðstofuna, og sá hann Raven kaptain sitja þar einan sjer við eitt borðið. Granton settist við borðið hjá honum og hlustaði með ánægju á ræðu Ravens um Lydiu. Raven átti ekki von á Hiram Borringer, en hann rakst samt þangað, þegar þá minnst varði, og settist hjá þeim. Deir ræddu um ferðalög, eins og sæmdi þremur slíkum meðlimum ferðamanna-klúbbsins. Raven skýrði þeim frá, að hann ætlaði að ferðast í kringum hnöttinn með brúður sína. Hiram talaði um, að fara í leiðangur til suðurpólsins. „Enginu gefur litla, gamla suðurpólnum neinn gaum nú á dögum,“ sagði hann, „og jeg ætla mjer að vekja aptur-lygli manna á honum.“ Granton gat þess, að hann hefði einnig í hyggju að fara í ferð—í langferð—en þegar þeir kumpánar spurðu hann hvert hann ætlaði að fara, þá sagði hann að hann væri enn ekki alveg búinn að ráða það við sig; að það væri nokkuð komið undir kringumstæðum. Tíminn leið þannig. Þegar þeir stóðu upp frá borðinu leit Granton á Hiram og hugsaði með sjer: „Darna er einmitt maðurinn, sem jeg ætti að hafa með mjer til þess að sjá um, að allt fari svikalaust fram. En nei,“ hugsaði hann ennfremur, „maðurinn ætlast til að jeg verði einsamall, svo jeg skal koma einsamall.“

„Mig langar til að tala orð við yður,“ sagði Hiram við Granton, rjett eins og hann hefði lesið hugsanir hans.

„Gott og vel,“ sagði Granton.

Raven fór sína leið, til að líta eptir að starfið gengi vel og reglulega í heild sinni á klúbbnum. Granton og Hiram fóru ofan í kompuna út frá stiganum, þar sem svo margir vindlar og eigarettur hafa verið reyktir síðan saga þessi byrjaði.

Hiram tók snögglega til máls og sagði:

„Dekkið þjer þennan mann, hann Bostock?“ spurði Hiram.

„Já, jeg þekki hann,“ sagði Granton með áherzlu.

„Jæja, jeg er nú farinn að kynna honum,“ sagði Hiram. „Geðjast yður að honum?“

„Nei, sannarlega ekki,“ sagði Granton.

„Mjer heldur ekki,“ sagði Hiram. „Vitið þjer nokkuð illt um hann?“

„Það ímynda jeg mjer heldur en ekki,“ sagði Granton, og lagði aptur mikla áherzlu á orðin.

„Jæja, mjer finnst einhvern veginn að því sje eins varið með mig,“ sagði Hiram. „Vitið þjer, að jeg er nýkominn til baka frá Neapel?“

„Er það svo?“ sagði Granton. „Neapel er mjög fallegur staður.“

„Já, en jeg fór ekki þangað til að skoða eldfjallið Vesuvius, eða rústir Pompeii-borgar—“ sagði Hiram.

„Nei, jeg býst ekki við því,“ sagði Granton, eptir að hafa horft fast framan í Hiram. „Nei, jeg ímynda mjer að þjer hafið ekki gert það—í þetta skipti.“

eptir að starfið
ni á klúbbnum.
na út frá stig-
cigarettur hafa

sagði:
ann Bostock?“

Granton með

ynnast honum,“
um?“

Granton.

„Vitið þjer

en ekki,“ sagði
i á orðin.

inn að því sje
„Vitið þjer, að

„Neapel er

að skoða eld-
orgar—“ sagði

sagði Granton,
am. „Nei, jeg

t það—í þetta

„Nei, jeg fór þangað til að leita mjer upplýs-
inga viðvíkjandi þessum manni, honum Bostock“,
sagði Hiram. „Jeg hefði þorað að sverja þið við
biblufna, að jeg sá hann þar fyrir nokkrum árum síð-
an á drykkjustofu einni af verstu tegund, og sá hann
þar í illdeilum og sá hann kasta hufi að svenskum
sjómanni einum, sem hitti hann í hálsinn—og jeg
sagði honum, að jeg hefði sjeð hann gera það.“

„Hverjum sögðu þjer það?“ spurði Granton.

„Jeg sagði Bostock það, auðvitað,“ svaraði
Hiram.

„Svo er nú það,“ sagði Granton. „Hvað sagði
hann?“

„Hann sagði, að það væri ekki satt,“ svaraði
Hiram. „Hann sagði, að mjer hefði algerlega skjátl-
ast í því.“

„Máske svo hafi verið,“ sagði Granton.

„Ó nei, mjer skjátladist alls ekki í því,“ sagði
Hiram. „Jeg fór einmitt til Neapel til þess að kom-
ast eptir, hvort svo var eða ekki. Heyrið þjer mig,
fjelagi; mjer er nokkuraveginn sama, hvort einhver
maður kastar hufi að öðrum á drykkjustofu í illdeil-
um. Mjer kemur það ekkert við. Jeg hef ef til
vill gert eins illt eins og það optar en einusinni á æf-
inni. Og þjer hafið ef til vill gert það líka.“

„Og jeg hef ef til vill gert það líka,“ svarað
Granton alvöruginn.

„En þegar spursmálið er um að neita því, skilj-
ið þjer mig ekki? Þá er það allt annað mál. Setj-

um svo, að þjer hefðuð kastað hníf í mann í illdeilu í Neapel fyrir mörgum, mörgum árum síðan. Hvað kæmi það mjer við?—

„Sjálfsagt ekki mikið,“ sagði Granton, sem var farinn að fá áhuga fyrir sögu Hiram.

„Nei, en setjum svo að þjer segðuð, að þjer væruð ekki maðurinn, sem hefði kastað hnífnum og sýnt svo fjarska mikinn fimleika með hann, og að jeg gæti sannað, að þjer væruð maðurinn; hvað segið þjer til þess, fjelagi? Hvers konar ljósi mundi það varpa á aðrar sakargiptir, sem kynnu að hafa verið bornar á yður, og sem þjer hefðuð einnig neitað— skiljið þjer ekki? Hvað er að segja um þær; það er það sem jeg vil fá að vita?—“

„Ef þjer getið sannað hina fyrstu sakargipt yðar, þá litur það mjög alvarlega út hvað hinar aðrar snertir,“ svaraði Granton. „En getið þjer sannað, að þessi Bostoek sje maðurinn sem kastaði hnífnum í Neapel og sagði svo, að hann væri ekki maðurinn, sem hefði gert það?“

Granton var nú orðinn mjög fskinn í að heyrta söguna.

„Jeg get sannað það,“ hrópaði Hiram. „Jeg hef farið til Neapel. Jeg hef náð þar í mann, sem var viðstaddur og sem sver og sárt við leggur, að hann skuli þekkja manninn, sem kastaði hnífnum hvar sem er; og maður þessi er enginn Ólukkans Ítali, heldur heidarlegur Englendingur, sem heima á í Neapel; og jeg hef komið með hann hingað til

London og sýat honum Bostock, og hann seðist skuli sverja það frammi fyrir hvaða dómara og kvið-dómi sem er á Stórbretalandi, að Bostock sje mað-urinn.“

Granton hugsaði sig um eitt augnablik og sagði síðan:

„En setjum svo, að þetta sje nú allt satt, hvaða sakargipt hafid þjer í hyggju að bera fram gegn Bostock? Rjettir vorir hjer á Englandi skipta sjer ekkert um illdeilur á drykkjustofum í Neapel.“

„Nei, en jeg hef ef til vill aðrar sakargiptir gegn honum; og ef hann er lygari í einu tilfelli, þá er hann lygari í hinum öðrum, ált jeg,“ sagði Hiram.

„Jæja,“ sagði Granton eptir aðra augnabliks þögn, „jeg ált það líka. Dað má vera, að jeg hafi einnig aðrar sakargiptir gegn honum. Jeg er yður mikið þakklátur fyrir upplýsingarnar; þær eru mikils virði fyrir mig. Viljið þjer fara að ráðum mínum?“

„Dað vil jeg sannarlega gera,“ sagði Hiram.

„Látið þá allt liggja kyrt þangað til á morgun,“ sagði Granton. „Segið engum frá þessu þangað til á morgun. Ef mjer verður það mögulegt, þá ætla jeg að hitta yður hjer aptur á morgun kl. 1 e. m. Ef jeg kem ekki, þá gerið það sem yður virðist rjettast. Dað er enginn vafi á, að þjer fáið fregnir fyrir þann tíma.“

„Jeg skil ekki vel, hvað þjer eruð að fara“ sagði Hiram.

„Bíðið við þangað til á morgun, og þá munuð þjer skilja allt saman,“ sagði Granton.

„Jæja, jeg skal bíða,“ sagði Hiram.

Afnjótur B. Olsen

XXX. KAPÍTULI.

ANNRÍKI UM NÓTT.

Granton þreifaði sig áfram sem bezt hann gat á svæðinu fyrir ofan Battersea. Hver sá sem nokkurn tíma hefur kynnt sjer leiðina meðfram Thames-ánni, frá Battersea upp eptir, veit, að það er vandratað á því svæði þegar bezt lætur; en þegar verst lætur—um aðra eins koldamma nótt eins og t. d. sú nótt var, sem Granton var þar á ferðinni á stefnumót sitt við Jafet Bland—þá er það vodafonegt völundarhús.

Drátt fyrir það, að Granton var gæddur óbilandi góðlyndi, þá lá við að hann langaði til að bálva þegar hann var að hnjóta yfir viðarhrúgur og sorphauga og varð að feta sig áfram með því að þreifa á slímugum steinveggjunum. Nóttin var ákaflega ðimm; það var ekkert tunglsljós, og það sást varla votta fyrir neinni stjörnu. Hann vissi miklu fremur af edlis-ávísan, að fljótið rann á hægri hönd honum, en að hann sæi nokkuð til þess. Hann heyrði stundum skvampið í vatninu við timbríð í bryggjunum. Hann heyrði líka stundum hávaða þann sem orsakast

við það, að skip núast saman, þegar hið afmikla vatnsfall kastaði þeim til. En hann gat varla aðgreint hinn mikla skipaveg frá veginum á landi, og sumsstaðar varð hann að fara mjög varlega, svo hann dytti ekki, þegar minnst vonum varði, niður í hið dimma vatn til hægri handar.

Enginn virtist vera á ferli þarna. „Hvað þessi nótt er þó þægjandaleg“, sagði Granton við sjálfan sig, eins og Iago, þar sem hann hrökklaðist áfram í myrkrinu. Allt í einu stanzaði hann, því hann sá við glætuna af ljóskeri einu, að vegir skiptust. Annar vegurinn lá beint áfram, en hinn beygðist til hægri handar, eins og hann lægi beint niður að ánni. „Þetta hlýtur að vera staðurinn“, tautaði Granton við sjálfan sig.

Það stóð hús framundan honum, á horninu þar sem vegirnir skiptust. Granton færði sig nær húsinu og athugaði það nákvæmlega. Það var drykkjustofa af allra versta tagi af þeim, sem eru þar meðfram ánni—hús, sem einhverntíma áður kann að hafa verið nógu heiðarlegt hús, en sem með tímanum hafði gengið svo úr sjer, að það átti ekki viðreisnar von, og leit nú eins óþökkalega og ræfilslega út eins og flækingarnir, sem höfðust þar við á dagin, eða á meðan það var opið. Nú voru allir í facta svefni í því. Engin ljósglæta sást undir lokuðu hurðunum nje meðfram gluggaskýlunum.

„Þetta hlýtur að vera staðurinn“, sagði Granton aptur, á meðan hann var að athuga hinn hrörlega

veitingahúss-skrokk og gera hálfgerðt spaug að honum með sjálfum sjer.

Já, það var staðurinn. Hann gat lesið máða letrið yfir ópökkalegu hurðinni, og þar var nafn hússins: „Three Cups.“ Hann átti nú ekki langt eptir til áfangastadar síns. Hann tók blaðið, sem Bostock hafði sent honum, upp úr vasa sínum, til að ganga úr skugga um, að svo væri, og athugaði uppdráttinn við glætuna af gaslampanum. Já, það var alveg ljóst. Hann átti að fara niður að ánni eptir veginum, sem lá fram hjá „Three Cups.“ Hann sá, að hann átti nú ekki langt eptir. Hann hikaði sig ekki eitt augnablik, heldur fór tafarlaust ofan veginn, sem honum hafði verið bent á að fara.

Dó vegurinn hefði verið vondur áður, þá var hann enn verri nú. Dó áður hefði verið dimmt, þá vernsnaði nú, því það var eins og sjálfur andi myrkuranna grúfði sig nú yfir leið hans. Granton hrökkladist samt áfram, og óskaði, eins og Ajax, eptir ljósi; hann óskaði líka, að hann hefði haft lukt með sjer. Honum fannst að það væri eins og allt járnarusl, árabrot og bátasök í veröldinni væru samankomin meðfram þessum óyndislega árbakka, í því sjerstaka augumiði að merja og meiða fótlegggi hvers þess manns sem væri svo gapalegur, að voga sjer inn í þennan almenning.

Hann brautz samt áfram sem bezt hann gat, og hjelt fast utan um marghleypuna, sem var í vasanum á treyju hans, með hægri hendinni. „Drottinn

minn!“ sagði Granton við sjálfan sig, „ef þessi náungi ætlar sjer að myrða mig, þá er þetta eins fallægur staður til þess eins og nokkurt þrælmenni gæti óskað sjer, og jeg verð að gera mitt bezta til að hindrað að honum takist það. Hin eina huggun er, að það hlýtur að vera eins erfitt fyrir hann að sjá mig, eins og er fyrir mig að sjá hann“.

Rjett um leið og Granton var í þessum hugleiðingum, rasaði hann. Hann hafði rekið fóttan í stein og var nærri dottinn. Steinninn valt ofan bakkann og gerði talsvert skrölt. „Jæja, ef hann getur ekki sjeð mig, þá getur hann heyrtil minn“, hugsaði Granton með sjer, „og ef hann er fimur í að skjóta eptir hljóði, þá getur þetta orðið óþægilegt fyrir mig“. Þessi hugsun hafði varla komið fram í heila hans fyr en hann sá rautt ljós skína í myrkrinu dálftin spöl fram undan sjer, og það var hreifingarlaust eins og sjerstök, blóðrauð stjarna. „Þarna er merkið“, sagði Granton við sjálfan sig. „Hann er þá þarna undir öllum kringumstæðum“. Og svo flytti hann sjer allt sem hann gat til ljóssins.

Frá bryggjunni, sem var svo fúin að hún nötradi við hvert spör, sem Granton gekk eptir heuni, lá mjótt brúarskrifi út í ána og tengdi bryggjuna og ferhyrndan kofa, sem byggður var þar á stólpnum saman. Það hefði verið erfitt fyrir Granton að segja um, til hvers kofi þessi hafði verið byggður. Það má vera, að kofinn hafi upprunalega verið notaður eins og nokkurskonar bátalending; það má

líka vera, að hann hafi verið notaður til að geyma í kol handa gufubátum, sem draga hafskip að og frá bryggjum, eða flytja varning milli þeirra og bryggjanna. Hvað sem því líður, þá leit út fyrir að hann hefði ekki verið notaður í langan tíma til neinna slíkra hluta. Plankarnir í brúarskriflinu út að kofanum mörruðu og stundu eins og þeir ætluðu að brotna, þegar Granton gekk út á þá. Það leit út fyrir, að það hefði verið grindaverk á hliðum brúarinnar, því þar voru enn einn eða tveir uppistandargarmar eptir; en spírurnar, sem lágu á milli þeirra, voru fyrir löngu farnar, og hver sá sem var svo vogður að leggja út á brúna, mátti alvarlega vara sig, að detta ekki útaf henni niður í ána.

„Það væri hættulegt að detta í ána einmitt hjer“, hugsaði Granton með sjer, „því hjer er fjarska mikill stramur, og enginn nálægur til að heyra hróppess, eða sein mundi skipta sjer af neyðarópi þess, sem væri að reyna að bjarga sjer hjer með sundi“. Granton sá rauða luktarljósið fram undan sjer, og virtist það hanga á nagla utan á kofanum; og við hliðira á luktinni sást löng, daufari ljósrák, sem lá beint upp og niður eptir veggnum, er sýndi, að kofahurðin var í hálfu gátt. Ofurlitil ljósglæta sást á ánni hinu megin við kofann, er sýndi, að þeim megin var gluggi á honum.

„Þetta er staðurinn“, sagði Granton við sjálfan sig, „og það er líka geigvænlegur staður til að mæta fjandmanni sínum á!“

Hann stóð á þeim enda brúarskrifisins, sem nær var bakkanum, og var að undra sig á, hvað næst mundi ske. Það heyrðist ekkert hljóð frá kofanum, og það sást ekkert meðal um, að nokkur lifandi skepna væri á ferli. Hið eina, sem lífsmark virtist vera með, fyrir utan hann sjálfan, í þessu niðamyrkri og á þessum draugalega stað, var þessi eini, rauði ljósskjöldur, sem virtist horfa illgirnislega á hann og athuga hann illúðlega, eins og það væri auga einhvers varð-*cyclops*.*

„Mjer þætti gaman að vita, hvað hann ætlar sjer að gera“, sagði Granton við sjálfan sig, og kreppti ósjálfrátt fingurna á hægri hendi sinni fastar utau um skeptið á marghleypunni í vasa sínum. „Ef hann býr yfir vjelræði, þá er þessi staður eins vel valinn til að koma því fram eins og nokkurt þrælmenni gæti óskað sjer. En það dugir ekki fyrir mig að láta hann fmynda sjer, að jeg sje hræddur við hann“.

„Þegar Granton var kominn að þessari niðurstöðu, þá hóaði hann hátt, hóaði alveg eins og hann hafði opt gert mitt inni í hinum einmanalegu Austráliu-skógum fyrrum. Þetta hó virtist eiga undarlega illa við, þarna meðal hinna hálf-fúnu bryggja og við hið dimma, ólundarlega vatn árinna. Granton hitnaði undarlega um hjartaræturnar þegar hann heyrði þetta gamla kunnuga hó, sem minnti hann á

* Eíneygðir risar, sem sagt er frá í grískum fornritum.—Rrrrr. Lögb. ;

svo marga viðburði í fjarlægum löndum og margskonar undarlega hluti, er hann hafði reynt, og ómurinn af því hvarf þarna í myrkrinu. Hann var í þann veginn að húa aptur, þegar daufa ljósræman við hliðina á rauðu stjörnunni allt í einu breikkaði. Hurðin var opnuð upp á gátt, og Granton sá við ljósbirtuna í kofanum að maður stóð í dyrunum.

Granton stóð kyr eitt augnablik og fingur hans krepptust utan um skeptið á marghleyppunni, og maðurinn í dyrunum stóð líka grafkyr og þegjandi eitt augnablik. En svo gaf hann allt í einu hljóð af líkamanum.

„Eruð það þjer,“ sagði maðurinn í dyrunum, og Granton þekkti strax að það var rödd Bostocks. „Komið hingað strax og gerið ekki þennan bansettan hávaða. Þjer komið seinna en þjer áttuð að koma, eins og þjer vitið.“

„En hvað rödd sonarins er þó lík rödd föðursins núna,“ hugsaði Granton með sjer, „nú, þegar hann reynir ekkert að breyta henni og gamla vonzk an hefur fullt vald yfir mannum.“

Granton svaraði engu, heldur gekk út á hina hrörlegu brú, sem breikkaði þegar nær dró kofanum og myndaði dálítinn pall framan við dyrnar. Þegar Granton kom á pall þenna, þá hvarf maðurinn úr dyrunum og Granton gekk því tafarlaust inn um hinar galopnu dyr.

Þó kofinn væri nógu óhreinlegur og óyndislegur að utan, þá var hann enn óhreinlegri og óynd-

islegri að innan. Hann var lýstur með stórum, ósandi steinolfu-lampa, sem engin skýla var á, og sást því glögggt hve ljótur og leiðinlegur þllur kofinn var. Hvað sem kofinn hafði áður verið—hvort sem það nú var skrifstofa, geymsluhús, eða hvað annað—þá voru engar menjar eptir nú er sýndu það. Pappírinn, sem trjeveggirnir höfðu verið huldur með, hangdu nú í skitnum druslum, lftk og druslur á kápu beiningamannu. Óverralega gólfíð var ekki hulið með neinu; engin dúkur var á óhreina borðinu, sem stóð á miðju gólfinu; engin skýla var fyrir hinum hrörlega glugga, og bljes vindurinn gegnum hinar brotnu rúður og skók frjettablaðið, sem neglt hafði verið fyrir gluggan, svo ekki sæist inn um hann frá bátum er fram hjá kynnu að fara. Ofurlitlar elds-glæður tórðu í ryðgudum ofni í einu horninu á kofanum. Allskonar blaðarusl lá á tvístringi á borðinu; að eins einn stóll var í kofanum, og hafði Bland setið í honum og verið að skrifa þegar hann heyrði til Grantons. Öllu þessu veitti Granton eptirtekt, í einu veffangi, þar sem hann stóð á gólfinu með hendina á marghleypu sinni í vasanum og horfði á Bland, sem læsti hurðinni vandlega og sneri sjer síðan að Granton.

„Þjer komið seinna en þjer áttuð að koma, eins og þjer vitið,“ sagði Bland aptur.
 „Það má vel vera,“ sagði Granton rólega.
 „Fyrst yður þóknast að sitja eins og ugla í öðrum eins fjandans afkyma og þessum, þá verðið þjer að ætla þeim, sem heimsækja yður, meiri tíma.“

Granton brosti um leið og hann sagði þetta, því hann fann til einherrar kitlandi forvitni viðvíkjandi því, hvað Bland mundi gera næst. Hann var alveg við því búinn, að Bland mundi gera einhverja sviksamlega úrás á sig, og hann var ekki hið minnsta skelkaður. Bros hans virtist reita Bland til reiði, og hann sagði:

„Jæja, þjer hafið samt komist hingað einhvern veginn, og það er aðal atriðið.“

„Er yður svo umhugað um, að hafa mig hjá yður, þegar jeg er nú loksins kominn, að þjer þurfi að læsa hurðinni svona vandlega?“ spurði Granton mjög kurteislega, og var enn brosandí.

„Jeg læsti hurðinni fyrir þá sök,“ sagði Bland, „að hún tollir ekki aptur ef jeg læsi henni ekki. Þetta er engin höll—“

„Jeg sjje það,“ greip Granton fram í, „en jeg kæri mig ekki um hallir, og jeg hef komið í verri kofa en þennan um dagana—og jafnvel verið í enn verri fjelagsskap“

Hið sviplausa andlit Blands lýsti engri reiði út af þessu særingaryrði Grantons.

„Þetta er engin höll,“ sagði Bland aptur, „en kofi þessi dugir fullvel fyrir augnamið okkar.“

„Og hvað er augnamið okkar, með leyfi að spyrja?“ sagði Granton; „því satt að segja er mjer óljóst enn sem komið er, hvað þetta augnamið er.“

Bland benti honum á auða stólinn og sagði:

„Setjist niður“.

en sagði þetta, því
orvitni viðvfkjandi

Hann var alveg
a einhverja svik-
ekki hið minnsta
Bland til reiði, og

hingað einhvern

að hafa mig hjá
nn, að þjer þurfið
spurði Granton
andi.

“ sagði Bland,
læsi henni ekki.

fram í, „en jeg
hef komið í verri
nvel verið í enn

sti engri reiði út

land aptur, „en
hið okkar.“

r, með leyfi að
að segja er mjer
augnamið er.“

an og sagði:

Granton neitaði boðinu með bendingu og sagði:
„Hjer er að eins einn stóll“.

„Jeg ætla að sitja hjer“, sagði Bland. Hann
sópaði um leið blaðaruslinu, sem dreift var um bord-
ið, af parti á því og settist á auða blettinn. Hann
var hár maður og bordið var lágt, svo að fætur hans
náðu niður á gólfid, og hjelt hann þeim vel saman,
rjetti þá nokkuð fram á gólfid og stóð þjett í þá.

„Granton tók nákvæmlega eptir stellingunum,
sem Bland setti sig í og sá, hve ljett væri fyrir hann
að stökkva snögglega á sig ef hann vildi; og þegar
hann veitti þessu eptirtekt, þá brosti hann ofurlitið.
Bland tók eptir brosinu, skildi hvað það þýddi og
sagði:

„Ef þjer þorið ekki að sitja, þá standið í öllum
bænum“.

Granton settist á stólinn og krosslagði fætur
sína letilega.

„Jeg er ekki hið allra minnsta hræddur við yð-
ur“, sagði Granton rólega. „Þetta er ekki í fyrsta
sinn, sem jeg hef setið með morðingjum. Þjer
gleymið því, að mjer veittist sú ánægja að kynnast
föður yðar“.

Hin sviplausu augu Blands tindruðn ekkert við
þessi orð, og engin hreifing sást í hinu harða andliti
hans; en rödd hans skalf dálítið og lýsti hinni niður-
bældu hræði hans, er hann sagði:

„Jeg gæti skotið yður þar sem þjer sitjið!“
Granton ypti ögn öxlum þegjandi.

„Ó, jeg skil hvað þjer meinið“, sagði Bland. „Þjer meinið, að aðrir en jeg geti leikið þann leik“.

Granton kinkaði kolli góðlyndislega til merkis um, að hann meinti það.

„Jeg veit náttúrlega dável“, hjelt Bland áfram, „að þjer voruð ekki sá auli að koma hingað einsamall, á minna fund, vopnlaus. Jeg veit náttúrlega ofur vel, að þjer haldið hendinni utan um margbleypu yðar, þar þjer sem þjer sitjið, og að þjer skjótið mig þar sem jeg er við hina fyrstu grunnsömu hreifingu, sem jeg geri. Þjer hafði líklega skotið mann gegnum vasa yðar fyr en nú“.

„Flestar tilgátur yðar eru rjettar“, sagði Granton. „Jeg var náttúrlega ekki nógu mikill auli til þess, að koma hingað vopnlaus. Jeg held náttúrlega á marghleypu minni og miða henni á yður á þessu augnabliki; og jeg mundi sannarlega ekki hika mig við að snuða gálgan með því, að skjóta yður til dauðs þar sem þjer eruð, ef jeg sæi hið minnsta merki um vjelræði af yðar hálfu. Og þjer hafði einnig rjett fyrir yður í hinu. Dað var einu sinni þrælmenni eitt í Wichita, sem ætlaði að stinga mann í bakið með hníf, en jeg vængbraut hann með skoti í gegnum vasann. Og þar eð við skiljum nú hver annan svo vel, væri þá ekki bezt að við byrjuðum á hinu eiginlega starfi okkar?“.

„Jeg hef beðið yður að koma hingað“, sagði Bland mjög hægt, og var hinn stillilegi, lági rómur hans í undarlegri mótsögn við orðin sem hann talaði;

„sagði Bland.
kið þann leik“.
ega til merkis

lt Bland áfram,
ingað einsam-
reit náttúrlega
tan um marg-
að þjer skjót-
rstu grunsömu
líklega skotið

„sagði Gran-
mikill auli til
hæld náttúrlega
yður á þessu
ekki hika mig
sjóta yður til
hið minnsta
Og þjer hafð
ar einu sinni
stinga mann
ann með skoti
jum nú hver
byrjuðum á

ngað“, sagði
lági rómur
hann talaði;

„Jeg hef beðið yður að koma língað vegna þess, að reikningurinn milli okkar er ekki jafnaður, en hann verður að jafnast, og þetta er hin hentugasta stund og staður til að jafna þennan reikning. Þjer hat-
ið mig“.

Granton kinkaði aptur kolli þessu til sam-
þykkis.

„Og jeg hata yður“, sagði Bland. „Jeg hata yður enn meira en jeg hataði hina aðra, sem jeg hef jafnað reikningana við, meira en jeg hata aulann, sem yður hefur þóknast að hjálpa, og sem þjer hafð eins mikla ástæðu tíi að hata eins og jeg, því hann tók frá yður stúlkuna, sem þjer elskið“.

„Dað eru til vissia hlutir, sem yður er betra að minnast ekki á“, greip Granton fram í, „því annars kann jeg að byrja fyr en yður varir. Jeg aðvara yður um það, og það er hyggilegra fyrir yður að gefa þeirri aðvörun gæm. Jeg býst ekki við að þjer skiljið tilfinningar og hugsunarhátt tíginna manna“.

Hin dauflugu augu Blands virtust verða enn dauflęgri, en ekkert annað merki sást um, að hann hefði heyrt hvað Granton sagði, og hann hjelt áfram með hinni sömu hægu, lágu rödd og sagði:

„Við höfum verið að tefla langt taff, þjer og jeg, og það er ekki klárað enn“.

„Jeg bið yður forláts“, greip Granton fram í.
„tafið er alveg klárað, og þjer hafð tapað því“.

Bland hrísti höfuðið og sagði: „Yður skjátlast

í því. Nú hlaupið þjer á yður. Hjer hafid þjer misreiknað yður. Tafið er enn ekki alveg búid hvað snertir yður og mig. Við höfum teft um háan vinning, og annar hefur sópað því, sem við lögðum undir tafið, af borðinu; en samt sem áður eigum við eptir að jafna okkar litla privat-reikning“.

„Ef þjer hafid í hyggju að dryggja eitt morðið enn“, sagði Granton mjög stillilega, „þá vil jeg ráðleggja yður að reyna það ekki, því jeg hef fingurinn enn á giknum á marghleypunni, og þjer yrðuð steindaður áður en þjer hefðuð tíma til að standa upp af borðinu“.

„Jeg vona að mjer takist að drepa yður“, sagði Bland, „en öll munndráp eru ekki morð“.

„Satt er það“, sagði Granton. „Dað er stundum rjettvísi að drepa menn“.

Bland ypti öxlum og sagði:

„Djer megið kalla það rjettvísi ef yður sýnist. Jeg hata yður og mig langar til að drepa yður. Djer hatið mig, og jeg þori að segja að yður langar til að drepa mig“.

„Jeg skyldi ekki hafa sjerlega mikið á mæti því“, sagði Granton.

Bland, sem alltaf hafði nákvæmar gætur á Granton, beygði sig dálftið að honum og sagði:

„Djer kallið mig þrælmenni, og jeg er það máske. En jeg ált, að þjer sjend ekki mikið betri en jeg, þegar öllu er á botninn hvolft“.

„Jeg er þó ekki launmorðingi, með leyfi að segja“, greip Granton fram í.

Bland gerði hreifingu með hendiinni sem átt að merkja, að hann vildi ekki láta taka fram í ræðu sína, og hjelt svo áfram:

„Einhverjir menn drápu föður minn“, sagði Bland, og lýsti rödd hans ákafri geðshræringu. „Hvort sem hann var saklaus eða sekur, hvort sem það var rjettlátt eða órjettlátt, þá drápu þeir hann; drápu hann og höfðu af honum; drápu hann og höfðu af mjer. Jeg vildi koma fram hefnd. Þjer vitið nú hver jeg er. Jeg býst við að þjer getið yður það til, að jeg er maðurinn sem allir hafa verið að leita að með svo miklum áhuga, en sem öllum hefur misheppnast svo hörnulega að finna—*maðurinn með rauða skeggið*“.

„Já“, sagði Granton, „jeg var farinn að ímynda mjer að svo væri“.

Bland stóð á fætur og gekk yfir að veggnum, þar sem stór og þungur yfirfrakki hangdi. Hann tók eitthvað úr einum vasanum og lypti því upp á höfuð sjer. Svo sneri hann sjer að Granton, og Granton varð nærri hverft við hina snöggu og fimlegu ummyndun, sem skeð hafði. Bland hafði nú rautt, strítt og hrokkið hár og skegg, bæði yfirskegg og skegg á höku, kjálkum og vöngum, og breytti þetta útliti hans algerlega. Hvar þar sem birtan var ekki uppá hið allra bezta, mundi rauða hárið og skeggið hafa virzt alveg náttúrlegt, og mundi hefða

gert hann alveg torkennilegan. Darna sá nú Granton ljóslifandi andlit mannsins, sem hafði komið hlaupandi út úr mjóa ganginum í St. James stræti og rekist á hann kveldið sem Set Chickering var myrtur.

„Ó“, sagði Granton, og dró andan djúpt, „þetta er ágætur dularhúningur“.

Bland reif hárið og skeggið af sjer ópyrmilega, sneri sjer við og stakk því aptur í vasan á yfirfrakk-anum. Svo kom hann aptur að borðinu, studdist fram á það, með andlitið að Granton, og sagði:

„Þjer vitið, að jeg er Jafet Bland, og jeg veit, að þjer voruð eitt sinn nefndur Ratt Gundy. Við erum svarnir fjandmenn, þjer og jeg. Dað er til fólk sem þjer vilduð gjarnan halda því ætíð leyndu fyrir, að Rupert Granton og Ratt Gundy er einn og sami maðurinn. Mjer þætti betra að of margt fólk vissi ekki, að jeg er Jafet Bland. Þjer álstíð að þjer sjeuð meiri maður en jeg; en þjer byrjuðuð líka æfiferil yðar undir hagkvæmari skilyrðum en jeg. Bitur fátækt — skerandi hungur og nístandi kuldi — vakti hjá mjer löngun eptir auð, metorðum og öðrum hlutum, sem menn girnast, eins og þjer vitið, og sem þeir gleðja sig við frá byrjun. Sonurinn líkist föðurnum; þessu var eins varið með föður minn“.

„Já, yður kippir í kyn til hans“, ragði Granton.

„Þjer eruð kannske meiri maður en jeg“, bjelt Bland áfram. „En þjer eruð ekki of mikill maður

til að neita að berjast við mig. Þjer hafði hindrað mig frá að koma fram áformum mínum; þjer slóguð mig. Í hinum villimannlega heimi sem við tilheyr- um, sem við báðir tilheyrum, gerir það, að annar okkar kann að vera nokkrum stigum meira þræl- megni en hinn, ekki nógu mikinn mismun til þess, að það hindri yður frá að berjast við mig upp á líf og dauða“

„Jeg hef sagt yður, að jeg skuli berjast við yður“, sagði Granton, „og jeg skal efna það loford mitt. Jeg viðurkenni náttúrlega ekki, að það sje ekki mikill munur á mjer og launmörðingja; en fyrst svona langt er komið, þá skal jeg berjast við yður, og jeg skal drepa yður ef jeg get.“

„Já, ef þjer getið“, sagði Bland kaldalega. „Jeg skal líka drepa yður ef jeg get; það megid þjer vera viss um“.

„Jeg efast alls ekki um það“, sagði Granton. „Hvenær og hvar?“

„Hvenær og hvar?“ át Bland eptir honum. „Nú, auðvitað hjerna!“ sagði hann svo. „Við þurf- um ekki að ferdast til endimarka jarðarinnar til að ljúka af þessum litla starfa okkar. Annaðhvort verðum við að berjast hjer, og það með þeim vopn- um sem jeg kýs, eða jeg byrja skothrífina strax. Við hljóttum undir öllum kringumstæðum að berjast.“

Eðlisfar Grantons var þannig, að blóð hans var æfulega fljótt til að fyna upp, eins og reyndin hafði ópt áður orðið á, honum til baga. Nú fór hann,

þarna á þessum kynlega stað og með þenna morðgjarna vitfirring andspænis sjer, að verða eins fíkinna í bardaga eins og hann hafði verið á skóla-árum sínum fyrrum. Öll umhugsun um afleiðingarnar, um það, hvort hann sigraði eða biði ósigur, vjék algerlega fyrir hinni taumlausu löngun í bardaga.

„Ekki eitt orð meir“, sagði hann. „Hvar eru vopn yðar?“

Bland rjetti sig upp frá borðinu, opnaði skúffu í því og tók upp úr henni tvo hniffa, er voru í skeiðum, og lagði þá á borðið. Granton sá strax að það voru rýtingar.

„Deir eru báðir alveg eins“, sagði Bland; „alveg jafn gáðir; báðir úr eins góðu stáli eins og jeg hef nokkurn tíma sjeð; báðir eins beittir eins og hatrið. Takið hvern þeirra sém þjer viljið“.

Granton stóð upp af stólnum og færði sig fast að borðinu. Hinir tveir hniffar lágu þar frammi fyrir honum, hver við hliðina á öðrum, í skeiðum sínum, og voru sköptin, eins og vant er að vera á reglulegum rýtingum, digrari upp við hjöltin en á endunum, svo að höndin, sém á þeim hjeldi, fengi meira af til að beita þeim upp á við. Granton tók annan hniffinn upp og dró hann úr skeiðunum. Blaðið var ljómandi fallegt, vel temprað, falllegt í laginu, með bugðu fram undir oddinum líkt og horn á hálfmána, og hárbeitta egg — vopn, sém var nógu beitt og nógu sterkt til að rista þjarndýr á hol með. Hann vóg hniffinn í hendi sinni; hann var matulega

þungur og svaraði sjer í öllu tilliti. Granton kinkaði kolli til merkis um, að hann væri ánægður með rýtinginn.

„Skoðið hinn hnifinn“, sagði Bland, því hann sá að Granton var í þann veginn að fara frá borðinu með rýtinginn í hendinni. „Skoðið hinn líka. Veljið ekki án þess að vita, hvað þjer eruð að velja“.

Það var eitthvað svo grimmúðlega sjerlegt við þessa kurteisi Blands—eitthvað svo hlálegt við þetta verk, að velja svona rólega hnifinn, sem hann ætlaði að berjast við húsráðandann með að fáum mínútum liðnum—að Granton gat varla varist brosi.

En þegar hann tók upp hinn hnifinn og skoðaði hann þá mundi hann eptir, að þetta var ekki til að spauga að. Það, hvort hann kæmist lifandi burtu frá þessum stað, var algerlega komið undir fimleika hans, styrk hans og kunnáttu að nota holf þenna. Honum flaug í hug, að þegar allt kæmi til alls hefði varla verið ómaksins vert fyrir hann, að hafa ráfað um svo mikinn hluta af yfirborði jarðarinnar til að leita æfintýra, og mæta svo að lokum hinu undarlegasta æfintýri á lífsleiðinni heima í sínu eigin föðurlandi, og það í útjaðri höfuðborgar þess. Að heigja einvíg með rýtingum við vitfirring í kofaskriði með fram bakka Thames-árinnar var svo undarlegt og óvænt æfintýri, að ekkert slíkt hafði mætt honum á hinum fjarlægustu útkjálkum veraldarinnar.

En hvað sem þessu leið, þá var eðki um annað að gera en að berjast nú; á því var enginn vafi.

Jafnvel þó hann hefði nú getað skorast undan þessum kynlega bardaga, sem hann var þannig neyddur út í, þá hefði Bland engu að síður ráðist á hann með hnif eða pístólu, og hann hefði orðið að berjast til að verja líf sitt. Þó hann hefði nú skotið Bland niður eins og óargadýr, þá hefði það verið neyðarúr-ræði, og erfitt að gefa nægilega skýringu um, því hann gerði það — og auk þess hefði hann þá ekki haldið loford sitt, sem hann hafði stofnað sjer í hættu til að uppfylla. Nei, hann hafði lagt drengskap sinn við í þessu máli, og hann hlaut nú að halda áfram í gegnum þetta til enda. Degar öllu var á botninn hvolft fannst honum, að það gera ekki svo mikið til hvað af honum yrði. Honum fannst að það gera ekki svo mikinn mun, hvort líf hans endaði þarna á þessum óyndislega stað, við hnifstungu vitstola manns, eða einhversstaðar langt í burtu úti í horni veraldar að tveimur, tfu eða tuttugu árum liðnum. Undir öllum kringumstæðum ætlaði hann nú að hætta á, hver sigurinn bæri úr bytum í þessari viðnreign.

Grantón lagði síðari hnifinn aptur á borðið og tók þann, sem hann hafði fyrst skoðað.

„Mjer virðast þeir vera báðir góðir“, sagði hann; „en ef jeg á að velja um, þá kys jeg þennan“.

„Gott og vel“, sagði Bland, og heygði sig síðan áfram og tók hinn hnifinn af borðinu. Þó hann væri vitfirringur, þá var hann eins rólegur eins og hann væri á skilminga-skólanum að segja námsmeyjunum

þar til. „Látum okkur ryðja hjer til, svo við höfum
nóg pláss að hreifa okkur í“, sagði hann svo.

Um leið og hann sagði þetta, ýtti hann borðinu
upp að þeim stafninum á kofanum sem snéri fram að
fljótinu; hann ýtti því svo hranalega upp að stafnin-
um, að hann skalf, og allur kofinn nóttaði af högg-
inu, sem stafninn fjekk af borðinu.

„Hvílíkt ræfils skrifli er þó ekki kofi þessi!“
sagði Grantou við sjálfan sig. Svo datt honum í hug
hve skritið það væri, að svo lítilfjörlegar hugsanir
skyldu geta komið fram hjá manni á svo alvarlegu
augnabliki, og hann tók eptir, að hann var að endur-
taka orðin: „ræfils skrifli“ með sjálfum sjer, rjett eins
og barn endurtekur viss orð, sem hljómurinn af hef-
ur gripíð eyra þess og því pykir gaman að. Hann
athugaði Bland alltaf með eins mikilli forvitni eins
og áhorfandi athugar leik, sem fram fer á leiksvíði.
Ef Bland var í geðshræringu, þá sýndi hann engin
merki þess. Hann hreifði sig úr einum stað í annan
alveg fumlaut, og ýtti hinum ýmsu hlutum, sem í
kofanum voru, úr vegi, og tindi upp blöðin, sem
dottið höfðu af borðinu þegar hann ýtti því upp að
yeggnum. Grantou fann til þess, að hann sjálfur
var að komast í geðshræringu, en að það var samt
sæmskyns geðshræring og áhorfandi kemst í við að
horfa á einhvern kynlegan sjónarleik, sem leikandinn
í var þó ekki að undirbúa sig í bardaga upp á líf og
dauða.

Hann var sjer þess varla meðvitandi, að hann

var sjálfur leikandi, en ekki eingöngu áhorfandi í þessum bardaga upp á líf og dauða, og það jafnvel þegar Bland, eptir að hafa rutt til á eins stórum bletti og unnt var í kofanum, sneri sjer að honum og spurði hann, eins rólega eins og hann hefði verið að bjóða honum að ganga spölkorn með sjer: „Eruð þjer nú til?“

Granton kinkaði að eins kalli. Honum fannst, að hjer þjerfti ekki margra orða með, og að bezt væri að spara jafnvel andardrátt sinn.

„Gott og vél,“ sagði Bland; „látum okkur þá byrja.“

Hann fór úr frakkanum, vöðlaði honum saman í böggul og ljét hann á borðið. Hann braut skyrsturnar sínar upp fyrir olboga og hnepti kraganum frá framan á hálsinum. Svo dró hann hnífinn úr skeiðunum og lagði þær á borðið. Hann leit síðan spyrjandi á Granton, sem hafði þegjandi og í hasti undirbúið sig á sama hátt.

Svo byrjaði bardaginn.

Þessir tveir mótstöðumenn nálgudust hver annan varlega, hjeldu hver um sig um rýting sinn á sama hátt og titt or á þeim útkjálkum menntaðra landa, þar sem slík vopn eru notuð, og sneru oddunum upp. Á meðan þeir voru að færa sig nær hver öðrum datt Granton í hug, að Bland kyani ef til vill hið spanska bragð að kasta rýtingnum, og ætlaði sjer

að gera það. Hann mundi eptir, að hann hafði eitt sinn sjeð tvo nauta-bardagamenn gera út um misklið sinn, á sama hátt og þeir voru í þann veginn að gera, í garðinum við nautahús eitt utan við bæinn Seville, og það fór hálfgerður hrollur um Granton þegar hann minntist þess, hvornig hófur annars hólm-göngumannsins hafði flogið eins og ör í gegnum hjarta hins. En fimur maður, sem ekki tapar sjer, getur samt slegið af sjer hið snarasta hnífkast, ef hann er hið allra minnsta við því búinn, og Granton ásetti sjer að vera vel búinn við slíku bragði. En Bland virtist skki hafa neitt áform í þá átt. Hann virtist vera upptendraður (svo framarlega sem hægt er að viðhafa orðið upptendraður um hinar reglulegu, nærri maskínulegu hreifingar hans) af þeirri einu löngun, að berjast þannig við Granton, að þeir væru fast hver við annan og að líf þess, sem lægri hlut bæri í þessum vopna-viðskiptum, skyldi verða laun sigurvegarans.

Hægt, mjög hægt, nálgudust þessir tveir menn hver annan og horfðu stöðugt hver framan í annan, athuguðu nákvæmlega augu hver annars og reyndu að lesa í þeim hver annars áform. Skyndilega stukku þeir báðir áfram í einu, og að augnabliki liðnu brutust þeir áfram þvert yfir gólfid saman, og hjeldu dauðahaldi með vinstri²hendinni utan um hina vopnuðu hægri hönd hver annars. Þeir brutust um af öllu afli, þegjandi, andardrátturinn var erfður, vöðvar þeirra voru dregnir saman í hnúta og hin

fölu andlit þeirra voru andspænis hvert öðru, en hinir miklu hnifar þeirra glönsuðu yfir höfðum þeirra þegar birtunni af hinum ósandi lampa brá á þá, og kofa-skrifnið hristist svo, að það virtist velta undir fótum þeirra eins og skip í ósjó.

Granton var sterkur maður, með hraustan og heilbrigðan líkama. Hið æfintýrafulla líf hans hafði aldrei verið samskonar líf og slarkarar lífa, og allt líkams-afli hans var vanið og temprað eius vel og unnt var. En hann fann, að Bland var vöðalegur mótstöðumaður. Hinn magri líkami hans virtist vera eins seigur og liðugur eins og skrokkurinn á panþerdyri. Tak hans utan um úlaliðinu á Granton var því líkast sem þar væri kominn hnikktur hringur úr slegnu stáli. Það var Granton í heg, að hann var þyngri, og í fyrstu atrennunni hafði honum tekist að hrekja mótstöðumann sinn aptur á bak með þunga sínum; en hið óvanalega fjáðurmagn í líkama Blands hjálpaði honum til að ná sjer eptir áhrifin af þinu fyrsta áhlaupi og halda sjer á stöðvum sínum á gólfinu. Í rokkur sekundur, sem þeim fundust heilar aldir, bifadist hvorugur úr sporunum; þeir horfðu hver á annan eins og grimm dýr og hangdu hver á öðrum. Í þinni geigvænlegu þögn heyrði Granton úrið sitt ganga og skvampið í vatninu undir borðunum, sem þeir stóðu á. Hann sá á þilið komundan sjer hina hræðilegu, afmynduðu slagi af þeim sjálfum — tvær afmyndaðar líkingar, er voru svipaðastar því að tveir djöflar væru að ljúgast á til

að vita hver yrði hinum yfirsterkari. Svo gerðu þeir voðalegan rykk og losnuðu hver við annan, og hrukku aptur á bak nokkur fet, til að undirbúa sig undir nýtt stökk hver á annan.

Deigar þeir hrukku aptur á bak tók Granton eptir því (skilningarvit hans virtust hvassari en vant var og hann veitti öllu nákvæma eptirtekt), að staðurinn, sem þeir höfðu valið til að leika þenna sorgarleik á, var ekki sem bezt valinn sem leiksvið fyrir hann. Kofinn skalf eins og hann hafði sjeð hús skjálfa í löndum, þar sem jarðskjálptar geta komið fyrir á hverjum degi og koma fyrir nærri daglega; bordin mörruðu og stundu eins og þau spáðu slysi. Það hrykti hátt í gluggaræflinum. Þó skritið væri, þá miunti skröltið í glugganum Granton á skröltið í „castanet“-um, í „castanet“-unum sem stúlkan hafði leikið á hinn minnistæða dag í Seville, tatarastúlkan, er verið hafði orsök til miskliðsins milli nautabardaga-mannanna, sem áður hefur verið getið. Sá sorgarleikur allur rann einhvern veginn ljóslifandi upp fyrir honum aptur, með þeirri breytingu að eins, að hann og Bland virtust vera komnir þar í staðinn fyrir nauta-bardagameennina, og tatarastúlkan virtist hafa fengið andlitsfall og hið ljósa hár Fídelstu Locke.

Þessi smyndun kom og hvarf á einni svipstundu — á því augnabliks-hlje, sem varð þangað til hinir tveir fjaðmenn gripu aptur saman. Þeir færðu sig aptur varlega nær hver örr m; skyndilega stukku

þeir aptur, báðir í einu, áfram og gripu aptur með heljar-afli hver utan um ónliðinn á öðrum og hjeldu hinni vopnuðu hönd hver annars uppi yfir höfðum sjer, og glampaði þar á hina bitru rytinga þeirra.

En Granton átti nú erfiðara með en áður að hrekja Bland aptur á bak. Fjandmaður hans stóð kyr í sömu sporunum; líkami hans virtist nú allur vera orðinn eins stönnur eins og hann væri úr stáli; og þó að Granton legðist á með öllu afli og öllum þunga eileum, þá gat hann ekki hrakið hann einn þumlung aptur á bak. Þeir stóðu báðir á sama blettinum og bifudust að eins til beggja hliða; svo gerði Bland voðalega atrennu, og Granton fór að hrekjast ögn aptur á bak.

Hann veitti alla þá mótspyrnu sem hann mögulega gat, en það var árangurslaust. Bland var að fá yfirhöndina þetta augnablikið, og Granton fór að óttast, að þó hann væri ákaflega sterkur maður, þá væri hann ekki eins þolinn eins og Bland. Hann lofaði því Bland að hrekjasig dálftið aptur á bak, en kofinn stundi og hristist við hverja hreifingu þeirra. Granton var að reyna að ná andanum og spara krapta sína fyrir nýja og ákafa atrennu.

Allt í einu krækti Bland fætinum utan um fótlegg Grantons og reyndi að fella hann með því bragði.

Bland kom þessu bragði á fljótt og voðalega, en samt var Granton ekki óviðbúinn. Hann átti von á,

ad Bland mundi reyna þetta bragð, og þess vegna var hann eins vel við því búinn eins og nokkur maður, sem er að berjast við vitstola mann upp á líf og dauða, gat verið, og sem getur átt von á mörgum mismunandi, háskalegum tilraunum í senn.

Þó Bland hangdi eins fast á honum eins og bergfljetta, þá var Granton eins sterkur eins og eikinn, og þó hann gæti ekki losað fótlegg sinn úr hælkróknum, sem Bland hjelt honum í og var að reyna að fella hann á, þá stóð hann eins og klettur.

Þegar Bland sá, að hann gat engu áorkað með hælkróknum, þá slepti hann bragðinu og stókk aftur á bak, og þarna stóðu þeir lausir hver við annan að öðru en því, að þeir bjeldu höndum hver annars í boga yfir höfðum sjer.

Svo fór Granton að hrekja Bland aftur á bak, hægt og hægt, þumlung eptir þumlung, upp að þilinu. Hin ákafasta lífslögun var nú vöknud hjá honum, og um leið ákafasta löngun að hefna sín á þessum fjandmanni sínum, sem ógnaði lífi hans. Granton var nú orðinn að eins miklu dýri, sem er að berjast fyrir tilveru sinni; eins og Bland; en andlit hans lýsti geðshræringu hans, þar sem andlit Blands lýsti ekki geðshræringu fremur en gríma, sem maður hefur fyrir því. Það má vera að langur vani, að hylja tilfinningar sínar, hafi verið búinn að gera það að verkum, að andlit hans gat ekki lýst geðshræringu, þó hann hefði viljað; og jafnvel nú, í þessum bardaga upp á líf og dauða, og þrátt fyrir alla bræð-

ina, sem komin var í hann, var Granton að undra sig á hinum undrunarverða óhreifanlegleik á andliti fjandmanns síns, var að undra sig yfir hinum fjörlausu og sviplausu augum, sem horfðu í augu hans.

Þegar þeir voru farnir að nálgast vegginn, þá veitti Bland allt í einu nýja mótspyrnu, með ákafri afraun, gegn þunga Grantons og stóð fyrir honum eins og klettur. Þetta orsakaði, að þeir stóðu nú aptur fast hver upp við annan, og þá endurtók Granton bragð það, er Bland hafði notað fyrir svo sem mínútu síðan, og setti á hann hælkrók með hægri fætinum og reyndi að fella hann með því bragði. Bland svignaði við, skjögraði og bardist um allt hvað hann gat, og fjell síðan aptur á bak upp að veggnum, rjett hjá glugganum, svo að brakði í hverju trje í kofanum, og hann ruggaði eins og skip í öldugangi. Fóturinn á Granton slapp niður eptir fótlegg Blands, og þeir lágu eitt augnablik upp að veggnum, þjett hver við annan, með öllum þunga sínum. Bland náði sjer aptur, og ýtti Granton, sem var nærri búinn að missa andann af á-reynzlunni, dálítið frá sjer. Þeir stóðu þannig eitt augnablik augliti til auglitis, lausir hver við annan, nema hvað þeir hjeldu hver annars höndum hátt yfir höfðum sjer, og horfðust í augu eíns og grimms villidýr. Svo kræktu þeir fótunum saman enn einu sinni, og fjellu svo aptur með öllum þunga sínum upp að veggnum, rjett hjá glugganum.

Þá heyrðist hræðilegt brothljóð, þannig hljóð,

þannig hljóð, eins og borð og plankar væri að brotna og rifna sundur—svo augnabliks sterk birta á bakvið þá, um leið og lampinn datt niður og blossaði upp. Granton var sjer að eins þess meðvitandi, hræðilega glögggt meðvitandi, að hann var að detta áfram eitt-hvað út í geiminn, og að hið föla, harða andlit Blands var undir honum. Fallið virtist vara langa stund, og þó varaði það að eins augnablik í raun og veru og endaði í kalda vatninu í skjótinu. Hinn hrörlegi veggur á kofaskriflinu hafði brotnað undan þunga þeirra, svo einvígismennirnir fóru í gegnum hann og niður í Thames-ána.

Granton kom strax upp á yfirborð vatnsins, en áttaði sig ekki fyrsta augnablikið á því, hvernig á öllu stóð. Hann var eins og maður sem er rjett orðinn laus við áhrif svefn-gass, eða vaknar upp af vondum draum; hann var ringlaður og ekki viss um, hvar hann var í veröldinni.

En þessi óvissa varaði að eins óendanlega stutta stund. Endurminningar um hvað skeð hafði komu brátt fram hjá honum—hann mundi eptir bardaganum, sem hafði stöðvast við það að veggurinn brotnaði, og eptir fallinu niður í hið kalda vatn.

Granton, sem var eins góður sundmaður eins og hann var fær í öðrum spróttum, hjelt sjer á floti og leit í kringum sig. Hinn sterki straumur hafði þegar borið hann nokkuð niður eptir ánni frá kofanum, sem hann og Bland höfðu barist í. Allt í kringum hann var borðarusl úr hinum brotna kofa á floti.

Degar Granton leit aptur fyrir sig, sá hann mjóan, gráan reykjarstrók og dálstinn eld blossa leggja upp á hið dimma lopt. Hann gat sjer strax til, að lampinn hefði oltið um, ljósið á honum hefði ekki dáið og kveýkt í því sem eptir var af kofaskriflinu. Það gat líka verið, að ofninn hefði oltið um, og að eldsglæðurnar í honum hefðu kveýkt í kofanum.

„Það er einmitt gott, að kofinn brenni,“ hugsaði Granton með sjer. „En hvað verður bezt fyrir mig að gera?“ hugsaði hann þar næst með sjer.

Vatnið var mjög kalt; nóttin var mjög dimm; þess fyr sem hann kæmist á þurt land, því betra var það því fyrir hann. Hann var að hugsa um, hvort hann ætti að synda til baka, til að komast eptir hvað orðið hefði af Bland, en hann komst að þeirri niðurstöðu að gera það ekki.

Hvað sem orðið hafði um Bland, þá var Granton nú undir öllum kringumstæðum orðinn laus við hann, og honum fannst að honum bera engin drengskapar-skylda til, að hætta lífi sínu frekar en hann var búinn með því að leita uppi mörðingjann, sem einmitt hafði verið að reyna að bæta einu morði við hina mörgu glæpi sína. Hinn ljóti bardagi, sem Granton hafði átt í, hafði endað þannig, að honum fannst að hann geta verið vel ánægður með það; hann langaði ekki til að trepa Bland með eigin hendi, en því síður langaði hann til að Bland dræpi sig; og annarhver þeirra hefði látið lífið að lokum fyrir hinum ef að kofinn, sem þessi undarlegi bardagi

átti sjer stað í, hefði ekki brotnað eins og áður er sagt.

Granton fann, að það var um að gera að komast upp úr ánni eins fljótt og unnt var. Straumurinn var mjög þungur og Granton var mikið prekaður eftir hinn ákafa bardaga, sem hann hafði rjett átt í; en hið kalda vatn hressti hina þreyttu vöðva hans og hinar spennu taugar hans, og veitti honum í bráðina óvanalega mikinn dug og krapta.

Hann sætti lagi, sparaði krapta sína og komst þannig nærri upp að bakkanum, Surrey megin. Það var svo dimmt, að það var mjög erfitt að aðgreina hluti, svo Granton varð að fara mjög varlega; en loks tókst honum að ná í kaðal, sem íslatbotnaður bátur einn var bundinn við bryggju með. Hann hangði ofurlitla stund á kaðli þessum og kastaði mæðinni og þá fyrst fann hann verulega hve dasaður hann var. Hin votu klæði hans hangdu utan á honum blýþung, og hann másaði af mæði. Hann neytti loks allra krapta sinna til að draga sig á kaðlinum að hliðinni á bátinum og komast upp á hann.

Þegar hann var kominn upp á bátinn, datt hann niður af þreytu. En hann vissi, að hann mátti ekki hvíla sig lengi, því hann yrði þá brátt innkulsa; hann herti sig því upp eun einu sinni og klifraði upp á bryggjuna, og flýtti sjer svo allt hvað hann gat burt frá fljótlínu. Straumurinn hafði borið hann all-langt niður eftir ánni, svo hann kom á land dálftið fyrir neðan Westminster-brú. Vatnið lak niður af honum

öllum, og þannig staulaðist hann áfram optir ýmsum
mjóum götum, þangað til hann kom á Westminster-
brúar stræti.

Veitingahús eitt, sem opið var bæði dag og nótt,
stóð á horninu á götunni þar sem Granton kom út á
Westminster-brúar stræti. Hann fór inn í privat
drykkju-herbergið, og lak vatnið enn niður af hon-
um, svo hinir fáu menn, sem þar voru inni að drekka,
og stúlkan innan við borðið, horfðu forviða á hann.
Granton sagði frá með sem fæstum orðum, að hann
hefði dottið í sljótið myrkrinu, og bað um vel heitt
brönnivíns þúns og að láta sækja leiguvagn handa
sjer. Hann drakk helminginn úr glasinu, og enn
gláptu allir á hann. Eigandi veitingahússins bauð
Granton að ljá honum þur föt, en hann afpakkði
það og sagðist vera að flýta sjer mikið að komast
heim.

Svo kom vagninn. Granton skipti öllu því
silfri, er hann hafði á sjer, milli þeirra sem inni voru,
og ók burt eins hart og hesturinn gat farið. Strax
og hann kom heim til sín, fjekk hann sjer heitt bað,
drakk annað glas af heitu brönnivíns-þúnsi og bældi
sig svo strax niður í rúm.

„Jæja, Rupert, vinur minn,“ sagði hann bros-
andi við sjálfan sig um leið og hann vafði rúmfötin
utan að sjer, , þú hefur átt mjög annríkt í nótt, sann-
arlega mjög annríkt. Jeg held þú hafir aldrei áður
átt alveg eins annríkt.“ Svo sneri hann sjer á aðra
hliðina og var í þann veginn að sofna, þegar honum

datt nokkuð í hug, sem gerði hann aptur glaðvakandi í nokkur augnablik. „Hvað skyldi þá hafa orðið af Bland,“ tautaði hann við sjálfan sig, og svo steinsofnaði hann og svaf fram á hádegi.

Arnþjotur B. Olsson

XXXI. KAPÍTULI.

SENDIBRJEF.

Misseri's Hotel, Pera, Constantinopel.

Kæra systir mín.

Dví jeg má þó sjálfsagt kalla yður systir—yður, sem hafið æfinlega verið mjer eins góð eins og jeg væri í raun og veru bróðir yðar. Jeg skrifa yður nú til að kveðja yður í langan tíma. Jeg vona, að við sjáumst einhvern tíma aptur. Jeg hlakka mjög mikið til þess samfundar okkar; en það verður að líða langur tími þangað til—það þarf langan tíma til að græða, til að gleyma, til að fyrirgefa. Hjelduð þjer, að flækingurinn væri búinn að bæta ráð sitt—að hinn ópreyjufulli æfintýramaður væri búinn að sætta sig við menntaða heiminn, hið menntaða mannfjelag og allt, sem þessu fylgir—að hinn villti asni eyðimerkurinnar mundi gera sig ánægðan með, að jeta á stöllum stórborganna? Hjelduð þjer allt þetta kæra systir mín? Ef svo var, þá var það ekki undravert; því satt að segja hjelt jeg það sjálfur, eða, að

minnsta kosti hjelt jeg það hálfpartinn. Það leit sannast að segja út fyrir um ofurlitinn tíma, að Rupert Granton, lánleysinginn, hefði statt og stöðugt ráðið við sig, að setjast að og verða heidarlegur meðlimur í heidarlegu mannfjelagi. En flakk hans var ekki búð, eins og þjer sjáði.

Hjer er jeg í kæra gamla Stamboul, og hvíli mig hjer á takmörkum hins mikla æfintýra-heims. Mjer finnst æfinlega að hin langa brú yfir *Gullna Hornið* (sundið hjá Constantinopel, sem aðskilur Evrópu og Litlu-Asíu) sje, ef svo mætti að orði kveða, hliðið að *undralandinu*. Jeg hef opt áður farið yfir sundið, og fer nú bráðum yfir það aptur—steypi mjer þaðan inn í myrkrið fyrir handan það, og kem fram hver veit hvar; ef til vill í Thibet meðal Buddha-trúarmanna, ef til vill í Kína — á jeg að færa yður þaðan hár úr skeggi hins mikla Cham's?—ef til vill í Isphatan. Jeg veit ekki hvar jeg kann að lenda, og mjer er líka sama. Fyrir heimsborgara eins og mig, sem reynzlan er búin að gera tilfninga-sljóan fyrir plássum, er einn bletturinn á jörðinni jafn mikil heimili eins og annar — að minnsta kosti jafn mikil heimili eins og jeg nokkurn tíma eignast. En haldið nú samt ekki, að jeg sje farinn að verða viðkvæmur eða sje farinn að auðvarpa út af því, að verða ekki mosavaxinn fremur en steinar, sem alltaf eru að velta. Jeg hef ekki hina minnstu löngun til að verða mosavaxinn, og mundi ekki vita hvað jeg ætti að gera með mosann, ef hann yxi á mjer eða safnaðist saman á mjer.

rtinn. Dað leit
urlftinn tíma, að
ði statt og stöð-
erða heidarlegur
En flakk hans

amboul, og hvíli
æfintýra-heims.
brú yfir *Gullna*
l, sem aðskilur
mætti að orði
eg hef opt áður
yfir það aptur—
handan það, og
í Thibet meðal
— á jeg að færa
Cham's?—ef til
er jeg kann að
er heimsborgara
að gera tilfenn-
etturinn á jörð-
g annar — að
og jeg nokkurn
kki, að jeg sje
farinn að and-
kinn fremur en
hef ekki hina
inn, og mundi
nosann, ef hann

Já, flökkumanns-blóðið slær í æðum mínum, og
æðaslögin sögðu mjer að jeg yrði að hafa mig á
kreik. Þessi óákveðna, óútmálanlega, ósigrandi til-
finning, sem Tatara-þjóðflokkurinn, Arabar og allir
umflakkandi menn þekkja svo vel, var í mjer og jeg
varð að hlyða henni. Dað er ekki til neins að berj-
ast á móti þeirri tilfinningu. Jeg þekki lítið til sögu
ættar minnar, og mjer er líka alveg sama um hana—
sögu ættarinnar sem þjer tengdust, kæra systir mín,
yður til engrar hamingju. En jeg er stundum að
brjóta heilann um það, hvort nokkur maður af Grant-
ons ættinni hafi til forna gípt sig Tatara-konu, eða
hvort einhver forfeðra minna hafi á krossferða-tíma-
bilinu gípt sig serkneskri konu. Ef annaðhvort
þetta hefði átt sjer stað, þá gæti það útskýrt hvernig
stendur á flökku-náttúrinni í mjer—flökkumanns-
blóðinu, sem er orsök í að skrokkurinn á mjer hrekst
alltaf augnamiðslaust um í veröldinni.

Hafið þjer fengið annan skilminga-kennara
aptur? Ef svo er þá vona jeg, að hann reynist á-
nægjulegri maður en fyrirrennari hans. Jeg veit
að þjer aumkuðust heilmikið yfir þann náunga, þeg-
lík Bostocks var slætt upp úr Thames-ánni niður hjá
Gravesend. Hafi hann fyrirfarið sjer, þá er óþarfi að
andvarpa yfir því; veröldin er betur farin án hans.
Dað er enginn vafi á að vissar manneskjur, sem yður
og mjer voru mjög kærar, mega vera ríklu óhultari
um sig síðan hann datt úr sögunni. Dað vildi svo
til, að jeg komist að vissum hlutum Bostock viðvíkj-

andi, og það er jafngott að jeg segi yður nú í trú-
 aði, að hann var hinn leyndlegi óvinur, sem var að
 gera tilraunir til að ná lífi Gerald's. Jeg kæri mig
 ekki um að segja meira en þetta, og jeg er líka viss
 um, að þjer kærið yður þess vegna ekki um að spyrja
 að meiru en þessu. Maðurinn var allra mesta þræl-
 menni. Mjer þykir fyrir að þær kringumstæður
 skuli vera til, sem hjálpuðu til að gera hann að slíku
 þrælmenni; jeg get ekki samvískusamlega sagt, að
 jeg finni til nokkurs saknaðar eptir hann.

Jæja, það er til kynlegt fólk í veröldinni, og
 vinur yðar, Bostock, var einn af hinu allra kynleg-
 uatu. Jeg hef komist í tæri við margu undarlega
 piltu um dagana og býst við að eiga eptir að komast
 í tæri við nokkra fleiri slíka enn þá, en jeg býst ekki
 við að jeg rekist nokkurn tíma á neinn kynlegri ná-
 unga en þennan Bostock. Til allrar hamingju hefur
 flakk mitt um veröldina og reynsla mín ekki haft þau
 áhrif á mig, að jeg missti alla trú á mennina. Það
 gleður mig að geta sagt, að jeg álst, að góða fólkið
 sje miklu fleira í veröldinni en hið vonda, og það
 gleður mig að hugsa til þess, að jeg hef verið svo
 ueppinn að kynnast ýmsu elskulegu fólki, nú í eðinni
 tíð, á mínu kæra, gamla föðurlandi, sem jeg, hion
 forherti flökkumaður, er nú samt að flyja burt frá.
 Já, já; það hlýtur að vera í Tatara-blóð í mjer, sem
 ekki vill lofa mjer að vera í fríði og ró í föðurlandi
 mínu, hjá minni eigin þjóð og vandamönnum.

Ímyndið yður ekki, að mjer hafi ekki geðjast að
 hinu litla bragði, sem jeg nýlega fjekk af lífi hins
 síðaða heims, geðjast að því að sitja til borðs hjá
 góðum og heiðarlegum mönnum og heyra kirkju-
 klukkurnar hringja til guðspjónustu. Sannarlega,

þú segi yður nú í trúu-
gi óvinur, sem var að
eralds. Jeg kæri mig
ta, og jeg er líka viss
agna ekki um að spyrja
var allra mesta præl-
þær kringumstæður
að gera hann að slíku
izkusamlega sagt, að
ptir hann.

ólk í veröldinni, og
af hinu allra kynleg-
ið margu undarlega
eiga eptir að komast
þá, en jeg byst ekki
neinu kynlegri ná-
llrar hamingju hefur
la mín ekki haft pau
ú á mennina. Það
álf, að góða fólkið
hið vonda, og það
þú hef verið svo
gu fólki, nú í seinni
di, sem jeg, hion
að flyja burt frá.
a-blóð í mjer, sem
og ró í föðurlandi
damönnnum.

af ekki gedjast að
fjekk af lífi hins
itja til borðs hjá
og heyra kirkju-
stu. Sannarlega,

sannarlega, og jeg tek það enn upp og segi, sannar-
lega fjell mjer það fjarska vel—fjell það svo vel, að
um stund gerði jeg mjer í hugarland, að jeg mundi
njóta þeirrar ánægju stöðugt framvegis, að flökkja-
maðurinn væri orðinn stöðugur borgari í landi sínu.
En þessi hugarburður varaði ekki lengi, þó jeg álfiti
að þjer smynduðu yður hið sama um tíma. En það
hefði aldrei blessast, kæra systir mín. Þó það hefði
verið mögulegt—og það var aldrei mögulegt, aldrei,
aldrei—þá hefði það ekki blessast. Jeg er ekki
einn af þeim mönnum, sem geta gert konu hamingju-
sama—aðra eins konu, líka!

Jeg vona, treysti og trúi því staðfastlega, að hún
verði hamingjusöm og sæl. Hún hefur fengið góðan
eiginmann með því, að giptast Gerald Aspen, því þó
hann sje ekki jafningi hennar—hvæða maður er
það?—þá er hann mjög virðingarverður maður,
mjög heiðarlegur, mjög tryggur, staðfastur, trúfast-
ur og ástríkur, ríkur af öllum þeim lyndiseinkunnum
og kostum, sem gera líf giptrar konu hamingjusamt.
Og að Fidelia verði hamingjusöm og sæl, er hin dýr-
mætasta ósk sem hið beyglaða hiarta mitt getur lát-
ið í ljósi. Jeg held að þjer hafði undrast dálítið yfir
því, að jeg skyldi bíta í London þangað til brúð-
kaup þeirra var um garð gengið. En hvers vegna
hefði jeg ekki átt að gera það—hvers vegna ekki?
Mjer þykir mjög vænt um þau bæði, og jeg hjálpaði
þeim báðum ofurlítið, og jeg er þannig gerður, að
jeg vil ekki skiljast við neitt mál fyr en það er al-
gerlega útkljáð. En þegar brúðkaupið var um garð
gengið, kærði jeg mig ekki um að dvelje mikið
lengur á gamla föðurlandinu; og þess vegna var það,
að þegar þjer hjelduð að jeg hefði farið til Brighton
til að hvíla mig og njóta sjóloptsins, þá var jeg á
fleygiferð yfir Evrópu á Austurlanda-braðlestinni.

Jeg bið ad heilsa öllum vinum mínum. Það v
 ekki ómögulegt, ad jeg hitti Raven og konu hann
 einhverstaðar, því jeg heyri sagt, ad þau ætli a
 leggja af stað í fjarska mikið ferðalag í kringu
 höttinn og fara um hann allan. Fallegu, litl
 Lydiu ætti ad pykja gaman ad þeirri ferð, því það e
 dálítið af sömu slakksnáttúrunni í henni og hinun
 ágæta föðurbróður hennar, og Raven er ljómand
 förunautur, einkanlega fyrir stúlku sem svo stendur
 á með, ad hún er ástfangin af honum. Jeg ímynda
 mjer, ad auður og ánægja bæti Raven. Jeg hef æfin
 lega þekkt hann sem hjartagóðan mann, og þó hann
 væri nokkuð slarksamur, þá var varla við öðru ad
 búast, því hann á kyn sitt ad rekja til manna sem
 voru slarksamir. Það sæti varla á mjer ad áfella
 hann hið minnsta af þeim ástæðum, eða flonst yður
 ekki sv? Ad maður af Grantons-ættinni færi ad
 halda hirtingarræður um aðra, yrði varla til upp
 byggingar.

Á meðan jeg er ad skrifa þetta, skín sólin á
 Sæviðarsund (Bosphorus), og þegar jeg lít upp frá
 blaðinu, þá sje jeg flögg margra þjóða hreifast í
 vindblænum. Þessi sjón setur ímyndunarafl mitt í
 hreifingu líka; og jeg finn á mjer, ad jeg verð ad
 leggja af stað hjeðan ad einum eða tveimur dögum
 liðnum, annaðhvort sjóveg eða landveg. Jeg er
 hálfpartinn ad hugsa um, ad fara til Marseilles og
 hitta Borringer. Hann er þar ad undirbúa leiðang-
 ur til suðurpólsins. Hvað sem jeg geri, eða hvert
 sem jeg fer, vona jeg, ad þjer berid ætíð hlýjar til-
 finningar í hinu ólskulega hjarta yðar til yðar óá-
 nægjulega, óbætanlega, en samt ætíð ástríka bróður.

RUPERT GRANTON.

[LENDIR]
 Arnþótur B. Olsen

vinum mínum. Það er
 tti Raven og konu hans
 ri sagt, að þau ætli að
 nikið ferðalag í kringum
 nn allan. Fallegu, litlu
 að þeirri ferð, því það er
 ruuni í henni og hinum
 og Raven er ljómandi
 stúlku sem svo stendur
 af honum. Jeg smynda
 tti Raven. Jeg hef æfin-
 óðan mann, og þó hann
 var varla við öðru að
 ð rekja til manna sem
 varla á mjer að áfella
 øðum, eða flonst yður
 antons-ættinni ferri að
 ra, yrði varla til upp-

fa þetta, skín sólin á
 þegar jeg lít upp frá
 margra þjóða hreifast í
 ur smyndunarafl mitt í
 mjer, að jeg verð að
 eða tveimur dögum
 eða landveg. Jeg er
 fara til Marseilles og
 að undirbúa leiðang-
 jeg geri, eða hvert
 berid ætíð hlýjar til-
 rta yðar til yðar óá-
 t ætíð ástriks bróður.

UPPERT GRANTON.

B. Olsen

